Hæstaréttardómar 1994 - 3. bindi

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1994

Efnisskrá til bráðabirgða

3. hefti

Bls.

Aðfarargerð 1603
Aðfinnslur ..... 1553, 1581, 1628, 1759, 1779, 1804, 1924, 1949, ... 2026, 2051, 2127, 2149, 2170, 2196
Aðild 1729, 1823, 2019
Afsláttur 1839
Afurðalán 1855
Andmælaréttur 1949
Ábyrgð 1855
Áfengislög 2237
Áfrýjunarstefna 2139, 2170
Ákæra 1798, 2227
Ávana- og fíkniefni 2100, 2104
Bifreiðar 1689, 1895, 1899, 1906, 2154, 2221
Bókhald 1666
Börn 1849, 1874
Dómkvaðning matsmanna 1634
Eftirlaun 1719
Eignasala 1787
Einkasala 2161
Endurupptaka 1674, 1809, 1924
Erfðaskrá 2182
Farbann 1741
Fasteignakaup 1913, 1931, 2057, 2203
Fasteignasala 1591
Félagsslit 1937
Fjárnám 1683, 2071
Frávísun:
a) frá héraðsdómi 1553, 1559,1577, 1586, 1698,1947, 1949
b) frá Hæstarétti 1581, 1776,1779
Frávísun frá héraðsdómi að hluta 2030
Frávísun frá Hæstarétti að hluta 1924
Frávísunarúrskurði hrundið 2110
Frávísunarúrskurður staðfestur 1678
Fuglaveiðar 2227
Fyrning sakar 1823
Gagnaöflun 2026

Bls.
Galli 1913, 1931, 2043, 2057
Gáleysi 2154
Geymslugreiðsla 2057
Gjafsókn 1621
Gjaldtaka 1961
Gjaldþrotaskipti 1719, 1743, 1793, 1809, 1880
Greiðsla 2067
Greiðslustöðvun 1787
Gæsluvarðhald 2013
A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ..... 1568, 1573, 1781, 2016, 2114, 2196
A- og c liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ..... 1566, 1570
C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 .... 1575, 1584, 1628, 2011, 2201
Gæsluvarðhald fellt úr gildi 1564, 1695, 1928
Haldsréttur 1666
Heimsóknarbann 2013
Heimvísun 1727, 1783, 2098, 2161
Hlutafélög 1642, 1656
Hæfi dómara 2007
Innsetningargerð 1666
Játningarmál 2100, 2104
Kaupsamningur 1839
Kröfugerð 1553
Kynferðisbrot 1849, 1874, 2098
Kæruheimild 1776, 2013
Kærumál:
Aðfarargerð 1603
Aðfinnslur 1553, 1581, 1628, 1759, 1779, 1924, 2196
Bókhald 1666
Dómkvaðning matsmanna 1634
Eftirlaun 1719
Endurupptaka 1674, 1809, 1924
Farbann 1741
Fjárnám 1683
Frávísun:
a) frá héraðsdómi 1553, 1559, 1577, 1586, 1698
b) frá Hæstarétti 1581, 1776, 1779
Frávísun frá Hæstarétti að hluta 1924
Frávísunarúrskurði hrundið 2110
Frávísunarúrskurður staðfestur 1678
Gjaldþrotaskipti 1719, 1743, 1809
Gæsluvarðhald 2013
A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ..... 1568, 1573, 1781, 2016, 2114, 2196

Bls.
A- og c liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ..... 1566, 1570
C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 . 1575, 1584, 1628, 2201, 2011
Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi 1564, 1695, 1928
Haldsréttur 1666
Heimsóknarbann 2013
Heimvísun 1783
Hlutafélög 1642, 1656
Hæfi dómara 2007
Innsetningargerð 1666
Kröfugerð 1553
Kæruheimild 1776, 2013
Lög um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla 1683
Lögbann 1642, 1656
Málsástæður 1559
Nauðungarsala 1603, 1630, 1638, 1704, 1759, 1776, 1783, 1834
Ómerking 1783
Rannsóknarathafnir 1577
Res judicata 1559, 1755
Sakauki 2110
Samningsaðild 1719
Sératkvæði 1559, 1743
Skaðabótamál 1559
Skuldajöfnuður 1630
Skuldaröð 1743
Stefna 1553
Útburðargerð 1581, 1779, 1817
Úthlutun söluverðs 1759
Úthlutun uppboðsandvirðis 1704, 1834
Útivist í héraði 1638, 1674
Vanreifun 1586
Veðskuldabréf 1704
Vextir 1834
Þinglýsing 1704
Lausafjárkaup 2067
Lax- og silungsveiði 1949
Lánskjaravísitala 2116
Lífeyrisréttindi 1621, 1947
Líkamsárás 1804, 2139, 2170
Líkamsmeiðing af gáleysi 2088
Líkamstjón 1733
Lóðarframlagsgjald 1961
Lög um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla 1683
Lögbann 1642, 1656

Bls.
Löghald 2127
Matsgerð 1839, 1949, 1973, 2043
Málsástæður 1559, 2051
Málskostnaðartrygging 2107, 2108
Meiðyrði 1823
Miski 2071
Nauðungarsala 1603, 1630, 1638, 1704, 1759, 1776, 1783, 1834
Of hraður akstur 1895
Ómerking 1727, 1783, 1823, 1947, 2098, 2127, 2161
Rannsóknarathafnir 1577
Refsiákvörðun 2100, 2104
Res Judicata 1559, 1755
Reynslulausn 1890, 2233
Réttindasvipting 2215, 2221
Riftun 1880
Sakarkostnaður 2088
Sakauki 2110
Sameignarfélag 1906, 1937
Samningsaðild 1719
Seta í óskiptu búi 1823
Sératkvæði 1559, 1733, 1743, 1906, 1961, 1995, 2088, 2127, 2170
Sjálfskuldarábyrgð 1793
Sjómannalög 2120, 2154
Skaðabótakröfu vísað frá héraðsdómi 2139
Skaðabótamál 1559, 1689, 1733, 2071
Skaðabætur 1621, 1931, 1973, 1995, 2043
Skilorð 2139
Skilorðsrof 2164
Skiprúmssamningur 2120
Skipulag 1961
Skjalafals 2218
Skriflegur málflutningur 1591, 1597, 1600, 1611, 1615, 1621,1689, 1709, 1713, 1727, 1823
Skuldabréf 2026, 2116
Skuldajöfnuður 1630
Skuldamál 1597, 1600
Skuldaröð 1743
Starfslok 2120
Stefna 1553
Stjórnsýsla 1949
Sýknað af skaðabótakröfu 1913
Söluþóknun 1787
Tékkalög 2149

Bls.
Tilraun 2167, 2233
Tolllagabrot 2237
Tómlæti 2030
Umboð 1787
Umferðarlög 1895, 1899, 2221
Umsýsluviðskipti 2127
Uppsögn 1709
Upptaka 2100, 2104
Útburðargerð 1581, 1779, 1817
Úthlutun söluverðs 1759
Úthlutun uppboðsandvirðis 1704, 1834
Útivist í héraði 1597, 1600, 1638, 1674
Útivistardómur ..... 1813, 1814 ,1815, 1816
Vanaafbrotamaður 2167, 2233
Vanlýsing 1793
Vanreifun 1586, 2030
Vátrygging 1855, 1906
Veðskuldabréf 1704
Verksamningur 1611, 1615, 1713, 2019, 2043
Vextir 1834, 2030
Viðskiptabréf 2067
Vinnulaun 1611, 1615
Vinnusamningur 1709, 2154
Vinnuslys 1733, 1995, 2071,
Vinnuvélar 1689
Vis major 1973
Víxlar 2051
XVII. kafli laga um meðferð einkamála 2026, 2149
Þinglýsing 1704
Þjófnaður 1798, 1890, 2164, 2167, 2233
Þóknun 1591
Ökuréttarsvipting 1895, 1899
Ölvun við siglingu skips 2215
Ölvunarakstur 1899, 2221
Örorka 2071
45. gr. laga nr. 75/1973 ..... 1597, 1600

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXIV. árgangur. 3. hefti. 1994

Fimmtudaginn 30. júní 1994.

Nr. 288/1994. **Eikin-Ís hf.**
(Valgeir Kristinsson hrl.)
gegn
Heild III hf.
Frico
Guðmundi Jónssyni hf.
Kristni Bergssyni
Insúla hf.
J.S. Gunnarssyni hf.
Járni og gleri hf.
London tóbaksverslun
Ólafi Guðnasyni hf.
Látri hf.
Raftækjaverslun Íslands hf.
Sigurði H. Egilssyni
Sigurði H. Egilssyni hf.
Vélum og verkfærum hf.
Vélanausti hf.
Ásgeiri Eiríkssyni
H. Helgasyni hf. og
K.G.B. hf.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Stefna. Kröfugerð. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 16. júní 1994, sem barst réttinum ásamt kærugögnum 21. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdóm-

ara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann úr hendi varnaraðila in solidum málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar hafa ekki látið kærumálið til sín taka.

Vegna aðilaskipta að sókn málsins í héraði er sá aðili, sem málið höfðaði, nefndur stefnandi í dómi þessum, þegar hans er getið, til aðgreiningar frá sóknaraðila í kærumálinu.

Á fundi í Heild III 15. mars 1993 var samþykkt tillaga um brottrekstur stefnanda úr byggingarhópnum Heild III vegna vanskila á umsömdu framlagi hans til byggingarkostnaðar. Byggðist brottreksturinn á 14. gr. í byggingarsamningi aðila, svo sem rakið er í hinum kærða úrskurði. Framlag stefnanda átti samkvæmt bókhaldi Heildar III að nema samtals 5.848.339 krónum, en nam 1.449.501 krónu, þar af dráttarvextir 62.891 króna. Er því haldið fram, að stefnandi hafi fengið endurgreiddan virðisaukaskatt, að fjárhæð 1.150.878 krónur, svo að í reynd hafi framlag hans numið 298.623 krónum. Af hálfu stefnanda var látið við það sitja að mótmæla brottrekstrinum sem ólögmætum, en skuldin virðist ekki vera vefengd. Réttarstaða stefnanda gagnvart varnaraðilum og framgangur krafna hans á hendur þeim hlaut að ráðast af úrlausn þessa ágreiningsefnis. Það var því óhjákvæmilegt, að hann léti fyrst og fremst á það reyna í málinu og hagaði kröfugerð sinni í samræmi við það.

Seinni aðalkrafa stefnanda var um viðurkenningu á hlutdeild í eignarrétti að tilteknum hlutum fasteignarinnar Skútuvogs 1. Engin grein var hins vegar gerð fyrir því, hvað lægi til grundvallar þeirri skiptingu eignarinnar, sem krafan byggðist á.

Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, gerði stefnandi ekki heldur grein fyrir því í tengslum við kröfu sína um viðurkenningu á hlutdeild í eignarétti að fasteigninni, hvernig ljúka ætti skuldaskilum hans við gagnaðila málsins, en það var vitaskuld óhjákvæmilegt í ljósi verulegra vanefnda hans á greiðslu hlutdeildar í áföllnum byggingarkostnaði.

Varakröfur stefnanda í héraði eru meira og minna vanreifaðar og lítt eða ekki gögnum studdar.

Auk megingalla á kröfugerð stefnanda samkvæmt framansögðu er málatilbúnaði hans að öðru leyti í ýmsu áfátt. Meðal annars skorti verulega á, að atvikum og málsástæðum væru gerð viðhlítandi skil í stefnu, en efni málsins er þannig vaxið, að nauðsynlegt var, að reifun þess þar væri skýr og skipuleg. Er málatilbúnaður

stefnanda að þessu leyti andstæður fyrirmælum e-liðar 80. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála.

Samkvæmt þessu var málið þannig úr garði gert, að verulega skorti á, að það væri tækt til efnisdóms. Var héraðsdómara við svo búið rétt að vísa því í heild frá dómi ex officio.

Með skírskotun til þessa ber að staðfesta frávísun málsins frá héraðsdómi.

Vegna útivistar varnaraðila reynir ekki á kærumálskostnað.

Sóknaraðili hefur í kæru tekið upp alla kröfugerð stefnanda í héraði og jafnframt meginefni stefnunnar. Þetta er andstætt fyrirmælum 145. gr. laga nr. 19/1991 um efni kæru og aðfinnsluvert.

Dómsorð:

Hin kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júní 1994.

Mál þetta var tekið til úrskurðar hinn 19. maí sl. að loknum málflutningi um fram komna frávísunarkröfu þeirra stefndu, sem mætt hafa í málinu og haldið uppi vörnum.

Það er höfðað með stefnu, dagsettri 30. desember 1993, til þingfestingar hér fyrir dómi hinn 25. janúar 1994.

Stefnandi málsins var upphaflega Eikin hf, kt. 531072-0229, Skútuvogi 12 K, Reykjavík. Í þinghaldi í málinu hinn 28. apríl sl. lagði lögmaður stefnanda fram framsal upphaflegs stefnanda, dags. 27. apríl sl., til firmans Eikin-Ís hf., kt. 630394-2369, á öllum réttindum sem dómkröfur hans varða á hendur stefndu í máli þessu. Í framsali þessu kemur fram, að framsalshafi taki við aðild málsins og rekstri þess á sinn kostnað og ábyrgð í því horfi, sem það þá var. Sóknaraðild málsins breyttist því þannig, að sóknaraðili verður eftirleiðis Eikin-Ís hf., hér eftir nefnd stefnandi.

Stefndu voru upphaflega 1) Heild III hf. [...]; 2) Frico [...]; 3) Guðmundur Jónsson hf. [...]; 4) Kristinn Bergsson [...]; 5) Insúla hf. [...]; 6) J. S. Gunnarsson hf. [...]; 7) Járn og gler hf. [...]; 8) Ketill Axelsson [...]; 9) Ólafur Guðnason hf. [...]; 10) Látur hf. [...]; 11) Raftækjaverslun Íslands hf. [...]; 12) Sigurður H. Egilsson [...]; 13) Sigurður H. Egilsson hf. [...]; 14) Vélar og verkfæri hf. [...]; 15) Vélanaust hf. [...]; 16) Ásgeir Eiríksson [...]; 17) Árni B. Sveinsson [...]; 18) H. Helgason hf. [...]; 19) K. G. B. hf. [...].

Stefnandi féll frá kröfum á hendur stefnda Árna B. Sveinssyni með yfirlýsingu, dags. 12. apríl sl.

Í upphafi var mætt f.h. stefnda Ketils Axelssonar, en þingsókn féll niður

af hans hálfu við fyrirtekt málsins hinn 12. apríl sl., án þess að skilað hefði verið greinargerð í málinu fyrir hans hönd.

Ekki var mætt í málinu af hálfu stefndu Vélanausts hf., K.G.B. hf., H. Helgasonar hf., Ásgeirs Eiríkssonar og Kristins Bergssonar. Aðrir stefndu, tólf að tölu, hafa mætt í málinu og haldið þar uppi vörnum gegn dómkröfum stefnanda.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega og á hendur öllum stefndum in solidum:

A) Krafist er ógildingar á eignaskiptasamningi um Skútuvog 1, Reykjavík, út gefnum 18. maí 1993 í Reykjavík, innfærðum í veðmálabækur Reykjavíkur 9. ágúst 1993, skjal nr. 13769, til Heildar III hf., að því er varðar eignarhlutann vesturhluta 3. hæðar 1H, sem er alls 173,65 m^2 í séreign, og eignarhluta í stigahúsi 1H, 15,21%, og heildarhúseign 1,50%, skráð nr. 04-22 í eignaskiptasamningi.

B) Að viðurkenndur verði eignarréttur stefnanda í Skútuvogi 1, Reykjavík, að því er varðar eignarhlutann vesturhluta 3. hæðar 1H, sem er alls 173,65 m^2 í séreign, og eignarhluta í stigahúsi 1H, 15,21%, og heildarhúseign 1,50%, skráð nr. 04-22 í eignaskiptasamningi.

C) Að viðurkenndur verði eignarréttur stefnanda að 1,50% í Skútuvogi 1A, Reykjavík, eignarhluta: a) vesturhluta 1. hæðar 1A, hluti 0101 279,43 m^2 og 19,79% í stigahúsi 1A og 3,12% í heildarhúseign með samþykktu milligólfi 0201,83 m^2, með samþykktu milligólfi 0202 78 m^2 (223,0 m^2 þegar byggðir); b) vesturhluta 2. hæðar, 1A hluti, sem er alls 177,65 m^2 í séreign, og eignarhluta í stigahúsi 1A, 1,54%; c) vesturhluta 3. hæðar, 1A hluti, sem er alls 177,65 m^2 séreign, og eignarhluti í stigahúsi 1A er 15,0% og í heildarhúseign 1,53%; eignarhlutar þessir voru í upphaflegum byggingarsamningi merkt eign H. Helgasonar hf.

D) Allir stefndu greiði in solidum bætur vegna missis stefnanda á afnotum af Skútuvogi 1H, Reykjavík, að því er varðar eignarhlutann vesturhluta 3. hæðar 1H, sem er alls 173,65 m^2 í séreign, og eignarhluta í stigahúsi 1H, 15,21%, og heildarhúseign 1,50%, skráð nr. 04-22 í eignaskiptasamningi kr. 16.201.680,00, auk dráttarvaxta skv. vaxtalögum frá stefnubirtingu til greiðsludags, kr. 7.918.440,00, auk dráttarvaxta skv. vaxtalögum frá stefnubirtingu til greiðsludags, vegna missis stefnanda á afnotum.

Varakröfur beinast að öllum stefndu in solidum og eru eftirfarandi:

E) Gerð er krafa um skaðabætur vegna eignaupptöku stefndu og missis hagnaðar stefnanda vegna ólögmætrar ráðstöfunar stefndu á eignarhlutum stefnanda að Skútuvogi 1, Reykjavík, sem er lýst í B- og C-lið hér að ofan,

allt vegna brottvísunar stefnanda úr byggingarhópnum Heild III. Krafan nemur vegna Skútuvogs 1H kr. 10.200.000,00 að frádregnum kr. 2.736.380,00 eða kr. 7.463.620,00 og vegna eignarhluta í Skútuvogi 1A kr. 573.454,00 eða samtals kr. 8.037.074,00, auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags.

F) Krafist er greiðslu á kr. 1.000.000 fyrir stjórnarstörf starfsmanns stefnanda, Sigmundar F. Kristjánssonar, sem stefnandi lagði til í þágu stefndu á byggingartíma húseignarinnar að Skútuvogi 1, Reykjavík. Stjórnarstörfin, undirbúningsvinna og fundarstörf fóru fram á 5 ára tímabili, frá júní 1987 til ársloka 1992.

G) Krafist er endurgreiðslu á þegar greiddum byggingarkostnaði til byggingarhópsins Heildar III, kr. 1.386.610,00, auk dráttarvaxta frá 4. nóvember 1992 til greiðsludags.

H) Allir stefndu greiði in solidum bætur vegna missis stefnanda á afnotum af Skútuvogi 1H, Reykjavík, að því er varðar eignarhlutann vesturhluta 3. hæðar 1H, sem er alls 173,65 m^2 í séreign, og eignarhluti í stigahúsi 1H er 15,21% og heildarhúseign 1,50% skráð nr. 04-22 í eignaskiptasamningi kr. 16.201.680,00, auk dráttarvaxta skv. vaxtalögum frá stefnubirtingu til greiðsludags (sama krafa og í D-lið hér að ofan).

Þá er krafist málskostnaðar [...].

Af hálfu þeirra tólf stefndu, sem haldið hafa uppi vörnum í málinu, er þess aðallega krafist, að málinu verði vísað frá dómi.

Til vara er þess krafist, að stefndu verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Til þrautavara er þess krafist, að ef fallist verði á kröfu stefnanda, þá beri stefnanda að greiða byggingarkostnað svo og allan aukakostnað, er á stefndu hefur fallið vegna vanskila stefnanda.

Þá er krafist málskostnaðar [...].

– – –

Forsendur og niðurstaða.

Dómkröfur stefnanda lúta að því aðallega, að eignaskiptasamningi um húseignina Skútuvog 1 í Reykjavík frá 18. maí 1993 verði rift með dómi og viðurkenndur verði eignarréttur hans að tilgreindu húsrými í sömu húseign.

Dómurinn lítur svo á, eins og málum er háttað, að riftun eignaskiptasamningsins frá 18. maí 1993 myndi ekki leiða til lausnar á ágreiningi málsaðila. Eftir stæði núgildandi eignaskiptasamningur frá 9. desember 1993. Sá samningur er sjálfstæð afmörkuð eignarheimild stefndu að umræddri húseign við Skútuvog 1 hér í borg og stendur ekki í beinu sambandi við fyrri samning, enda þótt sömu aðilar komi þar við sögu. Hinum síðari samningi

hefur verið þinglýst athugasemdalaust og er hann því lögbundin eignarheimild fyrir þá aðila, sem að honum standa. Honum verður ekki breytt nema með samkomulagi eigenda eða með dómi.

Þegar af þeirri ástæðu þykir rétt að vísa frá dómi kröfu sóknaraðila um riftun samningsins frá 18. maí 1993.

Að því er varðar kröfu sóknaraðila um viðurkenningu á eignarrétti hans að tilgreindu húsrými í Skútuvogi 1, þá er það álit dómsins, að sú krafa sé svo nátengd riftunarkröfu hans, að sjálfstæður efnisdómur verði ekki felldur um hana eina sér. Í þessu sambandi vill dómurinn enn fremur benda á, að eignarréttur sóknaraðila yrði vart viðurkenndur, nema því aðeins að fyrir lægi af hans hálfu í kröfugerð hans eða á annan hátt boð um greiðslu andvirðis þess eignarhluta sem krafist er eignarréttar að, en fyrir liggur að verulega skortir á fullar efndir hans að þessu leyti. Þykir þessi annmarki einnig eiga að leiða til frávísunar þessa þáttar málsins.

Dómurinn lítur svo á varðandi varakröfur stefnanda, að rétt sé að vísa þeim frá dómi, í fyrsta lagi á grundvelli þess, að þær verði að skoðast og metast í samhengi við aðalkröfur hans í málinu, sem þegar hefur verið vísað frá dómi, og í annan stað sökum þess, hve óljósar og órökstuddar þær eru. Stefnandi hefur að vísu óskað eftir dómkvaðningu matsmanna til að staðreyna þær fjárhæðir, sem varakröfur hans byggjast á. Sýnir það m.a. að mati dómsins, að stefnanda sé ljóst, að varakröfur hans séu vart dómtækar, eins og þær liggja nú fyrir.

Að öllu þessu athuguðu þykir rétt að vísa málinu frá dómi.

Miðað við þessi úrslit og með vísan til 2. tl. 130. gr. laga nr. 91/1991 skal sóknaraðili, Eikin-Ís hf., greiða sameiginlega þeim stefndu, sem tekið hafa til varna í málinu og tilgreindir eru í úrskurðarorði, málskostnað, sem ákveðst kr. 40.000,00.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan úrskurð.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Sóknaraðili, Eikin-Ís hf., greiði sameiginlega stefndu, Heild hf., Frico hf., Guðmundi Jónssyni hf., Insúlu hf., J.S. Gunnarssyni hf., Járni og gleri hf., Ólafi Gunnarssyni hf., Látri hf., Raftækjaverslun Íslands hf., Sigurði H. Egilssyni, Sigurði H. Egilssyni hf. og Vélum og verkfærum hf., kr. 40.000,00 í málskostnað.

Fimmtudaginn 30. júní 1994.

Nr. 269/1994. **Ingibjörg Fanney Hákonardóttir**
(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)
gegn
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
(Ólafur Axelsson hrl.)

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Skaðabótamál. Málsástæður. Res judicata. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. maí 1994, sem barst réttinum 8. júní sl. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hún kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdómara og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili kaus að leggja mál sitt fyrir dómstóla með ákveðnum hætti rúmu ári eftir slysdag og byggði á hefðbundnum gögnum um örorku og verðmæti tapaðra vinnutekna og lífeyrisréttinda. Úrlausn héraðsdóms 19. febrúar 1991 var í samræmi við áratugalanga dómvenju, og var henni ekki áfrýjað. Sóknaraðili getur ekki byggt kröfugerð sína nú vegna sama tjónsatviks á nýrri málsástæðu um óvinnufærni, enda hefur grundvöllur fyrra örorkumats, er málsúrslit réðust áður af, ekki raskast sóknaraðila í óhag, svo að séð verði. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Eftir atvikum verður kærumálskostnaður látinn falla niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Sóknaraðili slasaðist við vinnu í niðursuðuverksmiðju á Akureyri 29. mars 1989, er hún brotnaði illa um hægri ökkla, og hefur hún fengið af þessu varanlegt mein. Vorið 1990 höfðaði hún mál á bæjarþingi Akureyrar gegn vinnuveitanda sínum og varnaraðila til greiðslu bóta fyrir fjártjón og miska af völdum slyssins og þá einkum vegna þeirrar skerðingar á aflahæfi hennar, sem af því hefði leitt. Nam krafa hennar samtals 10 milljónum króna. Kröfunni til stuðnings lagði hún fram örorkumat, er Björn Önundarson læknir framkvæmdi að beiðni hennar 8. janúar 1990. Var tímabundin örorka þar talin 100% í 6 1/2 mánuð og 50% í 1 mánuð eftir slysið, en varanleg örorka metin 20%. Samkvæmt útreikningi Guðjóns Hansen tryggingafræðings 26. febrúar 1990 taldist verðmæti tapaðra vinnutekna og lífeyrisréttinda sóknaraðila vegna þessa orkumissis nema 3.464.652 krónum á slysdegi miðað við tekjur hennar sjálfrar næstliðin 3 ár.

Í forsendum að örorkumatinu sagði læknirinn meðal annars: „Þannig mun þessi aðeins tæplega þrítuga kona á komandi tíð eiga í erfiðleikum með störf sem krefjast þess að hún standi mikið eða gangi . . . verður að telja ótvírætt, að til ótímabærra slitbreytinga komi um hægri ökklalið slösuðu. Hvenær til slíkra breytinga kann að koma eða í hve miklum mæli þær kunna að verða verður nú ekki sagt. Tíminn einn mun leiða það í ljós. Víst er þó, að brot af þessu tagi eru ávallt erfið í meðferð og nær undantekningarlítið fylgja þeim slitbreytingar á liðflötum sem skaddast. – Með tilliti til þess sem að framan greinir þó svo ekki sé fullt ár liðið frá því áðurnefnt slys átti sér stað þar sem ekki verður séð að um frekari bata á afleiðingum þess verði hér eftir að ræða þykir ekki óeðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaða telst hafa hlotið af völdum þessa slyss . . .“

Með dómi bæjarþingsins 19. febrúar 1991 var því slegið föstu, að vinnuveitandi sóknaraðila bæri óskerta ábyrgð á tjóni hennar af slysinu. Jafnframt voru henni ákvarðaðar fébætur fyrir það, og sagði svo um þær í forsendum dómsins: „Með hliðsjón af framangreindum örorkutjónsútreikningi og að teknu tilliti til frádráttar greiðslu

til stefnanda að fjárhæð kr. 1.406.986,00, skattfrelsis bótanna, hagræðis af eingreiðslu þeirra og annarra þeirra atriða er hér skipta máli svo sem sjúkrasögu stefnanda, sem að framan er lýst, þykja bætur hæfilega ákveðnar kr. 1.200.000,00, þar af miskabætur kr. 300.000,00.“ Dóminum var ekki áfrýjað.

Sóknaraðili hefur nú höfðað nýtt mál fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra gegn varnaraðila, þar sem hún krefst frekari bóta vegna slyssins. Nema dómkröfur hennar samtals 13.800.000 krónum, þar af 12.144.900 krónum vegna örorkutjóns, og eru fyrri bætur þar ekki frá dregnar. Áður hafði hún beint tilmælum til varnaraðila um endurskoðun á bótunum með bréfum 16. október 1992 og 28. september 1993. Er fyrra bréfið ritað í framhaldi af því, að Sigurjón Sigurðsson tryggingalæknir hafði hinn 1. sama mánaðar metið sóknaraðila 65% öryrkja með tilliti til örorkubóta úr lífeyristryggingum frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. 12. gr. þágildandi laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, en sú örorka veitti rétt til örorkustyrks.

Til að kröfur sem þessar komi til álita, verður sóknaraðili að leiða raunhæfar líkur að því, að forsendur að bótaákvörðun dómsins hafi brostið eða breyst í svo afdrifaríku tilliti, að ætla megi, að afleiðingar slyssins séu verulegum mun alvarlegri en áður varð séð fyrir. Jafnframt verður hún að sæta því, að sakarefni, sem þegar er um dæmt, verði ekki borið aftur undir sama eða hliðsettan dómstól, sbr. 2. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála.

Því er og haldið fram af hálfu sóknaraðila, að heilsutjón hennar af slysinu hafi orðið meira en hún gat gert sér grein fyrir, jafnframt því sem óvinnufærni hennar hafi verið stórlega vanmetin. Kröfur hennar eru þó ekki studdar öðru en nýju örorkumati Stefáns Ingvasonar, sem til er vitnað í hinum kærða úrskurði. Er læknisfræðileg örorka hennar, er læknirinn nefnir svo, þar talin nema 15%, en örorka vegna óvinnufærni meiri en 75%, og nefnir læknirinn það almenna örorku. Af matinu verður ekki séð, hvort heilsufar sóknaraðila hafi breyst frá þeim tíma, er afleiðingar slyssins voru fyrst metnar. Jafnframt er óljóst, hvaða samhengi kann að vera milli þessa mats og örorkumats Björns Önundarsonar og hvort mat hans er að öllu leyti læknisfræðilegt í þeim skilningi, er hinn læknirinn miðaði við. Enn fremur verður að ætla, að mat Björns hafi einvörðungu verið haft til hliðsjónar á bæjarþinginu, eins og forsendur

dómsins gefa til kynna, þar sem það var hlutverk dómarans sjálfs, en ekki læknisins, að ákvarða umfang fébótanna til sóknaraðila.

Í hinum kærða úrskurði er á því byggt, að með síðara örorkumatinu sé sóknaraðili að færa fram nýja málsástæðu varðandi tjón sitt, sem henni hefði verið unnt að hafa uppi í fyrra málinu. Ekki liggur í augum uppi, að ástæðan sé ný, en hvað sem því líður, eru kröfur hennar nú svo vanreifaðar, að efnismeðferð á þeim kemur ekki til greina. Ber þannig að staðfesta þá ákvörðun héraðsdómara, að málinu verði vísað frá dómi. Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 18. maí 1994.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 13. apríl sl. að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda, hefur Ingibjörg Fanney Hákonardóttir, kt. 270560-3859, Keilusíðu 12 C, Akureyri, höfðað hér fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra með stefnu, birtri 10. janúar 1994, á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Eru dómkröfur stefnanda þær að stefnda greiði stefnanda kr. 13.800.000,00 með vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. mars 1989 til uppsögu héraðsdóms, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól einu sinni á ári, í fyrsta sinn ári eftir uppsögu dómsins. Þá er krafist málskostnaðar skv. reikningi og að mati héraðsdómsins.

Stefnda krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara að stefnda verði sýknað í málinu. Í báðum tilvikum er gerð krafa um að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu auk virðisaukaskatts, og jafnframt, að málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau að stefnandi hafi slasast við vinnu sína hjá K. Jónssyni og Co. hf., Akureyri, hinn 29. mars 1989. Hafi hún þá verið metin til 20% varanlegrar örorku. K. Jónsson og Co. hf. hafi verið með ábyrgðar- og slysatryggingu launþega hjá stefnda á þeim tíma er slysið varð. Ágreiningur hafi orðið um bótaskyldu og hafi verið rekið mál um þann ágreining fyrir bæjarþingi Akureyrar og dómur í því máli kveðinn upp 19. febrúar 1991. Hafi öll sök verið lögð á K. Jónsson og Co. hf. og stefnanda tildæmdar kr. 1.200.000,00 með vöxtum og kostnaði. Dómi þessum hafi ekki verið áfrýjað og hafi stefnda gert tjónið upp samkvæmt dóminum.

Þvert á vonir stefnanda hafi líðan hennar farið versnandi. Hafi stefnandi ekki getað stundað vinnu og sé nú óvinnufær. Hafi Stefán Ingvason, sérfræðingur í orku- og endurhæfingarlækningum, metið örorku stefnanda að

nýju og sé niðurstaða hans sú að óvinnufærni stefnanda nú sé meiri en 75% og að ¾ hlutum vegna slyssins. Á grundvelli matsins hafi Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur reiknað örorku stefnanda, og teljist honum tjónið vera kr. 12.144.900,00. Stefnda hafi ekki fengist til að endurupptaka málið og sé málsókn því nauðsynleg.

Kveðst stefnandi reisa fjárkröfur sínar á almennum skaðabótareglum, en bótaskyldu hafi verið slegið fastri með fyrrgreindum héraðsdómi.

Þar sem K. Jónsson og Co. hf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 11.03. 1993, sé kröfu beint að stefnda samkvæmt E-kafla vátryggingasamningalaga nr. 20 8. mars 1954, einkum 95. gr.

– – –

Í hinu fyrra máli aðila byggði stefnandi kröfur sínar á örorkutjónsreikningi sem miðaður var við hið læknisfræðilega örorkumat sem þá var talið vera 20%. Í því máli lét stefnandi ekki meta örorku vegna óvinnufærni svo sem nú er gert og hafði því ekki uppi kröfur byggðar á slíku mati. Verður fallist á það með stefnda að hér sé um nýja málsástæðu að ræða sem stefnandi hafi ekki sýnt fram á að ekki hafi verið hægt að hafa uppi í fyrra málinu. Verður samkvæmt framansögðu og með vísan til 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 að vísa málinu frá dómi.

Rétt er að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnað stefnanda, kr. 150.000,00, ber ríkissjóði að greiða, þar af kr. 100.000,00 í málsóknarlaun skipaðs talsmanns hennar, Ásmundar S. Jóhannssonar hdl., og er virðisaukaskattur þá ekki með talinn.

Úrskurð þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

Á l y k t a r o r ð :

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Málskostnaður stefnanda, Ingibjargar Fanneyjar Hákonardóttur, kr. 150.000,00, þar af kr. 100.000,00 í málsóknarlaun skipaðs talsmanns hennar, Ásmundar S. Jóhannssonar hdl., greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 21. júlí 1994.

Nr. 322/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Birni Kristjánssyni
(Óskar Thorarensen hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald fellt úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kæru 17. júlí 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 19. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en rannsókn þess sé vel á veg komin. Hefur ekki verið sýnt fram á, að skilyrði a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 séu fyrir hendi. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 17. júlí 1994.

Björn Kristjánsson, kt. 120133-4709, Bröttukinn 7, Hafnarfirði, er grunaður um brot gegn 22. kafla almennra hegningarlaga með því að hafa framið kynferðisbrot gegn tveimur stúlkubörnum, fæddum árið 1988 og 1987. Í kröfu um gæsluvarðhald kemur fram, að kærði hafi verið handtekinn síðdegis 16. þessa mánaðar á heimili sínu og færður til yfirheyrslu.

Við yfirheyrslu hefur kærði kannast við að hafa hitt umræddar telpur á leikvelli í grennd við heimili sitt. Þegar á heimili hans var komið, hafði hann boðið þeim inn í kjallaraherbergi, en samkvæmt þeim gögnum, sem liggja fyrir, er ekki ljóst, hvað þar gerðist, og stangast framburður stúlknanna og framburður kærða á um þau atriði, sem til rannsóknar eru í máli þessu.

Ljóst er af gögnum málsins, að grunsemdir eru uppi um það, að maðurinn hafi brotið gegn ákvæðum 22. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ekki ljóst, hvaða greinum kaflans, þó að telja megi líkur á því, að hugsanlega sé um að ræða brot á 202. og 200. gr. hegningarlaganna. Með því að hætta þykir á, að kærði kunni að torvelda rannsókn málsins, verði hann látinn laus, ber skv. a-lið 1. mgr. oml. að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, að hann skuli sæta gæsluvarðhaldi til mánudagsins 25. þessa mánaðar kl. 16.00.

Við ákvörðun gæsluvarðhaldstímans hefur dómari hliðsjón af því, að í kröfu rannsóknarlögreglu um úrskurð þennan kemur fram, að rannsókn máls þessa sé á frumstigi.

Úrskurðarorð:

Björn Kristjánsson skal sæta gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til mánudagsins 25. júlí nk. kl. 16.00.

Fimmtudaginn 4. ágúst 1994.

Nr. 337/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Sigurði Hólm Sigurðssyni
(Sigmundur Hannesson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. júlí 1994, sem barst réttinum 3. ágúst sl. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. júlí 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Sigurði Hólm Sigurðssyni, kt. 010563-2839, heimilislausum, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 1. september nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn í nótt af lögreglunni í Reykjavík við Bjarnarstíg 3, þar sem hann faldi sig í kjallaratröppum Kárastígs 3, Frakkastígs megin, en lögregla hafði verið kölluð að Bjarnarstíg 3 vegna grunar um innbrot. Lýsing húsráðanda á fatnaði þess, sem reynt hafði að brjótast inn, kom heim og saman við fatnað þann, sem kærði var í. Í handtökuskýrslu kemur fram, að húsráðandi að Kárastíg 3 hafi vaknað sömu nótt við urr í hundi sínum, og kveðst hafa séð, að stigi var reistur upp við hús sitt, er hann leit út um gluggann. Hann kvaðst hins vegar ekki hafa tekið eftir nokkrum manni.

Kærði játaði aðild sína að innbroti í Brekkubæ 8, Reykjavík, fyrir lögreglu í dag. Í þeirri lögregluskýrslu kemur fram, að við innbrot í Brekkubæ 8 hafi Grétar Magnússon verið með kærða, en ekki ber saman framburði Grétars og kærða fyrir lögreglu. Þá játaði kærði einnig aðild sína að tilraunum til innbrots og þjófnaðar að Bjarnarstíg 3 og Kárastíg 3 fyrir lögreglu í dag. Kærði neitaði hins vegar fyrir dómi að hafa gert tilraun til innbrots og þjófnaðar í Kárastíg 3 og Bjarnarstíg 3.

Kærði var látinn laus af Litla-Hrauni þriðjudaginn 26. júlí sl. eftir þriggja og hálfs árs veru þar. Ljóst er samkvæmt sakavottorði kærða, að hann á langan brotaferil að baki.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið, og misræmis gætir í frásögnum kærða og Grétars Magnússonar af innbroti við Brekkubæ 8. Ber því samkvæmt framansögðu og einkum með hliðsjón af löngum og samfelldum brotaferli kærða svo og með skírskotun til a- og c-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, eins og hún er fram sett.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 1. september 1994 kl. 16.00.

Föstudaginn 12. ágúst 1994.

Nr. 351/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Unnari Sigurði Hansen
(Hilmar Ingimundarson hrl.) **og**
Halldóri Svavari Ólafssyni
(Sigurður Guðmundsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 11. ágúst 1994, sem barst réttinum sama dag. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst varnaraðilinn Unnar Sigurður Hansen kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. ágúst 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Unnari Sigurði Hansen, kt. 170966-4659, og Halldóri Svavari Ólafssyni, kt. 180571-3029, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til nk. mánudags 15. ágúst kl. 16.00.

Þeir Unnar og Halldór eru grunaðir um aðild að þremur innbrotum, er framin voru á Dalvík aðfaranótt miðvikudagsins 10. ágúst sl. Þeir voru handteknir á Vesturlandsvegi skammt vestan Hvítaness, þar sem bifreið þeirra hafði verið ekið út af veginum. Í bifreiðinni fundust ýmsir munir og fé, er lögregla telur, að séu úr innbrotunum á Dalvík, en þar var brotist inn í veitingastaðinn Sæluhúsið, Áhaldahús bæjarins og fiskverkunina Blika.

Skýrslur voru ekki teknar af kærðu hjá lögreglu, en þeir voru spurðir um

sakaratriði fyrir dómi fyrr í morgun. Neituðu þeir báðir aðild að innbrotum þessum.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Grun lögreglu um aðild kærðu, Unnars og Halldórs, að brotum gegn 244. gr. alm. hgl. verður að telja rökstuddan.

Með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður báðum kærðu gert að sæta gæsluvarðhaldi, svo sem krafist er, til nk. mánudags.

Úrskurðarorð:

Kærðu, Unnar Sigurður Hansen og Halldór Svavar Ólafsson, skulu sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 15. ágúst nk. kl. 16.00.

Fimmtudaginn 18. ágúst 1994.

Nr. 354/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Unnari Sigurði Hansen

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. ágúst 1994, sem barst réttinum 16. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar. Af hálfu varnaraðila er fallið frá kröfu, sem gerð var í héraði, að í stað gæsluvarðhalds yrði varnaraðili vistaður á sjúkrahúsi eða viðeigandi stofnun.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og skírskotað til a-, b- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, er varnaraðili undir rökstuddum grun um aðild að innbrotum á Dalvík 10. ágúst sl., og á frumstigi er rannsókn vegna ætlaðrar aðildar hans að fjársvikum. Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð skýrsla Rannsóknarlögreglu ríkisins frá 15. þessa mánaðar, þar sem vitnað er í upplýsingar tveggja danskra lögreglumanna, sem hér voru á ferð til að yfirheyra varnaraðila og fleiri vegna innbrota þar í landi. Þar kom og fram, að varnaraðila var nýlega vísað úr landi í Danmörku til þriggja ára. Væntanlegar eru þaðan ákærur, þar sem varnaraðila eru gefin að sök brot á fíkniefnalögum, rangar sakargiftir og hylming. Einnig eru þar í rannsókn mál varðandi ætlaða hlutdeild hans í innbrotum.

Að þessu athuguðu þykja vera fyrir hendi skilyrði a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til frekara gæsluvarðhalds varnaraðila, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. ágúst 1994.

Ár 1994, mánudaginn 15. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Unnari Sigurði Hansen, kt. 170966-4659, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 29. september nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot hans gegn 244. gr., 155. gr., 248. gr. og 254. gr. o. fl. gr. laga nr. 19/1940. Vísað er til a-, b- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til stuðnings kröfunni. Hinn 11. ágúst sl. var kærði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til dagsins í dag með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Kærði er grunaður um aðild að þremur innbrotum á Dalvík aðfaranótt 10. ágúst sl.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 12. ágúst sl. kvaðst kærði ekki muna eftir innbrotunum á Dalvík, en vel gæti verið, að hann hefði brotist þar inn. Við fyrirtöku málsins hér fyrir dómi fyrr í dag kvaðst kærði hafa verið undir áhrifum fíkniefna þessa nótt, og því gæti hann hvorki játað né neitað að hafa brotist inn á Dalvík.

Hinn 9. ágúst sl. var kærði ásamt öðrum kærður fyrir fjársvik vegna sex innstæðulausra tékka, að fjárhæð 85.450 krónur, og er kærði hinn eini, sem hefur þegar verið yfirheyrður vegna málsins.

Rannsókn þessa máls er á frumstigi, og þykir rannsóknarlögreglunni því veruleg hætta á, að hinn grunaði muni torvelda rannsókn með því að hafa áhrif á vitni eða samseka.

Þá er gæsluvarðhaldskrafan einnig byggð á því, að kærði hafi linnulítið stundað afbrot frá árinu 1985 og alls hlotið 23 dóma á því tímabili, og féll hinn síðasti 17. maí sl. Hinn 7. desember 1993 hafi kærði fengið reynslulausn í tvö ár, en rofið hana og eftirstöðvar refsingarinnar teknar með í dóminum frá því í vor. Þeim dómi hafi kærði áfrýjað, og því hafi ekki verið unnt að láta hann hefja afplánun. Með hliðsjón af afbrotaferli kærða megi því ætla, að hann muni halda áfram brotum, verði hann látinn laus, áður en málum hans er lokið.

Við fyrirtöku málsins í dag gerði verjandi kærða þá kröfu, að í stað gæsluvarðhalds yrði kærði vistaður á sjúkrahúsi eða viðeigandi stofnun með vísan til 110. gr. laga nr. 19/1991. Engin gögn liggja fyrir í málinu um það, að kærða standi slík vistun til boða, og verður því ekki fallist á þessa kröfu.

Ljóst er af framansögðu, að rökstuddur grunur er um, að kærði hafi

framið brot gegn 244. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, og með hliðsjón af afbrotaferli kærða, að veruleg hætta sé á, að hann muni halda áfram brotum, á meðan málum hans er ólokið. Með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, eins og krafist er, til fimmtudagsins 29. september nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Unnar Sigurður Hansen, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 29. september nk. kl. 16.00.

Þriðjudaginn 23. ágúst 1994.

Nr. 357/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Hans Erni Viðarssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. ágúst 1994, sem barst réttinum 19. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. ágúst 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Hans Erni Viðarssyni, kt. 101174-3529, með lögheimili að Eyjahrauni 3, Þorlákshöfn, en án dvalarstaðar, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 25. ágúst 1994 kl. 16.00 vegna grunar um brot hans gegn 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rannsóknarlögreglan kveður kærða hafa verið handtekinn við þriðja mann í gærkvöld, vegna þess að grunur hafi leikið á, að þýfi væri að finna í kjallaraíbúð að Langholtsvegi 17 í Reykjavík. Sama dag hafi verið gerð húsleit, sem staðfest hafi þann grun, að þýfi væri að finna í nefndri íbúð. Samkvæmt framburði umráðamanns íbúðarinnar hafi kærði fengið lykla íbúðarinnar 16. eða 17. ágúst sl., en umráðamaðurinn dveljist þar ekki sjálfur. Kærði hafi verið handtekinn, eftir að hann hafði farið inn í íbúðina og út

aftur. Við fyrirtöku málsins hér fyrir dómi kveðst kærði ekki hafa farið inn í íbúðina að Langholtsvegi 17, heldur einungis farið inn á gang fyrir framan íbúðina í þeim tilgangi að ná í tjald sitt. Kærði hefur neitað aðild að þeim málum, sem borin hafa verið undir hann vegna þessarar gæsluvarðhaldsbeiðni.

Hluti þeirra muna, sem fundust við húsleit í nefndri kjallaraíbúð, tengist þremur innbrotum, sem framin hafa verið síðustu daga, en einnig tengist kærði öðrum málum, sem eru til meðferðar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Þegar litið er til lögregluskýrslna í málinu annars vegar og framburðar kærða hjá lögreglu og hér fyrir dómi hins vegar, er ljóst, að verulegs ósamræmis gætir milli framburðar kærða og annarra, sem yfirheyrðir hafa verið vegna þessa máls. Með hliðsjón af gögnum málsins og þess, sem að framan er rakið, þykir rökstuddur grunur leika á því, að kærði hafi gerst brotlegur við 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir því rétt, þar eð rannsókn málanna er á frumstigi, að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina með vísan til a-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991.

Kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 25. ágúst 1994 kl. 16.00.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kærði, Hans Ernir Viðarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 25. ágúst 1994 kl. 16.00.

Mánudaginn 5. september 1994.

Nr. 380/1994. **Ákæruvaldið**

gegn

Sigurði Hólm Sigurðssyni

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. september 1994, sem barst réttinum næsta dag. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að í stað gæsluvarðhalds verði hann vistaður á sjúkrahúsi. Loks krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. september 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 1. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Gretu Baldursdóttur, fulltrúa dómstjóra, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Sigurði Hólm Sigurðssyni, kt. 010563-2839, Goðheimum 18, Reykjavík, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi, þar til dómur gangi í máli hans í héraði, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 28. september nk. kl. 16.00.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 27. júlí 1994, var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til dagsins í dag. Ákæra í máli hans hefur verið gefin út, og hefur efni hennar verið kynnt kærða. Hún mun verða þingfest síðar.

Kærða er gefið að sök að hafa brotið gegn 244. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, sbr. og 20. gr. sömu laga.

Brot þau, sem kærði er grunaður um að eiga aðild að, geta varðað hann fangelsi skv. alm. hegningarlögum, og hefur hann játað að hafa átt nokkra aðild að þeim brotum.

Kærði var látinn laus af Litla-Hrauni þriðjudaginn 26. júlí sl. eftir þriggja og hálfs árs veru þar. Brot þau, sem kærði er ákærður fyrir, voru framin 26. og 27. júlí 1994. Ljóst er samkvæmt sakavottorði kærða, að hann á langan brotaferil að baki, og má ætla, að hann muni halda áfram brotum, meðan máli hans er ekki lokið.

Með vísan til framanritaðs og með skírskotun til c-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991 ber að taka til greina kröfu ríkissaksóknara um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir kærða, eins og hún er fram sett. Ekki verður fallist á, að a-liður 1. mgr. 103. gr. oml. eigi við, eins og mál þetta horfir við.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur fellur í máli hans í héraði, þó ekki lengur en til 28. september 1994 kl. 16.00.

Þriðjudaginn 13. september 1994.

Nr. 379/1994. **Hinrik Bragason og**
Hulda Gústafsdóttir
(Steingrímur Þormóðsson hdl.)
gegn
Rannsóknarlögreglu ríkisins

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Rannsóknarathafnir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. ágúst 1994. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. sama mánaðar um frávísun krafna sóknaraðila og vitnað til kæruheimildar í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og héraðsdómara gert að taka kröfur hans í héraði til efnisúrlausnar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Samkvæmt bréfi sýslumanns 27. júlí 1994 var Rannsóknarlögreglu ríkisins sent til framhaldsrannsóknar mál, er varðar ætlað brot gegn lögum um dýravernd nr. 15/1994 og lögum um dýralækna nr. 77/1981. Sóknaraðilar voru eigendur hestsins Gýmis, en rannsóknin beinist að slysi, er hann varð fyrir á landsmóti hestamanna á Gaddstaðaflötum, sem haldið var dagana 27. júní til 3. júlí sl. Kröfur sóknaraðila í héraði virðast í raun beinast að allri meðferð yfirvalda, hvort sem sú meðferð er fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins eða öðrum, og að yfirlýsingu, sem þau telja, að lögregla hafi gefið fjölmiðlum um rannsókn málsins. Málsókn fyrir héraðsdómi byggja þau á 75. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Í greininni segir: „Bera má undir dómara ágreining um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda, svo og ágreining um réttindi sakbornings og málsvara hans, þar á meðal um ósk þeirra um tilteknar rannsóknaraðgerðir. Úrlausn dómara skal vera í úrskurðarformi ef þess er krafist.“ Greinin varðar þannig lögmæti tiltekinna aðgerða rannsóknarlögreglu eða ákæranda og ágreining um réttindi sak-

bornings eða málsvara. Á skortir, að sóknaraðilar hafi gert nákvæma grein fyrir því, hvaða aðgerðir rannsóknarlögreglu þeir vilja bera undir dómstóla, og þá, hver ágreiningur sé uppi um lögmæti þeirra. Þá eru ekki efni til að úrskurða um það á grundvelli ákvæðisins, hvað byggja megi á þeim gögnum, er lögreglu bárust frá héraðsdýralækni. Með þessum athugasemdum ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. ágúst 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 25. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. R-114/1994, en málið var tekið til úrskurðar í gærdag.

Hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins er nú unnið að rannsókn á ætluðu broti Hinriks Bragasonar og Huldu Gústafsdóttur, beggja til heimilis að Grjótaseli 14 hér í borg, á lögum nr. 15/1994.

Skipaður verjandi beggja ofangreindra aðila hefur nú á grundvelli 75. gr. laga nr. 19/1991 lagt fram „beiðni um úrskurð héraðsdómara vegna ágreinings sakborninga og rannsóknaraðila í Rlr-málinu nr. 3108/1994, er varðar meint brot umbjóðenda minna, Huldu Gústafsdóttur og Hinriks Bragasonar, Grjótaseli 14, Reykjavík, á 6. grein laga um dýravernd nr. 15/1994".

Kröfur, sem krafist er, að úrskurðaðar verði, eru þessar, eftir að fallið var frá einni kröfunni, enda enginn ágreiningur um þann kröfulið:

„I. Þess er krafist, að úrskurðað verði, að öll sú „rannsókn", sem fram hefur farið hjá héraðsdýralækni Helluumdæmis og Rannsóknarlögreglu ríkisins á fótbroti gæðingsins Gýmis frá Vindheimum, sem fótbrotnaði þann 3. júlí 1994 á Gaddstaðaflötum í Rangárþingi, sé ógild að lögum. Til vara er gerð sú krafa, að úrskurðað verði, að öll sú „rannsókn", sem fram hefur farið hjá héraðsdýralækni Helluumdæmis og Rannsóknarlögreglu ríkisins á fótbroti gæðingsins Gýmis frá Vindheimum, sem fótbrotnaði þann 3. júlí 1994 á Gaddstaðaflötum í Rangárþingi, sé ólögmæt.

II. Þess er krafist, að úrskurðað verði, að lögreglu hafi verið óheimilt með öllu að gefa þá yfirlýsingu til fjölmiðla, sem hún gaf þann 13. ágúst síðastliðinn um rannsókn málsins."

Af hálfu RLR er því haldið fram, að þar sem kröfugerðin lúti hvorki að

rannsóknaraðgerðum né að réttarstöðu sakborninga eða verjanda, beri að vísa kröfunni frá dómi.

Málavextir.

Hinn 3. júlí sl. fótbrotnaði gæðingurinn Gýmir frá Vindheimum í keppni á landsmóti hestamanna, sem haldið var á Gaddstaðaflötum í Rangárþingi, en keppni stóð þá yfir. Héraðsdýralæknir Helluumdæmis hófst þegar handa við athugun málsins, sem síðan leiddi til þess, að lögreglurannsókn hófst hinn 25. júlí sl., er héraðsdýralæknir Helluumdæmis sendi sýslumanni Rangárvallasýslu bréf, þar sem m. a. segir, að hann hafi nú lokið gagnasöfnun samkvæmt samtali héraðsdýralæknisins og sýslumannsins frá 5. júlí sl. Sýslumaður Rangárvallasýslu sendi málið til RLR með bréfi, dags. 27. júlí sl., til framhaldsrannsóknar.

Vegna töluliðar I í kröfugerð verjanda eru í greinargerð hans talin upp ýmis atriði, sem lúta að rannsókn máls þessa. Verjandi nefnir, að héraðsdýralæknir Helluumdæmis hafi tekið sér opinbert vald með afskiptum sínum af málinu. Þá eru talin upp ýmis dæmi um ólögmætar aðgerðir að mati verjanda og að hans áliti ýmsir annmarkar á rannsókninni.

Ekki þykir ástæða til að rekja hér frekar greinargerð verjanda.

Niðurstöður.

Kröfuliður I.

Í 75. gr. laga nr. 19/1991, hér eftir skammstöfuð oml., segir, að bera megi undir dómara ágreining um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda svo og ágreining um réttindi sakbornings og málsvara hans, þar á meðal um ósk þeirra um tilteknar rannsóknaraðgerðir. Úrlausn dómara skuli vera í úrskurðarformi, sé þess krafist.

Verjandi lýsti yfir því fyrir dómi í gærdag, að hann hefði engar athugasemdir fram að færa vegna rannsóknar RLR á máli þessu nema að því leyti, sem rannsókn RLR væri byggð á gögnum frá héraðsdýralækni Helluumdæmis.

Dómurinn telur, að skýra verði 75. gr. oml. þröngt, en önnur lögskýringarleið væri andstæð lögum nr. 19/1991, en við gildistöku þeirra voru numin úr gildi ákvæði um stjórn og afskipti dómara af rannsókn mála.

Svo sem rakið var, hefur verjandi engar athugasemdir fram að færa við rannsókn RLR á máli þessu utan gögn frá héraðsdýralækni Helluumdæmis, en áður var vikið að því, að RLR bárust þau gögn frá sýslumanninum í Rangárvallasýslu.

Dómurinn telur samkvæmt ofanrituðu, að kröfurnar (bæði aðal- og varakrafa) í I. kröfulið séu ekki byggðar á ágreiningi um rannsóknarathafn-

ir lögreglu eða ákæranda, sbr. 75. gr. oml., og önnur tilvik, sem greinin tiltekur, komi hér ekki til álita.

Krafan er því ekki reist á málsástæðum, sem talin eru upp í 75. gr. oml.

Svo sem rakið var, telur dómurinn, að skýra beri 75. gr. oml. þröngt og ekki sé unnt að krefjast úrskurðar um annað en lögmæti rannsóknaraðgerða lögreglu eða ákæranda og starf héraðsdýralæknis Helluumdæmis falli utan ramma 75. gr. oml. og gögn frá héraðsdýralæknum og fleiri komi fyrst til skoðunar fyrir dómi, þegar eða ef til málshöfðunar kemur.

Dómurinn telur engar þær málsástæður hafa verið færðar fram af hálfu verjanda kærðu vegna I. kröfuliðar, sem heimili, að tekið verði á málinu efnislega á grundvelli 75. gr. oml. Þessi kröfuliður er því ekki úrskurðarhæfur, og ber að vísa honum frá dómi.

Kröfuliður II.

Fram kemur í greinargerð RLR, að engin yfirlýsing hafi verið gefin fjölmiðlum vegna máls þessa, heldur verið staðfest, að rannsókn fari fram, og upplýst um tilteknar rannsóknarniðurstöður.

Meðal gagna málsins er blaðaúrklippa og endurrit fréttar úr Ríkisútvarpinu, en engin yfirlýsing frá RLR.

Engin yfirlýsing hefur því verið gefin út af RLR. Þótt svo væri, telur dómurinn ekki unnt á grundvelli 75. gr. oml. að krefjast úrskurðar um, að slík yfirlýsing væri óheimil.

Þar sem þessi kröfuliður er ekki byggður á neinum þeim efnisrökum, sem talin eru upp í 75. gr. oml., ber að vísa honum frá dómi.

Úrskurðarorð:

Öllum kröfum Steingríms Þormóðssonar hdl. fyrir hönd Hinriks Bragasonar og Huldu Gústafsdóttur er vísað frá dómi.

Þriðjudaginn 13. september 1994.

Nr. 324/1994. **Laugakaffi hf.**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
KFUM og KFUK
(Arnmundur Backman hrl.)

Kærumál. Útburðargerð. Frávísun frá Hæstarétti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 30. júní 1994, sem barst réttinum 13. júlí sl. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og kröfum varnaraðila um útburð hafnað. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Loks krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Lagt hefur verið fram endurrit úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík frá 6. júlí 1994. Samkvæmt því kom eigi til þess, að krafa varnaraðila um útburð sóknaraðila gengi fram, þar sem varnaraðilum höfðu verið afhent umráð húsnæðisins að Austurstræti 20 í Reykjavík. Aðilar málsins hafa því ekki lengur réttarhagsmuni af því, að hinn kærði úrskurður komi til endurskoðunar fyrir Hæstarétti. Ber að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Um hliðstætt efni var síðast dæmt í Hæstarétti 8. september 1993 í málinu nr. 310/1993. Er máli þessu haldið til dóms að ófyrirsynju.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Laugakaffi hf., greiði varnaraðilum, KFUM og KFUK, sameiginlega 60.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. júní 1994.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 27. maí sl., var tekið til úrskurðar 13. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðendur eru KFUM og KFUK, kt. 690169-0889, Holtavegi, Reykjavík, en gerðarþoli Laugakaffi hf., kt. 490677-0119, Austurstræti 20, Reykjavík.

Dómkröfur gerðarbeiðenda eru, að gerðarþoli ásamt öllu, sem honum tilheyrir, verði borinn út úr húsnæði gerðarbeiðenda að Austurstræti 20 hér í borg með beinni aðfarargerð. Þá krefjast gerðarbeiðendur málskostnaðar úr hendi gerðarþola að mati dómsins auk þess, að fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Gerðarþoli krefst þess, að kröfum gerðarbeiðenda verði hafnað og þeim gert að greiða sér málskostnað að mati réttarins. Þá krefst hann þess, fari svo, að kröfur gerðarbeiðenda nái fram að ganga, að ákveðið verði, að málskot fresti fullnustugerð.

– – –

IV.

Eins og greint hefur verið frá, gerðu aðilar með sér leigusamning um húsnæði gerðarbeiðenda að Austurstræti 20 1. júlí 1993, en áður hafði leigutaki, Ískaffi hf., framleigt gerðarþola þetta sama húsnæði með samþykki gerðarbeiðenda. Af hálfu gerðarbeiðenda var gerðarþola send greiðsluáskorun að viðlagðri hótun um útburð, ef gjaldfallin húsaleiga yrði ekki innt af hendi, með bréfi, dags. 29. nóvember 1993. Hinn 20. apríl sl. var gerðarþola birt bréf gerðarbeiðenda, dags. 19. sama mánaðar, dskj. nr. 17, sem greint var frá. Gerðarbeiðendur þykja því – með þessum viðvörunum og með greiðsluáskorun þeirra frá 3. maí sl., er birt var gerðarþola 6. þess mánaðar, – hafa uppfyllt ákv. 1. tl. 20. gr. laga nr. 44/1979 til að mega rifta leigumála aðila, yrði gerðarþoli ekki við að greiða leigugreiðslu, sem gjaldféll 1. maí 1994, innan 7 sólarhringa, frá því að gerðarþola mátti vera kunnugt um ákvörðun gerðarbeiðenda. Ákv. 54. gr. sömu laga og ákv. í samningi aðila um, hvenær dráttarvextir verði fyrst reiknaðir, skipta ekki máli í þessu sambandi. Þá verður umdeildum gagnkröfum gerðarþola ekki jafnað við

samningsbundna kröfu gerðarbeiðenda á greiðslu húsaleigu úr hendi gerðarþola.

Samkvæmt framansögðu þykir réttur gerðarbeiðenda á grundvelli riftunar leigumála aðila svo ótvíræður, að fyrir hendi séu lagaskilyrði til útburðar samkvæmt 78. gr. aðfararlaga nr. 90/1989, sbr. 83. gr.

Gegn andmælum gerðarbeiðenda þykir ekki fært að taka til greina kröfu gerðarþola um, að ákveðið verði, að málskot fresti aðfaragerð, enda er um fjárhagslega hagsmuni að tefla og greiðslugeta gerðarbeiðenda ekki dregin í efa.

Gerðarþoli skal greiða gerðarbeiðendum málskostnað, eins og í úrskurðarorði segir.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðenda, KFUM og KFUK, að gerðarþoli, Laugakaffi hf., ásamt öllu, sem félaginu tilheyrir, verði borinn út úr húsnæði gerðarbeiðenda að Austurstræti 20, Reykjavík, er tekin til greina.

Aðför er heimiluð fyrir kostnaði af gerðinni, ef til kemur.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðendum 50.000 krónur í málskostnað.

Þriðjudaginn 13. september 1994.

Nr. 389/1994. **Ákæruvaldið**

gegn

Sigurði Hólm Sigurðssyni

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. september 1994, sem barst réttinum 12. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Til þrautavara krefst hann þess, að í stað gæsluvarðhalds verði hann vistaður á sjúkrahúsi. Loks krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. september 1994.

Ákæruvaldið hefur krafist þess, að Sigurði Hólm Sigurðssyni með lögheimili að Yrsufelli 15, Reykjavík, kt. 010563-2839, verði gert með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að sæta áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli hans í Hæstarétti, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 1. febrúar 1995 kl. 16.00.

Fyrr í dag var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur dómur í málinu S-570/1994: Ákæruvaldið gegn Grétari Magnússyni og Sigurði Hólm Sigurðssyni. Með dómi þessum var Sigurður Hólm Sigurðsson dæmdur til tveggja ára fangelsisvistar, og skyldi 45 daga gæsluvarðhaldsvist hans dragast frá refsingunni. Dómfelldi áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar Íslands við

dómsuppkvaðningu. Samkvæmt 1. málslið 106. gr. laga nr. 19/1991 lýkur gæsluvarðhaldi, þegar dómur hefur verið kveðinn upp í máli.

Dómfelldi hefur hlotið tveggja ára fangelsisdóm. Með hliðsjón af fram lögðum gögnum og sakaferli dómfellda þykir rétt að fallast á kröfu ákæruvaldsins með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, og skal dómfelldi sæta gæsluvarðhaldi, á meðan mál hans er til meðferðar fyrir æðra dómi, en þó eigi lengur en til kl. 16.00 miðvikudaginn 1. febrúar 1995.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Dómfelldi, Sigurður Hólm Sigurðsson, kt. 010563-2839, sæti gæsluvarðhaldi, á meðan mál hans er til meðferðar fyrir æðra dómi, en þó eigi lengur en til kl. 16.00 miðvikudaginn 1. febrúar 1995.

Miðvikudaginn 14. september 1994.

Nr. 336/1994. **JFE-Byggingarþjónustan hf.**
(Atli Gíslason hrl.)
gegn
Jens Kristmannssyni
(Sigurður Georgsson hrl.)

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Vanreifun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar samkvæmt heimild í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála með kæru 14. júlí 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 2. ágúst sl. Kærður er frávísunarúrskurður Héraðsdóms Vestfjarða, sem var kveðinn upp 8. júlí 1994. Sóknaraðili krefst, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í kæru til Hæstaréttar byggir sóknaraðili á því, að héraðsdómari hafi ekki gætt réttra aðferða við frávísun málsins, þar sem honum hafi borið að fara fyrst að ákvæðum 104. gr., sbr. og 1. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991, og gefa aðilunum kost á að tjá sig sérstaklega um, hvort slíkir gallar væru á málinu, að frávísun varðaði. Einnig heldur sóknaraðili fram, að ekki hafi verið efnislegar forsendur fyrir frávísun málsins, því að kröfugerð sín og málsástæður fullnægi réttarfarskröfum. Þá sé rétt að fara með kröfu sína eftir reglum nýrra laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, en ekki eldri lögum.

Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, hefur héraðsdómari talið málið svo vanreifað af hálfu sóknaraðila, að ekki yrði komist hjá að vísa því frá dómi án kröfu. Ekki eru efni til að hnekkja því mati héraðsdómara, enda er málatilbúnaður sóknaraðila byggður á ákvæðum laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, sem eiga hér ekki við, sbr. 6. mgr. 96. gr. laganna. Þá verður að fallast á, að heimilt sé sam-

kvæmt 100. gr. laga nr. 91/1991 að vísa máli frá dómi án kröfu eftir dómtöku þess, þótt málflutningi hafi ekki verið beint að því atriði, telji dómari, að ekki verði bætt úr annmarka á máli með þeim hætti, sem er mælt fyrir um í 104. gr. laganna.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Hvor aðili ber sinn kostnað af kæru þessari.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 8. júlí 1994.

Ár 1994, föstudaginn 8. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í málinu nr. E-185/1993: JFE-Byggingarþjónustan hf. gegn Jens Kristmannssyni, sem tekið var til dóms 24. júní síðastliðinn að loknum munnlegum málflutningi.

Málið höfðaði JFE-Byggingarþjónustan hf., kt. 590991-1949, Aðalstræti 13-15, Bolungarvík, á hendur Jens Kristmannssyni, kt. 140241-2299, Engjavegi 31, Ísafirði, með stefnu, út gefinni 6. desember 1993, sem birt var stefnda næsta dag, en málið var þingfest hér fyrir dómi 15. s. m.

Dómkröfur aðila.

Stefnandi krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 2.137.656 krónur, ásamt dráttarvöxtum [...].

Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 1.483.089 krónur, með dráttarvöxtum frá 17. febrúar 1992 til greiðsludags [...].

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda, sem taki mið af málskostnaðarreikningi hans sjálfs. Til vara er þess krafist, að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Aðild.

Fram kemur í stefnu, að JFE-Byggingarþjónustan hf. hafi tekið við verslunarrekstri þeim, er Jón Friðgeir Einarsson, kt. 160731-2819, hafði áður með höndum. Í samræmi við þann samning hefði Jón Friðgeir framselt stefnanda kröfu sína á hendur stefnda, sem málsókn þessi byggðist á.

Málavextir.

Mánudaginn 16. desember 1991 fór fram í uppboðsrétti Ísafjarðar þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Pollgötu 4, verslunarhúsnæði A, Ísafirði, að kröfu Jóns Friðgeirs Einarssonar og fleiri uppboðsbeiðenda (mál nr. 27/1991). Á uppboði þessu varð stefndi hæstbjóðandi með 5.000.000 króna boð í eignina, en næsthæsta boð, 4.500.000 krónur, átti lögmaður stefnanda f. h. Jóns Friðgeirs Einarssonar.

Með bréfi, dagsettu 17. s. m., samþykkti uppboðshaldari boð stefnda og krafði hann um greiðslu uppboðsandvirðis í samræmi við fyrirliggjandi uppboðsskilmála, þ. e. fjórðung kaupverðs strax og eftirstöðvar þess innan tveggja mánaða frá samþykki boðs. Sama dag sendi uppboðshaldari stefnda og öðrum hagsmunaaðilum bréf, þar sem meðal annars var tekið fram, að stefndi hefði umráð eignarinnar frá þeim degi að telja, enda stæði hann þegar skil á fjórðungi kaupverðs hennar.

Uppboðsþolandi, Guðmundur Þórðarson, kt. 040849-3789, áfrýjaði uppboðinu til Hæstaréttar Íslands með stefnu 23. desember 1991 og krafðist þess, að málsmeðferð uppboðsréttar yrði ómerkt og málinu annaðhvort vísað frá uppboðsrétti eða heim til löglegrar meðferðar. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991 sætti málið meðferð kærumála eftir 1. júlí 1992. Var uppboðsgerðin staðfest með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 16. desember 1992, í málinu nr. 511/1991.

Áður hafði það gerst hinn 11. desember 1992, að stefndi ritaði sýslumanninum á Ísafirði bréf og tilkynnti, að hann teldi sig ekki lengur bundinn af fyrra boði, þar sem það hefði miðast við, að hann fengi umráð eignarinnar í samræmi við uppboðsskilmála, en slíkt hefði verið forsenda fyrir þeirri atvinnustarfsemi, sem hann hugðist reka í húsnæðinu. Þar sem hins vegar hefði ekki verið staðið við nefnda skilmála gagnvart sér, teldi stefndi sig vera lausan allra mála.

Með bréfi sýslumannsins á Ísafirði, dagsettu 22. desember 1992, var stefnda formlega kynnt niðurstaða Hæstaréttar í málinu nr. 511/1991. Jafnframt var hann krafinn um greiðslu uppboðsandvirðis eigi síðar en 30. desember s. á., en ella hótað, að gripið yrði til „aðgerða samkvæmt 47. gr. laga nr. 90/1991", sem stefnda var kunngert, hverjar væru. Fór svo, að málið (nr. 27/1991) var tekið fyrir að nýju hjá sýslumanni 23. apríl 1993 á grundvelli 2. mgr. 47. gr. greindra laga. Að fengnu áliti lögmanns stefnanda, sem einn var við fyrirtökuna, ákvað sýslumaður sama dag að rifta kaupum stefnda á eigninni og efna til uppboðs í samræmi við ákvæði 35. og 36. gr. nauðungarsölulaga. Við fyrirtökuna áskildi lögmaður stefnanda sér rétt til að krefja stefnda um skaðabætur samkvæmt 4. mgr. 47. gr. téðra laga.

Við uppboðsmeðferð 2. júní s. á. átti lögmaður stefnanda f. h. Iðnlánasjóðs hæsta boð í eignina, 3.200.000 krónur. Við sama tækifæri ítrekaði lögmaðurinn fyrri áskilnað f. h. Jóns Friðgeirs Einarssonar um rétt til heimtu bóta úr hendi stefnda. Boð hæstbjóðanda var síðan samþykkt með fyrirvara um, að greiðsla bærist í samræmi við uppboðsskilmála. Samkvæmt frumvarpi að úthlutunargerð frá 16. ágúst 1993, sem ekki voru gerðar athugasemdir við, greiddust einungis lögveðskröfur og hluti kröfu hæstbjóðanda, en ekkert kom upp í kröfu stefnanda, sem tryggð var með 2. veðrétti í viðkomandi fasteign.

– – –

Forsendur og niðurstaða.

Með gildistöku laga um nauðungarsölu nr. 90/1991 voru felld úr gildi lög um nauðungaruppboð nr. 57/1949 með áorðnum breytingum. Í XVII. kafla hinna nýju laga eru ýmis ákvæði, er lúta að meðferð mála, sem byrjað hafa í gildistíð eldri laga, en hefur ekki verið að fullu lokið fyrir 1. júlí 1992. Segir þar í 6. mgr. 96. gr., að hafi endanlegt uppboð farið fram eftir ákvæðum eldri laga, en boð enn ekki verið samþykkt, uppboðsverð ekki innheimt eða því ekki úthlutað eða uppboðsafsal ekki gefið út, og skuli þá aðgerðir til að ráða málefninu til lykta fara fram eftir ákvæðum hinna nýju laga. Þó skuli farið eftir „eldri reglum um réttindi og skyldur aðila og kaupanda“ að því leyti, sem reglur nýju laganna eru á annan veg.

Meðal þeirra atriða, sem á annan veg er skipað í lögum nr. 90/1991, eru réttaráhrif ákvörðunar sýslumanns um að taka tilteknu boði í fasteign, en samkvæmt 3. mgr. 39. gr. greindra laga telst boð ekki samþykkt, fyrr en greiðsla hefur borist í samræmi við fyrirliggjandi uppboðsskilmála. Miðar hin breytta regla að því að koma í veg fyrir deilur og málaferli, fari svo, að bjóðandi vanefni boð sitt. Í slíkum tilvikum reynir því ekki á riftun samnings og eftirfarandi vanefndauppboð, líkt og áður var, heldur ber sýslumanni að taka önnur boð til álita að nýju og ákveða, hverju þeirra verði tekið í staðinn. Þyki önnur boð hins vegar ekki koma til greina, skal uppboð haldið að nýju samkvæmt 35. og 36. gr. téðra laga. Má þá krefja þann, sem vanefnt hefur boð í eignina, um mismuninn á boðinu og því, sem fæst endanlega fyrir eignina, en málsóknarumboð er að meginstefnu til falið sýslumanni, sbr. 4. mgr. 39. gr. laganna. Samkvæmt framanrituðu munu því riftunarreglur og vanefndaúrræði 47. gr. laga nr. 90/1991 sjaldan koma til álita í framkvæmd. Eru þær um margt ólíkar eldri reglum 35. gr. laga nr 57/1949, en tilvitnuð ákvæði beggja laga lúta að réttindum og skyldum aðila og kaupanda við uppboð.

Þegar framangreind atriði eru virt og til þess er litið, að réttargrundvöllur þessa máls var lagður í gildistíð laga nr. 57/1949, þykir verða að líta svo á, að um réttindi og skyldur málsaðila fari að hætti þeirra laga, sbr. niðurlagsákvæði 6. mgr. 96. gr. laga nr. 90/1991. Stefnandi reisir kröfur sínar hins vegar á 4. mgr. 47. gr. síðargreindra laga, auk þess sem hann styður þær að verulegu leyti við hina almennu skaðabótareglu. Hefur hann þó ekki í málatilbúnaði sínum sýnt fram á slíkan bótagrundvöll, en þess ber að gæta, að ólíkar reglur gilda um bætur utan og innan samninga. Samkvæmt þessu þykja kröfugerð stefnanda og málsástæður svo óljósar og vanreifaðar, að ekki verði hjá því komist að vísa málinu frá dómi án kröfu, sbr. 4. mgr. 100. gr. laga um meðferð einkamála.

Með hliðsjón af ofangreindum úrslitum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 14. september 1994.

Nr. 132/1991. **Guðjón Sveinn Valgeirsson og**
Margrét Þóra Baldursdóttir
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
gegn
Skeifunni, fasteignamiðlun sf.
(Jón Magnússon hrl.),
og gagnsök

Fasteignasala. Þóknun. Skriflegur málflutningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 25. mars 1991, en gagnáfrýjunarstefna var gefin út 4. apríl sama ár.

Aðaláfrýjendur krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þeir sýknaðir af kröfum gagnáfrýjanda. Þeir gera kröfu um málskostnað í héraði og í aðalsök og gagnsök fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir sýknu gegn greiðslu á 15.000 krónum, og verði málskostnaður felldur niður.

Gagnáfrýjandi krefst sýknu og málskostnaðar í aðalsök. Hann gerir þær kröfur í gagnsök, að hinum áfrýjaða dómi verði hnekkt og allar kröfur sínar í héraði teknar til greina, en þær eru, að aðaláfrýjendur verði dæmd in solidum til greiðslu reiknings, að fjárhæð 184.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum frá 1. ágúst 1989 til greiðsludags. Þá krefst hann höfuðstólsfærslu dráttarvaxta og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta er skriflega flutt fyrir Hæstarétti samkvæmt heimild í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 38/1994, sbr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Í bréfi formanns Félags fasteignasala frá 13. desember 1990, sem þar er vísað til, kemur fram það álit hans, að það sé föst venja í fasteignaviðskiptum, að greidd sé söluþóknun af báðum eignum, sem seldar eru í makaskiptum. Hann telur ekki vafa leika á því, að heimilt sé að krefja um söluþóknun, þegar eign er seld í makaskiptum, þó að formlegs söluum-

boðs hafi ekki verið aflað, áður en kaupsamningur er undirritaður. Hann lítur svo á, að með því að bjóða eign sem greiðslu upp í kaupverð annarrar eignar, sem er til sölu hjá fasteignasala, sé tilboðsgjafi um leið að gefa þeim fasteignasala umboð til að selja sína eign. Hann segir, að þetta eigi þó að sjálfsögðu ekki við, ef annar fasteignasali hefur söluumboð um þá eign, sem boðin er í makaskiptum með þessum hætti, og beri þeim fasteignasala þá þóknunin.

Eins og mál þetta liggur fyrir, verður að miða við, að fasteign aðaláfrýjenda, sem þau buðu fram í makaskiptum, hafi ekki verið til sérstakrar sölumeðferðar hjá öðrum fasteignasala. Hins vegar verður eigi talið, að tilboð þeirra um makaskipti hafi án frekari viðræðu falið í sér söluumboð til gagnáfrýjanda, sem ekki gætti ákvæða 9. gr. laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu. Álit formanns Félags fasteignasala og ákvæði í gjaldskrá félagsins hagga ekki þeirri niðurstöðu, enda getur gagnstæð venja í fasteignaviðskiptum, sem þó er ósönnuð í málinu, ekki ráðið úrslitum eftir setningu fyrrgreindra laga.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti, þó þannig, að dráttarvextir reiknast frá 1. september 1989.

Aðaláfrýjendur skulu in solidum greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að dráttarvextir reiknast frá 1. september 1989.

Aðaláfrýjendur, Guðjón Sveinn Valdimarsson og Margrét Þóra Baldursdóttir, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Skeifunni, fasteignamiðlun sf., 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. janúar 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 14. f. m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 12. desember 1989.

Stefnandi er Jón Magnússon hrl. f. h. Skeifunnar, fasteignamiðlunar sf., Skeifunni 19, Reykjavík.

Stefndu eru Guðjón Sveinn Valgeirsson og Margrét Þóra Baldursdóttir, til heimilis að Hjarðarlandi 8, Mosfellsbæ.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða reikning, að fjárhæð 184.800 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 1. ágúst 1989 til greiðsludags og málskostnað, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður að mati réttarins, er beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, – til vara, að þau verði sýknuð gegn greiðslu á 15.000 kr. og málskostnaður verði felldur niður.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að stefndu hafi keypt einbýlishúsið nr. 8 við Hjarðarland í Mosfellsbæ fyrir milligöngu stefnanda og sett einbýlishús sitt, nr. 70 við Reykjaveg í Mosfellsbæ, upp í kaupin í makaskiptum, einnig fyrir milligöngu stefnanda. Gengið hafi verið frá kaupsamningi vegna beggja eignanna 20. júlí 1989, og hafi stefndu verið krafin um greiðslu sölulauna skv. hinum umstefnda reikningi, en þau hafi neitað að greiða hann.

Stefnukrafan sundurliðist þannig: 1,5% sölulaun vegna makaskipta fyrir einbýlishúsið Reykjaveg 70, Mosfellsbæ, 165.000 kr., 12% söluskattur, 19.800 kr., samtals 184.000 kr. (sic).

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi haft milligöngu um sölu húss stefndu og sölulaun vegna þess séu 1,5% af söluandvirði eignarinnar.

Í 5. gr. viðmiðunargjaldskrár Félags fasteignasala segir: „Við makaskipti skal þóknun fasteignasala vera 2% af söluverði hvorrar eignar. Hafi fasteignasali ekki haft aðra hvora eignina til sölu, skal þóknun fasteignasala vera 1,5% af söluverði þeirrar eignar.“ Gjaldskrá þessi hafi hangið uppi á vegg fasteignasölunnar á áberandi stað.

Í 14. gr. laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu segi, að þóknun megi ekki fara fram úr 2% af kaupverði eignar og að þóknun skuli yfirleitt vera lægri, ef makaskiptum sé til að dreifa. Þegar stefndu hafi boðið eign sína í makaskiptum, hafi starfsmenn stefnanda farið og verðmetið eignina. Kaupin hafi komist á fyrir milligöngu stefnanda, kaupsamningur verið gerður af stefnanda og afsal og uppgjör milli aðila svo og önnur gögn, sem til hafi þurft. Stefnandi hafi gengið frá öllum skjölum varðandi sölu eignarinnar. Stefnandi hafi annast öflun vottorða og aðra upplýsingaöflun og aflað allra gagna, svo sem lög nr. 34/1986 áskilji, svo að stefnanda væri heimilt að lögum að ganga frá kaupsamningi og afsali vegna eignarinnar. Þetta hafi tekið vikutíma.

Um fjölda ára hafi það verið viðtekin venja í fasteignasölu, að sölulaun væru tekin fyrir eign, sem sett sé upp í makaskiptum. Venjulegast hafi þar verið um að ræða lægri söluprósentu en þá, sem tekin sé fyrir þá eign, sem upprunalega hafi verið sett í sölu og makaskiptatilboðið sé komið til vegna. Hér hafi verið um slíkt að ræða. Hin almenna söluprósenta sé 2% vegna sölu á eignum, en þar sem um makaskipti hafi verið að ræða, hafi reikningur verið gerður fyrir 1,5% af söluverði.

Stefnandi bendir á, að hann hafi annast gerð tveggja kaupsamninga og sérstakur kaupsamningur hafi verið gerður um sölu eignar stefndu, Reykjaveg 70. Samkvæmt lögum nr. 34/1986 hafi fasteignasölum verið gert skylt að viðlagðri ábyrgð að afla gagna og hafa tiltækar upplýsingar um þær eignir, sem seldar séu beinni sölu eða settar upp í aðrar í makaskiptum. Ábyrgð fasteignasala á því, að vel og rétt sé frá skjölum og öllum upplýsingum gengið, sé hin sama í báðum tilvikum.

Stefnandi bendir á, að upplýst sé í málinu með framburði aðila og vitna, að enginn reikningur hafi verið gerður stefndu um 2% sölugjald, þ.e. 246.400 kr., eins og þau haldi fram í máli þessu, – einnig, að eigandi fasteignarinnar Hjarðarlands 8, sem stefndu hafi keypt, hafi ekki ætlað sér að taka svo dýra eign sem greiðslu upp í sína og sölumenn stefnanda hafi þurft að ganga á eftir honum til þess að fá hann til að samþykkja kaupin. Stefnandi kveðst líta svo á, að með tilboði sínu hafi stefndu afhent honum söluumboð eignar sinnar, þar sem ekki hafi verið tekið fram, að annar fasteignasali færi með það, og vísar til álits Þórólfs Halldórssonar hdl., formanns Félags fasteignasala, hér í málinu. Sölumaður stefnanda hefði e. t. v. átt að láta gera skriflegt söluumboð, sbr. 9. gr. laga 34/1986, en það sé að jafnaði ekki gert í slíkum tilfellum.

II.

Stefndu segja málavexti þá, að í byrjun júlí 1989 hafi þau frétt, að fasteignin Hjarðarland 8, Mosfellsbæ, væri til sölu. Þau hafi þurft að stækka við sig, og hinn 10. júlí hafi þau farið með tilboð heim til eigandans, Finns Jóhannessonar, sem hafi sagt þeim að fara með það til stefnanda, þar sem fasteignin væri til sölumeðferðar. Tilboðið hafi hljóðað um, að fasteign stefndu, Reykjavegur 70, Mosfellsbæ, yrði tekin upp í sem greiðsla í makaskiptum, og munurinn, 2.800.000 kr., yrði greiddur í peningum og með skuldabréfi. Tilboð þetta, sem stefndu hafi gert að öllu leyti sjálf, hafi verið samþykkt.

Hinn 20. júlí s. á. hafi tveir kaupsamningar verið undirritaðir hjá stefnanda, annar um fasteignina Hjarðarland 8, en hinn um Reykjaveg 70, þar

sem stefndu voru seljendur. Eftir undirritun kaupsamningsins hafi lögmaður stefnanda, Jón Magnússon hrl., sem annast hafi gerð kaupsamninganna, krafið stefndu um greiðslu 2% sölulauna, 240.000 kr. (ekki 220.000 kr., eins og rakið sé í greinargerð stefndu), en engan reikning sýnt, heldur ýtt til þeirra blaði. Þau hafi strax neitað greiðslu, þar sem þau hafi aldrei falið stefnanda eign sína til sölumeðferðar. Með bréfi, dags. 14. ágúst 1989, hafi lögmaður stefnanda krafið stefndu um greiðslu á 184.000 kr., en enginn reikningur hafi séð dagsins ljós. Með bréfi 23. ágúst s. á. hafi lögmaður stefndu hafnað greiðslu og kveðist jafnframt sjá um gerð afsals vegna Reykjavegar 70.

Stefndu styðja sýknukröfu sína þeim rökum, að samkvæmt 9. gr. laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu beri fasteignasala að tryggja sér umboð hjá réttum aðila til þess að hafa eign til sölumeðferðar. Stefndu hafi aldrei veitt stefnanda slíkt umboð, og hafi það aldrei staðið til. Eignin Reykjavegur 70 hafi því aldrei verið til sölumeðferðar hjá stefnanda, og stefndi hafi enga milligöngu átt um sölu hennar. Hún hafi einungis verið afhent sem hlutagreiðsla af stefndu hálfu í makaskiptum upp í útborgun kaupverðs fasteignarinnar Hjarðarlands 8. Tilvísun stefnanda til 5. gr. viðmiðunargjaldskrár Félags fasteignasala hafi hér enga þýðingu, þar sem gjaldskráin sé stefndu óviðkomandi, þar eð eign þeirra hafi aldrei verið til sölumeðferðar hjá stefnanda. 14. gr. laganna eigi eingöngu við það tilvik, að sami aðili hafi báðar eignirnar til sölumeðferðar.

Stefndu mótmæla sem rangri og ósannaðri þeirri fullyrðingu stefnanda, að viðtekin venja sé í fasteignasölu, að 1,5% sölulaun séu tekin af eign, sem boðin sé sem greiðsla í makaskiptum án þess að hafa verið til sölumeðferðar hjá hlutaðeigandi fasteignasala.

Varakröfu sína styðja stefndu því, að stefnandi hafi að vísu gert kaupsamninga, og fyrir þá skjalagerð beri honum hæfileg þóknun, sem með tilliti til þeirrar vinnu, er látin var í té, þyki ríflega 15.000 kr. Þar vísi þau til 1. mgr. 14. gr. laganna svo og til 5. gr. kaupalaga nr. 39/1922 með lögjöfnun.

Upplýst er í máli þessu, að stefndu hafi í tilboði sínu um kaup á fasteigninni Hjarðarlandi 8 í Mosfellsbæ, sem var til sölumeðferðar hjá stefnanda, boðið fasteign sína, Reykjaveg 70, Mosfellsbæ, upp í kaupin og að mismunur skyldi teljast 2.800.000 kr. Tilboði þessu komu starfsmenn stefnanda áleiðis til seljanda fasteignarinnar Hjarðarlands 8. Starfsmenn stefnanda verðmátu eign stefndu og önnuðust útvegun skjala svo og skjalagerð. Einnig er upplýst, að eigandi Hjarðarlands 8 hafi samþykkt tilboð stefndu að athuguðu máli. Af þessu má ljóst vera, að starfsmenn stefnanda hafa aðstoðað við að koma á samningi milli eigenda fasteignanna um makaskipti

auk skjalagerðar. Stefnanda ber því sanngjörn þóknun fyrir starfa sinn, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 34/1986, enda verður ekki talið, að skortur á ótvíræðu umboði til sölumeðferðar fasteignarinnar, sbr. 9. gr. laganna, standi því í vegi, þar sem stefnanda var ekki tilkynnt, að annar fasteignasali hefði slíkt söluumboð.

Upplýst er, að stefndu fólu ekki stefnanda eign sína til sölumeðferðar að öðru leyti en hér er lýst. Með tilliti til þess hefði verið rétt af stefnanda að kynna stefndu fyrir fram ákvæði 5. gr. viðmiðunargjaldskrár Félags fasteignasala. Þar sem telja verður upplýst, að stefnandi hafi hvorki kynnt stefndu gjaldskrána né rætt við þau eða samið um endurgjald fyrir fram, sbr. 3. gr. viðmiðunargjaldskrár, verður að meta endurgjald hans með tilliti til 1. mgr. 14. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 39/1922 með lögjöfnun.

Þar sem upplýst er, að aðstoð stefnanda við stefndu var fólgin í að ná samningi milli fasteignaeigenda og öflun viðeigandi gagna, sem tók nokkurn tíma, og því ekki eingöngu fólgin í skjalagerð samnings, sem þegar var á kominn, þykir endurgjald fyrir störf stefnanda hæfilega ákveðið 82.500 kr. Verður stefndu gert að greiða það ásamt söluskatti, 9.900 kr., eða samtals 92.400 kr., með vöxtum frá 1. september 1989. Verður stefndu og gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 40.000 kr., ásamt vöxtum.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Guðjón Sveinn Valgeirsson og Margrét Þóra Baldursdóttir, greiði in solidum stefnanda, Skeifunni, fasteignamiðlun sf., 92.400 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 1. september 1989 til greiðsludags og 40.000 kr. í málskostnað, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Miðvikudaginn 14. september 1994.

Nr. 166/1992. **Brekkuval sf.**
(Grétar Haraldsson hrl.)
gegn
Brynjari Daníelssyni
(Sigurður Georgsson hrl.)

Skuldamál. Útivist í héraði. 45. gr. laga nr. 75/1973. Skriflegur málflutningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1992. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í héraði, málskostnaður í héraði verði felldur niður og stefnda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ákveðinn var skriflegur flutningur málsins fyrir Hæstarétti með heimild í 24. gr. laga nr. 38/1994, sbr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994. Af hálfu stefnda var skilað skriflegri vörn, en sókn barst ekki frá áfrýjanda.

Í greinargerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti frá 31. mars 1993 kemur fram, að hann byggir sýknukröfu sína á aðildarskorti, og muni hann leggja fram gögn því til stuðnings. Engin slík gögn hafa verið lögð fram.

Af hálfu áfrýjanda var sótt þing í héraði, er málið var þingfest, en síðan féll þingsókn hans niður, án þess að greinargerð væri lögð fram. Í áfrýjunarstefnu er ekki gerður áskilnaður um nýjar málsástæður fyrir Hæstarétti, og engar skýringar hafa komið fram á útivist áfrýjanda í héraði. Hefur hann því ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, sbr. nú 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994. Verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Brekkuval sf., greiði stefnda, Brynjari Daníelssyni, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Kópavogs 27. janúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 29. nóvember sl., af Brynjari Daníelssyni, kt. 090467-5229, Vallarási 2, Reykjavík, á hendur Guðbirni Magnússyni, kt. 120246-2759, Hjallabrekku 2, Kópavogi, og Skæringi Sigurjónssyni, kt. 110451-4159, Reynigrund 35, Kópavogi, vegna sameignarfélags þeirra, Brekkuvals sf., kt. 421281-0339, Hjallabrekku 2, Kópavogi.

Dómkröfur eru þær, að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda 97.501 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 1. febrúar 1991 til greiðsludags svo og málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem er pípulagningameistari, tók að sér pípulagnir í þágu stefnda. Um var að ræða viðgerðir og breytingar í einni starfsstöð stefnda að Eddufelli 8, Reykjavík. Stefndi hefur ekki fengist til þess að greiða umkrafða reikninga, og hafa allar innheimtutilraunir reynst árangurslausar.

Málsástæður og lagarök. Vísað er til almennra reglna kröfu- og samningaréttar um skyldu verkkaupa til greiðslu verkkaups og útlagðs kostnaðar. Dráttarvaxtakrafan er reist á III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, og krafan um dráttarvexti og málskostnað er reist á 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Sönnunargögn. Til sönnunar stefnukröfu sinni mun stefnandi leggja fram reikning nr. 032 ásamt efnisnótum og tímavinnuskýrslu.

Af hálfu stefnda var mætt við þingfestingu málsins 5. desember sl., og fékk stefndi þá frest í tvær vikur. Eftir það féll niður þingsókn af hálfu stefnda. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 22.800 kr.

Dóminn kvað upp Ólafur Helgi Árnason fulltrúi.

D ó m s o r ð:

Brekkuval sf., kt. 421281-0339, Hjallabrekku 2, Kópavogi, greiði Brynjari Daníelssyni, kt. 090467-5229, Vallarási 2, Reykjavík, 97.501 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 1. febrúar 1991 til greiðsludags og 22.800 kr. í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. september 1994.

Nr. 167/1992. **Brekkuval sf.**
(Grétar Haraldsson hrl.)
gegn
Daníel Guðmundssyni
(Sigurður Georgsson hrl.)

Skuldamál. Útivist í héraði. 45. gr. laga nr. 75/1973. Skriflegur málflutningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1992. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í héraði, málskostnaður í héraði verði felldur niður og stefnda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ákveðinn var skriflegur flutningur málsins fyrir Hæstarétti með heimild í 24. gr. laga nr. 38/1994, sbr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994. Skrifleg vörn barst frá stefnda, en sókn hefur ekki borist frá áfrýjanda.

Í greinargerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti frá 31. mars 1993 kemur fram, að hann byggir sýknukröfu sína á aðildarskorti, og muni hann leggja fram gögn því til stuðnings. Engin slík gögn hafa verið lögð fram.

Af hálfu áfrýjanda var sótt þing í héraði, er málið var þingfest, en síðan féll þingsókn hans niður, án þess að greinargerð væri lögð fram. Í áfrýjunarstefnu er ekki gerður áskilnaður um nýjar málsástæður fyrir Hæstarétti, og engar skýringar hafa komið fram á útivist áfrýjanda í héraði. Hefur hann því ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, sbr. nú 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994. Verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Brekkuval sf., greiði stefnda, Daníel Guðmundssyni, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Kópavogs 27. janúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 29. nóvember sl., af Daníel Guðmundssyni, kt. 120646-2759, Hamraborg 38, Kópavogi, á hendur Guðbirni Magnússyni, kt. 120246-2759, Hjallabrekku 2, Kópavogi, og Skæringi Sigurjónssyni, kt. 110451-4159, Reynigrund 35, Kópavogi, vegna sameignarfélags þeirra, Brekkuvals sf., kt. 421281-0339, Hjallabrekku 2, Kópavogi.

Dómkröfur eru þær, að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda 182.496 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 1. febrúar 1991 til greiðsludags svo og málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem er pípulagningameistari, tók að sér pípulagnir í þágu stefnda. Um var að ræða viðgerðir og breytingar í einni starfsstöð stefnda að Eddufelli 8, Reykjavík. Stefndi hefur ekki fengist til þess að greiða umkrafða reikninga, og hafa allar innheimtutilraunir reynst árangurslausar.

Málsástæður og lagarök. Vísað er til almennra reglna kröfu- og samningaréttar um skyldu verkkaupa til greiðslu verkkaups og útlagðs kostnaðar. Dráttarvaxtakrafan er reist á III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, og krafan um dráttarvexti og málskostnað er reist á 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Sönnunargögn. Til sönnunar stefnukröfu sinni mun stefnandi leggja fram reikning nr. 337 ásamt efnisnótum og tímavinnuskýrslu.

Stefndi sótti þing, er málið var þingfest 5. 12. sl., og fékk þá frest í tvær vikur. Þingsókn féll síðan niður af hans hálfu. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 31.300 kr.

Dóminn kvað upp Ólafur Helgi Árnason fulltrúi.

D ó m s o r ð:

Brekkuval sf., kt. 421281-0339, Hjallabrekku 2, Kópavogi, greiði Daníel Guðmundssyni, kt. 120646-2759, Hamraborg 38, Kópavogi, 182.496 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 1. febrúar 1991 til greiðsludags og 31.300 kr. í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. september 1994.

Nr. 310/1994. **Íslandsbanki hf.**
(Árni Pálsson hrl.)
gegn
Regínu Vigfúsdóttur
(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Aðfarargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. júní 1994. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra um að staðfesta ákvörðun sýslumannsins á Akureyri um stöðvun nauðungarsölu á fasteign varnaraðila að Víðilundi 12 A, Akureyri. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir sýslumann að halda nauðungaruppboð á eigninni. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður.

Þar sem varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar, kemur ekki til endurskoðunar á frávísun kröfu hans um ógildingu fjárnáms, sem fram fór í eign hans að Víðilundi 12 A hinn 20. apríl 1993. Þeirri aðfarargerð var beint að Sigrúnu Sigfúsdóttur á grundvelli áritunar á áskorunarstefnu 30. maí 1989 á hendur henni, en fjárnám var gert í umræddri eign varnaraðila á grundvelli veðréttar samkvæmt tryggingarbréfi frá 4. maí 1988 í þeirri eign. Hugsanlega hefði mátt krefjast fjárnáms í eign varnaraðila á grundvelli áritunar á áskorunarstefnu og tryggingarbréfs, en þeirri aðfarargerð varð að beina að varnaraðila, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Þar sem það var ekki gert, varð aðfarargerð sú, er sóknaraðili styðst við, ekki réttur grundvöllur nauðungarsölu á eign varnaraðila að Víðilundi 12 A á Akureyri, og ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar um stöðvun nauðungarsölunnar og málskostnað í héraði.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur, að því er varðar stöðvun nauðungarsölu á Víðilundi 12 A, Akureyri, og málskostnað í héraði.

Sóknaraðili, Íslandsbanki hf., greiði varnaraðila, Regínu Vigfúsdóttur, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 9. júní 1994.

Sóknaraðili skaut máli þessu til héraðsdóms með bréfi, sem barst dóminum 9. desember 1993. Málið var þingfest 7. janúar 1994, en tekið til úrskurðar 11. maí 1994 að undangengnum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili málsins er Íslandsbanki hf., en varnaraðili Regína Vigfúsdóttir, kt. 040240-2769, Víðilundi 12 A, Akureyri.

Dómkröfur sóknaraðila eru, að umbeðin nauðungarsala á fasteigninni Víðilundi 12 A, Akureyri, fari fram og að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða málskostnað samkvæmt mati dómsins. Varnaraðili krefst þess, að ákvörðun sýslumannsins á Akureyri, dags. 18. 11. 1993, um stöðvun nauðungarsölu á fasteigninni Víðilundi 12 A, Akureyri, verði staðfest, að héraðsdómur ógildi með dómi fjárnám, dags. 20. 4. 1993, samkvæmt aðfarargerð nr. 24/1993, sem gert var í eign varnaraðila, Víðilundi 12 A, Akureyri, og einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati dómsins auk virðisaukaskatts á málskostnaðarfjárhæð.

Með áritun áskorunarstefnu á bæjarþingi Akureyrar 30. maí 1989, sbr. dskj. nr. 16, voru dómkröfur Iðnaðarbanka Íslands hf. á hendur m. a. Sigrúnu Sigfúsdóttur um greiðslu höfuðstólsfjárhæðar, 362.780,60 kr., auk nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar gerðar aðfararhæfar. Með tryggingarbréfi, út gefnu 4. maí 1988, sbr. dskj. nr. 21, setti Sigrún fasteign varnaraðila, Skálagerði 6, Akureyri, að veði með 7. veðrétti til tryggingar skaðlausri og skilvísri greiðslu á víxilskuldum og öllum öðrum skuldum og skuldbindingum, í hvaða formi sem væri, er hún skuldaði eða kynni að skulda Iðnaðarbanka Íslands hf., að upphæð 600.000 kr., auk dráttarvaxta og kostnaðar. Tryggingarbréfið er áritað af varnaraðila um samþykki til þessarar veðsetningar. Bréfið var móttekið til þinglýsingar og fært í fasteignabók 9. maí 1988. Hinn 23. október 1990 leysti sóknaraðili eignina úr veðböndum skv. bréfinu, sbr. dskj. 22, en jafnframt veðsetti „undirritaður, Ari Fossdal, kt. 240963-4509, sem er útgefandi ofangreinds veðtryggingarbréfs, [...] hér með húseignina Víðilund 12 A, Akureyri, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum til tryggingar áðurgreinds veðtryggingarbréfs". Ritaði varnaraðili samþykki sitt á skjal þetta sem þinglýstur eigandi eignarinnar samkvæmt kaupsamn-

ingi. Tryggingarbréfinu var þinglýst á Víðilund 12 A með athugasemd um veðflutning, sbr. dskj. nr. 5.

Hinn 20. apríl 1993 var tekin fyrir hjá sýslumanninum á Akureyri aðfarargerð nr. 24/1993/00541, þar sem sóknaraðili var gerðarbeiðandi, en gerðarþoli Sigrún Sigfúsdóttir skv. endurriti úr gerðabók á dskj. nr. 11. Gerðin fór annars þannig fram:

„Lagt er fram:

1. aðfararbeiðni,
2. dómur,
3. afrit fyrri innheimtutilrauna,
4. afrit veðtryggingarbréfs.

Gerðarbeiðandi krefst fjárnáms fyrir kröfu, að fjárhæð 1.118.555,54 kr., sem sundurliðast þannig:

höfuðstóll	kr.	362.780,60
drv. til 220393	–	580.486,45
banka- og stimpilkostnaður	–	900,00
málskostnaður	–	50.581,00
fjárnámsbeiðni	–	7.592,00
kostnaður vegna fjárnáms	–	6.882,00
kröfulýsing	–	5.049,00
vextir af kostnaði	–	81.598,99
virðisaukaskattur	–	15.207,00
innborgun	–	–2.521,50
aðfarargjald	–	10.000,00

auk áfallandi dráttarvaxta skv. vaxtalögum nr. 25/1987 til greiðsludags og alls kostnaðar af frekari fullnustugerðum, ef til þeirra kemur.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Árni Pálsson hrl., fyrir gerðarþola mætir Hreinn Pálsson hdl. (svo). Málsvara gerðarþola er leiðbeint gerðarbeiðanda (svo). Hann segist ekkert hafa við kröfu gerðarbeiðanda að athuga, en verður ekki við áskorun um að greiða hana. Að ábendingu gerðarbeiðanda, sem málsvari gerðarþola gerir ekki athugasemdir við, er hér með gert fjárnám fyrir kröfum gerðarbeiðanda í:

Víðilundi 12 A, Akureyri, en kröfuhafi hefur veðrétt samkvæmt tryggingarbréfi, dags. 5. 5. 1988, í þeirri eign.

Mættum er kynnt efni þessarar bókunar, sem engar athugasemdir eru gerðar við.

Gerðinni er þannig lokið [...]“

Hinn 30. apríl 1993 afhenti sóknaraðili sýslumanninum á Akureyri beiðni, sbr. dskj. nr. 12, um nauðungarsölu á fasteigninni Víðilundi 12 A,

Akureyri, eign varnaraðila, til fullnustu ofangreindrar kröfu, að höfuðstól 362.780,60 kr., en þá að fjárhæð 1.156.063,53 kr. með vöxtum og kostnaði. Var í beiðninni vísað um heimild til nauðungarsölunnar til ofangreinds fjárnáms. Sýslumaður tók beiðnina til meðferðar og ritaði varnaraðila 4. maí 1993 tilkynningu, sbr. dskj. nr. 13, um hana og að hún yrði tekin fyrir 17. september 1993 að undangenginni auglýsingu, sem send yrði til birtingar í Lögbirtingablaði 14. júní 1993. Hefur ekki annað komið fram fyrir dómi en sölumeðferðin hafi gengið með venjulegum hætti og mótmælalaust, uns Kristján Stefánsson hrl. ritaði sýslumanni bréf, er barst honum 17. nóvember, sbr. dskj. 4, þar sem framgangi sölunnar var f. h. varnaraðila mótmælt og þess krafist, að uppboðsmeðferð yrði tafarlaust felld niður og ekki yrði auglýst boðað nauðungaruppboð, sem þá hafði verið ákveðið 24. nóvember. Var krafan rökstudd með því, að varnaraðili hefði ekki verið gerðarþoli við fjárnámsgerð, sem beiðni um uppboð studdist við; árituð áskorunarstefna, sem var aðfararheimild, hefði hljóðað um skyldu Sigrúnar Sigfúsdóttur til greiðslu skuldarinnar og hún verið gerðarþoli við fjárnámsgerðina, og krafa um fjárnám í eign varnaraðila hefði verið gerð af sóknaraðila og reist á ákvæðum afrits veðtryggingarbréfs skv. endurriti úr gerðabók. Hinn 18. nóvember ákvað sýslumaður að stöðva nauðungarsöluna og tilkynnti lögmönnum aðila þá ákvörðun bréflega, sbr. dskj. nr. 3. Er sú ákvörðun til umfjöllunar í máli þessu.

Sóknaraðili vísar í greinargerð um málsástæður og lagarök til þess, að við þá fjárnámsgerð, sem beiðni hans um nauðungarsölu er reist á, hafi mætt lögmaður fyrir hönd gerðarþola, Sigrúnar Sigfúsdóttur, sem sé tengdadóttir varnaraðila. Hafi verið litið svo á, að hann gætti hagsmuna þeirra beggja. Við munnlegan málflutning kom fram, að ekki væri á þessu byggt af hálfu sóknaraðila.

Sóknaraðili kveðst telja, að það sé í raun gildi þessa fjárnáms, sem verið sé að bera undir dóminn, og kveðst halda því fram, að í hvívetna hafi verið farið að lögum við fjárnámið. Ljóst sé, að skilyrði 2. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 31/1990 (svo í greinargerð, en á að vera „laga nr. 90/1989“, svo sem kom fram fyrir dómi við flutning málsins) sé fullnægt. Aðförin hafi verið byggð á áskorunarstefnu samkvæmt skýru ákvæði 1. mgr. 3. gr. aðfararlaga verði gerð aðför hjá þeim, sem eigi verðmæti, sem standi að veði til tryggingar kröfu.

Varnaraðili segir, að í kröfugerð í áskorunarstefnu þeirri, sem var aðfararheimild við nefnda fjárnámsgerð, hafi engar kröfur verið gerðar honum á hendur eða staðfestur geymdur veðréttur í Skálagerði 6 eða Víðilundi 12 A. Varnaraðili hafi ekki verið gerðarþoli við aðför, engar kröfur hafðar á hendur honum, ekki hafi hann verið boðaður til fjárnáms, ekki mætt af

hans hálfu og enginn gætt hagsmuna hans. Af hálfu gerðarþola, Sigrúnar Sigfúsdóttur, hafi hins vegar verið mætt. Aðför hafi verið gerð samkvæmt afriti veðtryggingarbréfs og sýslumanni því borið að hafna kröfu sóknaraðila um fjárnám hjá varnaraðila. Hann bendir á, að með tryggingarbréfi, dagsettu 4. maí 1988, hafi Sigrún Sigfúsdóttir veðsett fasteign varnaraðila að Skálagerði 6 til tryggingar skuldbindingum sínum við Iðnaðarbanka Íslands hf. Skuldbindingin hafi tekið til Iðnaðarbanka Íslands, en ekki annarra bankastofnana. Hinn 23. 10. 1990 hafi Íslandsbanki hf. hins vegar leyst eignina Skálagerði 6 úr veðböndum, en sama dag hafi fasteignin Víðilundur 12 A verið veðsett með samþykki varnaraðila til tryggingar skuldbindingum útgefanda, Ara Fossdal, við Íslandsbanka hf., en í þessu máli séu engar kröfur gerðar á hendur honum. Kveðst varnaraðili telja, að fyrirliggjandi fjárnám verði ekki grundvöllur uppboðs.

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu skal sýslumaður gæta þess af sjálfsdáðum, að fyrirmælum laganna um undirbúning og framkvæmd nauðungarsölu hafi verið fylgt. Verði hann þess var við fyrirtöku skv. 21. gr. laganna, að teljandi annmarkar séu á þeim atriðum, sem mælt er fyrir um í 16., 19. eða 20. gr., eða með réttu hefði átt að synja um nauðungarsölu skv. 2. mgr. 13. gr., skal hann stöðva frekari aðgerðir við söluna. Samkvæmt lokamálsgrein 22. gr. verður þessu ákvæði beitt á síðari stigum nauðungarsölu fram að því, að aðgerðum við hana er lokið. Ákvörðun sýslumanns um stöðvun nauðungarsölu, sem hér er til úrlausnar, sýnist tekin á þessum grundvelli. Sýslumaðurinn á Akureyri hefur ekki neytt heimildar sinnar skv. 6. mgr. 73. gr. laga nr. 90/1991 til að senda dóminum athugasemdir sínar um málefnið.

Ljóst er, að mál þetta snýst öðru fremur um það, hvort áðurnefnt fjárnám er lögmætur grundvöllur nauðungarsölunnar, en heimilt er samkvæmt 92. gr. laga nr. 90/1989 að bera ágreining um aðfarargerð undir héraðsdóm, þrátt fyrir það að þar greindir frestir séu liðnir, komi til ágreinings um gerðina vegna kröfu gerðarbeiðanda um nauðungarsölu eða aðra lögmæta ráðstöfun á eign, sem tekin hefur verið fjárnámi.

Með auglýsingu, sem birtist í 8. tbl. Lögbirtingablaðs árið 1990, tilkynnti bankastjórn Íslandsbanka hf. með skírskotan til 50. gr. laga um viðskiptabanka nr. 86/1985, sbr. 1. gr. laga nr. 120/1989 um breytingu á þeim lögum, öllum þeim, sem teldu til eignar eða skuldar hjá tilgreindum bönkum, þ. á m. Iðnaðarbanka Íslands hf., að viðskiptaráðuneytið hefði með leyfisbréfi, dagsettu 2. janúar 1990, heimilað bönkunum að sameina rekstur sinn í Íslandsbanka hf., sem tekið hefði við allri bankastarfsemi, réttindum og skyldum þessara banka, henni tengdri, frá og með 1. janúar 1990. Var tekið

fram í auglýsingunni, að með heimild í nefndum lagaákvæðum hefðu veðtryggingar fyrir útlánum og ábyrgðum þeirra banka, sem sameinað hefðu bankarekstur sinn, verið færðar yfir til hins sameinaða banka og tryggðu frá sameiningardegi skuldir og skuldbindingar hlutaðeigandi aðila við Íslandsbanka hf.

Með vísan til þessa verður því slegið föstu, að Íslandsbanki hf. sé réttur eigandi greinds veðtryggingarbréfs og kröfu samkvæmt nefndri áskorunarstefnu.

Veðtryggingarbréf þetta er ekki skuldabréf í skilningi 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför og ekki heimilt að krefjast aðfarar hjá varnaraðila á grundvelli þess, sbr. 3. gr. l. nr. 90/1989. Af því leiðir, að varnaraðili gat ekki orðið gerðarþoli við aðförina. Sóknaraðili á samkvæmt tryggingarbréfinu þinglýstan veðrétt í eign varnaraðila, en varnaraðili ber ekki persónulega ábyrgð á þeim skuldbindingum, sem veðsetningunni er ætlað að tryggja. Sóknaraðili á hins vegar aðfararhæfa kröfu gagnvart þeim, sem persónulegu ábyrgðina ber.

Í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/1989 er heimilað að krefjast aðfarar hjá þeim, sem á verðmæti, sem stendur að veði til tryggingar kröfu samkvæmt skuldabréfi fyrir ákveðinni peningaupphæð, ef áskilnaði 7. tl. 1. mgr. 1. gr. er einnig fullnægt gagnvart honum. Er nærtækast að gagnálykta frá þessari reglu þannig, að sjálfstæða aðfararheimild þurfi, til að unnt sé að krefjast aðfarar hjá þeim, sem á verðmæti, sem stendur að veði til tryggingar öðrum kröfum. Verður þá ekki séð, að þessi skilningur samræmist því, að nægilegt sé, að aðfararheimildar hafi verið aflað gagnvart þeim, sem persónulega ábyrgð ber á kröfu, til að benda megi á veðið til fjárnáms. Í aðfararlögum er mælt fyrir um undanfarandi greiðsluáskorun til gerðarþola, þegar svo háttar til, að aðfarar er krafist á öðrum grundvelli en niðurstöðu, sem fengist hefur fyrir dómi, eða sátt, sem gerð er fyrir yfirvaldi, sbr. 7. og 8. gr. laga nr. 90/1989, og í lögum um nauðungarsölu er mælt fyrir um undanfarandi greiðsluáskorun til gerðarþola, þegar krafist er nauðungarsölu á eign til fullnustu gjaldfallinni peningakröfu samkvæmt annarri heimild en fjárnámi, sbr. 9. gr. laga nr. 90/1991. Varnaraðili var ekki gerðarþoli við aðfargerðina. Var því ekki skylt að birta honum greiðsluáskorun eða senda tilkynningu skv. 21. gr. laga nr. 90/1989. Þar sem nauðungarsölu var krafist á grundvelli fjárnáms, var ekki skylt að birta áður greiðsluáskorun skv. 9. gr. laga nr. 90/1991. Rétt er að taka fram, að ekki hefur verið upplýst, hvort sýslumaður sendi varnaraðila tilkynningu að hætti 3. mgr. 51. gr. laga nr. 90/1989, en ekki liggur annað fyrir í þessu máli en varnaraðili hafi fyrst mátt vita um fjárnámið með tilkynningu sýslumanns, dags. 4. maí 1993, sbr. dskj.

nr. 13, um kröfu um nauðungarsölu. Virðist það andstætt meginreglu nefndra ákvæða, sem miða að því að tryggja, að sá, sem leitað er fullnustu hjá, hafi vitneskju um það fyrir fram.

Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 90/1989 verður eign að tilheyra gerðarþola eða öðrum, sem sjálfur býður hana fram til fjárnáms, til að taka megi hana fjárnámi. Með því að veita sóknaraðila veðrétt í eign sinni var varnaraðili vissulega að setja hana til tryggingar fyrir kröfum sóknaraðila á hendur þriðja manni og mátti því vænta þess, að leitað yrði fullnustu í veðinu, ef þriðji maður lenti í vanskilum við sóknaraðila. Dómurinn telur þó, að ákvæðið beri að skilja svo, að eign annars manns verði að vera boðin fram af honum í tengslum við tiltekna aðfaragerð, til að taka megi hana fjárnámi.

Það er því niðurstaða dómsins með framangreint í huga, að í þessu tilviki hafi sóknaraðila verið nauðsynlegt að afla sér sjálfstæðrar aðfararheimildar gagnvart varnaraðila, til dæmis með því að afla dóms um rétt sinn til að leita fullnustu í veðinu fyrir framangreindri skuld, en ekki hafi verið nægjanlegt fyrir hann að fá þann, sem hina persónulegu ábyrgð bar á greiðslu skuldarinnar, dæmdan til greiðslu hennar.

Með vísan til þessa verður því fallist á, að sýslumanni hafi verið rétt, er athygli hans hafði verið vakin á því, að eigi hefði verið heimilt að benda á eign varnaraðila við fjárnámið, að stöðva aðgerðir við framangreinda nauðungarsölu. Verður því ákvörðun hans um stöðvun nauðungarsölunnar staðfest.

Er að svo komnu ekki þörf á að taka í þessu máli afstöðu til þeirra málsástæðna varnaraðila, að aðför hafi verið gerð samkvæmt afriti veðtryggingarbréfs og framangreind eign hafi samkvæmt dskj. 20 verið veðsett til tryggingar skuldbindingum útgefandans, Ara Fossdal.

Samkvæmt 2. mgr. 75. gr. laga nr. 90/1991 verða kröfur ekki hafðar uppi í máli samkvæmt XIII. kafla laganna um annað en þá ákvörðun sýslumanns, sem varð tilefni til málsins, og málskostnað, nema aðilar séu sammála um annað. Framangreind krafa varnaraðila um ógildingu margnefnds fjárnáms kom fyrst fram í greinargerð hans, og mótmælti sóknaraðili henni sem of seint fram kominni. Ljóst er því, að aðilar eru ekki sammála um, að leyst verði úr þessari kröfu í málinu, og ber því með skírskotan til reglu 2. mgr. 75. gr. l. nr. 90/1991 að vísa henni frá dómi.

Eftir niðurstöðu málsins þykir eiga að taka til greina kröfu varnaraðila um málskostnað. Þykir hann eftir atvikum hæfilega tiltekinn 45.000 kr., og hefur þá eigi verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Erlendur Sigtryggsson fulltrúi kvað upp þennan úrskurð.

Úrskurðarorð:

Staðfest er ákvörðun sýslumannsins á Akureyri, tekin 18. nóvember 1993, um stöðvun nauðungarsölu á fasteigninni Víðilundi 12 A, Akureyri, eign varnaraðila, Regínu Vigfúsdóttur, en sölunnar var krafist af sóknaraðila, Íslandsbanka hf.

Vísað er frá dómi kröfu varnaraðila í máli þessu um ógildingu fjárnáms, dags. 20. 4. 1993, samkvæmt aðfarargerð sýslumannsins á Akureyri nr. 24/1993/00541, sem gert var í eign varnaraðila, Víðilundi 12 A, Akureyri.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 45.000 kr. í málskostnað.

Miðvikudaginn 14. september 1994.

Nr. 260/1992. **Jón Jónsson**
(Guðmundur Markússon hrl.)
gegn
Einari Sigurþórssyni
(Gunnar Sæmundsson hrl.)

Verksamningur. Vinnulaun. Skriflegur málflutningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júní 1992. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að stefnda verði gert að greiða sér 280.610,55 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1990 til greiðsludags að frádreginni 60.000 króna innborgun stefnda 24. september 1990 auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 38/1994 um breytingu á 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála var mál þetta skriflega flutt hér fyrir dómi.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð teikning af hinu fyrirhugaða fjósi að Háamúla, dags. 7. nóvember 1989, árituð upphafsstöfum Guðfinns Guðmannssonar og árituð um samþykki á fundi byggingarnefndar Fljótshlíðarhrepps 20. júní 1990. Með vísan til þessa og forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Jónsson, greiði stefnda, Einari Sigurþórssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 8. apríl 1992.

Mál þetta, sem þingfest var 2. október 1991 og tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 6. apríl sl., er höfðað fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu af Jóni Jónssyni, kt. 210355-5619, Litlagerði 4, Hvolsvelli, gegn Einari Sigurþórssyni, kt. 151240-2089, Háamúla, Fljótshlíðarhreppi, með stefnu, birtri 16. september 1991.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 280.610,55 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 1. 11. '90 til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun stefnda 24. 9. '90, 60.000 kr., auk málskostnaðar að skaðlausu skv. taxta LMFÍ. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 175. gr. eml., sbr. l. nr. 54/1988.

Stefndi krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og að honum verði dæmt að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

I.

Málsatvik eru þau, að stefnandi í máli þessu starfaði við byggingu fjóss á jörð stefnda, Háamúla, Fljótshlíð, sumarið 1990 ásamt fleiri mönnum. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi verið ráðinn af stefnda til vinnu við fjósbygginguna. Skuldin sé til komin vegna vinnu stefnanda við fjósbyggingu stefnda, þ. m. t. akstur og efniskaup, sem stefnandi lét stefnda í té skv. beiðni hans, að frádreginni innborgun, 60.000 kr., 24. september 1990. Stefnandi hafi framvísað reikningi, dags. 1. nóvember, til stefnda, að fjárhæð 280.610,55 kr., en hann hafi ekki fengist greiddur.

Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi ekki verið ráðinn af stefnda. Stefndi hafi ráðist í að byggja við gamalt fjárhús í Háamúla sumarið 1990 og breyta því í fjós. Hafi hann fengið Guðfinn Guðmannsson húsasmíðameistara til að annast verkið sem verktaka. Með Guðfinni hafi unnið tveir synir hans ásamt stefnanda. Stefndi kveðst engin afskipti hafa haft af ráðningu þeirra, heldur hljóti Guðfinnur að hafa ráðið þá.

Stefnandi kveður Guðfinn hafa verið að vinna af sér skuld, og hafi þeim samist um, að stefndi greiddi starfsmönnum hans upp í laun. Hinn 3. september greiddi því stefndi sonum Guðfinns 50.000 kr. hvorum upp í vinnulaunaskuld Guðfinns við þá. Hinn 13. sama mánaðar greiddi stefndi Guðfinni 50.000 kr., sem Guðfinnur kvað myndu ganga upp í laun stefnanda, en stefnandi skuldaði honum vegna úttektar í söluskálanum Björk, Hvolsvelli. Hinn 24. september kveður stefndi sig síðan hafa greitt stefnanda 60.000 kr. upp í vinnulaunaskuld Guðfinns við stefnanda, en nú beint til stefnanda.

Miðvikudaginn 10. október kveður stefndi stefnanda hafa komið með

reikning upp á útselda vinnu og spurt bæði stefnda og Guðfinn, hver ætti að greiða hann. Kveðst stefndi hafa tjáð stefnanda, að það ætti Guðfinnur að gera. Guðfinnur hafi þá mælst til þess við stefnanda, að hann endurdagsetti reikninginn og skrifaði engan tíma í ágúst, þar sem hann hefði ekki skilað inn virðisaukaskattsskýrslu fyrir þann hluta verksins, sem unninn var í ágúst, og vildi, að bókhaldinu bæri saman hjá þeim. Stefndi kveður sig hafa talið það hafa verið komið á hreint, að Guðfinnur viðurkenndi þarna skyldu sína til að greiða stefnanda, enda var hann verktakinn og hafði ráðið stefnanda til starfa, en ekki stefndi.

II.

Stefnandi reisir kröfur sínar á almennum reglum kröfuréttar um efndaskyldu gagnkvæmra samninga, vanefndir og afleiðingar þeirra. Þá vísar stefnandi í l. nr. 85/1936 og l. nr. 35/1987. Er á því byggt, að stefndi hafi leitað til stefnanda og óskað eftir því, að hann innti umrædd störf af hendi. Stefndi hafi ekki sýnt fram á, að reikningurinn sé of hár eða ósanngjarn.

Stefndi reisir kröfur sínar á því, að hann sé ekki réttur aðili máls þessa. Það sé alrangt, sem komi fram í greinargerð stefnanda, að stefndi hafi óskað eftir því við stefnanda, að hann innti af hendi umrædd störf fyrir sig. Það hljóti að hafa verið Guðfinnur, sem fékk stefnanda til starfa, enda var hann verktakinn og meistari verksins, en stefnandi hafði ekki iðnréttindi sem húsasmiður. Stefnandi vísar til 2. mgr. 45. gr., 175. gr. og 177. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

III.

Telja verður sannað með hliðsjón af aðilaskýrslum og skýrslum vitna, er fyrir dóminn komu, að Guðfinnur Guðmannsson húsasmíðameistari hafi haft umsjón með fjósbyggingunni að Háamúla og haft stjórn þess verks á hendi. Stefnandi í máli þessu hafði engin tiltekin verk á eigin hendi, heldur vann við það, sem til féll, eftir því sem verkinu miðaði.

Varhugavert þykir að telja sannað gegn mótmælum stefnda, að stefnandi hafi verið ráðinn af stefnda sérstaklega til vinnu við fjósbygginguna í Háamúla, enda þykja komnar fram líkur á því, að stefnandi hafi verið, ásamt öðrum mönnum, í þjónustu Guðfinns Guðmannssonar húsasmíðameistara, er hafði stjórn verksins á hendi. Stefnandi hefur ekki fært neitt haldbært fram, er sýni fram á efniskaup stefnanda í þágu stefnda. Stefnandi hefur því ranglega beint kröfu sinni að stefnda í máli þessu, og verður því að sýkna stefnda í máli þessu á grundvelli aðildarskorts.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað.

Harri Ormarsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Einar Sigurþórsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 14. september 1994.

Nr. 276/1992. **Jón Baldursson**
(sjálfur)
gegn
Þorsteini Geirssyni
vegna Gólfslípunar og akrýlhúðunar sf.
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Verksamningur. Vinnulaun. Skriflegur málflutningur.

Dómur Hæstarétar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi, sem flytur mál sitt sjálfur, skaut því til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1992. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 38/1994 um breytingu á 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála var mál þetta skriflega flutt hér fyrir dómi.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, tók stefndi að sér að leggja parket á íbúð áfrýjanda fyrir 840 krónur á tímann. Verkið vann stefndi ásamt aðstoðarmanni dagana 9. til 11. nóvember 1988. Krafðist hann greiðslu fyrir 70 tíma vinnu við parketlögnina. Áfrýjandi tók saman tímana, sem verkið tók, og telur þá hafa verið 53. Stefndi gerði ekki sundurliðaðan vinnulista, en áætlaði, að 6 tímar hefðu farið í ferðir sínar og aðstoðarmannsins til og frá heimili áfrýjanda. Ágreiningur aðila hér fyrir dómi er um það, hvort stefndi og aðstoðarmaður hans hafi unnið í matar- og kaffitímum.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms var háð vitnamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, þar sem skýrsla var tekin af tveimur vitnum vegna ágreinings þessa. Annað þeirra, Valtýr Sker, hafði áður borið vitni í málinu. Hann hafði unnið við málningu í íbúð áfrýjanda á framangreindum tíma, og fullyrti hann, að stefndi og aðstoðarmaður hans hefðu alltaf farið út í mat í hádeginu. Hitt vitnið var Þorkell

Ingi Úlfarsson, aðstoðarmaður stefnda. Hann kvað þá yfirleitt hafa farið heim til sín í hádeginu, en stundum út í „sjoppu". Framburður þessi bendir til þess, að stefndi og aðstoðarmaður hans hafi ekki unnið matartímann. Gegn andmælum áfrýjanda verður að telja ósannað, að matar- og kaffitímar hafi verið unnir, og ber því að sýkna hann af kröfum stefnda.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 40.000 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Jón Baldursson, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Þorsteins Geirssonar vegna Gólfslípunar og akrýlhúðunar sf.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 40.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. maí 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. apríl 1992 að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 2. apríl 1991, af Þorsteini Geirssyni vegna Gólfslípunar og akrýlhúðunar sf., kt. 250749-2879, Nesbala 25, Seltjarnarnesi, gegn Jóni Baldurssyni, kt. 130238-3519, Heiðargerði 64, Reykjavík.

II.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 15.180 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá 1. desember 1988 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

III.

Málsatvik eru þau, að dagana 9.–11. nóvember 1988 lagði Þorsteinn Geirsson ásamt aðstoðarmanni sínum parket í íbúð stefnda að Heiðargerði 64 í Reykjavík. Óumdeilt er, að samið var um, að stefnandi fengi í jafnaðarlaun 840 kr. á tímann. Fyrir vinnu þessa var af hálfu Gólfslípunar og akrýlhúðunar sf., sem stefnandi kveður vera óskráð sameignarfélag þeirra Þor-

steins og Sigurðar Geirssona, gerður reikningur nr. 153, dagsettur 9. nóvember 1988, að fjárhæð 62.702 kr. Sundurliðast reikningurinn þannig:

Parketlögn	70 tímar	á 840 kr.,	samtals	kr.	58.800
Efni				„	2.552
Akstur	3 ferðir	á 450 kr.,	„	„	1.350

Stefndi kveðst hafa ásamt sambýliskonu sinni, Hermínu Benjamínsdóttur, tekið saman tímana, sem verkið hafi tekið, og hafi þeir verið samtals 53.

Þegar að uppgjöri hafi komið, hafi hann því neitað að greiða reikning stefnanda, sem geri ráð fyrir 70 tímum. Hinn 25. nóvember 1988 hafi hann „deponerað" 47.522 krónum til greiðslu á ofangreindum reikningi.

Greiðsla stefnda sundurliðast þannig samkvæmt fram lagðri kvittun fyrir geymslugreiðslunni:

Vinna við lagningu parkets,	53 klst.,	samtals	kr.	44.520
Efni sótt á bíl				450
Efni				2.552

Er stefnufjárhæð máls þessa mismunur reikningsfjárhæðarinnar og geymslufjárins, þ. e. 15.180 krónur.

Á fram lagðri kvittun fyrir geymslugreiðslunni á dskj. nr. 7 segir, að greiðsluna skuli afhenda Þrifafli v/Þorsteins og Sigurðar Geirssona, en óumdeilt er í máli þessu, að geymslufé þetta gekk til greiðslu á umstefndum reikningi.

Þorsteinn Geirsson, annar eigenda stefnanda, kom fyrir dóminn og skýrði svo frá, að hann og aðstoðarmaður sinn hefðu báðir unnið í 10 klst. 9. nóvember, í 11 og 1/2 klst. 10. nóvember og í 13 og 1/2 klst. 11. nóvember 1988, samtals 35 klst. hvor. Heildartímafjöldinn hefði því verið 70 klst. Kvað hann þar með talinn þann tíma, sem það hefði tekið sig og aðstoðarmann sinn að fara frá starfsstöð stefnanda að Nesbala 25, Seltjarnarnesi, að heimili stefnda að Heiðargerði 64 í Reykjavík og til baka dag hvern. Hann kvaðst hafa ásamt aðstoðarmanni sínum unnið í matar- og kaffitímum, þó ekki öllum matartímum. Hann kvaðst ekki hafa gert sundurliðaðan vinnulista og því ekki tekið sérstaklega saman, hversu margir tímar fóru í ferðir sínar og aðstoðarmanns síns til og frá heimili stefnda. Spurður um það kvaðst hann áætla, að það hefðu verið sex tímar.

Við munnlegan flutning málsins kom einnig fram af hálfu stefnanda, að samkvæmt umstefndum reikningi væri krafist greiðslu aksturskostnaðar vegna þriggja ferða, og væru tvær þeirra vegna aksturskostnaðar við að koma á staðinn og fara, en ein ferð hefði verið farin eftir efni.

IV.

Stefnandi kveður stefnda bera sönnunarbyrðina fyrir því, að reikningur sinn sé ósanngjarn samkvæmt meginreglu 5. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922. Stefndi hafi ekki hnekkt reikningi stefnanda með mati dómkvaddra matsmanna eða annarra óvilhallra matsmanna, og því verði hann að bera hallann af sönnunarskorti í þessu efni.

Stefnandi kveður krafist greiðslu verkkaups fyrir þann tíma, sem farið hafi í verkið, þ. e., frá því að lagt var af stað frá starfsstöð stefnanda, þar til þangað var komið aftur að loknum vinnudegi umrædda þrjá daga. Kveður stefnandi það tíðkað hjá iðnaðarmönnum að selja vinnu sína út á þennan hátt. Einnig kveður stefnandi kröfu sína um greiðslu aksturskostnaðar vegna ferða til og frá heimili stefnda byggða á venju hjá iðnaðarmönnum. Þótt framangreindar venjur teljist ekki sannaðar, sé það gagnaðila að sýna fram á, að krafa stefnanda sé ósanngjörn. Bendir stefnandi á, að greiða hafi þurft aðstoðarmanni fyrir allan þann tíma, sem farið hafi í verkið samkvæmt framansögðu.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að líta beri á móttöku sína á geymslugreiðslu stefnda sem viðurkenningu sína á því, að stefndi hefði með henni innt af hendi fullnaðargreiðslu. Slíkt samræmist ekki tilgangi geymslugreiðslu samkvæmt l. nr. 9/1978. Þá hafi ekkert slíkt skilyrði verið sett fyrir móttöku geymslugreiðslunnar, sbr. fram lagða kvittun fyrir geymslugreiðslunni.

Stefnandi kveðst styðja kröfur sínar við almennar reglur samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Stefnandi vísar til áðurgreindrar meginreglu 5. gr. l. nr. 39/1922 svo og til meginreglu 12. gr. sömu laga um gjalddaga. Um dráttarvexti er vísað til 9. og 10. gr. laga nr. 25/1987 og um rétt til að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól til 12. gr. sömu laga. Um málskostnað er vísað til 1. mgr. 175. gr., sbr. 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, og um rétt til dráttarvaxta af málskostnaði til 2. mgr. 175. gr. sömu laga.

Stefndi kveður sýknukröfu sína byggjast á því, að hann hafi þegar greitt stefnanda að fullu, þ. e. umsamin laun, 840 kr. á klst. fyrir hvorn starfsmann um sig, samtals 53 klst., sem stefndi kveður verkið hafa tekið Þorstein og aðstoðarmann hans. Einnig hafi hann greitt efniskostnað og aksturskostnað vegna einnar ferðar, sem farin hafi verið eftir efni. Stefndi kveðst hafa álitið, að með því að stefnandi hafi leyst út geymsluféð, sem hann hafi „deponerað“ 25. nóvember 1988, hefði stefnandi þar með viðurkennt tímafjölda stefnda, þ. e. 53 tíma, og jafnframt kveðst stefndi hafa talið það fullnaðargreiðslu fyrir verkið.

Stefndi kveðst og byggja sýknukröfu sína á framburði Walters Schevings, en hann hafi málað íbúðina að Heiðargerði á sama tíma og parketið var lagt. Hafi hann komið fyrir dóminn og borið um það vitni, að Þorsteinn og aðstoðarmaður hans hefðu komið á sama tíma og hann á morgnana, um kl. 9.00, en þeir hefðu alltaf farið langt á undan honum á kvöldin, um kl. 18.00. Sjálfur hefði hann yfirleitt unnið til kl. 21.00 á kvöldin. Einnig kveðst stefndi styðja kröfu sína við framburð sambýliskonu sinnar, Hermínu Benjamínsdóttur, sem staðfest hafi fyrir dóminum, að tímafjöldi stefnda væri réttur.

Stefndi kveður hvorki hafa verið um það samið, að hann greiddi fyrir þann tíma, sem færi í ferðir til og frá heimili sínu dag hvern, né að hann greiddi aksturskostnað stefnanda við að koma á staðinn og fara. Mótmælir hann því, að slíkt tíðkist meðal iðnaðarmanna.

Stefndi kveður það ekki rétt vera, að Þorsteinn og aðstoðarmaður hans hafi unnið í matartímum. Þá bendir stefndi á, að stefnandi hafi ekki framvísað sundurliðuðum vinnulista.

V.

Samkvæmt meginreglu 5. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 ber stefnda að sanna, að endurgjald það, er stefnandi krefur hann um fyrir verk sitt, sé ósanngjarnt. Stefndi hefur ekki látið fara fram mat dómkvaddra eða annarra óvilhallra manna á verkinu. Stefndi hefur hins vegar leitt fyrir dóminn tvö vitni, sambýliskonu sína, Hermínu Benjamínsdóttur, og Walter Scheving, er var við störf í íbúð stefnda umrædda daga.

Sambýliskona stefnda staðfesti fyrir dóminum, að tímafjöldi stefnda væri réttur. Vegna tengsla vitnisins og stefnda og augljósra hagsmuna þess af málsúrslitum þykir hins vegar ekki unnt að leggja framburð vitnisins til grundvallar í máli þessu.

Framburður vitnisins Walters Scheving er rakinn hér að framan. Er hann í ósamræmi við yfirlit stefnda sjálfs á dskj. nr. 8, en þar hefur stefndi skráð, að 10. nóvember hafi annar parketlagningarmannanna farið kl. 19.00, en hinn kl. 20.30, og 11. nóvember hafi annar þeirra farið kl. 22.00. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa skráð tíma þeirra Þorsteins og aðstoðarmanns hans. Vegna framangreinds ósamræmis þykir ekki unnt að byggja á framburði vitnis þessa.

Stefndi hefur mótmælt því, að samið hafi verið um, að hann greiddi fyrir þann tíma, sem færi í ferðir til og frá heimili sínu, eða fyrir aksturskostnað stefnanda við að koma á staðinn og fara. Stefnandi kveður það venju meðal iðnaðarmanna að selja vinnu sína út á þennan hátt.

Almennt er aðeins hægt að krefjast launa, frá því er raunveruleg vinna hefst, þ. e., frá því að komið er á vinnustað, nema um annað hafi samist sérstaklega eða venja hafi skapast í aðra átt. Stefnandi ber sönnunarbyrðina fyrir því, að slík almenn venja hafi skapast meðal iðnaðarmanna, en honum hefur ekki tekist sú sönnun í máli þessu.

Ekki er fallist á það með stefnda, að líta beri á móttöku stefnanda á geymslufé hans sem viðurkenningu stefnanda á því, að um fullnaðargreiðslu af stefnda hálfu væri að ræða, enda ekkert slíkt skilyrði sett fyrir móttöku geymslufjárins.

Með tilliti til ákvæða 5. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup ber því samkvæmt framansögðu að fallast á kröfu stefnanda um greiðslu á eftirstöðvum reiknings hans fyrir lagningu parketsins að frádregnum launum fyrir þá sex tíma, sem annar eigenda stefnanda bar hér fyrir réttinum, að hefðu farið í ferðir sínar og aðstoðarmanns síns milli starfsstöðvar stefnanda og heimilis stefnda. Ekki þykir óvarlegt að leggja tölu þessa til grundvallar í máli þessu, þar sem hún virðist rúmlega áætluð. Einnig ber að draga frá stefnufjárhæðinni 900 kr. vegna aksturskostnaðar stefnanda til og frá heimili stefnda. Niðurstaða máls þessa er því sú, að stefndi greiði stefnanda 9.240 kr. með dráttarvöxtum, eins og krafist er í stefnu og nánar greinir í dómsorði.

Eftir atvikum og með vísan til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Baldursson, greiði stefnanda, Gólfslípun og akrýlhúðun sf., 9.240 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1988 til greiðsludags. Heimilt er að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. desember 1989.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. september 1994.

Nr. 279/1992. **Guðmundur H. Ármannsson og Vátryggingafélag Íslands hf.**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Selmu B. Jónsdóttur
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
og gagnsök

Skaðabætur. Lífeyrisréttindi. Skriflegur málflutningur. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1992. Þeir krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. október 1992. Af hans hálfu hafði stefna aðaláfrýjenda verið árituð 2. október 1992 um mætingu við þingfestingu málsins fyrir Hæstarétti. Krefst hann þess, að kröfur sínar fyrir héraðsdómi verði teknar til greina, það er, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér 204.700 krónur með vöxtum frá 29. október 1988 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Til vara krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Mál þetta er skriflega flutt samkvæmt ákvörðun Hæstaréttar á grundvelli heimildar í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 38/1994, sbr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð skólastjóra leikskólans Mýrar í Reykjavík þess efnis, að af heilsufarsástæðum hafi gagnáfrýjandi unnið 90% starf á leikskólanum frá 1. október 1992, en hafi fram að því verið í fullu starfi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verða aðaláfrýjendur dæmdir til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, en gagnáfrýjanda hefur verið veitt gjafsókn í málinu hér fyrir dómi. Málskostnaður og gjafsóknarlaun lögmanns gagnáfrýjanda ákveðast eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Guðmundur H. Ármannsson og Vátryggingafélag Íslands hf., greiði in solidum 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni til ríkisjóðs.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda, Selmu B. Jónsdóttur, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal laun lögmanns hennar, Viðars Más Matthíassonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. apríl 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Selmu Björk Jónsdóttur, kt. 150164-5679, Rekagranda 6, Reykjavík, með stefnu, birtri 26. júní 1991, á hendur Guðmundi H. Ármannssyni, kt. 090450-3879, Reykjamel 2, Mosfellsbæ, og Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verið in solidum gert að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 204.700 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hans hendi [...].

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málsatvik.

Málsatvik eru óumdeild. Hinn 29. október 1988 ók stefndi Guðmundur bifreið sinni, G-15172, aftan á bifreið stefnanda, X-6606. Við slysið fékk

stefnandi hnykk á háls. Leitaði hún til Slysadeildar Borgarspítala 31. október s. á. og fékk þar meðferð. Hún losnaði þó ekki við óþægindin, og 10. apríl mat Atli Þór Ólason bæklunarlæknir örorku stefnanda vegna slyssins 100% í tvær vikur, en eftir það 20% varanlega örorku.

Stefnandi var í fóstrunámi, þegar hún lenti í slysinu, og lauk náminu vorið 1989. Hún starfaði eftir slysið sem forstöðumaður dagheimilis á Akureyri, en síðan sem fóstra á einkadagheimili í Reykjavík.

Þegar slysið varð, var bifreið stefnda Guðmundar tryggð skyldutryggingu hjá Samvinnutryggingum gt., en það fyrirtæki var ásamt öðrum sameinað í Vátryggingafélag Íslands árið 1989.

Gerði stefnandi kröfu til þess, að Vátryggingafélag Íslands hf. bætti sér allt það tjón, sem hún varð fyrir vegna slyssins. Tryggingafélagið viðurkenndi óskipta bótaskyldu, en ágreiningur var um bótafjárhæð. Vildi tryggingafélagið miða við þann grundvöll, sem kallaður hefur verið „meðallaun kvenna", sem samsvara 75% af meðallaunum iðnaðarmanna. Var félagið þá einnig tilbúið til þess að bæta stefnanda verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda skv. útreikningi Jóns E. Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, sem reiknaði út vinnutekjutap stefnanda.

Stefnandi féllst ekki á að miða framtíðartekjutap sitt við þennan grundvöll, og varð sátt með aðilum um að miða grundvöll útreiknings á töpuðum vinnutekjum stefnanda við laun forstöðukonu í leikskóla skv. upplýsingum frá Fósturfélagi Íslands. Varð enn fremur samkomulag um að miða tekjutapið við læknisfræðilega örorku, og byggðust útreikningar Jóns E. Þorlákssonar á því.

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps var reiknað 3.447.200 kr.

Að beiðni stefnanda áætlaði Jón Þorláksson einnig verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins sem 6% af höfuðstólsverðmæti taps vegna varanlegrar örorku, þ. e. 204.700 kr.

Í útreikningum tryggingastærðfræðingsins var auk fastra launa reiknað með 18 yfirvinnutímum á mánuði.

Samkomulag náðist milli stefnanda og Vátryggingafélags Íslands hf. að því undanskildu, að tryggingafélagið neitaði að bæta stefnanda tjón vegna tapaðra lífeyrisréttinda, eftir að aflað hafði verið seinna útreiknings á tekjutjóni. Var gerður sérstakur fyrirvari á fullnaðarkvittun vegna skaðabótanna um það, að tjónþoli gæti síðar krafist alls verðmætis tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins.

Ágreiningslaust er í málinu, að lífeyrisréttindi í starfi forstöðukonu í leikskóla séu hin sömu og lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins eða jafngildi þeirra. Skerðast slík lífeyrisréttindi því aðeins, að föst laun viðkomandi

skerðist eða vaktaálag, en niðurfall á yfirvinnu hefur engin áhrif til skerðingar.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi krefst í máli þessu, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins skv. útreikningi Jóns E. Þorlákssonar. Telur stefnandi, að til grundvallar áætlun tryggingastærðfræðingsins um tjón vegna tapaðra lífeyrisréttinda liggi sömu rök og til grundvallar útreikningi tapaðra vinnutekna og því séu engin rök til þess, að stefnandi eigi ekki að fá tjón þetta bætt.

Stefnandi byggir á því, að umferðarslysið hafi að öllu leyti verið sök ökumanns G-15172 og stefndu beri því óskipt að bæta henni allt það tjón, sem hún varð fyrir, sbr. sundurliðun á stefnukröfu. Beri stefndi Guðmundur H. Ármannsson hlutlæga skaðabótaábyrgð á tjóninu skv. 88., sbr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Um ábyrgð stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. fari skv. 95. gr. l. nr. 50/1987, sbr. 1. mgr. 97. gr. s. l.

Þá byggir stefnandi jafnframt á almennum reglum skaðabótaréttar og vísar sérstaklega til saknæmisreglunnar.

Enn fremur vísar stefnandi til ákvæða laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins nr. 29/1963 með síðari breytingum.

Um vexti vísar stefnandi til ákvæða vaxtalaga nr. 25/1987 og dómvenju.

Málskostnaðarkrafa stefnanda er byggð á XII. kafla l. nr. 85/1936.

Málsástæður stefndu og lagarök.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að með bótauppgjöri skv. dskj. nr. 10 og 12 sé tjón stefnanda að fullu bætt og ekki efni til sérstakrar viðbótargreiðslu í formi ætlaðra tapaðra lífeyrissjóðsréttinda.

Kveða stefndu ósannað, að hin læknisfræðilega örorka stefnanda muni valda henni nokkru tapi lífeyrisréttinda. Liggi fyrir, að til þessa hafi stefnandi gegnt fullu starfi, og ekki annað fyrirsjáanlegt en svo verði áfram. Þá komi ekki til skerðingar lífeyrisréttinda, nema föst laun skerðist, sem sé harla ólíklegt, þegar örorkuprósenta sé aðeins 20%. Hafi norrænar rannsóknir leitt í ljós, að læknisfræðileg örorka allt að 50% hafi ekki mælanleg áhrif á vinnutekjur. Séu því hverfandi líkur á því, að hin læknisfræðilega örorka stefnanda hafi nokkur skerðingaráhrif á lífeyrisréttindi hennar. Séu þannig engin efni til að taka kröfur stefnanda til greina.

Þá benda stefndu á það, að örorkumat lækna og líkindareikningar tryggingastærðfræðinga séu engin algild sönnunargögn um raunverulegt vinnutekjutap, heldur aðeins hliðsjónargögn við bótaákvarðanir, sem ekki séu tekin bókstaflega. Sé misskilningur, að Vátryggingafélagið hafi viðurkennt, að starfsorka stefnanda hafi skerst sem svari hinni læknisfræðilegu örorku-

prósentu í örorkumati. Við bótauppgjör sé ávallt haft í huga, hvort líklegt sé, að um raunverulega starfsorkuskerðingu og raunverulegt vinnutekjutap sé að ræða eða ekki, og bætur ákvarðaðar með tilliti til þess, þ. á m., hvort taka eigi til greina ætluð töpuð lífeyrisréttindi eða ekki. Sé ekki venja að taka slíkar kröfur til greina, þegar ólíklegt sé, að lífeyrisréttindi muni skerðast, eins og í tilviki stefnanda.

Þá mótmæla stefndu fjárhæð stefnukröfu tölulega, þar sem tap lífeyrisréttinda virðist skv. útreikningi á dskj. nr. 8 vera reiknað af yfirvinnu jafnt sem föstum launum, þótt iðgjöld greiðist ekki af yfirvinnu og yfirvinna hafi ekki áhrif á lífeyri, sbr. dskj. nr. 14.

Kröfu um vaxtavexti og dráttarvaxtakröfu er mótmælt, þar sem nota beri sömu vexti og notaðir séu í útreikningi, þ. e. einfaldir vextir, og dráttarvextir dæmist ekki í líkamstjónsmálum fyrr en frá dómsuppsögu, sbr. t. d. Hrd. 1989, bls. 653 (658) og bls. 1330.

Við munnlegan málflutning mótmæltu stefndu sérstaklega dráttarvöxtum af málskostnaði, svo og kröfðust þeir lækkunar dómkröfunnar vegna skattfrelsis bótanna og eingreiðsluhagræðis.

Af hálfu stefnanda var kröfunni um lækkun bótanna mótmælt sem of seint fram kominni.

III.

Niðurstaða.

Aðilar voru sammála um að miða grundvöll útreiknings á töpuðum vinnutekjum stefnanda við laun forstöðukonu á leikskóla, og voru stefnanda greiddar bætur samkvæmt því. Aðeins er deilt um rétt stefnanda til bóta vegna tapaðra lífeyrisréttinda í máli þessu og bótafjárhæð.

Óumdeilt er, að varanleg læknisfræðileg örorka stefnanda er 20%. Hefur um langan aldur tíðkast við uppgjör örorkubóta að miða við læknisfræðilega örorku, enda þótt vitað sé, að hún sé ekki nákvæmur mælikvarði á framtíðartekjutap. Bæði getur verið, að raunverulegt tekjutap bótaþega sé ekkert eða mun minna en læknisfræðileg örorka gefur til kynna, en eins getur verið, að tekjutapið komi ekki fram fyrr en löngu eftir slys, og þá getur það verið mun meira en reiknað var með í bótaútreikningi. Getur raunverulegt tekjutap þannig jafnast út á bótatímabilinu. Meðan ekki hefur verið sýnt fram á aðra og betri aðferð til að meta vinnutekjutap af völdum örorku í framtíðinni, hefur verið farin sú leið að miða við hina læknisfræðilegu örorku við bótauppgjör. Er það enda sá grundvöllur, sem aðilar sömdu um í máli þessu.

Við skerðingu grunntekna skerðast greiðslur í lífeyrissjóð að sama skapi, og þannig tapast réttindi til lífeyris. Á sama hátt og ekki er unnt að segja til,

svo að óyggjandi sé, hvert raunverulegt tekjutap verður til framtíðar, er ekki unnt að segja til um raunveruleg töpuð lífeyrisréttindi. Er því eðlilegt að miða við sama grundvöll og tekjutapið miðast við, þ. e. hina læknisfræðilegu örorku. Standa sömu rök til að bæta töpuð lífeyrisréttindi og til að bæta vinnutekjutap, og ber því að taka til greina kröfu stefnanda um bætur vegna skertra lífeyrisréttinda.

Stefndu hafa mótmælt stefnufjárhæð, þar sem reiknað er með föstum yfirvinnugreiðslum í útreikningum stefnanda.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að iðgjöld vegna hennar í lífeyrissjóð hafi verið reiknuð af öðrum tekjum hennar en grunnlaunum, svo sem tíðkast hjá opinberum starfsmönnum, eða að lífeyrisgreiðslur miðist við heildarlaun, þar sem föst yfirvinna er með talin. Verða henni því ekki dæmdar hærri bætur en sem svarar tapi lífeyrisréttinda miðað við grunnlaun.

Útreikningur sá, sem krafa stefnanda byggist á, er á dskj. nr. 8. Eru tekjur þar áætlaðar skv. launatöflu frá launanefnd sveitarfélaga, eins og nánar greinir á dskj. nr. 8. Þar segir enn fremur, að reiknað sé með 18 yfirvinnutímum á mánuði, sbr. bréf Fósturfélags Íslands, sem liggur fyrir á dskj. nr. 18. Sé hlutfall yfirvinnu af föstum mánaðarlaunum reiknað út miðað við þær upplýsingar, sem þar koma fram, kemur í ljós, að hver yfirvinnutími er 1,0385% af mánaðarlaunum, sé reiknað með 4 aukastöfum. 18 yfirvinnutímar á mánuði gera því 18,6930%. Ekki liggur fyrir annað en hlutfall yfirvinnu sé óbreytt í útreikningum tryggingastærðfræðingsins. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda, sé miðað við grunnlaun, verður þannig 172.462 kr., og verður stefnanda ekki dæmd hærri fjárhæð. Fallast má á það með stefnanda, að krafa stefndu um lækkun vegna skattfrelsis bótanna og eingreiðsluhagræðis sé of seint fram komin.

Í útreikningi sínum miðar tryggingastærðfræðingurinn við einfalda vexti af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá slysdegi til útreikningsdags, en eftir það notar hann 6% vexti og vaxtavexti. Vaxtakrafa stefnanda er gerð á sama hátt. Þá krefst stefnandi dráttarvaxta skv. lögum nr. 25/1987 frá 11. maí 1991 til greiðsludags, en þá var liðinn mánuður, frá því að útreikningar tryggingastærðfræðingsins lágu fyrir. Verða andmæli stefndu gegn vaxtakröfu því ekki tekin til greina að öðru leyti en því, að dráttarvextir leggjast fyrst við höfuðstól 11. maí 1992, en dráttarvextir dæmast fyrst frá 11. maí 1991, eins og að framan greinir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða 68.000 kr. í málskostnað, sem rennur í ríkissjóð.

Málsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Hrefnu Friðriksdóttur hdl., 68.000 kr., greiðast úr ríkissjóði.

Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.
Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Guðmundur H. Ármannsson, kt. 090450-3879, Reykjamel 2, Mosfellsbæ, og Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík, greiði in solidum stefnanda, Selmu Björk Jónsdóttur, kt. 150164-5679, Rekagranda 6, Reykjavík, 172.462 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Þá greiði stefndu enn fremur 68.000 kr. í málskostnað, sem rennur í ríkissjóð, og ber málskostnaður dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 68.000 kr. greiðist úr ríkissjóði og rennur til skipaðs talsmanns stefnanda, Hrefnu Friðriksdóttur hdl.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. september 1994.

Nr. 391/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Jóhönnu Rut Birgisdóttur
(Símon Ólason hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. september 1994, sem barst réttinum 12. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hún kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Krafa sóknaraðila um gæsluvarðhald varnaraðila er nú einvörðungu byggð á c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Í kröfugerð hans fyrir héraðsdómi var gerð grein fyrir því, að varnaraðili hefði verið handtekin við framvísun tékka 9. september sl., er horfið hafði daginn áður við innbrot í Bifreiðabyggingar sf. að Ármúla 34 í Reykjavík. Þá hafi varnaraðili játað aðild að innbrotum í Ófeig, gullsmiðju og listmunahús, á Skólavörðustíg 5 hinn 8. apríl sl. og íbúðarhúsið að Laugarásvegi 6 hinn 13. maí sl., hvort tveggja í Reykjavík, og verslunina Emblu að Strandgötu 29 í Hafnarfirði 5. júlí sl. Loks er í kröfugerð sóknaraðila vísað til þess, að varnaraðili sé grunuð um aðild að 11 málum til viðbótar, en þau brot voru framin á tímabilinu frá janúar til júlí á þessu ári og sæta nú frumrannsókn hjá lögreglu. Varnaraðili hefur hlotið sex refsidóma undanfarin fimm ár fyrir brot gegn almennum hegningarlögum.

Með vísan til þessa þykja vera skilyrði til gæsluvarðhalds varnaraðila á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Samkvæmt því verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Þegar varnaraðili var leidd fyrir héraðsdómara, áður en úrskurður um gæsluvarðhald var kveðinn upp, voru samkvæmt bókun í

þingbók bornar undir hana til staðfestingar lögregluskýrslur, er lutu að framangreindum sakargiftum. Að því loknu var hún fyrst yfirheyrð sjálfstætt og þá einungis um það sakarefni, er leiddi til handtöku hennar. Þessi málsmeðferð er í andstöðu við meginreglur réttarfars í opinberum málum og er aðfinnsluverð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. september 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Jóhanna Rut Birgisdóttir, kt. 140670-5109, Ástúni 14, Kópavogi, sæti gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 25. október 1994 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 155. gr. og 244. gr. laga nr. 19/1940.

Kærða var handtekin í Sparisjóði vélstjóra við Borgartún í gær, þar sem hún reyndi að selja tékka, sem stolið hafði verið við innbrot í fyrirtækið Bifreiðatryggingar í Ármúla 34 í Reykjavík 8. september sl. Þar var stolið 2 tékkheftum með samtals 50 blöðum auk tékkans, sem kærða reyndi að selja í gær, að fjárhæð 15.000 kr. Á innbrotsstað sást til bifreiðarinnar E-3117, sem ungt par var í. Vitorðsmaður kærðu er enn ófundinn.

Kærða hefur játað fölsun ofannefnds tékka. Auk þess hefur hún gengist við brotum í fjórum öðrum málum, sem til rannsóknar eru hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Rannsóknarlögreglan bendir á, að kærða hafi margoft komið við sögu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins undanfarin ár og hún sé atvinnulaus og háð fíkniefnum. Ætla megi, að hún fjármagni þá neyslu og hafi að öðru leyti viðurværi sitt af afbrotum, einkum tékkafalsi og þjófnuðum. Kærða er grunuð um aðild að ellefu málum til viðbótar þeim fjórum, sem hún hefur þegar gengist við, og þá hefur hún hlotið fimm refsidóma fyrir brot gegn almennum hegningarlögum undanfarin fimm ár. Vísar Rannsóknarlögregla ríkisins að öðru leyti til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 kröfu sinni til stuðnings.

Með vísan til ofanritaðs og hliðsjón af sakaferli kærðu þykir með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verða að fallast á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, og skal kærða því sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 25. október 1994 kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærða, Jóhanna Rut Birgisdóttir, sæti gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 25. október 1994 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 15. september 1994.

Nr. 321/1994. **Guðlaugur Helgason**
(sjálfur)
gegn
Húsfélaginu Vallarási 2
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 10. júní 1994, sem barst réttinum 18. júlí sl. Krefst hann þess, að hrundið verði þeirri ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík að taka ekki til greina kröfu sóknaraðila um skuldajöfnuð við kröfur varnaraðila. Þá krefst hann þess, að krafa varnaraðila verði lækkuð sem nemi skuldajafnaðarkröfu sinni og frumvarpi til úthlutunar verði breytt í samræmi við það. Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. maí 1994.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 2. maí sl.

Sóknaraðili er Guðlaugur Helgason, kt. 191139-2249, Vallarási 2, Reykjavík.

Varnaraðili er Húsfélagið Vallarási 2, kt. 620989-1429, Vallarási 2, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að ómerkt verði sú ákvörðun sýslu-

mannsins í Reykjavík 22. nóvember 1993 að taka ekki til greina skuldajafnaðarkröfu sóknaraðila á móti kröfum varnaraðila, að krafa varnaraðila verði lækkuð sem því nemur og frumvarp að úthlutun breytist til samræmis við það.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins án virðisaukaskatts, en sóknaraðili er virðisaukaskattsskyldur.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að staðfest verði ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík, að varnaraðila verði úthlutað af uppboðsandvirði fasteignarinnar Vallarass 2, 6. hæð, þinglesinni eign sóknaraðila, 351.367 kr., og að skuldajafnaðarkrafa sóknaraðila verði ekki tekin til greina. Þá er gerð krafa um málskostnað að mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Varnaraðili kveðst ekki vera virðisaukaskattsskyldur. Honum beri því nauðsyn til, að tekið verði tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar, að lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni.

Málsástæður og önnur atvik.

Hinn 31. mars 1993 var íbúð, auðkennd 0601 í húsinu nr. 2 við Vallarás í Reykjavík, seld við framhaldsuppboð hjá sýslumanninum í Reykjavík, uppboðsþoli Guðlaugur Helgason. Húsnæðisstofnun ríkisins átti hæst boð í eignina, 9.000.000 kr., og var slegin hún.

Lögmaður sóknaraðila hafði til innheimtu á varnaraðila kröfu vegna vinnu og efniskaupa sóknaraðila við sameignina að Vallarási 2. Við framhaldsuppboðið mótmælti sóknaraðili framgangi þess og taldi m. a. kröfur varnaraðila greiddar með skuldajöfnuði og því niður fallnar. Sýslumaður varð hvorki við kröfu sóknaraðila um frestun uppboðs né að skuldajafnaðarkrafan yrði tekin til athugunar við úthlutun uppboðsandvirðis. Í frumvarpi til úthlutunar uppboðsandvirðis eignarinnar var krafa sóknaraðila ekki tekin til greina og mótmælum vegna þess komið á framfæri til sýslumanns með bréfi, dagsettu 4. október 1993.

Á fundi 22. nóvember 1993 tók sýslumaður þá ákvörðun að taka ekki til greina skuldajafnaðarkröfu sóknaraðila og láta frumvarpið standa óbreytt. Lýsti sóknaraðili yfir því, að hann kærði þá ákvörðun til héraðsdómara. Ritaði hann síðan dóminum bréf þar að lútandi, dagsett 10. desember 1993.

Skuldajafnaðarkrafa sóknaraðila byggist á fjórum reikningum á hendur varnaraðila vegna vinnuframlags hans og kaupa á efni til sameignarinnar að Vallarási 2, Reykjavík, en sóknaraðili er rafverktaki.

Reikning nr. 838, dags. 15. september 1989, að fjárhæð 38.469 kr., kveður sóknaraðili vera vegna vinnu við breytingu á röðun dyrasíma (útstöð) samkvæmt beiðni þáverandi formanns húsfélagsins.

Reikning nr. 839, dags. 7. mars 1990, að fjárhæð 35.401 kr., kveður sóknaraðili varða vinnu við viðgerð og skiptingu á læsingu í dyrasíma ásamt einni hurðarlæsingu samkvæmt beiðni þáverandi formanns húsfélagsins eða Sigurðar Kolbeinssonar.

Reikning nr. 892, dags. 5. janúar 1993, að fjárhæð 11.559 kr., kveður sóknaraðili varða vinnu við skiptingu á „stigaátómati" ásamt kaupum á því, gert að beiðni stjórnarmanns í húsfélaginu.

Reikning nr. 851, dags. í júní 1990, að fjárhæð 113.018 kr., kveður sóknaraðili vera vegna lagningar vatnsþéttidúks á svalir við íbúð sóknaraðila og vinnu við að fergja hann með steinhellum ásamt efniskaupum, sbr. yfirlit Fagtúns hf., dags. 13. desember 1993.

Sóknaraðili kveður frágangi á svalagólfi hafa verið verulega ábótavant sem og á húsinu yfirleitt, og hafi verulegar framkvæmdir vegna viðgerða staðið yfir á fjölbýlishúsum við Vallarás. Á árinu 1990 hafi Fagtún hf. lagt vatnsþéttidúk á svalagólfið, en ekki lokið verkinu, þar sem ekki hafi verið greitt fyrir það. Svalagólf við íbúð sóknaraðila sé um leið hluti af lofti íbúðarinnar fyrir neðan og vatnsvörn því nauðsynleg. Dúkinn hafi átt að fergja með hellum, og hafi sóknaraðili séð um það til varnar dúknum, þar sem verktakinn hafi sagt sig frá verkinu. Ef ekki hefði verið brugðist skjótt við, hefði verið hætt við skemmdum á dúknum með hættu á tilheyrandi leka í íbúðina fyrir neðan. Um nauðsynlega framkvæmd hafi verið að ræða, sem teljist til sameignar hússins, og því húsfélagsins að greiða fyrir hana eins og aðrar utanhússframkvæmdir, en nýlegar viðgerðir hafa m. a. snúist um að vatnsþétta svalagólf.

Sóknaraðili hafi margreynt að fá reikningana greidda, en verið vísað á verktaka við byggingu hússins, þótt beiðni um framangreind verk hafi komið frá hússtjórninni og verktakinn alls óviðkomandi sóknaraðila og framkvæmd við svalir unnar af nauðsyn til varnar við tjóni.

Krafa sóknaraðila fullnægi öllum skilyrðum skuldajafnaðar við kröfum varnaraðila, og yfirlýsing sóknaraðila við framhaldsuppboð um skuldajöfnuð hafi valdið því, að krafa varnaraðila hafi fallið niður að því marki, en krafa sóknaraðila á uppboðsdegi hafi numið 322.196 kr. auk dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags og alls áfallandi kostnaðar.

Sóknaraðili hafi verið í fullum og eðlilegum rétti til að skuldfæra vinnu sína og efniskaup á varnaraðila, þar sem það hafi verið hann eða fyrirsvarsmenn hans, sem beiðst hafi umræddra verka, og það samrýmist einnig ákvæðum fjölbýlishúsalaga um, að kostnaður við vinnu og efni við sameign greiðist úr hússjóði.

Að öllu þessu virtu sé ljóst, að ómerkja beri ákvörðun sýslumannsins í

Reykjavík um að taka ekki til greina skuldajafnaðarkröfu sóknaraðila gegn kröfum varnaraðila.

Um lagarök vísar sóknaraðili til almennra reglna kröfuréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga, og um skuldajöfnuð vísar hann til almennra reglna kröfuréttarins um skuldajöfnuð. Málskostnaðarkröfu sína byggir sóknaraðili á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af hálfu varnaraðila er á það bent, að ekki sé deilt um fjárhæð úthlutaðrar fjárhæðar samkvæmt ákvörðun sýslumanns, heldur standi deilan um heimild sóknaraðila til skuldajafnaðar á reikningskröfum, sem hann hafi sett fram.

Varnaraðili mótmælti réttmæti þeirra reikninga, sem fram séu settir af hálfu sóknaraðila. Varnaraðili skuldi sóknaraðila ekkert, og séu kröfur sóknaraðila á hendur varnaraðila rangar.

Kröfur sínar byggir varnaraðili á tveimur dómum á hendur sóknaraðila, hinum fyrri kveðnum upp í bæjarþingi Reykjavíkur 31. desember 1990, en hinum síðari upp kveðnum í Héraðsdómi Reykjavíkur 30. október 1992. Bendir varnaraðili á, að athyglisvert sé, að þótt reikningar sóknaraðila séu allir nema einn dagsettir, áður en fyrrgreind tvö mál voru þingfest, hafi sóknaraðili ekki haldið uppi vörnum í þeim málum. Fjárnám hafi verið gert fyrir dómkröfunni í eldra dómsmálinu 11. apríl 1991.

Þá byggir varnaraðili á því, að kröfur sóknaraðila séu ekki tækar til skuldajafnaðar. Eitt af skilyrðum til skuldajafnaðar krafna sé, að þær séu sambærilegar. Því sé ekki að heilsa í máli þessu, þar sem varnaraðili fari fram með dómkröfur, en sóknaraðili með ódæmdar og óvissar kröfur, sem varnaraðili mótmæli sem röngum.

Þegar framanritað er virt og gegn mótmælum varnaraðila, verður ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila í máli þessu og gera honum jafnframt að greiða varnaraðila málskostnað, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Júlíus B. Georgsson dómarafulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Skuldajafnaðarkrafa sóknaraðila, Guðlaugs Helgasonar, er ekki tekin til greina.

Framangreind ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um úthlutun uppboðsandvirðis íbúðar 0601 að Vallarási 2, Reykjavík, til varnaraðila, Húsfélagsins Vallarási 2, er staðfest.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 50.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskatt.

Fimmtudaginn 15. september 1994.

Nr. 327/1994. **Myllan-Brauð hf.**
(sjálf)
gegn
skattstjóranum í Reykjavík
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 4. júlí 1994, sem barst réttinum 25. sama mánaðar. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 1. júlí sl., verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að dómkveðja matsmenn í samræmi við kröfu sóknaraðila. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með beiðni sinni um dómkvaðningu matsmanna er sóknaraðili að fara fram á mat, sem öðrum þræði mun fjalla um túlkun á lagareglum. Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar er hann staðfestur.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Myllan-Brauð hf., greiði varnaraðila, skattstjóranum í Reykjavík, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. júlí 1994.

Mál þetta var þingfest og tekið til úrskurðar 17. desember sl., eftir að lögmaður matsbeiðanda og lögfræðingur matsþola höfðu gert grein fyrir sjónarmiðum sínum.

Sá dómarafulltrúi, sem tók málið til úrskurðar, fór í leyfi um áramótin, og fékk undirrituð málið til meðferðar um miðjan janúar sl. Úrskurður var kveðinn upp 10. maí sl., og var hann kærður til Hæstaréttar Íslands. Dómur Hæstaréttar Íslands gekk 7. júní sl., þar sem hinn kærði úrskurður og meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur frá og með þinghaldi 17. desember sl. var gerð ómerk og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og úrskurðar að nýju.

Matsbeiðanda og matsþola var tilkynnt um þessa niðurstöðu í bréfi, dags. 16. júní sl. Málið var tekið fyrir að nýju 27. júní sl., þar sem lögmaður matsbeiðanda gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum ásamt lögfræðingum matsþola. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar.

Matsbeiðandi, Myllan-Brauð hf., krefst þess, að dómkvaddir verði tveir hæfir og óvilhallir matsmenn til þess að skoða og meta skattframtal Myllunnar-Brauðs hf. árið 1991 fyrir rekstrarárið 1990 ásamt ársreikningi og fylgiskjölum með skattframtali. Skoðun og mat fari fram með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981 og bréfi skattstjórans í Reykjavík, dagsettu 30. ágúst 1993, þar sem skattbreyting sé boðuð. Matsbeiðandi kveður matsmönnum ætlað að láta í té rökstutt álit um það, hvort matsbeiðandi hafi látið í té í skattframtali árið 1991 fyrir rekstrarárið 1990 eða fylgigögnum þess fullnægjandi upplýsingar um þau atriði, sem tilgreind séu í matsbeiðni. Matsmönnum sé ekki ætlað að túlka ákvæði 31. gr. laga nr. 75/1981 eða 29. gr. reglugerðar nr. 245/1963. Af hálfu matsþola er því haldið fram með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, að ljóst sé, hvað meta eigi.

Matsþoli, skattstjórinn í Reykjavík, hefur mótmælt dómkvaðningu matsmanna, þar sem óljóst sé, hvað eigi að meta, en af því, sem ráðið verði, snúi matið að túlkun lagareglu eða hvort ákveðið réttaratvik eigi undir lagaákvæði, sbr. 2. mgr. 60. gr., sbr. og 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991, sbr. einnig 3. mgr. 78. gr. sömu laga.

Matsþoli kveður matsgerð ekki hafa neina þýðingu í málinu. Álagning opinberra gjalda grundvallist á settum lagaákvæðum, hér lögum nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt. Í þeim lögum séu ákveðnar málskotsreglur, sem matsbeiðandi í þessu tilviki geti nýtt sér. Það hafi hann þegar gert, þar sem mál hans sé rekið fyrir yfirskattanefnd, og komi hún til með að meta, hvort lagaskilyrðum 2. mgr. 97. gr. fyrrgreindra laga hafi verið fullnægt. Því hafi dómkvaðning matsmanna enga þýðingu í þessu máli.

Um skilyrði 1. mgr. 77. gr. laga nr. 91/1991 um lögvarða hagsmuni sé ekki að ræða, sem sé skilyrði fyrir dómkvaðningu matsmanns, þótt ekki hafi verið höfð uppi krafa vegna matsatriðis í dómsmáli, ef það sé gert til að stað-

reyna kröfu eða sanna atvik að baki henni. Matsþoli þurfi ekki á dómkvaðningu matsmanns að halda til þess, þar sem skattframtöl séu tiltæk.

Matsbeiðandi ítrekar kröfu um dómkvaðningu matsmanna og mótmælir því, að óljóst sé, hvað meta eigi. Þá mótmælir matsbeiðandi, að matið muni fjalla um túlkun á lagareglu eða því, hvort ákveðið réttaratvik eigi undir lagaákvæði.

– – –

Niðurstöður.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir málavöxtum og málsástæðum og lagarökum matsbeiðanda og matsþola.

Aðila greinir á um réttmæti dómkvaðningar matsmanna.

Af hálfu matsbeiðanda er krafist dómkvaðningar matsmanna til þess að meta skattframtal hans fyrir árið 1991, ársreikninga og fylgiskjöl með því fyrir rekstrarárið 1990. Hann mótmælir því, að matið muni fjalla um túlkun á lagareglu eða því, hvort ákveðið réttaratvik eigi undir lagaákvæði.

Af hálfu matsþola er því haldið fram, að matið muni fjalla um túlkun á lagareglu eða hvort ákveðið réttaratvik eigi undir lagaákvæði.

Aðilar deila annars vegar um túlkun á 31. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 29. gr. reglugerðar nr. 246/1963, þ. e., hvað beri að telja til rekstrarkostnaðar fyrirtækis. Hins vegar deila aðilar um það, hvort matsbeiðandi hafi skilað fullnægjandi gögnum með skattframtali samkvæmt 2. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981 og hvort matsþoli geti beitt þeim viðurlögum, sem 106. gr. laga nr. 75/1981 kveður á um, sbr. 96. gr. laga nr. 75/1981.

Gegn mótmælum matsbeiðanda þykir matsþoli hafa sýnt fram á, að með dómkvaðningu matsmanna sé matsbeiðandi að fara fram á mat, sem muni fjalla um túlkun á lagareglum. Matsbeiðandi getur nýtt sér málskotsleið skv. skattalögum með því að kæra málið til yfirskattanefndar, sem hann hefur þegar gert. Þá á matsbeiðandi þess kost að leita til dómstóla til að fá úrlausn í máli þessu. Í báðum tilvikum mun metið verða, hvort sem það er yfirskattanefnd, sem úrskurðar í máli matsbeiðanda eða dómari og eftir atvikum sérfróðir meðdómsmenn, hvort matsþoli hefur farið að lögum við meðferð skattframtals matsbeiðanda frá árinu 1991 vegna rekstrarársins 1990. Niðurstaða málsins er því sú, að beiðni matsbeiðanda, Myllunnar-Brauðs hf., um dómkvaðningu tveggja matsmanna til að meta skattframtal fyrirtækisins árið 1991 vegna rekstrarársins 1990 ásamt meðfylgjandi ársreikningi og fylgiskjölum er hafnað, með vísan til 2. mgr. 60. gr. laga nr. 91/1991.

Lögmaður matsbeiðanda var Ævar Guðmundsson hdl.

Lögfræðingur skattstjóra var Ingvar Rögnvaldsson.

Úrskurðinn kvað upp Halla Bachmann Ólafsdóttir, fulltrúi dómstjóra.

Úrskurðarorð:

Kröfu matsbeiðanda, Myllunnar-Brauðs hf., um dómkvaðningu matsmanna er hafnað.

Fimmtudaginn 15. september 1994.

Nr. 340/1994. **Íslandsbanki hf.**
(Guðjón Ármann Jónsson hdl.)
gegn
Mörtu Bjarnadóttur
(sjálf)

Kærumál. Nauðungarsala. Útivist í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. júlí 1994, sem barst Hæstarétti 4. ágúst sl. Kæruheimild er í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Hann krefst þess, að ákvörðun sýslumannsins í Stykkishólmi um niðurfellingu beiðni um nauðungarsölu á bifreiðinni R-24285 verði felld úr gildi og sýslumanni gert að taka málið upp að nýju. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila, verði tekið til varna af hans hálfu.

Engar kröfur hafa borist frá varnaraðila.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 5. júlí 1994.

I.

Hinn 15. júní 1994 barst Héraðsdómi Vesturlands beiðni Guðjóns Ármanns Jónssonar hdl. fyrir hönd Íslandsbanka hf., sem dagsett er 10. júní 1994, um, að héraðsdómari felli úr gildi ákvörðun sýslumannsins í Stykkishólmi um niðurfellingu nauðungarsölubeiðni á bifreiðinni R-24285 og sýslumanni gert að taka málið upp að nýju.

II.

Með beiðni um nauðungarsölu, dagsettri 27. október 1993, óskaði gerðarbeiðandi, Íslandsbanki hf., útibú 516, eftir því, að bifreiðin R-24285 (IE-282) yrði seld nauðungarsölu til lúkningar skuld, að fjárhæð 158.048 kr.

Hinn 8. mars 1994 barst lögmanni gerðarbeiðanda bréf frá sýslumanninum í Stykkishólmi um það, að uppboðið færi fram á Grundargötu 33, Grundarfirði, föstudaginn 25. mars kl. 13.00. Með tilkynningunni fylgdi afrit nauðungarsölubeiðni, áritað um vörslusviptingarheimild vegna bifreiðarinnar, sem gilti frá 11.–25. mars 1994. Í tilkynningunni kom einnig fram, að ekki yrði af uppboði á umræddri bifreið, nema henni yrði komið á uppboðsstað í síðasta lagi kl. 12.00 á uppboðsdag.

Gerðarbeiðandi svipti ekki gerðarþola vörslum bifreiðarinnar.

Með bréfi, dagsettu 12. apríl sl., var fjárnámsendurrit það, sem fylgdi með beiðni um nauðungarsölu, endursent lögmanni gerðarbeiðanda og jafnframt tilkynning um, að málið hefði verið fellt niður.

Sóknaraðili kveðst hafa óskað eftir því við sýslumann, að hann endurupptæki málið, og var fjárnámsendurrit endursent sýslumanni.

Með bréfi, dagsettu 27. maí sl., tilkynnti sýslumaður sóknaraðila, að hafnað væri beiðni um endurupptöku. Sóknaraðili kveður bréf þetta hafa borist sér 1. júní sl.

Hinn 6. júní sl. tilkynnti sóknaraðili sýslumanni með símbréfi, að hann hygðist bera þessa ákvörðun undir héraðsdómara samkvæmt 2. mgr. 73. gr. laga nr. 90/1991.

III.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að þar sem uppboðsandlagið hafi ekki verið fært á uppboðsstað á tilgreindum tíma, þ. e. fyrir kl. 12.00 á hádegi á uppboðsdag, hafi sýslumaður ekki átt að taka beiðni um nauðungarsölu fyrir.

Í 1. mgr. 66. gr. laga nr. 90/1991 komi fram, að heimilt sé að fresta sölu á lausafjármunum á uppboði, og verði þá ekki af fyrirtöku nauðungarsölubeiðninnar. Sama gildi, ef munum hafi ekki verið komið á uppboðsstað í tæka tíð. Einu takmarkanirnar, sem nefndar séu í ákvæðinu, á þessum rétti gerðarbeiðanda séu þau tilvik, ef gerðarþoli eða þriðji maður mótmæli frestun eða óski eftir, að lausafé verði selt á almennum markaði.

Sóknaraðili heldur því fram, að sýslumaður hafi ekki átt að taka beiðni um nauðungarsölu fyrir. Gerðarbeiðandi hafi forræði um það, hvort beiðni um nauðungarsölu á lausafé sé tekin fyrir eða ekki, þar sem sú fyrirtaka sé háð því, að uppboðsandlagið hafi verið fært á staðinn. Sýslumaður hafi ekki haft upplýsingar um ástæður þess, að gerðarbeiðandi hafi ekki náð að vörslusvipta munum. Þessi réttur gerðarbeiðanda til frestunar uppboðs á lausafé gildi aðeins í eitt ár, innan þess tíma verði að selja lausaféð, ella sé beiðnin niður fallin samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 66. gr. laga.

Sóknaraðili heldur því fram, að túlkun sýslumannsins í Stykkishólmi hafi

í för með sér mikinn kostnað fyrir gerðarþola, þar sem þá þyrfti að sækja öll lausafjáruppboð, þó að ætlunin væri ekki að selja munina. Í öðru lagi feli túlkun sýslumanns í sér, að mjög tímafrekt yrði fyrir sýslumann að taka fyrir og bóka fjölda mála, sem ekki væri ætlunin að gera neitt annað við en fresta til næsta uppboðs. Sóknaraðili heldur því og fram, að túlkun sýslumannsins í Stykkishólmi sé ekki í samræmi við túlkun annarra sýslumannsembætta á landinu og andstæð þeim leiðbeiningum, sem sé að finna í handbók með nauðungarsölulögum, út gefinni af dóms- og kirkjumálaráðuneyti 1992. Auk þess verði ekki séð, hvers vegna segi skýrum orðum í tilkynningu frá embættinu, að ekki verði af uppboði, ef lausafé verði ekki komið á staðinn, ef síðan hafi verið ætlunin að taka uppboðsbeiðni fyrir þrátt fyrir það. Hefði borið að tilkynna það gerðarbeiðanda sérstaklega.

Sóknaraðili vísar um lagarök til laga nr. 90/1991, einkum 66. gr. og XIII. kafla þeirra laga.

IV.

Varnaraðila var með ábyrgðarbréfi tilkynnt um fyrirtöku í málinu 1. júlí sl., en ekki var það þinghald sótt af hans hálfu.

Í bréfi sýslumannsins í Stykkishólmi, þar sem hafnað var endurupptöku nauðungarsölubeiðni, segir m.a.: „Ekki er hægt að verða við umræddri kröfu. Það er ótvíræð meginregla í réttarfari að málshefjandi (stefnandi, gerðarbeiðandi) verður að mæta og halda fram rétti sínum er mál hans er tekið fyrir. Þessa meginreglu má m. a. lesa út úr 15. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Niðurlagsorð 1. mgr. 66. gr. sömu laga verða með engu móti túlkuð svo, að gerðarbeiðandi fái sjálfkrafa frestun með því einu að láta hjá líða að mæta, er beiðni hans er tekin fyrir, enda vísa téð orð til ómöguleika við vörslusviptingu, og ber þá að láta sýslumann vita í tíma. Orð handbókar með nsl. breyta í engu umræddri meginreglu."

Lögum nr. 90/1991 er skipað í fimm þætti. Í fyrsta þætti laganna, sem nefnist almennar reglur um nauðungarsölu, er skipað reglum, sem eru sameiginlegar öllum afbrigðum nauðungarsölu. Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 90/1991, sem er í fyrsta þætti frumvarpsins, eru talin upp ýmis atriði, sem valdið geta því, að beiðni um nauðungarsölu teljist fallin niður. Samkvæmt 1. tl. þeirrar mgr. telst beiðni um nauðungarsölu fallin niður, ef ekki er mætt af hálfu gerðarbeiðanda, þegar sýslumaður tekur málefnið fyrir, enda hafi gerðarbeiðandi ekki tilkynnt sýslumanni um lögmæt forföll, sem hamli, að mætt sé.

Í 66. gr. laganna koma fram reglur um frestun uppboðs á lausafjármun-

um. Samkvæmt 1. mgr. þeirrar greinar i. f. skal fresta að selja muni á uppboði, ef ekki reynist unnt að koma mununum á uppboðsstað í tæka tíð.

Ekki liggur fyrir í málinu, að sýslumanni hafi verið tilkynnt um það af sóknaraðila, að hann gæti ekki komið mununum á uppboðsstað í tæka tíð.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til rökstuðnings sýslumanns fyrir höfnun á endurupptöku var sýslumanninum í Stykkishólmi rétt að fella niður nauðungarsölu á bifreiðinni R-24285, er málið var tekið fyrir á áður boðuðum tíma.

Er kröfu sóknaraðila því hafnað.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Íslandsbanka, er hafnað.

Fimmtudaginn 15. september 1994.

Nr. 315/1994. **Andri hf.**
Guðjón Oddsson
Gunnar Ólafsson
Haraldur Haraldsson
Jóhann J. Ólafsson
Jón Ólafsson
Sigurður G. Guðjónsson
Sigurjón Sighvatsson
Útherji hf.
V. Sigurðsson og Snæbjörnsson hf.
Þorri hf. og
Þorvaldur K. Þorsteinsson
(Ragnar H. Hall hrl.)
gegn
Dekkjahúsinu hf.
Ólafi Njáli Sigurðssyni og
Sólningu hf.
(Othar Örn Petersen hrl.)

Kærumál. Lögbann. Hlutafélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. júní 1994, sem barst réttinum 5. júlí sl. Kæruheimild er 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl., sbr. 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 2. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991.

Sóknaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir sýslumanninn í Reykjavík að leggja lögbann við því, að varnaraðilar, hver fyrir sig eða allir saman, hagnýti sér þann rétt, sem fylgir hlutafjáreign þeirra í Sýn hf., kt. 500276-0109, Reykjavík, samkvæmt hlutabréfi í félaginu, nr. 72, en sú hlutafjáreign þeirra nemur nú samtals eitt hundrað og fimmtíu þúsund hlutum. Jafnframt er krafist lögbanns við því, að varnar-

aðilar ráðstafi hlutafjáreign sinni samkvæmt þessu hlutabréfi til þriðja aðila. Einnig er þess krafist, að lagt verði fyrir sýslumanninn að taka afstöðu til þess, um leið og lögbannið verður ákveðið, hvort varnaraðilum skuli gert skylt að afhenda sýslumanninum hlutabréfið til varðveislu, meðan lögbannið stendur. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast aðallega staðfestingar hins kærða úrskurðar, en til vara, að lögbanni verði hafnað gegn því, að þeir leggi fram tryggingu samkvæmt ákvörðun sýslumanns vegna hugsanlegs tjóns sóknaraðila. Til þrautavara er þess krafist, að lögbannið verði takmarkað við það, að varnaraðilar ráðstafi eignarhlutum sínum í Sýn hf. til þriðja aðila. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Mál þetta var munnlega flutt samkvæmt heimild í 3. mgr. 149. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

I.

Málsatvik eru rakin í hinum kærða úrskurði. Eftir uppsögu hans 24. júní sl. var boðað til hluthafafundar 2. júlí. Þar var umboð þáverandi stjórnar félagsins afturkallað og ný stjórn kjörin. Hluthafafundur var haldinn á ný 13. júlí, og voru þar samþykktar svofelldar tillögur meiri hluta stjórnarmanna:

„1. Hluthafafundurinn samþykki að leita eftir ógildingu eða riftun á sölu hlutabréfs Íslenska útvarpsfélagsins hf. í Sýn hf., sem samþykkt var á stjórnarfundi félagsins þann 10. júní 1994.

2. Hluthafafundurinn samþykki að leita eftir ógildingu eða riftun starfslokasamnings Íslenska útvarpsfélagsins hf. við Pál Magnússon, fyrrverandi útvarpsstjóra félagsins.

3. Hluthafafundurinn samþykki, að Íslenska útvarpsfélagið hf. hafi uppi skaðabótakröfu á hendur fyrrum stjórnarmönnum félagsins sem stóðu að ákvörðun um sölu hlutabréfs félagsins í Sýn hf. og starfslokasamningi við fyrrum útvarpsstjóra, þeim Ingimundi Sigfússyni, Jóhanni Óla Guðmundssyni, Ásgeiri Bolla Kristinssyni, Stefáni Gunnarssyni, Þorgeiri Baldurssyni, fyrrum varastjórnarmönnunum Gunnsteini Skúlasyni og Ólafi Njáli Sigurðssyni og Páli Magnússyni, fyrrum útvarpsstjóra, vegna þess tjóns sem félagið kann að hafa orðið fyrir eða kann að verða fyrir vegna sölu hlutabréfsins og starfslokasamningsins.“

II.

Að hlutafélagalögum nr. 32/1978 fer hluthafafundur með æðsta vald í málefnum hlutafélags samkvæmt því, sem lög og samþykktir þess ákveða, og fara hluthafar með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum, sbr. 63. gr. laganna. Fundir þessir eru jafnframt eini vettvangurinn, þar sem hluthafar geta beitt ákvörðunarvaldi sínu. Hluthafafundur getur tekið fyrir sérhvert málefni, sem félagið varðar, og gert um það ályktun, og ber þá stjórn félagsins að fara eftir því. Félagsstjórn ber að gæta hagsmuna allra hluthafa félagsins, sbr. 60. gr. laganna, sem hljóðar svo:

„Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri mega ekki framfylgja ákvörðunum hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila félagsins ef ákvarðanirnar eru ógildar vegna þess að þær brjóta í bága við lög eða félagssamþykktir."

Stjórn Íslenska útvarpsfélagsins hf. hafði í júlí 1993 að fyrirlagi útvarpsréttarnefndar boðið hluthöfum félagsins til kaups 80% hlutafjáreignar félagsins í Sýn hf. í hlutfalli við hlutafjáreign viðkomandi í hinu fyrrnefnda félagi. Salan fór fram, og var enginn ágreiningur um hana meðal hluthafa. Engin ákvörðun var tekin um að selja þau 20%, sem félagið átti enn eftir í Sýn hf., og verður ekki séð, að slík ráðstöfun hafi verið til umræðu í félaginu. Meiri hluti stjórnar félagsins hugðist taka þá ákvörðun á stjórnarfundi 10. júní sl. að selja þessa hlutafjáreign félagsins í Sýn hf. og bjóða ekki kaupin eftir sömu jafnræðisreglu og gætt hafði verið við sölu á þeim 80%, sem seld höfðu verið árið áður. Þessarar fyrirhuguðu ráðstöfunar, sem telja verður mikilvæga, var þó ekki getið í dagskrá, sem boðað var með til fundarins.

Á stjórnarfundi þessum lá fyrir, að skilyrðum 68. gr. hlutafélagalaga um hluthafafund var fullnægt, þar sem krafa um slíkan fund frá hluthöfum, sem réðu yfir meira en 10% hlutafjár, var fram komin.

Þegar allt þetta er virt, verður að telja, að hluthafar þeir, sem kröfðust þess að fá málefnið um sölu hlutabréfaeignarinnar tekið

fyrir á hluthafafundi samkvæmt 69. gr., hafi átt rétt á því. Er þá einkum litið til þess, að sala hlutabréfanna samkvæmt fram komnum tilboðum gat verið til þess fallin að raska rétti hluthafa samkvæmt 60. gr. laganna. Í máli þessu verður ekki tekin afstaða til þess, hvað viðsemjendur um hlutabréfin vissu eða máttu vita um heimildir stjórnarinnar til ráðstöfunar bréfanna.

Samkvæmt þessu verður að telja skilyrðum 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 fullnægt, til þess að lögbannskrafa sóknaraðila megi ná fram að ganga, enda eiga ákvæði 3. mgr. 24. gr. ekki við í máli þessu. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og taka kröfur sóknaraðila til greina.

Rétt þykir, að varnaraðilar greiði in solidum sóknaraðilum 120.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Lagt er fyrir sýslumanninn í Reykjavík að leggja lögbann við því, að varnaraðilar máls þessa, Dekkjahúsið hf., Ólafur Njáll Sigurðsson og Sólning hf., hver fyrir sig eða allir saman, hagnýti sér þann rétt, sem fylgir hlutafjáreign þeirra í Sýn hf. samkvæmt einu hlutabréfi í félaginu, nr. 72, en sú hlutafjáreign þeirra nemur nú samtals eitt hundrað og fimmtíu þúsund hlutum, og ráðstafi hlutafjáreign sinni samkvæmt þessu hlutabréfi til þriðja aðila.

Enn fremur er lagt fyrir sýslumanninn í Reykjavík að taka afstöðu til þess, um leið og lögbannið verður á lagt, hvort varnaraðilum skuli gert skylt að afhenda sýslumanninum hlutabréfið til varðveislu, meðan lögbannið stendur.

Varnaraðilar greiði in solidum sóknaraðilum, Andra hf., Guðjóni Oddssyni, Gunnari Ólafssyni, Haraldi Haraldssyni, Jóhanni J. Ólafssyni, Jóni Ólafssyni, Sigurði G. Guðjónssyni, Sigurjóni Sighvatssyni, Útherja hf., V. Sigurðssyni og Snæbjörnssyni hf., Þorra hf. og Þorvaldi K. Þorsteinssyni, sam-

tals 120.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. júní 1994.

I.

Máli þessu, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 22. þ. m., var skotið til Héraðsdóms Reykjavíkur með erindi, mótteknu 16. þ. m. Krafist er úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 14. þ. m. um synjun lögbanns í lögbannsmálinu nr. L-43/1994.

Sóknaraðilar eru Andri hf., kt. 570267-0199, Bíldshöfða 12, Reykjavík, V. Sigurðsson og Snæbjörnsson hf., kt. 670269-3889, Sundaborg 14, Reykjavík, Jón Ólafsson, kt. 060854-5219, Stigahlíð 82, Reykjavík, Guðjón Oddsson, kt. 200639-7319, Birkihæð 10, Garðabæ, Sigurjón Sighvatsson, kt. 150652-2789, North Avenue, L. A., Kaliforníu, Bandaríkjunum, Jóhann J. Ólafsson, kt. 080435-7469, Kleifarvegi 5, Reykjavík, Haraldur Haraldsson, kt. 131144-2459, Eyktarási 26, Reykjavík, Sigurður G. Guðjónsson, kt. 081151-3189, Lækjarási 7, Reykjavík, Útherji hf., kt. 570792-2459, Lækjarási 7, Reykjavík, Þorri hf., kt. 480289-1029, Suðurlandsbraut 4 A, Reykjavík, Gunnar Ólafsson, kt. 190838-4399, Eikjuvogi 13, Reykjavík, og Þorvaldur K. Þorsteinsson, kt. 051151-2679, Reynihlíð 9, Reykjavík.

Varnaraðilar eru Ólafur Njáll Sigurðsson, kt. 220558-5689, Fannafold 34, Reykjavík, Dekkjahúsið, kt. 580292-2249, Skeifunni 11, Reykjavík, og Sólning hf., kt. 700169-0149, kt. Smiðjuvegi 32-34, Kópavogi.

Dómkröfur sóknaraðila eru eftirfarandi:

1. Að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 14. júní 1994 að hafna kröfum gerðarbeiðanda um, að lögbann verði fellt úr gildi með úrskurði og lagt verði fyrir sýslumann að leggja lögbann við því, að varnaraðilar máls þessa, hver fyrir sig eða allir saman, hagnýti sér þann rétt, sem fylgir hlutafjáreign þeirra í Sýn hf., kt. 500276-0109, Reykjavík, samkvæmt einu hlutabréfi í félaginu, nr. 72, en sú hlutafjáreign þeirra nemur nú samtals eitt hundrað og fimmtíu þúsund hlutum. Jafnframt er krafist lögbanns við því, að gerðarþolar ráðstafi hlutafjáreign sinni samkvæmt þessu hlutabréfi til þriðja aðila.
2. Að með úrskurði í máli þessu verði lagt fyrir sýslumann að taka afstöðu til þess, um leið og lögbannið verður ákveðið, hvort varnaraðilum skuli gert skylt að afhenda sýslumanni hlutabréfið til varðveislu, meðan lögbannið stendur.
3. Að varnaraðilum verði in solidum gert að greiða sóknaraðilum hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að staðfest verði ákvörðun sýslumanns-

ins í Reykjavík 14. júní 1994, að kröfu sóknaraðila um lögbann verði hafnað.

Til vara er þess krafist, að lögbanni verði hafnað, gegn því, að varnaraðilar leggi fram tryggingu skv. ákvörðun sýslumanns vegna hugsanlegs tjóns sóknaraðila.

Til þrautavara er þess krafist, að lögbannið verði takmarkað við, að varnaraðilar ráðstafi eignarhlutum sínum í Sýn hf. til þriðja aðila.

Að endingu er þess krafist, að sóknaraðilar verði dæmdir til þess að greiða varnaraðilum hæfilegan kostnað vegna reksturs máls þessa.

II.

Málsatvik.

Lögbannskrafa sú, sem hér er til umfjöllunar, er dagsett 10. þ. m., en móttekin af sýslumanninum í Reykjavík 11. þ. m. Athafnir þær, sem krafist er lögbanns við, eru eftirfarandi:

> „að gerðarþolar, hver fyrir sig eða allir saman, hagnýti sér þann rétt, sem fylgir hlutafjáreign þeirra í Sýn hf., kt. 500276-0109, Reykjavík, sem er skv. einu hlutabréfi, nr. 72, fyrir tveimur milljónum hluta. Hlutabréfið eignuðust gerðarþolar með samningi og fyrir framsal frá Íslenska útvarpsfélaginu hf. fyrr í dag, en sú hlutafjáreign þeirra nemur nú samtals eitt hundrað og fimmtíu þúsund hlutum. Jafnframt er krafist lögbanns við því, að gerðarþolar ráðstafi hlutabréfinu til þriðja aðila. Þá er þess krafist, að umrætt hlutabréf verði tekið úr vörslum gerðarþola."

Í lögbannsmáli þessu er deilt um sölu Íslenska útvarpsfélagsins hf. á 20% hlutafjár í Sýn hf. til varnaraðila. Fyrrnefnda félagið átti um skeið allt hlutafé í Sýn hf., en samkvæmt ákvörðun sjónvarpsstjóra, sem staðfest var á stjórnarfundi 19. júlí 1993, voru 80% hlutafjárins seld hluthöfum Íslenska útvarpsfélagsins hf., en félagið átti áfram 20% hlutafjárins.

Sóknaraðilar máls telja sig vera eigendur meiri hluta hlutafjár í Íslenska útvarpsfélaginu hf. Meðal þeirra eru tveir af sjö stjórnarmönnum félagsins og þrír varastjórnarmenn.

Sóknaraðilar halda því fram, að þeir hafi tekið höndum saman um að standa sameiginlega að stjórn félagsins. Nokkrir sóknaraðilar sendu stjórnarformanni félagsins skeyti 1. júní sl. og kröfðust hluthafafundar og að á dagskrá þess fundar yrði að leysa núverandi stjórn frá störfum og kjósa aðra í hennar stað.

Boðað var til stjórnarfundar í félaginu með bréfi 7. þ. m. sl., og var fundartími ákveðinn 10. þ. m. kl. 15.00. Samkvæmt fundarboði var á dagskrá fundarins fundargerð síðasta fundar, boðun hluthafafundar og önnur mál.

Öll stjórnin að undanskildum Jóni Ólafssyni sat fund þennan, en varamaður Jóns, Sigurður G. Guðjónsson, tók sæti hans. Þá sátu fundinn útvarpsstjóri félagsins, fjármálastjóri og ritari auk Ásgeirs Þórs Árnasonar lögmanns.

Á fundinum kynnti stjórnarformaður þrjú tilboð í 20% hlutafjáreign félagsins í Sýn hf. frá 1. þ. m. Áður en tilboðin voru lesin upp, afhenti Sigurður G. Guðjónsson stjórnarformanni bréf frá nokkrum hluthöfum með kröfu um, að á dagskrá hluthafafundar, sem taka ætti ákvörðun um að halda, yrði tekinn upp sérstakur og/eða sérstakir dagskrárliðir varðandi heimild stjórnar félagsins til að selja eða ráðstafa með öðrum hætti hlutabréfaeign félagsins í Sýn hf. og sjálfu sér. Í bréfinu kom fram, að þessir aðilar réðu liðlega 282 milljónum af 548 milljónum króna virku hlutafé félagsins. Kauptilboðin voru síðan kynnt og lesin upp, og reyndust þau vera frá varnaraðilum þessa máls. Boðið var í bréfið nafnverð þess, 2.000.000 króna, sem skiptist þannig, að Ólafur Njáll og Sólning hf. buðu í 700.000 króna hlut hvor aðili og Dekkjahúsið í 600.000 króna hlut. Sigurður G. Guðjónsson óskaði eftir, að málið yrði lagt fyrir hluthafafund, en þrátt fyrir mótmælin voru greidd atkvæði um kauptilboðin og samþykkt með atkvæðum fimm stjórnarmanna að ganga að þeim. Sama dag var hlutabréf nr. 72 í Sýn hf., að nafnvirði 2.000.000 króna, framselt varnaraðilum málsins með undirritun stjórnarmannanna Ingimundar Sigfússonar, Jóhanns Óla Guðmundssonar, Ásgeirs Bolla Kristjánssonar, Þorgeirs Baldurssonar og Stefáns Gunnarssonar. Síðar sama dag framseldu varnaraðilar Jóhannesi Torfasyni hluta bréfsins, 1.850.000 hluti, en héldu eftir 50.000 hlutum hver.

Sóknaraðilar hafa óskað eftir, að viðskiptaráðherra boði til hluthafafundar í Íslenska útvarpsfélaginu á grundvelli heimildar í 2. mgr. 70. gr. hlutafélagalaga og að á boðaðri dagskrá fundarins verði m. a. afturköllun umboðs núverandi stjórnar félagsins, kosning nýrrar stjórnar, ráðstöfun stjórnarinnar á hlutabréfum í Sýn hf. og tillaga um málshöfðun á hendur þeim stjórnarmönnum, sem stóðu að sölu bréfanna, ásamt þeim Gunnsteini Skúlasyni, Ólafi Njáli Sigurðssyni og Páli Magnússyni sjónvarpsstjóra.

III.

Málsástæður og lagarök.

Málsástæður sóknaraðila eru eftirfarandi:

1. Að ákvörðun meiri hluta félagsstjórnar að selja umrætt hlutabréf hafi verið ólögmæt samkvæmt 69. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978 og gróft réttarbrot gagnvart eigendum meiri hluta hlutafjár, þar sem fram var komin krafa fulltrúa þeirra um, að ákvörðun um söluna yrði tekin á

hluthafafundi. Telja sóknaraðilar rétt hluthafa til að bera mál undir hluthafafund einskis virði, ef stjórn félagsins er heimilt, eftir að krafa um hluthafafund er fram komin, en áður en hann hefur verið haldinn, að ráðstafa með óafturkallanlegum hætti því álitaefni, sem krafan um hluthafafund lýtur að.

2. Að óheimilt hafi verið að taka ákvörðunina á stjórnarfundinum 10. júní, þar sem það málefni var ekki á boðaðri dagskrá. Telja sóknaraðilar það andstætt viðurkenndum meginreglum félagaréttar að taka ákvörðun um svo mikilvægt málefni, sem ráðstöfun tveggja milljóna hlutar í Sýn hf. er, með þessum hætti.
3. Að ráðstöfun hlutafjáreignar félagsins í Sýn hf. til varnaraðila, sem séu allir hluthafar í félaginu, sé bersýnilega fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum í félaginu meirihlutaaðstöðu í Sýn hf. á kostnað annarra hluthafa. Þá hafi bréfin verið seld langt undir raunvirði, eins og ummæli stjórnarformanns félagsins í bréfi til hluthafa 20. júlí 1993 og kaupverð félagsins á bréfunum á árinu 1990 og 1991 gefi til kynna. Með þessari ráðstöfun hafi stjórnarmenn verið að afla ákveðnum hluthöfum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa og félagsins, og hafi hún því sýnilega verið andstæð 60. og 61. gr. hlutafélagalaga. Engin réttmæt rök hafi verið færð fyrir þessari ákvörðun.

   Eins og fram komi í skjölum málsins, séu kaupendur hlutabréfsins í Sýn hf. þannig tengdir þeim meiri hluta stjórnar, sem kaupin ákvað, að enginn vafi geti leikið á, að kaupin séu andstæð 56. gr. hlutafélagalaga.
4. Að varnaraðilar hafi með framsali á stærstum hluta bréfsins sama dag og þeir eignuðust það sýnt, að þeir muni neyta hverra þeirra úrræða, sem þeim sýnist, til að hindra, að bréfið komist í hendur rétts eiganda, jafnvel þótt dómur gangi um, að kaupin hafi verið ólögmæt og riftanleg. Af þeim sökum og þar sem látið verði reyna á lögmæti kaupanna fyrir dómstólum, sé óhjákvæmilegt að fá lögbann við hagnýtingu bréfsins, þar til dómur gengur.
5. Að ljóst sé af gögnum málsins, að sala umræddS hlutabréfs til varnaraðila hafi verið ólögmæt og að með henni hafi verið brotið gegn lögvörðum rétti sóknaraðila. Hagnýting varnaraðila á rétti hluthafa samkvæmt hlutabréfinu feli þannig í sér réttarbrot gegn lögvörðum rétti sóknaraðila. Þar sem hagnýtingin sé yfirvofandi, verði ekki réttilega brugðist við því nema með lögbanni, en öll skilyrði lögbannskröfu skv. 24. gr. laga nr. 31/1991 séu uppfyllt.
6. Að hagsmunir þeirra af því að fá lagt lögbann við umræddri háttsemi séu stórum meiri en hagsmunir varnaraðila af synjun. Enginn ágrein-

ingur hafi verið um það í félaginu fyrir söluna, að bréfið skyldi vera áfram í eigu félagsins, en ráðstöfunin geri hins vegar tilteknum mönnum kleift að komast í meirihlutaaðstöðu í Sýn hf., sem þeir hefðu annars ekki haft möguleika á.

Sóknaraðilar vísa til bréfs stjórnarformanns félagsins og sjónvarpsstjóra f. h. stjórnarinnar frá 20. júlí 1993 til hluthafa, þar sem fjallað er um ráðstöfun á 80% hlutafjár í Sýn hf. og hluthöfum boðið það hlutafé í Sýn hf. í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra í félaginu. Í bréfinu segir, að með því yrði dreifing á eignarrétti að hlutafé félagsins og þau verðmæti, sem ætla mætti, að væru fólgin í hlutafé Sýnar umfram söluverðið, lent þá í höndum réttra aðila, þ. e. eigenda Íslenska sjónvarpsfélagsins hf.

Sóknaraðilar telja bréfið innihalda loforð um, að þau miklu verðmæti Sýnar umfram nafnverð bréfanna, sem augljóslega hafi verið fyrir hendi, yrðu meðhöndluð eftir jafnræðisreglu, sem fólst í því að gefa hluthöfum kost á að eignast hlutfallslega jafnstóran hlut í báðum félögunum. Einnig er bent á, að áður en bréf þetta hafi verið sent út, hafi hlutafé í Sýn hf. verið fært niður í 10.000.000 krónur. Sóknaraðilar telja, að ákvörðun stjórnarfundarins um sölu hlutabréfsins hafi verið réttarbrot vegna þess loforðs stjórnar, sem fram hafi komið í fyrrnefndu bréfi.

7. Sóknaraðilar telja óhjákvæmilegt, að lögbannið verði svo víðtækt, að það komi í veg fyrir, að varnaraðilar ráðstafi hlutabréfinu til þriðja aðila, þar sem það væri ella innihaldslaust.
8. Krafa sóknaraðila um, að lagt verði fyrir sýslumann að taka hlutabréfið úr vörslum varnaraðila, er á því reist, að þeim sé ekki treystandi til að misfara ekki með bréfið, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 31/1990.
9. Sóknaraðilar telja varnaraðila byggja rétt sinn á löggerningi, sem beinlínis feli í sér réttarbrot gagnvart sér, og augljóst sé af gögnum málsins, að varnaraðilum hafi verið um það réttarbrot kunnugt, þegar kaupin hafi verið gerð. Þegar byrjuð eða yfirvofandi framhald hagnýtingar á þeim réttindum, sem varnaraðilar hafi þannig öðlast, sé augljóslega þess háttar réttarbrot gagnvart sóknaraðilum, að brýna nauðsyn beri til að leggja lögbann við því, að meira verði gert í þeim efnum, áður en dómstólar hafi fengið að taka afstöðu til riftunar á umræddum löggerningi. Skaðabætur eða trygging geti ekki komið í stað lögbannsins, enda hafi sóknaraðilar ekki áhuga á skaðabótum, heldur aðeins því að koma ástandinu í fyrra horf og tryggja með lögbanni óbreytt ástand, meðan dómstólar fjalli um málið.

Málsástæður varnaraðila eru eftirfarandi:

1. Að stjórn Íslenska útvarpsfélagsins hf., sem fari með æðsta vald í mál-

efnum félagsins milli hluthafafunda, hafi með lögformlegum hætti samþykkt tilboð um kaup hlutabréfanna. Stjórnin sé eini aðilinn, sem bær sé að taka slíka ákvörðun, nema bein fyrirmæli liggi fyrir frá hluthafafundi. Stjórnin hafi því haft fulla heimild til að taka ákvörðun um söluna, enda hafi ákvörðun um sölu á 80% hlutafjár í Sýn hf. verið tekin á stjórnarfundi og sala á 20% teljist að auki minni háttar ákvörðun. Stjórnin hafi auk þess rúmar heimildir til að taka ákvarðanir, sem byggjast á viðskiptalegum forsendum.

2. Að fullkomlega gild rök hafi legið til grundvallar ákvörðuninni, en forsenda sölunnar hafi verið að bæta ímynd félagsins og tryggja hag hluthafa, þar sem verðmæti Sýnar hf. felist fyrst og fremst í þeirri sjónvarpsrás, sem hafi verið úthlutað félaginu.
3. Að kaupsamningurinn um bréfin og framsal réttindanna sé bindandi fyrir félagið gagnvart varnaraðilum, þar sem þeir, sem að sölunni stóðu, hafi haft fullkomið umboð skv. samþykktum félagsins og hlutafélagalögum til að binda félagið við gerninginn.
4. Að varnaraðilar séu algerlega grandlausir um hugsanlegan heimildarskort stjórnar félagsins. Þeir hafi ekki setið stjórnarfundinn og ekki vitað, að verið væri að framfylgja ákvörðun, sem sætt hefði andstöðu á stjórnarfundinum og kynni að vera í andstöðu við hlutafélagalög. Sönnun skorti um hið gagnstæða.
5. Því er mótmælt, að einstakir hluthafar geti með beiðni um, að mál verði tekið fyrir á hluthafafundi, komið í veg fyrir, að stjórn félagsins geti tekið ákvarðanir um málefni félagsins. Einstakir hluthafar hafi ekki ákvörðunarvald í málefnum félagsins, heldur löglega boðaður hluthafafundur.
6. Að ekki sé að finna í hlutafélagalögum, samþykktum félagsins eða venjum í framkvæmd boðana hjá félaginu neinar reglur, sem mæli fyrir um það, að boða skuli til hluthafafundar með dagskrá. Um sölu á 80% hlutafjár í Sýn hf. hafi verið fjallað á stjórnarfundum undir liðnum Önnur mál.
7. Því er mótmælt, að með ákvörðun um sölu hlutabréfanna hafi meiri hluti stjórnar verið að afla hluthöfum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Ráðstöfun þessari hafi fyrst og fremst verið ætlað að koma í veg fyrir, að félagið lægi undir gagnrýni fyrir að einoka sjónvarpsrásir, og jafnframt að tryggja, að Sýn hf. hefði yfir sjónvarpsrás að ráða í framtíðinni.

Ósannað sé, að raunvirði bréfanna hafi verið meira en söluverðið, en ársreikningur félagsins bendi ekki til þess. Staðgreiðsluverð bréfanna á

árunum 1990 og 1991 hafi verið langt undir 108 milljónum, þar sem greitt hafi verið fyrir með auglýsingabirtingum. Verðmæti bréfanna hafi minnkað, frá því er félagið keypti þau, vegna taprekstrar, sölu á vélum og tækjum, að andvirði 40.000.000 kr., og yfirtöku Íslenska útvarpsfélagsins á ýmsum viðskiptasamböndum. Þá séu eignir Sýnar hf. einkum í langtímafjárfestingu, sem komi ekki til með að nýtast félaginu. Erfitt sé hins vegar að meta verðmæti útsendingarréttarins á VHF-rásinni, þar sem leyfinu sé úthlutað af útvarpsréttarnefnd, sem geti afturkallað það, og auk þess sé það bundið við félagið sjálft og því ekki seljanlegt.

8. Varnaraðilar séu í engum hagsmunatengslum við stjórnarmenn félagsins, sem leitt geti til vanhæfis stjórnarmanna til að taka ákvörðun um sölu hlutabréfa skv. 56. gr. hlutafélagalaga.
9. Einstakir hluthafar í félaginu geti ekki krafist ógildingar á samningum félagsins við þriðja mann og eigi því ekki lögvarinn rétt til að krefjast lögbanns, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990.

   Hagsmunir sóknaraðila sem hluthafa séu því engir eða í besta falli afleiddir, en hagsmunir varnaraðila af því að fá að nýta réttindi skv. bréfunum miklir.
10. Varnaraðilar telja gerðarbeiðendur hvorki hafa yfir að ráða meiri hluta atkvæða í félaginu nú né þegar ákvörðun stjórnar hafi verið tekin. Tilkynningar um, að Sigurjón Sighvatsson hefði keypt viðbótarhlutafé, bárust félaginu ekki fyrr en 3. og 6. þ. m., en samkvæmt samþykktum félagsins öðlist kaupandi ekki atkvæðisrétt fyrr en 15 dögum eftir, að kaup hafi verið tilkynnt.

    Allsendis sé óvíst, hverjir muni fara með atkvæðisrétt í félaginu, þegar komi að næsta hluthafafundi, þar sem hlutabréf í félaginu gangi kaupum og sölum frá degi til dags. Því sé öllum fullyrðingum og sjónarmiðum um myndun nýs meiri hluta og minni hluta innan félagsins mótmælt.
11. Bent er á reglur um mótbárutap og glötun eignarréttinda við framsal viðskiptabréfa, sbr. 23. gr. hlutafélagalaga.
12. Byggt er á því, að stjórnarmenn hlutafélags séu skv. 132. gr. hlutafélagalaga skaðabótaskyldir, ef talið verður, að þeir hafi sýnt af sér gáleysi og valdið félaginu tjóni, og geti þá félagið eða jafnvel einstakir hluthafar krafist skaðabóta úr þeirra hendi. Með því séu hugsanlegir hagsmunir sóknaraðila tryggðir.
13. Þá er byggt á því, að málið snúist um innri ágreining milli hluthafa í félaginu, sem óeðlilegt sé, að sýslumaður blandi sér í með lögbannsgerð. Leysa verði ágreininginn samkvæmt þeim heimildum, sem hlutafélaga-

lög geri ráð fyrir, þ. e. með því að krefja stjórnarmenn um skaðabætur eða óska eftir því, að þeir víki úr stjórn.

14. Með lögbanni yrði ekki unnt fyrir Sýn hf. að taka ákvarðanir um málefni, sem meira en 80% atkvæða þurfi til, og myndi það því hefta starfsemi félags, sem ekki eigi neina aðild að máli þessu.

IV.

Niðurstaða.

Heimilt er að bera mál þetta undir héraðsdóm, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 31/1990.

Eins og fram kemur í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann, þarf gerðarbeiðandi að sanna eða gera sennilegt, að athöfn brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans, að gerðarþoli hafi þegar hafist handa við athöfnina eða muni gera það og að réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum, verði hann knúinn til að bíða dóms um þau. Hvert og eitt þessara atriða verða sóknaraðilar að sanna eða gera sennilegt.

Lögð hefur verið fram í málinu útskrift af hlutaskrá Íslenska útvarpsfélagsins hf. frá 13. júní sl., en samkvæmt henni voru sóknaraðilar þá skráðir fyrir 50,65% hlutafjár félagsins. Í ljósi þess, sem fram er komið í málinu, hefur verið gert sennilegt, að þeir hafi verið skráðir fyrir þessum hlutum, þegar stjórnarfundurinn fór fram 10. þ. m.

Í hlutafélagalögum eða samþykktum Íslenska útvarpsfélagsins hf. er ekki að finna fyrirmæli um, að stjórnarfundir skuli boðaðir með dagskrá. Á stjórnarfundi í félaginu 10. þ. m., þar sem hin umdeilda ákvörðun var tekin, var öll stjórnin mætt að því undanskildu, að Sigurður G. Guðjónsson sat fundinn sem varamaður Jóns Ólafssonar. Ákvörðun um sölu hlutabréfsins sætti mótmælum þeirra stjórnarmanna, sem eru aðilar þessa máls. Þótt fallast megi á, að ákvörðun þessi hafi verið nokkuð mikilvæg fyrir félagið, hefur ekki verið gert sennilegt, að það varði ógildingu hennar, að málefnið var ekki kynnt sérstaklega í boðaðri dagskrá, þar sem ekki verður annað séð en allir stjórnarmennirnir hafi haft nokkur tök á að fjalla um málið.

Telja verður, að stjórnarmönnum þeim, sem að ákvörðuninni stóðu, hafi mátt vera ljóst 10. þ. m., að þeir nytu ekki stuðnings þeirra aðila, sem áttu meiri hluta hlutafjár í félaginu. Það verður hins vegar ekki leitt af 69. gr. hlutafélagalaga, að það valdi eitt og sér ógildingu samningsins, að ósk hafi komið frá þessum nýja meiri hluta um, að hluthafafundur fjallaði um ráðstöfun bréfsins, enda sala og framsal bréfanna innan þeirra marka, sem formleg heimild stjórnarinnar náði til, sbr. 52., 55. og 58. gr. hlutafélagalaga og samþykktir félagsins.

Telja má það undirrót lögbannskröfunnar, að sóknaraðilar, sem ákveðið hafa að standa saman að nýjum stjórnarmeirihluta, óttist, að þeir hluthafar, sem nú hafa keypt 20% hlutafjár í Sýn hf., muni standa að stjórnarmeirihluta í því félagi með þeim aðilum, sem nú eru komnir í minni hluta í Íslenska útvarpsfélaginu hf. Þótt nokkur rök hafi verið færð fyrir, að svo muni fara, ef lögbann þetta nær ekki fram að ganga, hefur ekki verið sannað eða gert sennilegt, að sá meiri hluti kom til með að vinna gegn fjárhagslegum hagsmunum Íslenska útvarpsfélagsins hf., einkum ef litið er til þess, að stærstu hluthafar Sýnar hf., sem þennan meiri hluta myndu skipa, eiga einnig mjög mikið hlutafé í Íslenska útvarpsfélaginu hf.

Dómurinn lítur svo á, að hagsmunir þeir, sem 56. og 60. gr. hlutafélagalaga er ætlað að vernda, séu fyrst og fremst fjárhagslegir hagsmunir félagsins sjálfs og hagsmunir hluthafa af háu markaðsverði hlutabréfa og góðum arði, en ekki óljósir hagsmunir einstakra hluthafa af stjórnarsetu, völdum og áhrifum í öðrum félögum.

Söluverð hlutabréfa í eigu félagsins er málefni, sem varðar hag félagsins og einstakra félagsmanna. Sóknaraðilar hafa reynt að leiða að því líkur, að verðmæti hlutafjárins í Sýn hf. hafi verið mun meira en nafnvirði bréfanna og þar með hafi salan verið bersýnilega til þess fallin að afla varnaraðilum, sem eru meðal hluthafa í Íslenska útvarpsfélaginu hf., ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað bæði annarra hluthafa og félagsins. Sóknaraðilar telja verðmæti félagsins fyrst og fremst liggja í leyfi til sjónvarpsútsendinga á einni af fjórum svokölluðum VHF-sjónvarpsrásum. Þeir hafa bent á, að félagið hafi keypt bréfin á 108.000.000 krónur á árunum 1990 og 1991. Þá vísa þeir til ummæla í bréfi stjórnarformanns félagsins til hluthafa 20. júlí 1993, þar sem þeim var boðið 80% hlutafé Sýnar hf., sem þá hafði verið fært niður í 10.000.000 króna. Í bréfinu kemur fram, „að hlutafé félagsins og þau verðmæti, sem ætla má, að séu fólgin í hlutafé Sýnar umfram söluverð, lenda þá í höndum réttra aðila, þ. e. eigenda Íslenska útvarpsfélagsins hf." einkum vísað til ummæla.

Ekki liggur fyrir matsgerð eða önnur samsvarandi sönnun um markaðsverð hlutabréfsins, og ekki liggur fyrir, að tilboð hafi verið gert í það áður. Þótt sóknaraðilar hafi leitt að því nokkrar líkur, að bréfin hafi verið seld undir raunvirði, benda ársreikningar Sýnar hf. fyrir árið 1993 og sala á vélum og tækjum til hins gagnstæða, auk þess sem sjónvarpssendingar á VHF-rás eru háðar leyfi útvarpsréttarnefndar.

Með vísan til ummæla í greinargerð með lögum nr. 31/1990 verður ekki talið, að mikið svigrúm sé til að slaka á sönnunarkröfum um þau atriði, sem 1. mgr. 24. gr. setur að skilyrði fyrir beitingu lögbanns. Ekki þykir hafa ver-

ið gert nægjanlega sennilegt í lögbannsmáli þessu, að hlutabréfið hafi verið selt svo verulega undir markaðsverði, að ráðstafanir stjórnarinnar hafi verið bersýnilega fallnar til að afla ákveðnum hluthöfum hagsmuna á kostnað félagsins með þeim afleiðingum, að til ógildingar eða riftunar á samningnum geti leitt.

Af sömu ástæðum verður ekki talið, að gert hafi verið sennilegt, að þeir stjórnarmenn, sem stóðu að ákvörðuninni, hafi haft svo verulegra hagsmuna að gæta af sölu hlutafjárins umfram aðra hluthafa, að þeir teljist hafa verið vanhæfir til að standa að henni.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið um þá hagsmuni, sem telja verður, að hlutafélagalög verndi, verður ekki séð, að brotið hafi verið gegn neinum þeim hagsmunum sóknaraðila, sem ekki verði bættir með skaðabótum úr hendi þeirra aðila, sem að ákvörðuninni stóðu, sbr. 132. gr. hlutafélagalaga. Fullnustu hugsanlegrar skaðabótakröfu má þá eftir atvikum tryggja með kyrrsetningu. Verður því einnig talið, að 1. tl. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1991 girði fyrir framgang lögbannskröfunnar.

Að þessu virtu þykir skilyrðum lögbanns skv. 24. gr. laga nr. 31/1990 ekki vera fullnægt, og ber því að staðfesta ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík.

Rétt þykir, að varnaraðilar greiði óskipt sóknaraðilum samtals 60.000 krónur í málskostnað.

Sigurður T. Magnússon, settur héraðsdómari, kveður upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík er staðfest.

Sóknaraðilar greiði in solidum varnaraðilum 60.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 15. september 1994.

Nr. 325/1994. **Andri hf.**
Guðjón Oddsson
Gunnar Ólafsson
Haraldur Haraldsson
Jóhann J. Ólafsson
Jón Ólafsson
Sigurður G. Guðjónsson
Sigurjón Sighvatsson
Útherji hf.
V. Sigurðsson og Snæbjörnsson hf.
Þorri hf. og
Þorvaldur K. Þorsteinsson
(Ragnar H. Hall hrl.)
gegn
Jóhannesi Torfasyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Kærumál. Lögbann. Hlutafélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. júlí 1994, sem barst réttinum 13. sama mánaðar. Kæruheimild er 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl., sbr. 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 2. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991.

Sóknaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir sýslumanninn á Blönduósi að leggja lögbann við því, að varnaraðili hagnýti sér þann rétt, sem fylgir hlutafjáreign hans í Sýn hf., kt. 500276-0109, Reykjavík, samkvæmt hlutabréfi í félaginu, nr. 72, en sú hlutafjáreign hans nemur nú samtals átján hundruð og fimmtíu þúsund hlutum. Jafnframt er krafist lögbanns við því, að varnaraðili ráðstafi hlutafjáreign sinni samkvæmt þessu hlutabréfi til þriðja aðila. Einnig er þess krafist, að lagt verði fyrir sýslumanninn að taka afstöðu til þess, um leið og

lögbannið verður ákveðið, hvort varnaraðila skuli gert skylt að afhenda sýslumanninum hlutabréfið til varðveislu, meðan lögbannið stendur. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Mál þetta var munnlega flutt samkvæmt heimild í 3. mgr. 149. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

I.

Málsatvik eru rakin í hinum kærða úrskurði. Eftir uppsögu hans 24. júní sl. var boðað til hluthafafundar 2. júlí. Þar var umboð þáverandi stjórnar félagsins afturkallað og ný stjórn kjörin. Hluthafafundur var haldinn á ný 13. júlí, og voru þar samþykktar svofelldar tillögur meiri hluta stjórnarmanna:

„1. Hluthafafundurinn samþykki að leita eftir ógildingu eða riftun á sölu hlutabréfs Íslenska útvarpsfélagsins hf. í Sýn hf., sem samþykkt var á stjórnarfundi félagsins þann 10. júní 1994.

2. Hluthafafundurinn samþykki að leita eftir ógildingu eða riftun starfslokasamnings Íslenska útvarpsfélagsins hf. við Pál Magnússon, fyrrverandi útvarpsstjóra félagsins.

3. Hluthafafundurinn samþykki, að Íslenska útvarpsfélagið hf. hafi uppi skaðabótakröfu á hendur fyrrum stjórnarmönnum félagsins sem stóðu að ákvörðun um sölu hlutabréfs félagsins í Sýn hf. og starfslokasamningi við fyrrum útvarpsstjóra, þeim Ingimundi Sigfússyni, Jóhanni Óla Guðmundssyni, Ásgeiri Bolla Kristinssyni, Stefáni Gunnarssyni, Þorgeiri Baldurssyni, fyrrum varastjórnarmönnunum Gunnsteini Skúlasyni og Ólafi Njáli Sigurðssyni og Páli Magnússyni, fyrrum útvarpsstjóra, vegna þess tjóns sem félagið kann að hafa orðið fyrir eða kann að verða fyrir vegna sölu hlutabréfsins og starfslokasamningsins."

II.

Að hlutafélagalögum nr. 32/1978 fer hluthafafundur með æðsta vald í málefnum hlutafélags samkvæmt því, sem lög og samþykktir þess ákveða, og fara hluthafar með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum, sbr. 63. gr. laganna. Fundir þessir eru jafnframt eini vettvangurinn, þar sem hluthafar geta beitt ákvörð-

unarvaldi sínu. Hluthafafundur getur tekið fyrir sérhvert málefni, sem félagið varðar, og gert um það ályktun, og ber þá stjórn félagsins að fara eftir því. Félagsstjórn ber að gæta hagsmuna allra hluthafa félagsins, sbr. 60. gr. laganna, sem hljóðar svo:

„Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri mega ekki framfylgja ákvörðunum hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila félagsins ef ákvarðanirnar eru ógildar vegna þess að þær brjóta í bága við lög eða félagssamþykktir."

Stjórn Íslenska útvarpsfélagsins hf. hafði í júlí 1993 að fyrirlagi útvarpsréttarnefndar boðið hluthöfum félagsins til kaups 80% hlutafjáreignar félagsins í Sýn hf. í hlutfalli við hlutafjáreign viðkomandi í hinu fyrrnefnda félagi. Salan fór fram, og var enginn ágreiningur um hana meðal hluthafa. Engin ákvörðun var tekin um að selja þau 20%, sem félagið átti enn eftir í Sýn hf., og verður ekki séð, að slík ráðstöfun hafi verið til umræðu í félaginu. Meiri hluti stjórnar félagsins hugðist taka þá ákvörðun á stjórnarfundi 10. júní sl. að selja þessa hlutafjáreign félagsins í Sýn hf. og bjóða ekki kaupin eftir sömu jafnræðisreglu og gætt hafði verið við sölu á þeim 80%, sem seld höfðu verið árið áður. Þessarar fyrirhuguðu ráðstöfunar, sem telja verður mikilvæga, var þó ekki getið í dagskrá, sem boðað var með til fundarins.

Á stjórnarfundi þessum lá fyrir, að skilyrðum 68. gr. hlutafélagalaga um hluthafafund var fullnægt, þar sem krafa um slíkan fund frá hluthöfum, sem réðu yfir meira en 10% hlutafjár, var fram komin.

Þegar allt þetta er virt, verður að telja, að hluthafar þeir, sem kröfðust þess að fá málefnið um sölu hlutabréfaeignarinnar tekið fyrir á hluthafafundi samkvæmt 69. gr., hafi átt rétt á því. Er þá einkum litið til þess, að sala hlutabréfanna samkvæmt fram komnum tilboðum gat verið til þess fallin að raska rétti hluthafa samkvæmt 60. gr. laganna. Í máli þessu verður ekki tekin afstaða til þess, hvað viðsemjendur um hlutabréfin vissu eða máttu vita um heimildir stjórnarinnar til ráðstöfunar bréfanna.

Samkvæmt þessu verður að telja skilyrðum 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 fullnægt, til þess að lögbannskrafa sóknaraðila megi ná fram að ganga, enda eiga ákvæði 3. mgr. 24. gr. ekki við í máli þessu. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og taka kröfur sóknaraðila til greina.

Rétt þykir, að varnaraðili greiði sóknaraðilum 40.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Lagt er fyrir sýslumanninn á Blönduósi að leggja lögbann við því, að varnaraðili máls þessa, Jóhannes Torfason, hagnýti sér þann rétt, sem fylgir hlutafjáreign hans í Sýn hf. samkvæmt einu hlutabréfi í félaginu, nr. 72, en sú hlutafjáreign hans nemur nú samtals átján hundruð og fimmtíu þúsund hlutum, og ráðstafi hlutafjáreign sinni samkvæmt þessu hlutabréfi til þriðja aðila.

Enn fremur er lagt fyrir sýslumanninn á Blönduósi að taka afstöðu til þess, um leið og lögbannið verður á lagt, hvort varnaraðila skuli gert skylt að afhenda sýslumanninum hlutabréfið til varðveislu, meðan lögbannið stendur.

Varnaraðili greiði sóknaraðilum, Andra hf., Guðjóni Oddssyni, Gunnari Ólafssyni, Haraldi Haraldssyni, Jóhanni J. Ólafssyni, Jóni Ólafssyni, Sigurði G. Guðjónssyni, Sigurjóni Sighvatssyni, Útherja hf., V. Sigurðssyni og Snæbjörnssyni hf., Þorra hf. og Þorvaldi K. Þorsteinssyni, 40.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 24. júní 1994.

I.

Ár 1994, föstudaginn 24. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Norðurlands vestra, sem háð er af Halldóri Halldórssyni héraðsdómara í réttarsal dómsins að Skagfirðingabraut 21, Sauðárkróki, kveðinn upp úrskurður í héraðsdómsmálinu nr. K-1/1994.

Mál þetta var þingfest og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 21. þ. m.

Sóknaraðilar málsins eru Andri hf., kt. 570267-0199, Bíldshöfða 12, Reykjavík, V. Sigurðsson og Snæbjörnsson hf., kt. 670269-3889, Sundaborg 14, Reykjavík, Jón Ólafsson, kt. 060854-5219, Stigahlíð 82, Reykjavík, Guðjón Oddsson, kt. 200639-7319, Birkihæð 10, Garðabæ, Sigurjón Sighvatsson, kt. 150652-2789, North Avenue, L. A., Kaliforníu, Bandaríkjunum, Jóhann J. Ólafsson, kt. 080435-7469, Kleifarvegi 5, Reykjavík, Haraldur Haraldsson, 131144-2459, Eyktarási 26, Reykjavík, Sigurður G. Guðjónsson, kt. 081151-3189, Lækjarási 7, Reykjavík, Útherji hf., kt. 570792-2459, Lækjarási 7, Reykjavík, Þorri hf., kt. 480289-1029, Suðurlandsbraut 4 A, Reykjavík, Gunnar Ólafsson, kt. 190838-4399, Eikjuvogi 13, Reykjavík, og Þorvaldur K. Þorsteinsson, kt. 051151-2679, Reynihlíð 9, Reykjavík.

Varnaraðili málsins er Jóhannes Torfason, kt. 110445-3189, Torfalæk 2, Torfalækjarhreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

II.

Dómkröfur sóknaraðila.

Sóknaraðilar gera þær dómkröfur, að ákvörðun sýslumannsins í Húnavatnssýslu 14. júní 1994 að hafna kröfum gerðarbeiðanda um lögbann verði felld úr gildi og lagt verði fyrir sýslumanninn að leggja lögbann við því, að varnaraðili hagnýti sér þann rétt, sem fylgir hlutafjáreign hans í Sýn hf., kt. 520276-0109, Reykjavík, samkvæmt einu hlutabréfi í félaginu, nr. 72, en sú hlutafjáreign nemur einni milljón átta hundruð og fimmtíu þúsund hlutum. Jafnframt er krafist lögbanns við því, að varnaraðili ráðstafi hlutafjáreign sinni samkvæmt þessu hlutabréfi til þriðja aðila.

Þá er þess og krafist, að lagt verði fyrir sýslumann að taka afstöðu til þess, um leið og lögbannið verður ákveðið, hvort varnaraðila skuli gert skylt að afhenda sýslumanninum hlutabréfið til varðveislu, meðan lögbannið stendur.

Loks krefjast sóknaraðilar málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að ákvörðun sýslumannsins á Blönduósi um synjun lögbanns í lögbannsmálinu nr. 1/1994 verði staðfest og að honum verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins, þar með talinn kostnaður vegna málsmeðferðar hjá sýslumanni.

III.

Málavextir.

Sóknaraðilar eru allir hluthafar í Íslenska útvarpsfélaginu hf., og kveðast þeir eiga samtals meiri hluta hlutafjár félagsins. Undanfarnar vikur hafa verið deilur innan félagsins. Sóknaraðilar hafa lýst yfir, að þeir standi sameiginlega að myndun nýs meiri hluta í félaginu, og hafa krafist hluthafafundar, svo að unnt verði að leysa núverandi stjórn félagsins frá störfum og mynda nýja.

Hinn 7. júní var boðað til stjórnarfundar í Íslenska útvarpsfélaginu hf. Samkvæmt fundarboði var dagskrá fundarins þessi: 1. Fundargerð síðasta fundar. 2. Boðun hluthafafundar. 3. Önnur mál.

Á boðuðum stjórnarfundi, sem haldinn var 10. júní sl., en þar var mætt fullskipuð stjórn félagsins að undanskildu því, að Sigurður G. Guðjónsson, varamaður í stjórn, tók sæti Jóns Ólafssonar, ákvað meiri hluti stjórnar að selja Ólafi Njáli Sigurðssyni hlutabréf í Sýn hf., að nafnverði 700.000 kr., Sólningu hf. hlutabréf að nafnverði 700.000 kr. og Dekkjahúsinu hlutabréf að nafnverði 600.000 kr. Öll voru bréfin seld á nafnverði. Fyrir fundinum lá tilboð nefndra kaupenda í hlutabréfin, dags. 1. júní sl. Á fundinum komu fram mótmæli við sölu bréfanna, en þau voru ekki tekin til greina og salan samþykkt með fimm atkvæðum af sjö.

Með þessari sölu var búið að selja öll hlutabréf Íslenska útvarpsfélagsins hf. í Sýn hf. Selt hlutafé nemur 20 af hundraði hlutafjár í Sýn hf.

Síðar sama dag, þ. e. 10. júní sl., framseldu kaupendur hlutabréfanna varnaraðila máls þessa hlutafé að nafnverði 1.850.000 kr.

Hinn 14. júní sl. hafnaði sýslumaðurinn á Blönduósi lögbannskröfu sóknaraðila. Kröfur sóknaraðila í lögbannsmálinu voru efnislega þær sömu og í máli þessu, nema hvað ekki var krafist málskostnaðar.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila.

Sóknaraðilar byggja málatilbúnað sinn á því, að stjórn Íslenska útvarpsfélagsins hafi verið óheimilt að ráðstafa nefndum hlutabréfum með þeim hætti, sem gert var. Á fundinum hafi komið fram skrifleg krafa um, að ráðstöfun umrædds hlutafjár yrði tekin á hluthafafundi. Ráðstöfun hlutafjárins með þeim hætti, sem gert var, stangist á við 69. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978.

Þá hafi stjórn félagsins verið óheimilt að ráðstafa hlutafénu, þar sem fundarboð bar ekki með sér, að slíka ákvörðun ætti að taka á fundinum. Með því að taka málið engu að síður til afgreiðslu hafi stjórn félagsins brotið gegn viðurkenndum meginreglum félagaréttar.

Einnig hafi ákvörðun stjórnarmanna, sem allir séu hluthafar í Íslenska

útvarpsfélaginu hf. og Sýn hf., verið óheimil samkvæmt 60. og 61. gr. nefndra hlutafélagalaga að ráðstafa bréfunum með fyrrgreindum hætti. Ráðstöfunin hafi bersýnilega verið til þess fallin að raska valdahlutföllum í Sýn hf. og til þess fallin, að ákveðnir hluthafar í Íslenska útvarpsfélaginu hf. næðu meiri hluta í Sýn hf. Þá séu kaupendur bréfanna tengdir meiri hluta stjórnarinnar, og þannig sé salan andstæð 56. gr. hlutafélagalaga.

Augljóst sé, að framsal hlutabréfanna sé málamyndagerningur, til þess fallinn að hindra, að lögmætt réttarástand komist á, fallist dómstólar á, að upphaflegt framsal bréfanna hafi verið ólögmætt. Ástæða sé til að ætla, að viðsemjendur varnaraðila séu reiðubúnir að beita öllum ráðum til að varna því, að lögmætt ástand komist á. Af þessum sökum sé nauðsynlegt, að lögbann verði lagt við hagnýtingu hlutabréfsins og ráðstöfun þess, meðan beðið er eftir niðurstöðu um lögmæti upphaflega framsalsins.

Sóknaraðilar telja augljóst, að varnaraðili geti ekki öðlast betri rétt en viðsemjendur hans höfðu til bréfsins, þar sem framsal til varnaraðila hafi augljóslega verið til málamynda. Hagnýting varnaraðila á þeim rétti, sem hlutabréfinu fylgi, og/eða framsal þess til annarra aðila brjóti gegn lögvörðum rétti sóknaraðila. Sóknaraðilar telja augljóst, að hagnýting bréfsins sé yfirvofandi og því sé þeim nauðsynlegt, að lögbannskrafa þeirra verði tekin til greina.

Sóknaraðilar byggja einnig á því, að hagsmunir þeirra af því, að lögbannskrafa þeirra nái fram að ganga, séu mun meiri en hagsmunir varnaraðila af því, að synjað verði um lögbann. Í þessu sambandi verði að líta til réttarstöðu aðila, eins og hún var, áður en umþrætt hlutabréf var framselt til viðsemjenda varnaraðila. Þá hafi réttarstaðan verið sú, að hlutafjáreign Íslenska útvarpsfélagsins í Sýn var 20 af hundraði, og þannig skyldi það vera áfram, en um það hafi ekki verið ágreiningur. Ráðstöfun hlutabréfanna raski aftur á móti valdahlutföllum í Sýn hf. og gefi ákveðnum aðilum möguleika á að komast í meirihlutaaðstöðu í Sýn hf. Sóknaraðilar benda á, að stjórnarformaður Íslenska útvarpsfélagsins hafi ritað hluthöfum í félaginu bréf og boðið þeim að kaupa hlut félagsins í Sýn hf. og ætlunin hafi verið, að verðmæti þau, sem í hlutabréfunum í Sýn hf., umfram nafnverð, fólust, færu í hendur réttra aðila, þ. e. eigenda Íslenska útvarpsfélagsins hf. Sala hlutabréfanna til viðsemjenda varnaraðila hafi verið brot á loforði því, sem í bréfi stjórnarformannsins fólst.

Sóknaraðilar telja nauðsynlegt, að lögbannið nái til ráðstöfunar og hagnýtingar réttinda samkvæmt hlutabréfinu til að koma í veg fyrir, að því verði ráðstafað til þriðja aðila, en lögbann við hagnýtingu væri haldlaust, ef ekki fengist lögbann við framsali.

Sóknaraðilar telja varnaraðila ekki treystandi til að hafa hlutabréfið undir höndum og því sé gerð krafa um, að lagt verði fyrir sýslumanninn á Blönduósi að taka afstöðu til þess, hvort umrætt hlutabréf skuli tekið úr höndum varnaraðila.

Sóknaraðilar eru ósamþykkir rökum sýslumannsins á Blönduósi, að ekki verði séð, með hverjum hætti ráðstöfun og hagnýting varnaraðila á bréfinu geti farið í bága við hagsmuni þeirra. Þeir telja, að t. d. áframhaldandi framsal bréfsins fari í bága við rétt sinn, og þá telja þeir, að hlutabréfið sé í raun illa fengið. Sóknaraðilar telja, að refsi- og bótaábyrgð veiti þeim ekki nægjanlega vernd, en ef til ábyrgðar komi, haldist hið ólögmæta ástand, og ætlunarverk viðsemjenda varnaraðila hafi þar með tekist.

Kröfu um málskostnað byggja sóknaraðilar á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Um heimild til að bera mál þetta undir héraðsdóm vísa sóknaraðilar til 1. mgr. 33. gr. laga nr. 31/1991.

Málsástæður og lagarök varnaraðila.

Varnaraðili byggir kröfu sína um, að lögbann nái ekki fram að ganga, á því, að hann hafi í höndum viðskiptabréf, sem hafi verið framselt honum á lögmætan hátt af til þess bærum aðilum. Samkvæmt samþykktum Íslenska útvarpsfélagsins hf. þurfi fjóra stjórnarmenn til að skuldbinda félagið, þ. m. t. til að veðsetja eignir þess. Undir upphaflega framsalið hafi ritað fimm af sjö stjórnarmönnum í félaginu. Samkvæmt nefndum samþykktum fari stjórn félagsins með æðsta vald í málefnum þess milli hluthafafunda. Þá mótmælir hann þeirri fullyrðingu sóknaraðila, að hér sé um málamyndagerning að ræða.

Þá byggir varnaraðili á því, að skilyrði 24. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 31/1990 séu ekki fyrir hendi og því beri að hafna lögbanni. Ekki hafi verið sýnt fram á, að einhver athöfn, sem brjóti gegn lögvörðum rétti sóknaraðila, sé byrjuð eða yfirvofandi af hans hálfu. Þá hafi sóknaraðilar ekki sýnt fram á, að þeir eigi einhverra lögvarinna hagsmuna að gæta af því, að hann nýti sér ekki rétt sinn samkvæmt hlutabréfinu. Sóknaraðilum hafi ekki tekist að sýna fram á, að einhverjir hagsmunir þeirra muni fara forgörðum, ef þeir þurfi að bíða dóms í máli sínu gegn upphaflegum framseljendum bréfsins. Varnaraðili telur réttindi sóknaraðila nægjanlega tryggð með reglum um refsi- og skaðabætur.

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Við úrlausn málsins ber að hafa í huga, að með 24. gr. laga nr. 31/1990 voru kröfur um sönnun fyrir því, að athöfn eða yfirvofandi athöfn gerðar-

þola myndu brjóta gegn hagsmunum gerðarbeiðanda, hertar verulega, og hefur sönnunarbyrðinni um þetta atriði nánast verið snúið við frá tíð eldri laga.

Mál þetta er í raun angi af stærra máli, sem verið hefur í gangi milli sóknaraðila og annarra hluthafa í Íslenska útvarpsfélaginu hf., en sóknaraðilar fullyrða, að þeir hafi myndað nýjan meiri hluta í Íslenska útvarpsfélaginu hf., og hefur þeirri fullyrðingu ekki verið mótmælt, og metur dómurinn það svo, að ekki verði hjá því komist að taka tillit til þeirra deilna, þegar komist er að niðurstöðu í máli þessu.

Sóknaraðilar málsins halda því fram, að upphaflegt framsal hlutabréfsins hafi verið ólögmætt og þeir hafi í hyggju að fá framsalið ógilt með dómi, svo að meiri hluti sá, sem nú hefur verið myndaður í Íslenska útvarpsfélaginu hf., fari einnig með meiri hluta í Sýn hf.

Umþrætt hlutabréf er 18,5 af hundraði hlutafjár í Sýn hf., sem upphaflega var allt í eigu Íslenska útvarpsfélagsins hf., en vegna kröfu útvarpsréttarnefndar varð félagið að selja 80 hundraðshluta í Sýn hf. Með nokkrum rétti má halda því fram, að framsal þetta teljist því mikilvæg ákvörðun í skilningi 1. mgr. 55. gr. hlutafélagalaga. Ákvörðun um framsal hlutabréfsins var tekin á stjórnarfundi, þar sem allir stjórnarmenn eða varamenn þeirra voru mættir, og höfðu þeir því tök á að fjalla um málið eins og gert er ráð fyrir í nefndri 55. gr. hlutafélagalaga. Í samþykktum Íslenska útvarpsfélagsins hf. eru ekki ákvæði um, að til stjórnarfundar skuli boðað með dagskrá, og slík ákvæði finnast ekki heldur í hlutafélagalögum.

Stjórnarmönnum þeim, sem stóðu að upphaflegu framsali hlutabréfanna, má hafa verið ljóst, að þeir nytu ekki stuðnings meiri hluta hluthafa í félaginu. Hins vegar verður að horfa til þess, að hlutabréfið er framselt með lögformlegum hætti og stjórnin hafði til þess formlega heimild. Krafa sóknaraðila um boðun hluthafafundar og krafa þeirra um, að beðið yrði með ákvörðun um framsal, breytir ekki þessari formlegu heimild stjórnarinnar. Ekki hefur verið sýnt fram á, að ráðstöfun stjórnarinnar hafi verið til þess fallin að afla ákveðnum hluthöfum hagsmuna á kostnað annarra hluthafa, svo að til ógildingar á samningnum geti leitt, eða að þeir stjórnarmenn, sem stóðu að ákvörðuninni, hafi haft svo verulegra hagsmuna að gæta af sölu hlutabréfanna umfram aðra hluthafa, að þeir teljist vanhæfir til að standa að ákvörðun þessari. Þá ber að horfa til þess, að varnaraðili fékk hlutabréfið ekki framselt frá sóknaraðilum, og hafa í raun engin rök verið færð fram fyrir því, hvaða lögvarða hagsmuni sóknaraðilar hafa af því, að varnaraðili geti ekki nýtt sér réttindi sín skv. hlutabréfinu.

Gegn mótmælum varnaraðila þykja sóknaraðilar ekki hafa sýnt fram á, að framsalið til varnaraðila hafi verið málamyndagerningur.

Hagsmunir sóknaraðila eru fyrst og fremst fjárhagslegir, en ekki verður séð, að þeir eigi lögvarða hagsmuni af því að fara með meiri hluta í Sýn hf., enda getur sá meiri hluti verið breytilegur frá einum tíma til annars. Þá hefur sóknaraðilum ekki tekist að gera nægjanlega sennilegt, að ákvæði hlutafélagalaga, sérstaklega 56., 60., 61. og 69. gr., leiði til þess, að upphaflegur framsalssamningur hlutabréfsins sé ógildur eða að varnaraðili hafi verið grandsamur.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður ekki séð, að brotið hafi verið gegn neinum þeim réttindum sóknaraðila, sem ekki verða bætt með skaðabótum úr hendi þeirra aðila, sem ákváðu að framselja hlutabréf félagsins í Sýn hf., sbr. 132. gr. hlutafélagalaga.

Með vísan til alls þessa er skilyrðum 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann o. fl. ekki fullnægt, og ber því að staðfesta ákvörðun sýslumanns.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins ber að dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 150.000 kr. Við ákvörðun málskostnaðar er haft í huga, að lögmaður varnaraðila þurfti vegna málareksturs þessa að fara tvær ferðir úr Reykjavík og norður í land.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun sýslumannsins á Blönduósi er staðfest.

Sóknaraðilar greiði in solidum varnaraðila 150.000 kr. í málskostnað.

Föstudaginn 16. september 1994.

Nr. 289/1994. **Stefán Sigtryggsson**
(sjálfur)
gegn
Stöllum hf.
Önnu S. Hallgrímsdóttur og
Sveini Valdimar Jónassyni
(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

Kærumál. Innsetningargerð. Haldsréttur. Bókhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. júní 1994, sem barst réttinum 21. sama mánaðar. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi „og þar með viðurkenndur haldsréttur kæranda á gögnum fyrrum umbjóðenda hans vegna ógreiddrar þjónustu varðandi bókhald þeirra". Til vara krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilum „verði gert að setja bankatryggingu til greiðslu skuldar þeirra við gerðarþola, sem nemur 498.070 kr., að viðbættum virðisaukaskatti". Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur að öðru leyti en um málskostnað og sóknaraðili verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og kærumálskostnað. Til vara krefjast varnaraðilar þess, að úrskurður héraðsdómara verði að öllu leyti staðfestur og þeim dæmdur kærumálskostnaður.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn um hreyfingar bókhalds varnaraðila og færslubækur.

I.

Málsatvikum er að nokkru lýst í hinum kærða úrskurði. Í aðfararbeiðni varnaraðila segir, að samkvæmt munnlegu samkomulagi þeirra við sóknaraðila hafi hann átt að „vinna úr umræddum bók-

haldsgögnum og ganga frá skýrslugerð til skattyfirvalda“. Á þessu er byggt í úrskurði héraðsdómara. Í kæru sinni til Hæstaréttar kveður sóknaraðili það vera misskilning, að hann hafi í upphafi tekið við gögnunum til þess að annast skattframtöl varnaraðila. Hann kveðst hafa tekið við þeim til að færa bókhald þeirra, en um það hafi aldrei verið samið, að hann annaðist ársuppgjör og skilaði framtölum þeirra. Samkvæmt þessu er ágreiningur með aðilum um skyldur sóknaraðila samkvæmt munnlegu samkomulagi þeirra, og óljóst er, hvort nokkuð hefur verið rætt um endurgjald fyrir vinnu sóknaraðila. Í því efni ber nú mikið á milli. Sóknaraðili hefur fengið 100.000 krónur greiddar fyrir vinnu sína og krefst að auki 498.070 króna. Áður en til málaferla kom, bauðst hann til sátta til að lækka kröfu sína í 350.000 krónur, og varnaraðilar buðust í sama skyni til að greiða 150.000 krónur.

Í greinargerð gerðarþola í héraði, sóknaraðila hér fyrir dómi, sagði meðal annars: „Gögn þau, sem um ræðir í máli þessu, eru fylgiskjöl vegna rekstrar gerðarbeiðenda, fylgiskjalafjöldi er 6.338 og fylla skjölin ásamt viðbótarskjölum, útbúnum af gerðarþola, 39 fylgiskjalamöppur í venjulegri A4-stærð.“ Í úrskurði héraðsdómara er heimiluð innsetning varnaraðila í framangreindan skjalafjölda. Í kæru sóknaraðila til Hæstaréttar segir, að um það bil 200 til 300 þessara skjala hafi hann að öllu leyti unnið á grundvelli gagna varnaraðila. Þessar upplýsingar virðast ekki áður hafa komið fram í málinu.

II.

Í kæru sóknaraðila er vinnu hans í þágu varnaraðila lýst svo: „Vinna gerðarþola fólst í því að koma skipulagi á gögnin, gefa þeim fylgiskjalanúmer, merkja (kvóta) skjölin til færslu (þ.e. árita þau um, hvernig bókfæra skuli), setja upp þrjú bókhaldskerfi fyrir gerðarbeiðendur, slá gögnin inn í tölvuforrit, gera virðisaukaskattsskýrslur samkvæmt niðurstöðum bókhalds og vinna við útreikning vörutalninga, gerð fylgiskjala með útreiknuðum færslum, t.d. vegna birgða og afstemmingar lána og fleira og fleira.“ Þessari lýsingu hefur ekki verið andmælt af hálfu varnaraðila.

Sóknaraðili telur verðmætisaukningu hafa orðið á hinu umdeilda gagnasafni og lýsir henni svo í kærunni: „Verðmætisaukningu, sem

felst í því, að sá aðili, er við tæki og lyki skattskilum, getur með auðveldum hætti nýtt sér númer og merkingar skjala, auk þess að vinna við flokkun og skipulagningu verður með öllu óþörf, og þannig verður vinna viðtakandi aðilans mun minni en ella væri, þar sem hann nyti vinnu gerðarþolans við sín störf.“ Varnaraðilar leggja áherslu á, að ekki sé um verðmætisaukningu að ræða, þar sem bókhaldsgögn séu ekki viðskiptaverðmæti, sem geti gengið kaupum og sölum, „og gögn þessi séu engu meira virði í viðskiptum vegna vinnu sóknaraðila né séu þau meira virði en áður fyrir varnaraðila“.

III.

Það er ljóst, að sóknaraðili hefur innt af hendi verulega vinnu fyrir varnaraðila. Í þessu máli verður ekki tekin afstaða til þess, hvað sé hæfilegt endurgjald fyrir þá vinnu. Hins vegar verður að leggja til grundvallar, að bókhaldsgögn varnaraðila, eins og þeim er lýst í málinu, hafi aukist að verðmæti fyrir þá sjálfa eftir meðhöndlun sóknaraðila. Er þá einkum horft til þess, að þeir þyrftu að verja til þess umtalsverðum tíma og fjármunum að koma þeim í sambærilegt horf og nú, ef þeir fengju bókhaldsgögnin afhent í þeirri mynd, sem sóknaraðili tók við þeim. Varðveisla sóknaraðila á bókhaldsgögnum varnaraðila brýtur ekki sjálfkrafa í bága við ákvæði 15. gr. bókhaldslaga nr. 51/1968 um geymsluskyldu bókhaldsskyldra aðila. Þar sem aðrir opinberir hagsmunir standa því ekki í vegi, að sóknaraðili hafi bókhaldsgögn varnaraðila undir höndum, eins og hér háttar til, verður hann talinn hafa haldsrétt í þeim, þar sem fullnaðaruppgjör aðila hefur ekki farið fram. Ber því að synja kröfu varnaraðila um innsetningu í hin umdeildu bókhaldsgögn, sbr. 78. gr. laga nr. 90/1989.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að varnaraðilar greiði sóknaraðila in solidum málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Synjað er kröfu varnaraðila, Stalla hf., Önnu S. Hallgrímsdóttur og Sveins Valdimars Jónassonar, um innsetningu í bókhaldsgögn í vörslu sóknaraðila, Stefáns Sigtryggssonar.

Varnaraðilar skulu in solidum greiða sóknaraðila 80.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. maí 1994.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 11. þ. m., var tekið til úrskurðar 18. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðendur eru Stallar hf., kt. 470191-1399, Stöllum, Selfossi, Anna S. Hallgrímsdóttir, kt. 230460-7369, Stöllum, Selfossi, og Sveinn Valdimar Jónasson, kt. 090263-4129, Fjölnisvegi 1, Reykjavík. Gerðarþoli er Stefán Sigtryggsson, Nönnugötu 16, Reykjavík.

Dómkröfur gerðarbeiðenda eru, að úrskurðað verði, að eftirtalið verði tekið úr vörslum gerðarþola og fengið lögmanni gerðarbeiðenda fyrir hönd gerðarbeiðenda:

„1. Bókhaldsgögn vegna Stalla hf. fyrir árin 1991, 1992 og 1993.

2. Bókhaldsgögn vegna Önnu S. Hallgrímsdóttur fyrir árin 1986, 1987, 1988, 1989 og 1990.

3. Bókhaldsgögn vegna Sveins Valdimars Jónassonar fyrir árin 1990 og 1991." Gerðarbeiðendur krefjast enn fremur málskostnaðar að mati dómsins, auk þess að fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Dómkröfur gerðarþola eru aðallega, að kröfum gerðarbeiðenda verði hafnað. Til vara gerir hann kröfu um, að innsetningin nái ekki til bókhaldsgagna varðandi Stalla hf. Hvort sem kröfur gerðarbeiðenda nái fram að ganga að öllu leyti eða hluta, þá krefst hann hæfilegrar tryggingar fyrir greiðslu úr hendi gerðarbeiðenda fyrir þá vinnu, sem hann hefur innt af hendi fyrir þá, og að fallist verði á, að málskot úrskurðar fresti aðfarargerð. Þá krefst hann málskostnaðar að mati dómsins úr hendi gerðarbeiðenda in solidum.

II.

Málavextir.

Gerðarþoli mun síðla árs 1990 hafa tekið að sér vinnu við bókhald og undirbúning að skattframtölum fyrir gerðarbeiðendur. Með bréfi 15. febrúar sl. sögðu gerðarbeiðendur gerðarþola upp störfum og óskuðu eftir, að hann afhenti þeim þau gögn, sem hann hefði undir höndum varðandi þau, í síðasta lagi 21. sama mánaðar. Gerðarþoli svaraði þessari málaleitan með bréfi 20. sama mánaðar, en þar kvaðst hann eiga haldsrétt „í þeim gögnum, sem þér setjið mér tímamörk um afhendingu á í bréfi ykkar", vegna skuldar gerðarbeiðenda, að fjárhæð 498.070 krónur án virðisaukaskatts, fyrir vinnuframlag, sem væri mismunur á verðmæti vinnunnar, að fjárhæð 598.070

krónur án virðisaukaskatts, og 100.000 króna greiðslu gerðarbeiðenda án virðisaukaskatts til gerðarþola. Kvað hann vinnu fyrir gerðarbeiðendur hafa legið niðri síðan síðastliðið haust, þar sem hann hefði ekki haft efni á að vinna fyrir þau án greiðslu á sama tíma og önnur verkefni, sem greiðsla kæmi fyrir, stæðu til boða. Taldi hann, að til að ljúka verkefnum fyrir gerðarbeiðendur væri eftir u. þ. b. 30-40 klst. vinna, þar með talinn frágangur viðkomandi framtala, þannig að hægt væri að skila þeim til skattstjóra, og myndi sú vinna kosta um 80.000 til 110.000 krónur „á venjulegum taxta í samræmi við vinnutíma". Gerðarþoli bauðst í bréfinu til að afhenda „umrædd gögn og framtöl fullfrágengin kl. 13.00 hinn 14. mars nk. gegn því, að þið staðgreiðið 350.000 kr. að viðbættum virðisaukaskatti". Að öðrum kosti kvað hann gerðarbeiðendum ekki standa annað til boða af sinni hálfu en að fá gögnin afhent ófrágengin gegn staðgreiðslu 498.070 króna auk virðisaukaskatts.

Lögmaður gerðarbeiðenda svaraði þessu bréfi gerðarþola með bréfi 23. sama mánaðar og hafnaði þar með öllu haldsrétti gerðarþola m. a. á þeim forsendum, að samningur aðila væri verksamningur og þóknun gerðarþola því bundin því skilyrði, að verk væri réttilega innt af hendi, en því væri ekki til að dreifa í þessu tilviki, og væri mikið í húfi fyrir gerðarbeiðendur að fá bókhaldsgögn sín í hendur til að ganga frá skattframtölum sínum til margra ára, sem gerðarþoli hefði að sínu leyti vanrækt fyrir þau. Um þóknunarkröfu gerðarþola kvað hann umjóðendur sína vilja semja, „en þær samningaviðræður verða að fara fram án nokkurrar þvingunar af yðar hálfu um löglausa synjun á afhendingu bókhaldsgagnanna".

Bréfi lögmannsins svaraði gerðarþoli með bréfi til hans, dags. 24. sama mánaðar, og telur sig ekki hafa vanrækt neinar samningsbundnar skyldur gagnvart gerðarbeiðendum, enda hafi vinnuframlag hans í þeirra þágu verið langt umfram það, sem sanngjarnt gæti talist, án þess að fá greitt fyrir það, og gerði hann þar nokkra grein fyrir þeim störfum. Þá ítrekaði hann fyrra tilboð sitt um uppgjör aðila og hafnaði kröfu um afhendingu bókhaldsgagna.

Síðastgreindu bréfi svaraði lögmaður gerðarbeiðanda með bréfi til gerðarþola, dags. 1. mars sl. Þar segir m. a.: „Umbj. m. óska þess, að komast megi hjá dómstólameðferð málsins með samkomulagi, en eru ekki reiðubúnir að greiða það, sem þeir telja óhæfilega þóknun. – Þar sem forsendur fyrir frekara samstarfi eru með öllu brostnar, geta umbj. m. ekki fallist á, að þér ljúkið þeirri vinnu, sem þér kveðið yður hafa hafið. Þeir óska þess, að ekki verði um frekari vinnu að ræða og að þér skilið umræddum gögnum gegn greiðslu á 150.000 kr. auk vsk. – Sáttaboð þetta er gert án viðurkenn-

ingar á greiðsluskyldu umbj. m., heldur einungis í sáttaskyni og áskilja þeir sér allan rétt gagnvart yður, verði tilboðinu hafnað."

Ekki er getið frekari skipta aðila þessa máls.

III.

Af hálfu gerðarbeiðenda er haldið fram, að ekki sé deilt um eignarrétt þeirra á þeim bókhaldsgögnum, sem þau hafi afhent gerðarþola, og haldsrétt geti gerðarþoli ekki öðlast, þar sem gerðarþoli hafi ekki aukið á nokkurn hátt verðmæti þeirra, sbr. Hrd. 1989, bls. 216, enda ekki um markaðsvöru að ræða eða eign, sem hafi almennt fjárhagslegt gildi. En á hitt beri að líta, að þessi skjöl hafi sérstaka þýðingu fyrir gerðarbeiðendur á margan hátt og ekki hvað síst til að geta sinnt framtalsskyldum sínum til skatts. Staðhæft er, að samkvæmt munnlegu samkomulagi gerðarbeiðenda við gerðarþola hafi gerðarþoli tekið að sér að vinna úr umræddum bókhaldsgögnum og ganga frá skýrslugerð til skattyfirvalda. Þá sé viðurkennt af gerðarþola, að hann hafi fengið greiddar 100.000 krónur frá gerðarbeiðendum. Gerðarþoli hafi hins vegar ekki skilað til skattyfirvalda skattskýrslum vegna þeirra tekjuára gerðarbeiðenda, sem bókhaldsgögnin varði, – til ómældra óþæginda fyrir gerðarbeiðendur vegna opinberra innheimtuaðgerða gagnvart þeim til greiðslu áætlaðra gjalda. Forsendur hafi því brostið fyrir frekari greiðslum þeirra til gerðarþola og fyrir vörslum gerðarþola á bókhaldsgögnunum.

Um lagarök vísa gerðarbeiðendur til „meginreglna kröfu- og eignarréttar" og 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Gerðarþoli neitar því að hafa í sínum vörslum bókhaldsgögn varðandi Önnu S. Hallgrímsdóttur vegna skattframtala hennar 1986 og 1988. Þá kveður hann framtölum hennar vegna hafa verið skilað til skattyfirvalda vegna áranna 1987 og 1989. Hann heldur því fram, að gögn þau, sem um sé að ræða, séu fylgiskjöl vegna rekstrar gerðarbeiðenda. „Fylgiskjalafjöldi er 6.338, og fylla skjölin ásamt viðbótarskjölum, útbúnum af gerðarþola, 39 fylgiskjalamöppur í venjulegri A4-stærð. – Þegar gerðarþoli fékk umrædd gögn afhent [. . .], var um að ræða lítt skipulagt safn skjala. Gerðarþoli og starfsmenn hans breyttu þessu fjölskrúðuga skjalasafni í bókhaldsgögn. Sú vinna var fólgin í því, að hverju skjali var gefið sérstakt einkennisnúmer, á þau rituð númer bókhaldslykla, þannig, að ljóst væri, hvernig skjölin skyldu bókfærð, og gerðar samantektir sölu o. þ. l. Að þessari vinnu lokinni voru sett upp þrjú bókhaldskerfi, eitt fyrir hvern gerðarbeiðanda. Fylgiskjölin voru síðan slegin inn í tölvuforrit og skrifaðir út listar til afstemminga, en blaðsíðufjöldi þessara lista er 429 [. . .]."

Gerðarþoli staðhæfir, að gerðarbeiðendur hafi ekki greitt sér nema sem svari sjötta hluta þeirrar þóknunar, sem hann áskilji sér fyrir vinnu sína og starfsmanna sinna, en síðustu greiðslu frá gerðarbeiðendum hafi þeir innt af hendi síðla árs 1992, og fyrir vinnu gerðarþola hafi „gagnasafn gerðarbeiðenda breytt um form og er nú orðið að bókhaldsgögnum". Vegna þessarar formbreytingar telur gerðarþoli sig eiga haldsrétt í gögnunum, þar til „full greiðsla" komi fyrir unna vinnu.

Gerðarþoli bendir á, að hann sé kjörinn endurskoðandi Stalla hf., sbr. dskj. nr. 25, og sem slíkur eigi hann rétt til að hafa í sínum höndum bókhaldsgögn félagsins; engu máli skipti í því sambandi uppsagnarbréf gerðarbeiðenda til sín, sbr. dskj. nr. 5, þar eð sér verði ekki vikið úr stöðu endurskoðanda með þeim hætti að réttum lögum.

Að öllu samanlögðu telur gerðarþoli gerðarbeiðendur ekki hafa sannað rétt sinn til umkrafinna gagna með þeim hætti, sem ákv. 83. gr. laga nr. 90/1989 um aðför geri ráð fyrir.

Varðandi kröfur sínar um tryggingu og kröfu um, að málskot úrskurðar héraðsdómara til æðra dóms fresti aðför, vísar gerðarþoli til þess, að efni og greiðslugeta gerðarbeiðenda orki tvímælis.

IV.

Hagsmunir gerðarbeiðenda til að fá í sínar hendur þau bókhaldsgögn, sem gerðarþoli viðurkennir að hafa tekið við úr höndum gerðarbeiðenda, þykja yfirgnæfa hagsmuni gerðarþola af að þvinga fram greiðslu fyrir vinnuframlag sitt frá gerðarbeiðendum með því að halda fyrir þeim gögnunum, en í því sambandi er engin afstaða tekin til réttmætis fjárkröfu gerðarþola á hendur gerðarbeiðendum. Vinna gerðarþola við að flokka og merkja gögnin þykir því ekki hafa helgað honum haldsrétt gegn hagsmunum gerðarbeiðenda og óumdeildum eignarrétti.

Þó að endurskoðanda hlutafélags beri að endurskoða ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti, er varða rekstur þess og stöðu, þá veitir það honum ekki rétt til að halda bókhaldsgögnum þess í sínum vörslum gegn óskum stjórnenda félagsins, enda eru það fyrst og fremst stjórnendur hlutafélags, sem ábyrgð bera á rekstri þess.

Ekki eru efni til að fallast á kröfu gerðarþola um tryggingu fyrir greiðslu vinnulauna, láti hann af vörslum umkrafinna bókhaldsgagna. Hins vegar þykir ástæða til að fallast á kröfu gerðarþola um, að málskot úrskurðar til æðra dóms fresti aðfarargerð.

Samkvæmt framangreindu verður fallist á kröfu gerðarbeiðenda, eins og í úrskurðarorði segir, en eftir atvikum þykir rétt, að hver aðila beri sinn kostnað af málinu.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Viðurkenndur er réttur gerðarbeiðenda, Stalla hf., Önnu S. Hallgrímsdóttur og Sveins Valdimars Jónassonar, til að brigða úr vörslum gerðarþola, Stefáns Sigtryggssonar, bókhaldsgögnum, 6.338 skjölum, er varða gerðarbeiðendur og bókhald þeirra, sem gerðarþoli tók við frá þeim til að annast skattframtöl þeirra vegna áranna 1990–1993.

Aðför er heimiluð fyrir kostnaði af innsetningargerðinni, ef til kemur.

Málskot úrskurðar frestar aðfarargerð.

Föstudaginn 16. september 1994.

Nr. 335/1994. **Snorri Ólafsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Gylfa Gunnarssyni
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Kærumál. Endurupptaka. Útivist í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. júlí 1994, sem barst Hæstarétti 2. ágúst sl. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað verði um endurupptöku héraðsdómsmálsins nr. E-12/1992: Snorri Ólafsson gegn Gylfa Gunnarssyni. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Kæra málsins er heimil samkvæmt q-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, sbr. 2. mgr. 147. gr. laga nr. 91/1991.

Í hinum kærða úrskurði er greint frá málsatvikum og málsástæðum aðila. Í kæru sinni og greinargerð fyrir Hæstarétti byggir sóknaraðili á þeirri málsástæðu auk þeirrar, sem hann hafði uppi í héraði og gerð er grein fyrir í úrskurði héraðsdómara, að ekki sé lagagrundvöllur til að verða við beiðni varnaraðila um endurupptöku, þar sem útivist hans í héraði hafi orðið vegna ákvörðunar varnaraðila, en ekki fyrir mistök. Engar tilkynningar hafi borist um lögmæt forföll, og engin beiðni hafi borist frá varnaraðila um að komast inn í meðferð málsins að nýju.

Samkvæmt 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 eru þau skilyrði ein sett fyrir endurupptöku útivistarmáls í héraði, að um hana sé beðið innan þriggja mánaða, frá því að máli lauk, og innan mánaðar, frá því

að stefnda varð kunnugt um málalok. Berist slík beiðni innan þessara tímamarka, er ekki þörf frekari rökstuðnings, og ekki þarf að uppfylla önnur skilyrði en þau, sem leiðir af 3. mgr. greinarinnar um tryggingu. Ótvírætt er, að beiðni varnaraðila um endurupptöku barst héraðsdómara í tæka tíð. Með skírskotun til raka héraðsdómara er fallist á þá niðurstöðu hans, að trygging hafi verið sett með fullnægjandi hætti. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur og sóknaraðila gert að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Snorri Ólafsson, greiði varnaraðila, Gylfa Gunnarssyni, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 15. júlí 1994.

Föstudaginn 15. júlí 1994 er dómþing Héraðsdóms Austurlands haldið að Miðstræti 18, Neskaupstað, af Bernhard Bogasyni, settum héraðsdómara, og kveðinn upp úrskurður í málinu nr. E-12/1992: Snorri Ólafsson gegn Gylfa Gunnarssyni.

Á dómþingi Héraðsdóms Austurlands í dag var tekin fyrir beiðni Gísla Baldurs Garðarssonar hrl. f. h. Gylfa Gunnarssonar, stefnda í máli þessu, um endurupptöku ofangreinds máls. Jón Oddsson hrl., umboðsmaður Snorra Ólafssonar, stefnanda málsins, hafði uppi mótmæli við endurupptökubeiðninni, og var ágreiningurinn tekinn til úrskurðar í þinghaldinu.

Málið var höfðað af Snorra Ólafssyni, kt. 290844-4289, á hendur Gylfa Gunnarssyni, kt. 270740-2789, til greiðslu skuldar, og var málið þingfest 14. maí 1992 á bæjarþingi Neskaupstaðar. Í þinghaldi 20. janúar 1993 lagði stefndi fram greinargerð og krafðist aðallega frávísunar málsins. Ákveðið var, að málflutningur færi fram um frávísunarkröfuna 22. febrúar 1993, en þá sótti stefndi ekki þing. Dómur var síðan lagður á málið 26. maí sl., og með þeim dómi var stefnda gert að greiða stefnanda 4.534.301 kr. auk dráttarvaxta frá 23. ágúst 1990 til greiðsludags og 350.000 kr. í málskostnað.

Hinn 16. júní sl. barst Héraðsdómi Austurlands beiðni stefnda um endurupptöku málsins. Í beiðninni kom fram, að stefndi hefði fengið endurrit dóms í málinu í hendur 2. júní sl. Í beiðninni var ekki gerð grein fyrir tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar, sbr. 3. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991.

Með bréfi, dagsettu 24. júní 1994, staðfesti dómurinn móttöku beiðninnar, en tilkynnti jafnframt, að henni yrði ekki sinnt, nema fullnægt yrði

ákvæðum 3. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 um tryggingu fyrir dæmdum málskostnaði. Afrit bréfsins var sent Jóni Oddssyni hrl. Sendi hann dóminum samdægurs bréf, þar sem hann mótmælti endurupptökubeiðninni og óskaði svars dómsins. Dómurinn staðfesti að hafa móttekið bréf lögmannsins, en svaraði bréfinu ekki efnislega, enda hafði dómurinn ekki tekið endurupptökubeiðnina til meðferðar.

Hinn 30. júní barst trygging fyrir málskostnaðinum í því formi, að stefndi stofnaði sérstaka bankabók og lagði inn á hana 354.627,75 kr., hinn dæmda málskostnað, ásamt dráttarvöxtum, og fékk dómurinn vörslur bókarinnar.

Hinn 11. júlí sl. var boðað til þinghalds til að taka endurupptökubeiðnina fyrir. Í því þinghaldi mótmælti lögmaður stefnanda endurupptöku málsins. Vísaði hann sérstaklega til þess, að í bréfi, er fylgdi með tryggingu stefnda, hefði komið fram, að Héraðsdómur Austurlands hefði vörslur nefndrar bankabókar, þar til ráðið yrði um endurupptöku málsins, en þá ætti að afhenda hana Gísla Baldri Garðarssyni hrl. Því hefði fullnægjandi trygging komið of seint fram miðað við tímafresti 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991. Tryggingin hefði ekki verið sett fram á fullnægjandi hátt, fyrr en lögmaður stefnda hefði gefið yfirlýsingu um, að afhenda mætti stefnanda bankabókina beint, yrði endanleg niðurstaða málsins sú, að málskostnaður yrði lagður á stefnda, en lögmaður stefnda hafði gefið þá yfirlýsingu í upphafi þinghaldsins. Í bréfi lögmanns stefnanda, dagsettu 24. júní, komu fram mótmæli við endurupptökubeiðninni á þeim grundvelli, að trygging þyrfti að koma fram í síðasta lagi með beiðni um endurupptöku.

Lögmaður stefnda kvað trygginguna hafa verið fram setta í samræmi við 3. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991. Orðalag bréfsins vísaði til þess, að það væri skilningur stefnda, að hann væri greiðandi málskostnaðarins, en ekki dómurinn.

Lögmennirnir reifuðu sjónarmið sín í þinghaldinu og lögðu ágreininginn í úrskurð dómsins.

Niðurstaða.

Miða verður við, að 2. júní sl. hafi stefnda orðið kunnugt um niðurstöðu dómsins frá 26. maí sl. Hinn 30. júní opnaði stefndi sérstakan sparisjóðsreikning vegna málsins og lagði inn á hann fjárhæð, sem jafngildir málskostnaði þeim, sem á hann var lagður í dóminum. Reikningurinn var stofnaður í útibúi Landsbankans á Egilsstöðum, sem geymir sparisjóðsbókina, en héraðsdómur hefur geymslukvittun bókarinnar. Líta verður svo á, að með því að stofna reikninginn hafi stefndi sett fram tryggingu í samræmi við 3. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991, enda allur málatilbúnaður hans í samræmi við ákvæði þeirrar lagagreinar. Með vísan til 3. mgr. 137. gr. laga nr.

91/1991 metur dómurinn trygginguna gilda, og samkvæmt framansögðu verður að telja, að beiðni um endurupptöku ásamt gildri tryggingu fyrir dæmdum málskostnaði hafi borist innan mánaðar, frá því að stefnda varð kunnugt um niðurstöðu dóms þess, sem kveðinn var upp 26. maí sl. Er því fullnægt skilyrðum 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála til að verða við kröfu stefnda um endurupptöku málsins nr. E-12/1992: Snorri Ólafsson gegn Gylfa Gunnarssyni.

Málskostnaður úrskurðast ekki.

Úrskurðarorð:

Endurupptekið er málið nr. E-12/1992: Snorri Ólafsson gegn Gylfa Gunnarssyni.

Föstudaginn 16. september 1994.

Nr. 367/1994. **Þrotabú Köfunarstöðvarinnar hf.**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
Jónu Kristbjörnsdóttur
(Guðjón Ármann Jónsson hdl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. júlí 1994, sem barst réttinum 26. ágúst sl. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða frávísunarúrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði. Svo sem þar er rakið, fundust bókhaldsgögn hins gjaldþrota félags utan dyra, eftir að á þau hafði rignt og snjóað. Af því hlutust þau vandkvæði, að erfiðleikum var bundið að sjá af þeim heillega mynd af rekstri félagsins. Á það verður fallist með héraðsdómara, að við svo búið var nauðsyn á gagngerri endurskoðun bókhaldsins og þá sérstaklega með hliðsjón af yfirlýsingum varnaraðila um tilhögun þess. Að þessu athuguðu verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, þrotabú Köfunarstöðvarinnar hf., greiði varnar-

aðila, Jónu Kristbjörnsdóttur, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 29. júní 1994.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 9. þessa mánaðar um formhlið.

Stefnandi er þrotabú Köfunarstöðvarinnar hf., kt. 560872-0119, Lágmúla 7, Reykjavík. Stefnda er Jóna Kristbjörnsdóttir, kt. 030154-3049, Ásbúð 94, Garðabæ.

Dómkröfur stefndu í þessum þætti málsins, sem tekinn hefur verið til úrskurðar, eru þær, að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati réttarins ásamt virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

Af hálfu stefnanda er þess krafist í þessum þætti málsins, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið og stefnda dæmd til að greiða stefnanda málskostnað að mati réttarins.

Í máli þessu krefur stefnandi stefndu um endurgreiðslu á 9.801.024 kr. auk vaxta, sem stefnandi telur stefndu hafa fengið greidda úr sjóðum hins gjaldþrota félags, Köfunarmiðstöðvarinnar hf., sem tekið hafi verið til skipta sem gjaldþrota 3. 12. 1992. Bókhald hins gjaldþrota félags hafi fundist í poka og kassa úti á svölum þess húsnæðis, sem var starfsstöð félagsins, þar hafi rignt og snjóað yfir það og illt að hafa úr gögnunum heillega mynd af rekstrinum. Samt sem áður hafi verið greinilegt af gögnum, að stefnda, sem annaðist bókhald félagsins og að einhverju leyti fjárreiður þess, hefði fengið úr sjóðum þess 2.487.935,33 kr. fyrir áramótin 1989/1990 og á árinu 1991 3.249.946 kr. Þá hafi fundist í bókhaldinu kvittanir og millifærslur á reikninga stefndu, að fjárhæð 4.063.143 kr. Samtals nemi þetta stefnufjárhæðinni. Fyrrum endurskoðandi félagsins hafi staðfest fyrri fjárhæðirnar tvær, kr. 2.487.935,33 og 3.249.946, en bókhald fyrir árið 1991 hafi ekki verið fært, en kvittanir tíndar út úr fylgiskjölum þess árs. Ekki sé ljóst, hvernig eða hvort stefnda aflaði heimilda eða samþykkis forráðamanna félagsins til þessara úttekta.

Í greinargerð stefndu er þess getið, að stefnda hafi allt til ársins 1992 starfað í umræddu félagi, sem hafi verið fjölskyldufyrirtæki föður hennar. Hún hafi m. a. haft með höndum bókhald félagsins. Það hafi verið tiltekin venja hjá félaginu, að faðir hennar og bróðir fengju fjármuni hjá henni til að standa straum af daglegum útgjöldum félagsins. Fjármunir þessir hafi verið bókaðir inn á viðskiptareikning hennar í stað biðreiknings. Við afstemmingu ársreikninga hafi skuld stefndu á viðskiptareikningi síðan verið jöfnuð með þeim fylgiskjölum, sem borist höfðu frá feðgunum, en þeim mismun, sem eftir stóð, síðan skipt til helminga á viðskiptareikninga feðg-

anna. Þessi aðgerð hafi síðast verið framkvæmd árið 1987. Skuld á viðskiptareikningi stefndu hafi myndast með sama hætti árin 1988, 1989 og 1990, og hafi hún numið 5.737.882,98 kr. í árslok 1990. Viðskiptareikningurinn hafi hins vegar ekki verið jafnaður með fyrrgreindum hætti fyrir þessi ár af ástæðum, sem raktar eru í greinargerð stefndu.

Tilvist þeirra úttekta og millifærslna, sem eru hluti kröfugerðar stefnanda, kveður stefnda mega rekja til þess, að félagið hafi átt í erfiðleikum með að fá bankafyrirgreiðslu á árinu 1991. Hún hafi þá tekið til þess bragðs að nota reikning sinn, nr. 20709 í Sparisjóði Hafnarfjarðar, sem reikning félagsins, og hafi greiðslur til félagsins verið lagðar þar inn og rekstrargjöld verið greidd út af þeim reikningi. Reikningurinn hafi ekki verið notaður til annars á meðan, og hann hafi ekki verið notaður, síðan starfsemi var hætt hjá félaginu.

Kröfu sína um frávísun málsins byggir stefnda á því, að lýsing stefnanda á málsástæðum og lagarökum sé svo fátækleg, að ekki sé hægt að sjá, á hvaða grunni málið sé reist. Þá telji stefnda, að fram lögð gögn, sem stefnandi byggi mál sitt á, séu ekki fullunnin og svo ófullkomin, að ekki sé hægt að reisa málshöfðunina á þeim einum. Stefnda telji því málið svo vanreifað af hálfu stefnanda, að vísa beri því frá dómi, enda sé henni ekki tækt án verulegs kostnaðar að verjast kröfum stefnanda. Verði frávísunarkrafan ekki tekin til greina, sé verið að velta sönnunarbyrðinni yfir á hana um grundvallaratriði málatilbúnaðar stefnanda.

Stefnandi byggi á bókhaldsgögnum, sem hafi ekki verið fullfrágengin, svo og stökum kvittunum úr bókhaldi ársins 1991, án þess að heildarviðskipti stefndu við félagið það ár hafi verið skoðuð. Stefnda telji því, að stefnanda hefði borið að fá skoðun löggilts endurskoðanda á bókhaldsgögnum félagsins, áður en málið var höfðað. Það hafi ekki verið gert, og beri því að vísa málinu frá dómi.

Kröfu sína um, að hrinda beri frávísunarkröfu stefndu, byggir stefnandi m. a. á þeim rökum, að fullkomlega eðlilegt hafi verið, að skiptastjóri bús, sem fái staðfestingu endurskoðanda félags á viðskiptaskuld stefndu og finni í bókhaldi kvittanir upp á margar milljónir yfir úttektir stefndu hjá félagi, þar sem ekki komi fram í gögnum, að um umsamdar úttektir hafi verið að ræða, höfði mál til að fá málið upplýst. Stefnda hafi kurteislega verið spurð um málsatvik í bréfi og henni síðan sent innheimtubréf, allt án offors, en hún hafi virt þau bréf að vettugi.

Þá verði að telja aðkomu að bókhaldinu á ábyrgð stefndu. Hún hafi verið skrifstofustjóri félagsins, og upp úr gjaldþroti þess hafi hún og eiginmaður hennar stofnað félagið Hafverk hf., sem tekið hafi við eignum og starfsstöð

félagsins. Það hafi því verið á ábyrgð stefndu o. fl., sem stefnda verði að bera hallann af, hvernig bókhaldsgögn félagsins voru útleikin, eftir að þau höfðu verið utan húss í regni og snjó.

Nú hafi komið í ljós, sbr. greinargerð stefndu, að stefnda hafi undir höndum gögn varðandi bókhald hins gjaldþrota félags, sem stefnanda beri með réttu, án þess að stefnda hafi sýnt neitt frumkvæði að því að skila þeim gögnum. Stefnda hyggist hins vegar byggja varnir sínar á þeim gögnum. Þá er því mótmælt af hálfu stefnanda, að málsástæður hans og lagarök séu ekki nægilega skýr í stefnu. Til þess beri að líta, að málavaxtalýsingu í stefnu beri að skoða sem hluta málsástæðna stefnanda.

Niðurstaða.

Í máli þessu þykir ekki orka tvímælis, á hvaða málsástæðum og lagarökum stefnandi byggir dómkröfur sínar. Þær byggir hann á því, að samkvæmt tiltækum gögnum skuldi stefnda stefnanda hina umkröfðu fjárhæð. Mál þetta höfðar stefnandi því til heimtu skuldar.

Málinu verður því ekki vísað frá dómi á grundvelli þeirra raka stefndu, að lýsing málsástæðna og lagaraka í stefnu sé svo fátækleg, að ekki sé unnt að sjá, á hvaða grunni málið sé reist.

Í máli þessu sætir ekki ágreiningi, að á árunum 1988–1990 hafi myndast skuld á viðskiptareikningi stefndu hjá félaginu, sem í árslok 1990 hafi numið 5.737.882,98 kr.

Af hálfu stefndu er því á hinn bóginn haldið fram, að eftir hafi verið að jafna þessa bókfærðu skuld út með fylgiskjölum frá föður hennar og bróður og með því að færa þá fjárhæð, sem þá stæði eftir, að jöfnu á viðskiptareikninga þeirra, eins og venja hafi staðið til og síðast hafi verið gert árið 1987, eins og áður er rakið.

Dómurinn telur hér vera um atriði að ræða, er varði efnisvarnir stefndu og snúi að efnishlið málsins, en ekki formhlið, og verði frávísun málsins ekki byggð á þessum ástæðum.

Í annan stað byggir stefnandi dómkröfur sínar á stökum fylgiskjölum, sem tínd hafa verið út úr bókhaldsgögnum félagsins fyrir árið 1991 og eiga að sýna úttektir stefndu hjá félaginu og millifærslur á reikninga hennar, samtals að fjárhæð 4.063.143 kr.

Eins og áður er getið, var stefnda starfsmaður félagsins um árabil og þáði laun og aðrar greiðslur frá félaginu. Hún hafði sérstakan viðskiptareikning hjá félaginu, þar sem fjárhagsleg staða hennar gagnvart félaginu kom fram hverju sinni.

Af hálfu stefnanda er þessi kröfuliður byggður á einstökum fylgiskjölum

úr bókhaldi félagsins árið 1991, án þess að þess sé freistað að skoða þessar úttektir og millifærslur í samhengi við heildarviðskipti stefndu við félagið á þessu ári. Slíkt var þó nauðsynlegt með hliðsjón af fyrri viðskiptum stefndu við félagið. Verður því að telja brýna nauðsyn hafa verið á faglegri úrvinnslu bókhaldsfróðra aðila eins og löggiltra endurskoðenda á þeim bókhaldsgögnum, sem stefnanda voru tiltæk, til að varpa skýru ljósi á skuldastöðu stefndu gagnvart félaginu, áður en mál væri höfðað vegna þessa kröfuliðar.

Málið telst því svo vanreifað af hálfu stefnanda, að ekki verði úr bætt í rekstri málsins án verulegra réttarþyngsla fyrir stefndu varðandi varnir hennar. Slík gagnaúrvinnsla í rekstri máls væri og í andstöðu við reglur almenns réttarfars um skýran málflutning. Þegar til þess er litið, að skoða verður stöðu stefndu gagnvart félaginu heildstætt, verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá dómi í heild, en ekki einvörðungu þessum síðasttalda kröfulið.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða dómsins því sú, að vísa beri máli þessu frá dómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn 45.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, þrotabú Köfunarstöðvarinnar hf., greiði stefndu, Jónu Kristbjörnsdóttur, 45.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Föstudaginn 16. september 1994.

Nr. 369/1994. **Meleyri hf.**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Gjaldtökusjóði
(Valgarð Briem hrl.)

Kærumál. Fjárnám. Lög um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. ágúst 1994, sem barst réttinum 29. sama mánaðar. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 3. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Krefst sóknaraðili þess, að felld verði úr gildi árangurslaus fjárnámsgerð sýslumannsins á Blönduósi, sem fram fór að kröfu varnaraðila hjá Meleyri hf. 14. mars 1994 fyrir 1.817.211 krónum auk dráttarvaxta og kostnaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Meleyri hf., greiði varnaraðila, Gjaldtökusjóði, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 29. júlí 1994.

Ár 1994, föstudaginn 29. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Norðurlands vestra, sem háð er í Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg af

Hirti O. Aðalsteinssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. Y-2/1994: Meleyri hf. gegn Gjaldtökusjóði, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 22. júlí sl.

Sóknaraðili málsins er Meleyri hf., kt. 471272-0279, Brekkugötu 2, Hvammstanga.

Varnaraðili málsins er Gjaldtökusjóður, kt. 470993-2459, Skúlagötu 4, Reykjavík.

I.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að fjárnámsgerð, sem tekin var fyrir 14. mars 1994 kl. 15.00 hjá sýslumanninum á Blönduósi gagnvart gerðarþola og lokið var sama dag án árangurs, verði felld úr gildi og að sóknaraðila verði ákvarðaður málskostnaður að mati réttarins eða samkvæmt síðar fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðila málskostnað skv. mati dómsins.

II.

Sóknaraðili lýsir málavöxtum svo, að á fiskveiðiárinu 1991 til 1992 lagði togbáturinn Siggi Sveins, ÍS 29, sem nú heitir Halldór Jónsson, SH 217, upp hjá sóknaraðila, en eigandi bátsins var Rækjuverksmiðjan hf., Hnífsdal. Á árinu 1992 og 1993 var rekstur sóknaraðila erfiður, og leiddi það til þess, að 19. maí 1993 fékk hann heimild Héraðsdóms Norðurlands vestra til að leita nauðasamninga meðal skuldheimtumanna sinna. Sama dag var sóknaraðila tilkynnt um umframafla fyrrnefnds skips á fiskveiðiárinu 1991 til 1992. Nokkru síðar og meðan á nauðasamingaumleitunum stóð, barst sóknaraðila bréf Fiskistofu, dags. 25. júní 1993, þess efnis, að lagt hefði verið gjald á hann vegna ólögmæts sjávarafla Halldórs Jónssonar, SH 217, á fiskveiðiárinu 1991 til 31. ágúst 1992. Bréfi þessu var ekki sinnt, þar sem forsvarsmenn sóknaraðila töldu sig ekki rétta aðila að málinu og allt að einu væri ljóst, að málsmeðferð Fiskistofu væri í andstöðu við ákvæði 3. þáttar gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991 um nauðasamninga. Segir sóknaraðili, að þrátt fyrir ítrekuð mótmæli sóknaraðila við því, að kröfu þessari væri haldið fram gegn honum, var 14. mars sl. framkvæmd aðför sú, sem krafist er, að verði ógilt.

Ofangreindri málavaxtalýsingu hefur ekki verið mótmælt af hálfu varnaraðila.

Samkvæmt endurriti úr gerðabók sýslumannsins á Blönduósi er ofangreind aðfarargerð nr. 20/1993/00376, og mætti Guðmundur Tryggvi Sigurðsson stjórnarformaður fyrir gerðarþola. Gerðarbeiðandi krafðist fjár-

náms fyrir kröfu að fjárhæð 2.078.938 kr. með nánar tilgreindri sundurliðun. Gerðarþoli mótmælti gerðinni á þeim grundvelli annars vegar, að gerðarþoli væri ekki réttur aðili, og hins vegar, að krafan væri samningskrafa samkvæmt nauðasamningi, sem heimild var veitt til að leita 19. maí 1993 og staðfestur var 9. september 1993. Fulltrúi sýslumanns ákvað, að gerðin færi fram þrátt fyrir þessi mótmæli, og lýsti gerðarþoli þá yfir eignaleysi.

Samkvæmt gögnum málsins er efni ofangreinds nauðasamnings það, að lánardrottnar fengu loforð um greiðslu á 25% krafna sinna, þó þannig, að lágmarksgreiðsla skyldi vera 50.000 krónur. Skyldu 15% kröfu greiðast strax eftir staðfestingu nauðasamnings, næstu 5% innan 6 mánaða frá staðfestingu hans, og þau 5%, sem eftir eru, átti að greiða innan 12 mánaða frá staðfestingu nauðasamnings.

Meðal gagna málsins eru kvótaskýrslur skipsins frá september 1991 til ágústmánaðar 1992, og kemur þar fram, að aflanum er í öllum tilvikum landað á Hvammstanga og í dálk fyrir kennitölu eiganda er skráð kennitala sóknaraðila nema á tveimur síðustu skýrslunum, þar sem skráð er kennitala eiganda í Ólafsvík, en aflanum allt að einu landað á Hvammstanga.

III.

Sóknaraðili lýsir málsástæðum sínum svo, að krafan um ógildingu aðfarargerðarinnar frá 14. mars sl. sé á því reist, að gerðinni hafi á grundvelli rangrar stjórnvaldsákvörðunar verið beint að sér í stað eiganda bátsins Halldórs Jónssonar, SH 217, og beri því að fella hana úr gildi.

Einnig byggir sóknaraðili á því, að jafnvel þótt sóknaraðili teljist réttur skuldari að kröfu Gjaldtökusjóðs, beri að fella fjárnámið úr gildi, þar sem við framkvæmd þess hafi legið ljóst fyrir, að krafan félli undir ofangreindan nauðasamning. Þar sem krafan byggist á atvikum, sem áttu sér öll stað fyrir 1. september 1992, verði að telja, að stofnunartími kröfunnar sé á árinu 1992. Verði að telja, að krafan sé í síðasta lagi stofnuð, þegar þær upplýsingar lágu fyrir, sem hún er reist á, og megi þá með hliðsjón af yfirliti Fiskistofu um umframafla frá 19. maí 1993 telja, að það hafi í síðasta lagi verið þann dag. Því verði að telja með gagnályktun frá 1. tl. 1. mgr. 28. gr., sbr. 29. gr., að krafan sé samningskrafa, er falli undir fyrrnefndan nauðasamning. Falli allar samningskröfur undir nauðasamninginn, hvort sem þeim er lýst eða ekki, sbr. 31. gr. og 2. mgr. 60. gr. l. nr. 21/1991. Verði ekki fallist á, að kröfunni hafi verið ranglega beint að sóknaraðila, verður að telja, að sóknaraðila hafi í mesta lagi borið að greiða 25% kröfunnar með þeim skilyrðum, er fram koma í nauðasamningnum. Telur sóknaraðili, að þar sem ljóst sé, að annaðhvort hafi kröfuni verið beint með óréttmætum hætti að

sóknaraðila eða krafan of há, þar sem ekki var tekið tillit til nauðasamnings, geti yfirlýsing fyrirsvarsmanns sóknaraðila um eignaleysi ekki haft gildi, og beri því að fella fjárnámið í heild sinni úr gildi.

IV.

Varnaraðili lýsir málsástæðum sínum svo, að skv. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 37/1992 skal sá, sem eigi vill una ákvörðun Fiskistofu, kæra hana innan tveggja vikna, frá því að hann fékk vitneskju um hana. Ekki sé vitað til þess, að álagning hafi verið kærð á þann hátt, sem lög gera ráð fyrir, og beri því þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfugerð sóknaraðila. Bendir varnaraðili á, að beinlínis er staðhæft í bréfi sóknaraðila, dagsettu 6. maí sl., að álagningu hafi ekki verið sinnt, þar sem forsvarsmenn sóknaraðila töldu sig ekki réttan aðila. Þá byggir varnaraðili á því, að verði framangreint ekki tekið til greina, teljist sóknaraðili ótvírætt vera útgerðaraðili skipsins, sem veiddi umframaflann, þrátt fyrir það að skipið væri þinglesin eign annars. Hafi sóknaraðili einn séð um rekstur skipsins á þessum tíma og því eðlilegt, að álagningin beindist gegn honum skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 37/1992. Þá hafi sóknaraðili engin gögn lagt fram um það, hvernig samningi hans og eiganda bátsins var háttað, og hljóti álagningin því tvímælalaust að teljast réttmæt á grundvelli framangreindrar lagagreinar.

Varnaraðili mótmælir því, að um samningskröfu sé að ræða, heldur álagningu gjalds, sem heyri ekki á neinn hátt undir nauðasamninga vegna sérstöðu sinnar. Sé um að ræða álagningu gjalds vegna ólögmæts sjávarafla, og væri óeðlilegt, að aðilar gætu komist undan greiðslu gjalds með nauðasamningi.

Þá bendir varnaraðili á, að álagningin miðast við þann dag, sem hún er framkvæmd, og miðist öll réttaráhrif við það. Sé dagsetning álagningar hinn eiginlegi stofndagur kröfunnar. Hljóti því 1. tl. 1. mgr. 28. gr. gjaldþrotaskiptalaga að eiga við um kröfu varnaraðila. Stofndagur kröfunnar sé ekki fyrr en eftir, að það tímabil var liðið, sem nauðasamningnum var ætlað að ná til, og verði að skoða það, að varnaraðila gafst ekki tækifæri til þess að hafa áhrif á samninginn. Bendir varnaraðili á, að úrskurður um heimild sóknaraðila til nauðasamningsumleitana var kveðinn upp 19. maí 1993, en gjaldið lagt á 25. júní 1993.

V.

Ágreiningur aðila í máli þessu snýst um gildi fjárnáms, sem framkvæmt var af fulltrúa sýslumannsins á Blönduósi 14. mars sl. hjá sóknaraðila. Telur sóknaraðili fjárnáminu hafa verið beint að röngum aðila, en verði niður-

staðan sú, að svo hafi ekki verið, byggir sóknaraðili á því, að krafan sé samningskrafa, er falli undir nauðasamning sóknaraðila, er staðfestur var 9. september 1993.

Krafa sú, er mál þetta snýst um, er að stofni til sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, að fjárhæð 1.817.211 kr., sem Fiskistofa lagði á sóknaraðila 25. júní 1993 með vísan til 2. tl. 1. gr. laga nr. 37/1992, sbr. 1., 2. og 3. gr. sömu laga. Með bréfi, dagsettu 19. maí 1993, var sóknaraðila tilkynnt, að samkvæmt kvótaskýrslum hefði skipið Halldór Jónsson, SH 217, veitt umfram veiðiheimildir sínar, og væri andvirði gjaldskylds afla á fiskveiðiárinu 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 1.817.211 kr. Formlegri álagningu er síðan beint að sóknaraðila, eins og áður er rakið, og honum bent á tveggja vikna frest til að kæra hana til Fiskistofu. Ekki er að sjá, að sóknaraðili hafi sýnt nein viðbrögð við álagningunni, fyrr en varnaraðili leitaði aðfarar hjá sóknaraðila.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 37/1992 skal gjald skv. 1. gr. að jafnaði lagt á þann, sem hefur gert út skip eða bát, sem veitt hefur gjaldskyldan afla. Gögn málsins, einkum kvótaskýrslur, sem eru grundvöllur álagningar Fiskistofu, benda eindregið til þess, að sóknaraðili hafi gert út umræddan bát. Mátti sóknaraðila vera ljóst, eins og kvótaskýrslur voru úr garði gerðar, að litið yrði á hann sem útgerðaraðila bátsins. Þar sem sóknaraðila hefur ekki tekist að sýna fram á annað, var Fiskistofu því rétt með hliðsjón af ofangreindum lagaheimildum að beina álagningu gjaldsins að honum.

Þá er ágreiningur með aðilum um það, hvenær krafa varnaraðila varð til, og byggir sóknaraðili á því, að krafan sé samningskrafa, sem byggist á atvikum, sem urðu fyrir 1. september 1992, og falli því undir nauðasamning sóknaraðila. Varnaraðili er hins vegar þeirrar skoðunar, að krafan hafi fyrst orðið til við álagningu gjaldsins 25. júní 1993.

Eins og rakið var hér að framan, er margnefnd krafa sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Í 2. tl. 1. mgr. 1. gr. sömu laga segir, að ólögmætur sé sá sjávarafli eða hluti afla, sem er umfram þann hámarksafla, sem veiðiskipi er settur. Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. l. nr. 37/1992 fellur það í gjalddaga við álagningu og ber dráttarvexti samkvæmt ákvæðum vaxtalaga, frá því að 30 dagar eru liðnir frá gjalddaga þess. Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 21/1991 hefur nauðasamningur ekki áhrif á kröfur, sem orðið hafa til á hendur skuldara, eftir að úrskurður gekk um heimild hans til að leita nauðasamnings. Eins og að framan er rakið, byggist álagning gjaldsins á ólögmætu atferli sóknaraðila. Er því um að ræða refsikennd viðurlög, sem sóknaraðili var beittur við álagningu gjaldsins 25. júní 1993, og verður því að telja, að krafan hafi orðið til þann dag. Hinn 19. maí 1993 gekk úr-

skurður um heimild sóknaraðila til að leita nauðasamninga, og samkvæmt framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 21/1991 telst krafa varnaraðila því ekki samningskrafa.

Með vísan til framanritaðs verður kröfum sóknaraðila hafnað, eins og varnaraðili hefur krafist. Þá ber að skilja málatilbúnað varnaraðila svo, að krafist sé staðfestingar á ofangreindri fjárnámsgerð, og verður því fjárnámsgerð sýslumannsins á Blönduósi nr. 20/1993/00376, sem fram fór 14. mars 1994, staðfest. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 kr. í málskostnað.

Úrskurðarorð:

Staðfest er fjárnám, sem framkvæmt var af fulltrúa sýslumannsins á Blönduósi 14. mars 1994, nr. 20/1993/00376 hjá Meleyri hf. að kröfu Gjaldtökusjóðs.

Sóknaraðili, Meleyri hf., greiði varnaraðila, Gjaldtökusjóði, 30.000 kr. í málskostnað.

Föstudaginn 16. september 1994.

Nr. 278/1992. **Skíðafélag Dalvíkur**
(Árni Pálsson hrl.)
gegn
Friðrik M. Þorsteinssyni
(Stefán Pálsson hrl.)
og gagnsök

Skaðabótamál. Bifreiðar. Vinnuvélar. Skriflegur málflutningur.

Dómur Hæstaréttar

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1992. Gerir hann þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og gagnáfrýjanda gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 21. september 1992. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði úr hendi aðaláfrýjanda. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málinu hefur ekki verið áfrýjað, að því er varðar aðilann Óskar Aðalstein Óskarsson, sem stefnt var í héraði til ábyrgðar ásamt aðaláfrýjanda.

Að ákvörðun Hæstaréttar hefur málið verið flutt skriflega fyrir réttinum á grundvelli 1. mgr. 24. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í máli þessu krefur gagnáfrýjandi um skaðabætur vegna skemmda, er urðu á fólksbifreið hans, G-6602, þar sem henni hafði verið lagt framan við heimili hans að Mímisvegi 17 á Dalvík. Telur hann snjótroðara í eigu aðaláfrýjanda hafa valdið skemmdunum, þegar honum var ekið austur götuna um hádegisbil 23. mars 1989 á leið til aðseturs slysavarnafélagsins í Jónínubúð á Dalvík. Mikið fannfergi var í bænum eftir stórviðri dagana á undan og gatan ófær venjulegum bifreiðum. Fennt hafði að bifreið gagnáfrýjanda og yfir hana, svo að hún var hulin snjó. Stóð bifreiðin við götubrún á hægri hönd miðað við leið snjótroðarans og sneri framenda að honum, en

afturendi vísaði lítið eitt skáhallt út í götuna. Að sögn vitna mátti sjá í bifreiðina að aftan, þegar farið var vestur Mímisveg.

Hinar umdeildu skemmdir urðu á hægra afturhorni bifreiðarinnar, sem dældaðist og rifnaði, auk þess sem afturljós hafði brotnað. Engir sjónarvottar voru að því, hvernig skemmdirnar vildu til, en allmörg vitni komu á staðinn, nokkru eftir að snjótroðarinn ók þar um, og höfðu sum þeirra einnig séð bifreiðina fyrr um daginn. Lögregluransókn á atvikinu hófst nokkrum dögum síðar að beiðni gagnáfrýjanda, og framkvæmdi rannsóknarlögreglumaður skoðun á bifreiðinni og snjótroðaranum 7. apríl 1989. Taldi hann ummerki á bifreiðinni benda til þess, að ákomur og rifur væru eftir spyrnur og gúmmí á beltum snjótroðarans, þótt ekki yrði það staðhæft með fullri vissu. Aðaláfrýjandi mótmælir því, að þetta álit fái staðist, en hefur ekki reynt að hnekkja því með frekari skoðun.

Að athuguðu því, sem fram er komið í málinu, verður fallist á það mat héraðsdómara, að gagnáfrýjandi hafi fært á það nægilegar sönnur, að snjótroðarinn hafi rekist utan í bifreið hans og valdið skemmdum á henni.

Snjótroðarinn, sem er af gerðinni Leitner H-400 D Turbo, var skráður hjá Vinnueftirliti ríkisins í janúar 1989 á grundvelli 49. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, en er ekki á ökutækjaskrá samkvæmt 63.-64. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. reglugerð nr. 523/1988 um skráningu ökutækja. Telur aðaláfrýjandi hann vera vinnuvél, en gagnáfrýjandi telur hann hins vegar skráningarskyldan sem ökutæki. Í málinu er ekki upplýst svo skýrlega um notkun snjótroðarans og eiginleika, að afstaða verði tekin til þess, hvort hann hafi verið skráningarskyldur samkvæmt 63. gr. umferðarlaga. Liggur því ekki fyrir, að sérreglur laganna um bótaábyrgð eigi hér við.

Aðaláfrýjandi hefur mótmælt aðild sinni að málinu með vísan til þess, að snjótroðarinn hafi ekki verið í notkun á hans vegum, heldur í láni til slysavarnafélagsins á Dalvík. Hafi ökumaður hans verið á leið til að sinna beiðni um aðstoð frá björgunarsveit þess. Óumdeilt er, að ökumaðurinn var starfsmaður aðaláfrýjanda og hafði umráð yfir troðaranum. Ekki er fullljóst, hvaða erindi hann var að gegna, og grein hefur ekki verið gerð fyrir því, hvernig samskiptum milli félaganna um notkun tækisins hafi verið háttað. Hefur aðal-

áfrýjandi ekki sýnt fram á, að tækið hafi verið úr umráðum hans í þetta sinn, með þeim hætti, að ábyrgð á notkun þess verði lögð á annan aðila.

Heimilt er og venjulegt að leggja bifreiðum á Mímisvegi, þar sem bifreið gagnáfrýjanda stóð. Ekki er leitt í ljós, að bifreiðin hafi verið staðsett þannig, að sérstök hætta stafaði af henni fyrir umferð um götuna. Gagnáfrýjandi hafði ekki auðkennt bifreiðina vegna snjóþyngslanna í götunni, en lögreglusamþykkt eða önnur fyrirmæli kváðu ekki á um skyldu til þess. Telja verður ljóst, að fyrirferð snjótroðarans hafi stuðlað að þeim árekstri, sem um er deilt, en hún er einkum óvenjuleg að því leyti, að hann er miklu breiðari en almennt gerist um ökutæki, sbr. 75. gr. umferðarlaga og reglugerð nr. 107/1988 um stærð og þyngd ökutækja. Er breidd hans á beltum nálægt 1,5 m umfram það 2,5 m hámark, sem við á um ökutæki samkvæmt 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, og einnig meiri en hámarksbreidd þeirra tækja, sem um ræðir í 2. gr. reglugerðarinnar. Það fylgdi því akstrinum, að ökumaður tækisins yrði að viðhafa sérstaka aðgæslu vegna fyrirferðar þess. Mátti hann meðal annars búast við, að sneiða þyrfti hjá bifreiðum, sem fyrir væru í stæði við götubrún. Verður tjónið á bifreið gagnáfrýjanda rakið til þess, að ökumanninum tókst ekki að afstýra þeirri hættu, sem þannig stafaði af tækinu. Er rétt að því virtu, sem hér var rakið, að öll fébótaábyrgð á tjóninu verði lögð á aðaláfrýjanda.

Samkvæmt þessu ber að fallast á það með héraðsdómara, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða gagnáfrýjanda 172.850 krónur í skaðabætur ásamt vöxtum frá tjóndegi og dráttarvöxtum, en dráttarvextir reiknist þó fyrst frá birtingardegi stefnu í málinu, svo sem nánar segir í dómsorði. Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms á að vera óraskað svo og ákvæði hans um sýknu ökumannsins, Óskars Aðalsteins Óskarssonar, sem er ekki til endurskoðunar hér fyrir dómi.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem um er mælt í dómsorði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Skíðafélag Dalvíkur, greiði gagnáfrýjanda, Friðrik M. Þorsteinssyni, 172.850 krónur, með ársvöxtum, sem

nema 13% frá 23. mars 1989 til 11. apríl sama ár, 15% frá þeim degi til 11. júní sama ár, 17% frá þeim degi til 21. júlí sama ár, 12% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 10% frá þeim degi til 1. september sama ár, 6% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 8% frá þeim degi til 21. október sama ár, 9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 11% frá þeim degi til 1. janúar 1990, 9% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 7% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 5% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 3% frá þeim degi til 1. október sama ár og 2,5% frá þeim degi til 9. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að höfuðstólsfæra áfallna vexti á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 23. mars 1990.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Dalvíkur 10. apríl 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. mars sl., hefur Friðrik M. Þorsteinsson, Mímisvegi 17, Dalvík, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, birtri 9. október 1990, á hendur Óskari Aðalsteini Óskarssyni, kt. 060664-3589, Reynihólum 2, Dalvík, og Jóhanni Bjarnasyni, kt. 140550-4269, Svarfaðarbraut 26, Dalvík, f. h. Skíðafélags Dalvíkur, kt. 490381-0319, Svarfaðarbraut 26, Dalvík.

Aðaldómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða 172.850 kr. ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum á ári skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. 03. '89 eða síðara tímamarki að mati réttarins til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu [...].

Til vara krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða 172.850 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum]. Að öðru leyti eru gerðar sömu kröfur og í aðalkröfu stefnanda.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og jafnframt, að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar ásamt 24,5% virðisaukaskatti. Þá er gerð krafa um, að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að 23. mars 1989 hafi bifreið sín staðið utan við hús nr. 17 við Mímisveg á Dalvík. Bifreiðin sé af gerðinni

Mazda 323 LX, árg. 1986, skrásetningarnúmer G-6602. Þennan morgun hafi stefndi, Óskar Aðalsteinn Óskarsson, ekið snjótroðara í eigu stefnda Skíðafélags Dalvíkur austur Mímisveg og ekið á bifreið stefnanda og skemmt hana. Hefur stefnandi höfðað málið til heimtu bóta vegna þeirra skemmda, er á bifreið hans urðu. Byggir hann bótaábyrgð stefnda Óskars á því, að hann hafi ekið austur Mímisveg án nægilegrar aðgæslu. Sé hann því persónulega ábyrgur á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttar. Óskar hafi unnið fyrir Skíðafélag Dalvíkur, og sé því félagið einnig ábyrgt eftir reglum um húsbóndaábyrgð. Enn fremur beri félagið ábyrgð skv. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 90. gr. sömu laga.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því annars vegar, að með öllu sé ósannað, að skemmdir á bifreiðinni G-6602 séu eftir snjótroðarann. Telja stefndu raunar útilokað, að snjótroðarinn hafi getað valdið þeim skemmdum, sem urðu á bifreiðinni G-6602. Þá hafi snjótroðarinn ekki verið í notkun á vegum stefnda Skíðafélags Dalvíkur, heldur hafi hann verið lánaður Slysavarnafélagi Dalvíkur í umrætt sinn. Hins vegar er því mótmælt af hálfu stefndu, að 13. kafli umferðarlaga eigi við, þar sem snjótroðarinn hafi verið óskráður og engin skylda verið að skrá hann.

Allmörg vitni hafa gefið skýrslur hér fyrir dómi auk stefnda Óskars. Engin vitni voru að því, að snjótroðaranum væri ekið á umrædda bifreið greint sinn. Hins vegar er ekki ágreiningur um, að snjótroðaranum hafi verið ekið um Mímisveg greint sinn, eins og að framan greinir. Vitnum, sem komu á staðinn, eftir að snjótroðaranum hafði verið ekið um götuna, ber ekki fullkomlega saman um, hvort för eftir snjótroðarann hafi legið að bifreiðinni eða yfir hana eða hvort þau hafi legið í nokkurri fjarlægð. Þrátt fyrir það þykir nægilega sannað, að snjótroðarinn hafi valdið þeim skemmdum á bifreið stefnanda, er að framan greinir. Fram er komið, að mikill snjór var í götunni, og hafði fennt yfir bifreið stefnanda, og engin auðkenni höfðu verið sett upp, svo að hún duldist ökumanni snjótroðarans, stefnda Óskari Aðalsteini. Verður því að telja ósannað, að tjónið verði rakið til gáleysislegs aksturs stefnda Óskars Aðalsteins. Ber því að sýkna hann af kröfum stefnanda í máli þessu. Fyrir dóminum hefur ekki verið sýnt fram á, að snjótroðarinn hafi ekki verið skráningarskyldur, svo sem haldið er fram af stefndu. Verður því að líta svo á, að ábyrgðarregla 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eigi við um ábyrgð stefnda, Skíðafélags Dalvíkur. Ber því að dæma Skíðafélag Dalvíkur til að greiða stefnanda tjón hans.

Við munnlegan málflutning var lýst yfir, að ekki væri ágreiningur um tölulega fjárhæð kröfunnar. Verður höfuðstóll hennar því lagður til grundvallar skv. kröfum stefnanda, sem að framan eru raktar. Stefndu hafa hins

vegar mótmælt vaxtakröfu stefnanda, eins og henni er lýst í aðalkröfu. Þykir mega dæma vexti svo sem í varakröfu stefnanda greinir. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í máli þessu.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi Óskar Aðalsteinn Óskarsson á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Friðriks Þorsteinssonar, í máli þessu.

Stefnda, Skíðafélag Dalvíkur, greiði stefnanda 172.850 kr. ásamt 13% ársvöxtum frá 23. mars 1989 til 11. apríl s. á., 15% ársvöxtum frá þ. d. til 11. júní s. á., 17% ársvöxtum frá þ. d. til 21. júlí s. á., 12% ársvöxtum frá þ. d. til 1. ágúst s. á., 10% ársvöxtum frá þ. d. til 1. sept. s. á., 6% ársvöxtum frá þ. d. til 21. s. m. s. á., 8% ársvöxtum frá þ. d. til 3. okt. s. á., en með dráttarvöxtum samkv. 10. gr. laga nr. 25/1987 til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá 3. okt. 1989, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 16. september 1994.

Nr. 396/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Þórhalli Ölver Gunnlaugssyni
(Símon Ólason hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. september 1994, sem barst réttinum 15. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar með skírskotun til a- og b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Varnaraðili og eiginkona hans eru grunuð um stórfelld brot á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, tengd rekstri einkafyrirtækis varnaraðila og fyrirtækinu Vatnsberanum hf. Varnaraðili er framkvæmdastjóri þessara fyrirtækja og hefur að eigin sögn sjálfur annast gerð þeirra virðisaukaskattsskýrslna, sem til rannsóknar eru. Varnaraðili og eiginkona hans voru yfirheyrð hjá lögreglu 12. september sl. í framhaldi húsleitar á heimili þeirra. Við húsleitina lagði lögregla hald á bókhaldsgögn varnaraðila og fyrirtækja hans svo og tölvu, er bókhaldsvinna var unnin á.

Með hliðsjón af aðgerðum lögreglu, sem að framan er lýst, og fyrirliggjandi gögnum verður eigi talið, að sóknaraðili hafi sýnt fram á, að rannsóknarhagsmunir séu slíkir, að þörf sé á frekara gæsluvarðhaldi varnaraðila. Þá eru lögregluyfirvöldum tæk önnur úrræði til þess að tryggja nærveru hans.

Samkvæmt framansögðu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. september 1994.

Ár 1994, mánudaginn 12. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Þórhalli Ölver Gunnlaugssyni, kt. 210458-3529, Laugarásvegi 58, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 4. október nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hinn 8. september sl. barst RLR kæra skattrannsóknarstjóra ríkisins á hendur kærða og eiginkonu hans ásamt skýrslum, skattframtölum og ársreikningum Útflutningsfyrirtækisins Vatnsberans hf., kærða sjálfs vegna einkafyrirtækis hans, EBÓ-verktaka, og skattframtölum kærðu vegna áranna 1992-1994, en kæran lýtur að ætluðum brotum gegn lögum um virðisaukaskatt og tekju- og eignarskatt.

Að undangengnum úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 9. þ. m. var í morgun gerð húsleit á heimili kærða og hald lagt á gögn varðandi bæði framangreind fyrirtæki og kærða sjálfan auk tölvu. Var kærði handtekinn og færður til yfirheyrslu hjá RLR.

Samkvæmt bráðabirgðaskýrslu skattrannsóknarstjóra hefur athugun þess embættis leitt í ljós stórfellt ósamræmi ársreikninga, skattframtala og skýrslna vegna virðisaukaskattsskila framangreinds hlutafélags og einkafyrirtækis kærða, EBÓ-verktaka. Fram kemur í skýrslunni, að á árunum 1991–1994 hafi verið greitt til hlutafélagsins í formi innskatts á grundvelli innsendra virðisaukaskattsskýrslna rúmlega 41.150.000 krónur. Sé sú greiðsla á árunum 1991–1993 13,7 milljónum króna hærri en mögulegur innskattur samkvæmt rekstrar- og efnahagsreikningum félagsins þessi ár. Stærstu gjaldaliðir hlutafélagsins, sem jafnframt myndi meginhluta þess innskatts, sem því hefur verið greiddur, séu samkvæmt reikningum frá einkafyrirtæki kærða, EBÓ-verktökum, tæpar 28,9 milljónir króna vegna ársins 1992 og rúmar 25 milljónir króna vegna ársins 1993. Hafi kærði á þessum árum skilað skýrslum vegna virðisaukaskattsskila einkafyrirtækis síns með upplýsingum um, að velta þess væri engin.

Kærði hefur við yfirheyrslur greint frá því, að hann sé sjálfur framkvæmdastjóri beggja fyrirtækjanna og hafi sjálfur annast gerð allra virðisaukaskattsskýrslna. Viðskipti fyrirtækjanna hafi verið með þeim hætti, að einkafyrirtæki sitt hafi annast allar framkvæmdir fyrir hlutafélagið. Að-

spurður um, hvers vegna skýrslur einkafyrirtækisins og hans sjálfs hefðu alltaf verið með upplýsingum um, að engin virðisaukaskattsskyld velta væri hjá fyrirtækinu, kvað hann hlutafélagið hafa greitt fyrir þjónustuna með skuldabréfum og skilningur sinn væri sá, að virðisaukaskattur greiddist ekki fyrr en til afborgana kæmi af bréfunum.

Eins og ráða má af gögnum málsins, er rannsókn þess á frumstigi. Er ljóst, að um talsvert flókna og viðamikla rannsókn verður að ræða, þar sem fara mun fram samvinna milli embættis skattrannsóknarstjóra og RLR, en brot þau, sem kærði er grunaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu, ef sönnuð þættu. Með vísan til framanritaðs og skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir því rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, þó þannig, að hann sæti eigi gæsluvarðhaldi lengur en til föstudagsins 23. september nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Þórhallur Ölver Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til föstudagsins 23. september nk. kl. 16.00.

Mánudaginn 19. september 1994.

Nr. 316/1994. **Guðbjörg Pálsdóttir og**
Ingi Örn Andrésson
(Pétur Guðmundarson hrl.)
gegn
Júlíusi Halldórssyni og
Maríu Gunnlaugsdóttur
(Kristján Ólafsson hdl.)

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. júní 1994, sem barst réttinum 7. júlí sl. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kærður er frávísunarúrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, sem var kveðinn upp 10. júní 1994. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar hafa hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð.

Sóknaraðilar byggja meðal annars á því í kæru sinni til Hæstaréttar, að héraðsdómari hafi ekki gefið lögmönnum aðila kost á að tjá sig um frávísunarþátt málsins, áður en hann tók það til dóms. Fallast má á, að héraðsdómara hafi verið heimilt samkvæmt 100. gr. laga nr. 91/1991 að vísa málinu frá án kröfu eftir dómtöku þess, þótt ekki hafi verið fjallað um það atriði í málflutningi, þar sem hann taldi að eigi væri unnt að bæta úr ágöllum málsins með þeim hætti, sem mælt er fyrir um í 104. gr. laganna.

Með bréfum lögmanns sóknaraðila, dagsettum 8. október 1992 og 1. apríl 1993, gáfu sóknaraðilar varnaraðilum kost á að fylgjast með samningaviðræðum sínum við síðari kaupendur íbúðarinnar, enda höfðu þeir við afsalsgerðina 30. desember 1991 áskilið sér allan rétt til að hafa uppi kröfur á hendur varnaraðilum vegna lekans. Bréfum þessum fylgdu matsgerðir þær, sem rækilega er lýst í úrskurði hér-

aðsdómara. Enn fremur var varnaraðilum kynnt bréflega 17. maí 1993 samkomulag sóknaraðila og síðari kaupenda, sem byggðist á matsgerðum þessum.

Svo sem rakið er í hinum kærða úrskurði, byggjast matsgerðirnar á áætlunum. Þær eru ýmist gerðar vegna kostnaðar af viðgerðum vegna galla af völdum leka, sem sóknaraðilar gera kröfur um í málinu á hendur varnaraðilum, eða byggðar á skoðun á mun víðtækari göllum, sem eru þeim kröfum óviðkomandi. Þá er ekki gerður greinarmunur í stefnufjárhæð á kostnaði vegna viðgerðar á göllum samkvæmt annars vegar 3. mgr. viðauka við kaupsamning aðila máls þessa 13. mars 1991 og hins vegar 5. og 6. mgr. viðaukans. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur að öðru leyti en því, að rétt þykir, að málskostnaður í héraði falli niður.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júní 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var þriðjudaginn 31. maí sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Guðbjörgu Pálsdóttur, Skálagerði 11, Reykjavík, og Inga Erni Andréssyni, Jöklafold 41, Reykjavík, með stefnu, birtri 27. maí 1993, á hendur Júlíusi Halldórssyni, Kaplaskjólsvegi 61, Reykjavík, og þingfestri 3. júní 1993, á hendur Maríu Gunnlaugsdóttur, Efstalandi 24, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær aðallega, að stefndu verði gert að greiða stefnendum 619.377 kr. með dráttarvöxtum [...]. Þá er gerð krafa um málskostnað [...]. Til vara er sú krafa gerð, að stefnendum verði dæmdur afsláttur af söluverði fasteignarinnar Skógarás 6, sem nemur verðrýrnun eignarinnar vegna galla, 515.791 kr., auk dráttarvaxta, málskostnaðar og virðisaukaskatts, eins og í aðalkröfu greinir.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda, en til vara, að dómkrafan verði lækkuð til muna. Þá er

krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnenda ásamt virðisaukaskatti.

II.

Málavextir.

Með kaupsamningi, dagsettum 13. mars 1991, keyptu stefnendur af stefndu íbúð, merkta 0202, í húsinu nr. 6 við Skógarás í Reykjavík. Fengu þeir íbúðina afhenta 1. júní s. á. Samhliða undirritun kaupsamningsins var undirritaður sérstakur viðauki við samninginn, þar sem tilgreindir voru ýmsir gallar á íbúðinni, m. a. leki í suðurútvegg í svefnherbergi, sem gert hefði verið við, og grunur um leka í útvegg í íbúð við hliðina á umræddri íbúð, enn fremur um leka frá þaki. Í viðaukanum er enn fremur svohljóðandi ákvæði:

„Á húsfundi 7. mars var ákveðið að láta hlutlausa aðila úr byggingariðnaðinum meta ástand þaks og útveggja. Ef í ljós kemur, að þörf er á viðgerð á þessu tvennu ofangreindu, mun seljandi greiða þann kostnað, sem af viðgerð hlýst, skv. eignarhlutfalli sínu í sameign. Þetta ákvæði miðast við, að viðgerð á þaki og útveggjum, ef hún reynist nauðsynleg, fari fram fyrir 1. ágúst 1991."

Með kaupsamningi, dags. 31. október 1991, seldu stefnendur máls þessa íbúðina Guðrúnu Þ. Hlöðversdóttur og Reyni Jónssyni, og fengu þau íbúðina afhenta 1. desember s. á.

Afsal til stefnenda máls þessa var gefið út 30. desember s. á. Við þá afsalsgerð höfðu stefnendur uppi áskilnað um kröfur á hendur stefndu vegna leka í íbúðinni, sem hafði komið fram, eftir að hinir nýju kaupendur tóku við henni.

Stefnendur greiddu kaupendum íbúðarinnar, Guðrúnu Þ. Hlöðversdóttur og Reyni Jónssyni, 515.791 kr. í bætur vegna gallans, 10.958 kr. í matskostnað vegna lekans og 92.678 kr. í lögfræðikostnað vegna málarekstrar gegn kaupendunum, sem höfðu haldið eftir útborgunargreiðslum vegna lekans. Var samkomulag með aðilum þess máls um þær fjárhæðir. Samtals nema þessar fjárhæðir 619.377 kr., sem eru fjárhæð aðalkröfu í máli þessu.

– – –

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Krafa stefnenda um bótaskyldu stefndu virðist byggð á ábyrgðaryfirlýsingu stefndu í viðauka með kaupsamningi á dskj. nr. 3, 5. og 6. mgr.

Bótafjárhæðin virðist hins vegar byggð á samkomulagi stefnenda við síðari kaupendur íbúðarinnar um bætur vegna galla.

Í yfirlýsingu stefnenda með afsali, dags. 30. desember 1991, dskj. nr. 5,

kveðast stefnendur sætta sig við ástand íbúðarinnar að öðru leyti en því, að vart hafi orðið leka í svefnherbergi og stofu við suðurútvegg, og áskilja þeir sér allan rétt á hendur seljendum, þ. e. stefndu í máli þessu, vegna lekans.

Í stefnu er göllum þeim, sem eru tilefni málshöfðunar þessarar, ekki lýst að öðru leyti en því, að þar kemur fram, að fljótlega eftir að stefnendur höfðu selt íbúðina og afhent hana nýjum eigendum 1. desember 1991, hafi orðið vart leka í íbúðinni, sem kaupendur hafi kvartað um við seljendur. Enn fremur segir svo í stefnu m. a.: „Stefnendur heyrðu síðan ekkert af lekavandamáli í íbúðinni, fyrr en kom fram í júní 1992, en þá afhentu kaupendur þeim mat á tjóninu, sem orðið hefði á íbúðinni, framkvæmt af Stefáni Sigurðssyni verkfræðingi, og áætlun hans á kostnaði við úrbætur."

Eins og áður hefur verið rakið, sömdu stefnendur við kaupendur íbúðarinnar um bætur vegna galla, og virðast þeir hafa byggt það samkomulag a. m. k. að einhverju leyti á framangreindri álitsgerð Stefáns Sigurðssonar sem og á álitsgerðum Eggerts Guðmundssonar byggingafræðings og Ólafs Ástgeirssonar tæknifræðings.

Álitsgerð Stefáns Sigurðssonar er á dskj. nr. 6. Segir þar svo m. a.:

„Miðað við þessa forsögu er ljóst, að gera verður ráð fyrir að húseigendur verði fljótlega að ráðast í kostnaðarsamar framkvæmdir til þess að koma í veg fyrir þennan vanda og til þess að fyrirbyggja frekari skemmdir í framtíðinni. Því þykir mér ekki nóg að meta, hver kostnaður þinn verður við þetta (sic í dskj. nr. 6) lekastaði á aðeins þinni íbúð, heldur verður að reyna að meta, hver væntanleg kostnaðarhlutdeild þín verður við viðgerðir á öllu húsinu.

Við mat á viðgerðarkostnaði hef ég gengið út frá því að gert verði við húsið á varanlegan hátt, þ. e. að það verði einangrað og klætt með Stenex-klæðningu, sem skv. upplýsingum innflytjanda er með 10 ára ábyrgð, eða t. d. með íslenska múrkerfinu Imúr-klæðningu. Ef Imúr-klæðning er notuð, er gert ráð fyrir, að yfirborðið verði með hraun-áferð, einnig að núverandi útlit hússins helst óbreytt."

Dómskjal nr. 6 er lagt fram í ljósriti og er illlæsilegt, en heildarverð af kostnaði við klæðningu, ýmsar viðgerðir, úttekt, hönnun og eftirlit er samtals áætlað 10.450.000 kr. En síðan segir verkfræðingurinn svo:

„Til þess að áætla kostnað með meiri nákvæmni verður að fara fram alsherjar (sic í dskj. nr. 6) útekt (sic í dskj. nr. 6) á húsinu."

Um skemmdir innan húss segir svo í álitsgerðinni:

„Við mat á kostnaði vegna skemmda, sem orðið hafa .... íbúð þinni, er gengið út frá því, að allt parket verði endurnýjað. Þar sem um helmingur þess er skemmdur vegna raka og ekki er hægt að sætta sig við þann lita- og

áferðarmun, sem fram kemur, ef aðeins er skipt út þeim hluta, sem hefur eyðilagst. Þegar utanaðkomandi raki hefur verið stöðvaður og rakablettir þorna, er hægt að skafa burt skemmda málningu og sparsl og endurmála. Þá þarf sem fyrst að gera við svalahurð, þ. e. hún verði bætt."

Er áætlaður kostnaður vegna viðgerða inni, þ. e. eldra parket fjarlægt og nýtt parket lagt á, spartlað, málað o. fl., viðgerð á svalahurð, ýmis kostnaður, úttekt og fleira, samtals 325.000 kr. Er heildarkostnaður hinnar umdeildu íbúðar af viðgerðum utan og innan húss áætlaður 970.000 kr.

Ljóst þykir, að þessi álitsgerð verkfræðingsins nær yfir mun víðtækari viðgerðir en vegna þeirra galla, sem stefnendur áskilja sér bótarétt fyrir í yfirlýsingu sinni á dskj. nr. 6.

Í álitsgerð Eggerts Guðmundssonar á dskj. nr. 8 eru skoðaðir og metnir útveggir, svalir og gluggar. Kemur þar fram, að ekki er um nákvæma kostnaðaráætlun að ræða vegna viðgerða, heldur sé þar einungis um að ræða vísbendingu um kostnað. Verður ekki ráðið af úttektinni, að þau atriði, sem þar eru upp talin, séu öll nauðsynleg til úrbóta vegna þeirra galla, sem stefnendur áskildu sér bótarétt fyrir á dskj. nr. 6.

Álitsgerð Ólafs Ástgeirssonar á dskj. nr. 9 fjallar um viðgerðir innan húss í hinni umdeildu íbúð, og er kostnaður þar áætlaður samtals 158.000 kr., en jafnframt tekið fram, að frávik geti orðið frá þessum tölum, þar sem um áætlun sé að ræða. Liggur ekki fyrir í málinu, að þær viðgerðir, sem þar eru tilgreindar, séu allar afleiðingar leka þess, sem stefnendur áskilja sér bótarétt fyrir á dskj. nr. 6.

Af sóknargögnum verður ekki ráðið, hvort bótakrafa stefnenda taki til víðtækari viðgerða en vegna þeirra galla, sem þeir áskilja sér bótarétt fyrir á dskj. nr. 6.

Ekki er gerð grein fyrir því í sóknargögnum, hvernig fjárhæð sú er samsett, sem var grundvöllur samkomulags stefnenda og þeirra aðila, sem keyptu íbúðina af þeim, eða hvaða galla var verið að bæta. Þá er einnig athugavert við málatilbúnað stefnenda, að stefndu var aldrei gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna, þegar þær úttektir fóru fram, sem stefnendur virðast a. m. k. að einhverju leyti leggja til grundvallar stefnufjárhæðinni.

Ekki þykja efni til að fjalla hér um gildi ábyrgðaryfirlýsingar stefndu í viðauka með kaupsamningi á dskj. nr. 3, þar sem ekki er ljóst, hvert umfang þeirra galla er, sem krafist er bóta fyrir, eða hvort þeir takmarkast af þeim meintu göllum, sem falla undir 5. og 6. mgr. viðaukans.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, er málatilbúnaði stefnenda í svo verulegum atriðum ábótavant, að ekki verður lagður á málið efnisdómur. Ber því að vísa málinu í heild sinni frá dómi ex officio.

Eftir þessum úrslitum ber stefnendum að greiða stefndu málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 80.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Úrskurðinn kváðu upp Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari, Ragnar Ingimarsson verkfræðingur og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari.

Úrskurðarorð:

Málinu er vísað frá dómi ex officio.

Stefnendur, Guðbjörg Pálsdóttir, Skálagerði 11, Reykjavík, og Ingi Örn Andrésson, Jöklafold 41, Reykjavík, greiði in solidum stefndu, Júlíusi Halldórssyni, Kaplaskjólsvegi 61, Reykjavík, og Maríu Gunnlaugsdóttur, Efstalandi 24, Reykjavík, 80.000 kr. í málskostnað.

Þriðjudaginn 20. september 1994.

Nr. 360/1994. **Ómar Þórðarson**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis
(Baldur Guðlaugsson hrl.)
og Bílaleigunni Geysi sf.
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun uppboðsandvirðis. Þinglýsing. Veðskuldabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 27. júlí 1994, sem barst Hæstarétti 23. ágúst sl. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að frumvarpi sýslumannsins í Reykjavík 3. desember 1993 verði breytt þannig, að 4 veðskuldabréf Ferðamálasjóðs, merkt nr. 488, 489, 502 og 503, að fjárhæð samtals 3.150.000 krónur, verði greidd af uppboðsandvirði fasteignarinnar Skipholts 27, Reykjavík, næst á eftir veðskuldabréfum Íslandsbanka hf. á 7. veðrétti. Jafnframt krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Fyrir liggur í málinu, að með bréfi lögmanns Ferðamálasjóðs 5. apríl 1991 til lögmanns sóknaraðila var hafnað ósk hins síðarnefnda um, að veðbréf þau, sem mál þetta fjallar um, yrðu leyst af fasteign sóknaraðila og flutt yfir á fasteignina Skipholt 27. Með þessari athugasemd, en að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar, verður hann staðfestur. Verður sóknaraðili dæmdur til greiðslu kærumálskostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ómar Þórðarson, greiði varnaraðilum, Spari-

sjóði Reykjavíkur og nágrennis og Bílaleigunni Geysi sf., hvorum um sig, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. júlí 1994.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 29. júní sl., var þingfest 4. mars 1994 til úrlausnar um ágreining vegna frumvarps til úthlutunar uppboðsandvirðis fasteignarinnar Skipholts 27, Reykjavík, sem dagsett er 3. desember 1993.

Sóknaraðilar eru Ferðamálasjóður, kt. 630179-0689, Hverfisgötu 6, Reykjavík, og Ómar Þórðarson, kt. 110545-2159, Fífuseli 25, Reykjavík.

Varnaraðilar eru Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, kt. 581286-1209, Skólavörðustíg 11, Reykjavík, og Bílaleigan Geysir sf., kt. 460385-0919, Borgartúni 24, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur sóknaraðila, Ómars Þórðarsonar og Ferðamálasjóðs, eru þær, að frumvarpi sýslumannsins í Reykjavík, sem dagsett er 3. desember 1993, um úthlutun á uppboðsverði fasteignarinnar Skipholts 27, Reykjavík, verði hrundið og frumvarpinu breytt á þann veg, að kröfur sóknaraðila samkvæmt fjórum óþinglýstum veðskuldabréfum Ferðamálasjóðs, merktum nr. 488, 489, 502 og 503, að fjárhæð samtals 3.150.000 kr., verði greiddar af uppboðsandvirði fasteignarinnar næst á eftir veðskuldabréfum Íslandsbanka hf. á 7. veðrétti, sbr. 10. tl. í frumvarpinu.

Enn fremur krefjast sóknaraðilar þess, að varnaraðilum verði in solidum gert að greiða þeim hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Endanlegar kröfur varnaraðila eru, að staðfest verði sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 2. febrúar 1994 að hafna mótmælum sóknaraðila við frumvarpi til úthlutunargerðar eignarinnar Skipholts 27 í Reykjavík, sem dagsett er 3. desember 1993.

Þá krefjast varnaraðilar málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að skaðlausu.

Málavextir.

Hinn 13. mars 1992 var seld nauðungarsölu fasteignin Skipholt 27 í Reykjavík, sem þá var þinglesin eign Svavars Egilssonar. Sóknaraðilar máls þessa lýstu kröfum í uppboðsandvirði eignarinnar samkvæmt fjórum veðskuldabréfum Ferðamálasjóðs, sem út voru gefin af Hótel Stað, tvö þeirra 15. nóvember 1984 og tvö 20. febrúar 1985. Fyrrgreindum bréfum Ferðamálasjóðs hafði ekki verið þinglýst á fasteignina Skipholt 27, er nauðungarsalan fór fram, en voru með veði í fasteign sóknaraðilans Ómars Þórðarsonar að Fífuseli 25, Reykjavík. Í frumvarpi sýslumanns, sem er dagsett 3. desember 1993, eru ekki teknar til greina kröfur sóknaraðila. Mótmæltu

sóknaraðilar frumvarpi þessu, og í fyrirtöku 2. febrúar 1994, sem haldin var vegna fram kominna mótmæla gegn frumvarpinu, hafnaði sýslumaður mótmælum sóknaraðila máls þessa. Lýstu sóknaraðilar því þá yfir fyrir sýslumanni, að þeir vísuðu þessari ákvörðun hans til héraðsdóms. Hinn 15. febrúar 1994 barst Héraðsdómi Reykjavíkur beiðni sóknaraðilans Ómars Þórðarsonar um úrlausn samkvæmt XIII. kafla laga um nauðungarsölu nr. 90/1991 vegna ágreinings um fyrrgreinda ákvörðun sýslumanns.

Helstu málavextir eru þeir, að fasteignin Skipholt 27 hafði gengið kaupum og sölum, áður en til nauðungarsölu kom. Er fyrrgreind skuldabréf voru gefin út, var fasteignin í eigu Staðar hf., en sóknaraðilinn Ómar Þórðarson var einn af hluthöfum þar. Staður hf. hafði staðið fyrir byggingu hótels að Skipholti 27 og fengið í því skyni lán úr Ferðamálasjóði. Eigendur Hótel Staðar veðsettu fasteignir sínar fyrir þessum lánum Ferðamálasjóðs. Í kaupsamningi, dagsettum 31. mars 1987, þar sem sóknaraðili Ómar seldi öll hlutabréf sín í Stað hf., er svohljóðandi ákvæði: „Kaupendur skuldbinda sig til að flytja veðskuldir vegna sex lána Staðar hf. við Ferðamálasjóð, sem veðsettar eru í Flókagötu 5 og Fífuseli 25, á fasteignina Skipholt 27 eða aðrar eignir, en það eru nánar tiltekið:. . .". Síðan kemur upptalning á m. a. þeim veðskuldabréfum, sem hér eru til umfjöllunar. Í afsali Hótel Staðar hf. til Bílaleigunnar Geysis sf., sem er dagsett 21. október 1988, er kveðið á um, að kaupandi yfirtaki lán samkvæmt fyrrgreindum skuldabréfum, sem hvíli á 8. veðrétti fasteignarinnar. Í samkomulagi milli Bílaleigunnar Geysis sf. og Staðar hf. frá 30. nóvember 1988, sem er viðauki við kaupsamning þeirra, er ákvæði þess efnis, að þegar Staður hf. hafi staðið skil á tilgreindum vanskilum við Ferðamálasjóð, muni Geysir sf. gefa veðleyfi vegna flutnings „veðbandanna" á eignina Skipholt 27 með vísan til upptalningar lána í afsali eignarinnar. Síðan segir í samkomulaginu: „Hafi Geysir sf. afsalað eigninni Skipholti 27 til annars aðila, þegar Staður hf. hefur fullnustað ofangreint ákvæði, skal Geysir sf. með samkomulagi þessu ábyrgjast, að svo sé frá málum gengið, að veðheimild sé ávallt fyrir hendi fyrir ofangreind lán." Í afsali Bílaleigunnar Geysis sf. til Svavars Egilssonar, sem er dagsett 23. desember 1988, eru fyrrgreind lán Ferðamálasjóðs talin upp meðal þeirra skulda, sem afsalshafi yfirtekur, en ekki eru áhvílandi á fasteigninni. Í nítján samhljóða veðskuldabréfum, sem öll eru út gefin 21. desember 1988 af Svavari Egilssyni til Bílaleigunnar Geysis sf. og hvíla skyldu á 14. veðrétti í fasteigninni Skipholti 27 með venjubundnum uppfærslurétti, er svohljóðandi ákvæði:

„13. veðréttur Veðleyfi fyrir verð- og eða gengistryggðum lánum frá Ferðamálasjóði sem hér segir:"

Eru síðan tilgreind meðal annarra þau fjögur skuldabréf, sem sóknaraðilar byggja kröfur sínar á.

– – –

Niðurstaða.

Mál þetta snýst um það, hvort sóknaraðilar máls þessa eigi lögvarða kröfu á því að fá úthlutað af uppboðsandvirði fasteignarinnar Skipholts 27 á grundvelli fjögurra óþinglýstra veðskuldabréfa Ferðamálasjóðs, tveggja þeirra útgefinna 15. febrúar 1984 og tveggja útgefinna 20. febrúar 1985, sem eru með veði í fasteigninni Fífuseli 25 í Reykjavík. Ekki er tölulegur ágreiningur með málsaðilum.

Í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 39/1978 er kveðið á um þá meginreglu, að réttindum yfir fasteignum skuli þinglýsa, til þess að þau haldi gildi sínu gegn þeim, er reisa rétt sinn á samningum um eignina, og gegn skuldheimtumönnum eiganda eða annars rétthafa að eign. Í þessu felst sá megintilgangur þinglýsingar að afla þeim réttindum, sem skjölin taka til, verndar gagnvart þriðja manni. Milli samningsaðila sjálfra skiptir þinglýsing hins vegar ekki máli, og er skuldbindingargildi samnings milli aðila óháð því, hvort samningi er þinglýst eða ekki. Í 2. mgr. 29. gr. þinglýsingalaga er síðan fjallað um undantekningu frá framangreindri meginreglu. Þar segir, að samningur eða réttargerð, er skuldheimtumenn byggja á, fái ekki hrundið eldri óþinglýstum rétti, sem háður er þinglýsingu, nema gögnum þessum sé þinglýst sjálfum, ef þinglýsingar er þörf, enda sé rétthafi eftir samningi grandlaus um rétt þann, er hrinda á.

Sóknaraðilar máls þessa, Ómar Þórðarson og Ferðamálasjóður, vísa um lagarök fyrir kröfum sínum til ákvæða 2. mgr. 29. gr. þinglýsingalaga. Er því óhjákvæmilegt að skýra lagaákvæði þetta. Verður þá fyrst að líta til þess, hvort sóknaraðilar hafi öðlast réttindi yfir fasteign í skilningi 29. gr. þinglýsingalaga, það er, hvort samningsveð í fasteigninni Skipholti 27 hafi stofnast fyrir fyrrgreindum lánum Ferðamálasjóðs. Til samningsveðs hafa þau veðréttindi verið talin, sem stofnað er til með löggerningi inter vivos, erfðagerningi svo og fyrir traustfang. Það meginsjónarmið hefur verið látið skera úr um mörkin milli samningsveðs og lögveðs, að samningsveð liggi fyrir, þegar samningur lýtur beinlínis að veðstofnuninni. Til að samningsveð teljist hafa stofnast, þarf tveimur skilyrðum að vera fullnægt. Í fyrra lagi þarf gilt loforð. Í öðru lagi þarf veðsali að hafa nægilega heimild til að ráðstafa eign með þessum hætti.

Ljóst er, þegar litið er til samninga og afsala um fasteignina Skipholt 27, að ætlunin hefur verið að flytja fyrrgreind lán Ferðamálasjóðs af Fífuseli 25 yfir á Skipholt 27. Þá liggur fyrir, að samkvæmt ákvæðum „Geysisbréfanna“ nítján á 8. veðrétti fasteignarinnar Skipholts 27 heimila þau, að á

undan þeim í veðröðinni hvíli fyrrgreind lán Ferðamálasjóðs, ef til veðsetningar komi. Hins vegar liggur ekki fyrir neinn samningur milli skuldara samkvæmt fyrrgreindum bréfum Ferðamálasjóðs og kröfuhafans Ferðamálasjóðs um stofnun veðs í Skipholti 27. Er það grundvallarskilyrði, til að samningsveð hafi getað talist stofnast í umræddri eign.

Með hliðsjón af öllu framangreindu verður að líta svo á, að sóknaraðilar hafi ekki öðlast neinn rétt samkvæmt 2. mgr. 29. gr. þinglýsingalaga yfir fasteigninni Skipholti 27, Reykjavík, sem geti orðið grundvöllur úthlutunar af uppboðsandvirði fasteignarinnar. Þykir því verða að fallast á kröfur varnaraðila um, að staðfest verði sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 2. febrúar 1994 að hafna mótmælum sóknaraðila við frumvarpi til úthlutunargerðar fasteignarinnar Skipholts 27 í Reykjavík, sem dagsett er 3. desember 1993.

Sóknaraðilar, Ómar Þórðarson og Ferðamálasjóður, greiði in solidum varnaraðilanum Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis 60.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt. Sömuleiðis greiði sóknaraðilar in solidum varnaraðilanum Bílaleigunni Geysi sf. 60.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt.

Sigurjóna Símonardóttir, fulltrúi dómstjóra, kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Staðfest er sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 2. febrúar 1994 að hafna mótmælum sóknaraðila, Ómars Þórðarsonar og Ferðamálasjóðs, gegn frumvarpi til úthlutunar á söluverði fasteignarinnar nr. 27 við Skipholt í Reykjavík.

Sóknaraðilar greiði in solidum varnaraðila Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis 60.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt, og varnaraðilanum Bílaleigunni Geysi sf. 60.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt.

Þriðjudaginn 20. september 1994.

Nr. 371/1991. **Brunnur hf.**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Þór Ómari Jónssyni
(Valgeir Kristinsson hrl.)

Vinnusamningur. Uppsögn. Skriflegur málflutningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason, Markús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 9. september 1991. Hann krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefnda verði gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ákveðinn var skriflegur flutningur málsins fyrir Hæstarétti með heimild í 24. gr. laga nr. 38/1994, sbr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994.

Í málinu verður að leggja til grundvallar, að kaup og auglýsing stefnda á því fjallahjóli, sem er greint frá í héraðsdómi, hafi verið brot á starfsskyldum hans og honum verið það ljóst. Á hinn bóginn er ósannað, að stefnda hafi áður verið veitt áminning fyrir brot eða vanrækslu í starfi á þann veg, að þetta atvik hafi heimilað fyrirvaralausan brottrekstur úr starfi án uppsagnarfrests. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Hefur þar ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Brunnur hf., greiði stefnda, Þór Ómari Jónssyni, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júní 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. júní sl., er höfðað með stefnu, birtri 12. desember 1989.

Stefnandi er Þór Ómar Jónsson, kt. 051167-5119, til heimilis að Breiðási 7, Garðabæ.

Stefndi er Brunnur hf., kt. 671086-2019, Skipholti 50 C, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða honum 180.332 krónur ásamt [nánar tilgreindum vöxtum].

Þá er gerð krafa um greiðslu málskostnaðar [...].

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi starfaði í versluninni Sportmarkaðinum, Skipholti 50 C í Reykjavík, frá áramótum 1988–89, þar til honum var sagt upp án fyrirvara 13. júlí 1989. Mánaðarlaun hans voru 51.500 krónur, og fékk hann greiddar 25.668 krónur frá stefnda fyrir þann tíma, sem hann hafði unnið í júlímánuði 1989.

Í máli þessu krefur stefnandi um eftirstöðvar launa fyrir júlímánuð 1989, 25.832 krónur, auk launa í uppsagnarfresti fyrir 3 mánuði, samtals 154.500 krónur, alls 180.332 krónur.

Stefnandi ber fyrir sig, að samkvæmt ákvæðum laga nr. 19/1979 og kjarasamningi Landssambands íslenskra verslunarmanna annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands hins vegar beri sér þriggja mánaða uppsagnarfrestur, þar sem hann hafi starfað í meira en sex mánuði hjá stefnda, enda hafi skilyrðum um fyrirvaralausa brottvikningu úr starfi ekki verið fullnægt. Hann hafi hvorki brotið starfsfyrirmæli áður né fengið áminningar.

Í verslun þeirri, er stefnandi starfaði í, er seldur notaður varningur, sem tekinn hefur verið í umboðssölu.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að stefnandi hafi verið rekinn úr starfi vegna ítrekaðrar stórfelldrar vanrækslu, lélegra mætinga og fyrir framferði, er samrýmdist ekki starfi hans, sem að hluta var umboðssala.

Í þessu efni ber stefndi fyrir sig frásögn Birgis Hermannssonar, stjórnarformanns stefnda, en hann sá um rekstur verslunar þeirrar, sem stefnandi starfaði í. Frásögn þessi kemur fram í bréfi Birgis til lögmanns stefnanda, þar sem rakin eru tildrög uppsagnar stefnanda. Birgir þessi hefur ekki komið fyrir dóm til að gefa aðilaskýrslu.

Af hálfu stefnda er fullyrt, að stefnandi hafi sjaldan getað unnið á laugardögum, hann hafi verið óstundvís og unnið illa. Þá er því haldið fram, að forsvarsmaður stefnanda, Birgir Hermannsson, hafi tvívegis áminnt stefnanda. Í fyrra skipti hafi það verið vegna þess, að Birgi hafi þótt stefnandi standa sig afleitlega við vinnu um vorið 1989, en stefnandi hefði verið mikið frá vegna þess, að hann var að kaupa sér bíl. Þá hafi Birgir áminnt stefnanda fyrir að selja eigin tæki, án þess að þau væru skráð eða merkt.

Í júlímánuði 1989 kom erlendur ferðamaður í verslunina og bauð fjallahjól til kaups. Dóttir Birgis var þá við störf í versluninni ásamt stefnanda og öðrum starfsmanni, og hafði dóttirin verslunarstjórn með hendi. Fór stefnandi fram á það við hana, að hún keypti hjólið, en hún vildi það ekki. Stefnandi og samstarfsmaður hans keyptu þá hjólið sjálfir og hugðust selja það aftur. Auglýstu þeir það til sölu í dagblaðinu DV og að upplýsingar fengjust í síma, sem var í versluninni. Af stefnda hálfu er því haldið fram, að með þessu hafi stefnandi gerst svo stórlega brotlegur við starfsskyldur sínar, að það eitt sér réttlæti uppsögn hans, sem þar að auki hafi ekki verið fyrirvaralaus vegna undangenginna áminninga. Fram kemur í málinu, að starfsfélaga stefnanda var ekki sagt upp vegna þessa.

Stefndi ber fyrir sig 12. kafla 1 í kjarasamningi þeim, er áður greinir, en hann liggur frammi í málinu.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu svo og eiginkona stjórnarformanns hins stefnda hlutafélags, Elva Ólafsdóttir.

Stefnandi hefur mótmælt því að hafa nokkru sinni verið veitt áminning eða að fundið hafi verið að við sig, fyrr en hann var rekinn, og vitnið Elva Ólafsdóttir bar, að hún hefði ekki orðið vitni að því, að stefnanda hefði verið veitt áminning.

Forsendur og niðurstaða.

Í 12. kafla kjarasamnings þess, sem gilti um kjör stefnanda, segir, að uppsagnarfrestur eftir sex mánaða starf sé þrír mánuðir, uppsögn sé skrifleg og bundin við mánaðamót. Ekki er deilt um það, að stefnandi hafði starfað lengur en sex mánuði, er honum var sagt upp. Þá segir, að uppsagnarákvæði þessi gildi ekki, ef starfsmaður sýnir vítaverða vanrækslu í starfi.

Ekki verður fallist á það, að fram sé komin sönnun um, að stefnanda hafi með áminningu eða öðrum hætti verið gefinn kostur á að bæta ráð sitt.

Þá verður ekki fallist á það með stefnda, að kaup stefnanda á fjallahjóli falli undir ákvæði 12. kafla um vítaverða vanrækslu í starfi, né heldur, að almennar reglur leiði til þess, að stefnanda yrði sagt upp án uppsagnarfrests.

Samkvæmt þessu verða kröfur stefnanda, sem ekki hafa sætt tölulega

andmælum, teknar til greina að öllu leyti. Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 78.000 krónur í málskostnað, og er þá tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Brunnur hf., greiði stefnanda, Þór Ómari Jónssyni, 180.332 krónur ásamt 45,6% dráttarvöxtum á ári frá 1. ágúst 1989 til 1. september s. á., en með 38,4% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til stefnubirtingardags, 12. desember 1989, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1990. Stefndi greiði stefnanda 78.000 krónur í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Þriðjudaginn 20. september 1994.

Nr. 203/1992. **Gísli Jósepsson og**
Sveinn Guðmundsson persónulega
og fyrir hönd Hattar sf.
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
Borgarverki hf.
(Gunnar Sæmundsson hrl.)

Verksamningur. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. maí 1992. Þeir krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar og þær beri einungis hæstu innlánsvexti frá upphafsdegi vaxta til þess dags, er Hæstiréttur kveður upp dóm sinn, en dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast þeir og til vara, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Verði krafa stefnda að einhverju leyti tekin til greina, gera þeir skuldajafnaðarkröfu vegna ógreiddra reikninga, að fjárhæð 94.860 krónur.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 38/1994 um breytingu á 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála var mál þetta skriflega flutt hér fyrir dómi.

Með verksamningi 7. janúar 1985 milli Hattar sf. sem aðalverktaka og stefnda, Borgarverks hf., sem undirverktaka tók stefndi að sér að vinna tiltekna verkþætti í gerð vegarkaflans „Vesturlandsvegur Brautarholt-Gufuá". Segir í 2. gr. verksamningsins, er fjallar um „neðra burðarlag efni úr námu A", Grjóteyrarhæðum, að þar skuli undirverktaki sjá um ámokstur, akstur og þjöppun efnis samkvæmt nánar tilgreindri verklýsingu. Í 4. gr. verksamningsins er ákvæði

þess efnis, að heildarupphæð samnings fari eftir „endanlegum magntölum sem samþykktar eru af verkkaupa“, og þess getið, að niðurstöðutala samnings geti því breyst í samræmi við breyttar magntölur. Fram kemur í úttekt verkstöðu 26. september 1985, að samkvæmt lokareikningi verkkaupa, Vegagerðar ríkisins, samþykktum af Gísla Jósepssyni fyrir hönd Hattar sf., er magn verkþáttarins „neðra burðarl. náma A“ skráð 19.000 rúmmetrar, og er þar vísað til framangreinds verkliðar í 2. gr. samningsins. Áfrýjendur greiddu stefnda andvirði 18.000 rúmmetra samkvæmt þessum verklið.

Jón Ágúst Guðmundsson, eftirlitsverkfræðingur verkkaupa, gerði hæðarmælingu á yfirborði þess vegarkafla, sem verkþátturinn tók til, áður en burðarlagi úr Grjóteyrarhæðum var ekið á hann. Samkvæmt mælingunni fóru 17.100 rúmmetrar af efni í burðarlagið úr námu Grjóteyrarhæða að teknu tilliti til áætlaðra tenginga og sigs. Verkfræðingurinn og aðilar máls þessa eru sammála um, að nauðsynlegt hafi verið að gera þessa mælingu, þar sem hæð undirbyggingar vegarins hafi verið óregluleg, fyllingar hafi sigið sums staðar og því hafi burðarlagið ekki verið í samræmi við upphaflega hönnun, sem verkkaupi byggði endanlega magntölu á við gerð lokareikningsins. Jón Ágúst bar fyrir dómi, að efnið í burðarlagið hefði verið tekið á fleiri stöðum en Grjóteyri, þar sem áfrýjendur hefðu fengið leyfi verkkaupa til að bæta grjótfyllingu í burðarlagið. Kemur þessi framburður heim og saman við fundargerð verkfundar 11. júlí 1985, en samkvæmt henni greiddu verktakar áfrýjendum andvirði 1000 rúmmetra af fyllingarefni auk 1000 rúmmetra burðarlags.

Ljóst er, að endanlegar magntölur í lokareikningi Vegagerðar ríkisins samkvæmt framangreindum verkþætti byggðust meðal annars á 1000 rúmmetrum efnis í burðarlag vegarins, sem verkkaupi samþykkti að greiða áfrýjendum til viðbótar á verkfundi þeirra 11. júlí 1985, en á þeim fundi var enginn af hálfu stefnda. Samþykkti verkkaupi viðbótina, þar sem áfrýjendur kváðust hafa ekið meira magni af efni í veginn en þegar hafði verið samþykkt að greiða. Stefndi byggir kröfu sína eingöngu á þessu viðbótarmagni.

Eins og að framan getur, lagði stefndi til um 17.100 rúmmetra efnis úr Grjóteyrarnámu samkvæmt niðurstöðu Jóns Ágústs Guðmundssonar verkfræðings, en hefur fengið greitt andvirði 18.000 rúmmetra. Ákvæði 4. gr. verksamningsins verða ekki túlkuð á þann

veg, að stefndi hafi átt kröfu á greiðslu meira efnis en þeir sjálfir lögðu til. Ber því að sýkna áfrýjendur af öllum kröfum stefnda í máli þessu. Samkvæmt þessum úrslitum er stefndi dæmdur til að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Gísli Jósepsson og Sveinn Guðmundsson persónulega og fyrir hönd Hattar sf., skulu vera sýknir af kröfum stefnda, Borgarverks hf.

Stefndi greiði áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur.

Dómur aukadómþings Strandasýslu 24. febrúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. febrúar sl., hefur Sigvaldi Arason framkvæmdastjóri, Borgarnesi, höfðað fyrir hönd Borgarverks hf., Borgarnesi, fyrir aukadómþingi Strandasýslu með stefnu, birtri 26. nóvember 1988, á hendur Gísla Jósepssyni, nnr. 2678-0543, og Sveini Guðmundssyni, nnr. 8743-4397, Fjarðarhorni, Bæjarhreppi, Strandasýslu, persónulega og fyrir hönd Hattar sf., kt. 690584-0189, Bæjarhreppi, Strandasýslu.

Dómkrafa stefnanda er samkvæmt endanlegri kröfugerð hans, að stefndu verði dæmt skylt að greiða sér 132.836 kr. [með nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

Þá krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmt skylt að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefndu eru samkvæmt endanlegri kröfugerð, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefndu verði einungis gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar eða sem nemur 39.860 kr. Þess er og krafist, að stefndu verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Sáttaumleitanir fyrir dómi reyndust árangurslausar.

I.

Hinn 7. janúar 1985 gerðu aðilar máls þessa með sér verksamning, þar sem stefnandi tók að sér sem undirverktaki að framkvæma ákveðna verkþætti við lagningu Vesturlandsvegar á kafla milli Brautarholts og Gufuár í Borgarfirði. Stefndi, Höttur sf., var aðalverktaki þessa verks, sem unnið var fyrir Vegagerð ríkisins. Verkþáttur sá, sem stefnandi hafði með höndum,

sneri aðallega að því að flytja fyllingarefni í veginn úr námu í Grjóteyrarhæðum, ámokstur þess og þjöppun ásamt því að annast sprengingar í vegstæði og í grjótnámu.

Samkvæmt 4. gr. verksamnings aðila var tilgreind ákveðin heildarupphæð, er greiða átti fyrir verkið, en jafnframt tekið fram, að hún færi eftir endanlegum magntölum og gæti því niðurstaða hans breyst til samræmis við breyttar magntölur.

Deila aðila snýst fyrst og fremst um það, að stefnandi telur sig eiga rétt til greiðslu fyrir efnismagn, er samsvarar 1.000 rúmmetrum umfram það, sem hann hefur þegar fengið greitt, þar sem stefndu hafi fengið greitt fyrir það magn hjá verkkaupa samkvæmt lokauppgjöri þeirra í milli án þess að skila því til stefnanda.

Stefndu segja hins vegar aðila hafa gert með sér munnlegt samkomulag þess efnis, að í stað þess að fara eftir endanlegum magntölum verkkaupa yfir magn burðarlags úr Grjóteyrarhæðum sæi verkfræðingurinn Jón Ágúst Guðmundsson um að hæðarmæla á undirbyggingu vegarins, áður en burðarlagi væri ekið út, en mælingu þessa hafi hann átt að nota við að reikna út endanlegar magntölur fyrir burðarlag úr Grjóteyrarhæðum. Ástæðan fyrir samkomulagi þessu hafi verið sú, að hæð undirbyggingar hafi verið óregluleg og ekki í samræmi við upphaflega hönnun, sem Vegagerð ríkisins hafi notað sem grunn að sinni magntölu.

Haldnir voru verkfundir með aðilum verksins. Á verkfundi 11. júlí 1985 samþykkti verkkaupi, Vegagerð ríkisins, að greiða fyrir viðbótarmagn fyllingarefnis, sem stefnandi annaðist um flutning á, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í júlí 1985 lagði stefnandi á grundvelli þessarar samþykktar inn reikning til Vegagerðar ríkisins, að fjárhæð 132.836 kr., og er það samsvarandi andvirði þess efnismagns, sem verkkaupi hafði samþykkt að greiða. Fjárhæð þessi var greidd stefnanda. Reikningur þessi var ekki áritaður um samþykki aðalverktaka, stefndu í máli þessu, eins og þó hafði verið venja í viðskiptum aðila. Að kröfu aðalverktaka greiddi verkkaupi þeim þessa fjárhæð, en bakfærði reikning stefnanda fyrir samsvarandi fjárhæð.

Samkvæmt lokauppgjöri verkkaupa við stefndu greiddi verkkaupi þeim fyrir efni, sem svaraði 19.000 rúmmetrum. En stefnandi hefur hins vegar fengið greitt frá stefndu fyrir efnismagn, sem svarar 18.000 rúmmetrum. Eftirlitsverkfræðingur Vegagerðar ríkisins framkvæmdi mælingar á efnismagni því, sem í veginn fór á vegum stefnanda, og var niðurstaða hans sú, að það efni samsvaraði 17.100 rúmmetrum.

Stefndu telja sig hafa ofgreitt stefnanda vegna þessa verkþáttar, sem nemi 900 rúmmetrum, auk þess sem þeir hafi orðið fyrir verulegu tjóni

vegna frammistöðu stefnanda við verkið, meðal annars sprenginga, en sá þáttur verksins hafi gengið mjög illa vegna vankunnáttu starfsmanna stefnanda. Stefndu halda því einnig fram, að þeir hafi ofgreitt stefnanda fyrir, sem svari 740 rúmmetrum, vegna sprenginga í vegstæði. Hér sé um að ræða mismun þess efnismagns, er Vegagerð ríkisins hafi samþykkt, og þess efnismagns, er stefndu hafi greitt stefnanda. Mælingar og áætlanir stefndu hafi einnig leitt í ljós, að þeir hafi ofgreitt stefnanda vegna efnis, er svaraði 314 rúmmetrum, vegna sprenginga í námu við Brennistaði.

Stefnandi reisir málsókn sína á verksamningi aðila frá 7. janúar 1985, einkum 4. gr. hans. Til stuðnings kröfum sínum vísar hann til almennra reglna samningaréttar um skuldbindingargildi samninga svo og til almennra reglna kröfuréttar um greiðslu fyrir vinnu og þjónustu. Stefnandi kveður innheimtutilraunir hafa reynst árangurslausar, og sé málsókn þessi því óhjákvæmileg.

Stefndu byggja aðalkröfu sína um sýknu fyrst og fremst á því, að með aðilum hafi stofnast samningur, sem gangi framar 4. gr. verksamnings þeirra.

Varakrafa stefndu er studd þeim rökum, að þeir hafi ofgreitt stefnanda fyrir sprengivinnu, sem nemi 740 rúmmetrum, vegna sprenginga í vegstæði og 314 rúmmetrum vegna sprengivinnu í námu við Brennistaði.

Fyrir dómi gáfu skýrslu Sigvaldi Arason, forsvarsmaður stefnanda, Gísli Jósepsson og Sveinn Guðmundsson, sameigendur Hattar sf., og Jón Ágúst Guðmundsson verkfræðingur.

II.

Stefnandi máls þessa krefst þess, að sér verði tildæmd fjárhæð vegna aksturs, ámoksturs og þjöppunar fylliefnis, er samsvari lokauppgjöri Vegagerðar ríkisins til stefndu. Kröfu sína byggir hann á verksamningi aðila frá 7. júlí 1985. Stefndu kveða þeim samningi hafa verið breytt. Gísli Jósepsson bar fyrir dómi, að aðilar hefðu gert með sér munnlegt samkomulag, er breytti 4. gr. verksamningsins. Meðeigandi hans, stefndi Sveinn Guðmundsson, bar fyrir dómi, að hann myndi ekki eftir, að samkomulag þar um hefði verið gert. Vitnið Jón Ágúst Guðmundsson kvaðst ekki heldur geta staðfest, að samkomulag þess efnis hefði verið með aðilum. Hins vegar taldi hann allt eins líklegt, að það efni, sem flutt var úr námunni á Grjóteyrarhæðum, hefði getað numið yfir 20.000 rúmmetrum.

Skriflegur verksamningur liggur fyrir í máli þessu, gerður af aðilum málsins, sem báðir þekkja vel til starfsemi sem þessarar. Gegn mótmælum stefnanda verður að telja, að stefndu hafi ekki tekist að sýna fram á, að með aðilum hafi stofnast samningur þess efnis, að vikið skuli frá afdráttarlausu

orðalagi skriflegs verksamnings þeirra. Fyrir liggur uppgjör milli Vegagerðar ríkisins og Hattar sf. er ber áletrunina Lokareikningur. Í 18. lið þess uppgjörs er vísað til þess verkþáttar, sem hér er til umfjöllunar. Þar kemur fram, að verkkaupi, Vegagerð ríkisins, hafi greitt stefndu fyrir efni, sem svari 19.000 rúmmetrum. Stefndi Gísli Jósepsson hefur hins vegar haldið því fram fyrir dómi, að tilvísaður liður lokauppgjörsins sé ekki alls kostar réttur, heldur hafi þessi tala, 19.000 rúmmetrar, verið miðuð við meira efnismagn en tengist viðskiptum aðila þessa máls og verði því ekki lögð til grundvallar við uppgjör milli aðila.

Hvorki í fram lögðum gögnum máls þessa né framburði aðila og vitna hefur nokkuð það komið fram, er renni stoðum undir þessar fullyrðingar stefndu. Með vísan til þessa og framburðar vitnisins Jóns Ágústs Guðmundssonar þykir því verða að leggja til grundvallar skriflegt uppgjör verkkaupa og aðalverktaka um heildarmagn efnis. Framkvæmdaliður þessi var að öllu leyti í höndum stefnanda. Verður því með hliðsjón af samningi aðila að líta svo á, að honum beri viðbótargreiðsla sú, er verkkaupi samþykkti að greiða vegna þessa verkþáttar.

Varakrafa stefndu byggist á því, að þeir hafi ofgreitt stefnanda fyrir vinnu hans við sprengingar. Til grundvallar kröfu þessari liggja einvörðungu útreikningar stefndu. Gegn mótmælum stefnanda, verður að telja, að stefndu hafi ekki sýnt fram á né rökstutt þessa kröfu sína með fullnægjandi hætti. Verður hún því ekki tekin til greina.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að kröfur stefnanda eru teknar til greina að öllu leyti.

Eftir niðurstöðu málsins skulu stefndu greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 120.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Georg Kr. Lárusson, setudómari samkvæmt umboðsskrá.

Dómsorð:

Stefndu, Gísli Jósepsson og Sveinn Guðmundsson persónulega og fyrir hönd Hattar sf., greiði stefnanda, Borgarverki hf., 132.836 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Stefndu skulu og greiða stefnanda 120.000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. september 1994.

Nr. 346/1994. **Hjalti Pálsson**
(sjálfur)
gegn
þrotabúi Miklagarðs hf.
(Jóhann H. Níelsson hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Samningsaðild. Eftirlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnlaugur Claessen og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili, Hjalti Pálsson, skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. júlí 1994. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. sama mánaðar um réttmæti kröfu sóknaraðila til greiðslu úr hinu stefnda búi. Um kæruheimild er vísað til 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., sbr. 144. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sóknaraðili gerir þá kröfu aðallega, að krafa sín, að fjárhæð 50.534.767 krónur, verði viðurkennd sem forgangskrafa, en til vara, að hún verði viðurkennd sem almenn krafa. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur einnig kært úrskurðinn með kæru 20. júlí 1994. Krefst hann þess aðallega, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað, en til vara, að krafa hans í þrotabúið verði einungis viðurkennd sem almenn krafa: 1. að fjárhæð 29.914.000 krónur, 2. að fjárhæð 31.127.000 krónur, 3. að fjárhæð 32.427.000 krónur, 4. að fjárhæð 33.821.000 krónur, 5. að fjárhæð 35.320.000 krónur. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða úrskurði.

Krafa sóknaraðila um greiðslu eftirlauna er gerð með vísan til 3. gr. samnings milli Sambands íslenskra samvinnufélaga og Miklagarðs hf. frá 25. nóvember 1991 um yfirtöku rekstrar á verslunarsviði, en greinin hljóðar þannig í heild:

„Viðskiptasamningar, viðskiptasambönd og viðskiptavild verslunardeildar Sambandsins ganga til Miklagarðs hf. án sérstakrar greiðslu.

Ráðningarsamningar starfsmanna verslunardeildar og áunnin réttindi yfirfærast til hlutafélagsins. Lífeyrissjóðsiðgjöld greiðast eins og áður til Samvinnulífeyrissjóðsins.

Mikligarður hf. skal annast um greiðslu eftirlauna til þeirra aðila, sem til slíkra réttinda hafa unnið hjá fyrrum innflutningsdeild og verslunardeild Sambandsins. Skal hlutafélagið greiða eftirlaunin úr sínum sjóðum, en Sambandið er áfram samningsaðili gagnvart rétthöfum."

Aðila greinir ekki á um, að sóknaraðili falli undir 3. mgr. þessa ákvæðis samningsins. Samningurinn verður ekki öðruvísi skilinn en svo, að sóknaraðili eigi kröfu áfram á hendur SÍS eða sjóðum þess, en SÍS hafi svo aftur átt kröfu samkvæmt samningnum um, að hlutafélagið uppfyllti skyldur þess gagnvart sóknaraðila. Samningur SÍS og Miklagarðs hf. var gerður án samráðs við sóknaraðila, og hann aðhafðist ekkert þá eða síðar til að tryggja sér viðurkenningu á aðild að honum, umfram það að taka án athugasemda við eftirlaunagreiðslum úr hendi hlutafélagsins. Hann hefur ekki sýnt fram á, að hann eigi beina kröfu til greiðslu úr þrotabúi Miklagarðs hf. Ber af þessari ástæðu að hafna kröfum hans.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Kröfu sóknaraðila, Hjalta Pálssonar, til greiðslu úr þrotabúi Miklagarðs hf. er hafnað.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júlí 1994.

Mál þetta var upphaflega tekið til úrskurðar 16. maí 1994 að lokinni aðalmeðferð málsins, en var endurupptekið og tekið til úrskurðar að nýju með vísan til 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Sóknaraðili málsins er Hjalti Pálsson, kt. 011122-3969, Ægisíðu 74, Reykjavík.

Varnaraðili málsins er þrotabú Miklagarðs hf., kt. 601083-0869.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær aðallega, að við yfirstandandi skipti á þrotabúi Miklagarðs hf. verði krafa sín, að fjárhæð 50.534.767 kr., viður-

kennd sem forgangskrafa í búið. Til vara er þess krafist, að ofannefnd krafa verði við skipti á þrotabúinu viðurkennd sem almenn krafa í búið. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt mati réttarins ásamt virðisaukaskatti, hvernig sem málið fer. Beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Endanlegar dómkröfur varnaraðila eru þær aðallega, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Til vara eru gerðar eftirfarandi varakröfur: Fyrsta varakrafa, að krafa sóknaraðila verði einungis viðurkennd sem almenn krafa, að fjárhæð 29.914.000 kr. Önnur varakrafa er sú, að krafa sóknaraðila verði einungis viðurkennd sem almenn krafa, að fjárhæð 31.127.000 kr. Þriðja varakrafa er sú, að krafa sóknaraðila verði einungis viðurkennd sem almenn krafa, að fjárhæð 32.427.000 kr. Fjórða varakrafa er sú, að krafa sóknaraðila verði einungis viðurkennd sem almenn krafa, að fjárhæð 33.821.000 kr. Fimmta varakrafa er sú, að krafa sóknaraðila verði einungis viðurkennd sem almenn krafa, að fjárhæð 35.320.000 kr. Þá er þess krafist, að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt mati dómsins eða fram lögðum málskostnaðarreikningi.

I.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dagsettum 21. nóvember 1981, gerðu sóknaraðili, sem þá var framkvæmdastjóri innflutningsdeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga, og Samband íslenskra samvinnufélaga með sér samning um eftirlaun sóknaraðila. Í þeim samningi fólst m. a., að sóknaraðili ætti rétt á fullum eftirlaunum, þegar hann yrði 65 ára. Hámarkseftirlaun skyldu vera 90% af framkvæmdastjóralaunum eftir fimmtán ára starfsaldur, eins og þau væru á hverjum tíma. Sóknaraðili hóf störf hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga 1. janúar 1948 og starfaði þar óslitið til 1. nóvember 1987, er hann varð 65 ára, samtals 39 ár. Hinn 25. nóvember 1991 gerðu Samband íslenskra samvinnufélaga og Mikligarður hf. með sér samning um yfirtöku rekstrar á verslunarsviði. Í 3. grein samningsins, sem ber yfirskriftina Viðskiptasambönd og starfsmannaréttindi, segir að Mikligarður hf. skuli annast um greiðslu eftirlauna til þeirra aðila, sem til slíkra réttinda hafi unnið hjá fyrrum innflutningsdeild og verslunardeild Sambandsins. Skuli hlutafélagið greiða eftirlaunin úr sínum sjóðum, en Sambandið sé áfram samningsaðili gagnvart rétthöfum.

Bú Miklagarðs hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 15. júní 1993, og lýsti sóknaraðili eftirlaunakröfu sinni í þrotabúið með kröfulýsingu, dagsettri 5. október 1993. Kröfu sóknaraðila í búið var hafnað, og 29. desember 1993 barst Héraðsdómi Reykjavíkur krafa þrotabús Miklagarðs um úrlausn

dómsins um ágreining aðila, dagsett 28. desember 1993, og var ágreiningsmál þetta þingfest 3. febrúar 1994.

II.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því, að með yfirtöku Miklagarðs hf. á rekstri verslunarsviðs Sambands íslenskra samvinnufélaga með samningnum frá 25. nóvember 1991 hafi hlutafélagið og þar með varnaraðili orðið samábyrgur, sólídarískt ábyrgur, ásamt Sambandinu gagnvart sóknaraðila til að greiða honum eftirlaun. Sé sú niðurstaða byggð á því, að skuldbinding og greiðslubyrði fyrrnefnds samnings hafi einnig færst yfir á varnaraðila og þannig hafi í reynd tveir aðilar lofað greiðslu til sóknaraðila. Aðalreglan í slíkum tilvikum sé sú, að greiðsluskuldbinding þeirra sé sólídarísk, sé ekki um annað samið. Segi enda í 3. gr. samningsins, að Sambandið sé áfram samningsaðili gagnvart rétthöfum, en það sé eðlilegur fyrirvari, enda um að ræða upphaflegan samningsaðila. Með samningnum verði hins vegar til nýr ábyrgðaraðili, skuldari, sem sóknaraðili eigi fullan kröfurétt á hendur á grundvelli yfirtökusamningsins.

Sóknaraðili kveður yfirteknar eftirlaunaskuldbindingar ekki hafa verið verðmetnar, en yfirfærðar eignir og skuldir hafi verið að verðmæti um það bil 600 milljónir króna. Auk þess hafi varnaraðili yfirtekið verðmæt viðskiptasambönd, viðskiptasamninga og viðskiptavild, sem líklega séu hundraða milljóna króna virði og að öllum líkindum mun verðmeiri en þær eftirlaunaskuldbindingar, sem félagið hafi yfirtekið. Þá bendir sóknaraðili á, að varnaraðili hafi greitt sóknaraðila eftirlaun samkvæmt samningnum frá 1. janúar 1991 til 15. júní 1993, er bú varnaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta, og hafi því sóknaraðili mátt ætla, að svo yrði áfram, og hann hlotið að gera ráð fyrir fullri ábyrgð varnaraðila á þessari greiðsluskuldbindingu. Væri varnaraðili líklegast enn að greiða sóknaraðila eftirlaun, ef bú hans væri ekki undir gjaldþrotaskiptum.

Eftirlaunagreiðslur til sóknaraðila hafi verið gjaldfærðar sem launakostnaður í bókhaldi varnaraðila á árunum 1991–1992, þar til þáverandi framkvæmdastjóri félagsins hafi án heimildar og í trássi við vilja stjórnar þess látið færa þessar greiðslur til skuldar á aðalsjóð Sambandsins, enda hafi framkvæmdastjóri félagsins óskað eftir því, að þessi færsla yrði bakfærð á varnaraðila.

Ljóst sé af framangreindu, að sóknaraðili hefur verið launþegi hjá varnaraðila í skilningi 1. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991, enda hafi eftirlaun hans verið gjaldfærð sem launakostnaður í bókhaldi varnaraðila. Þá hafi eftirlaun sóknaraðila verið greidd til sóknaraðila á mánaðarfresti í tvö og hálft ár með launaseðlum. Verði ekki fallist á, að umræddar greiðslur

verði taldar greiðslur til launþega með lögjöfnun, sé ljóst, að greiðslunum megi jafna til launa, sem falli með lögjöfnun undir 1. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991. Orðalagið „fyrir vinnu í þjónustu þrotamanns" hafi verið talið fela í sér aðgreiningu á launþegum annars vegar og verktökum hins vegar. Þá sé það skilyrði 112. gr. laganna uppfyllt, að krafan hafi fallið í gjalddaga á síðustu átján mánuðum fyrir frestdag, en krafa sóknaraðila hafi fallið í gjalddaga, þegar bú varnaraðila var úrskurðað gjaldþrota 15. júní 1993.

Sóknaraðili kveður eftirlaunakröfu sóknaraðila að öðru leyti eðlisskylda og samkynja tilnefndu ákvæði 112. gr. ofannefndra laga og eigi því að sæta sömu meðferð. Hér sé um að ræða ólögákveðið tilfelli, og hvorki lög, réttarvenja né fordæmi eigi beint við. Eftirlaun séu í eðli sínu laun, sem sóknaraðili sé búinn að vinna fyrir, og ekki sé að sjá, að 1. tl. 1. mgr. geymi þrönga sérreglu.

Í útreikningi kröfunnar kveður sóknaraðili byggt á niðurstöðu Björns Þórðarsonar tryggingastærðfræðings um eftirlaunaskuldbindinguna og kröfugerðina miðaða við 3% ársávöxtun. Krafan sé reiknuð þannig, að heildarskuldbindingar varnaraðila séu tilteknar miðað við 31. desember 1992, 52.343.000 kr., að frádregnum bráttóeftirlaunagreiðslum til sóknaraðila frá varnaraðila vegna tímabilsins frá janúar 1993 til og með júní 1993, alls 1.811.754 kr. Mismunurinn, 50.531.246 kr., sé kröfufjárhæðin.

Varakrafa sóknaraðila um, að krafa sín verði metin sem almenn krafa í búið, er reist á 113. gr. laga nr. 21/1991. Hún byggist á því, að varnaraðili hafi verið samábyrgur með Sambandi íslenskra samvinnufélaga um greiðslu allra eftirlaunanna til sóknaraðila með sama ofangreinda rökstuðningi og sé krafan byggð á sömu tölulegu forsendum og aðalkrafan.

Sóknaraðili vísar kröfum sínum til stuðnings til 99. gr., 112. og 113. gr. laga nr. 21/1991 og til almennra reglna kröfu- og samningsréttar um efndir loforða og samninga.

III.

Varnaraðili reisir aðalkröfu sína á tveimur málsástæðum.

Í fyrra lagi er byggt á aðildarskorti sóknaraðila, þar eð ekki hafi stofnast réttarsamband milli sóknaraðila og Miklagarðs hf. með umþrættum samningi milli Sambands íslenskra samvinnufélaga og Miklagarðs hf. frá 25. nóvember 1991. Sá samningur hafi eingöngu tekið til viðskipta milli Sambandsins og Miklagarðs hf., og því geti sóknaraðili ekki átt aðild að kröfu á hendur varnaraðila á grundvelli samningsins. Aðildarskortur leiði til sýknu eða þess, að hafna beri öllum kröfum sóknaraðila, sbr. 2. tl. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Í öðru lagi er á því byggt, að Mikligarður hf. hafi í umboði Sambandsins

tekist á hendur að annast um greiðslur til þeirra aðila, sem unnið höfðu til eftirlaunaréttinda, en Sambandið hafi áfram verið samningsaðili gagnvart rétthöfum og borið fjárhagslega ábyrgð á efndum gagnvart þeim aðilum, sem slík réttindi áttu. Orðalag 3. gr. samnings Miklagarðs hf. og Sambandsins bendi til þessarar niðurstöðu svo og afstaða Guðjóns Eyjólfssonar, löggilts endurskoðanda, í bréfum, meðal annars til þáverandi stjórnarformanns Sambandsins, og áritun á ársreikninga fyrir rekstrarárið 1992. Er á því byggt, að ekki hafi skapast krafa á hendur Miklagarði hf. vegna eftirlaunaréttinda á grundvelli yfirtökusamningsins.

Varakröfu sínar byggir varnaraðili á því, að eftirlaunakrafa sóknaraðila falli ekki undir launahugtak 112. gr. laga nr. 21/1991 og að eftirlaunakröfum sé ekki veittur forgangsréttur með öðrum lagaákvæðum, og því beri að skipta kröfunni sem almennri kröfu í kröfuröð samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991. Þá er á því byggt, að sóknaraðili hafi aldrei starfað hjá Miklagarði hf. og eftirlaunakrafa hans sé ekki á neinn hátt tengd vinnu í þjónustu hans og tengist á engan hátt starfsemi Miklagarðs hf. Af hálfu varnaraðila er einnig á því byggt, að fjárhæð kröfu varnaraðila sé allt of há og reiknigrundvöllur hennar rangur. Miðað við þá ávöxtunarmöguleika, sem bjóðist, sé 3% ávöxtun of lág, og þegar litið sé til aldurs sóknaraðila, verði að taka mið af eingreiðsluhagræði, auk þess sem taka yrði tillit til mánaðarlegra greiðslna frá Samvinnulífeyrissjóðnum.

Varnaraðili vísar til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 til stuðnings málskostnaðarkröfu sinni.

IV.

Ágreiningur er með aðilum máls þessa um það, hvort sóknaraðili eigi kröfu á hendur varnaraðila vegna eftirlauna, og ef svo sé, hvort þrotabúinu beri að greiða kröfuna sem forgangskröfu eða almenna kröfu úr þrotabúinu. Þá er einnig deilt um það, við hvaða hundraðshlutfall eigi að miða ávöxtun varðandi núvirðingu kröfunnar og hvort draga eigi frá kröfunni framlag Samvinnulífeyrissjóðsins.

Eins og áður var lýst, byggist aðalkrafa sóknaraðila á því, að með samningi Sambands íslenskra samvinnufélaga og Miklagarðs hf., dagsettum 25. nóvember 1991, um yfirtöku rekstrar á verslunarsviði hafi hinn síðarnefndi tekið á sig að efna eftirlaunasamning sóknaraðila og hins fyrrnefnda. Varnaraðili krefst hins vegar sýknu vegna aðildarskorts sóknaraðila.

Aðild sóknaraðila að máli þessu byggist á 120. gr., sbr. 171. gr. laga nr. 21/1991, sem varnaraðili vísaði til, er ágreiningi aðila var vísað til úrlausnar dómsins. Aðild sóknaraðila er til komin á þann hátt, að hann sem kröfuhafi

í þrotabú Miklagarðs hf. vildi ekki una afstöðu skiptastjóra varnaraðila til kröfu sóknaraðila á hendur þrotabúinu, og því var þeim ágreiningi skotið til dómsins. Þótt ekki hafi stofnast réttarsamband milli sóknaraðila og Miklagarðs hf. með þeim hætti, að sóknaraðili undirritaði framangreindan samning, telst það ekki valda aðildarskorti í þessu ágreiningsmáli. Sóknaraðili þáði eftirlaun úr sjóðum Miklagarðs hf. frá því um áramót 1991–1992 athugasemdalaust og mótmælti þessum skuldaraskiptum ekki hér fyrir dóminum. Verður að telja hann hafa gefið samþykki sitt við þessu fyrirkomulagi, þótt hann hafi ekki undirritað samninginn ásamt samningsaðilum.

Í yfirtökusamningi Sambands íslenskra samvinnufélaga og Miklagarðs hf., sem gerður var 25. nóvember 1991, segir í umræddri 3. gr., að hinn síðarnefndi skuli annast um greiðslu eftirlauna til þeirra aðila, sem til slíkra réttinda hafi unnið, og skuli hlutafélagið greiða eftirlaunin úr sínum sjóðum, en Sambandið skuli áfram vera samningsaðili gagnvart rétthöfum. Verður að telja, að með þessu orðalagi hafi Mikligarður hf. tekið á sig þá skuldbindingu að greiða eftirlaun sóknaraðila úr sínum sjóðum, enda ekkert fram komið, sem bendir til annars en sú hafi verið ætlunin með ákvæðinu. Framburður vitnanna Sigurðar Markússonar, fyrrverandi stjórnarformanns Miklagarðs hf., og Geirs Geirssonar, höfundar umþrætts samnings, fyrir dóminum við aðalmeðferð málsins bendir einnig til sömu niðurstöðu. Gegn hinu skýra orðalagi 3. greinar samningsins þykir engu breyta, þótt útgreidd eftirlaun hafi verið skuldfærð á Sambandið í bókhaldi Miklagarðs hf., en ágreiningur var um þá framkvæmd.

Í rekstri málsins komu aðilar málsins sér saman um reikningsaðferðir við útreikning kröfufjárhæðar, og var kröfugerð varnaraðila breytt, hvað snertir varakröfu hans, til samræmis við þær aðferðir. Aðalkrafa sóknaraðila er, að sér verði greiddar 50.534.767 kr., og er þá miðað við 3% ársávöxtun. Varakröfur varnaraðila byggjast á mismunandi ársávöxtun lífeyriskröfu sóknaraðila að frádregnum lífeyrissjóðsgreiðslum.

Við mat á því, við hvaða ársávöxtun á að miða í þessu máli, verður að líta til ýmissa þátta. Í fram lögðum útreikningum Bjarna Þórðarsonar tryggingastærðfræðings, sem báðir aðilar máls þessa ákváðu við rekstur málsins, að yrði lagður til grundvallar, er reiknað með 3%, 3,5%, 4%, 4,5% og 5% ársvöxtum, sem byggjast á ólíku mati á því, hvernig raunávöxtunarmöguleikar verða í framtíðinni miðað við ávöxtunarmöguleika undanfarið. Þá verður einnig að taka mið af lífslíkum viðkomandi, en samkvæmt vitnisburði Bjarna Þórðarsonar tryggingastærðfræðings hér fyrir dómi þykir rétt að hafa hliðsjón af lengd þess tíma, sem búast má við, að greiðslur eftir-

launanna standi. Því lengra tímabil sem menn reikni með, því lægri séu vextirnir. Þá benti Bjarni á, að hliðstætt mat hjá lífeyrissjóðunum væri miðað við 3 til 3,5% vexti, ef lífeyrisskuldbindingarnar væru miðaðar við verðlag, en væru þær hins vegar miðaðar við kauplag, væri frekar reiknað með heldur lægri ávöxtun.

Þar eð raunvextir hafa farið lækkandi hér á landi að undanförnu og með hliðsjón af framangreindu, þykir hæfilegt að miða við 4% ársávöxtun í þessu máli.

Um ágreining aðila um það, hvort draga beri greiðslur frá Samvinnulífeyrissjóðnum frá kröfufjárhæð sóknaraðila, er þess að gæta, að sóknaraðili hefur þegið greiðslur frá þeim sjóði allan tímann, og ekkert, sem bendir til þess, að brestur verði á því. Þykir því verða að fallast á það með varnaraðila, að þessar greiðslur komi til frádráttar.

Um ágreining aðila um stöðu kröfu sóknaraðila í kröfuröð í þrotabúi Miklagarðs hf. er fyrst til þess að líta, að samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 ganga næstar kröfum samkvæmt 109.–111. gr. laganna kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu þrotamannsins, sem hafa fallið í gjalddaga á síðustu átján mánuðum fyrir frestdag. Krafa sóknaraðila í máli þessu byggist á því, að hann gerði eftirlaunasamning við Samband íslenskra samvinnufélaga, sem tryggir honum ákveðin lífeyrisréttindi, sem Mikligarður hf. skuldbatt sig til að annast og greiða með margnefndum yfirtökusamningi. Ágreiningslaust er, að sóknaraðili var ekki starfsmaður Miklagarðs hf., enda ekki um það að ræða, að hann innti af hendi vinnuframlag í þágu hlutafélagsins. Í yfirtökusamningnum er einungis fjallað um greiðslu eftirlauna, en ekki annars konar launa, enda var sóknaraðili hættur störfum, er samningurinn var gerður. Krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila verður því ekki talin njóta forgangs samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991.

Með hliðsjón af framanrituðu er niðurstaða dómsins sú, að fallist er á þriðju varakröfu varnaraðila og krafa sóknaraðila viðurkennd sem almenn krafa í þrotabú Miklagarðs hf., að fjárhæð 32.427.000 kr.

Eftir niðurstöðu málsins þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa sóknaraðila, Hjalta Pálssonar, er viðurkennd sem almenn krafa, að fjárhæð 32.427.000 kr., í þrotabú Miklagarðs hf.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 22. september 1994.

Nr. 266/1993. **Bergey hf.**
(Steingrímur Þormóðsson hdl.)
gegn
sjávarútvegsráðherra og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Skriflegur málflutningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júní 1993. Hann gerir eftirfarandi kröfur: „I. Að viðurkennt verði með dómi, að ákvörðun sjávarútvegsráðherra 23. júlí 1991 um að svipta áfrýjanda veiðileyfi, útg. 16. 2. 1991, fyrir Svöluna, SK 37, Hofsósi, til að veiða með línu og handfæri frá 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991 hafi verið ógild. II. Að stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og sjávarútvegsráðherra, verði in solidum dæmdir til að greiða áfrýjanda 1.058.000 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. vaxtalögum frá 1. október 1991 til greiðsludags.“ Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu gera eftirfarandi dómkröfur: „Að lið I í kröfugerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti verði vísað frá Hæstarétti og að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefndu tildæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum áfrýjanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hans fyrir Hæstarétti að mati réttarins. Til þrautavara er þess krafist, að stefnukröfurnar verði stórkostlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.“

Mál þetta var tekið til dóms í héraði að loknum munnlegum málflutningi 19. febrúar 1993. Dómur var kveðinn upp 19. apríl sama ár. Liðu því átta vikur og þrír dagar, frá því að málið var dómtekið, þar til dómur var upp kveðinn. Í dóminum er engin skýring gefin á þessum óhæfilega langa drætti, og ekki kemur þar fram, að dómari

og lögmenn aðila hafi verið á einu máli um, að ekki væri þörf á að endurflytja málið. Þessi dráttur á dómsuppsögu var brot á ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, enda getur munnlegur málflutningur ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi.

Af þessum sökum verður eigi hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 22. september 1994.

Nr. 322/1991. **Flugfélagið Óðinn hf.**
(Skúli Th. Fjeldsted hrl.)
gegn
Danish Aircraft Owners A/S
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
og gagnsök

Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júlí 1991 og framhaldsstefnu 5. september sama ár. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi skaut máli þessu til Hæstaréttar með gagnstefnu 29. ágúst sama ár. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti, þó þannig, að dregnar verði frá dómkröfunni 350.000 krónur íslenskar, sem lögmaður aðaláfrýjanda hafi greitt inn á kröfuna 15. apríl 1992.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal stofnsamningur Flugfélagsins Óðins hf. eða Odin Air Ltd. í erlendum samskiptum, frá 17. ágúst 1989 og tilkynning til Hlutafélagaskrár frá 27. sama mánaðar, enn fremur vottorð sýslumannsins í Reykjavík um, að einkafirma með sama nafni hafi ekki verið skráð í firmaskrá. Þá hafa verið lögð fram bréf, sem sýna, að eftir stofnun hlutafélagsins var notað bréfsefni með nafninu Odin Air, Helgi Jónsson, meðal annars í samskiptum við gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi, sem er erlendur aðili, höfðaði mál þetta í héraði til innheimtu tveggja vörureikninga, annars frá 22. ágúst 1989 og hins 12. desember 1989, auk vaxta af þessum og fyrri viðskiptum. Reikningarnir eru stílaðir á Odin Air, Helgi Jónsson. Heldur gagnáfrýjandi því fram, að aðaláfrýjandi sé kaupandi varanna og hann hafi jafnframt keypt vörur af honum í september 1989, en þær hafi

hann greitt 15. maí 1990. Af hálfu aðaláfrýjanda er á því byggt, að Flugfélagið Óðinn hf., sem í erlendum samskiptum er nefnt Odin Air Ltd., hafi ekki hafið starfsemi sína á þeim tíma, sem vörurnar voru keyptar, og geti því ekki verið aðili máls þessa. Er þetta eina málsástæða hans. Henni er hafnað af gagnáfrýjanda og því haldið fram, að hlutafélagið hafi verið stofnað, þegar vörurnar voru keyptar, og að einkafirma með sama nafni hafi ekki verið skráð.

Af hálfu aðaláfrýjanda var ekki sótt þing í héraði. Var honum þó réttilega stefnt og málið því dæmt samkvæmt fram lögðum skjölum og skilríkjum samkvæmt 118. gr. þágildandi laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Í héraðsdómi er frá því skýrt, að gagnáfrýjandi sendi aðaláfrýjanda yfirlit um skuldir hans 8. maí 1990, án þess að athugasemdir væru við það gerðar. Málið verður dæmt með hliðsjón af 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. lög nr. 38/1994, sbr. áður 45. gr. laga nr. 73/1975 um Hæstarétt Íslands.

Viðskiptin, sem er fjallað um í málinu, voru gerð í nafni Odin Air, Helgi Jónsson. Ómótmælt er, að Flugfélagið Óðinn hf. tók yfir starfsemina, sem rekin var í því nafni, og notaði áfram nafnið Odin Air í erlendum samskiptum sínum, þar á meðal við gagnáfrýjanda. Aðaláfrýjandi hefur ekki neitað þessum skuldbindingum fyrr en hér fyrir dómi. Dómkröfum gagnáfrýjanda er ekki mótmælt tölulega. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með þeim breytingum, sem leiðir af kröfugerð gagnáfrýjanda.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Flugfélagið Óðinn hf., greiði gagnáfrýjanda, Danish Aircraft Owners A/S, 171.489,06 danskar krónur með 18% ársvöxtum af 139.343,14 dönskum krónum frá 17. maí 1990 til 1. ágúst sama ár, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október sama ár, 17,1% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember sama ár, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 25. janúar 1991, en með dráttarvöxtum af peningakröfum í dönskum krónum, sem Seðlabanki Íslands ákveður á hverjum tíma skv. 11. gr.

vaxtalaga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags, er leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 17. maí 1991, allt að frádregnum 350.000 íslenskum krónum, sem greiddar voru inn á kröfuna 15. apríl 1992.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 100.000 krónur í málskostnað í Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. júní 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. maí 1991, er höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 25. janúar sama ár, af Danish Aircraft Owners, Hangervej 1, Roskilde Lufthavn, DK-4000, Roskilde, Danmörku, gegn Helga Jónssyni, kt. 110238-2239, Bauganesi 44, Reykjavík, f. h. Flugfélagsins Óðins hf., kt. 700889-1309, Reykjavíkurflugvelli, en stefnandi kveður hann stjórnarformann þess hlutafélags.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 171.489,06 danskar krónur með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum]. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Mál þetta var þingfest sem áskorunarmál á reglulegu bæjarþingi 29. janúar 1991. Málið var tekið til áritunar þann dag. Á reglulegu bæjarþingi 21. maí sl. var málið endurupptekið að beiðni stefnanda. Þann dag lagði stefnandi fram sókn, þar sem hann lækkaði stefnukröfur sínar, og eru endanlegar dómkröfur stefnanda eins og að framan greinir. Málið var dómtekið sama dag.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi kveður kröfu sína mega rekja til kaupa stefnda á varahlutum í flugvél árið 1989. Stefnandi kveðst hafa sent stefnda yfirlit yfir útistandandi skuldir, dags. 8. maí 1990, þ. e. skv. reikningi nr. 102460, að fjárhæð 75.060,78 danskar krónur, reikningi nr. 102528, að fjárhæð 44.562,35 danskar krónur, reikningi nr. 102733, að fjárhæð 64.282,36 danskar krónur. Stefnandi kveður stefnda hafa greitt 44.562,36 danskar krónur 15. maí 1990, og kveður hann því krafist vaxta af 139.434,13 dönskum krónum, eins og að ofan greini. Auk þessa höfuðstóls sé þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfallna vexti skv. vaxtanótum fyrir gjaldföllnum vöxtum af eldri skuldum, samtals að fjárhæð 32.145,92 danskar krónur. Stefnandi kveður stefnda hafa fengið innheimtubréf frá dönskum lögmanni, dags. 17. maí 1990, og kveður hann krafist dráttarvaxta frá þeim tíma.

Stefnandi kveður skuld þessa ekki hafa fengist greidda þrátt fyrir ítrekuð

greiðslutilmæli, og sé ekki annað vitað en stefndi hafi móttekið vörurnar í umsömdu ástandi, enda hafi hann ekki gert neinar athugasemdir vegna þeirra. Kveður hann málsókn þessa því óumflýjanlega.

Lagarök.

Stefnandi kveður viðskiptin stafa af lausafjárkaupum, og kveðst hann hafa staðið við skuldbindingar af sinni hálfu, enda hafi hann afhent vöruna. Er sérstaklega vísað til 28. gr. laga nr. 39/1922. Vaxtakröfuna kveður hann byggjast á 11. gr. laga nr. 25/1987, en vaxtavaxtakröfuna á 12. gr. sömu laga. Þá kveður hann málskostnaðarkröfuna byggða á XII. kafla laga nr. 85/1936.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við endanlegar dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öðru leyti en því, að viðurkenndur er réttur stefnanda til að leggja dráttarvexti við höfuðstól kröfunnar, í fyrsta skipti 17. maí 1991, en ekki 12. maí 1991, eins og í stefnu greinir.

Málskostnaður ákveðst 143.800 kr.

Dóminn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, ftr. yfirborgardómara.

Dómsorð:

Stefndi, Flugfélagið Óðinn hf., greiði stefnanda, Danish Aircraft Owners, 171.489,06 danskar krónur með 18% dráttarvöxtum á ári af 139.343,14 dönskum krónum frá 17. maí 1990 til 1. ágúst 1990, með 17% dráttarvöxtum á ári frá þ. d. til 1. október 1990, með 17,1% dráttarvöxtum á ári frá þ. d. til 1. desember 1990, með 17% dráttarvöxtum á ári frá þ. d. til stefnubirtingardags, en frá þ. d. til greiðsludags með þeim dráttarvöxtum af peningakröfum í dönskum krónum, sem Seðlabanki Íslands ákveður hverju sinni skv. 11. gr. laga nr. 25/1987. Stefndi greiði stefnanda 143.800 kr. í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð hæstu lögleyfðu dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags. Viðurkenndur er réttur stefnanda til að leggja dráttarvexti við höfuðstól skuldarinnar og höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. september 1994.

Nr. 271/1990. **Alfreð Magnússon**
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
gegn
Guðmundi Runólfssyni hf. og
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
til réttargæslu
(Haraldur Blöndal hrl.)

Skaðabótamál. Vinnuslys. Líkamstjón. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júlí 1990. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 4.032.634 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum frá 8. maí 1985 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar og engar af hans hálfu.

Hinn 24. september 1993 var stefndi í héraði, Sæfang hf., sameinað Guðmundi Runólfssyni hf., og hefur heiti málsins verið breytt í samræmi við það.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Byggir áfrýjandi endanlegar kröfur sínar fyrir Hæstarétti á örorkumati Júlíusar Valssonar læknis 4. desember 1993 um 30% örorku og örorkutjónsútreikningi Guðjóns Hansen tryggingafræðings 6. janúar 1994. Stefndu gera ekki athugasemd við það, að hækkun sú, sem felst í endanlegri kröfugerð áfrýjanda, fái komist að fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómur var skipaður sérfróðum meðdómendum, og hefur niðurstöðu dómsins ekki verið hnekkt. Verður hann því staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 50.000 krónur upp í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Alfreð Magnússon, greiði stefnda, Guðmundi Runólfssyni hf., 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Áfrýjandi var að festa felguró á bolta í framhjóli gamallar vörubifreiðar, þegar hann féll og fótbrotnaði. Notaði hann til verksins þungan felgulykil með rúmlega 60 cm löngu skafti. Verk þetta var einfalt og fábrotið, en síður en svo hættulaust, og er auðvelt að meiða sig við annað eins. Áfrýjandi var ekki lærður til bifreiðaviðgerða og ekki sérstaklega vanur við verkið, þótt hann hefði unnið það áður. Um aðstæður í þetta sinn var það helst til afbrigða, að ró hafði ekki verið á boltanum undanfarin tvö ár, og hafði hann safnað ryði og óhreinindum. Jafnframt reyndist róin sprungin þvert í gegn, þegar hún var síðar athuguð. Róin var notuð og tekin af sams konar vörubifreið og virðist ekki athugaverð að öðru en því, að innstu gengjur hennar eru jagaðar. Verkstjóri áfrýjanda, sem er lærður vélstjóri, hafði tekið róna til og hreinsað hana og boltann með bursta og mótorolíu, áður en hann fékk áfrýjanda verkið í hendur. Ekki er leitt í ljós, að róin hafi þá verið sprungin, og telur fulltrúi vinnueftirlits líklegra, að hún hafi brostið við átakið frá áfrýjanda, sem beitti öllu vogarafli lykilskaftsins ásamt eigin þunga og kröftum. Sé þetta jafnframt líkleg orsök þess, að lykillinn skrapp af boltanum og losnaði úr taki áfrýjanda með þeim afleiðingum, sem fyrr getur. Róin var þá komin langleiðina upp á boltann, og beitti áfrýjandi lyklinum niður á við til að þvinga hana það, sem eftir var. Róin ber þess ekki merki, að áfrýjandi hafi skrúfað hana skakkt, og álit í þá átt hefur ekki komið fram í málinu.

Lögreglumaður var kvaddur á vettvang, þegar slysið varð, og gerði hann fulltrúa Vinnueftirlits ríkisins viðvart um það daginn eftir. Atvik voru þó ekki rannsökuð til hlítar fyrr en alllöngu síðar. Róin var ekki skoðuð með tæknilegum aðferðum, og verður ekki útilokað, að veila hafi leynst í henni, þar sem ætla má, að annað hefði fremur átt að láta undan, eftir því sem almennt gerist. Sam-

kvæmt gögnum málsins er rétt að leggja til grundvallar, að róin hafi brostið í höndum áfrýjanda og sé það meðal orsaka að slysinu. Jafnframt verður að draga af þeim þá ályktun, að ástand boltans hafi skipt máli um atburðarásina. Séu meðal annars líkur til þess, að hreinsunin á honum hafi ekki verið nægilega gagnger, en til hennar valdi verkstjórinn einföldustu aðferðina. Í ljósi þessa og annarra atvika er það ótvírætt, að leggja beri fébótaábyrgð vegna slyssins á vinnuveitanda áfrýjanda, sem verkið var unnið fyrir. Á hinn bóginn verður einnig talið, að áfrýjandi hafi ekki staðið að verkinu með nægilegri aðgæslu. Ber þá einkum að líta til þess, að hann virðist hafa haft ástæðu til að skrúfa róna til baka og huga nánar að því, hvernig fyrirstöðu var háttað. Þetta nægir þó ekki til að firra vinnuveitandann ábyrgð, enda er alls ósannað, þegar horft er á málið í heild, að verklag áfrýjanda hafi verið utan skynsemismarka. Er rétt eftir öllum atvikum, að vinnuveitandi ábyrgist afleiðingar slyssins að hálfu, en áfrýjandi að hálfu.

Áfrýjandi var tæpra 55 ára að aldri, þegar slysið varð. Afleiðingar þess urðu óvenjualvarlegar miðað við aðdragandann, og hefur hann hlotið mikla örorku af fótbroti sínu. Samkvæmt því, sem fyrr var rakið, ber að gera stefnda Guðmundi Runólfssyni hf. að greiða áfrýjanda bætur fyrir helming þess fjártjóns og miska, sem eðlilega megi rekja til slyssins, ásamt vöxtum og málskostnaði. Þar sem niðurstaða annarra dómenda er á þann veg, að stefndi geti ekki talist bótaskyldur, eru þó ekki efni til að gera umfangi bótanna nánari skil.

Dómur aukadómþings Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 23. maí 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. apríl sl., höfðaði Alfreð Magnússon, kt. 070630-2579, Hrannarstíg 14, Grundarfirði, gegn Sæfangi hf., 650179-0219, Sólvöllum 2, Grundarfirði, og Sjóvá-Almennum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík, til réttargæslu með stefnu, birtri 16. 5. 1988. Stefnandi framhaldsstefndi í málinu 20. 4. 1990.

Dómkröfur stefnanda saman lagðar eru þær, að stefndi Sæfang hf. verði dæmdur til að greiða stefnanda 2.475.802 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda Sæfangs hf. eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að sér verði aðeins gert að greiða

tjón stefnanda að hluta og stefnukröfur verði stórlega lækkaðar. Stefndi krefst málskostnaðar í báðum tilvikum að mati dómsins.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar dómkröfur gerðar.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi hóf störf hjá stefnda um áramótin 1981/1982 og vinnur þar enn. Hann er stýrimaður að mennt með 200 tonna skipstjórnarréttindi. Hann vann ýmiss konar vinnu hjá stefnda, meðal annars ók hann Volvo-vörubifreið stefnda, sem er árgerð 1971. Auk þessara starfa vann stefnandi sem lögreglumaður á sumrum. Stefnandi hefur haft bílpróf síðan 1951. Hann kvaðst hafa átt bíla síðustu 12–15 árin, góða fólksbíla, og örsjaldan þurft að skipta um hjólbarða á þeim.

Hinn 8. maí 1985 vann stefnandi að því undir stjórn Kristjáns Guðmundssonar vélstjóra að búa vörubifreið stefnda undir bifreiðaskoðun, en Kristján hefur umsjón með öllum vélum og bifreiðum stefnda og er starfsmaður hans. Á hægra framhjól bifreiðarinnar vantaði eina felguró. Stefnandi kvað þessa ró hafa vantað á bifreiðina, þegar stefndi keypti hana árið 1983. Kristján hafði fengið leyfi hjá eiganda sams konar bifreiðar að taka varahluti úr henni til að setja í bifreið stefnda, m. a. felguró.

Stefnandi kvað þá Kristján hafa farið og tekið úr þessari bifreið hraðamælisbarka og eina felguró, sem Kristján hefði skrúfað af vinstra framhjóli með hendinni. Kristján hefði farið með róna inn á verkstæði stefnda, hreinsað hana með vírbursta og olíuborið, síðan tyllt henni upp á felgubolt-ann, eftir að hann hafði burstað hana og olíuborið. Síðan hefði Kristján sagt sér að herða róna. Þeir hefðu áður farið í kaffi. Eftir kaffið hefði hann tekið til við að herða róna. Til þess hefði hann notað felgulykil úr bifreiðinni, en lykill þessi er samsettur þannig, að skafti er stungið í gegnum gat á enda hans. Stefnandi taldi, að skaftið væri u. þ. b. 60 cm langt. Sams konar lykill og stefnandi notaði var sýndur í dóminum, en stefnandi hélt þó, að skaft þess lykils væri ívið lengra en skaftið, sem hann notaði. Stefnandi kvaðst hafa staðið þannig að verkinu, að hann hefði haft allt skaftið öðrum megin við lykilinn til þess að fá hámarksátak og staðið sjálfur sömum megin við lykilinn. Hann hefði ýtt skaftinu niður með báðum höndum. Ekki hefði komið til tals eða álita að setja eitthvað undir lykilendann. Stefnandi taldi, að lykillinn hefði ekki verið slitinn og hann hefði passað allvel á róna. Sér hefði fundist strax í byrjun, að róin væri óvenjulega stíf miðað við það, sem hann hefði átt að venjast, og stíft hefði verið að skrúfa alla leið. Hann hefði ekki skrúfað róna til baka til þess að hreinsa boltann eða bera olíu á hann. Stefnandi kvaðst oft hafa skrúfað stífa ró og í þessu tilviki ekki talið

ástæðu til að ætla annað en allt væri í lagi. Þegar nokkrir snúningar hafi verið eftir, líklega tveir til þrír hálfsnúningar, hafi allt skyndilega gefið eftir, lykillinn skroppið af og hann dottið á jörðina. Við þetta brotnaði fótur stefnanda, og sperrileggur tvíbrotnaði. Stefnandi kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir því að öðru leyti, hvernig þetta hefði atvikast. Annaðhvort hefði hann fengið lykilinn í höfuðið eða rekist utan í hann, en hruflu hefði hann fengið á ennið. Stefnandi kvaðst áður hafa skipt um dekk á vörubifreið tvisvar eða þrisvar.

Kristján Guðmundsson, vélstjóri hjá stefnda, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Vitnið kvaðst hafa unnið hjá stefnda frá haustdögum 1981 og annast alla umhirðu og umsjón með vélabúnaði fyrirtækisins. Hann kvað vera hefðbundið að nota gamlar rær í tilvikum sem því, sem um var að ræða, og ekki hefði þótt ástæða til að kaupa nýja ró. Hann kvaðst ekkert athugavert hafa séð við róna eða felguboltann og kvað sig minna að hafa hreinsað bæði boltann og róna, áður en hafist var handa um að skrúfa hana á. Felgulykillinn, sem notaður var, hefði verið í mjög góðu lagi. Vitnið kvaðst hafa verið að vinna við bílinn hinum megin á sama tíma og stefnandi. Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli einhvern tíma, eftir að slysið varð, að felguróin var sprungin.

Gísli Guðmundsson, lögreglumaður á Grundarfirði, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Vitnið kvaðst hafa komið á slysstaðinn nokkrum mínútum eftir, að slysið varð. Hann hefði skoðað felgulykilinn og borið hann á róna, en ekki gert sér grein fyrir því, að róin væri sprungin. Hann hefði átt von á manni frá Vinnueftirliti ríkisins daginn eftir. Hann hefði ekki farið á slysstað með eftirlitsmanninum, þegar hann kom í það skipti, heldur síðar um sumarið, og þá hefði róin verið á sama stað og áður. Vitnið kvað það vera fasta venju hjá lögreglunni á Grundarfirði að hafa samband við Vinnueftirlit ríkisins, þegar vinnuslys yrðu, en forráðamenn fyrirtækja á staðnum muni ekki vita af þessari venju. Oft sé það svo, að lögreglunni sé ekki tilkynnt um vinnuslys fyrr en seint og um síðir. Vitnið kvað sér hafa verið kunnugt um, að stefnandi hefði verið búinn að ráða sig sem héraðslögreglumann sumarið 1985, og hefði hann án efa orðið af tekjum vegna slyssins.

Skýrsla Vinnueftirlits ríkisins er ódagsett. Þar er skráð, að slysið hafi ekki verið tilkynnt til vinnueftirlitsins, en sá, er skýrsluna ritaði, hafi frétt af því, þegar hann var á ferð 9. maí 1985. Að öðru leyti kemur ekkert fram í skýrslunni, sem ekki hefur komið fram hjá stefnanda og vitnum.

Lögmaður stefnanda beindi nokkrum spurningum til Vinnueftirlits ríkisins í bréfi, dags. 21. mars 1990. Í svari vinnueftirlitsins, sem dags. er 22. mars

1990, segir eftirlitsmaður, að hann hafi borið felgulykilinn að rónum og séð, að lykillinn hafi eitthvað verið farinn að slitna, þó ekki svo, að hann slyppi yfir. Slitið hafi ekki verið það mikið, að ástæða þætti til að prófa herslu.

– – –

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að stefndi Sæfang hf. beri húsbóndaábyrgð á starfsmanni sínum, Kristjáni Guðmundssyni vélstjóra. Kristján hafi látið starfsmann undir sinni stjórn, stefnanda í máli þessu, þvinga ryðgaða ró upp á ryðgaðan felgubolta og þannig ákveðið að nota gamalt í stað nýs. Kristján hafi mátt vita af þekkingu sinni og reynslu, að mikið átak þyrfti til þessa og að róin þyldi ekki jafnmikið átak og ný ró. Verkfærin hafi verið heldur veigalítil og farin að slitna samkvæmt áliti Vinnueftirlits ríkisins. Með því að hreinsa róna að utan hafi rúmmál hennar minnkað, og við það hafi álagið á hana aukist, þegar hún var hert. Þá hafi Kristján ekki sagt stefnanda til á fullnægjandi hátt. Með þessu hafi Kristján sýnt af sér vítavert gáleysi.

Þá er því haldið fram af stefnanda, að róin hafi verið gölluð, en ógölluð felguró springi ekki, þótt hún sé hert. Tjónið sé bein afleiðing af galla í rónni og stjórnun á framkvæmd verksins.

Þá byggir stefnandi á því, að ábyrgð stefnda sé ríkari, þar sem um hættulegt verk hafi verið að ræða. Þótt felguró og felgulykill séu ekki hættuleg ein sér, geti þau verið hættuleg saman. Þetta leiði til sönnunarskyldu stefnda eftir sakarlíkindareglunni, en stefndi hafi ekki sýnt fram á, að slysið sé ekki afleiðing galla á rónni og verkstjórnar Kristjáns Guðmundssonar. Líta verði einnig svo á, að um hlutlæga ábyrgð stefnanda sé að ræða.

Slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins, og það hafi lítið sem ekkert verið rannsakað, og verði stefndi að bera hallann af því.

Slysið verði stefnanda ekki um kennt, hann hafi ekki getað vitað af þeirri hættu, sem var samfara því að skrúfa róna.

Eftir slysið hafi tekjur stefnanda minnkað, hann hafi þurft að leggja meira á sig við tekjuöflun. Þegar fram í sæki, geti tekjuöflun orðið stefnanda ennþá erfiðari og hann þurft að hætta fyrr á vinnumarkaði en annars hefði orðið.

Af hálfu stefnda Sæfangs hf. er því mótmælt, að starfsmaður hans, Kristján Guðmundsson, eigi nokkra sök á slysi stefnanda. Hann hafi með berum höndum skrúfað róna af felguboltanum, þar sem hún var fengin, hreinsað hana og felguboltann og olíuborið hvort tveggja. Felgulykillinn hafi fylgt bílnum og verið óskemmdur. Að áliti vinnueftirlitsins hafi hann eitthvað verið farinn að slitna, en ekki svo, að hann skryppi yfir. Ekki skipti máli, þótt róin kunni að hafa verið ryðguð. Hins vegar skipti máli, hvort róin hafi

verið ryðskemmd, en það sé ekki fyrr en í stefnu, sem á því sé byggt af hálfu stefnanda. Ef einhverjar ryðskemmdir séu á rónni, sé líklegast, að þær séu komnar til, eftir að slysið varð.

Vinnueftirlit ríkisins hafi fengið að vita af slysinu þegar í stað og komið á slysstað daginn eftir.

Það verk, sem stefnandi hafi unnið, sé afar einfalt og þarfnist engrar sérfræðikunnáttu. Við það séu notuð einföldustu verkfæri, sem til séu. Verkið sé ekki á sérstöku hættusviði og því óeðlilegt að beita strangara sakarmati eða hlutlægri bótareglu. Stefndi beri ekki sönnunarbyrðina fyrir því, að róin hafi verið gallalaus, og stefnanda hafi ekki tekist að sanna, að róin hafi verið gölluð eða hugsanlegur galli hafi leitt til slyssins.

Orsök slyssins sé að finna hjá stefnanda sjálfum. Hann hafi enga tilraun gert til þess að hreinsa róna, en í því verki, sem hann hafi verið beðinn að vinna, hafi falist að hreinsa róna og boltann, ef þörf krafði, eða vekja athygli á nauðsyn þess. Þetta hafi átt að vera stefnanda í lófa lagið, hann sé stýrimaður að mennt og atvinnubílstjóri. Verklag stefnanda hafi verið óeðlilegt og ekki skrýtið, þótt illa færi. Stefnandi hafi þvingað róna alla leið, og óskiljanlegt sé, að hann skyldi ekki skrúfa hana til baka og athuga gengjur, hreinsa á nýjan leik og olíubera. Þá sé ekki ósennilegt, að stefnandi hafi tyllt lyklinum á róna og hann þess vegna skroppið af. Slysið sé því algerlega sök stefnanda.

Verði ekki fallist á það, að stefnandi beri einn sök á slysinu, eigi að lækka bætur vegna eigin sakar hans.

Forsendur dómsins.

Í málinu hefur verið lögð fram ró sú, sem stefnandi var að skrúfa, þegar slysið varð. Hún er með fínum gengjum, u. þ. b. 12 talsins, og eru fyrstu fjórar gengjurnar sýnilega jagaðar. Ekki er að sjá, að róin sé ryðskemmd að verulegu marki, en gengjur eru þó ekki hreinar. Róin er gegnsprungin þvert á gengjurnar, og er sprungan tæpur millímetri á breidd á utanverðri rónni.

Verk það, sem stefnandi var að inna af höndum, þegar slysið varð, vinna velflestir ökumenn einhverju sinni á ævinni, gjarnast oftar en einu sinni. Verkið er einkar óbrotið í framkvæmd og er unnið með verkfæri af einfaldri gerð. Það er fjarri öllu lagi, að hér eigi við sakarlíkindareglan eða reglan um hlutlæga bótaábyrgð.

Segja má, að öruggara hefði verið að nota nýja ró í stað notaðrar, en þess ber þó að gæta, að alkunna er, að til þessa ráðs er iðulega gripið. Þegar gamalt er notað, kann að vera þörf á sérstökum ráðstöfunum, sem óþarfar eru við notkun nýrra hluta. Komið hefur fram, að svo var í því tilviki, sem

hér um ræðir, þ. e. að hreinsa róna og boltann og bera á olíu til að auðvelda verkið. Þetta gerði raunar Kristján Guðmundsson, eftir því sem stefnandi segir. Hins vegar hefði verið heppilegra að nota ryðolíu í stað mótorolíu, þó að það hafi tæpast getað skipt sköpum. Verður að líta svo á, að undirbúningur verksins hafi verið með venjulegum og eðlilegum hætti og sök verði ekki lögð á Kristján Guðmundsson, vegna þess að hann hafi verið ófullnægjandi, og ekki verður af rónni séð, að hún beri það með sér að hafa verið varasöm til notkunar. Kristján Guðmundsson var að vinna hinum megin bílsins og því í kallfæri stefnanda.

Orsök þess, að lykillinn lætur skyndilega undan átakinu, verður að telja langlíklegasta þá, að róin rifnaði, og svo líklega, að á því megi byggja. Ekki hefur verið leitt í ljós eða verður séð, að róin hafi sprungið vegna galla í smíði hennar, heldur hlýtur ástæðan að vera sú, að hún hefur ekki þolað átakið. Þetta átak hlýtur að hafa verið meira en svo, að nokkur skynsemi væri í því að beita því við verkið. Stefnandi, sem lýsti því, að jafnstíft hefði verið að skrúfa róna frá upphafi til enda, hefði átt að sjá, að eitthvað var með óeðlilegum hætti, og annaðhvort skrúfa róna til baka og aðgæta, hverju sætti, eða kalla til verkstjóra sinn til ráðgjafar. Stefnandi gerði hvorugt. Verður að telja, að með þessum hætti hafi stefnandi sjálfur átt sök á því, að slysið varð, þótt hugsanlega megi að einhverju leyti telja það til óhappatilviks, að róin sprakk. Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Kröfur hafa ekki verið gerðar á hendur réttargæslustefnda.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Friðgeir Björnsson, skipaður setudómari, og meðdómendurnir Bent Jörgensen bifvélavirkjameistari og Finnbogi Eyjólfsson bifvélavirkjameistari kváðu upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Sæfang hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alfreðs Magnússonar.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 26. september 1994.

Nr. 399/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Þórhalli Ölver Gunnlaugssyni
(Símon Ólason hdl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 16. september 1994, sem barst réttinum 19. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 16. september sl. um farbann varnaraðila allt til kl. 16.00 föstudaginn 4. nóvember nk. Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði meinuð för af landinu allt til kl. 16.00 laugardaginn 31. desember 1994.

Varnaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 19. september sl. Krefst hann þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Hinn 16. september sl. felldi Hæstiréttur úr gildi úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um gæsluvarðhald varnaraðila vegna grunar um stórfelld brot á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í dómi Hæstaréttar var sagt, að Rannsóknarlögregla ríkisins hefði ekki sýnt fram á, að rannsóknarhagsmunir væru slíkir, að þörf væri á frekara gæsluvarðhaldi varnaraðila, sem hann hafði þá sætt í fjóra daga. Fram var komið, að lögregla hafði við húsleit lagt hald á bókhaldsgögn varnaraðila og fyrirtækja hans og yfirheyrt hann og eiginkonu hans.

Í greinargerð sóknaraðila til Hæstaréttar kemur fram, að rannsókn beinist meðal annars að því að varpa ljósi á ráðstöfun sóknaraðila á verulegum hluta þess endurgreidda virðisaukaskatts, sem hann er grunaður um að hafa fengið með röngum skýrslum. Eins og rannsóknarefninu er háttað, má fallast á, að nærvera varnaraðila sé

nauðsynleg um sinn. Sóknaraðili hefur hins vegar ekki leitt næg rök að því nú, að hennar sé þörf umfram þann tíma, sem tiltekinn er í hinni kærðu ákvörðun. Verður hún því staðfest.

Dómsorð:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Þriðjudaginn 27. september 1994.

Nr. 381/1994. **Þrotabú Miklagarðs hf.**
(Jóhann H. Níelsson hrl.)
gegn
Einari Erlendssyni
(Andri Árnason hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Skuldaröð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. með kæru 8. júlí 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 12. ágúst sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 1. júlí 1994, þar sem er viðurkenndur forgangsréttur fyrir kröfu varnaraðila, að fjárhæð 560.013 krónur, við gjaldþrotaskipti á búi Miklagarðs hf. Sóknaraðili krefst, að þessum úrskurði verði hrundið og hann sýknaður af kröfum varnaraðila í málinu. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Í máli þessu er deilt um, hvernig kröfum varnaraðila, sem hann styður við samning á milli sín og Miklagarðs hf. frá 30. janúar 1992, verði skipað í skuldaröð við gjaldþrotaskipti á búi félagsins. Samkvæmt kröfulýsingu varnaraðila, dagsettri 27. september 1993, eru kröfurnar nánar tiltekið þessar:

Laun samkvæmt launaseðli, dags. 1. júlí 1993	kr.	158.271
Orlof fyrir orlofsárið 1992 til 1993	–	352.133
Áunnið orlof vegna maí og júní 1993	–	47.811
Innheimtuþóknun	–	5.656
Virðisaukaskattur af þeirri þóknun	–	1.386

Frá dregst úttekt vegna vörukaupa	–	5.244
Samtals	kr.	560.013

Varnaraðili telur þessar kröfur eiga undir 1. og 3. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 og njóta þannig stöðu í skuldaröð sem forgangskröfur. Í skrá um lýstar kröfur í þrotabú Miklagarðs hf. eru þessar kröfur varnaraðila viðurkenndar sem almennar kröfur, en sóknaraðili telur varnaraðila ekki geta notið forgangsréttar fyrir þeim, þar sem hann hafi verið verktaki í þjónustu Miklagarðs hf., en ekki launþegi.

II.

Samkvæmt gögnum málsins gerðist varnaraðili fastur starfsmaður Miklagarðs hf. með ráðningarsamningi, dagsettum 26. júní 1990, og var starfsheiti hans yfirsmiður. Í kringum áramótin 1991 og 1992 hófust viðræður á milli varnaraðila og forráðamanna félagsins um nýjan samning um störf hans, og leiddu viðræðurnar til þess, að fyrrnefndur samningur var gerður 30. janúar 1992. Samkvæmt heiti sínu er þetta verksamningur, og er varnaraðili þar nefndur verktaki, en félagið verkkaupi.

Í samningnum er skyldum verktaka lýst á þann hátt, að hann hafi eftirlit með, framkvæmi og/eða stjórni öllum viðgerðum og viðhaldi húsnæðis, tækja og innréttinga verkkaupa. Er mælt fyrir um, að verktaki beri ábyrgð á aðkeyptum iðnaðarmönnum og sjái um samningsgerð við þá í samráði við framkvæmdastjóra verkkaupa. Verktaka beri einnig að sjá um öll efniskaup vegna framkvæmda, hann eigi að fara yfir reikninga fyrir aðkeypt efni og vinnu og beri ábyrgð á, að þeir séu í samræmi við gerða samninga. Þá er tekið fram, að verktaki vinni samkvæmt verkáætlun, sem sé gerð fyrir hvert ár í senn, eftir að framkvæmdastjóri verkkaupa hefur samþykkt hana, en verktaki megi ekki hefja verk nema að fengnu slíku samþykki.

Endurgjald til verktaka er ákveðið þannig í samningnum, að hann fái greiddar 250.000 krónur mánaðarlega auk virðisaukaskatts, en fjárhæðin taki breytingum í samræmi við almenna kjarasamninga hverju sinni. Verktaki eigi einnig að fá greitt fyrir afnot eigin bifreiðar með ákveðinni fjárhæð fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt akstursdagbók. Tekið er fram, að miðað sé við, að heildarfjöldi vinnustunda fari ekki yfir þrjú hundruð á mánuði. Verði sér-

stök útköll til þess, að vinnustundir verði fleiri, beri verkkaupa að greiða fyrir hverja vinnustund 0,5% af „mánaðarlaunum“, sem svo eru nefnd í samningnum, en verktaki verði að sanna viðveru með skráningu á stimpilklukku. Um tilhögun á greiðslum er mælt svo fyrir, að þær verði inntar af hendi gegn framvísun reiknings 1. hvers mánaðar og fari um launabókhald félagsins.

Í lokagrein samningsins er kveðið á um, að hann gildi frá 1. janúar 1992 til 31. desember 1993, og geti hvor aðili um sig sagt honum upp með þriggja mánaða fyrirvara. Komi ekki til uppsagnar, framlengist samningurinn um sex mánuði í senn með sama uppsagnarfresti.

Af hálfu varnaraðila hefur komið fram, að í viðræðum við framkvæmdastjóra Miklagarðs hf. í kringum áramótin 1991 og 1992 hafi hann látið í ljós, að hann vildi gera varanlegan ráðningarsamning, þar sem launakjör sín yrðu bætt. Framkvæmdastjórinn hafi ekki viljað fallast á launakröfur hans, nema gerður yrði svokallaður „verksamningur“. Laun varnaraðila yrðu hækkuð þar, en á móti yrði hann að standa skil á öllum launatengdum gjöldum og virðisaukaskatti, sem legðist við umsamda fjárhæð. Sagði varnaraðili í munnlegri skýrslu sinni fyrir dómi, að af hálfu Miklagarðs hf. hefði sér verið tjáð, að með þessu fengist sambærileg útkoma við þá, sem hann vildi, enda fengi hann hærri laun og héldi öllu því, sem hann hafði. Hann hefði ekki átt kost á að fá kröfum sínum framgengt á annan hátt og því gengið að þessum samningi. Þessari frásögn um aðdragandann að gerð samningsins hefur ekki verið mótmælt sérstaklega af hálfu sóknaraðila.

III.

Eins og mál þetta er lagt fyrir af aðilum, stendur ágreiningurinn á milli þeirra um, hvort talið verði, að samningurinn frá 30. janúar 1992 sé vinnusamningur og hafi þannig leitt af sér kröfu handa varnaraðila um laun eða annað endurgjald fyrir vinnu, sem verði skipað í skuldaröð samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991, eða hvort hann sé verksamningur og kröfur samkvæmt honum eigi þannig undir 113. gr. laganna.

Fallast má á, að niðurstaða um þetta ágreiningsatriði geti ekki út af fyrir sig ráðist af því, að umræddur samningur sé nefndur verk-

samningur og aðilar að honum kallist þar verktaki og verkkaupi. Fer það eftir heildarmati á efni samningsins og þeim starfa, sem varnaraðili tók að sér. Varnaraðili þáði föst mánaðarlaun, átti rétt á uppsagnarfresti, og laun hans tóku breytingum eftir almennum kjarasamningum. Samningurinn, sem forráðamenn Miklagarðs hf. gerðu við hann 30. janúar 1992, svo og aðstaða hans hjá fyrirtækinu hafði svip venjulegs samnings verkstjóra að flestu leyti. Með honum voru varnaraðila ekki falin ákveðin verk, er greitt væri fyrir miðað við skil á þeim, heldur tók hann að sér að sinna ákveðinni tegund verkefna og leggja til þeirra persónulega vinnu sína, er hann hafði að fullu aðalstarfi. Verður að telja, að til þess að samningurinn verði virtur sem verksamningur, þurfi hann að vera það samkvæmt efni sínu. Ekki er uppi ágreiningur um fjárhæð kröfu varnaraðila. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður ákveðst eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, þrotabú Miklagarðs hf., greiði varnaraðila, Einari Erlendssyni, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Sératkvæði
Guðrúnar Erlendsdóttur og
Markúsar Sigurbjörnssonar

Í atkvæði meiri hluta dómara er lýst þeim samningi, sem varnaraðili gerði við Miklagarð hf. 30. janúar 1992 og var samkvæmt heiti sínu verksamningur. Við erum sammála meiri hlutanum um, að niðurstaða um ágreining málsaðila um, hvernig kröfum varnaraðila verði skipað í skuldaröð, geti ekki út af fyrir sig ráðist af því, að umræddur samningur sé nefndur verksamningur og aðilar að honum kallist þar verktaki og verkkaupi. Í ljósi þessarar yfirskriftar á samningnum og orðnotkunar þar að öðru leyti teljum við á hinn bóginn, að það verði að hvíla á þeim, sem heldur fram, að samningurinn sé annars eðlis en þetta bendir til, að sýna fram á það.

Í málinu er óumdeilt, að samningur varnaraðila við Miklagarð hf. fól í sér, að hinn fyrrnefndi fengi greiðslur fyrir störf sín í þágu fé-

lagsins samkvæmt reikningi og með virðisaukaskatti. Í því sambandi verður að hafa í huga, að samkvæmt 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt hvílir skylda til að innheimta virðisaukaskatt með þessum hætti í meginatriðum ekki á öðrum einstaklingum en þeim, sem í atvinnuskyni eða með sjálfstæðri starfsemi selja eða afhenda vörur eða verðmæti eða inna af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu. Einnig er óumdeilt, að ekki var ætlast til, að greiðslur til varnaraðila samkvæmt samningnum yrðu skertar með frádrætti vegna iðgjalda til lífeyrissjóðs, félagsgjalda til stéttarfélags eða staðgreiðslu opinberra gjalda. Ekki var heldur ætlast til, að Mikligarður hf. stæði skil á framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs vegna starfa varnaraðila eða bæri skylda til að greiða vegna þeirra opinber gjöld, sem tengjast launagreiðslum. Þá hefur varnaraðili ekki sýnt fram á, að það hafi verið ætlunin, að hann nyti réttar til launa í veikindatilvikum, líkt og væri samkvæmt kjarasamningi. Varnaraðili hefur ekki heldur sýnt fram á, að hann hafi vegna samnings síns við Miklagarð hf. notið réttar til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi, þótt ákvæði hafi verið þar um uppsögn.

Þegar þessi atriði eru virt, teljum við ekki unnt að fallast á, að varnaraðila hafi tekist að sýna fram á, að réttarsamband hans við Miklagarð hf. á grundvelli samnings þeirra frá 30. janúar 1992 hafi verið þess eðlis, að kröfur samkvæmt honum geti átt undir ákvæði 1. og 3. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt þessu teljum við, að taka verði til greina kröfu sóknaraðila með því að hafna kröfu varnaraðila um, að lýstar kröfur hans, að fjárhæð 560.013 krónur, verði viðurkenndar sem forgangskröfur við gjaldþrotaskipti á búi Miklagarðs hf. Þá teljum við rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. júlí 1994.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 14. júní sl., var þingfest 24. maí 1994 til úrlausnar um ágreining um lýsta kröfu Einars Erlendssonar, kt. 021239-3809, í þrotabú Miklagarðs hf.

Bú Miklagarðs hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 15. júní 1993 með úrskurði, upp kveðnum í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Ástráður Haraldsson hdl. og Jóhann H. Níelsson hrl. voru skipaðir skiptastjórar í búinu sama dag.

Að loknum kröfulýsingarfresti var boðað til skiptafundar í búinu 3. nóv-

ember 1993, en með bréfi 22. október s. á. höfnuðu skiptastjórar kröfu sóknaraðila sem forgangskröfu, sem áréttað var með bréfi, dags. 2. desember 1993. Þar sem ekki tókst að jafna þann ágreining, sem upp var kominn vegna afstöðu skiptastjóra til kröfunnar, var ágreiningnum vísað til úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur með bréfi, dags. 28. desember 1993.

Sóknaraðili er Einar Erlendsson, kt. 021239-3809, Rjúpufelli 27, Reykjavík.

Varnaraðili er þrotabú Miklagarðs hf., kt. 601083-0869.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að krafa hans í þrotabú Miklagarðs hf., að fjárhæð 560.013 kr., verði ásamt vöxtum skv. lögum nr. 25/1987 viðurkennd sem forgangskrafa í búið, svo sem kröfunni var lýst 27. september 1993.

Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur varnaraðila eru, að hann verði sýknaður af kröfum sóknaraðila.

Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Málavextir, málsástæður og lagarök sóknaraðila.

Sóknaraðili lýsir málavöxtum á þann veg, að hann hafi byrjað störf sem verktaki hjá varnaraðila við stofnun hans og unnið að ýmsum verkefnum. Árið 1990 hafi hann gerst starfsmaður varnaraðila, og gerður hafi verið við sig ráðningarsamningur til bráðabirgða af því tilefni. Um áramótin 1991–1992 hafi hann krafist þess, að gerður yrði við sig varanlegur ráðningarsamningur, auk þess sem hann hefði krafist breytinga á launakjörum, þar sem umsvif starfsins hefðu aukist til muna.

Framkvæmdastjóri varnaraðila hafi ekki getað fallist á kröfur sóknaraðila, nema gerður yrði svokallaður „verksamningur“, þar sem laun sóknaraðila hefðu verið hækkuð frá því, sem áður var, en á móti hefði komið, að sóknaraðili hefði sjálfur þurft að standa skil á öllum launatengdum gjöldum auk virðisaukaskatts, sem greiddur hefði verið ofan á umsamda fjárhæð. Að öðru leyti hefði hann notið allra þeirra réttinda, sem hann hefði áður átt, og borið flestar þær skyldur, sem áðurgreindur ráðningarsamningur og almennar reglur um réttindi og skyldur launþega gera ráð fyrir.

Samningurinn sé nefndur verksamningur, auk þess sem sóknaraðili sé nefndur verktaki í samningnum og varnaraðili verkkaupi.

Sóknaraðili bendir á, að þess beri hins vegar að gæta, að efni samningsins og inntak segi til um það, hvort viðkomandi sé verktaki eða launþegi í skilningi laga, en ekki einungis fyrirsögn hans eða annað orðtak.

Þar sem ekki sé að finna nákvæma skilgreiningu á skilunum milli launþega og verktaka, ráðist það af almennum sjónarmiðum vinnu- og verktakaréttar, til hvors hópsins viðkomandi teljist. Fjöldamörg atriði komi þar til álita, sem öll verði að skoða í heild.

Vissulega megi halda því fram, að fyrirsögn samningsins og skattgreiðslur bendi til þess, að um verksamning sé að ræða. Sama megi segja um greiðslu launatengdra gjalda, en sóknaraðili hafi sjálfur séð um skil á öllum slíkum gjöldum.

Á móti komi í fyrsta lagi, að sóknaraðili hafi þegið föst laun í hlutfalli við lengd vinnutíma, sbr. 7. gr. samnings, auk þess sem honum hafi verið gert að vinna verkið persónulega, en samningurinn hafi byggst á því, að sóknaraðili innti sjálfur af hendi það vinnuframlag, sem þar var gert ráð fyrir.

Þá hafi sóknaraðili lotið verkstjórn og vinnuskipulagningu framkvæmdastjóra varnaraðila, þrátt fyrir það að hann ynni skv. verkáætlun fyrir hvert ár í senn. Samkvæmt 5. gr. samningsins hafi verkáætlun verið brotin niður í mánuði og vikur, en auk þess hafi framkvæmdastjóri þurft að samþykkja áætlunina með undirskrift sinni. Sóknaraðila hafi ekki verið heimilt að hefja verk, nema framkvæmdastjóri eða staðgengill hans hefði veitt samþykki sitt. Sóknaraðila hafi verið gert að koma á ákveðinn stað og tíma til vinnu, sem sanna skyldi með skráningu á stimpilklukku. Sóknaraðili hafi því lotið virku eftirliti þeirra, sem unnið var fyrir, sbr. 2. og 5.–7. gr. samningsins.

Þá hafi árangur þeirrar vinnu, sem sóknaraðili innti af hendi skv. nefndum samningi, algerlega verið á ábyrgð varnaraðila, en sóknaraðili ekki tekið neina ábyrgð sjálfur á árangri verksins og því hvorki borið hallann af því, ef illa gekk, né notið afrakstursins, ef vel gekk.

Vélar og verkfæri, sem sóknaraðili hafi notað við vinnu sína, hafi verið eign varnaraðila, ef undan sé skilin bifreið sóknaraðila, en allur kostnaður vegna bifreiðarinnar hafi verið greiddur sérstaklega af varnaraðila gegn framvísun akstursdagbókar. Sóknaraðila hafi verið falin öll efniskaup vegna framkvæmda hjá varnaraðila skv. 3. gr. samnings, en öll kaup hafi farið fram á reikning félagsins.

Líta beri svo á, að vinnusamband aðila hafi verið varanlegt, þó að það hafi vissulega verið tímabundið.

Sóknaraðili hafi verið félagsmaður í Félagi starfsfólks í húsgagnaiðnaði og greitt stéttarfélagsgjöld til þess, þar til það hafi verið lagt niður, en þá hafi hann gerst félagsmaður í Trésmiðafélagi Reykjavíkur. Hann hafi notið flestra þeirra grunnréttinda, sem kjarasamningar félaganna kveði á um. Hann hafi fengið orlof líkt og aðrir launþegar, auk þess hafi hann fengið

greiðslur í veikindaleyfi, ef svo bar undir. Þá hafi honum verið tryggður lágmarksuppsagnarfrestur skv. lögum og kjarasamningum, 3 mánuðir, en honum hafi líkt og öðrum starfsmönnum varnaraðila verið sagt upp störfum 29. mars 1993 með 3ja mánaða uppsagnarfresti, en í uppsagnarbréfinu sé hann ávarpaður sem starfsmaður varnaraðila.

Þegar litið sé til þess, sem hér að framan sé rakið, verði að telja, að sóknaraðili hafi í raun verið launþegi, en ekki verktaki hjá varnaraðila, en framangreind atriði beri það með sér, að samningur milli sóknaraðila og varnaraðila hafi í sér fólgin flest einkenni ráðningarsamnings, enda hafi sóknaraðili ávallt litið svo á þrátt fyrir orðalag samningsins, að hann væri launþegi hjá varnaraðila.

Að lokum bendir sóknaraðili á það, að samkvæmt almennri skilgreiningu á hugtakinu verksamningi sé gert ráð fyrir, að verktaki taki að sér gegn endurgjaldi að vinna eða annast um tiltekið verk fyrir verkkaupa og að verktaki ábyrgist verkkaupa árangur verksins.

Til samanburðar megi benda á skilgreiningu laga nr. 53/1993 um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota, en í 2. mgr. 4. gr. laganna sé hugtakið launþegi skilgreint sem hver sá launþegi, sem þegið hafi tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusamningi við vinnuveitanda og gegnt hafi starfi, sem veiti rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi.

Augljóst sé, að síðargreinda skilgreiningin falli mun betur að efni samnings þess, sem um sé deilt í máli þessu, þrátt fyrir það að samningurinn nefnist verksamningur og sóknaraðili sé nefndur verktaki.

Um lagaákvæði vísar sóknaraðili aðallega til almennra reglna vinnu- og verktakaréttar máli sínu til stuðnings og til þeirra sjónarmiða, sem þar komi fram, um aðgreiningu á milli verktaka og launþega annars vegar og verksamninga og ráðningarsamninga hins vegar. Þá vísar sóknaraðili til eftirtalinna dómsúrlausna, þar sem framangreind sjónarmið komi fram: Hrd. 1980, 1948, Hrd. 1983, 1751, Hrd. 1986, 1241, Hrd. 1988, 157, og úrskurða skiptaréttar Reykjavíkur frá 31. ágúst 1984, 16. janúar 1987 og 28. janúar 1987.

Þá vísar sóknaraðili til 2. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1993.

Málskostnaðarkrafa sóknaraðila er byggð á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málavextir, málsástæður og lagarök varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er málavöxtum lýst á þann veg, að sóknaraðili hafi verið starfsmaður varnaraðila. Hinn 20. janúar 1992 hafi verið gerður

verksamningur milli sóknar- og varnaraðila, þar sem starfskjörum hins fyrrnefnda hafi verið breytt töluvert frá því, sem áður hafi verið. Greiðslur til hans hafi hækkað verulega, honum verið gert að greiða öll launatengd gjöld sjálfur auk virðisaukaskatts af þeim greiðslum. Gerð hafi verið breyting á launamiðum vegna greiðslna til sóknaraðila árið 1992, og eftir þessar breytingar líti út fyrir, að sóknaraðili hafi selt varnaraðila þjónustu sína sem verktaki, hann hafi gert sérstakan reikning fyrir þjónustu sína og gert kröfu um virðisaukaskatt. Orlofsgreiðslur og laun í veikindum hafi fallið niður, og varnaraðili hafi hætt að standa skil á launatengdum gjöldum vegna sóknaraðila, sem sjálfur hafi innt þau gjöld af hendi eftir breytinguna.

Í meginmáli áðurgreinds samnings frá 20. janúar 1992 komi fram, að um verksamning sé að ræða, sóknaraðili sé þar nefndur verktaki og varnaraðili verkkaupi. Þessi ytri einkenni samnings mæli eindregið gegn því, að ætlunin hafi verið, að sóknaraðili yrði áfram launþegi í skilningi 112. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991, og af efni samningsins verði ekkert slíkt ráðið.

Mál þetta snúist um það, hvort sóknaraðili hafi verið launþegi hjá varnaraðila og laun hans eigi af þeim sökum að njóta forgangs samkvæmt 112. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991 eða hann hafi selt fyrirtækinu þjónustu sína sem verktaki og kröfu hans beri að skipa í kröfuröð sem almennri kröfu.

Því sé ekki mótmælt, að sóknaraðili hafi fengið fastar mánaðarlegar greiðslur. Hins vegar hafi þær verið miðaðar við 300 útseldar vinnustundir. Varnaraðili mótmælir því, að þetta fyrirkomulag bendi sérstaklega til þess, að um vinnusamning hafi verið að ræða. Þá sé því mótmælt, að sóknaraðila hafi verið skylt að vinna verkið persónulega, því að í verksamningnum komi fram, að hann hafi getað falið öðrum að vinna verk, sbr. 2. gr. samningsins. Í því felist, að sóknaraðili hafi getað gert samninga við aðra iðnaðarmenn um lagfæringar og breytingar án samráðs við framkvæmdastjóra. Samkvæmt verksamningnum hafi sóknaraðila borið að annast samningsgerð vegna viðhalds verslana, en hann hafi getað falið öðrum iðnaðarmönnum þá vinnu, ef honum hafi ekki verið kleift að inna hana af hendi sjálfur. Sóknaraðili hafi því komið fram sem eins konar yfirverktaki gagnvart varnaraðila.

Sóknaraðili hafi haft mjög frjálsar hendur um framkvæmd þeirra verka, sem honum hafi verið falin, þó að hann hafi þurft að fara eftir verkáætlun fyrir hvert ár í senn, eins og 5. gr. samningsins kveði á um, og honum hafi ekki verið heimilt að hefja verk nema með samþykki framkvæmdastjóra. Sóknaraðila hafi verið frjálst að ákveða, hvenær hann skilaði vinnu sinni, en samningurinn hafi verið bundinn við 300 stundir á mánuði og skráning samkvæmt stimpilklukku því bæði eðlileg og nauðsynleg.

Þó að árangur af þjónustu sóknaraðila hafi verið á ábyrgð varnaraðila, sé ekki talið, að það hafi þýðingu við mat á því, hvort þjónusta hans teljist verktakastarfsemi eða ekki.

Sóknaraðili hafi að mestu unnið verk sitt með eigin verkfærum. Hann hafi greint skiptastjórum frá því, að verkfæri á verkstæði væru hans eign, og tekið þau í sínar vörslur. Varnaraðili hafi því ekki lagt honum til verkfæri.

Af hálfu varnaraðila er því mótmælt, að réttindi sóknaraðila og skyldur samkvæmt verksamningnum hafi ráðist af heildarsamningum Félags starfsfólks í húsgagnaiðnaði eða Trésmiðafélags Reykjavíkur. Þá er því haldið fram af varnaraðila, að sóknaraðili hafi hvorki notið orlofs né launa í veikindum, eftir að verksamningur var undirritaður. Uppsögn sóknaraðila hafi verið í samræmi við 10. gr. verksamningsins.

Varnaraðili lítur svo á, að álit sóknaraðila komi ekki til við mat á stöðu hans hjá fyrirtækinu, sérstaklega þegar litið sé til hins skýra orðalags, sem hann hafi sjálfur undirritað.

Varnaraðili reisir kröfu sína um sýknu á því, að sóknaraðili hafi ekki verið launþegi, heldur verktaki í fastri þjónustu varnaraðila samkvæmt verksamningi, sem gerður hafi verið 30. janúar 1992. Greiðslur samkvæmt samningnum hafi ekki verið laun eða annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu varnaraðila í skilningi 1. og 3. tl. 112. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991 og njóti því ekki forgangsréttar við búskiptin.

Sóknaraðili hafi verið verktaki, sem eftirtalin atriði sýni:

Aðilar hafi gert með sér sérstakan samning, þar sem greinilega komi fram, að sóknaraðili sé verktaki, en varnaraðili verkkaupi. Í þessu sambandi sé á það bent, að sóknaraðili hafi áður verið launþegi í þjónustu varnaraðila og það hafi verið sérstök ákvörðun aðila að breyta réttarsambandinu á þennan hátt.

Sóknaraðili hafi gert sérstakan reikning fyrir þjónustu sína, þar sem hann hafi gert kröfu um þóknun ásamt virðisaukaskatti, en reikningurinn ekki verið sundurliðaður að öðru leyti.

Sóknaraðili hafi sjálfur séð um greiðslur á launatengdum gjöldum, svo sem orlofsgreiðslum, lífeyrissjóðsgreiðslum, félagsgjöldum o. fl.

Á launamiðum varnaraðila fyrir skattárið 1992 hafi greiðslur til sóknaraðila verið flokkaðar sem verktakagreiðslur að undanskildum launum til hans í janúarmánuði 1992, þ. e. a. s. áður en verksamningurinn var gerður.

Varnaraðili hafi ekki lagt honum til verkfæri, heldur hafi sóknaraðili lagt til eigin verkfæri.

Sóknaraðili hafi verið sjálfstæður í starfi og ekki lotið verkstjórn af hálfu varnaraðila.

Varnaraðili mótmælir þeirri fullyrðingu sóknaraðila, að framkvæmdastjóra varnaraðila hafi ekki verið unnt að fallast á kröfur sóknaraðila, nema gerður yrði við hann verksamningur, en sóknaraðili átt að halda öllum réttindum og borið flestar skyldur, sem ráðningarsamningurinn og almennar reglur um réttindi og skyldur launþega geri ráð fyrir.

Varnaraðili reisir kröfur sínar á almennum reglum vinnuréttar og samningaréttar. Að því er varði kröfu stefnda um röð í kröfuskrá, sé byggt á launþegahugtaki 112. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991.

Málskostnaðarkröfu sína styður varnaraðili við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Þá vísar varnaraðili til eftirtalinna dóma Hæstaréttar Íslands: Hrd. 1978, 772, Hrd. 1983, 1751, Hrd. 1987, 988, Hrd. 1988, 157.

Framburður aðila og vitnis.

– – –

Niðurstaða.

Aðila greinir á um það, hvort sóknaraðili hafi verið launþegi eða verktaki hjá varnaraðila, þá er honum var sagt upp störfum vegna rekstrarörðugleika, er leiddu til gjaldþrots hins síðarnefnda árið 1993.

Óumdeilt er, að sóknar- og varnaraðili gerðu með sér samning, sem nefndur var verksamningur, í ársbyrjun 1992, en aðila greinir á um það, hvort sóknaraðili hafi haft stöðu verktaka samkvæmt samningnum eða stöðu launþega.

Samkvæmt efni samningsins þáði sóknaraðili föst laun fyrir ákveðinn vinnutíma, verk hans fólst í framkvæmdum á vegum varnaraðila, sem hann hafði heimild til að ráða aðra í, en launagreiðslur til þeirra aðila voru greiddar af varnaraðila. Sóknaraðili laut verkstjórn framkvæmdastjóra varnaraðila, verkáætlun var gerð fyrir árið, en hún var háð samþykki framkvæmdastjóra varnaraðila. Sóknaraðili var háður samþykki framkvæmdastjóra til þess að hefja verk, hann skyldi stimpla sig inn á stimpilklukku til að sanna viðveru sína og tímafjölda. Sóknaraðili tók ekki ábyrgð á vinnu sinni, heldur var hún unnin á ábyrgð varnaraðila. Varnaraðili lagði sóknaraðila til vinnuaðstöðu, bæði skrifstofu og verkstæði með tækjum fyrir utan handverkfæri, sem sóknaraðili lagði sjálfur til auk bifreiðar, sem varnaraðili greiddi kostnað af í samræmi við akstursdagbók. Efniskaup voru gerð út á reikning varnaraðila. Sóknaraðili var ráðinn til ákveðins tíma með ákveðnum uppsagnarfresti í samræmi við kjarasamninga. Hann greiddi stéttarfélagsgjöld til fagfélags síns og naut m.a. orlofs.

Sóknaraðili gerði hins vegar sérstakan reikning fyrir vinnu sína, greiddi sjálfur skatta, þ. m. t. virðisaukaskatt, og sá um greiðslur launatengdra gjalda.

Þykir rétt, að varnaraðili hafi sönnunarbyrðina fyrir því, að um verksamning hafi verið að ræða, en ekki vinnusamning, þar sem það hafi staðið honum nær í upphafi að tryggja sér slíka sönnun. Þegar litið er til þess, sem hér að framan greinir, þykir varnaraðili ekki hafa sýnt fram á þrátt fyrir heiti samnings aðila, að sóknaraðili hafi haft stöðu verktaka, svo sem heiti samningsins beri með sér, heldur stöðu launþega, þegar litið er til efnis samningsins og framkvæmdar hans, framburðar sóknaraðila og vitnis varnaraðila og annarra gagna málsins, sbr. og skilgreiningu á launþegahugtakinu í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1993, þar sem fram kemur, að launþegi teljist hver sá, sem þegið hafi tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusamningi við vinnuveitanda og gegnt hafi starfi, sem veiti rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi.

Niðurstaða málsins er því sú með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, að fallist er á, að krafa sóknaraðila í þrotabú varnaraðila, Miklagarðs hf., að fjárhæð 560.013 kr., verði viðurkennd sem forgangskrafa í búið með vísan til 112. gr. laga nr. 21/1991. Með vísan til 114. gr. laga nr. 21/1991 er ekki fallist á, að vextir af kröfunni njóti forgangs í búið.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 90.000 kr. í málskostnað.

Af hálfu sóknaraðila flutti Bjarki Diego hdl. málið, f. h. Andra Árnasonar hrl.

Af hálfu varnaraðila flutti Ástráður Haraldsson hdl. málið.

Úrskurðinn kveður upp Halla Bachmann Ólafsdóttir, fulltrúi dómstjóra.

Úrskurðarorð:

Krafa sóknaraðila, Einars Erlendssonar, nr. 633 á kröfuskrá, að fjárhæð 560.013 kr., er viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabú varnaraðila, Miklagarðs hf.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 90.000 kr. í málskostnað.

Þriðjudaginn 27. september 1994.

Nr. 368/1994. **Kaupfélag Húnvetninga**
(Steingrímur Þormóðsson hrl.)
gegn
Höfðahreppi
(Viðar Már Matthíasson hrl.)

Kærumál. Res judicata.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur með heimild í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 10. ágúst 1994, sem barst réttinum 29. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar úrlausnar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Til vara krefst sóknaraðili þess, að dæmdur málskostnaður í héraði verði felldur niður eða lækkaður verulega.

Varnaraðili krefst staðfestingar á úrskurði héraðsdóms og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili byggir kröfugerð sína í þessu máli ekki á öðrum málsástæðum en hann bar fyrir sig eða gat komið að í hinu fyrra máli. Með skírskotun til þess og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Kaupfélag Húnvetninga, greiði varnaraðila, Höfðahreppi, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 13. júlí 1994.

I.

Ár 1994, miðvikudaginn 13. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Norðurlands vestra, sem háð er af Halldóri Halldórssyni héraðsdómara í réttarsal dóms-

ins að Skagfirðingabraut 21, Sauðárkróki, kveðinn upp úrskurður í héraðsdómsmálinu nr. E-31/1994: Kaupfélag Húnvetninga gegn Höfðahreppi.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi um fram komna frávísunarkröfu stefnda, Höfðahrepps, 23. júní sl., höfðaði Kaupfélag Húnvetninga, kt. 680169-6329, Blönduósi, gegn Höfðahreppi, kt. 651669-6039, Skagaströnd, með stefnu, birtri 26. apríl sl.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krefst þess aðallega, að stefnda verði gert að greiða sér 2.961.566,63 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. febrúar 1993 til greiðsludags. Til vara krefst stefnandi þess, að stefnda verði gert að greiða sér 1.815.266,37 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. september 1993 til greiðsludags. Til þrautavara er krafist, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 1.100.974,97 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. febrúar 1993 til greiðsludags, til þrautaþrautavara, að stefnda verði gert að greiða honum 728.098,26 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. september 1987 til greiðsludags að frádregnum 41.086 kr. 7. desember 1987, og loks til þrautaþrautaþrautavara, að stefnda verði gert að greiða honum 700.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. júní 1987 til greiðsludags að frádregnum 41.086 kr. 7. desember 1987.

Þá krefst stefnandi þess í öllum tilfellum, að stefnda verði gert að greiða sér 449.687 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 1. september 1993 til greiðsludags.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Í báðum tilfellum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnda til að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun.

– – –

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Í þessum þætti málsins er deilt um, hvort umfjöllun héraðsdóms og Hæstaréttar um þrautavarakröfu stefnanda í aukadómþingsmáli Húna-

vatnssýslu nr. 41/1989 og Hæstaréttarmáli nr. 78/1990 hafi res judicata-áhrif á skaðabótakröfu stefnanda í máli þessu.

Í aukadómþingsmálinu gerði stefnandi í aðalatriðum svofelldar kröfur á hendur stefnda: Aðallega, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 734.687 kr. ásamt nánar greindum dráttarvöxtum, til vara, að viðurkennt verði með dómi, að sveitarsjóður Höfðahrepps, Austur-Húnavatnssýslu, og Höfðahreppur beri einfalda ábyrgð á skuld Mánavarar hf. við stefnanda í máli þessu skv. skuldabréfi, útg. 30. júní 1987 af Mánavör hf. til stefnanda, að nafnverði 700.000 kr., – til þrautavara, að viðurkennt verði með dómi, að stefndi beri húsbóndaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi varð fyrir með því að treysta því, að sveitarsjóður Höfðahrepps, Austur-Húnavatnssýslu, bæri ábyrgð á láni stefnanda til Mánavarar hf. skv. áður tilvitnuðu skuldabréfi.

Héraðsdómari hafnaði aðalkröfu stefnanda, tók varakröfu hans til greina, og loks sýknaði dómarinn stefnda af þrautavarakröfunni.

Í dómi Hæstaréttar frá 21. janúar 1993 kom varakrafa stefnda (stefnanda í héraði) einungis til álita, þar sem málinu var ekki gagnáfrýjað af hálfu stefnda (stefnanda í héraði). Í dómi Hæstaréttar var stefnandi (stefndi í héraði) sýknaður af varakröfu stefnda (stefnanda í héraði).

Í dóminum gerir Hæstiréttur athugasemdir við umfjöllun héraðsdómara um þrautavarakröfu stefnanda í héraði með þessum orðum: „Það athugast, að eigi voru efni til þess, að héraðsdómari fjallaði efnislega um þrautavarakröfur stefnanda, eftir að hafa tekið varakröfu hans til greina."

Ekki verður talið, að Hæstiréttur hafi með þessum athugasemdum ómerkt umfjöllun héraðsdóms um þrautavarakröfu stefnanda.

Þar sem þrautavarakrafa stefnanda var hluti af kröfugerð hans í héraði og í ljósi ummæla Hæstaréttar um þrautavarakröfuna, er ekki unnt að fallast á með stefnanda, að héraðsdómari hafi í hinu fyrra máli farið út fyrir kröfur hans í því máli með því að fjalla um þrautavarakröfuna, þrátt fyrir það að ekki hafi verið tilefni til þess, eftir að varakrafan hafði verið tekin til greina.

Með því að stefnandi gagnáfrýjaði ekki málinu, ber að fallast á með stefnda, að efnisleg niðurstaða héraðsdóms varðandi skaðabótakröfu stefnanda standi óhögguð, og getur stefnandi því ekki nú höfðað nýtt mál á hendur stefnda á grundvelli sömu málsástæðu eða annarra, sem hann mátti koma að í hinu upphaflega máli. Ber því samkvæmt reglum um res judicata, sbr. 116. gr. einkamálalaga nr. 91/1991, að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins ber að dæma stefnanda til að greiða málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 kr., og hefur þá ekki verið tekið tillit til skyldu stefnanda að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Stefnandi, Kaupfélag Húnvetninga, greiði stefnda, Höfðahreppi, 150.000 kr. í málskostnað.

Þriðjudaginn 27. september 1994.

Nr. 341/1994. **Ferðamálasjóður**
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
Vélsmiðju Hafnarfjarðar hf.
(Hlöðver Kjartansson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun söluverðs. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. júlí 1994, er barst réttinum ásamt kærugögnum 4. ágúst sl. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Hann krefst þess aðallega, að frumvarpi sýslumannsins í Reykjavík um úthlutun á söluverði fasteignarinnar Skólavörðustígs 45 í Reykjavík verði breytt á þá leið, að tekin verði til greina sú krafa sóknaraðila, að honum beri 38.474.711 krónur af söluverðinu. Til vara krefst hann þess, að frumvarpinu verði breytt á þá leið, að sóknaraðila verði úthlutað 36.155.300 krónum af téðu söluverði. Þá krefst hann þess, að varnaraðili greiði sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að sóknaraðila verði úthlutað 35.070.970 krónum af söluverði nefndrar fasteignar. Til vara krefst hann þess, að sóknaraðila verði eigi úthlutað á undan veðkröfu varnaraðila hærri fjárhæð en 35.108.318 krónum af söluverði fasteignarinnar. Þá krefst hann þess, að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl. Meðal þeirra er bréf sýslumannsins í Reykjavík til lögmanns sóknaraðila, dagsett 7. júlí 1994, undirritað af Sólveigu Bachmann deildarstjóra. Þar segir:

„Það upplýsist hér með að sá niðurskurður sem sýslumaður framkvæmdi á þeirri kröfu sem þér lýstuð f. h. Ferðamálasjóðs í nauðungarsöluandvirði fasteignarinnar Skólavörðustígur 45, Reykjavík, var til kominn á eftirfarandi hátt:

Í kröfulýsingu yðar, dags. 12. 3. 1993, lýsið þér höfuðstól ásamt vöxtum og reiknið dráttarvexti á þá fjárhæð. Með yfirlýsingu, dags. 18. 3. 1993, tilkynnið þér að uppboðskaupandi hafi greitt vanskil og kostnað og að eftirstöðvar bréfsins hvíli áfram á eigninni. Þar sem eftirstöðvarnar hvíla áfram á eigninni þá reiknar sýslumaður kröfuna á þann hátt að henni sé komið í skil. Þetta leiðir til lægri dráttarvaxta þar sem þeir reiknast þá eingöngu af vanskilum en ekki þeim hluta kröfunnar sem ekki var í vanskilum.

Skv. nauðungarsölulögunum, 4. mgr. 50. gr., er svo fyrir mælt að hafi kröfu ekki verið lýst fyrr en eftir að uppboði var lokið, fái kröfuhafi ekki úthlutað af söluverðinu til greiðslu málskostnaðar eða annars innheimtukostnaðar. Innheimtulaun, sem reiknuð voru í frumvarpi til úthlutunar, námu kr. 121.206,00, nauðungarsölugjald í ríkissjóð kr. 15.800,00 og mót, beiðni, kröfulýsingarkostnaður og bifreiðarkostnaður samtals kr. 22.825,00. Hefði kröfulýsing ekki verið lögð fram áður en uppboði lauk, hefði ekki verið úthlutað nefndum fjárhæðum og úthlutun því lækkað sem því nemur."

II.

Af hálfu sóknaraðila hefur hér fyrir rétti verið teflt fram nýjum málsástæðum varðandi heimild hans til töku vaxta umfram þá vexti, sem ákveðnir eru á grundvelli III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Þessar málsástæður koma ekki til álita, með því að ekki er fullnægt skilyrðum 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994.

Varnaraðili hefur ekki kært úrskurð héraðsdómara fyrir sitt leyti. Koma því ekki til álita kröfur hans til lækkunar á því, sem felst í úrskurðinum.

Í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti hefur varnaraðili lýst yfir því, að fallið sé frá þeirri málsástæðu, sem höfð var uppi í héraði, að sóknaraðili hafi ekki lögvarða hagsmuni af því að bera ágreininginn undir úrlausn dómstóla. Einnig fellur hann frá þeim mótmælum sínum fyrir héraðsdómi, sem byggðust á því, að sóknaraðili hafi tekið við fullnaðargreiðslu fyrir gjaldföllnum vöxtum af umræddu skuldabréfi með víxli með gjalddaga 1. september 1992.

III.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða úrskurði. Þar kemur meðal annars fram, að kröfufjárhæð í veðskuldabréfi sóknaraðila er tilgreind í bandaríkjadölum.

Í II. kafla úrskurðar héraðsdóms er að finna sundurliðun á ákvörðun sýslumanns um úthlutun til sóknaraðila af söluandvirði Skólavörðustígs 45. Ekki er þar þó að finna fullnægjandi skýringu á því, hvaða forsendum um gengi sé byggt á í einstökum atriðum við ákvörðun á úthlutun í íslenskum krónum til sóknaraðila. Sýnist þó ljóst, að höfuðstóll kröfu sóknaraðila, er hvíldi á 1. veðrétti, hafi verið látinn halda gengistryggingu til söludags, en er umreiknaður í íslenskar krónur miðað við þann dag. Þá sýnast jafnframt vera reiknaðir samningsvextir af höfuðstólnum frá 20. ágúst 1992 til 15. mars 1993 og þeir einnig umreiknaðir í íslenskar krónur miðað við sama dag. Ekki kemur þó fram, hver vaxtafjárhæðin er í bandaríkjadölum. Ber að fallast á þessa aðferð um gengistryggingu, og verður hún lögð til grundvallar dómi. Þykir rétt að miða við samningsvexti af höfuðstól fyrir þetta tímabil, en ekki dráttarvexti, enda er orðalag í veðskuldabréfi sóknaraðila ekki svo afdráttarlaust, að unnt sé að leggja til grundvallar, að höfuðstóll skuldarinnar hafi allur gjaldfallið 20. ágúst 1992 við vanskil á vaxtagreiðslu, án þess að einhvers konar tilkynning skuldareiganda kæmi til. Slíkt kom fyrst fram af hálfu sóknaraðila í október 1992. Verður því fallist á varakröfu sóknaraðila að þessu leyti.

Vöxtum af höfuðstól skuldarinnar, er gjaldféllu 20. ágúst 1992, sýnist sýslumaður hins vegar hafa umbreytt í íslenskar krónur miðað við gengi bandaríkjadals 20. ágúst 1992. Jafnframt sýnast þeir vextir vera reiknaðir fyrir heilt ár, en ekki aðeins frá 11. september 1991. Á þá fjárhæð virðast síðan vera reiknaðir dráttarvextir fram til 15. mars 1993 miðað við, að um sé að ræða peningakröfu í íslenskum krónum. Þessari aðferð hefur sóknaraðili mótmælt. Krefst hann þess, að miðað sé við gengi bandaríkjadals 15. mars 1993. Bendir hann meðal annars á ákvæði skuldabréfsins, sem kveði afdráttarlaust á um, að gengistrygging haldist allt til greiðsludags. Á þetta ber að fallast. Á þá fjárhæð greiðast jafnframt dráttarvextir fyrir áðurgreint tímabil, eins og þeir hafa verið ákvarðaðir skv. III. kafla vaxtalaga fyrir peningakröfur í erlendri mynt.

Staðfest er sú efnislega niðurstaða héraðsdómara að hafna þeim mótmælum varnaraðila, sem byggjast á túlkun veðleyfis þess, er hann veitti sóknaraðila í umræddri fasteign.

IV.

Með hliðsjón af yfirlýsingu sýslumannsins í Reykjavík 1. júní 1994 og bréfi hans 7. júlí sl. þykir mega fallast á, að kröfulýsing sóknaraðila 12. mars 1993 hafi legið fyrir á söludegi fasteignarinnar. Ber að líta til þess við ákvörðun innheimtulauna til sóknaraðila, sem verða ákveðin í einu lagi að með töldum útlögðum kostnaði, eins og greinir hér á eftir.

V.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur sóknaraðila teknar til greina með eftirgreindum hætti. Er þá gert ráð fyrir, að lán sóknaraðila beri vexti frá og með 11. september 1991 að telja. Í samræmi við ákvæði skuldabréfsins er miðað við millibankavexti á bandaríkjadal á erlendum fjármagnsmörkuðum að viðbættu 2% álagi, eins og þeir eru á gjalddögum lánsins, sem hér á við um dagana 20. ágúst 1992 og 15. mars 1993, sbr. 3. mgr. 50. gr. laga nr. 90/1991. Jafnframt er reiknað með því, að dráttarvextir fyrir bandaríkjadal fyrir tímabilið 20. ágúst 1992 – 15. mars 1993 séu 3,988% vegið meðaltal fyrir tímabilið eða sem næst 6,97% ársvextir.

1. Vegna höfuðstóls láns:
   492.610,84 USD × 65,79 ..... 32.408.867 kr.
2. Samningsvextir af lið nr. 1 frá 20. ágúst 1992 til 15. mars 1993:
   492.610,84 USD × 0,05375 × (205:360) × 65,79 991.959 kr.
3. Samningsvextir í vanskilum fyrir tímabilið frá 11. september 1991 til 20. ágúst 1992:
   492.610,84 USD × 0,05500 × (340:360) × 65,79 1.683.461 kr.
4. Dráttarvextir af lið nr. 3 frá 20. ágúst 1992 til 15. mars 1993:
   492.610,84 USD × 0,05500 × (340:360) × 0,03988 × 65,79 ..... 67.136 kr.
5. Innheimtulaun með virðisaukaskatti ..... 500.000 kr.

6. Útlagður kostnaður ..... 15.800 kr.

Samtals 35.667.223 kr.

Þegar litið er til aðdraganda máls þessa og þáttar sóknaraðila í því, þykir rétt, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

VI.

Í gögnum sóknaraðila, er hann lagði fram við sölumeðferð eignarinnar hjá sýslumanni, skorti mjög á, að gerð væri viðhlítandi grein fyrir því, við hvaða gengi bandaríkjadals gagnvart íslenskri krónu var miðað í kröfugerð hans, en gengi bandaríkjadals breyttist mjög á þeim tíma, er hér skiptir máli.

Kröfugerð sóknaraðila fyrir héraðsdómi var mjög hvarflandi, svo sem rakið er í II. kafla hins kærða úrskurðar. Þá skortir mikið á, að gerð sé skilmerkileg grein fyrir reikningslegum forsendum í kröfugerð sóknaraðila við meðferð málsins. Er þetta aðfinnsluvert.

Dómsorð:

Tekin skal til greina krafa sóknaraðila, Ferðamálasjóðs, að því leyti, að honum verði úthlutað 35.667.223 krónum af söluverði fasteignarinnar nr. 45 við Skólavörðustíg í Reykjavík, sem seld var nauðungarsölu 15. mars 1993.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. júní 1994.

I.

Mál þetta var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur miðvikudaginn 16. mars 1994 og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi miðvikudaginn 1. júní sl.

Sóknaraðili er Ferðamálasjóður, kt. 630179-0689, Hverfisgötu 6, Reykjavík.

Varnaraðili er Vélsmiðja Hafnarfjarðar hf., kt. 690269-5979, Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði.

Dómkröfur sóknaraðila. Endanlegar dómkröfur eru þær aðallega, að frumvarpi sýslumannsins í Reykjavík, dags. 7. 10. 1993 (sic), um úthlutun uppboðsandvirðis Skólavörðustígs 45, Rvík, verði breytt á þá leið, að tekin verði til greina sú krafa sóknaraðila, að honum beri af uppboðsandvirðinu 38.474.711 kr. auk málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Til vara er þess krafist, að framangreindu frumvarpi verði breytt á þá leið, að sóknaraðila beri 36.155.300 kr. auk málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili gerir þær gagnkröfur aðallega, að frumvarpi sýslumanns að úthlutun uppboðsandvirðis fasteignarinnar nr. 45 við Skólavörðustíg í Reykjavík verði hrundið varðandi úthlutun til sóknaraðila, að fjárhæð 35.314.294 kr., og breytt á þann veg, að hún lækki í 35.070.970 kr. eða aðra lægri fjárhæð að mati réttarins, til vara, að frumvarpi sýslumanns að úthlutun uppboðsandvirðis fasteignarinnar nr. 45 við Skólavörðustíg í Reykjavík verði hrundið varðandi úthlutun til sóknaraðila, að fjárhæð 35.314.294 kr., og breytt á þann veg, að hún lækki í eigi hærri fjárhæð en 35.108.318 kr. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar að skaðlausu úr hendi sóknaraðila samkvæmt málskostnaðarreikningi varnaraðila að viðbættu álagi að mati dómsins auk virðisaukaskatts.

II.

Málavextir eru þeir, að 4. desember 1992 krafðist sóknaraðili máls þessa, að fram færi uppboð á fasteigninni að Skólavörðustíg 45 í Reykjavík til lúkningar kröfum sóknaraðila samkvæmt skuldabréfi, upphaflega að fjárhæð USD 492.610,84, út gefnu 1. september 1991 til Ferðamálasjóðs, sem veðsett var með 1. veðrétti í fasteigninni. Í beiðni um nauðungarsölu kveður sóknaraðili skuld við gerðarbeiðanda sundurliðast þannig:

Höfuðstóll	kr.	1.396.890,00
Dráttarvextir til dags dato	–	66.486,40
Innheimtukostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ	–	116.572,40
Nauðungarsölubeiðni	–	2.828,00
Nauðungarsölugjald í ríkissjóð	–	15.800,00
Samtals	kr.	1.598.559,10 (?)

Nauðungarsala fór fram á eigninni 15. mars 1993, og var söluverð hennar 54.100.000 kr. Kröfulýsing sóknaraðila, sem er dagsett 12. mars 1993, óárituð um móttöku sýslumanns, er að fjárhæð 38.951.582 kr. sbr. dskj. nr. 6. Leiðrétt frumvarp að úthlutun uppboðsandvirðis fasteignarinnar er dagsett 7. október 1993, og þar er sóknaraðila sem veðhafa á 1. veðrétti úthlutað 35.070.970 kr. Ekki liggur fyrir í málinu, hvaða útreikninga sýslumaður lagði til grundvallar þeirri úthlutun. Með bréfi, dagsettu 18. október 1993, mótmælti sóknaraðili því, að krafa sín samkvæmt kröfulýsingu í uppboðs-

andvirði eignarinnar yrði skert með þeim hætti, sem greinir í frumvarpinu. Fleiri mótmæli bárust frá öðrum rétthöfum við frumvarpinu. Af því tilefni boðaði sýslumaður alla þá, sem mótmælin vörðuðu, á sinn fund 12. nóvember sl., sbr. 1. mgr. 52. gr. l. nr. 90/1991, þar sem hlutaðeigendum var gefinn kostur á að tjá sig um mótmælin. Var þeim fundi frestað í tvígang, fyrst til 30. nóvember sl. og loks til 6. desember sl. Ákvað sýslumaður síðan á fundi 6. desember sl. að hækka úthlutun til sóknaraðila um 243.324 kr. frá fyrri úthlutun og lækka úthlutun til varnaraðila um 205.976 kr. Ekki liggur fyrir rökstuðningur sýslumanns fyrir þessari breytingu á frumvarpinu. En sundurliðun á útreikningi sýslumanns, sbr. dskj. nr. 20, um endanlega úthlutun til sóknaraðila er eftirfarandi:

Vextir í vanskilum frá 20. 8. 1992	kr.	1.463.325,00	
Dráttarvextir frá 20. 8. 1992 – 15. 3. 1993	–	145.147,00	
Eftirstöðvar lánsins 15. 3. 1993	–	32.408.867,20	
Samningsvextir af eftirstöðvum til 15. 3. 1993	–	1.137.123,50	
Innheimtulaun af kr. 1.608.472,00	–	121.206,00	m. vsk.
Nauðungarsölugjald í ríkissjóð	–	15.800,00	
Mót, beiðni, kröfulýsing og bíll	–	22.825,00	
Samtals	kr.	35.314.293,70	

Lögmaður sóknaraðila sem og lögmaður varnaraðila mótmæltu þessari afstöðu sýslumanns og lýstu yfir því á fundinum, að þeir hygðust leita úrlausnar héraðsdóms um ákvörðun hans. Beiðni sóknaraðila um úrlausn dómsins er dagsett 3. janúar 1994, og barst hún Héraðsdómi Reykjavíkur 12. janúar sama ár.

Ágreiningur kom síðar upp milli aðila í rekstri málsins fyrir héraðsdómi, hverjar væru dómkröfur sóknaraðila.

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 75. gr. nauðungarsölulaga nr. 90/1991 gerðu aðilar í fyrsta þinghaldi, 16. mars sl., grein fyrir þeim kröfum, sem þeir höfðu uppi í ágreiningsmáli þessu. Þar er bókað eftir lögmanni sóknaraðila, að hann geri þær kröfur aðallega, að kröfulýsing frá 12. mars 1993 verði tekin óbreytt til greina við úthlutun uppboðsandvirðis fasteignarinnar Skólavörðustígs 45, Reykjavík, og að frumvarpi sýslumanns verði breytt á þá lund. Hann gerir þá varakröfu, að krafa sú verði tekin til greina, sem fram kemur á dómskjali nr. 3. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila að mati réttarins.

Í fyrrgreindri kröfulýsingu frá 12. mars 1993, sbr. dskj. nr. 6, lýsir sóknaraðili kröfum, að fjárhæð 38.951.582 kr. Í greinargerð, sem sóknaraðili lagði síðan fram í þinghaldi 12. apríl sl., merktri sem dskj. nr. 4, er fjárhæð aðal-

kröfu sóknaraðila þar greind 36.944.841 kr., en fjárhæðin 38.951.582 er greind síðar í greinargerðinni sem dómkröfur sóknaraðila. Engin varakrafa er gerð í greinargerðinni. En varakrafa sú, sem sóknaraðili gerði í þinghaldi 16. mars sl. með vísan til dskj. nr. 3, er að fjárhæð 36.944.841 kr. Þetta misræmi varð tilefni þess, að lögmaður varnaraðila mótmælti, að fjárhæðin 38.951.582 kr. kæmi til úrlausnar í máli þessu, þar sem hún væri ekki meðal dómkrafna sóknaraðila. Heldur bæri að líta svo á, að sóknaraðili hefði lækkað kröfu sína í 36.944.841 í greinargerð sinni, og væri sú fjárhæð endanleg og eina krafa sóknaraðila í máli þessu. Í þinghaldi 9. maí lagði lögmaður sóknaraðila fram bókun á dómkröfum sínum ásamt sundurliðun á fjárkröfum sínum í málinu með vísan til 2. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991. Þar gerir hann þær kröfur aðallega, að frumvarpi sýslumannsins í Reykjavík, dags. 7. 10. 1993 (sic), um úthlutun uppboðsandvirðis Skólavörðustígs 45, Rvík, verði breytt á þá leið, að tekin verði til greina sú krafa sóknaraðila, að honum beri af uppboðsandvirðinu 38.474.711 kr. auk málskostnaðar úr hendi varnaraðila, en til vara, að framangreindu frumvarpi verði breytt á þá leið, að sóknaraðila beri 36.155.300 kr. auk málskostnaðar úr hendi varnaraðila. Með vísan til greinargerðar með 1. mgr. 75. gr. nauðungarsölulaga nr. 90/1991, þar sem kveðið er á um það, að aðilar geri í fyrsta þinghaldi með endanlegum hætti grein fyrir kröfum sínum, svo og þess, að leiðréttingar sóknaraðila rúmast innan þeirra krafna, sem hann gerði í fyrsta þinghaldi 16. mars sl., ber að fallast á það með sóknaraðila þrátt fyrir mótmæli varnaraðila, að kröfur þær, sem koma fram í bókun hans 9. maí sl., séu endanlegar dómkröfur hans í máli þessu.

III.

Sóknaraðili kveður síðari veðhafa bundna af þeim kvöðum, sem felist í fyrrgreindu veðskuldabréfi, út gefnu 11. september 1991, til sóknaraðila. Samkvæmt skýrum ákvæðum bréfsins eigi sóknaraðili rétt á að eindaga kröfur sínar án sérstakrar uppsagnar til útgefanda, ef ekki er staðið við greiðslur á afborgunum eða vöxtum. Óumdeilt sé, að útgefandi bréfsins hafi ekki staðið við greiðslur vaxta, sem féllu í gjalddaga 20. ágúst 1992. Því hafi höfuðstóll lánsins fallið í gjalddaga á því tímamarki án sérstakrar uppsagnar. Sóknaraðila sé því rétt að reikna kröfur sínar með þeim hætti, sem krafist sé í kröfulýsingu sóknaraðila til sýslumannsins í Reykjavík. Miðað sé við gengi USD á uppboðsdegi 12. 3. 1993 (sic). Það sé ranglega tilgreint í greinargerð sóknaraðila, að miðað sé við gengi 20. 8. 1992. Þá beri samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins sem og ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 að reikna dráttarvexti á hinn gjaldfallna höfuðstól og samningsvexti til 20. ágúst 1992 frá þeim degi til 15. mars 1993, er nauðungarsalan fór fram.

Tölulegri kröfugerð sóknaraðila hafi ekki verið mótmælt, og standi hún því óhögguð. Sóknaraðili sundurliðar kröfugerð sína með eftirgreindum hætti:

Aðalkrafa:		
Höfuðstóll	USD	492.610,84
Áfallnir samningsvextir til 20. 8. 1992	USD	26.515,46
Dráttarvextir af höfuðstól og samnings-vöxtum frá 20. 8. 1992 til 12. 3. 1993	USD	51.790,00
Samtals	USD	570.916,30
Íslenskar kr. m. v. gengi 12. 3. 1993, 65,73		37.526.332,00
Innheimtukostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ með 30% afslætti		774.072,00
Mót skv. 2. gr. gjaldskrár LMFÍ		158.507,00
Útlagt		15.800,00
Samtals		38.474.711,00
Varakrafa:		
Höfuðstóll	USD	492.610,84
Samningsvextir frá útgdegi til 20. 8. 1992	USD	26.515,46
Dráttarvextir frá 20. 8. 1992 til 12. 3. 1993 af gjaldföllnum samningsvöxtum	USD	1.662,41
Áfallnir samningsvextir af höfuðstól 12. 3. 1993	USD	15.548,03
Samtals	USD	536.336,74
Íslenskar kr. m. v. gengi 12. 3. 1993, 65,73		35.253.414,00
Innheimtukostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ með 30% afslætti		734.755,00
Mót skv. 2. gr. gjaldskrár LMFÍ		151.331,00
Útlagt		15.800,00
Samtals		36.155.300,00

IV.

Varnaraðili byggir kröfu sína um, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað, á því, að lagaskilyrði standi ekki til þess, að hún verði viðurkennd.

Eins og fram komi á dskj. nr. 14 og nr. 15, hafi sóknaraðili þegar fengið kröfu sína að fullu greidda frá uppboðskaupanda, Búnaðarbanka Íslands, og því eigi hann ekki rétt til þess að leggja kröfur sínar um úthlutun uppboðsandvirðis fyrir dómstóla. Hafi hann ekki af því lögvarða hagsmuni, en öll áhætta af því, hvort uppboðskaupandi hafi greitt sóknaraðila réttilega, sé á áhættu uppboðskaupanda, eins og berlega komi fram í 5. gr. uppboðsskilmála á dskj. nr. 2. Sóknaraðili hafi þegar fengið kröfu sína að fullu greidda skv. yfirlýsingu hans og kvittun. Krafa hans sé niður fallin fyrir greiðslu. Þá hafi sóknaraðili ekki fært gild rök fyrir kröfum sínum, hvorki heildarfjárhæð né einstökum liðum, og því ósannað, að hann eigi tilkall til þeirrar fjárhæðar, sem hann krefst úthlutunar á.

Um gagnkröfur varnaraðila er því haldið fram sem ýtrustu málsástæðu, að krafa sóknaraðila samkvæmt veðskuldabréfi sóknaraðila, út gefnu 11. september 1991, á dskj. nr. 5, takmarkist gagnvart veðkröfu varnaraðila við 30.000.000 kr. Á útgáfudegi bréfsins hafi sölugengi 1 bandaríkjadals verið 60,90 krónur og lánið samkvæmt því numið 30.000.000 króna. Fyrir þeirri fjárhæð í íslenskum krónum hafi uppboðsþoli fengið veðleyfi hjá varnaraðila, sbr. dskj. nr. 9 og nr. 10, en það heimili ekki lán í erlendri mynt með gengistryggingu eða annars konar verðtryggingu. Réttur sóknaraðila takmarkist því ótvírætt af því veðleyfi, sem varnaraðili veitti, a. m. k. með þeim hætti, að höfuðstóll kröfu sóknaraðila verði ekki við úthlutun viðurkenndur hærri en 30.000.000 kr., leiði það til skerðingar á fullnustu kröfu varnaraðila af uppboðsandvirðinu. Veðleyfið heimili ekki neitt til viðbótar 30.000.000 kr., hvorki vexti, verðbætur, gengistryggingu né kostnað, en til þess hefði þurft skýra tilgreiningu í veðleyfinu, eins og gert er í öllum veðskjölum, t. a. m. veðbréfi sóknaraðila eða áritun varnaraðila á veðbréfið.

Þá vísar varnaraðili til þess, að kröfulýsing sóknaraðila, dags. 12. mars 1993, sbr. dskj. nr. 6, hafi ekki legið frammi á söluþinginu 15. mars sl., og hún hafi ekki verið lögð fram í málinu, eins og hún beri með sér. Hafi hún borist sýslumanni síðar, hafi hún á annað borð borist sýslumanni. Á söluþinginu hafi aðeins legið fyrir munnlegar upplýsingar frá sóknaraðila um, að veðkrafa hans væri að hámarki 35.000.000 kr. Hafi varnaraðili aflað sér upplýsinga fyrir söluþingið um stöðu veðkrafna til þess að vera undir það búinn að bjóða í eignina og eftir atvikum að bjóða í eignina sem hæstbjóðandi til þess að verja kröfu sína. Ekki hafi farið á milli mála, að varnaraðili fengi fullnustu kröfu sinnar af hæsta boði í eignina, 54.100.000 kr., og því ekki efni til þess fyrir varnaraðila að gera hærra boð. Eftir söluþingið hafi sóknaraðili hins vegar gert mun hærri kröfur um úthlutun til greiðslu veðkröfu sinnar, allt að 38.951.582 kr., sbr. kröfulýsingu á dskj. nr. 6 og sundur-

liðun í greinargerð sóknaraðila, en þar sé ranghermt, að á söluþinginu 15. mars sl. hafi sóknaraðili lagt fram sundurliðaða kröfulýsingu fyrir þeirri fjárhæð.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa síðar lækkað kröfu sína í 36.944.841 kr. með símbréfi sínu til sýslumanns 1. desember sl., sbr. dskj. nr. 3. Sé sú krafa endanleg og eina krafa hans í málinu. Þá er því haldið fram af varnaraðila, að kröfur sóknaraðila séu óljósar og hafi verið á reiki.

Af hálfu varnaraðila er því jafnframt haldið fram, að sóknaraðili hafi gjaldfellt kröfu sína miðað við 20. ágúst 1992 og breytt henni í íslenskar krónur miðað við þágildandi skráningu á sölugengi bandaríkjadals. Þetta verði ráðið af öðrum gögnum sóknaraðila, svo sem símbréfi sóknaraðila til sýslumanns á dskj. nr. 3 og nauðungarsölubeiðni á dskj. nr. 11 svo og greinargerð sóknaraðila á dskj. nr. 4, og sé sú kröfugerð bindandi fyrir sóknaraðila. Það sé aftur á móti fjarri sanni, að krafan hafi að þessu leyti numið 34.122.171 kr. 20. ágúst 1992, eins og greind kröfulýsing greini. Beri því að leggja til grundvallar útreikningi á kröfu sóknaraðila fjárhæð hennar í íslenskum krónum að viðbættum samningsvöxtum 20. ágúst 1992, 27.987.940,76 kr., enda geri sóknaraðili ætíð kröfu sína í íslenskum krónum, sbr. dskj. nr. 11, nr. 3, nr. 6 svo og í greinargerð á dskj. nr. 4. Varnaraðili miðar útreikninga sína við, að sölugengi bandaríkjadals hafi 20. ágúst 1992 verið 54,01 króna. Á þeim degi hafi því höfuðstóll skuldarinnar numið 26.605.911,47 kr. (USD 492.610,84 × kr. 54,01). Samningsvaxtafótur (2% yfir millibankavöxtum á USD á erlendum fjármagnsmörkuðum (Libor) miðað við lán til 6 mánaða) á þeim gjalddaga hafi verið 5,5% og áfallnir samningsvextir frá útgáfudegi bréfsins þá skv. því 1.382.029,29 kr. (26.605.911,47 kr. × 5,5% = 1.463.325,13 kr. × 340/360). Höfuðstóll skuldarinnar að viðbættum samningsvöxtum hafi því 20. ágúst 1992 numið 27.987.940,76 kr. (26.605.911,47 kr. + 1.382.029,29 kr.), en ekki 34.122.171 kr., sem sóknaraðili hafi á engan hátt sundurliðað eða útskýrt. Hafi sóknaraðili því ofreiknað kröfu sína að þessu leyti um 6.134.230,24 kr. (34.122.171,00 kr. – 27.987.940,76 kr.).

Þá mótmælir varnaraðili dráttarvaxtaútreikningi sóknaraðila á dskj. nr. 6 sem of háum. Þeir séu rangt reiknaðir 3.698.938 kr. á dskj. nr. 6, en þeir séu rétt reiknaðir 3.389.943 kr. af þeim ranga höfuðstól, 34.122.171 kr., sem sóknaraðili tilgreini til útreiknings þeirra 15. mars 1993. Einnig mótmælir varnaraðili tilgreindum kostnaði sóknaraðila vegna nauðungarsölubeiðni, að fjárhæð 30.000 kr., en vísar til dskj. nr. 11 og 20, þar sem komi fram, að sóknaraðili hefur greitt 15.800 kr. í ríkissjóð vegna nauðungarsölubeiðni sinnar. Þar sé um að ræða rétta fjárhæð á þessu gjaldi af samanlögðum

höfuðstól, dráttarvöxtum og innheimtukostnaði, 1.579.930,80 kr. (1.396.890 kr. + 66.468,40 kr. + 116.572,40 kr.) í beiðninni. Vekur varnaraðili sérstaka athygli á því, að í beiðninni krafðist sóknaraðili einungis nauðungarsölu til fullnustu á „1.598.559,10 kr. auk áfallandi dráttarvaxta skv. vaxtalögum nr. 25/1987 til greiðsludags og annars áfallins kostnaðar". Varnaraðili mótmælir þeim íþyngjandi forsendum fyrir varnaraðila, sem fram komi í símbréfi sóknaraðila til sýslumanns á dskj. nr. 3, en þar sé gerður „fyrirvari vegna gengisskráningar". Þessi fyrirvari sé allt of seint fram kominn og hafi enga þýðingu fyrir varnaraðila. Þá mótmælir varnaraðili nýjum kröfuliðum, að upphæð 3.521 kr., vegna ritunar kröfulýsingar, 800 kr. vegna veðbókarvottorðs, 1.200 kr. vegna aksturs, 88.688 kr. vegna móts og 21.728 kr. vegna virðisaukaskatts af móti.

Þá vísar varnaraðili til þess, að það valdi einnig vafa um stöðu kröfu sóknaraðila með tilliti til ætlaðra vanskila á henni, að í beiðni sóknaraðila um nauðungarsölu sé krafist nauðungarsölu einungis til fullnustu höfuðstóls, að fjárhæð 1.396.890 kr., en þar sé um að ræða nákvæmlega sömu fjárhæð og fram komi á dskj. nr. 13 og sóknaraðili lýsti í þrotabú uppboðsþola með kröfulýsingu, dags. 3. mars 1993, á grundvelli víxils sem heimildarskjals með gjalddaga 1. september 1992. Er af hálfu varnaraðila á því byggt, að með umræddum víxli hafi verið greiddir vextir, sem komu í gjalddaga 20. ágúst 1992, af veðskuldabréfinu, enda hafi sýslumaður tilgreint fyrrgreinda fjárhæð sem samningsvexti af veðskuldabréfinu frá 11. september 1991 til 20. ágúst 1992 í frumvarpi sínu til úthlutunar, þótt fjárhæðin sé þar ekki sundurliðuð. Því eigi höfuðstóll kröfu sóknaraðila að lækka um 1.396.890 kr.

Þá mótmælir varnaraðili útreikningum sóknaraðila á innheimtukostnaði sem langt úr hófi fram og án réttmætra forsendna. Í útreikningi á innheimtuþóknun sóknaraðila beri að leggja til grundvallar þá fjárhæð, sem greind er í nauðungarsölubeiðni sóknaraðila á dskj. nr. 11, þ. e. 1.396.890 kr., að viðbættum dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá 20. ágúst 1992 til 15. mars 1993, 137.330 kr., samtals 1.519.029 kr., þar sem sóknaraðili hafi ekki lagt fram kröfulýsingu, meðan enn mátti gera boð í eignina á söluþinginu 15. mars 1993, sbr. dskj. nr. 8. Við útreikning innheimtuþóknunar skuli höfð hliðsjón af 3. gr. síðast gildandi gjaldskrár Lögmannafélags Íslands frá 1. júlí 1992.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að rétt fjárhæð til úthlutunar upp í kröfu sóknaraðila sé 30.868.740 kr. skv. eftirgreindri sundurliðun:

Höfuðstóll 20. 8. 1992	kr.	26.605.912
Samningsvextir 20. 8. 1992	–	1.382.029
	kr.	27.987.941
Drv. af 27.987.940,76 kr. 15. 3. 1993	–	2.780.524
	kr.	30.768.465
Innheimtuþóknun	–	80.954
Ritun beiðni um nauðungarsölu	–	3.521
Gjald í ríkissjóð vegna nauðungarsölubeiðni	–	15.800
Samtals	kr.	30.868.740

Fari hins vegar svo, að fallist verði á að miða höfuðstól kröfu sóknaraðila við sölugengi bandaríkjadals 15. mars 1993, er því haldið fram af hálfu varnaraðila, að krafa sóknaraðila skuli reiknast 35.020.431 kr. skv. eftirgreindri sundurliðun:

Höfuðstóll USD 492.610,84 × 65,79	kr.	32.408.867
Samningsvextir 20. 8. 1992	–	1.382.029
Drv. af 1.382.029 kr. til 15. 3. 1993	–	137.301
Samningsvextir 5,375% af 32.408.867 kr. frá 20. 8. 1992 til 15. 3. 1993, í 205 daga	–	991.959
	kr.	34.920.156
Innheimtuþóknun	–	80.954
Ritun beiðni um nauðungarsölu	–	3.521
Gjald í ríkissjóð vegna nauðungarsölubeiðni	–	15.800
Samtals	kr.	35.020.431

Loks vísar varnaraðili um málskostnaðarkröfu sína og kröfu um álag á málskostnað til þess, að málatilbúnaður sóknaraðila sé ekki svo vandaður, skýr og ótvíræður sem krafist sé og sóknaraðili hafi haft uppi kröfur og staðhæfingar, sem sóknaraðili vissi eða mátti vita, að væru rangar eða haldlausar, og höfðað málið að þarflausu og tilefnislausu. Málatilbúnaður sóknaraðila sé þvert á móti mjög ruglingslegur, kröfur óljósar og á reiki og mjög torvelt fyrir varnaraðila að reifa varnir sínar fullnægjandi efnislega nema með þeirri miklu fyrirhöfn, sem greinargerð varnaraðila beri með sér.

V.

Ekki verður fallist á það með varnaraðila, að sóknaraðili hafi ekki af því lögvarða hagsmuni að leggja kröfur sínar um úthlutun uppboðsandvirðis

fyrir dómstóla. Sóknaraðili er aðili að uppboði því, sem fram fór 15. mars 1993. Samningur sá, sem sóknaraðili gerði við uppboðskaupanda um uppgjör veðskuldarinnar, breytir engu hér um. Ekki verður heldur fallist á það með varnaraðila, að hafna beri kröfum sóknaraðila á þeim forsendum, að sóknaraðili hafi ekki fært gild rök fyrir kröfum sínum.

Í máli þessu er óumdeilt, að veðskuldabréf það, sem sóknaraðili byggir rétt sinn á, er samkvæmt efni sínu gengistryggt miðað við USD á útgáfudegi bréfsins 11. september 1991. Ágreiningur er hins vegar um það, hvort varnaraðili er bundinn af ákvæðum bréfsins um gengistryggingu og hvernig eigi að skýra þau ákvæði bréfsins við útreikning á úthlutun til sóknaraðila af uppboðsandvirði fasteignarinnar Skólavörðustígs 45, Reykjavík. Varnaraðili byggir á þeirri málsástæðu að krafa sóknaraðila samkvæmt skuldabréfi hans, út gefnu 11. september 1991, takmarkist gagnvart veðkröfu varnaraðila við 30.000.000 kr. á grundvelli veðleyfis, sem varnaraðili gaf uppboðsþola, sbr. dskj. nr. 9 og nr. 10. Með veðleyfi þessu á dskj. nr. 10 heimilar varnaraðili veðsetningu á 1. veðrétti fyrir láni frá Ferðamálasjóði, allt að 30.000.000 kr. Með áritun á sjálft bréfið segir: „Vélsmiðja Hafnarfjarðar heimilar Leifi Eiríkssyni . . . að taka nýtt lán hjá Ferðamálasjóði, að fjárhæð 30.000.000 kr., sem tryggt verður með 1. veðr., og þokar því veðréttur vor fyrir hinu nýja láni. Veðréttur vor verður því 8. veðr. með uppfærslurétti. Veðleyfi þetta er bundið því skilyrði, að lán á 1.–5. veðr. verði greidd upp.“ Önnur skilyrði eru ekki í veðleyfinu. Ekkert er minnst á útgáfudag bréfsins eða önnur kjör þess. En það liggur fyrir, að miðað við sölugengi USD á útgáfudegi bréfsins var lánið í íslenskum krónum að fjárhæð 30.000.000 kr. Verður að ætla, að varnaraðili hafi, áður en hann gaf umrætt veðleyfi, kynnt sér eða að minnsta kosti mátt ætla, að skuldabréf þetta væri á einhvern hátt „verðtryggt“, einkum þegar litið er til fjárhæðar skuldabréfsins. Þá var engum athugasemdum hreyft við afstöðu sýslumanns við útreikning kröfunnar í upphaflegu frumvarpi að úthlutun, dags. 6. október 1993, en þar er byggt á gengistryggingu bréfsins miðað við uppboðsdag. Varnaraðili gerir hins vegar þá varakröfu, að umrædd úthlutun sýslumanns til sóknaraðila samkvæmt því frumvarpi verði staðfest. Samkvæmt framansögðu verður að telja, að varnaraðili sé bundinn af ákvæðum bréfs sóknaraðila um gengistryggingu skuldarinnar.

Sóknaraðili byggir á því varðandi útreikning á aðalkröfu sinni, að sér sé heimilt að reikna dráttarvexti af höfuðstól og samningsvöxtum frá 20. ágúst 1992 til uppboðsdags 15. mars 1993 miðað við USD. Vísar hann til þess, að samkvæmt ákvæðum skuldabréfs sóknaraðila eigi hann rétt á að eindaga kröfur sínar án sérstakrar uppsagnar til útgefanda, ef ekki er staðið við

greiðslur á afborgunum eða vöxtum. Varnaraðili byggir á því, að sóknaraðili hafi gjaldfellt kröfu sína miðað við 20. ágúst 1992 og breytt henni þá í íslenskar krónur miðað við þágildandi skráningu á sölugengi USD, og því sé sóknaraðili bundinn af því að reikna kröfuna áfram í íslenskum krónum.

Þá byggir varnaraðili á því, að sóknaraðili hafi lækkað kröfu sína úr 38.951.582 kr. samkvæmt kröfulýsingu hans í uppboðsandvirði, dags. 12. mars 1993, sbr. dskj. nr. 6, í 36.944.841 kr. í símbréfi sínu til sýslumanns 1. desember sl., sbr. dskj. nr. 3. Sé kröfulækkun þessi bindandi fyrir sóknaraðila. Í endurriti úr gerðabók sýslumanns frá 30. nóvember sl., þar sem fjallað er um fram komin mótmæli við frumvarpi sýslumanns frá 6. október, kemur fram, að sóknaraðila máls þessa er gefinn kostur á að senda sýslumanni yfirlit yfir greiðslur vegna kröfunnar fyrir kl. 12.00 á hádegi 1. desember og að afstaða verði tekin til mótmælanna á framhaldsfundi 6. desember. Umrætt símbréf berst, eins og fyrr sagði, sýslumanni innan þess frests. Við fyrirtöku málsins 6. desember leggur sýslumaður fram kröfulýsingu frá sóknaraðila, sem ekki fylgir með í þeim staðfestu gögnum, sem bárust dóminum frá sýslumanninum í Reykjavík. En við fyrirtöku þessa lýsir sýslumaður yfir, að hann hækki úthlutun til sóknaraðila um 243.324 kr. miðað við fyrri úthlutun og lækki úthlutun til varnaraðila um 205.976 kr. Ekki fylgir neinn rökstuðningur fyrir þessari breytingu á úthlutun til aðila máls þessa. Kröfulýsingu þessa í símbréfi á dskj. nr. 3 lagði sóknaraðili fram í þinghaldi 16. mars sl. og vísaði til hennar um fjárhæð varakröfu sinnar. Með vísan til þess, sem hér er að framan rakið, verður að fallast á það með varnaraðila, að í umræddu símbréfi til sýslumanns hafi sóknaraðili lækkað kröfu sína í uppboðsandvirðið, og því sé endanleg krafa sóknaraðila, sem komi til úrlausnar í máli þessu, varakrafa hans, að fjárhæð 36.155.300 kr. Í varakröfu sinni reiknar sóknaraðili aðeins dráttarvexti af gjaldföllnum samningsvöxtum, en ekki af höfuðstól, og miðar útreikning kröfu sinnar við sölugengi á uppboðsdegi. Verður því litið svo á, að sóknaraðili hafi fallið frá þeirri kröfu sinni að reikna dráttarvexti af eftirstöðvum skuldarinnar, og verður því ekki tekin afstaða til þess, hvort honum sé það heimilt.

Þegar ákveðið er í frumvarpi, hvað greiðist af einstökum kröfum, skal samkvæmt 3. mgr. 50. gr. nauðungarsölulaga nr. 90/1991 miða við, að vextir, verðbætur og gengistrygging reiknist af þeim til þess dags, sem uppboði lauk á eigninni. Eins og fyrr sagði, er óumdeilt, að krafa sóknaraðila byggist á gengistryggðu skuldabréfi. Ber því að umreikna kröfu hans í íslenskar krónur miðað við sölugengi USD á uppboðsdegi, sem var 15. mars 1993, enda segir í skuldabréfinu: „Til viðbótar greiðslu afborgunar og vaxta skal lántaki greiða á hverjum gjalddaga eða greiðsludegi, sé hann síðar, verð-

bætur á afborgunar- og vaxtagreiðslur, sem miðast við breytingu á skráðu sölugengi (USD) frá 60,90 kr. til gjalddaga eða greiðsludags. Fjárhæð útborgunar miðast við gengi á útborgunardegi.“ Ekki er því fallist á þá mótbáru varnaraðila, að sóknaraðili hafi með því að umreikna kröfu sína á gjaldfellingardegi í íslenskar krónur fyrirgert rétti sínum til áframhaldandi gengistryggingar skuldarinnar.

Varnaraðili kveður kröfulýsingu ekki hafa legið frammi á söluþinginu 15. mars 1993, aðeins hafi legið fyrir munnlegar upplýsingar frá sóknaraðila um, að veðkrafa hans væri að hámarki 35.000.000 kr., og hafi hann því talið, að krafa hans væri tryggð miðað við hæsta boð Búnaðarbanka Íslands, að fjárhæð 54.100.000 kr. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. nauðungarsölulaga skulu þeir, sem telja sig eiga rétt til greiðslu af söluverði eignar, lýsa kröfum sínum fyrir sýslumanni, áður en uppboði er lokið á henni. Markmið þessarar reglu er, að sem skýrust mynd fáist af réttindum yfir eign, meðan enn er kostur að gera boð í hana. Samkvæmt 4. mgr. 50. gr., sbr. 5. mgr. sömu greinar nauðungarsölulaga, hefur það eingöngu þær afleiðingar í för með sér fyrir þann, sem nýtur þinglýstra réttinda í eign, að lýsa ekki kröfu á réttum tíma, að hann missir rétt til að fá greiddan innheimtu- eða málskostnað vegna kröfu sinnar af söluverði. Kröfulýsing sóknaraðila á dskj. nr. 6 er ekki árituð um móttöku sýslumanns, og ekki er bókað um framlagningu hennar á söluþinginu. Sóknaraðili lagði fram við aðalmeðferð málsins 1. júní sl., nr. 25, yfirlýsingu frá sýslumanninum í Reykjavík. Í þeirri yfirlýsingu kemur ekki fram, svo að ótvírætt sé, að kröfulýsing frá sóknaraðila hafi legið frammi á söluþinginu. Verður því að fallast á það með varnaraðila, að við útreikning innheimtuþóknunar til sóknaraðila beri að leggja til grundvallar gerða kröfu í beiðni sóknaraðila um nauðungarsölu á dskj. nr. 11, þ. e. gjaldfallna samningsvexti 20. ágúst 1992 að viðbættum dráttarvöxtum til uppboðsdags.

Varnaraðili kveður höfuðstól kröfu sóknaraðila eiga að lækka um 1.396.890 kr., þar sem sóknaraðili hafi lýst þeirri fjárhæð í þrotabú uppboðsþola á grundvelli víxils. Heldur varnaraðili því fram, að með umræddum víxli hafi verið greiddir vextir, er féllu í gjalddaga 20. ágúst 1992, enda hafi sýslumaður tilgreint í frumvarpi sínu fyrrgreinda fjárhæð sem samningsvexti af veðskuldabréfinu frá 11. september 1991 til 20. ágúst 1992. Ekki verður fallist á þessa málsástæðu varnaraðila, einkum með vísan til þess, að í skrá um lýstar kröfur í þrotabú uppboðsþola á dskj. nr. 13 lýsir skiptastjóri yfir, að ekki hafi verið tekin afstaða til veðkrafna, þar sem sýslumaðurinn í Reykjavík muni gera það við úthlutun uppboðsandvirðis fasteignarinnar.

Að öllu framansögðu virtu verður það því niðurstaða máls þessa að stað-

festa þá ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 6. desember 1993 að úthluta sóknaraðila á 1. veðrétti 35.314.294 kr. Eftir atvikum máls þessa þykir rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Úrskurðinn kvað upp Sigurjóna Símonardóttir, fulltrúi dómstjóra.

Úrskurðarorð:

Staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 6. desember 1993 um úthlutun til sóknaraðila, Ferðamálasjóðs, að fjárhæð 35.314.294 kr., af uppboðsandvirði fasteignarinnar Skólavörðustígs 45, Reykjavík.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 28. september 1994.

Nr. 398/1994. **Skelco hf. og**
Skeljungur hf.
(Hallgrímur B. Geirsson hrl.)
gegn
Hafboða hf.
(Valgeir Kristinsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Kæruheimild. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu þessu máli til Hæstaréttar með kæru 7. september 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 15. sama mánaðar. Þeir byggja kæruheimild á 85. gr., sbr. 79. gr., laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 25. ágúst 1994, þar sem er kveðið á um, að varnaraðili, sem var gerðarþoli við nauðungarsölu á m/b Skúmi, GK-22, skuli halda umráðum skipsins, á meðan leyst er úr máli um gildi nauðungarsölunnar. Sóknaraðilar krefjast, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að staðfestur verði umráðaréttur sóknaraðilans Skelco hf. samkvæmt 1. mgr. 55. gr. laga nr. 90/1991 yfir m/b Skúmi, GK-22. Þá krefjast sóknaraðilar kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilum gert að greiða sér kærumálskostnað.

Sýslumaðurinn í Keflavík hélt uppboð til nauðungarsölu á m/b Skúmi 13. júlí 1994, og varð sóknaraðilinn Skeljungur hf. þar hæstbjóðandi. Hann framseldi sóknaraðilanum Skelco hf. réttindi samkvæmt boði sínu 26. sama mánaðar, en boðið var samþykkt í skipið 2. ágúst sl. Sýslumaður gaf síðan út yfirlýsingu 17. ágúst 1994 um, að Skelco hf. væru afhent umráð yfir skipinu, en varnaraðili réð þá enn yfir því. Hinn 29. júlí 1994 leitaði varnaraðili úrlausnar Héraðsdóms Reykjaness samkvæmt XIV. kafla laga nr. 90/1991 um gildi nauðung-

arsölunnar á m/b Skúmi og krafðist þar meðal annars, að úrskurður gengi undir rekstri málsins um, að hann héldi umráðum yfir skipinu, þar til málinu yrði lokið, sbr. 3. mgr. 55. gr. sömu laga. Þeirri kröfu var mótmælt af sóknaraðilum þessa máls. Gekk hinn kærði úrskurður um þessa kröfu, en varnaraðili hefur þannig haldið umráðum yfir skipinu óslitið, frá því að uppboð fór fram.

Samkvæmt 1. mgr. 85. gr. laga nr. 90/1991 ræðst heimild til að skjóta til Hæstaréttar úrskurði, sem gengur í dómsmáli samkvæmt XIV. kafla laganna um gildi nauðungarsölu, af 1. mgr. 79. gr. þeirra, þar sem er mælt fyrir um, að úrskurðir héraðsdómara sæti kæru til Hæstaréttar. Sú regla er þó meðal annars háð þeirri takmörkun, að óheimilt er að kæra úrskurð, sem gengur undir rekstri máls, nema úrskurður um sams konar atriði geti sætt kæru í einkamáli, sem er farið með samkvæmt almennum reglum. Fer þannig eftir ákvæðum 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, hvort úrskurður, sem gengur undir rekstri máls samkvæmt XIV. kafla laga nr. 90/1991, geti sætt kæru til Hæstaréttar. Úrskurðarefnið í þessu máli verður ekki heimfært undir ákvæði 143. gr. laga nr. 91/1991. Skortir því heimild til kæru málsins, og ber að vísa því sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt þykir að láta kærumálskostnað falla niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. ágúst 1994.

Í máli þessu er ágreiningur með aðilum um gildi nauðungarsölu sýslumannsins í Keflavík á m/b Skúmi, GK-22, sem fram fór 13. júlí sl.

Samkvæmt fram lögðum gögnum liggur fyrir, að vafi leikur á um gildi umræddrar nauðungarsölu, án þess þó að á þessu stigi málsins verði nokkur efnisleg afstaða tekin til ágreinings málsaðila. Þá ber til þess að líta, að gagnaöflun er vel á veg komin og ekkert stendur í vegi þess, að málið verði flutt við fyrstu hentugleika. Má því vænta úrskurðar dómsins innan skamms. Samkvæmt framansögðu verður fallist á kröfu sóknaraðila um, að hann haldi umráðum skipsins, þar til lyktir málsins eru fengnar, sbr. 3. mgr. 55. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Úrskurðarorð:

Sóknaraðili, Hafboði hf., skal halda umráðum Skúms, GK-22, þar til máli þessu hefur verið ráðið til lykta.

Miðvikudaginn 28. september 1994.

Nr. 400/1994. **Skóverslun Reykjavíkur hf.**
(Steingrímur Þormóðsson hdl.)
gegn
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis
(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Útburðargerð. Frávísun frá Hæstarétti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 16. september 1994, sem barst réttinum 30. sama mánaðar. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og kröfur sínar í héraði „verði viðurkenndar". Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Lagt hefur verið fram endurrit úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík frá 21. september sl. Samkvæmt því voru varnaraðila þá fengin umráð fasteignarinnar að Laugavegi 95 í Reykjavík. Að svo komnu máli hafa aðilar ekki lengur réttarhagsmuni af því, að hinn kærði úrskurður komi til endurskoðunar fyrir Hæstarétti. Ber að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Um hliðstætt kæruefni var síðast dæmt í Hæstarétti 8. september 1993 í máli nr. 310/1993 og 13. september sl. í máli nr. 324/1994. Er máli þessu haldið til dóms að ófyrirsynju.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Skóverslun Reykjavíkur hf., greiði varnaraðila,

Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 60.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. september 1994.

Með aðfararbeiðni, dags. 6. september sl., sem móttekin var sama dag af dóminum, er af hálfu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, kt. 610269-5089, Skólavörðustíg 11, Reykjavík, krafist dómsúrskurðar um, að Skóverslun Reykjavíkur hf., kt. 650594-2079, Laugavegi 95, Reykjavík, verði með beinni aðfarargerð borin út úr húsnæðinu að Laugavegi 95, jarðhæð og kjallara, ásamt öllu því, sem gerðarþola tilheyrir, og gerðarbeiðanda fengin umráð eignarinnar. Þá er af hálfu gerðarbeiðanda krafist málskostnaðar úr hendi gerðarþola að mati dómsins og að fjárnám verði heimilað fyrir honum og kostnaði af væntanlegri gerð.

Af hálfu gerðarþola er þess krafist, að beiðni gerðarbeiðanda verði hrundið. Til vara er þess krafist, að gerðarþola verði heimilað að vera í húsnæðinu að Laugavegi 95, Reykjavík, jarðhæð og kjallara, næstu 6 mánuði eða a. m. k. til næstu áramóta. Þá krefst gerðarþoli málskostnaðar.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 13. september sl.

– – –

Með vísan til þessa og 1. mgr. 55. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991 þykir réttur gerðarbeiðanda til umráða yfir húsnæði því, sem hér um ræðir, ótvíræður. Ekki eru bein fyrirmæli í lögum, er veita gerðarþola rétt á fresti til að rýma umrætt húsnæði. Þykir því rétt, að umbeðin gerð nái fram að ganga samkvæmt 1. mgr. 78. gr. laga um aðför nr. 90/1989, sbr. 3. mgr. 83. gr. sömu laga, og að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 40.000 kr., en heimilt er að gera fjárnám fyrir honum og kostnaði af væntanlegri gerð samkvæmt 1. og 2. mgr. nefndra laga.

Úrskurð þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Heimilt er, að gerðarþoli, Skóverslun Reykjavíkur hf., verði borinn út úr jarðhæð og kjallara að Laugavegi 95, Reykjavík, með beinni aðfarargerð og gerðarbeiðanda, Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, fengin umráð eignarinnar. Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 40.000 kr. í málskostnað. Heimilt er að gera fjárnám fyrir málskostnaði og kostnaði af væntanlegri gerð.

Miðvikudaginn 28. september 1994.

Nr. 409/1994. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
gegn
Páli Konráði Konráðssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. september 1994, sem barst réttinum 26. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími. Loks krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. september 1994.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Páli Konráði Konráðssyni, kt. 020753-5879, Hverfisgötu 32 B, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudags 4. október nk. kl. 15.00 vegna grunar um brot hans gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni.

Í gærkvöld handtók lögreglan í Reykjavík Pál K. Konráðsson á verkstæði Arnar Ingólfssonar að Skólavörðustíg 17. Við leit á Páli fundust rúmlega 100 gr af hassi. Fyrir réttinum bar kærði, að hann hefði keypt hassið af Erni og greitt fyrir það 90.000,00 kr. Þá bar kærði einnig fyrir réttinum, að hann væri öryrki og hefði ekki mikil fjárráð. Þrátt fyrir það gat kærði reitt fram 90.000,00 kr. í reiðufé og kvaðst aðspurður hafa ætlað sér að nota hassið til eigin nota. Með hliðsjón af stöðu kærða verður þó að telja það fremur ótrúverðugt.

Lögreglan í Reykjavík hefur krafist gæsluvarðhalds yfir þremur mönnum, þ. á m. kærða og Erni Ingólfssyni, sem seldi kærða efnið. Grunur leikur á, að tengsl séu milli þessara manna um meðferð og sölu fíkniefna. Brot þau, sem kærði er grunaður um, geta varðað hann fangelsi samkvæmt lögum nr. 65/1974.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og yfirheyrslur fyrir lögreglu hafa ekki farið fram, þar sem kærði vildi ekki tjá sig um málefni þetta nema að viðstöddum lögmanni sínum, sem var fjarverandi, þegar yfirheyrslur áttu að fara fram.

Með því að hætta þykir á, að kærði kunni að torvelda rannsókn málsins, fari hann frjáls ferða sinna, ber samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, eins og hún er fram sett.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kærði, Páll Konráð Konráðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 4. október nk. kl. 15.00.

Miðvikudaginn 28. september 1994.

Nr. 317/1994. **Gjaldheimtan í Reykjavík**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Kaupþingi hf.
Fjárfestingarfélaginu Skandia hf.
Sameinaða lífeyrissjóðnum
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.) **og**
Tónco hf.

Kærumál. Nauðungarsala. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 28. júní 1994, sem barst réttinum 11. júlí sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júní 1994 um úthlutun á söluandvirði eignarhluta úr fasteigninni Starmýri 2 í Reykjavík, sem seldur var nauðungarsölu 30. september 1993. Krefst sóknaraðili þess, að honum verði hrundið og breytt á þá leið, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 30. desember 1993 um úthlutunina verði ómerkt og sóknaraðila úthlutað 1.545.466 krónum af söluandvirðinu í samræmi við frumvarp til úthlutunargerðar frá 3. sama mánaðar. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilarnir Kaupþing hf., Fjárfestingarfélagið Skandia hf. og Sameinaði lífeyrissjóðurinn krefjast staðfestingar á hinum kærða úrskurði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Tónco hf., sem var þinglýstur eigandi hins selda eignarhluta við nauðungarsöluna, hefur ekki látið kærumálið til sín taka.

Við fyrrgreinda nauðungarsölu gerði sóknaraðili kröfu um greiðslu af söluandvirðinu á samtals 1.545.466 krónum fyrir fasteignagjöldum til Reykjavíkurborgar, á lögðum 1992 og 1993, er nytu lögveðsréttar í hinum selda eignarhluta. Í máli þessu hefur hann skotið til úrlausnar dómstóla þeirri ákvörðun sýslumannsins í

Reykjavík að takmarka úthlutun vegna þessarar lögveðskröfu við 1.258.514 krónur. Var sú ákvörðun tekin vegna mótmæla varnaraðilanna Kaupþings hf., Fjárfestingarfélagsins Skandia hf. og Sameinaða lífeyrissjóðsins, er áttu samhliða samningsveð í eignarhlutanum með 1. veðrétti.

Af hálfu samningsveðhafanna er einkum á því byggt, að eignarhlutinn hafi verið seldur, eins og honum var lýst í eignarskiptasamningi, sem dagsettur er 9. apríl 1991 og var áritaður af byggingarfulltrúanum í Reykjavík og Fasteignamati ríkisins 15. október sama ár, en afhentur til þinglýsingar 24. þess mánaðar. Hafi eigninni verið lýst á sama hátt í veðbréfum þeirra, sem út voru gefin í byrjun október 1991 og afhent til þinglýsingar samtímis samningnum. Hin álögðu fasteignagjöld séu hins vegar miðuð við stærri hluta af fasteigninni en þessu nemi. Afstaða sóknaraðila er einkum sú, að ekki skipti máli, hvort eignarhlutinn hafi breyst með umræddum samningi, þar sem lögveð vegna allra gjaldanna hafi hvílt á honum allt að einu.

Í héraðsdómi voru ekki lögð fram nein gögn um álagningu hinna umdeildu fasteignagjalda eða grundvöll hennar, sbr. 3. gr. laga nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga, að því er fasteignaskatt varðar, og eldri gagna en samningsins frá 9. apríl 1991 nýtur ekki við um skiptingu fasteignarinnar milli eigenda. Verður meðal annars ekki ráðið af skjölum málsins, hvernig skráningu og mati fasteignarinnar hjá Fasteignamati ríkisins hafi verið háttað á þeim tíma, er máli skipti, og ekki verður séð með vissu, hvaða breytingar hafi orðið á eignarhlutum við gerð samningsins og hverju þær ættu að varða. Málið er því of vanreifað, til þess að unnt sé að skera úr ágreiningi málsaðila, og hefði héraðsdómara verið rétt að benda þeim á nauðsyn frekari skýringar, sbr. 3. mgr. 101. gr. og 104. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verður þannig ekki hjá því komist að ómerkja hinn kærða úrskurð og meðferð málsins í héraði frá og með munnlegum flutningi þess í þinghaldi 25. maí 1994 og leggja fyrir héraðsdómara að taka það til löglegrar meðferðar og úrskurðar að nýju.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður og meðferð máls þessa í Héraðsdómi Reykjavíkur frá og með 25. maí 1994 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og úrskurðar að nýju.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júní 1994.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 25. maí sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili málsins er Gjaldheimtan í Reykjavík, kt. 570169-0849, Tryggvagötu 28, Reykjavík.

Varnaraðilar málsins eru Kaupþing hf., kt. 560882-0419, Kringlunni 5, Reykjavík, Sameinaði lífeyrissjóðurinn, kt. 620492-2809, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, Fjárfestingarfélagið Skandia hf., kt. 590789-2089, Hafnarstræti 7, Reykjavík, og Tónco hf., Hamratanga 10, Mosfellsbæ.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að úthlutunargerð uppboðshaldarans í Reykjavík frá 30. desember 1993 verði ómerkt og að sóknaraðila verði úthlutað úr uppboðsandvirði fasteignarinnar að Starmýri 2, Reykjavík, 1.545.466 kr. í samræmi við „frumvarp til úthlutunar á söluverði", dagsett 3. desember 1994. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu in solidum úr höndum varnaraðila.

Dómkröfur varnaraðila Kaupþings hf., Sameinaða lífeyrissjóðsins og Fjárfestingarfélagsins Skandia hf. eru þær, að staðfest verði sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 30. desember 1993 að hækka úthlutun af uppboðsandvirði til Kaupþings hf., Fjárfestingarfélagsins Skandia hf. og Sameinaða lífeyrissjóðsins, en lækka úthlutun til sóknaraðila. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Ekki var sótt þing af hálfu varnaraðila Tónco hf. og engar kröfur voru hafðar uppi af hans hálfu.

– – –

IV.

Ágreiningur er með aðilum máls þessa um réttmæti þeirrar ákvörðunar sýslumannsins í Reykjavík frá 30. desember 1993 að hækka úthlutun uppboðsandvirðis til varnaraðila Kaupþings hf., Fjárfestingarfélagsins Skandia hf. og Sameinaða lífeyrissjóðsins, en lækka úthlutun til sóknaraðila að sama skapi.

Á nauðungaruppboði 30. september 1993 var ofangreindum varnaraðilum selt verslunarhúsnæði á fyrstu hæð og í kjallara, merkt 030101, sem taldist vera 44,625 % aðalhúss í húseigninni nr. 2 við Starmýri í Reykjavík. Við

fyrri úthlutun á uppboðsandvirði eignarhlutans var gert ráð fyrir að greiða sóknaraðila 1.545.466 kr. samkvæmt lögveðskröfu hans vegna álagðra fasteignagjalda af eignarhlutanum. Fram er komið, að sú álagning er miðuð við 54,8% heildareignarinnar að Starmýri 2. Samkvæmt þinglýstum eignarskiptasamningi fyrir eignina að Starmýri 2, sem gerður er samkvæmt fyrirmælum í lögum um fjölbýlishús nr. 59/1976, er umræddur eignarhluti skráður vera 44,6251, og við þann hundraðshlutaútreikning var miðað, er eignarhlutinn var seldur á nauðungaruppboðinu. Sóknaraðili hefur ekki mótmælt því sérstaklega, að hið selda hafi verið stærri hluti eignarinnar, og virðist það vera óumdeilt.

Þykir því verða að fallast á það með varnaraðilum Kaupþingi hf., Fjárfestingarfélaginu Skandia hf. og Sameinaða lífeyrissjóðnum, að miða beri úthlutun til sóknaraðila við þann hundraðshluta heildareignarinnar, sem seldur var á nauðungaruppboðinu, enda ber varnaraðilum að greiða fasteignagjöld af eign sinni, en ekki öðrum eignarhlutum hússins. Breytir hér engu, þótt sóknaraðili hafi við álagningu fasteignagjaldanna miðað við annað hundraðshlutfall eignarinnar, það er að segja 54,8%. Þá verður ekki heldur talið, að mat forstöðumanns skráningardeildar fasteigna hjá Reykjavíkurborg í yfirlýsingu, dagsettri 20. janúar sl., hafi úrslitaáhrif í þessu máli.

Með vísan til framanritaðs þykir verða að hafna kröfu sóknaraðila í máli þessu og fallast á þá kröfu varnaraðila Kaupþings hf., Fjárfestingarfélagsins Skandia hf. og Sameinaða lífeyrissjóðsins að staðfesta þá ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 30. desember 1993 að hækka úthlutun af uppboðsandvirði til þeirra, en lækka úthlutun til sóknaraðila, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum 50.000 kr. í málskostnað.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Staðfest er sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 30. desember 1993 að hækka úthlutun til veðhafa á 1. veðrétti Kaupþings hf., Fjárfestingarfélagsins Skandia hf. og Sameinaða lífeyrissjóðsins um 286.952 kr., en lækka úthlutun til Gjaldheimtunnar í Reykjavík sem því nemur.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum 50.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 29. september 1994.

Nr. 244/1992. **Hilmar Viktorsson**
(Jón Magnússon hrl.)
gegn
Útgerðarfélagi Akureyringa hf.
vegna Hraðfrystihúss Keflavíkur hf.
(Ólafur Axelsson hrl.)
og Símoni Ólasyni héraðsdómslögmanni
til réttargæslu
(Símon Ólason hdl.)

Greiðslustöðvun. Eignasala. Söluþóknun. Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1992 að fengnu leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis 9. sama mánaðar. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér skuld, að fjárhæð 4.668.750 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt 10. gr., sbr. 12. og 14. gr., laga nr. 25/1987 frá 16. október 1990 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Á hendur réttargæslustefnda hafa engar kröfur verið gerðar, og hefur hann ekki sótt þing í máli þessu.

Áfrýjandi var ráðinn til aðstoðar réttargæslustefnda við störf hans sem aðstoðarmanns Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. á greiðslustöðvunartíma, og skyldi hann svo sem réttargæslustefndi fá greitt fyrir störf sín tímavinnukaup. Réttargæslustefndi hefur borið fyrir héraðsdómi, að venjan hafi verið sú, að hann hafi gert reikninga fyrir vinnu þeirra beggja og þeir síðan gert upp sín í milli samkvæmt vinnuframlagi, og þannig hafi reikningurinn verið saminn, sem um er deilt í máli þessu.

Ósannað er af áfrýjanda hálfu, að honum og réttargæslustefnda hafi verið falið það sem sérverkefni að selja eignir félagsins.

Vegna ráðningarkjara sinna bar áfrýjanda að vekja athygli á því, að hann áskildi sér söluþóknun sem hundraðshluta af söluverði eigna félagsins, þegar til þess kom, að þær yrðu seldar, til þess að stjórn félagsins gæti tekið afstöðu til slíkrar kröfu fyrir fram. Þetta gerði áfrýjandi ekki, enda tryggði hann sér ekki ótvírætt umboð, sbr. 9. gr. laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu, sem hann taldi sig þó bundinn af. Með vísan til þessa ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Áfrýjandi greiði stefnda 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hilmar Viktorsson, greiði stefnda, Útgerðarfélagi Akureyringa hf., 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 31. desember 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m. að undangengnum munnlegum málflutningi sama dag, hefur Guðmundur Óli Guðmundsson hdl., Grensásvegi 16, Reykjavík, höfðað með stefnu, út gefinni í Reykjavík 21. janúar 1991, fyrir hönd Hilmars Viktorssonar, kt. 120952-7499, Seiðakvísl 7, 110 Reykjavík, á hendur Pétri Bjarnasyni f. h. Útgerðarfélags Akureyringa hf., kt. 670269-4429, 600 Akureyri, vegna Hraðfrystihúss Keflavíkur hf., kt. 630169-6159, og Símoni Ólasyni hdl., kt. 210451-2779, Háaleitisbraut 85, Reykjavík, er stefnt til réttargæslu í máli þessu.

Stefnukröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Útgerðarfélag Akureyringa hf. vegna Hraðfrystihúss Keflavíkur hf., greiði stefnanda skuld, að fjárhæð 4.668.750 kr., auk dráttarvaxta frá 6. 10. 1990 til greiðsludags skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. og 12. gr. laganna, auk málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og fram lögðum málskostnaðarreikningi, 534.317,93 kr. Þess er krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Stefndi, Útgerðarfélag Akureyringa hf., gerir þær kröfur aðallega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og til vara, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar. Þá er gerð krafa um málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu, og hefur stefndi lagt fram málskostnaðarreikning, að fjárhæð 644.358 kr.

Stefnandi lýsir kröfu sinni þannig:

Kröfutegund: reikningur. Greiðandi: Útgerðarfélag Akureyringa hf. vegna Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. Höfuðstóll: 4.668.750 kr. og eftirstöðvar sama. Útgefandi: Lögfræðistofan, Háaleitisbraut 85, Reykjavík, vegna Hilmars Viktorssonar og Símonar Ólasonar. Útgefinn: Reykjavík 16. 10. 1990. Greiðsludagur: 16. 10. 1990.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru eftirfarandi:

Hann segir skuld þessa vera skv. reikningi nr. 324 og til komna vegna sölulauna stefnanda af sölu frystitogarans Aðalvíkur, KE-95, og hlutabréfa í Hraðfrystihúsi Keflavíkur hf. til Útgerðarfélags Akureyringa hf., en stefnandi hafi annast milligöngu um þessar sölur f. h. Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. Hafi söluverð skips verið 450.000.000 kr., en hlutabréf 75.000.000 kr. Sölulaun séu reiknuð 0,5% vegna skipsins, 2.250.000 kr., en 2% vegna hlutabréfa, 1.500.000 kr. Virðisaukaskattur af fjárhæðum þessum er 918.750 kr., alls 4.668.750 kr., sem er stefnufjárhæð máls þessa.

Hraðfrystihús Keflavíkur hf. hafi verið sameinað Útgerðarfélagi Akureyringa hf. 21. 12. 1990 eftir frágang á sölum þessum fyrir milligöngu stefnanda, en forsenda sameiningarinnar hafi verið áðurnefndir sölusamningar. Hafi skuld þessi ekki verið greidd þrátt fyrir tilmæli þar um, og sé því málsókn nauðsynleg.

Um lagarök vísast til almennra reglna kröfuréttar laga nr. 85/1936, III. kafla laga nr. 25/1987 og 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Stefnandi kveður Hraðfrystihúsi Keflavíkur hf. í Keflavík hafa verið veitt greiðslustöðvunarheimild 20. 3. 1990, og hafi hann ásamt réttargæslustefnda, Símoni Ólasyni hdl., verið ráðinn aðstoðarmaður á greiðslustöðvunartímabilinu. Hafi stefnandi og réttargæslustefndi fengið greitt fyrir þau störf sín skv. reikningum, en viðmiðun í því sambandi hafi verið tímagjald.

Stefnukrafa máls þessa byggist á reikningi vegna sölu á togara og hlutabréfum Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. Það sérverkefni hafi stefnandi tekið að sér sem löggiltur fasteigna- og skipasali. Sú söluumsýsla hafi verið algjörlega óviðkomandi öðrum störfum stefnanda fyrir Hraðfrystihús Keflavíkur hf. á greiðslustöðvunartímabilinu, enda sé þóknun fyrir söluumsýslun af þessu tagi ætíð reiknuð sérstaklega. Sölulaun hafi verið reiknuð 0,5% af söluverði skipsins, en 2% af söluverði hlutabréfanna, en fasteigna- og skipasalar hafi leyfi til að reikna sér 2% söluþóknun, svo að sölulaun vegna skips í þessu tilfelli nemi 25% af heimildinni. Samkvæmt tveimur tilkynningum til Hlutafélagaskrár, dags. 10. 10. 1990 og 21. 12. 1990, sbr. dskj. nr. 3 og 4, hafi Hraðfrystihús Keflavíkur hf. verið sameinað Útgerðarfélagi Ak-

ureyringa hf., og hafi við sameininguna stefndi, Útgerðarfélag Akureyringa hf., yfirtekið allar skuldbindingar Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. Sé því nauðsyn að stefna Útgerðarfélagi Akureyringa hf. til greiðslu kröfu þessarar. Með bréfi, dags. 22. 11. 1990, hafi stefnandi lýst kröfu sinni í bú Hraðfrystihúss Keflavíkur hf., en innköllun hafi verið gefin út fyrir sameiningu félaganna.

Stefndi lýsir málsatvikum þannig:

Á fundi stjórnar Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. 16. 3. 1990 hafi verið samþykkt að leita eftir greiðslustöðvun fyrir félagið hjá skiptaráðanda og jafnframt fara þess á leit við réttargæslustefnda, Símon Ólason hdl., að hann yrði skipaður tilsjónarmaður á greiðslustöðvunartímanum. Hafi hún síðan verið veitt 20. s. m. Á stjórnarfundi 2. apríl s. á. var samþykkt að fá viðskiptafræðing til aðstoðar framkvæmdastjóra vegna greiðslustöðvunarinnar og vinna að rekstraráætlun á hugsanlegum möguleikum á áframhaldandi rekstri, sem meðal annars fælist í því að komast hjá sölu eigna. Samþykkt hafi verið að ráða stefnanda til þessa verks. Fljótlega hafi mál þróast þannig, að stefnandi fór að starfa náið með Símoni lögmanni, og í fundargerðum sé stefnandi kallaður aðstoðarmaður Símonar, án þess að gerð væri athugasemd þar um. Hafi síðan komið frá þeim sameiginlegir reikningar. Ýmsar leiðir hafi verið reyndar til bjargar félaginu, svo sem aukning hlutafjár, en án árangurs. Því hafi á fundi 31. 5. verið tekin ákvörðun um að bjóða eignir félagsins til sölu á frjálsum markaði og í framhaldi af því auglýst í Morgunblaðinu helgina 16.–17. júní 1990, þar sem allar eignir félagsins voru boðnar til sölu og upplýsingar veittar í síma 91-680222, sem sé sími Símonar lögmanns; enn fremur veittu nánari upplýsingar Símon, stefnandi og Ingólfur Falsson. Auglýsing þessi hafi verið greidd af stefnda. Réttargæslustefndi, Símon, mun hafa staðfest á þessu stigi málsins við þáverandi stjórnarformann Hraðfrystihúss Keflavíkur hf., Gunnar Sveinsson, að ekki yrði um sérstakar greiðslur að ræða um sölu eignanna.

Fljótlega óskuðu nokkrir eftir viðræðum, m. a. stefndi, Útgerðarfélag Akureyringa hf. Á næstu þremur stjórnarfundum hafi málin verið rædd, og á fundi 10. júlí hafi þeim Símoni lögmanni og stefnanda verið falið að óska eftir föstu tilboði frá stefnda. Stefnandi hafi farið sama dag til Akureyrar með samþykki Ríkharðs Jónssonar stjórnarformanns og komið til baka með viljayfirlýsingu í formi óundirritaðs kaupsamnings um kaup á b/s Aðalvík, KE-95, og hlutafé félagsins. Allur útlagður kostnaður vegna þessarar farar hafi verið greiddur af félaginu. Hinn 31. júlí s. á. hafi síðan verið samþykkt að ganga til samninga við stefnda, Útgerðarfélag Akureyringa hf., og á stjórnarfundi 1. ágúst 1990 hafi Ríkharði Jónssyni verið falið að

fara til fundar við forráðamenn stefnda. Hafi það síðan leitt til þess, að 15. ágúst hafi verið undirritaðir hér á Akureyri samningar, sem unnir voru af Reyni Ólafssyni, viðskiptafræðingi og löggiltum skipasala og jafnframt stjórnarmanni í Hraðfrystihúsi Keflavíkur hf., Björgólfi Jóhannssyni, löggiltum endurskoðanda, og Árna Pálssyni hdl. um kaup á skipi og hlutafé. Hafi verð skipsins verið 450.000.000 kr. og hlutabréfa 75.000.000 kr.

Um laun tilsjónarmanna í greiðslustöðvuninni hafi ekki verið samið sérstaklega, en starf sitt hafi þeir unnið í tímavinnu og framvísað eftirfarandi reikningum, sem greiddir hafa verið: reikningar nr. 3 og 294, að fjárhæð samtals 622.500 kr., greiddir 11. maí 1990, reikningur nr. 311, að fjárhæð 249.000 kr., greiddur 11. júlí 1990, reikningur nr. 315, að fjárhæð 3.112.500 kr., greiddur 17. ágúst 1990 og 20. sept. 1990. Samtals hafi þeim verið greiddar sameiginlega 3.200.000 kr. auk 784.000 kr. í virðisaukaskatt, svo og hafi stefnanda verið 4. 4. 1991 greiddar 475.000 kr. vegna reiknings nr. 19, dags. 22. 11. 1990. Taldi stjórn Hraðfrystihúss Keflavíkur hf., að með greiðslum þessum væri um fullnaðaruppgjör að ræða, enda beri næstsíðasti reikningur það með sér. Hafi reikningarnir flestir verið gefnir út af Lögfræðistofunni, Háaleitisbraut 85, Reykjavík, fyrir báða starfsmennina sameiginlega, án sundurliðunar. Um það leyti, sem samningar komust á um eignasöluna til stefnda, hafi komið fram hugmyndir tilsjónarmanna um sérstaka greiðslu, sem næmi ákveðnum hundraðshluta af söluverði. Hafi þessari hugmynd verið eindregið hafnað frá byrjun, fyrst af stjórnarformanni Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. og framkvæmdastjóra munnlega og síðan af stjórn félagsins á formlegum fundi, þegar fyrir lá reikningur sá, sem stefnt er út af í máli þessu.

Hinn 21. desember 1991 hafi Hraðfrystihús Keflavíkur hf. verið sameinað Útgerðarfélagi Akureyringa hf., sem nú sé stefndi í máli þessu eftir sameininguna.

– – –

Álit dómsins.

Það er álit dómsins, að ósönnuð sé sú staðhæfing stefnanda, að réttargæslustefndi, Símon Ólason hdl., hafi samið um það við Gunnar Sveinsson, fyrrverandi stjórnarformann, að ekki yrði tekin full söluþóknun fyrir sölu eigna félagsins eða stefnanda og Símoni falið það sem sérverkefni og óviðkomandi störfum þeirra í greiðslustöðvun Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. að selja eignir félagsins. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu, að stefnandi leiði nokkurn rétt af samningum Símonar og Gunnars.

Eins og að framan er rakið, hafði Gunnar Ragnars, framkvæmdastjóri

stefnda, samband við Símon Ólason hdl., réttargæslustefnda, áður en eignir Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. voru auglýstar 17. 6. 1990, og lýsti áhuga á kaupunum, svo að sú staðhæfing, að auglýsingin hafi verið til að kanna viðbrögð markaðarins, þykir ekki ósennileg.

Á stjórnarfundinum 10. 7. 1990, þegar stefnanda og Símoni var falið að óska eftir föstu tilboði með fyrirvörum frá stefnda, hefðu stefnandi og Símon átt að gera stjórninni grein fyrir því, að þeir áskildu sér sérstaka þóknun fyrir starfann. Svo var ekki gert.

Við athugun á dskj. nr. 24 og 25, þ. e. a. s. óundirritaðri skjallegri niðurstöðu ferðar stefnanda til Akureyrar þennan sama dag, má fallast á, eins og Gunnar Ragnars bar hér fyrir dómi, að fráleitt hafi verið hægt að skrifa undir nokkra samninga, þar sem allar tölur voru meira og minna óklárar, og þó svo að stefnda, Útgerðarfélagi Akureyringa hf. væri full alvara að kaupa.

Fram er komið, að ýmsar tölulegar staðreyndir úr skjölum þessum voru notaðar af Reyni Ólafssyni við gerð lokasamnings, en ekki veitir það stefnanda neinn sérstakan rétt.

Með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, þykir þáttur stefnanda í máli þessu hafa verið hluti af eðlilegum starfsskyldum hans við Hraðfrystihús Keflavíkur hf. á greiðslustöðvunartímanum, og eigi hann ekki rétt á sérstakri þóknun fyrir þennan starfa sinn.

Einnig ber á það að líta, að samkvæmt gögnum málsins hefur stefnandi ekki heimild til þess að stunda fasteigna- og skipasölu samkvæmt lögum nr. 34/1986, sbr. lög nr. 10/1987.

Að öllu þessu virtu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, en rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Útgerðarfélag Akureyringa hf. vegna Hraðfrystihúss Keflavíkur hf., er sýknaður af kröfum stefnda, Hilmars Viktorssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 29. september 1994.

Nr. 337/1991. **Glitnir hf.**
(Ólafur Axelsson hrl.)
gegn
Konráð Baldvinssyni
Ingimar Þorlákssyni og
Baldvin Jóhannssyni
(Pétur Guðmundarson hrl.)

Sjálfskuldarábyrgð. Gjaldþrotaskipti. Vanlýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. ágúst 1991. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og kröfur sínar fyrir héraðsdómi teknar til greina, það er, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 245.915 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. júlí 1988 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu undirrituðu sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu á fjármögnunarleigusamning áfrýjanda og hlutafélagsins Búts frá 2. júní 1987. Stefndi Konráð var framkvæmdastjóri og einn hluthafi félagsins. Stefndu Ingimar og Baldvin voru einnig hluthafar í fyrirtækinu og hinn síðarnefndi jafnframt stjórnarmaður. Bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 19. október 1989, og lauk kröfulýsingarfresti 3. janúar 1990. Af hálfu stefndu kom fram hér fyrir dómi, að skiptum þrotabúsins væri enn ólokið og óvíst um fjárhagslega stöðu þess, þar sem dótturfyrirtæki Búts hf. stæði enn í málaferlum.

Óumdeilt er, að áfrýjandi lýsti ekki kröfu sinni á hendur hinu gjaldþrota hlutafélagi í þrotabú þess. Ágreiningur aðila snýst einvörðungu um það, hvort aðgerðaleysi áfrýjanda í því að lýsa kröfu sinni á hendur stefndu í þrotabú aðalskuldara fjármögnunarleigu-

samningsins, hlutafélagsins Búts, leysi þá undan ábyrgð sinni samkvæmt samningnum.

Með ábyrgðaryfirlýsingu sinni tókust stefndu á hendur „óskipta sjálfskuldarábyrgð á fullum efndum“ hlutafélagsins á samningnum. Slíkri sjálfskuldarábyrgð er ætlað að veita vernd gagnvart ógjaldfærni skuldara. Engin ákvæði er að finna í lögum þess efnis, að krafa falli niður á hendur ábyrgðaraðila, ef henni hefur ekki verið lýst í þrotabú aðalskuldara. Samkvæmt 111. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978 kemur krafa, sem tryggð er með sjálfskuldarábyrgð, ekki til greina við úthlutun, sé henni ekki lýst innan kröfulýsingarfrests. Þegar svo stendur á, glatast slík krafa að jafnaði gagnvart búinu, sbr. nú 118. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991. Ákvæði þessi fjalla hins vegar ekki um það, hvort ábyrgð sjálfskuldarábyrgðarmanns telst að sama skapi niður fallin.

Af framburði bústjóra þrotabús Búts hf. fyrir héraðsdómi er ljóst, að líkur benda til þess, að ekkert fáist upp í almennar kröfur á hendur búinu. Málaferlum dótturfyrirtækis hlutafélagsins er ekki lokið, og stefndu hefur ekki tekist að sýna fram á, að eitthvað muni fást upp í almennar kröfur við búskiptin. Þeir hafa því ekki sýnt fram á, að áfrýjandi hafi bakað þeim tjón með vanlýsingu sinni.

Samkvæmt þessu er krafa áfrýjanda á hendur stefndu ekki niður fallin, og eru stefndu því bundnir af ábyrgðaryfirlýsingu sinni. Ber því að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda óskipt 245.915 krónur ásamt vöxtum, eins og krafist er.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Konráð Baldvinsson, Ingimar Þorlaksson og Baldvin Jóhannsson, greiði áfrýjanda, Glitni hf., 245.915 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. júlí 1988 til greiðsludags, er leggja má við höfuðstól, í fyrsta sinn 15. júlí 1989.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júní 1991.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. maí sl., hefur Glitnir hf., kt. 511185-0259, Ármúla 7, Reykjavík, höfðað með áskorunarstefnu, birtri 11. október 1990 og 12. október 1990, á hendur Konráð Baldvinssyni, kt. 150446-7169, Furugrund 26, Kópavogi, persónulega og f. h. Búts hf., kt. 590374-0249, Ránargötu 16, Siglufirði, Ingimar Þorlákssyni, kt. 230624-2839, Hvanneyrarbraut 51, Siglufirði, og Baldvin Jóhannssyni, kt. 210621-2029, Hvanneyrarbraut 7 B, Siglufirði, til greiðslu skuldar in solidum, að fjárhæð 245.915 kr., ásamt dráttarvöxtum [...].

Við munnlegan málflutning 17. maí sl. féll lögmaður stefnanda frá öllum kröfum á hendur stefnda, Búti hf.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og málskostnaðar [...].

II.

Með samningi um fjármögnunarleigu, dagsettum 2. júní 1987, tók Bútur hf. á leigu Victor-VPC-II-30-skjá, lyklaborð, NPC-P7-prentara og hugbúnað hjá stefnanda, Glitni hf. Lágmarkssamningstími var frá 18. maí 1987 til 14. október 1990 skv. 5. gr. fjármögnunarleigusamningsins. Gjalddagar voru umsamdir 36 mánaðarlegar greiðslur, og bar að greiða fyrstu leigugreiðsluna 15. október 1987. Umsamin mánaðarleiga nam samtals í USD 107 og DEM 190.

Fjármögnunarleigusamningurinn er í vanskilum. Hinu leigða hefur verið skilað, og nam verðmæti þess við afhendingu 99.100 kr.

Skuldin sundurliðast þannig:

1.	Eldri skuld, gjaldfallnar afborganir ásamt dráttarvöxtum	kr.	121.651
2.	Gjaldfelldar leigugreiðslur, eftirstöðvar leigusamnings	–	220.204
3.	Útlagður kostnaður vegna standsetningar hins leigða	–	3.160
	Samtals	kr.	345.015

Að frádregnu verðmæti hins leigða, 99.100 kr., er skuldin samkvæmt samningnum 245.915 kr. miðað við skiladag 15. júlí 1988.

Stefndu, Ingimar Þorláksson, Baldvin Jóhannsson og Konráð Baldvinsson, eru sjálfskuldarábyrgðaraðilar á fjármögnunarleigusamningnum.

III.

Stefnandi reisir kröfugerð sína í málinu á því, að stefndu séu allir sjálfskuldarábyrgðaraðilar á fjármögnunarleigusamningi, dagsettum 2. júní

1987, milli Glitnis hf. sem leigusala og Búts hf. sem leigutaka. Samningnum hafi verið sagt upp vegna vanskila skv. 14. gr. samningsskilmála og vanskilin innheimt í samræmi við 16. gr. samningsins. Stefnandi vísar til almennra reglna kröfuréttar og loforðs stefndu um greiðslu kröfunnar með undirritun sinni á fjármögnunarleigusamninginn sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að hlutafélagið Bútur hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 19. október 1989 og innköllun til skuldheimtumanna birt í Lögbirtingablaði. Kröfulýsingarfrestur hafi verið til 3. janúar 1990. Hafi stefnandi ekki lýst kröfu í búið, þótt Bútur hf. væri aðalskuldari kröfunnar. Krafa stefnanda á hendur Búti hf. sem aðalskuldara sé því fallin niður fyrir vanlýsingu stefnanda. Stefndu sé því ómögulegt að öðlast endurkröfu á hendur búinu, ef þeim yrði gert að greiða kröfu stefnanda sem sjálfskuldarábyrgðarmönnum kröfunnar. Krafa stefnanda á hendur stefndu sé því einnig niður fallin fyrir vanlýsingu.

Um lagarök vísa stefndu til 3. tl. 19. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 35. gr. og 111. gr. sömu laga og 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 3. og 6. gr. laga nr. 11/1986.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að krafa á hendur sjálfskuldarábyrgðaraðilum sé niður fallin fyrir vanlýsingu. Ljóst sé, þótt skiptum sé ekki enn lokið, að ekkert fáist upp í almennar kröfur, þar sem forgangskröfur séu það háar. Stefnandi vísar og til þess, að samkvæmt fjármögnunarleigusamningnum sé leigutaka í sjálfsvald sett, hvort hann gangi að aðalskuldara eða ábyrgðarmönnum.

IV.

Hlutafélagið Bútur hf., aðalskuldari samkvæmt umstefndum fjármögnunarleigusamningi, hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta. Gjaldþrotaskiptin voru auglýst í Lögbirtingablaði og jafnframt innköllun til skuldheimtumanna. Kröfulýsingarfrestur var til 3. janúar 1990. Skiptum er ekki lokið.

Óumdeilt er, að kröfu samkvæmt fjármögnunarleigusamningi, sem mál þetta snýst um, var ekki lýst í bú aðalskuldara, sem er hlutafélag. Krafan kemur því ekki til úthlutunar úr þrotabúinu, sbr. 111. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Af 113. gr., sbr. 114. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, verður ráðið, að skylt er að slíta hlutafélagi, verði það gjaldþrota. Af því leiðir, að krafa fellur endanlega niður fyrir vanlýsingu eða við skiptalok. Krafa stefnanda á hendur aðalskuldara, Búti hf., er því fallin niður.

Stefndu í máli þessu undirrituðu svohljóðandi sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu: „Við undirritaðir tökumst á hendur óskipta sjálfskuldarábyrgð á fullum efndum samkvæmt fjármögnunarleigusamningi þessum."

Sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsing stefndu er ekki þannig úr garði gerð, að

hún standi sjálfstætt, eftir að krafan á hendur aðalskuldara féll niður með þeim hætti, er hér varð.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu, Konráð Baldvinsson, Ingimar Þorlákssson og Baldvin Jóhannsson.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 90.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur.

Dóminn kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Konráð Baldvinsson, Ingimar Þorlákssson og Baldvin Jóhannsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Glitnis hf.

Stefnandi, Glitnir hf., greiði stefndu 90.000 kr. í málskostnað með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi frá dómsuppsögu til greiðsludags að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 29. september 1994.

Nr. 114/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Sigurjóni Hafnfjörð Siggeirssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
og Úlfari Ólafssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Þjófnaður. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 8. mars 1994 í samræmi við yfirlýsingu ákærðu um áfrýjun og einnig af hálfu ákæruvalds.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar á sakfellingu ákærðu og þyngingar á refsingu.

Ákærðu krefjast hvor um sig aðallega sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara, að refsing samkvæmt héraðsdómi verði milduð.

I.

Aðfaranótt 15. september 1993 voru ákærðu handteknir, þar sem komið var að þeim ölvuðum í línherbergi á annarri hæð gistihússins Hótel Reykjavíkur við Rauðarárstíg, en inn í gistihúsið virðast þeir hafa brotið sér leið um glugga í nærliggjandi herbergi. Á vettvangi fannst nokkur fjöldi af smáflöskum af áfengi. Þá hafði ákærði Sigurjón á sér skrúfjárn og 2.692 krónur, að mestu í seðlum, sem hann gat ekki skýrt, hvaðan væru komnir.

Í lögregluskýrslu, sem var gerð í tengslum við handtökuna, er hermt, að maður að nafni Ásgeir Guðbjartsson hafi gist í því herbergi, sem var brotist inn um glugga á, og sakni hann 3.000 króna í seðlum úr veski sínu, sem hafi verið í herberginu. Segir í skýrslunni, að þeirri fjárhæð hafi verið stolið frá Ásgeiri svo og „2×50 ml flösk-

um af áfengi af míníbar hótelsins“, en tekið er fram, að allur varningur hafi verið tekinn úr þessum bar í herberginu, og hafi ákærðu flutt hann með sér yfir í línherbergið. Er að skilja af lögregluskýrslunni, að búið hafi verið að ganga eitthvað á þennan varning, en að öðru leyti hafi hann verið óátekinn.

II.

Samkvæmt ákæru er málið höfðað á hendur ákærðu meðal annars fyrir að hafa aðfaranótt 15. september 1993 „stolið 3.000 krónum ... á hótelherbergi Hótels-Reykjavíkur við Rauðarárstíg í Reykjavík“. Ekki er annað að sjá en ákærðu hafi með þessu verið gefið að sök að hafa tekið umrædda fjárhæð úr herbergi á gistihúsinu, líkt og greint var frá í fyrrnefndri lögregluskýrslu. Maður sá, sem er sagt í lögregluskýrslunni, að fénu hafi verið stolið frá, hefur ekki komið fyrir dóm í málinu, og ekki er heldur að sjá, að lögregla hafi tekið af honum skýrslu af þessu tilefni. Í fram lögðum gögnum er ekki vikið að öðru leyti að þætti hans í málinu en með því, að fyrir liggur upplýsingaskýrsla frá rannsóknarlögreglu ríkisins, dagsett 25. október 1993, þar sem kemur fram, að viðkomandi maður hafi greint ranglega frá nafni og öðrum persónuupplýsingum, en ekkert hafi heyrst frekar frá honum um hvarf áðurnefndrar peningaupphæðar úr herbergi hans. Ákærðu hafa ekki gengist við þessum verknaði, og er því ósannað, að umrædd fjárhæð hafi horfið úr herberginu fyrir tilverknað þeirra.

Fyrir héraðsdómi gaf vitnaskýrslu Ólafur Kristjánsson, sem var næturvörður á gistihúsinu, þegar atburðir þessir gerðust. Í skýrslu hans kom fram, að seinna hefði komið í ljós, að farið hefði verið í peningabauk, sem hefði tilheyrt starfsmönnum á gistihúsinu og var geymdur þar í áðurnefndu línherbergi, og hefði hann verið tæmdur, en vitnið taldi, að í bauknum hefðu verið rúmlega 2.000 krónur. Vitnið bar, að það hefði ekki talið taka því að tilkynna lögreglu um þetta. Þetta virðist ekki hafa verið rannsakað nánar af lögreglu, og ekki var aflað frekari gagna um þetta fyrir héraðsdómi. Í hinum áfrýjaða dómi eru ákærðu allt að einu sakfelldir samkvæmt þessum lið ákærunnar fyrir að hafa slegið eign sinni á „rúmar tvö þúsund krónur úr peningabauk í línherberginu“, og er þá sýnilega vísað til þess, sem greint var frá í vitnisburði Ólafs Kristjánssonar. Sá vitnis-

burður varðar á hinn bóginn ekki þann verknað, sem ákærðu er gefinn að sök samkvæmt hljóðan ákæru.

Verður af þessum ástæðum að sýkna ákærðu af kröfum ákæruvaldsins samkvæmt þessum lið ákærunnar.

III.

Málið er einnig höfðað á hendur ákærðu fyrir að hafa við fyrrgreint tækifæri stolið áfengi, að verðmæti 3.960 krónur, í sama herbergi í gistihúsinu. Í þessum lið ákærunnar er stuðst við lista, sem hótelstjórinn á Hótel Reykjavík mun hafa gert daginn eftir umræddan atburð um varning, sem hafi horfið úr svokölluðum „míníbar" á herberginu, en á þessu virðist ekki hafa farið fram sjálfstæð lögreglurannsókn. Samkvæmt listanum var hér um að ræða sex smáflöskur af áfengi auk tiltekins magns af bjór, gosdrykkjum, súkkulaði og hnetum, en á honum er andvirði varningsins talið nema fyrrnefndri fjárhæð. Lýsingin á þeirri háttsemi, sem ákærðu er gefin að sök að þessu leyti, er þannig ekki svo nákvæm sem skyldi í ákæru, en ekki verður þó talið, að það standi því í vegi, að efnisdómur verði lagður á þennan þátt málsins, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Telja verður nægilega sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um þann verknað, sem þeim er gefinn að sök í þessum lið ákærunnar. Varðar hann við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða Sigurjóns og með vísan til þess, sem segir að öðru leyti í hinum áfrýjaða dómi um ákvörðun refsingar á hendur honum, ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um hana.

Fyrir Hæstarétti hefur verið lagt fram endurrit af dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 9. maí 1994, í máli ákæruvaldsins gegn Úlfari Ólafssyni, en þar var honum dæmd refsing sem hegningarauki við héraðsdóm í þessu máli og gert að sæta fangelsi í átta mánuði. Þeim dómi var ekki áfrýjað. Samkvæmt því verður staðfest ákvæði í hinum áfrýjaða dómi um refsingu ákærða Úlfars.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Sigurjón Hafnfjörð Siggeirsson og Úlfar Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur. Þá greiði ákærðu hvor fyrir sig skipuðum verjendum sínum, hæstaréttarlögmönnunum Hilmari Ingimundarsyni og Páli Arnóri Pálssyni, hvorum 30.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. febrúar 1994.

Ár 1994, miðvikudaginn 9. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 7/1994: Ákæruvaldið gegn Sigurjóni Hafnfjörð Siggeirssyni og Úlfari Ólafssyni, sem tekið var til dóms 7. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. janúar sl., á hendur ákærðu, Sigurjóni Hafnfjörð Siggeirssyni, Stakkholti 3, Reykjavík, fæddum 4. maí 1946, fæðingarnúmer 464, og Úlfari Ólafssyni, Leifsgötu 25, fæddum 9. febrúar 1958, fæðingarnúmer 761, „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt miðvikudags 15. september 1993 stolið 3.000 krónum og áfengi að verðmæti 3.960 kr. á hótelherbergi í Hótel Reykjavík við Rauðarárstíg í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar".

Málavextir.

Miðvikudagsnóttina 15. september sl. var hringt til lögreglu frá Hótel Reykjavík við Rauðarárstíg vegna innbrots. Í línherbergi hótelsins á 2. hæð fundust ákærðu áberandi drukknir. Var þar og poki með smáflöskum af áfengi og á gólfinu tómar smáflöskur undan áfengi, sem ákærðu höfðu drukkið. Á ákærða Sigurjóni fannst skrúfjárn og 2.692 krónur, sem hann getur ekki gert grein fyrir. Peningabaukur starfsfólks í línherberginu hafði verið tæmdur, en talið er, að í honum hafi verið rúmlega 2.000 krónur. Í gistiherbergi við hliðina var gluggi upp á gátt, og hafði stormjárn verið skrúfað laust. Er hægt að komast að glugganum af bílageymslu án þess að nota stiga. Þá hafði verið rótað í föggum gestsins í þessu herbergi og svokallaður „míníbar" tæmdur. Að jafnaði munu vera 10–12 smáflöskur af áfengi í hverjum „míníbar". Á hótelinu eru fimm dyr, fernar á bakhlið og aðaldyr á framhlið. Að sögn næturvarðar voru þær allar læstar þessa nótt.

Segist hann hafa orðið var við, að rjálað var við einar dyrnar, en hann ekkert aðhafst vegna þess. Næst hafi það gerst, að einn gestanna hafi komið til sín og sagt, að ekki væri allt með felldu á 2. hæð. Þegar að var gáð, hafi heyrst mannamál út úr línherberginu, og kveðst hann þá hafa hringt í lögregluna, sem hafi komið og handtekið ákærðu. Næturvörðurinn segist ekki hafa orðið var við aðra óboðna gesti en ákærðu í hótelinu þessa nótt.

Ákærði Sigurjón Hafnfjörð skýrði frá því hjá rannsóknarlögreglu, að þeir Úlfar hefðu verið heima hjá sér á Karlagötu 6. Hefði Úlfar farið að tala um, að þeir skyldu fara og leigja sér herbergi og þeir svo farið að Hótel Reykjavík. Minnti sig, að Úlfar hefði farið inn á undan og opnað fyrir sér bakdyr. Þá mundi hann eftir því, að þeir hefðu haldið upp stiga, en ekki mundi hann þó eftir að hafa farið inn í gistiherbergi. Aftur á móti kvaðst hann muna næst eftir sér í þvottaherbergi hótelsins ásamt Úlfari, og hefðu þeir verið að drekka áfengi úr litlum flöskum. Hann kannaðist við að eiga skrúfjárnið, sem fannst á sér, en kvaðst ekkert hafa notað það um nóttina. Áleit hann meðákærða hafa stungið því í vasa hans, áður en þeir voru handteknir, svo og peningunum, sem á sér fundust. Hér fyrir dómi kannaðist hann við að hafa farið inn í hótelið og að hafa sofnað inni í línherbergi hótelsins. Hann kannaðist einnig við, að á sér hefðu fundist 2.692 krónur, sem hann gat ekki gert grein fyrir. Hann kvaðst hafa staðið í þeirri meiningu, að meðákærði hefði átt áfengið, sem fannst hjá þeim.

Ákærði Úlfar skýrði frá því hjá rannsóknarlögreglu, að hann myndi ekkert eftir því að hafa komið á hótelið um nóttina. Mundi hann eftir sér á veitingastaðnum Keisaranum kvöldið áður og ekkert fyrr en hann vaknaði í fangageymslu lögreglunnar. Þá kannaðist hann ekkert við skrúfjárnið. Hér fyrir dómi neitaði hann því að hafa farið í þjófnaðarskyni inn í hótelið og kannaðist ekki við að hafa stolið þar peningum eða áfengi. Hann kvaðst hafa verið ölvaður, og sagði hann, að sig rámaði í að hafa farið inn í hótelið bakdyra megin. Þá kannaðist hann við að hafa verið handtekinn, þar sem hann stóð á miðju gólfi inni í línherbergi hótelsins. Hann kvaðst ekki muna, hvort hann fór með Sigurjóni inn í hótelið eða hvort hann var einn þar á ferð og þeir hist þar inni, en hann sagðist muna eftir því að hafa hitt einhvert fólk þarna inni. Aftur á móti kvaðst hann ekki muna eftir því að hafa farið inn í gistiherbergi.

Niðurstaða.

Ákærðu fóru saman að næturlagi og í heimildarleysi inn í hótel. Verður að telja sannað, að annar þeirra eða báðir hafi brotist inn um herbergisgluggann, eins og lýst var hér að framan. Þá slógu ákærðu eign sinni á nokkrar smáflöskur af áfengi þarna inni og voru að gæða sér á innihaldinu,

þegar þeir voru handteknir. Enn fremur slógu þeir eign sinni á rúmar tvö þúsund krónur úr peningabauk í línherberginu (ekki gistiherbergi, eins og skilja má ákæruna). Varðar þetta athæfi þeirra við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög.

Ákærði Sigurjón hefur frá árinu 1965 hlotið 27 refsidóma, aðallega fyrir hegningarlagabrot. Þá hefur hann verið sektaður 18 sinnum, aðallega fyrir ölvun. Hann hefur þó ekki gerst brotlegur síðan haustið 1989 fyrr en nú.

Á sakavottorði ákærða er þess einnig getið, að hann hafi fengið uppreist æru 15. desember 1992, að því er varðar tíu af refsidómunum. Hefur því verið haldið fram af hans hálfu, að dómar þessir hafi ekki þýðingu fyrir mál þetta. Uppreist æru varðar borgararéttindi manna. Hvorki í 84. gr. almennra hegningarlaga né annars staðar í lögum er að finna heimild til þess að víkja frá meginreglu 5. tl. 70. gr. hegningarlaganna, vegna þess að brotamaður hafi fengið uppreist æru. Verður einnig að telja, að það væri óeðlilegt. Verður því ekki fallist á þessa skoðun ákærða. Þykir refsing hans með hliðsjón af sakaferlinum og því, að hlé hafði orðið á afbrotum hans, vera hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Úlfar hefur til þessa hlotið 9 refsidóma, aðallega fyrir hegningarlagabrot, þar á meðal fyrir manndráp og brennu. Síðast braut hann af sér í apríl 1990. Þykir refsing hans á sama hátt vera hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Dæma ber ákærða Sigurjón Hafnfjörð til þess að greiða verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., 30.000 krónur og ákærða Úlfar til þess að greiða verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 30.000 krónur í málsvarnarlaun. Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, greiði ákærðu óskipt.

Dómsorð:

Ákærðu, Sigurjón Hafnfjörð Siggeirsson og Úlfar Ólafsson, sæti hvor um sig fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Sigurjón Hafnfjörð greiði verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., 30.000 krónur, og ákærði Úlfar greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 30.000 krónur í málsvarnarlaun. Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, greiði ákærðu óskipt.

Fimmtudaginn 29. september 1994.

Nr. 117/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Sólveigu Guðmundsdóttur
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

Líkamsárás. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 2. mars 1994 í samræmi við yfirlýsingu ákærðu um áfrýjun héraðsdóms um bæði sakfellingu og viðurlög. Ákærða krefst sýknu í málinu.

Af hálfu ákæruvalds er héraðsdómi einnig áfrýjað og krafist staðfestingar á sakfellingu ákærðu og þyngingar á refsingu.

Fallast verður á þá niðurstöðu í hinum áfrýjaða dómi, að ákærða hafi veitt Maríu Ágústsdóttur þá áverka, sem í málinu greinir, og að sú háttsemi varði við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þetta gerðist í átökum á milli ákærðu og Maríu, svo sem lýst er í héraðsdómi. Á því við að beita hér 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981, en í því sambandi skiptir ekki máli, hver upptök átakanna hafi nánar verið. Þegar tekið er á hinn bóginn tillit til þess, að atlaga ákærðu að Maríu, sem leiddi til áverkanna, var miklum mun harðari en átök þeirra fram að því, þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Ákvörðun í hinum áfrýjaða dómi um skyldu ákærðu til að greiða Maríu Ágústsdóttur skaðabætur hefur ekki verið áfrýjað sérstaklega. Kemur sá þáttur málsins því ekki til úrlausnar fyrir Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 173. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála svo og 1. mgr. 155. gr. laganna, eins og hún hljóðaði við áfrýjun héraðsdóms.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Það athugast, að mál þetta var tekið til dóms í héraði 12. janúar 1994, en dómur var ekki kveðinn upp í því fyrr en 21. febrúar sl. Var þá löngu liðinn sá frestur til uppkvaðningar dóms, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991, en engin grein er gerð fyrir orsökum þessa dráttar í hinum áfrýjaða dómi. Ber að átelja þetta.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærða, Sólveig Guðmundsdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 1994.

Ár 1994, mánudaginn 21. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-608/1993: Ákæruvaldið gegn Sólveigu Guðmundsdóttur, sem dómtekið var 12. janúar sl.

Mál þetta var höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 18. október 1993, á hendur Sólveigu Guðmundsdóttur, Grjótaseli 9, Reykjavík, kt. 211074-5079, „fyrir að slá Maríu Ágústsdóttur í andlit aðfaranótt sunnudagsins 13. júní 1993, þar sem þær voru staddar fyrir utan veitingahúsið Berlín við Austurstræti í Reykjavík, með þeim afleiðingum, að María nefbrotnaði, bólgnaði yfir nefrót, auk þess sem blæddi inn í hvítuna á báðum augum.

Þetta telst varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar.

Einnig krefst María Ágústsdóttir skaðabóta, að fjárhæð 47.605 kr.“.

Málavextir.

Sunnudaginn 13. júní 1993 var ákærða í biðröð fyrir utan veitingastaðinn Berlín í Austurstræti. Nokkru framar stóð vitnið María Ágústsdóttir. Vinkona Maríu fór út úr röðinni, og sagði vitnið, að sú hefði beðið sig um að koma með, en vitnið vildi fá vinkonu sína til þess að koma aftur inn í röðina til þess að komast inn. Vitnið sagði, að ákærða hefði farið að kalla sig ýmsum ófögrum nöfnum, og hafi þær lent í orðasennu. Vitnið kvaðst hafa

farið út úr röðinni til vinkonu sinnar og haldið áfram að munnhöggvast við ákærðu. Eftir að hún kom út úr röðinni, hefði verið sparkað í sköflunginn á sér, og sagðist hún hafa rekið ákærðu löðrung með flötum lófa. Hún hefði síðan snúið frá og ætlað að ganga á brott, en ákærða fylgt sér eftir og sparkað aftan í sig. Hún hefði ekki gert neitt í því, en fundið, að hönd var lögð á öxl sér, og er hún ætlaði að snúa við, hafi hún fengið högg í andlitið á nef milli augna. Hefði hún vankast og fallið í götuna.

Lögreglumenn óku Maríu á slysadeild Borgarspítalans, og í vottorði Jóhanns Róbertssonar læknis segir svo m. a.: „Við skoðun var mikil bólga yfir nefrót og blæðing í hvítuna á báðum augum. Ekki önnur einkenni frá augum. Hefur fulla meðvitund, finnur fyrir vægri ógleði. Ekki blæðing úr nefi. Skoðun m. t. t. taugakerfis eðlileg. Útskrifast héðan í kjölfarið á skoðun og ekki ráðgert frekara eftirlit. Fær við útskrift ráðleggingar varðandi höfuðhögg. Talin nefbrotin."

Vitnið Berglind Magnúsdóttir sagðist hafa verið að koma út af skemmtistaðnum Berlín og stansað fyrir utan. Þar hefði hún séð ákærðu ráðast á Maríu. Hún hefði reynt að komast hjá átökum og þetta endað með því, að María hefði farið út úr röðinni, ákærða sparkað í hana og María snúist til varnar. Átök hefðu orðið með þeim og ákærða slegið Maríu í andlitið. Vitnið sagði, að María hefði verið öll bólgin í framan, í kringum nefið og milli augnanna. Vitnið kvað ákærðu hafa slegið Maríu mörg högg, áreiðanlega ein 10, og sparkað í hana.

Vitnið Berglind Baldursdóttir skýrði frá því, að hún hefði komið út úr Berlín ásamt nöfnu sinni og séð ákærðu og Maríu. Þær hefðu verið komnar út úr röðinni og ákærða og María verið að rífast, og minnti vitnið, að ákærða hefði slegið Maríu fyrst; a. m. k. sagðist hún ekki hafa séð Maríu slá ákærðu. Hún kvað ákærðu hafa slegið Maríu fleiri en eitt högg og sparkað í hana, og hefði María að lokum verið liggjandi í götunni, en ákærða hlaupið á brott. Vitnið sagði, að María hefði verið fjólublá yfir nefi milli augna og með blóðnasir og verið stokkbólgin.

Vitnið Mandý Lydia Röver sagði, að hún hefði gengið út úr röðinni og sagt Maríu að koma. Hefði María sagt við hana að fara ekki, en þá hefði ákærða, sem var aftar í röðinni, sagt: „Farið!" og látið ókvæðisorð fjúka. Hefði María svarað henni einhverju, en þá hefði ákærða sparkað í Maríu. Ekki mundi vitnið, hve oft ákærða sparkaði í Maríu, en María rak ákærðu kinnhest. María fór síðan úr röðinni, en ákærða elti hana og sló hana í andlitið aftan frá eitt högg og það þungt. Hún sagði, að María hefði haft tvö glóðaraugu og verið bólgin. Þá hefði hún séð það eftir á, að María var marin aftan á öðrum fæti. Vitnið sagði, að hún hefði séð glóðaraugu á Maríu, er

hún kom niður á lögreglustöð, sömuleiðis hefði það verið nokkru eftir, að ákærða sló Maríu, að vitnið sá marbletti á fæti hennar.

Vitnið Inga Ýr Ingimundardóttir sagði, að er þær María og ákærða hefðu byrjað að þræta, hefði María slegið ákærðu í andlitið. Vitnið kveðst ekki vita, hvort það hefði verið með flötum lófa eða hnefa. Eftir að María hefði slegið ákærðu, hefði ákærða sparkað í Maríu, og segir vitnið, að María hafi sparkað í Sólveigu á móti. Loks hafi ákærða slegið í andlit Maríu og labbað í burtu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð framan í Maríu eftir þetta. Ákærða hafi komið í „sjokki" til vitnisins og þær ætlað að fara inn á veitingastaðinn Berlín. Vitnið kvaðst ekki vita, hvort María féll við högg það, sem ákærða veitti henni. Hún kveður ákærðu hafa slegið Maríu eitt högg. Vitnið er um það spurt, hvort ákærða hafi sparkað í Maríu, og svarar vitnið því neitandi.

Ákærða kvað atvikalýsingu í ákæru rétta, en þó ekki geta fullyrt um afleiðingar þess höggs, sem hún greiddi Maríu. Hún sagði Maríu hafa verið fyrir framan sig í biðröð. Þær hefðu átt orðaskipti og María slegið ákærðu fyrirvaralaust í andlitið. Ákærða kveðst hafa svarað fyrir sig Ákærða tekur fram, að högg Maríu hafi engan veginn verið létt klapp á kinnina. Skýrsla ákærðu hjá lögreglu 5. júlí 1993 er borin undir ákærðu, og kannast hún við undirskrift sína á skýrslunni og kveður hana rétta.

Niðurstaða.

Ákærða hefur viðurkennt að hafa greitt Maríu Ágústsdóttur högg í andlit, og af læknisvottorði og lýsingu vitna er sannað, að áverkar á Maríu voru slíkir, að atferli ákærðu var brot á 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, enda þótt ekki sé sannað, að María hafi nefbrotnað við höggið. Ekki kemur fram í málinu, að efni séu til að beita reglu 3. mgr. 218. gr. a hegningarlaga, enda verður að telja, að ákærða hafi átt upptök átakanna með því að gera hróp að vitninu Maríu.

Ákærða hefur ekki áður sætt refsingu.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin 25.000 króna sekt, og komi 7 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna.

Þá ber að dæma ákærðu til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristins Sigurjónssonar hrl., 35.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur.

María Ágústsdóttir hefur krafist skaðabóta, að fjárhæð 47.605 krónur, og sundurliðar hana þannig: Hún hefur lagt fram gögn um útlagðan kostnað sinn, sem er 3.270 krónur, vinnutap 9.325 krónur og miskabætur 35.000 krónur. Kröfum þessum er í hóf stillt og verða teknar til greina að öllu leyti.

Dómsorð:

Ákærða, Sólveig Guðmundsdóttir, greiði 25.000 krónur í sekt í ríkissjóð, og komi 7 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristins Sigurjónssonar hrl., 35.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur.

Ákærða greiði Maríu Ágústsdóttur 47.605 krónur í skaðabætur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 13. júní 1993 til greiðsludags.

Föstudaginn 30. september 1994.

Nr. 397/1994. **Kristján Knútsson**
(Páll A. Pálsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Endurupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. september 1994, sem barst réttinum 13. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. ágúst 1994, þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um endurupptöku meðferðar á kröfu um gjaldþrotaskipti á búi hans, en gjaldþrotaúrskurður gekk um kröfuna 7. júní 1994. Kæruheimild er í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., sbr. q-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdóm að endurupptaka málið.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Krafa varnaraðila um gjaldþrotaskipti á búi sóknaraðila er reist á árangurslausu fjárnámi hjá sóknaraðila 10. september 1993. Úrskurður um töku bús sóknaraðila til gjaldþrotaskipta var kveðinn upp, eftir að sóknaraðili hafði fallið frá því að halda uppi vörnum gegn kröfu um gjaldþrotaskipti. Hefur sóknaraðili fært þau rök fyrir endurupptöku málsins, að þótt beina heimild fyrir endurupptöku sé ekki að finna í lögum nr. 21/1991, sé unnt með vísan til meginreglu réttarfars um málsforræði aðila að heimila slíkt, þar sem báðir málsaðilar hafi beiðst endurupptöku málsins.

Samkvæmt 4. mgr. 67. gr. laga nr. 21/1991 má afturkalla kröfu um gjaldþrotaskipti, þar til úrskurður gengur um hana fyrir héraðsdómi. Í XII. kafla laganna, 72.–74. gr., er að finna almennar reglur um þýðingu gjaldþrotaskipta, en þær bera með sér, að úrskurðurinn hefur einn út af fyrir sig veigamikil áhrif að lögum gagnvart þrotamanni og þriðja manni þegar eftir uppkvaðningu og án tillits til, hvort innköllun vegna gjaldþrotaskiptanna hafi þegar birst. Ákvæði

154. gr. gjaldþrotaskiptalaga segir fyrir um, að þrotamaður geti fengið eignir búsins afhentar á nýjan leik eftir lok kröfulýsingarfrests með samþykki skiptabeiðanda og annarra, sem hafa lýst kröfum í þrotabúið. Af þessu svo og forsögu núgildandi reglna er ljóst, að frá uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti og þar til kröfulýsingarfresti við skiptin er lokið, gildir almenn regla einkamálaréttarfars um málsforræði ekki að því leyti, að aðilarnir geti sammælst um endurupptöku á meðferð kröfu um skiptin til að fá þau felld niður. Að þessu athuguðu verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. ágúst 1994.

I.

Með bréfi, sem barst dóminum 12. júlí 1994, hafa Ásdís Rafnar hdl. f. h. Iðnaðarbanka Íslands hf., kt. 650169-3019, Lækjargötu 12, Reykjavík, og Páll Arnór Pálsson hrl. f. h. Kristjáns Knútssonar, kt. 060646-2289, Lækjarási 8, Reykjavík, farið þess á leit, að mál nr. G-1477/1993: Krafa Iðnaðarbanka Íslands hf. um, að bú Kristjáns Knútssonar verði tekið til gjaldþrotaskipta, verði endurupptekið til niðurfellingar þess.

Með bréfi, dags. 5. ágúst 1994, synjaði dómari um endurupptöku málsins, og með bréfi, sem barst dóminum 19. ágúst 1994, krefst Páll Arnór Pálsson hrl. þess f. h. Kristjáns Knútssonar, að kveðinn verði upp formlegur úrskurður um synjunina.

II.

Með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 29. október 1993, hefur Ásdís J. Rafnar hdl. f. h. Iðnaðarbanka Íslands hf. krafist þess, að bú Kristjáns Knútssonar verði tekið til gjaldþrotaskipta. Var sú beiðni tekin fyrir á dómþingi 12. janúar 1994. Í því þinghaldi mótmælti skuldari beiðni um gjaldþrotaskipti, og í framhaldi af þeim mótmælum var þingfest sérstakt ágreiningsmál, sbr. 1. mgr. 168. gr. laga nr. 21/1991. Var því máli síðan frestað að ósk beggja aðila til 25. janúar 1994 og að nýju til 8. febrúar 1994 og enn að nýju til 22. febrúar 1994. Í því þinghaldi lýstu aðilar yfir, að greinargerðir yrðu ekki lagðar fram, þar sem varnaraðili félli frá því að halda uppi vörnum í málinu, og var krafa um gjaldþrotaskipti tekin til úrskurðar í því þinghaldi og úrskurður um, að bú Kristjáns Knútssonar væri tekið til gjaldþrotaskipta, kveðinn upp 7. júní 1994 og skiptastjóri skipaður.

Í öllum framangreindum þinghöldum mætti aðili sjálfur nema í þinghaldi 25. janúar sl., en þá boðaði lögmaður hans forföll, og í þinghaldi 12. janúar var lögmaður hans mættur með honum.

III.

Í bréfi lögmannanna er krafan um endurupptöku á því reist, að gjaldþrotabeiðandi hafi enga fjárhagslega hagsmuni lengur af því, að bú gerðarþola verði tekið til gjaldþrotaskipta. Hann sé ólöglærður og hafi ekki gert sér grein fyrir gildi frests, sem veittur hafi verið í síðasta þinghaldi málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Jafnframt benda þeir á, að þótt ekki sé til að dreifa beinni lagaheimild til endurupptöku máls sem þessa eftir úrskurð héraðsdómara, telji aðilar, að sanngirnissjónarmið leiði til þess, að endurupptaka megi málið, enda hafi innköllun ekki verið auglýst í Lögbirtingablaði og úrskurður ekki orðinn skuldbindandi gagnvart þriðja aðila. Vísa þeir til meginreglu réttarfars um málsforræði aðila og telja ekki stætt á öðru en taka til greina beiðni um endurupptöku málsins, sbr. og til hliðsjónar 5. mgr. 138. gr. laga nr. 91/1991. Verði að ætla, að aðilar máls hafi rýmri heimildir til endurupptöku saman en úrskurðarþoli einn skv. 4. mgr. 96. gr. sömu laga. Jafnframt benda þeir á, að úrlausn fulltrúa dómstjóra sé úrskurður, en ekki dómur, og gefi það eitt möguleika til endurupptöku.

IV.

Í lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. eru aðeins ákvæði um endurupptöku gjaldþrotaskipta, þegar skiptum er lokið, og eru heimildir til endurupptöku takmarkaðar við ráðstöfun eigna, og skal skiptastjóri viðkomandi þrotabús endurupptaka skiptin, ef því er að skipta.

Í XXIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði er fjallað um endurupptöku útivistarmáls í héraði. Í því máli, sem hér um ræðir, var ekki um að ræða útivist af hálfu skuldara skv. skilgreiningu 96. gr. laganna um útivist stefnda. Verður því ekki byggt á þeim ákvæðum einkamálalaga, sem fjalla um endurupptöku útivistarmáls.

Í bréfi lögmanns Kristjáns Knútssonar kemur fram, að þar sem aðili sé ólöglærður, hafi hann ekki gert sér grein fyrir gildi frests, sem veittur hafi verið í síðasta þinghaldi. Ekki verður séð af bókun í þingbók, að veittur hafi verið frestur í síðasta þinghaldi um málið, enda málið tekið til úrskurðar þann dag og því ekki um neinn frekari frest að ræða, enda engin lagaskilyrði til slíks. Auk þess kemur fram í bókun í þingbók, að aðila hafi verið leiðbeint.

Samkvæmt 85. gr. laga nr. 21/1991 skal skiptastjóri án tafar eftir skipun sína gefa út og fá birta innköllun vegna gjaldþrotaskiptanna. Dráttur á því

breytir í engu þýðingu þess, að upp hefur verið kveðinn úrskurður um gjaldþrotaskipti.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, eru ekki lagaskilyrði til endurupptöku málsins, og geta sanngirnissjónarmið ein út af fyrir sig ekki réttlætt slíkt. Er því hafnað kröfu Kristjáns Knútssonar um, að mál nr. G-1477/1993 verði enduruppteki.

Við uppkvaðningu úrskurðar þessa hefur verið höfð hliðsjón af 2. mgr. 138. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991.

Greta Baldursdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu Kristjáns Knútssonar þess efnis, að mál nr. G-1477/1993 verði enduruppteki, er hafnað.

Mánudaginn 3. október 1994.

Nr. 275/1994. **Þuríður Gísladóttir**

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þuríður Gísladóttir, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 3. október 1994.

Nr. 276/1994. **Sveinbjörn Högnason**

gegn

Jónínu Þorsteinsdóttur

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sveinbjörn Högnason, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 3. október 1994.

Nr. 292/1994. **Haraldur Haraldsson**

gegn

sjávarútvegsráðherra

f.h. íslenska ríkisins o. fl.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Haraldur Haraldsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 3. október 1994.

Nr. 4/1994. **Nína Guðrún Sigurjónsdóttir**

gegn

þrotabúi Helga Leifssonar

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Nína Guðrún Sigurjónsdóttir, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 3. október 1994.

Nr. 390/1994. **Kristbjörg Ingvarsdóttir**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Sveini Samúel Steinarssyni
(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Kærumál. Útburðargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. ágúst 1994, sem barst réttinum 9. september sl. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að varnaraðili verði ásamt öllu, sem honum tilheyrir, borinn út af jörðinni Litlalandi, Ölfushreppi í Árnessýslu, með beinni aðfarargerð. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, og kærumálskostnaðar.

Málavextir eru raktir í hinum kærða úrskurði.

Með dómi Hæstaréttar 13. júní 1994 var dæmt í máli, þar sem fyrri eigendur Litlalands kröfðust útburðar sóknaraðila þessa máls af jörðinni. Var kröfunni hafnað meðal annars með hliðsjón af þeim vafa, sem í málinu þótti leika um réttarstöðu aðila.

Fyrri eigendur seldu varnaraðila þessa máls jörðina með kaupsamningi 2. nóvember 1993. Í ljósi atvika, sem gerðust á árunum 1990–1993 og rakin eru í hinum kærða úrskurði, er enn vafi um réttarstöðu sóknaraðila þessa máls varðandi ábúð á jörðinni. Brestur því lagaskilyrði til beinnar aðfarargerðar á grundvelli 78. gr. laga nr. 90/1989, sbr. 83. gr. laganna. Með vísan til þess ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar og dæma sóknaraðila til greiðslu kærumálskostnaðar, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Kristbjörg Ingvarsdóttir, greiði varnaraðila, Sveini Samúel Steinarssyni, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 28. júlí 1994.

I.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 19. þ. m., er sóknaraðili Kristbjörg Ingvarsdóttir, kt. 130536-2209, Raftahlíð 66, Sauðárkróki. Varnaraðili er Sveinn Samúel Steinarsson, kt. 170464-7969, Litlalandi, Ölfushreppi, Árnessýslu.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að varnaraðili verði borinn út af jörðinni Litlalandi, Ölfushreppi, Árnessýslu, með beinni aðfarargerð og að varnaraðili greiði málskostnað samkvæmt mati dómsins, auk þess sem fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Varnaraðili krefst þess hins vegar aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að kröfum sóknaraðila verði hafnað og að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila málskostnað að mati dómsins.

Málavextir.

Upphaf ábúðar sóknaraðila á jörðinni Litlalandi í Ölfushreppi má rekja til byggingarbréfs, dskj. 2, sem út gefið var í apríl 1977. Í byggingarbréfinu er m. a. að finna þessi ákvæði:

„2. Leiguliði skal greiða í landskuld eftir jörðina í hvers árs fardögum eftir á sömu landskuld og um væri að ræða, ef jörðin væri byggð leiguliða af ríkinu."

„4. Leiguliði greiði alla skatta og skyldur, er á jörðinni hvíla . . ."

„5. Leiguliði má ekki byggja öðrum af jörðinni eða láta landsnytjar eða hlunnindi í té, nema landsdrottinn leyfi."

„7. Með þessum skilmálum er leiguliða heimil ábúð jarðarinnar Litlalands, en bregði hann út af þeim á nokkurn hátt, hefur hann fyrirgert ábúðarrétti sínum og varðar útbyggingu."

„8. Í þeim atriðum, sem ekki eru greind hér að framan, fer um skyldur og réttindi landsdrottins og leiguliða skv. ákvæðum ábúðarlaga nr. 64/1976."

Um leigutíma er ákvæði í 3. gr. byggingarbréfsins. Á ljósrit það af byggingarbréfinu, sem lagt er fram í málinu, hefur verið ritað ofan í tölustafinn 2 í „25", svo að ekki verður ráðið, hvort heldur leigutíminn var 25 ár eða 5 eða 15 ár. Hins vegar hefur ekki verið hróflað við bókstafsritun árafjöldans, „tuttugu og fimm ára", og verður því að leggja til grundvallar, að byggingarbréfið gildi til 25 ára með vísan til venju um það að leggja rit-

un talna með bókstöfum til grundvallar, ef ósamræmi er milli bókstafsritunar og tölustafaritunar.

Á árinu 1993 voru framkvæmdar tvær úttektargerðir á Litlalandi. Í upphafi fyrri úttektargerðar, dskj. 16, segir svo:

„Ár 1993, fimmtud. 22. júlí kl. 15.00, voru þeir Þorlákur Kolbeinsson, Þurá, og Bened. Thorarensen, hreppstjóri Ölfushrepps, staddir á Litlalandi í Ölfusi þeirra erinda að taka út téða jörð að beiðni frú Kristbjargar Ingvarsdóttur vegna uppsagnar hennar á leigusamningi á jörðinni. Kristbjörg var sjálf mætt við úttektina . . .“

Síðari úttektargerðin, yfirúttektargerð frá 8. nóvember 1993, hefur ekki verið lögð fram í máli þessu.

Eftir að sóknaraðili, Kristbjörg, fluttist af jörðinni, mun bróðir hennar hafa búið þar árin 1990–1992, en eftir það mun íbúðarhúsið á Litlalandi hafa staðið autt og ónotað. Milli úttektargerða áttu málsaðilar í bréfaskriftum, eins og hér nánar greinir.

Sóknaraðila var boðinn forkaupsréttur með bréfi Fasteignamiðstöðvarinnar til sóknaraðila, dagsettu 20. 10. 1993, sbr. dskj. nr. 4. Þar segir: „Meðfylgjandi er samþykkt kauptilboð vegna sölu á jörðinni Litlalandi, Ölfushreppi, Árnessýslu. Vinsamlegast látið undirritaða vita, hvort þér munið nýta forkaupsrétt að jörðinni samkvæmt tilboðinu.“ Undir bréfið ritar Sjöfn Ólafsdóttir.

Hinn 22. október 1993 senda fyrri eigendur jarðarinnar sóknaraðila svohljóðandi símskeyti, sbr. dskj. nr. 17:

„Þar eð þér fluttuð lögheimili yðar af jörðinni Litlalandi í Ölfusi fyrir nokkrum árum án samþykkis landsdrottins, samanber 21. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976, en hafið ekki búið þar síðan, og jörðin hefur ekki verið byggð öðrum með samþykki landsdrottins, samanber 26. gr. ábúðarlaga, skal yður tilkynnt að höfðu samráði við lögfræðinga, að eigendur jarðarinnar líta svo á, að þér hafið með flutningi lögheimilis á ofangreindan hátt og flutningi af jörðinni afsalað yður rétti til að búa á henni, samanber 31. gr. ábúðarlaga, og skal upplýst, að eigendur hyggjast selja jörðina mánud. 25. þessa mánaðar, svo að kaupandi geti strax við undirskrift kaupsamnings nýtt íbúðarhús á jörðinni og hluta hlöðunnar, síðan hlöðuna að öllu leyti í byrjun desember næstkomandi. Ingvari Geir Guðbjörnssyni, Eyjahrauni 21, Þorlákshöfn, sem hefur haft not af jörðinni, er heimilað að hafa not af hlöðunni, þar til kaupandi tekur við samkvæmt framansögðu.“

Af hálfu sóknaraðila var bréfi þessu svarað með símskeyti, dagsettu 22. október 1993, dskj. nr. 18, og er það svohljóðandi:

„Afrit sent Fasteignamiðstöðinni, Skipholti 50 B, með faxi. Fax nr. 91-62290 b/t Viðars Marinóssonar.

Fyrir hönd móður minnar, Kristbjargar Ingvarsdóttur, geri ég undirritaður, Ingvar Geir Guðbjörnsson, hér með kröfu til, að móður minni, Kristbjörgu Ingvarsdóttur, sem hefur verið leiguliði á jörðinni Litlalandi, Ölfushreppi, frá árinu 1977 og stundað þar búskap síðan, verði boðinn forkaupsréttur að jörðinni Litlalandi, Ölfushreppi. Krafa þessi er sett fram með vísan til 2. mgr. 30. gr. jarðalaga nr. 65/1976 og í tilefni af símskeyti þínu, dags. 22. 10. sl. Það skal tekið fram, að Kristbjörg er erlendis um þessar mundir, en kemur til landsins 28. október nk. Verði fyrirmælum 2. mgr. 30. gr. jarðalaga ekki sinnt, mun Kristbjörg leita réttar síns á grundvelli 33. gr. jarðalaga nr. 65/1976." Undir símskeyti þetta ritar Ingvar G. Guðbjörnsson.

Af dagsetningum má ráða, að forkaupsréttarboðið, dags. 20. 10. 1993, hafi þá ekki borist sóknaraðila.

Með kaupsamningi, dagsettum 2. nóvember 1993, dskj. 3, seldu síðan eigendur jarðarinnar Sveini Samúel Steinarssyni jörðina Litlaland, Ölfushreppi, Árnessýslu, ásamt öllum mannvirkjum á jörðinni og öllu því, sem jörðinni fylgir og fylgja ber, þ. m. t. hlunnindum og greiðslumarki.

Í 5. gr. kaupsamningsins segir: „Afhending jarðarinnar skal vera við undirritun kaupsamnings þessa, þ. e. íbúðarhús og hluti af hlöðu, en annað 1. desember 1993. Seljendur skulu þá hafa greitt alla gjaldfallna reikninga vegna rafmagns og hitaveitu og látið lesa af mælum."

Í 6. gr. kaupsamningsins segir: „Kaupanda er kunnugt um, að jörðin var í ábúð skv. byggingarbréfi, dags. í apríl 1977. Seljendur ábyrgjast gagnvart kaupanda, að Kristbjörg Ingvarsdóttir muni ekki gera kröfu um að nýta sér hugsanlegan rétt sinn skv. ábúðarlögum og/eða hugsanlegan forkaupsrétt sinn, enda viðurkenna seljendur ekki, að hún eigi neinn slíkan rétt."

Með aðfararbeiðni, dagsettri 21. febrúar sl., kröfðust þinglesnir eigendur jarðarinnar þess, að sóknaraðili máls þessa, Kristbjörg Ingvarsdóttir, yrði borinn út af jörðinni Litlalandi í Ölfushreppi. Með úrskurði, upp kveðnum í Héraðsdómi Suðurlands 5. maí sl., var kröfunni um útburð hafnað. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar, og með dómi Hæstaréttar 13. júní sl. var hann staðfestur. Segir í forsendum Hæstaréttar: „Með hliðsjón af þeim vafa, sem í málinu þykir leika á um réttarstöðu aðila, og eignarhaldi á þeim skepnum, er aðfararbeiðnin tekur til, brestur lagaskilyrði til beinnar aðfarargerðar á grundvelli 78. gr. laga nr. 90/1989, sbr. 83. gr. laganna."

Málsástæður.

Sóknaraðili byggir kröfu sína um útburð á því, að hún sé löglegur ábúandi á jörðinni. Niðurstaða Hæstaréttar í máli milli fyrri eigenda jarðarinnar og sóknaraðila hafi verið sú, að ekki var heimilaður útburður á sóknaraðila. Ástandið sé því óbreytt, þannig, að sóknaraðili hafi ábúð á

jörðinni, uns henni hafi verið löglega sagt upp eða ábúðarréttur verið dæmdur af sóknaraðila. Vísar sóknaraðili til reglna 78. gr. l. nr. 90/1989.

Varnaraðili hefur aðallega krafist þess, að málinu verði vísað frá dómi á grundvelli þess, að sóknaraðili eigi ekki lögvarða hagsmuni af því, að varnaraðili verði borinn út af jörðinni. Rökstyður varnaraðili þessa kröfu sína með því, að sóknaraðili hafi ekki rétt til að taka við umráðum jarðarinnar, þótt orðið verði við kröfum hans, heldur tækju fyrri eigendur þá við þeim. Útburður á varnaraðila hafi ekki réttarfarslega þýðingu fyrir sóknaraðila, þar sem hann hafi ekki beint kröfum um útburð eða innsetningu að fyrri eigendum. Þá byggir varnaraðili einnig kröfur sínar um frávísun á því, að málið sé vanreifað og fullnægi ekki kröfum um réttarfarslegan skýrleika. Vísar varnaraðili til 1. mgr. 24. gr. og 2. mgr. 25. gr. l. nr. 91/1991, sbr. og 84. gr. l. nr. 90/1989.

Krafa varnaraðila um, að útburði verði hafnað, er byggð á þeim sjónarmiðum, að varnaraðili sé þinglesinn eigandi að jörðinni Litlalandi. Sóknaraðila hafi verið gert viðvart um fyrirhuguð kaup á jörðinni og boðinn forkaupsréttur. Hún hafi hafnað forkaupsréttinum og vanrækt að gera varnaraðila grein fyrir því, að hún teldi til réttinda yfir jörðinni sem meintur ábúandi, enda þótt henni mætti vera ljóst, að varnaraðili treysti því, að viðsemjendur sínir um jörðina hefðu fulla heimild til sölu. Telur varnaraðili, að sóknaraðili hafi vakið með þessu góða trú varnaraðila um, að salan yrði látin óátalin af hálfu sóknaraðila. Réttur varnaraðila sé því betri en réttur fyrri eigenda, og komi ekki til álita, að honum verði vikið til hliðar með beinni fógetagerð.

Niðurstaða.

Kristbjörg Ingvarsdóttir, sóknaraðili í máli þessu, situr ekki lengur jörðina. Fyrir liggur, að hún flutti lögheimili sitt frá Litlalandi frá 17. ágúst 1990 að telja. Tilgangur aðfararbeiðni sóknaraðila, sem telur sig hafa ábúðarrétt á jörðinni, er að binda enda á afnot varnaraðila af jörðinni, en varnaraðili leiðir rétt sinn frá afsali, fengnu frá fyrri eigendum.

Ekki er unnt að líta á dóm Hæstaréttar frá 13. júní sl. sem staðfestingu á ábúðarrétti sóknaraðila, svo sem hún hefur haldið fram.

Með bréfi, dagsettu 20. 10. 1993, var sóknaraðila sent samþykkt kauptilboð vegna sölu á jörðinni og henni boðinn forkaupsréttur. Eigi verður séð, að sóknaraðili hafi svarað því bréfi, og verður að líta svo á, að forkaupsrétti hafi verið hafnað.

Fyrri eigendur jarðarinnar sendu sóknaraðila símskeyti 22. 10. 1993, sbr. dskj. nr. 17, sem áður hefur verið rakið í dómi þessum. Ekki verður hjá því komist að líta á bréf þetta sem löglega uppsögn á ábúðinni, enda er vitnað

til vanefnda á ábúðarsamningi í bréfi þessu. Ekki er að sjá, að sóknaraðili hafi mótmælt þessari uppsögn, en ljóst er samkvæmt því, er fram kemur í máli þessu, að hún telur sig hafa ábúð á jörðinni. Uppsögn þessi er gerð fyrir jól 1993 og tekur því gildi samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 30. gr. laga nr. 64/1976 við næstu fardaga. Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. sömu laga eru fardagar fjórir, og er fimmtudagur í sjöundu viku sumars sá fyrsti þeirra, en sunnudagur seinastur. Seinasti fardagur var því liðinn, er útburðarkrafan kom fram.

Samkvæmt þessu er ábúðarréttur sóknaraðila ekki lengur fyrir hendi. Ber því að hafna kröfu sóknaraðila um útburð, og ber sóknaraðila í samræmi við úrslit máls þessa að greiða varnaraðila 40.000 krónur í málskostnað.

Kristján Torfason dómstjóri kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hin umbeðna aðfarargerð skal ekki ná fram að ganga. Sóknaraðili, Kristbjörg Ingvarsdóttir, greiði varnaraðila, Sveini Samúel Steinarssyni, 40.000 krónur í málskostnað.

Mánudaginn 3. október 1994.

Nr. 36/1993. **Bjarni Jónasson**
(sjálfur)
gegn
Maríu Gísladóttur
(Jón Hjaltason hrl.)

Meiðyrði. Ómerking. Fyrning sakar. Aðild. Seta í óskiptu búi. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi hefur skotið þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1993. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að teknar verði til greina allar kröfur hans í héraði aðrar en krafa um refsingu. Hann krefst einnig málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Á hvorn veginn sem fer, krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Mál þetta er skriflega flutt samkvæmt ákvörðun Hæstaréttar á grundvelli heimildar í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

I.

Áfrýjandi höfðaði málið í héraði með stefnu, birtri 11. júní 1990, á hendur Vilhjálmi Árnasyni, svo sem greinir nánar í hinum áfrýjaða dómi. Áfrýjunarstefnu var sömuleiðis beint að Vilhjálmi, sem lést síðan 19. febrúar 1993. Fyrir Hæstarétti hefur verið lagt fram leyfisbréf sýslumannsins í Vestmannaeyjum, út gefið 17. mars 1993, handa ekkju Vilhjálms, Maríu Gísladóttur, til að sitja í óskiptu búi eftir hann. Með vísan til 2. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. og 12. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sbr. 7. gr. laga nr. 48/1989 um breyting á þeim lögum, er rétt að líta svo á, að María taki við varnaraðild að málinu á grundvelli þessa leyfis.

II.

Kröfu sína um, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, styður stefndi í fyrsta lagi við þau rök, að 1. október 1993 hafi farið fram árangurslaust fjárnám hjá áfrýjanda. Telur stefndi ljóst samkvæmt þessu, að áfrýjandi sé ekki fær um að greiða málskostnað, sem hann kann að vera dæmdur til fyrir Hæstarétti, en áfrýjandi hafi hvorki sett né boðið fram tryggingu fyrir málskostnaði samkvæmt 133. gr. laga nr. 91/1991.

Í 3. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 er mælt fyrir um, að máli skuli vísað frá dómi í héraði, ef stefnandi setur ekki tryggingu fyrir málskostnaði samkvæmt kröfu gagnaðila og ákvörðun dómara, en samkvæmt 166. gr. laganna, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994, er unnt að beita þessari reglu við áfrýjun einkamáls. Stefndi hefur ekki krafist fyrir Hæstarétti, að áfrýjanda verði gert að setja tryggingu fyrir málskostnaði. Kemur því krafa um frávísun málsins á þessum grundvelli ekki til álita.

Í öðru lagi byggir stefndi kröfu um frávísun á því, að héraðsdóminum hafi verið áfrýjað án leyfis eftir lok áfrýjunarfrests. Dómurinn var kveðinn upp 23. október 1992, en áfrýjunarstefna í málinu var gefin út 20. janúar 1993. Var þá ekki liðinn sá frestur til áfrýjunar, sem var mælt fyrir um í þágildandi 1. mgr. 153. gr. laga nr. 91/1991, en ekki var boðið þar, að birta þyrfti áfrýjunarstefnu innan hans. Kemur því ekki heldur til álita að vísa málinu frá af þessum sökum.

Stefndi hefur í þriðja lagi vísað til þess, að mál þetta sé rekið sem einkarefsimál, og hafi áfrýjandi í greinargerð fyrir Hæstarétti gert óbreyttar dómkröfur frá þeim, sem hann gerði fyrir héraðsdómi, þótt stefndi í héraði hafi verið látinn við ritun hennar. Telur stefndi ekki unnt að dæma látinn mann til refsingar, ómerkingar ummæla og greiðslu kostnaðar af birtingu dóms, miskabóta og málskostnaðar.

Í skriflegri sókn í málinu hefur áfrýjandi lýst yfir, að hann falli frá kröfu um refsingu, sem hann gerði fyrir héraðsdómi og síðan við áfrýjun málsins, og er hún því ekki til úrlausnar fyrir Hæstarétti. Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 2. gr. og 27. gr. laga nr. 20/1991 og 12. gr. laga nr. 8/1962, verður fyrrnefndum greiðslukröfum nú haldið réttilega uppi með sókn þessa máls á hendur Maríu Gísladóttur, en af hennar hálfu hefur ekki verið bent

á nein þau atvik, sem geta valdið, að þær hafi fallið niður vegna andláts Vilhjálms Árnasonar. Krafa um ómerkingu ummæla er að vísu ekki krafa um skyldu málsaðila, sem aðilaskipti geta orðið að vegna andláts hans samkvæmt hljóðan 2. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1991. Eftir eðli máls verður hins vegar að beita í þeirri aðstöðu fyrrnefndum reglum, sem varða afdrif dómsmáls um fjárhagslega hagsmuni eftir andlát varnaraðila, og telja þannig, að kröfum í þessu máli um ómerkingu ummæla verði réttilega haldið uppi á hendur Maríu Gísladóttur.

Samkvæmt þessu verður ekki fallist á kröfu stefnda um, að málinu verði vísað frá Hæstarétti.

III.

Kröfur áfrýjanda snúa að ummælum, sem hann kveður Vilhjálm heitinn Árnason hafa látið falla um sig við tiltekin tilefni á tímaskeiðinu frá 8. maí til 4. desember 1987. Samkvæmt héraðsdómsstefnu eru ummælin þessi:

1. „Ég skal sjá til þess, að þér verði sparkað út."
2. „Bjarni er geðveikur."
3. „Ég hef unnið að því að bola honum úr starfi."
4. „Hann er, sko, geðveikur maðurinn."

Áfrýjandi krefst miskabóta úr hendi stefnda vegna ummælanna í öllum þessum liðum, en ómerkingar á ummælum í öðrum og fjórða liðnum.

Ummælin, sem eru greind í fyrsta lið, féllu að sögn áfrýjanda í vinnusal Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum að morgni föstudagsins 8. maí 1987. Með vísan til þess, sem segir um þennan lið í forsendum hins áfrýjaða dóms, verður að telja ósannað gegn neitun af hálfu stefnda, að Vilhjálmur heitinn hafi látið þessi orð falla gagnvart áfrýjanda, og verður þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu hans um bætur vegna þeirra.

Áfrýjandi staðhæfir, að ummælin, sem greind eru í öðrum lið, hafi fallið á fundum, sem voru haldnir í Ráðhúsi Vestmannaeyja síðdegis 15. og 22. september 1987 af Önnu Karin Júlíussen félagsráðgjafa og Brynjari Eiríkssyni sálfræðingi í sambandi við athugun þeirra á málefnum Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum. Umrædd ummæli hafa þau Anna Karin og Brynjar eftir Vilhjálmi Árnasyni í skjali,

sem hefur verið lagt fram í máli þessu og ber yfirskriftina „Útdráttur úr viðtölum. – I. 15. 09. '87: Viðtal við Bjarna og Vilhjálm, kl. 17.15." Af hálfu stefnda hefur því verið neitað, að þessi orð hafi fallið. Eftir uppkvaðningu héraðsdóms kom Anna Karin Júlíussen fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur 10. janúar 1994 sem vitni í máli, sem áfrýjandi í þessu máli hafði höfðað á hendur félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Samkvæmt endurriti af framburði hennar staðfesti hún þar, að í fyrrnefndu skjali væri vísað í orð, sem Vilhjálmur lét falla á fundi 15. september 1987. Verður þar með að telja nægilega sannað, að Vilhjálmur heitinn hafi látið hin átöldu ummæli frá sér fara við það tækifæri. Eins og ummælin voru sett fram, verður að telja þau móðgandi í garð áfrýjanda og varða þannig við 234. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þau eru óviðurkvæmileg, og ber því að verða við kröfu um að dæma þau ómerk, sbr. 1. mgr. 241. gr. sömu laga. Áfrýjandi hefur á hinn bóginn ekki sýnt, að þau hafi verið til þess fallin að valda honum miska, en í því sambandi verður að hafa í huga, að þau féllu á lokuðum fundi, þar sem aðeins voru staddir sérfræðingar, sem ummæli á borð við þessi ættu ekki að hafa áhrif á. Verða áfrýjanda því ekki dæmdar bætur vegna þessara ummæla.

Áfrýjandi heldur því fram, að Vilhjálmur Árnason hafi látið ummælin, sem eru tilgreind í þriðja lið, falla 22. september 1987 við sama tækifæri og þau, sem er rætt um í næsta lið hér á undan, en ummælin í fjórða liðnum á fundi á Vernduðum vinnustað þann 4. desember 1987. Gegn neitun af hálfu stefnda verður að telja ósannað, að þetta hafi gerst, og verður kröfum áfrýjanda af því tilefni hafnað þegar af þeirri ástæðu.

Áfrýjandi hefur krafist, að stefndu verði gert að greiða sér 70.000 krónur til að standa straum af birtingu dóms í málinu eða forsendna hans, en um þessa kröfu vísar hann til 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Ummælin, sem eru tiltekin í öðrum lið hér að framan, teljast varða við 234. gr. sömu laga, en samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 81. gr. laganna var sök samkvæmt því ákvæði fyrnd, þegar málið var höfðað. Með vísan til 6. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga verður stefnda því sýknuð af þessari kröfu.

Eins og atvikum og málsaðild er háttað, þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Framangreind ummæli í 2. lið kröfugerðar áfrýjanda eiga að vera ómerk.

Stefnda, María Gísladóttir, skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Bjarna Jónassonar, um miskabætur og greiðslu til að standast kostnað af birtingu dóms í málinu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 23. október 1992.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem upphaflega var tekið til dóms 18. september sl., en endurupptekið og dómtekið að nýju, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga 91/1991, 22. október sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Bjarna Jónassyni, kt. 041037-4909, Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum, með stefnu, út gefinni 9. júní 1990, en birtri 11. sama mánaðar, á hendur Vilhjálmi Árnasyni, kt. 190221-3329, Vestmannabraut 65 A, Vestmannaeyjum.

Dómkröfur stefnanda, Bjarna Jónassonar, eru þessar:

„Að stefnda, Vilhjálmi Árnasyni, verði gert að sæta refsingu vegna brota á 234. gr. og 236. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Átalin ummæli eru greind í liði með tölustöfunum 1, 2, 3 og 4 og fara hér á eftir:

1. „Ég skal sjá til þess, að þér verði sparkað út."
2. „Bjarni er geðveikur."
3. „Ég hef unnið að því að bola honum úr starfi."
4. „Hann er, sko, geðveikur maðurinn."

1. tl. varðar við 234. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.
2. tl. varðar við 234. gr. og 236. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.
3. tl. varðar við 234. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.
4. tl. varðar við 234. gr. og 236. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

II.

Að átalin ummæli, greind í 2. og 4. tl., verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

III.

Að stefnda, Vilhjálmi Árnasyni, verði gert að greiða stefnanda 70.000 kr. til að standa straum af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna, í opinberu blaði, einu eða fleirum, samkvæmt 2. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

IV.

Að stefndi, Vilhjálmur, verði samkvæmt 1. mgr. 264. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 dæmdur til greiðslu miskabóta, 150.000 kr., stefnanda, Bjarna, til handa vegna átalinna ummæla, er greind eru í liði, merkta tölustöfunum 1, 2, 3 og 4, auk dráttarvaxta samkvæmt lögum nr. 25/1987 frá 31. janúar 1988 til greiðsludags.

V.

Að stefndi, Vilhjálmur, verði dæmdur til hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá tveimur vikum eftir dómsuppsögu til greiðsludags."

Af hálfu stefnda, Vilhjálms Árnasonar, eru gerðar þessar dómkröfur:

„Að stefndi verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu auk dráttarvaxta á málskostnað samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags."

Sættir voru reyndar, en reyndust árangurslausar.

Stefnandi, Bjarni Jónasson, sem er ólöglærður, flutti mál sitt sjálfur. Af hálfu dómara var gætt leiðbeiningarskyldu.

II.

Málsatvik.

Á árinu 1987 var stefnandi framkvæmdastjóri Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum, sem rekur kertaverksmiðjuna Heimaey þar í bæ. Stefndi var þá verkstjóri í kertaverksmiðjunni. Af gögnum málsins má ráða, að ýmsir samskiptaörðugleikar hafi verið með starfsmönnum í kertaverksmiðjunni. Að tillögu Svæðisstjórnar Suðurlands um málefni fatlaðra voru þau Anna Karin Júlíussen félagsráðgjafi og Brynjar Eiríksson sálfræðingur fengin til að vera ráðgefandi um innra starf bæði varðandi samskipti almennt milli starfsmanna og milli þeirra og yfirmanna svo og við mat og endurmat á störfum fatlaðra og markmiðum með dvöl þeirra á vinnustaðnum. Í framhaldi af þessu fékk stjórn vinnustaðarins þau Önnu Karin Júlíussen og Brynjar Eiríksson til að annast umrædda athugun. Í júní og júlí 1987 áttu þau viðtöl við yfirmenn og öryrkja, er störfuðu á vinnustaðnum. Viðmælendum var heitið því, að viðtölin færu fram í fyllsta trúnaði og öðrum en verkbeiðanda, þ. e. stjórn vinnustaðarins, yrði ekki veittur aðgangur að þeim.

Anna Karin og Brynjar skiluðu síðan tveimur skýrslum um störf sín, og var hin fyrri dagsett 15. júlí 1987, en hin síðari 6. október s. á. Er þau Anna Karin og Brynjar skiluðu skýrslum sínum til stjórnar V.V.V., fylgdi þeim bréf, þar sem þau greina frá efnisinnihaldi skýrslnanna, og segir þar m. a.:

„Meðfylgjandi eru skýrslur, er taka á tveim meginþáttum vandans, annars vegar aðstöðu öryrkjanna á V.V.V., hins vegar þeim vandkvæðum, sem birtast í daglegri togstreitu milli framkvæmdastjóra og verkstjóra V.V.V. Í báðum þessum hlutum skýrslunnar er komið inn á tillögur til úrbóta. Því skilum við tveimur mismunandi skýrslum, en þar að auki fylgja með þau viðtöl sem við tókum við starfsmenn V.V.V., öryrkja, verkstjóra og framkvæmdastjóra. Við viljum taka fram, að við gáfum ofangreindum aðilum loforð fyrir því, að þessi viðtöl yrðu hvergi birt opinberlega. . . .“

„Undirrituð skila hér með hjálagðri skýrslu no. 2 um málefni V.V.V. Eins og fyrri skýrslan skiptist þessi einnig í tvo þætti: annars vegar um aðstöðu, aðbúnað og réttindi öryrkja þeirra, er á V.V.V. vinna, hins vegar um „hið skilgreinda vandamál“, þ. e. samskiptaörðugleika milli verkstjóra og framkvæmdastjóra V.V.V. annars vegar og milli framkvæmdastjóra og stjórnar V.V.V. hins vegar.“

Í fyrri hluta skýrslunnar, dskj. 5, fjalla þau Anna Karin og Brynjar um aðstöðu öryrkjanna og koma með tillögur til úrbóta. Í síðari skýrslunni, dskj. 8, er fjallað um, hvernig mál hefðu þróast milli skýrslugerða, en henni lýkur þannig:

„Um líðan öryrkjanna vegna togstreitu yfirmanna þeirra vísast í hinn hluta skýrslunnar, en þar kemur fram, að nánast enginn vilji eða geta er hjá aðilum til breytinga, og þ. a. l. verður líðan öryrkja á V.V.V. óbreytt með óbreyttu mannahaldi. . . .“

Gögnum málsins fylgja ekki viðtöl þau, sem í skýrslunum greinir, að því undanskildu, að með úrskurði dómarans frá 6. janúar sl., dskj. 53, var stjórnarformaður V.V.V. skyldaður til að leggja þann hluta skýrslu Brynjars Eiríkssonar og Önnu Karinar Júlíussen, sem hafði að geyma tilgreind ummæli í I. kafla, 2. og 3. tl., stefnunnar og það samhengi, sem þau þar standa í. Umræddur skýrsluhluti var lagður fram í þinghaldi 15. maí sl., og er þar greint frá fundi, er A. K. J. og B. E. héldu með stefnanda og stefnda 15. september 1987. Þar (dskj. 56) segir í upphafsorðum:

„Það var mjög erfitt fyrir þessa menn að hittast og ræða saman, báðir ákaflega þrjóskir og illir hvor út í annan.“ Stefndi er m. a. sagður hafa sagt eftirfarandi:. . . . „viðurkenndi að hafa sagst myndu vinna að því, að Bjarni hætti. Sagðist þó ekki hafa framkvæmt það nema þegar hann væri spurður út í ástandið á vinnustaðnum. Var þeirrar skoðunar, að menn yrðu að ræða meira saman á vinnustaðnum, það væri mikilvægt skref í að bæta samskiptin, en var þó ekki mjög bjartsýnn á, að það tækist. Lét þau orð falla, að Bjarni væri geðveikur.“

Eftirfarandi er hins vegar m. a. haft eftir stefnanda um stefnda:

„Hann kann ekkert, fékk í upphafi að gera meira en hann gerir, en það sýndi sig strax, að hann var lélegur verkmaður. Kann ekkert, féll á prófinu, getur ekkert lært."

Fyrir aðalmeðferð var lagt fram vottorð um heilsufar stefnda, og kemur þar fram, að stefndi, sem nú er vistmaður á Hraunbúðum, hafi 22. ágúst 1991 veikst alvarlega og síðan þá dvalist óslitið á ýmsum sjúkrastofnunum. Mat yfirlæknir sjúkrahúss Vestmannaeyja heilsufar hans þannig, að hann væri með öllu ófær um að gefa munnlega aðilaskýrslu í málinu.

Stefnandi gaf munnlega aðilaskýrslu fyrir dóminum. Hann staðfesti, að hann hefði verið á fundinum 15. september 1987, sem Brynjar Eiríksson og Anna Karin hefðu haldið með honum og stefnda, og kvað hann þá stefnda hafa sagt um sig, að hann væri geðveikur. Jafnframt viðurkenndi hann, að hann hefði viðhaft þau orð um stefnda, er í dskj. 56 greindi. Ekki kannaðist stefnandi við, að um trúnaðarfund hefði verið að ræða. Þannig hefði hann verið viðstaddur, er ætluð ummæli, er greinir í 2. tl. stefnunnar, féllu. Ætluð ummæli, er greinir í 1. og 3. tl. stefnunnar, sagði stefnandi, að hefðu fallið kl. 8.20 föstudaginn 8. maí 1987 í vinnusal Verndaðs vinnustaðar að Faxastíg 46, Vestmannaeyjum. Auk sín og stefnda hefðu þá verið þar viðstaddir 5 nafngreindir starfsmenn vinnustaðarins. Tilgreind ummæli í 4. tl. stefnunnar, sagði hann, að hefðu fallið 4. desember 1987. Ósættið milli hans og stefnda taldi hann vera af pólitískum toga spunnið. Það hefði hafist eftir bæjarstjórnarkosningar 1986.

Vitnið Óskar Þorgilsson, sem starfaði í kertaverksmiðjunni á árinu 1987, kvaðst hafa heyrt stefnda segja, að hann ætlaði að sjá til þess, að stefnanda yrði sparkað út úr verksmiðjunni. Ekki mundi vitnið, hvaða dag þetta var eða í hvaða mánuði, en taldi sig örugglega muna, að það hefði verið á árinu 1987. Það sagði, að þetta hefði verið á vinnustaðnum að morgni til; stefndi hefði verið eitthvað vondur út í stefnanda.

Vitnið Ágúst Helgason kvaðst hafa komið til starfa í kertaverksmiðjuna á árinu 1987 og verið ráðið leiðbeinandi. Það kvaðst hafa orðið vart við ýmsa samstarfsörðugleika á vinnustaðnum. Sagði vitnið, að samstarfsörðugleikarnir hefðu verið á milli stefnanda og samstarfsfólks hans og á milli stefnanda og stefnda. Vitnið kvaðst ekki minnast þess að hafa heyrt stefnda segja þau orð um stefnanda, sem stefnandi tilgreinir í 1. til 4. tl. I. kafla stefnunnar. Hnútukast milli manna kvaðst vitnið ekki hafa lagt á minnið, en var ekki frá því, að stefnandi kynni að hafa viðhaft þau orð um stefnda, sem eftir stefnanda eru höfð í dskj. 56. Vitnið sagði, að þegar það hefði verið kallað í viðtal til Önnu Karinar og Brynjars, hefði því verið heitið fullum trúnaði og lagt fyrir það að skila til starfsfólksins, að viðtölin

væru haldin á þessum trúnaðarforsendum. Starfsfólkinu hafi þannig verið heitið fullum trúnaði. Sjálft kvaðst vitnið hafa skilið þann trúnað, sem því hafi verið heitið þannig, að það, sem það segði á þessum fundum, færi ekki út fyrir þá, sem héldu viðtölin, nema til stjórnar vinnustaðarins, aðrir ættu ekki að hafa aðgang að þessari skýrslu, eins og vitnið orðaði það. Togstreita stefnanda og stefnda kom vitninu þannig fyrir sjónir, að stefndi hefði verið tengiliður milli starfsfólksins og stefnanda og starfsfólkið hafi verið ósátt við stefnanda og störf hans.

– – –

IV.

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. málslið 1. mgr. 29. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður sá, sem höfða vill einkarefsimál, að gera það, áður en 6 mánuðir eru liðnir, frá því að hann fékk vitneskju um hinn seka. Hin ætluðu refsiverðu ummæli stefnda um stefnanda, kveður stefnandi, að stefndi hafi viðhaft í maí (ummæli tilgreind í 1. tl.), september (ummæli í 2. og 3. tl.) og desember (ummæli í 4. tl.) á árinu 1987. Gegn stefnda höfðar stefnandi mál sitt hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 11. júní 1990. Heimild stefnanda til að höfða einkamál til refsingar út af ætluðum meiðyrðum stefnda var því löngu liðin, er stefnandi höfðar mál sitt, enda rúm þrjú ár liðin, frá því að ætluð ummæli, er stefnandi auðkennir undir 1. tl., eiga að hafa fallið, og tvö og hálft og tæp þrjú ár, er önnur tilgreind ummæli eiga að hafa verið sögð. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af refsikröfu stefnanda í máli þessu, en sök telst einnig fyrnd samkvæmt 1. mgr. 1. tl. 81. gr. laga nr. 19/1940. Tilvísun til 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á í máli þessu hins vegar ekki við. Þessi niðurstaða felur í sér, að krafa stefnanda um, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kostnað vegna birtingar dóms í málinu, sbr. 2. mgr. 241. gr. laga 19/1940, nær ekki fram að ganga, enda verður að telja það vera skilyrði fyrir beitingu þeirrar lagagreinar, að um ófyrnda sök sé að ræða.

Stefndi mótmælir því að hafa viðhaft þau ummæli um stefnanda, sem stefnandi sakar hann um. Í málinu kemur til skoðunar, hvort stefnanda hafi tekist að sanna, að tilgreind ummæli hafi fallið, og enn fremur, ef svo reynist vera, af hvaða tilefni og við hvaða aðstæður þau þá féllu.

Ummæli auðkennd undir 1. tl.: „Ég skal sjá til þess, að þér verði sparkað út," kveður stefnandi hafi fallið föstudaginn 8. maí 1987 í vinnusal Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum að Faxastíg 46, Vestmannaeyjum, en þar er rekin kertaverksmiðjan Heimaey. Segir stefnandi, að stefndi hafi við-

haft ummælin yfir hóp starfsfólks vinnustaðarins. Hér verður á það að líta, að stefnanda hefði samkvæmt því verið í lófa lagið að afla tryggra sannana fyrir staðhæfingu sinni. Skýrar sannanir fyrir staðhæfingu stefnanda liggja hér hins vegar ekki fyrir. Vitnið Ágúst Helgason man ekki eftir að hafa heyrt stefnda viðhafa tilgreind ummæli um stefnanda, en vitnið Óskar Þorgilsson segist hins vegar hafa heyrt það. Það vitni gat hins vegar ekki staðfest, að það hefði verið í sama skipti og stefnandi tilgreinir, og vissi ekki um frekari málsatvik, en taldi, að ummælin hefðu fallið vegna þess, að stefndi hefði verið eitthvað vondur út í stefnanda. Sönnun verður ekki byggð á þessum takmarkaða vitnisburði. Gegn andmælum stefnda verður þannig að telja ósannað, að stefndi hafi viðhaft hér umstefnd ummæli um stefnanda.

Ummæli auðkennd undir 2. og 3. tl.: „Bjarni er geðveikur" og „Ég hef unnið að því að bola honum úr starfi." Staðhæfingu sína um, að stefndi hafi viðhaft tilgreind ummæli um sig, byggir stefnandi á dskj. 56, sem er, eins og að framan greinir, hluti úr skýrslu Önnu Karinar Júlíussen og Brynjars Eiríkssonar. Óumdeilt er, að það, sem í skýrslunni stendur, er ritað af þeim Önnu Karinu og Brynjari, og sá hluti hennar, sem hér um ræðir, er byggður á minnisatriðum eftir fund, sem þau áttu með stefnanda og stefnda hinn 15. september 1987. Stefndi mótmælir að hafa nokkurn tíma viðhaft þessi ummæli um stefnanda. Þau Anna Karin og Brynjar hafa ekki staðfest skýrslu sína. Gegn andmælum stefnda telst ósannað, að stefndi hafi viðhaft tilgreind ummæli um stefnanda.

Ummæli auðkennd undir 4. tl.: „Hann er, sko, geðveikur maðurinn." Stefnandi staðhæfir, að ummælin hafi fallið 4. desember 1987 á Vernduðum vinnustað. Engar sannanir hefur stefnandi fært fyrir því, að stefndi hafi látið umgetin orð falla um stefnanda í tilgreint sinn. Gegn andmælum stefnda telst ósannað, að hann hafi viðhaft þessi ummæli um stefnanda.

Samkvæmt framansögðu verður að teljast ósannað með öllu, að stefndi hafi viðhaft þau ummæli, sem stefnandi sakar hann um í máli þessu. Ber því að sýkna stefnda af ómerkingarkröfu stefnanda sem og miskabótakröfu, en áður er þess getið, að sýkna beri stefnda af refsikröfu stefnanda og kröfu um birtingu dóms.

Frá ársbyrjun 1991 allt fram til 15. maí sl. hefur málareksturinn snúist að miklu leyti um það, hvort stefnandi ætti rétt á því að fá að leggja fram í málinu viðtöl í framangreindri skýrslu þeirra Önnu Karinar og Brynjars, sem stefnandi og stefndi höfðu ekki aðgang að. Einir fimm úrskurðir dómarans snertu þetta atriði beint eða óbeint, nú síðast 6. janúar 1992, og tvisvar fjallaði Hæstiréttur um þetta álitaefni í dómum sínum frá 28. maí 1991 og 19. ágúst s. á., en sjónarmið aðila voru ósættanleg. Þar sem kveðið var á um

málskostnað í úrskurðum og dómum þessum, var hann látinn niður falla, en úrskurðurinn frá 6. janúar sl. kvað skýrt á um skyldu formanns stjórnar Verndaðs vinnustaðar til framlagningar á dskj. 56. Við mat á málskostnaði verður þessi þræta málsaðila höfð í huga, og með því að sjónarmið stefnanda urðu þar ofan á, verður stefnandi, þrátt fyrir það að efnisleg niðurstaða málsins sé honum afdráttarlaust í óhag, einungis dæmdur til að greiða stefnda 40.000 kr. í málskostnað, er að kröfu stefnda, sbr. einnig 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991, skal bera dráttarvexti frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags.

Mál þetta, sem áður var rekið fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja, færðist yfir í Héraðsdóm Suðurlands, sbr. I. kafla laga nr. 92/1989 og 1. mgr. 164. gr. laga nr. 91/1991, hinn 1. júlí sl. Málið hefur hlotið nýtt málanúmer í samræmi við áorðna réttarfarsbreytingu, en málið bar áður málanr. 61/1990.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Vilhjálmur Árnason, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Bjarna Jónassonar, í máli þessu, og skal stefnandi greiða stefnda 40.000 krónur í málskostnað, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags.

Þriðjudaginn 4. október 1994.

Nr. 382/1994. **Íslandsbanki hf.**
(Guðjón Ármann Jónsson hdl.)
gegn
Fjárfestingarfélaginu Skandia hf.
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun uppboðsandvirðis. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. júlí 1994, sem barst réttinum 4. ágúst sl. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að staðfest verði sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 20. apríl 1994, að úthlutað verði til varnaraðila 1.559.008 krónum af uppboðsandvirði fasteignarinnar að Hofsvallagötu 1 í Reykjavík vegna fjárnáms á 8. veðrétti eignarinnar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Íslandsbanki hf., greiði varnaraðila, Fjárfestingarfélaginu Skandia hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. júní 1994.

I.

Máli þessu skaut Fjárfestingarfélagið Skandia hf., kt. 590789-2089, Laugavegi 170, Reykjavík, til héraðsdóms með yfirlýsingu hjá sýslumanninum í Reykjavík 20. apríl 1994 og bréfi til Héraðsdóms Reykjavíkur 27. apríl. Málið var tekið til úrskurðar 20. júní sl.

Sóknaraðili krefst þess, að úthlutun sýslumannsins í Reykjavík á söluandvirði fasteignarinnar Hofsvallagötu 1 verði breytt þannig, að úthlutun til sín hækki í 2.388.451 kr. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðila, að fjárhæð 103.845 kr.

Varnaraðili Íslandsbanki hf. krefst þess, að staðfest verði ákvörðun sýslumanns um, að úthlutun til sóknaraðila nemi 1.559.008 kr. Þá krefst þessi varnaraðili málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili Landsbanki Íslands krefst ómaksbóta að mati dómsins, að viðbættum virðisaukaskatti, en til vara, að málskostnaður falli niður.

Varnaraðili Guðjón Ármann Jónsson hdl. gerir ekki kröfur.

II.

Fasteignin Hofsvallagata 1 í Reykjavík, þinglýst eign Herlufs Clausen, var seld nauðungarsölu á uppboði 16. febrúar 1994. Söluverð varð 29.500.000 kr. Lagt var fram frumvarp til úthlutunar og síðan breytt frumvarp. Skv. hinu breytta frumvarpi, sem dagsett er 22. mars 1994, er úthlutun skipað m. a. svo:

„10. Verðbréfamarkaður Fjárffél., 8. veðr.	kr.	1.521.815.00
11. Stefán Jónsson, 9. veðr.	kr.	4.122.979.00
12. Íslandsbanki hf., löggeymsla á 10. veðr.	kr.	6.281.482.00
13. Guðjón Ármann Jónsson, löggeymsla á 11. veðr.	kr.	71.123.00“

Er þar með lokið úthlutun skv. hinu breytta frumvarpi, en krafa Guðjóns Ármanns Jónssonar fæst eigi greidd að fullu.

Næstur til úthlutunar að frágengnum Guðjóni Ármanni Jónssyni á 11. veðrétti er Landsbanki Íslands á grundvelli veðskuldabréfs.

Við fyrirtöku hjá sýslumanni 20. apríl 1994 hafði sóknaraðili uppi sömu kröfur og í þessu máli, en þeim var hafnað, nema hvað samþykkt var hækkun um 37.193 kr. vegna dráttarvaxta á málskostnað. Lækkaði þannig úthlutun til Guðjóns Ármanns Jónssonar í 33.930 kr.

Krafa sóknaraðila máls þessa er í upphafi skv. skuldabréfi, út gefnu af Centrum hf., með sjálfskuldarábyrgð Herlufs Clausen. Var gefin út áskorunarstefna í nóvember 1989 vegna skuldar þessarar og hún árituð á bæjarþingi Reykjavíkur 14. febrúar 1990. Fjárnám var gert til lúkningar skuldinni í fasteigninni Hofsvallagötu 1 20. september 1990.

Í framhaldi af þessu krafðist sóknaraðili uppboðs á eigninni. Frammi liggja uppboðsbeiðnir vegna þessarar skuldar, dags. 15. janúar 1991, 4. október 1991, 26. febrúar 1992 og 21. september 1993. Nauðungarsala fór fram á eigninni 16. febrúar sl., eins og áður segir.

Aðilar eru sammála um, að lækkun kröfu sóknaraðila við úthlutun sé

gerð vegna þess, að sýslumaður hafi talið, að sóknaraðili hafi glatað forgangsrétti fyrir vöxtum skv. lögum nr. 23/1901. Þá liggur frammi í dóminum bréf sýslumannsins í Reykjavík, þar sem segir m. a.:

„Skv. meðfylgjandi yfirlýsingu, dags. 3. júní 1994, má sjá, að dráttarvextir hafa verið reiknaðir, frá því að sýslumannsembættinu barst uppboðsbeiðni, dags. 4. 10. 1991. Hér hafa undirrituðum orðið á þau mistök við fyrrgreindan útreikning að miða upphaf dráttarvaxta við þann dag, er beiðnin barst embættinu, en ekki ári áður. . ."

Yfirlýsing sú, sem vísað er til í bréfinu, er yfirlit um útreikning á kröfu sóknaraðila til úthlutunar, og liggur afrit hennar frammi í málinu.

Samkvæmt því er ljóst, að úthlutun til sóknaraðila nemur samtals 1.559.008 kr. skv. frumvarpi sýslumanns. Er þar um að ræða höfuðstól, dráttarvexti frá 4. október 1991 til 16. febrúar 1994 og ýmsa kostnaðarliði, sem ekki er ástæða til að rekja hér í smáatriðum, auk dráttarvaxta af málskostnaði. Ágreiningur aðila snýst um dráttarvexti af höfuðstól kröfunnar. Nema þeir skv. úthlutun sýslumanns 469.033 kr.

Við þingfestingu málsins var varnaraðilum máls þessa gefinn kostur á að taka til varna, en þar sem réttindi Íslandsbanka hf. og Guðjóns Ármanns Jónssonar eru tryggð með löggeymslu í fasteigninni, þótti nauðsynlegt að gefa Landsbanka Íslands kost á að taka til varna, þar sem niðurstaða þess kynni að varða hagsmuni hans.

III.

Sóknaraðili byggir kröfugerð sína í fyrsta lagi á því, að hann hafi fengið gert fjárnám í fasteigninni Hofsvallagötu 1 og að lög nr. 23/1901 gildi aðeins um samningsveð. Reglur laganna geti því ekki leitt til þess, að hann glati forgangsrétti fyrir vöxtum af kröfu sinni. Byggir sóknaraðili þessa lögskýringu á orðalagi laganna og ummælum í greinargerð með þeim og umræðum á Alþingi við meðferð frumvarps, er varð að lögum nr. 23/1901.

Verði ekki á þetta fallist, telur sóknaraðili, að sýslumaður hafi skert úthlutun til sín meir en rétt sé skv. lögum nr. 23/1901. Í fyrsta lagi geti ekki fallið niður forgangsréttur fyrir þeim vöxtum, sem fallnir hafi verið á, er fjárnám var gert og skuldin þar með veðtryggð. Þá bendir sóknaraðili á, að sýslumaður telji uppboðsbeiðni, dagsetta 4. október 1991, rjúfa missi forgangsréttar fyrir vöxtum, og því verði að miða við, að forgangsréttur haldist fyrir vöxtum frá 4. október 1990. Því sé í raun einungis um að ræða, að forgangsréttur glatist fyrir vöxtum á tímabilinu frá 20. september 1990, er fjárnám var gert, til 4. október 1990.

Sóknaraðili hefur lagt fram í dóminum útreikninga á kröfu sinni með nokkrum mismunandi útfærslum. Er í fyrsta lagi um að ræða útreikning á

aðalkröfu hans, sem miðast við, að honum beri dráttarvextir án nokkurrar skerðingar. Þá eru útreikningar miðaðir við, að færri kostnaðarliðir verði viðurkenndir, svo og við, að forgangsréttur til vaxta falli niður á nokkrum mismunandi tímabilum.

IV.

Varnaraðili Íslandsbanki hf. telur ótvírætt, að lög nr. 23/1901 taki til allra veðréttinda, jafnt dómveða sem samningsveða. Lögin, skýrð eftir orðanna hljóðan, leiði til þess. Sóknaraðili tapi því forgangsrétti fyrir vöxtum eftir reglum laganna.

Varnaraðili bendir á, að sóknaraðili hafi þrisvar afturkallað uppboðsbeiðnir sínar, eftir að fjárnám var gert í september 1990. Þessar afturkallanir verði ekki skýrðar öðruvísi en svo, að veittur hafi verið gjaldfrestur. Varnaraðili telur réttmætt að miða við, að uppboðsbeiðni, dagsett 26. janúar 1992, hafi rofið gjaldfrest, svo að forgangsréttur haldist fyrir vöxtum, er fallið hafi á eftir 26. janúar 1991.

Varnaraðili mótmælir því sérstaklega, að forgangsréttur glatist ekki fyrir vöxtum, er fallið hafi á fyrir 20. september 1990.

Varnaraðili Landsbanki Íslands lýsti því í greinargerð, að hann liti svo á, að aðild sinni að málinu mætti líkja við réttargæsluaðild skv. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 91/1991. Gerði hann ekki kröfur um sérstaka niðurstöðu um efnishlið málsins.

Af hálfu varnaraðila Guðjóns Ármanns Jónssonar var því lýst, að eigi yrði haldið uppi vörnum.

V.

Sóknaraðili fékk gert fjárnám í fasteigninni Hofsvallagötu 1 20. september 1990. Var gert fjárnám fyrir tilteknum höfuðstól og áföllnum og áfallandi dráttarvöxtum auk kostnaðar, en höfuðstóllinn var samsettur úr upphaflegum höfuðstól, verðbótum og samningsvöxtum.

Tilgangur laga nr. 23/1901 er sá að setja því tilteknar skorður, að við veðkröfur bætist vextir í þeim mæli, að kröfurnar hækki að mun á kostnað þeirra veðhafa, er aftar standa í veðröð. Miðast lögin við, að forgangsréttur haldist, sé ekki veittur gjaldfrestur lengur en í eitt ár. Veðréttur fyrir vöxtum fellur hins vegar ekki niður, þó að forgangsréttur glatist, en þeim verður skipað í veðröð á eftir öðrum veðhöfum. Varnaraðili viðurkennir í málflutningi sínum, að sóknaraðili hafi rofið gjaldfrest í skilningi laga nr. 23/1901 með uppboðsbeiðni í febrúar 1992. Á því tímamarki höfðu löggeymslugerðir varnaraðilanna Íslandsbanka hf. og Guðjóns Ármanns Jónssonar ekki verið framkvæmdar og veðskuldabréf Landsbanka Íslands ekki verið gefið út. Var sóknaraðili raunar aftast í veðröð allt fram í janúar

1993. Voru þessir aðilar því ekki „síðari veðhafar“ í skilningi laga nr. 23/1901, er gjaldfrestur kann að hafa verið veittur, og ekki heldur, er honum hefur þá verið slitið. Er löggeymslugerð Íslandsbanka var framkvæmd, voru allir vextir, er sóknaraðila báru, tryggðir með veði í fasteigninni Hofsvallagötu 1. Löggeymslan getur ekki gengið framar þeim vöxtum, er þá voru á fallnir. Eftir þann tíma veitti sóknaraðili ekki gjaldfrest. Þarf þá ekki sérstaklega að leysa úr því, hvort löggeymsluhafi sé veðhafi í skilningi laga nr. 23/1901 eða hvort lögin gildi um aðfararveð jafnt og samningsveð.

Samkvæmt þessu verður að fallast á kröfu sóknaraðila.

Sóknaraðili reiknar kröfu sína með dráttarvöxtum allt til 16. febrúar 1994 og kostnaðarliðum að frádreginni greiðslu, er innt var af hendi 17. desember 1990, með samtals 2.388.451 kr. Kostnaðarliðir þeir, sem tilgreindir eru, sýnast réttmætir. Verður veitt viðurkenning fyrir því, að úthluta beri þessari fjárhæð til sóknaraðila, en að sama skapi lækkar úthlutun til síðari veðhafa.

Í máli þessu reynir að nokkru á þætti í lögum nr. 23/1901, er ekki hefur verið dæmt um áður. Er því rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón Finnbjörnsson dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Við úthlutun söluandvirðis fasteignarinnar Hofsvallagötu 1 í Reykjavík ber að úthluta til sóknaraðila, Fjárfestingarfélagsins Skandia hf., 2.388.451 kr.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 6. október 1994.

Nr. 11/1991. **Ólafur Ásgeirsson og**
Ingvar Ásmundsson
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
þrotabúi Ingólfs Óskarssonar
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
og gagnsök

Kaupsamningur. Afsláttur. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1991. Þeir krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að kröfur hans verði lækkaðar. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til réttarins með stefnu 14. mars 1991. Var þess krafist, að allar kröfur gagnáfrýjanda í héraði yrðu teknar til greina og að honum yrði tildæmdur málskostnaður úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti. Við munnlegan flutning málsins breytti gagnáfrýjandi kröfum sínum á þann veg, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

I.

Í greinargerð sinni í héraði áskildu aðaláfrýjendur sér rétt til að óska dómkvaðningar matsmanna til að meta hæfilega lækkun kaupverðs vegna atvika, sem þar var nánar lýst. Ekki létu þeir þó verða af því, þótt til þess gæfist nægur tími undir rekstri málsins í héraði. Taldi héraðsdómari réttilega, að málið væri vanreifað, að því er varðar ætlað tjón aðaláfrýjenda.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa aðaláfrýjendur hlutast til um dómkvaðningu tveggja matsmanna til að meta bætur eða afslátt

af kaupverði vegna kaupa þeirra á Sportvöruverslun Ingólfs Óskarssonar. Hinn 13. september 1991 voru þeir Agnar Gústafsson hæstaréttarlögmaður og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari dómkvaddir til að framkvæma hið umbeðna mat. Matsgerð þeirra, dagsett 21. janúar 1992, hefur verið lögð fyrir Hæstarétt. Telja matsmenn, að ástæðu minni veltu verslunarinnar, eftir að kaupendur tóku við rekstri hennar í febrúar 1988, megi að verulegu leyti rekja til gjaldþrots Ingólfs Óskarssonar, enda þótt orsakanna sé ekki að öllu leyti að leita þar. Er matsmenn komu fyrir dóm 14. september 1994, lýstu þeir yfir, að þeir teldu kaupendurna hafa haft mun minni reynslu af rekstri verslunar en Ingólfur Óskarsson hafði og það hafi ef til vill haft áhrif á veltu verslunarinnar. Enn fremur taldi annar matsmanna verslunarreksturinn hafa verið aukastarf hjá kaupendum. Niðurstaða matsmanna er sú, að hæfilegar bætur eða afsláttur af kaupverði teljist nema einni milljón króna miðað við verðlag á kaupsamningsdegi.

Á fundum, er matsmenn héldu með lögmönnum aðila 6. og 13. nóvember 1991, mótmælti lögmaður gagnáfrýjanda dómkvaðningunni og væntanlegu mati sem allt of seint fram komnu. Í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti ítrekaði gagnáfrýjandi enn fyrri mótmæli sín. Að auki telur hann ályktanir matsmanna ekki standast og að ekki hafi verið vandað til matsins sem skyldi. Af þessum ástæðum telur hann ókleift að leggja matið til grundvallar dómi.

Ekki hafa komið fram skýringar á því, hvers vegna mat, sem aðaláfrýjendur töldu þörf á þegar í upphafi málaferla þessara, fór ekki fram, áður en héraðsdómur var lagður á ágreiningsefnið. Er ljóst, að þau gögn, sem hér um ræðir, var aðaláfrýjendum í lófa lagið að færa fram í héraði. Þegar til þessa er litið svo og þess, að fullnægjandi rökstuðning skortir fyrir niðurstöðum matsmanna, sbr. nú 63. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður matsgjörð þessari gegn andmælum gagnáfrýjanda enginn gaumur gefinn við úrlausn málsins.

II.

Aðaláfrýjendur reisa kröfur sínar meðal annars á því, að beinlínis hafi um það samist milli þeirra og Ingólfs Óskarssonar, að hinn síðarnefndi skyldi tryggja versluninni kaup á svonefndum Puma-

íþróttavörum, en Ingólfur seldi þær í heildsölu á þessum tíma og hugðist gera það áfram. Sala á þessum vörum í smásölu hafði verið veigamikill þáttur í rekstri verslunarinnar. Hefur Ingólfur fyrir dómi staðfest framburð aðaláfrýjandans Ingvars Ásmundssonar að þessu leyti. Ingólfur missti hins vegar heildsöluumboð fyrir þessar vörur um líkt leyti og kaup aðaláfrýjenda á verslun hans voru gerð og gat ekki efnt loforð sitt um þetta. Hafa aðaláfrýjendur borið, að þetta hafi valdið tímabundnum erfiðleikum í rekstri verslunarinnar, og verður sá framburður þeirra lagður til grundvallar dómi. Þykja þeir af þessari ástæðu eiga rétt til afsláttar úr hendi gagnáfrýjanda, sem telst hæfilega ákveðinn 200.000 krónur. Að öðru leyti hefur aðaláfrýjendum ekki tekist að sýna fram á, að þeir eigi rétt til afsláttar eða skaðabóta úr hendi gagnáfrýjanda vegna viðskipta þeirra.

III.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að lækka kröfu gagnáfrýjanda vegna hlutdeildar hans í áföllnum vöxtum af yfirteknum veðskuldum, fasteignagjalda og símakostnaðar um 167.912 krónur samtals. Þá verður miðað við gjaldfellingu á eftirstöðvum kaupverðs 18. október 1989, svo sem gert er í hinum áfrýjaða dómi.

Það athugast, að gagnáfrýjandi hefur ekki borið það fyrir sig, að skilyrði 1. mgr. 32. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978 um upphafstíma gagnkröfu til skuldajafnaðar við kröfu þrotabús séu ekki uppfyllt. Með þeirri athugasemd er staðfest niðurstaða héraðsdóms um það atriði.

IV.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið verða kröfur gagnáfrýjanda miðað við kaupsamningsdag teknar til greina þannig:

Höfuðstóll	kr.	818.298
– vextir, fasteignagjöld og símakostnaður	kr.	167.912
– afsláttur	kr.	200.000
Samtals	kr.	450.386

Af þessari fjárhæð telst afborgun 1. september 1989 nema 90.077 krónum. Verðbætur á þá fjárhæð miðað við þann dag nema 28.799

krónum, og vextir á verðbættan höfuðstól skuldarinnar fyrir tímabilið 20. febrúar 1988 til 1. september 1989 nema 36.300 krónum. Aðaláfrýjendum ber samkvæmt því að greiða 155.176 krónur með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Eftirstöðvar höfuðstólsins, 360.309 krónur, nema 18. október 1989 með verðbótum 485.810 krónum. Við það bætast vextir frá 1. september 1989, 2.555 krónur. Ber aðaláfrýjendum því einnig að greiða 488.365 krónur með dráttarvöxtum frá 18. október 1989 til greiðsludags.

Rétt þykir, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda samtals 130.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Ingvar Ásmundsson og Ólafur Ásgeirsson, greiði in solidum gagnáfrýjanda, þrotabúi Ingólfs Óskarssonar, 155.176 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. september 1989 til greiðsludags og 488.365 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 18. október 1989 til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjanda 130.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. nóvember 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 9. október 1990, hefur Hróbjartur Jónatansson hrl., kt. 270458-5649, Skeifunni 17, Reykjavík, skiptastjóri f. h. þrotabús Ingólfs Óskarssonar, kt. 010241-3409, Skógarhlíð 6, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. og 18. október 1989, á hendur Ólafi Ásgeirssyni, kt. 201147-2559, Suðurgötu 66, Hafnarfirði, og Ingvari Ásmundssyni, kt. 100734-3709, Fýlshólum 8, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 980.749 kr. með 40,8% dráttarvöxtum á ári frá 1. september 1989 til 1. október 1989, en með 38,4% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987, samanber l. nr. 67/1989, frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Endanlegar dómkröfur stefndu eru aðallega, að þeir verði sýknaðir af

öllum kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar.

Til þrautavara krefjast stefndu, að þeim verði einungis gert að greiða stefnanda 401.077,60 kr. og að gefa út skuldabréf til stefnanda, samanber c-lið kaupsamningsins um Klapparstíg 40, að fjárhæð 490.978,80 kr.

Málsatvik.

Hinn 20. febrúar 1988 gerðu stefndu Ingólfi Óskarssyni kauptilboð, að fjárhæð 6.500.000 kr., í verslunarrekstur og verslunarhúsnæði Sportvöruverslunar Ingólfs Óskarssonar að Klapparstíg 40 í Reykjavík. Gengið var að tilboðinu.

Samkomulag varð um, að tveir kaupsamningar væru gerðir, og voru þeir báðir undirritaðir 23. febrúar 1988. Annars vegar var samningur um kaup stefndu á verslunarhúsnæði á jarðhæð og geymsluskúr í húsinu nr. 40 við Klapparstíg ásamt öllu tilheyrandi fyrir 4.000.000 kr., hins vegar samningur um kaup stefndu á verslunarrekstrinum fyrir 2.500.000 kr. Tilheyrandi kaupunum voru allar innréttingar og flest áhöld og innanstokksmunir, einnig viðskiptavild verslunarinnar. Undanskilið var nafnið Sportvöruverslun Ingólfs Óskarssonar, en kaupendum var heimilt að nota það til áramóta 1988/1989. Seljandi skuldbatt sig til að beina tilteknum viðskiptasamböndum til kaupenda.

Kaupverð hins síðarnefnda svo og kaupverð lagers gerðu stefndu að fullu upp með afhendingu skuldabréfa.

Kaupverð fasteignarinnar var gert upp með víxlum, að fjárhæð 1.100.000 kr., og yfirtöku veðskulda, að fjárhæð 2.081.702 kr. Eftirstöðvarnar, 818.298 kr., skyldu stefndu greiða með skuldabréfi, verðtryggðu samkvæmt lánskjaravísitölu. Bréfið skyldi bera 4% vexti á ári frá 20. febrúar 1988 og greiðast á 5 árum, í fyrsta sinn 1. september 1989.

Seljandi tók að sér að greiða tilteknar veðskuldir, og varð að samkomulagi, að skuldabréfið yrði ekki afhent, fyrr en hann hefði staðið við þá skuldbindingu. Afsal til stefndu var þó gefið út samdægurs. Uppgjöri vegna opinberra gjalda og vaxta af áhvílandi lánum var ekki lokið við afsalsgerð, þótt slíkt sé staðhæft í afsali, og er ekki enn lokið.

Ingólfur Óskarsson rak einnig á þessum tíma heildverslun með íþróttavörur og hafði einkaumboð á Íslandi fyrir Puma-vörur. Stefndu keyptu ekki heildverslunina og Puma-umboðið, en Ingólfur Óskarsson lofaði að selja stefndu Puma-vörur í heildsölu.

Bú Ingólfs Óskarssonar og einkafirma hans, Sportvöruverslunar Ingólfs Óskarssonar, voru tekin til gjaldþrotaskipta 8. mars 1988, og tók þrotabú hans við öllum réttindum og skyldum þrotamanns samkvæmt ofangreind-

um samningum. Áhvílandi veðskuldum, sem stefndu eru óviðkomandi, hefur verið létt af fasteigninni.

Fljótlega eftir að bú Ingólfs Óskarssonar hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta, breyttu stefndu nafni verslunarinnar.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er talið, að halda beri aðskildum kaupum stefndu á verslunarhúsnæðinu annars vegar og verslunarrekstrinum hins vegar.

Grundvöllur málsóknarinnar af hálfu stefnanda er skuldabréf, að fjárhæð 818.298 kr., sem stefndu skyldu gefa út til greiðslu á eftirstöðvum kaupverðs fasteignarinnar. Þar sem stefndu hafi vanefnt kaupsamninginn, sé hið fyrirhugaða skuldabréf gjaldfallið samkvæmt efni sínu.

Stefndu hafi ekki kvartað undan galla á hinni seldu fasteign og ekki lýst sérstökum kröfum vegna samnings þessa eða annarra viðskipta við Ingólf Óskarsson til þrotabús hans í kjölfar innköllunar til skuldheimtumanna.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndu hafi ekki sýnt fram á, að hin selda fasteign sé svo gölluð, að það geti heimilað þeim að halda eftir, í formi afsláttar ellegar skaðabóta, hluta af eftirstöðvum kaupverðsins. Því beri stefndu að reiða fram eftirstöðvar kaupverðsins í samræmi við efni hans.

Varðandi kaupsamninginn um verslunarreksturinn er af hálfu stefnanda talið, að stefndu hafi ekki sýnt fram á, að þeir hafi verið útilokaðir frá þeim viðskiptasamböndum, sem Ingólfur Óskarsson lofaði að beina til þeirra. Þá hafi þrotamaður selt íþróttafélögum varning í smásölu með söluskatti, en afsláttur hafi verið veittur, og hefðu stefndu átt að geta stundað slík viðskipti áfram.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndu hafi ekki leitt í ljós, að þeir hafi orðið fyrir tjóni, og eins skorti sönnun fyrir fjárhæð hugsanlegs tjóns.

Þá telur stefnandi, að ákvæði kaupalaga nr. 39/1922 gildi um kaupsamninginn um verslunarreksturinn, og með vísan til 52. gr. hefðu stefndu fyrirgert mótbárurétti sínum með því að tilkynna ekki þegar í stað um það, sem þeir töldu áfátt.

Stefndu kveða, að stefnandi hafi ekki mótmælt, að vegna fyrrgreindra viðskipta beri þrotabúinu að greiða þeim eftirgreindar fjárhæðir:

a) hlutdeild í áföllnum vöxtum af veðskuld á 1. veðrétti við Verslunarbanka Íslands, að höfuðstól 150.449,09 kr., frá 23. 3. 1988,
b) símareikning, dags. 26. 4. 1988, 2.626,70 kr.,
c) eldri fasteignagjöld, dags. 15. 4. 1988, 5.118 kr.,
d) fasteignagjöld frá 1. 1. 1988 – 20. 2. 1988, 9.718 kr.

Stefndu telja, að þá tvo kaupsamninga, sem þeir gerðu við þrotamann 23. febrúar 1988, beri að skoða sem eina heild. Þeim sé rétt að bera upp fyrir þrotabúi Ingólfs Óskarssonar hverja þá mótbáru gegn gildi samningsins, sem snerti atvik, er fyrir hendi voru við samningsgerðina. Stefndu telja, að í þessu sambandi geti stefnandi í engu öðlast betri rétt en þrotamaður sjálfur hafði.

Stefndu fullyrða, að þrotamaður hafi við samningsgerðina með ólögmætum og saknæmum hætti leynt þá fjárþroti sínu. Afleiðingar gjaldþrotsins fyrir stefndu hafi verið þær, að seld viðskiptavild hafi verið einskis virði, nafnið Sportvöruverslun Ingólfs Óskarssonar hafi ekki nýst stefndu, og þrotamaður hafi ekki getað beint viðskiptasamböndum til stefndu.

Stefndu telja, að söluskattsskýrslur vegna ársins 1987 og hreyfingalisti vegna ársins 1986 hafi verið ákvörðunarástæða varðandi kaupverð verslunarrekstrarins. Síðar hafi komið í ljós, að söluskattsskyld heildsala þrotamanns til íþróttafélaga hafi verið færð inn á söluskattsskýrslur fyrir árið 1987 til viðbótar söluskattsskyldri smásölu. Velta smásöluverslunarinnar hafi því verið mun minni en þrotamaður gaf stefndu upp við kaupin, og hefði þrotamaður þannig með ólögmætum hætti haft áhrif á stefndu.

Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að fullgildur uppgjörssamningur hafi orðið til með lögmönnum aðila 5. maí 1989.

Stefndu vísa til ógildingarreglu 36. gr. l. nr. 7/1936 máli sínu til stuðnings, en telja, að ákvæði kaupalaga nr. 39/1922 eigi ekki við um samninga aðila.

Þrautavarakrafa stefndu er reist á því, að aðeins séu gjaldfallnar tvær afborganir af hinu óútgefna skuldabréfi og að stefndu verði aðeins dæmdir til að greiða þær afborganir og til að gefa út skuldabréf fyrir eftirstöðvunum.

Forsendur og niðurstaða.

Óumdeilt er í máli þessu, að stefndu hafa ekki enn innt af hendi eftirstöðvar kaupsamnings um verslunarhúsnæði að Klapparstíg 40, er greiða skyldi með skuldabréfi, að fjárhæð 818.298 krónur.

Af framburði þrotamanns fyrir dómi og hinu samþykkta tilboði stefndu má ráða, að stefnukrafan og kröfur stefndu varða efndir á tveimur samningum, sem í raun eru hluti af sömu samningsgerð. Kröfur stefndu um sýknu og til vara um, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar, verður að skilja sem gagnkröfur til skuldajafnaðar.

Með vísan til 1. mgr. 32. gr. l. nr. 6/1978 fá stefndu komið að gagnkröfum í málinu. Skýra verður tímaskilyrði ákvæðisins í samræmi við tilgang þess þannig, að því sé aðeins ætlað að koma í veg fyrir skuldajöfnuð, þegar aðilaskipti hafa orðið að kröfu á hendur þrotamanni á síðustu þremur mánuðum fyrir frestdag.

Sú staðreynd liggur fyrir í málinu, að bú Ingólfs Óskarssonar var tekið til gjaldþrotaskipta, skömmu eftir að þrotamaður undirritaði kaupsamninga við stefndu. Þrotamaður bar fyrir dómi, að hann hefði ekki upplýst stefndu fyrir eða við samningsgerðina um slæman fjárhag sinn og yfirvofandi gjaldþrot.

Stefndu hafa ekki krafist riftunar eða ógildingar á samningum sínum við þrotamann. Fallist er á með stefnanda, að málsástæður stefndu, byggðar á 36. gr. l. nr. 7/1936, séu of seint fram komnar.

Lesa má út úr varnargögnum málsins, að stefndu telja sig eiga skaðabóta- eða afsláttarkröfu á hendur stefnanda, vegna þess að þrotamaður hafi með saknæmum og ólögmætum hætti leynt þá fjárþroti sínu og gefið þeim rangar upplýsingar við samningsgerðina.

Stefndu hafa ekki tiltekið fjárhæðir þessara gagnkrafna og enga tilraun gert til að meta til fjár það tjón, sem þeir telja sig hafa orðið fyrir, eða þá verðrýrnun, sem þeir telja, að orðið hafi á hinu selda. Í greinargerð áskilja stefndu sér rétt til að óska dómkvaðningar matsmanna til að láta meta hæfilega lækkun kaupverðs. Stefndu hafa þó ekki látið verða af að renna slíkum stoðum undir gagnkröfur sínar.

Telja verður kröfur stefndu að þessu leyti verulega vanreifaðar. Framangreindar mótbárur stefndu geta þegar af þeirri ástæðu hvorki leitt til sýknu né lækkunar á dómkröfum stefnanda, og er því hafnað kröfum stefndu, sem á þeim byggjast.

Með breyttri kröfugerð hefur stefnandi fallist á, að hlutdeild í áföllnum vöxtum af veðskuld á 1. veðrétti að Verslunarbanka Íslands hf., að fjárhæð 150.449,09 krónur, og fasteignagjöld, að fjárhæð 14.836 krónur, komi til frádráttar eftirstöðvum kaupverðs. Stefnandi hefur hins vegar ekki fallist á kröfu stefndu um greiðslu á hluta af símareikningi frá 26. apríl 1988, að fjárhæð 2.626,70 krónur.

Með framlagningu dómskjals nr. 20 þykja stefndu hafa fært sönnur á, að sá hluti símareiknings, sem stefndu krefjast greiðslu á, sé vegna símanotkunar í mánuðunum desember 1987 og janúar og febrúar 1988. Þar sem í 7. gr. kaupsamnings um verslunarreksturinn er tekið fram, að seljandi greiði afnotagjöld af síma til afhendingardags, ber að draga fjárhæðina frá kröfum stefnanda, enda aðeins 8 dagar eftir af febrúar, þegar afhending fór fram, og ekki kostur á nánari sundurliðun símareiknings.

Samkvæmt 5. gr. kaupsamnings aðila um verslunarhúsnæðið skyldi þrotamaður gera upp við stefndu vexti af áhvílandi lánum og fasteignagjöld miðað við afhendingardag og greiða í síðasta lagi við undirritun afsals. Þar sem afsal var undirritað 23. febrúar 1988, án þess að uppgjör færi fram, og kröf-

ur stefndu á hendur þrotabúinu gjaldféllu við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar 8. mars 1990, þykir rétt, eins og málum er háttað, að vextir, fasteignagjöld og hluti af símareikningi, sem stefndu greiddu vegna þrotamanns í mars og apríl 1988, samtals að fjárhæð 167.911,79 krónur, komi til lækkunar á höfuðstól skuldabréfs þess, sem stefndi skyldi gefa út. Þykir sú niðurstaða styðjast við gögn málsins og rúmast innan kröfugerðar stefndu.

Samkvæmt þessu lækka eftirstöðvar kaupverðs í 650.386,21 krónu. Gjaldfallin afborgun af hinu óútgefna skuldabréfi 1. september 1989 reiknast samkvæmt því 224.117,87 krónur, þar af verðbætur 41.587,51 króna og samningsvextir 52.453,11 krónur. Ógreiddar eftirstöðvar 1. september 1989 reiknast 686.659,02 krónur, þar af verðbætur 166.350,04 krónur.

Engin ákvæði eru í kaupsamningi aðila eða afsali um gjaldfellingu á eftirstöðvum kaupverðsins, og af hálfu stefnanda var ekki gerð krafa eða áskilnaður um gjaldfellingu fyrr en með birtingu stefnu 9. og 18. október 1989. Verður því að miða gjaldfellingu eftirstöðva kaupverðsins við 18. október 1989.

Samkvæmt framansögðu ber stefndu in solidum að greiða stefnanda afborgun 1. september 1989, 224.117,87 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 1. september 1989 til greiðsludags, einnig eftirstöðvar óútgefins skuldabréfs, 686.659,02 krónur, ásamt verðbótum samkvæmt kaupsamningi frá 1. september til 18. október 1989, sem nema 14.881,16 krónum, og 4% ársvöxtum af samtölu eftirstöðva og verðbóta, 701.540,18 krónum, frá 1. september til 18. október 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 af sömu fjárhæð frá þ. d. til greiðsludags.

Eftir úrslitum málsins og með hliðsjón af atvikum öllum þykir hæfilegt, að stefndu greiði stefnanda 90.000 krónur í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Sigurður T. Magnússon, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Ólafur Ásgeirsson og Ingvar Ásmundsson, greiði in solidum stefnanda, þrotabúi Ingólfs Óskarssonar, 224.117,87 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 1. september 1989 til greiðsludags og 701.540,18 krónur með 4% ársvöxtum frá 1. september 1989 til 18. október 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði in solidum stefnanda 90.000 krónur í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 6. október 1994.

Nr. 255/1994. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Þ
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kynferðisbrot. Börn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og hefur því af hálfu ákæruvalds verið skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. maí 1994. Krefst ákæruvaldið staðfestingar á sakfellingu ákærða og þyngingar á refsingu hans, en ákærði gerir kröfu um sýknu.

Um fjölskyldutengsl ákærða og telpunnar er það fram komið, að hann og móðir hennar voru ekki skrásett á þjóðskrá sem sambýlisfólk á þeim tíma, er atvik málsins gerðust, og ekki með sama lögheimili. Af skýrslum ákærða og móðurinnar er þó ljóst, að þau voru í sambúð á lögheimili mæðgnanna á þessum tíma, og virðist sambúðin hafa varað sem næst frá miðju ári 1991 fram í marsmánuð 1993.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Viðbrögð ákærða við sakargiftum í málinu eru þar skilmerkilega rakin, en ofmælt er þó í forsendum dómsins, að hann hafi ekki neitað þeim. Með þessari athugasemd ber að fallast á það mat héraðsdómara, að ákærði sé sannur að sök um þann verknað, sem í ákæru greinir, og er hann réttilega talinn varða við 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 9. og 10. gr. laga nr. 40/1992.

Samkvæmt 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, breytir Hæstiréttur ekki viðurlögum í áfrýjuðum héraðsdómi, nema þau séu utan marka viðkomandi refsilagaákvæða eða í verulegu ósamræmi við brot ákærða. Telja verður, eins og hér háttar til, að refsiákvörðun héraðsdómara sé í

því ósamræmi við brot ákærða, að rétt sé að breyta henni. Verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þ, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 3. maí 1994.

Ríkissaksóknari gaf út ákæru í máli þessu 25. janúar sl. Fyrirkall var gefið út 16. febrúar, en birting tókst ekki, þar sem ákærði var í útlöndum. Annað fyrirkall var gefið út 8. mars og málið höfðað með birtingu þess og ákæru fyrir ákærða 15. mars. Málið var þingfest 17. mars. Það var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 20. apríl sl.

Málið var höfðað á hendur Þ, Kópavogi (nú til heimilis í ..... þar í bæ), f. 1955, „fyrir kynferðisbrot með því að hafa í janúar 1993 á heimili sínu að ....., Kópavogi, farið höndum um og sleikt kynfæri stúlkunnar X, dóttur sambýliskonu sinnar, fæddrar [...] 1988, og sett getnaðarlim sinn í munn X og látið hana sjúga hann.

Telst þetta varða við 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 9. og 10. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Skýrslur ákærða.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu 10. júní 1993. Verður hér rakið efni þeirrar skýrslu að því leyti, sem dómara þykir máli skipta.

Fyrstu viðbrögð ákærða, eftir að hann hafði heyrt sakarefni, voru þessi: „Ég bara man ekkert eftir þessu." Hann var spurður, hvort það hefði komið í hans hlut að líta eftir börnunum einum, og játaði hann því, að það hefði komið fyrir, en kvaðst ekki aðspurður muna eftir ákveðnum tilvikum. Hann kvað samskipti sín við barnið X hafa verið mjög góð og var þá spurð-

ur, hvort hann hefði ástæðu til að ætla, að hún kæmi fram með rangar upplýsingar í máli þessu á hendur honum. „Ég veit ekki, hvernig ég á að svara þessu . . . Ég hef ekkert nema hennar orð fyrir þessu. Ég bara trúi því ekki, að hún sé að skrökva þessu upp á mig. Ég veit ekkert, hvernig ég á að svara þessu. Ég fer flikk flakk á þessu spítti. . . Ég fór þarna flikk flakk í janúar og febrúar.“ Síðan segir í yfirheyrslunni: „Varstu einn að passa börnin á þeim tíma?“ „Já, það kom fyrir.“ „Fram kemur í málinu, að þú hafir viðurkennt fyrir M meint kynferðisbrot gagnvart X á þeim tíma og einmitt meðan þú varst að passa börnin einn. Hvað hefur þú um það að segja?“ „Ég sagði við hana, að ég gæti ekki neitað því eða játað. Þetta var tímabil, sem ég tel mig ekki hafa verið í sambandi. Ég bað þær fyrirgefningar, ef þetta hefur átt sér stað. Ég man þó eftir því að hafa gert það. Við ræddum þessi mál, ég og M og X. Það er alveg hægt að tala við X. Hún er mjög svo skýr, stelpan.“ „Enn síðar í yfirheyrslunni ítrekar ákærði minnisleysi sitt: „Ég man ekki eftir þessu. Ég er búinn að fara aftur og aftur yfir þetta.“ „Viltu halda því fram, að barnið segi þarna ósatt?“ „Nei, ég trúi því ekki, að hún segi ósatt.“

Þá er sakarefnið var fyrst borið undir ákærða fyrir dóminum, svaraði hann því til, að ákæran væri röng og að hann kannaðist ekki við að hafa aðhafst það, sem hann væri sakaður um.

Í skýrslu sinni fyrir dómi bar ákærði enn fyrir sig minnisleysi. Þegar honum var bent á, að fram kæmi í lögregluskýrslum, að hann hefði beðið mæðgurnar X og M fyrirgefningar, svaraði hann: „Já, já, ég sagði við þær, að ef þetta hefði átt sér stað, bæði ég þær afsökunar á þessu. Ég gerði mér ekkert grein fyrir, hvort ég . . . hvort þetta hefði átt sér stað eða ekki, og er ekki ennþá búinn að átta mig á því, – mikið búinn að hugsa þetta.“ Dómari: „Gerðir þú þá ráð fyrir, að þetta kynni að hafa átt sér stað?“ Ákærði: „Sko, það getur allt skeð í þessum skrýtna heimi og þessu móki, sem maður er í. Hvernig á ég að . . ., þær ganga á mig þarna, og ég veit bara ekki, hvað ég hefði átt að svara öðru. Mér þykir vænt um þetta fólk.“ Nánar spurður af sækjanda svarar ákærði: „Já, ég veit ekki, hvort þetta hefur átt sér stað, og ég er mikið búinn að spekúlera í þessu.“ Sækjandi: „Þannig, að þú hvorki neitar þessu né játar þessu?“ Ákærði: „Já, ég get ekki svarað því hérna, hvað ég var að gera. Ég á vont með að vita, hvað hefur verið að gerast síðastliðin tvö ár.“

Í skýrslu ákærða fyrir dóminum kom einnig fram, að komið hefði fyrir, að hann hefði gætt barnanna tveggja, meðan M var í vinnu, en þó sjaldan. Hann kvaðst þó ekki minnast þess, að hann hefði gert það í janúar 1993: „. . . ég bara veit ekki, á hvaða tíma það hefur verið eða hvenær.“ Enn

fremur kom fram hjá ákærða, að honum og telpunni X hefði lynt vel, hún hefði ýmist kallað hann pabba eða gælunafni hans, Tóta.

Ákærði var að því spurður, hvort hann gæti með nokkrum hætti skýrt, hvernig á því stæði, að barnið X segði frá sem það gerði. Ákærði kvaðst þá vera þeirrar skoðunar, að það væri „bæði vegna öfundsýki hennar, að ég sé með mömmunni, og hins vegar út af bróður hennar. Og svo bæði amma hennar og systir hennar, þú veist, þeim hefur ekki líkað við mig, og þetta var . . . Ég átti í miklu mótlæti við þetta fólk, og ég held, að það sé bara út af því."

Ákærði kvað það aðspurður alls ekki vera rétt, að hann hefði viðurkennt kynferðisbrot gagnvart X fyrir M: „Hún gekk þarna á mig, og ég bara sagði henni eins og var: „Ég bara veit ekki til þess, að þetta hafi verið," – og lallaði bara í burtu."

Aðalsteinn Sigfússon sálfræðingur, forstöðumaður Félagsmálastofnunar Kópavogs, kom fyrir dóminn sem vitni. Hann staðfesti skýrslu sína um frásögn X af ætluðu broti ákærða, dags. 25. apríl 1993. Vitnið bar, að fyrri yfirheyrsla yfir X fyrir dómi 29. mars sl., sem varð án tals á myndbandi, hefði verið mjög í samræmi við fyrri skýrslu frá 25. apríl 1993. Í síðari (styttri) yfirheyrslunni, sem er á myndbandinu með tali, hefðu komið fram meginatriði þess, sem áður var komið fram.

Í lok skýrslunnar frá 25. apríl 1993 segir: „Ofangreint viðtal er trúverðugt, sem undirritaður metur út frá tjáningu stúlkunnar og hegðun hennar almennt." Þessi orð var vitnið, Aðalsteinn, beðið að skýra nánar. Honum fórust svo orð: „Það komu ekki fram í máli hennar neinar þversagnir. Það var í raun sama, hvernig maður spurði. Hún var, það var svona samfella í hennar frásögn og ekki neinar mótsagnir, sem maður merkti. Það var líka, mátti finna í hennar hegðun, að henni fannst óþægilegt að segja frá þessu. Þetta virtist svona koma frá hjarta hennar, ef maður getur orðað það þannig, og hún hafði áður gengið í gegnum þetta og fannst óþægilegt að þurfa að endurtaka slíka hluti, þannig að þetta var eitthvað, sem virkilega gekk nærri henni, en samt sem áður var hún tilbúin til þess að láta okkur eða mér í té þessar upplýsingar. Það er nú svona fyrst og fremst út frá þessum atriðum, sem maður metur þennan trúverðugleika. Ég kannski ítreka einmitt þetta atriði, að þegar maður spurði hana aftur að sömu spurningum, en þó með kannski aðeins öðruvísi hætti, þá var hún alltaf samkvæm sjálfri sér í þessari frásögn."

Sem fyrr segir, var X hinn 27. apríl 1993 lögð inn á Barnaspítala Hringsins til læknisfræðilegrar skoðunar. Hún var þar skoðuð af Jóni R. Kristinssyni barnalækni og Þóru F. Fischer kvensjúkdómalækni. Í fram lögðu

vottorði þeirra kemur fram, að skoðun hefur ekki leitt neitt óeðlilegt í ljós, hvorki almenn líkamleg skoðun né athugun á kynfærum eða endaþarmi. Engin merki voru um áverka. Meyjarhaft var eðlilegt. „Ólíklegt, að innþrenging (penetration) hafi átt sér stað.“ Í lok vottorðsins segir: „Þessi rannsókn útilokar þó engan veginn, að telpan hafi orðið fyrir einhvers konar kynferðislegri áreitni.“

Niðurstöður.

Í varnarræðu benti verjandi ákærða m. a. á, að játning lægi ekki fyrir. Að sögn M hefði hún skoðað barnið og ekki séð neitt óeðlilegt. Við læknisskoðun, sem reyndar hefði farið fram löngu síðar, hefði heldur ekkert óeðlilegt komið í ljós. Taldi verjandi, að ekki væri fram komin lögfull sönnun fyrir sök ákærða.

Ákærði hefur að vísu ekki játað sakargiftum, en hann hefur þó ekki neitað þeim. Hann hefur hvorki fyrir lögreglu né fyrir dóminum treyst sér til að rengja frásögn X, sem sakargiftirnar grundvallast á. Vörn hans hefur einkum verið fólgin í því að bregða fyrir sig minnisleysi. Sú vörn er engan veginn trúverðug. Vætti fyrrverandi sambýliskonu ákærða og móður X, M, bendir eindregið til, að hann hafi verið vel meðvitaður um gerðir sínar á þeim tíma, er meint brot átti að vera framið. Með fullkomnum ólíkindum er og það, að hann hafi ekki munað síðla dags, hvað hann aðhafðist fyrr um daginn. Upplýst er, að hann bað bæði X og M fyrirgefningar, en ekki er það sennilegt, að það hefði hann gert, ef hann hefði ekki vitað á sig sökina.

Frásögn telpunnar X er mjög trúverðug. Ekki er annað að sjá en hún greini þeim, sem hún segir frá atvikum, í aðalatriðum eins frá. Í frásögn hennar, eins og hún birtist í skýrslu Aðalsteins Sigfússonar sálfræðings, er innbyrðis gott samræmi. Eins og sálfræðingurinn hefur bent á hér fyrir dómi, skýrir hún frá á sama veg um hvert einstakt atriði, þó að hún sé um það spurð oftsinnis á ólíkan hátt. Milli þeirrar skýrslu og frásagnar barnsins hjá sálfræðingnum fyrir dóminum er mjög gott samræmi. Hvorki móðir telpunnar né aðrir vandamenn né heldur sálfræðingurinn, sem hefur margspurt hana um atvikin, hafa verið í minnsta vafa um, að hún segði satt og rétt frá. Það er og mjög ólíklegt, að hún hafi alið með sér afbrýðisemi eða aðrar hvatir, sem hefðu getað leitt hana til að bera rangar sakir á ákærða, því að helst er að ráða af gögnum máls, að henni hafi lynt mjög vel við stjúpa sinn, sem hún reyndar kallaði pabba eða gælunafni hans.

Að virtu því, sem að framan er ritað, þykir dómara ekki varhugavert að telja, að sönnuð sé sök ákærða samkvæmt ákæru. Brot hans er þar rétt fært undir refsiákvæði, enda verður ekki talið, að annað refsiákvæðið tæmi sök

gagnvart hinu. Fellur hin saknæma háttsemi ákærða undir hugtakið „önnur kynferðisbrot“, og ber að leggja það að jöfnu við samræði, sbr. greinargerð með frumvarpi til laga nr. 40/1992.

Ákærði er sakhæfur. Hann á að baki langan sakaferil. Samkvæmt sakavottorði hefur hann frá árinu 1971, 16 ára aldri, 13 sinnum verið dæmdur fyrir lögbrot, 6 sinnum gengist undir dómsátt og einu sinni sektargerð sýslumanns. Flest brotin hafa verið hegningarlagabrot, aðallega þjófnaður, en einnig nytjastuldur og skjalafals. Síðast hlaut hann dóm fyrir hegningarlagabrot 9. júní 1988, 3ja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, fyrir skjalafals. Átta sinnum hefur hann gerst brotlegur við umferðarlög og þrisvar við fíkniefnalög. Hinn 17. mars 1989 var hann dæmdur í sekt, hegningarauka við dóminn frá 9. júní 1988, fyrir umferðarlagabrot; 23. október 1990 gekkst hann undir dómsátt, sektargreiðslu vegna brots á fíkniefnalögum og 18. nóvember 1993 sektargerð sýslumanns vegna sams konar brots.

Refsingu ber að tiltaka með hliðsjón af 1. ml. 2. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við ákvörðun hennar verður auk sakaferils ákærða tekið tillit til þess, að hér í þessu máli er um stakt brot að ræða. Þá þykir og verða að virða það til refsilækkunar, að samkvæmt fram lögðu bréfi Krýsuvíkursamtakanna hefur ákærði „að eigin ósk verið tekinn til meðferðar vegna langvarandi misnotkunar og ofneyslu vímuefna . . .“

Að þessu athuguðu þykir dómara refsing ákærða hæfilega ákveðin 10 mánaða fangelsi.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þ. m. t. þóknun réttargæslumanns síns og verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hrl., sem ákveðst 70.000 kr. auk virðisaukaskatts, og saksóknarlaun í ríkissjóð, sem hæfileg þykja 60.000 kr.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Þ, sæti 10 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. þóknun réttargæslumanns síns og verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 70.000 kr. auk virðisaukaskatts, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 kr.

Fimmtudaginn 6. október 1994.

Nr. 175/1991. **Sölusamtök lagmetisiðnaðarins**
(Jóhannes Sigurðsson hdl.)
gegn
Landsbanka Íslands
(Reinhold Kristjánsson hdl.)

Afurðalán. Ábyrgð. Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. apríl 1991. Krefst hann þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að afhenda sér innstæðu á innlendum gjaldeyrisreikningi nr. 180409 í Landsbanka Íslands, upphaflega að fjárhæð 250.000 bandaríkjadalir, með áföllnum vöxtum og vaxtavöxtum frá 25. ágúst 1988 til greiðsludags, allt að frádregnum 81.740 bandaríkjadölum með sömu vöxtum og vaxtavöxtum frá 6. mars 1989 til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér jafnvirði 168.259,23 bandaríkjadala í íslenskri mynt miðað við sölugengi á greiðsludegi og með nánar tilgreindum vöxtum frá 25. ágúst 1988 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi. Með vísan til forsendna hans er staðfest sú niðurstaða, að innstæða á gjaldeyrisreikningi nr. 180409 hjá stefnda, að fjárhæð 250.000 bandaríkjadalir, er lögð var inn á reikninginn 26. ágúst 1988, hafi verið viðbótartrygging til stefnda vegna afurðalánasamnings hans og Hafeldis hf. 25. sama mánaðar.

II.

Í framhaldi af viðræðum vegna greiðsluerfiðleika Hafeldis hf. í nóvemberbyrjun 1988 krafðist stefndi gjaldþrotaskipta á búi fyrir-

tækisins með bréfi til skiptaréttar Kópavogs 10. nóvember. Er þar vísað til afurðalánasamningsins frá 25. ágúst sama ár og skýrt frá því, að honum hafi verið sagt upp og krafa gerð um, að Hafeldi hf. afhenti bankanum rekstrarvörubirgðir og framleiðslu samkvæmt 7. gr. samningsins, en því hafi fyrirtækið ekki sinnt.

7. gr. afurðalánasamnings stefnda og Hafeldis hf. hljóðaði svo:

„Ef meðferð afurða- eða rekstrarvörubirgða er verulega áfátt eða verkun framleiðslunnar, vinnsla, pökkun og sala ekki rekin með eðlilegum hætti, allt að áliti bankans, skuldbindur lántakandi sig til að afhenda bankanum rekstrarvörubirgðirnar og framleiðslu þá, sem áfátt er, til fullnaðarverkunar og sölumeðferðar eða framselja honum þær til eignar. Allan kostnað af þessum aðgerðum greiðir lántakandi."

Þegar gjaldþrotaskiptabeiðni stefnda var tekin fyrir í skiptarétti Kópavogs 11. nóvember 1988, var gerð svofelld bókun:

„Samkomulag varð með aðilum um, að Hafeldi hf. framseldi Landsbanka Íslands fiskeldisafurðir, með vísan til 7. gr. dskj. nr. 3. Bankinn fellur þar með frá beiðni um gjaldþrotaskipti. Með undirskrift sinni hér undir staðfesta þeir framsalið. Landsbankinn lýsir því yfir, að leitað verði samráðs við fulltrúa Hafeldis hf. við framkvæmd slátrunar og sölumeðferðar afurða."

Undir bókun þessa rituðu lögmaður stefnda og stjórnarformaður og lögmaður Hafeldis hf.

Samkomulag þetta verður ekki túlkað öðruvísi en svo, að stefndi skyldi yfirtaka hinar veðsettu birgðir samkvæmt 7. gr. afurðalánasamningsins. Þar með réð stefndi því, hvernig vörslum birgðanna yrði háttað, en jafnframt skyldi hann leita samráðs við Hafeldi hf. Í máli þessu byggir stefndi á því, að samkomulag þetta hafi aldrei komið til framkvæmda, þar eð nýr framkvæmdastjóri hafi verið ráðinn til Hafeldis hf., sem hafi verið reiðubúinn að sjá um rekstur félagsins með hagsmuni allra aðila í huga. Miðað við framangreindan aðdraganda og ótvírætt orðalag samkomulagsins og mótmæli áfrýjanda hvílir það á stefnda að sanna, að frá samkomulaginu hafi verið fallið. Engin bein yfirlýsing liggur fyrir um það í málinu. Í héraðsdómi eru raktar skýrslur vitna um þessi efni. Þar kemur meðal annars eftirfarandi fram: Fulltrúi stefnda samþykkti þá ráðstöfun stjórnarformanns Hafeldis hf., sem gerð var rétt fyrir gerð sam-

komulagsins, að ráða Hjálmar Diego sem framkvæmdastjóra. Haldnir voru því sem næst vikulegir samráðsfundir um málefni Hafeldis hf. í starfsstöð stefnda, þar sem auk fulltrúa hans og Hafeldis hf. mætti fulltrúi áfrýjanda. Stefndi sá um að leggja fram viðbótarfjármagn til þess að halda áfram rekstrinum. Þegar skýrslur vitna eru metnar í heild, þykja þær bera með sér, að það hafi verið skilningur aðila, að sú breyting hafi orðið á með samkomulaginu 11. nóvember, að stefndi hafi tekið við umráðum hinna veðsettu birgða. Þetta styrkja og tvennir minnispunktar, sem liggja fyrir í málinu um fund umboðsmanna áfrýjanda og stefnda, lögmannanna Benedikts Guðbjartssonar og Ragnars Aðalsteinssonar, 1. desember 1988, þar sem rætt var um breytt viðhorf. Er gerð grein fyrir minnispunktum þessum í hinum áfrýjaða dómi. Þótt minnispunktar þeir, sem unnir voru og vélritaðir í skrifstofu stefnda, séu ekki undirritaðir, þykja þeir ásamt minnispunktum umboðsmanns áfrýjanda bera óyggjandi með sér, að á þessum tíma hafi það verið sameiginlegur skilningur aðila máls þessa, að hinn 11. nóvember hafi stefndi yfirtekið hinar veðsettu birgðir, og hafi sú staða gert það nauðsynlegt, að endurskoðað yrði samkomulag það, sem gert hafði verið 17. ágúst 1988 um skiptingu söluandvirðis afurða Hafeldis hf.

Að öllu þessu athuguðu þykir nægilega fram komið, að eftir 11. nóvember 1988 hafi verið unnið í samræmi við samkomulag það, sem gert var í skiptarétti Kópavogs þann dag, og að sá hafi verið skilningur aðila máls þessa og forráðamanna Hafeldis hf. Verður að líta svo á, að um afhendingu birgða til stefnda hafi verið að ræða í skilningi 7. gr. afurðalánasamnings hans og Hafeldis hf., en framkvæmdastjóri þess fyrirtækis hafi annast umsjón þeirra í umboði stefnda, en einnig í samráði við fulltrúa áfrýjanda með hliðsjón af umsýslusamningi frá 17. ágúst 1988.

III.

Í 5. gr. afurðalánasamnings stefnda og Hafeldis hf. var svofellt ákvæði um skyldu lántaka til vátryggingar:

„Hafa skal hann afurðirnar og rekstrarvörubirgðirnar vátryggðar og afhenda bankanum skilríki fyrir, að svo sé gert. Bankanum er ávallt heimilt að veita vátryggingafélagi lántakanda upplýsingar um birgðir og afurðalán, sem vátryggjandi telur sér nauðsynlegar.“

Í 13. gr. umsýslusamnings áfrýjanda og Hafeldis hf., sem rakinn er í héraðsdómi, er ákvæði um skyldu hins síðarnefnda til vátryggingar eldisfisks og til að láta áfrýjanda í té staðfestingu á vátryggingarsamningi. Einnig segir þar: „Sölustofnun lagmetis er heimilt, ef greiðslufall verður á iðgjaldinu, að greiða iðgjald á samningstímanum og draga kostnaðinn frá vöruverðinu, þó ekki fyrr en greiddar hafa verið kröfur Landsbanka Íslands og Tryggingar hf.“

Fyrir liggur, að mestallur eldisfiskur Hafeldis hf. var geymdur í svonefndri Bridgestone-kví í Straumsvík. Vátryggingarsamningur hafði verið gerður um tryggingu hennar 1. júlí 1988, og átti vátryggingin að gilda til 31. janúar 1989. Haustið 1988 hafði vátryggjandi fisksins, Reykvísk endurtrygging hf., undanskilið sig bótaskyldu vegna ófullnægjandi frágangs bólfæra kvíarinnar. Var þetta lagfært, en það var ekki fyrr en í janúar 1989, að tryggingafélagið tilkynnir, að fyrirvarar þess um þetta efni eigi ekki lengur við. Liggur fyrir í málinu bréf þetta varðandi 4. janúar 1989 til Benedikts Guðbjartssonar lögfræðings, sem annaðist mál Hafeldis hf. fyrir stefnda. Eins og rakið er í héraðsdómi, fullyrðir framkvæmdastjóri tryggingafélagsins, að hann hafi í janúarbyrjun rætt við Benedikt Guðbjartsson og sérstaklega skýrt honum frá því, að hafa yrði samband við tryggingafélagið, ef framlengja ætti tryggingu kvíarinnar. Benedikt Guðbjartsson hafnar því í framburði sínum, að um þetta hafi verið rætt. Hins vegar kannast hann við samtal 28. desember 1988 við framkvæmdastjóra tryggingafélagsins, þar sem rætt hafi verið um þessa tryggingu með hliðsjón af því, hvort hún væri komin í lag vegna áðurgreinds fyrirvara tryggingafélagsins, og kveðst hann hafa spurt sérstaklega að þessu. Þá hafi og verið rætt um uppgjör á bótum, sem Hafeldi hf. átti inni hjá tryggingafélaginu.

Óumdeilt er í málinu, að stefndi hafði í höndum vátryggingarskírteini vegna ofangreindrar tryggingar. Þá liggur fyrir bréf Reykvískrar endurtryggingar hf. til hagdeildar stefnda 14. júní 1988, en í fylgiskjali þess bréfs kemur fram, hvert var vátryggingartímabil framangreindrar eldiskvíar.

Ekkert liggur fyrir í málinu um sérstök afskipti áfrýjanda af vátryggingarmálum Hafeldis hf., eftir að umsýslusamningur þessara aðila var gerður 17. ágúst 1988.

IV.

Af því, sem að framan er rakið, er ljóst, að hjá stefnda lágu fyrir upplýsingar um, að vátrygging eldisfisks í svonefndri Bridgestonekví átti að falla úr gildi 31. janúar 1989. Á það er og að líta í þessu sambandi, að umræður áttu sér stað milli fulltrúa stefnda og framkvæmdastjóra vátryggingafélagsins sérstaklega um þessa tryggingu, u. þ. b. mánuði áður en hún átti að falla úr gildi, þótt ósannað sé gegn mótmælum stefnda, að þær hafi fjallað um gildistíma tryggingarinnar. Miðað við það, sem fyrir liggur um þetta í málinu, verður ekki talið, að stefndi geti borið það fyrir sig, að starfsmönnum hans hafi ekki mátt vera ljóst, hvenær umrædd trygging rynni út.

Samkvæmt 5. gr. afurðalánasamnings stefnda og Hafeldis hf. átti hið síðarnefnda að sjá um vátryggingu umræddra afurða. Stefndi hafði, sbr. niðurstöðu II. kafla hér að framan, yfirtekið afurðirnar samkvæmt 7. gr. samningsins. Þykir verða að líta svo á, að eftir það hafi hann ekki eingöngu mátt treysta á, að Hafeldi hf. uppfyllti ofangreint ákvæði 5. gr. samningsins.

Stefndi hefur borið fyrir sig í málinu, að samkvæmt áðurgreindri 13. gr. umsýslusamnings áfrýjanda og Hafeldis hf. hefði áfrýjandi tekið á sig ákveðnar skyldur varðandi vátryggingu eldisfisksins. Einnig vísar hann til aðdraganda afurðalánasamningsins og samkomulags milli sín og áfrýjanda 25. ágúst 1988, þar sem segir, að stefndi sé aðeins milliliður. Áfrýjandi heldur því hins vegar fram, að framangreint ákvæði umsýslusamningsins hafi fallið niður, er til þess kom, að afurðirnar voru veðsettar stefnda og gerður var afurðalánasamningur milli hans og Hafeldis hf. Þá hafi forsendur allar breyst, þegar samkomulag stefnda og Hafeldis hf. var gert í skiptarétti 11. nóvember 1988. Verður að fallast á það, að eftir að til þess kom, að stefndi hagnýtti sér ákvæði 7. gr. afurðalánasamningsins, hafi áfrýjandi haft réttmæta ástæðu til að líta svo á, að þau mál, er vörðuðu vörslur afurðanna, væru undir stjórn og á ábyrgð stefnda. Tæki það meðal annars til vátryggingar þeirra, en það var frá öndverðu meðal grundvallaratriða í viðskiptum aðilanna, að afurðunum yrði haldið vátryggðum. Samráð við áfrýjanda á þessu tímabili þykir ekki hagga þessu. Verður og að hafa í huga, að stefndi hefur yfir að ráða reynslu og sérþekkingu á þessu sviði. Samkvæmt þessu

er á það fallist, að stefndi beri ábyrgð á því gagnvart áfrýjanda, að umrædd vátrygging var ekki framlengd.

V.

Aðalkrafa áfrýjanda er á því byggð, að hefði vátryggingu á eldisfiskinum verið réttilega haldið við, hefðu þeir, sem hagsmuna áttu að gæta, fengið fullnustu á kröfum sínum. Þá hefði stefndi fengið greiðslu á afurðaláni sínu, að fjárhæð 250.000 bandaríkjadalir, og látið lausan reikninginn, sem áfrýjandi stofnaði hjá honum til tryggingar. Miðað við málflutning aðila verður að líta svo á, að ágreiningslaust sé með þeim, að vátryggingarbætur hefðu nægt til að halda þeim skaðlausum.

Áfrýjandi miðar kröfu sína við það, að fé, sem hann fékk greitt vegna sölu á eldisfiski Hafeldis hf., 81.740 bandaríkjadalir, dragist frá kröfunni, enda takmarki hann hana við beint tjón sitt. Hann hafi endurgreitt Norway Foods Inc. að fullu lán, að fjárhæð 250.000 bandaríkjadalir, sem hann fékk frá því fyrirtæki.

Við flutning málsins í Hæstarétti var kröfum áfrýjanda ekki mótmælt tölulega af hálfu stefnda. Í héraðsdómi kemur fram, að umdeild innstæða hafi staðið óhreyfð frá 26. ágúst 1988, og hefur því ekki verið haldið fram, að það hafi breyst. Verður aðalkrafa áfrýjanda því með vísan til alls framanritaðs tekin til greina, þó þannig, að vextir reiknast frá 26. ágúst 1988.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði falli niður, en stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Landsbanki Íslands, afhendi áfrýjanda, Sölusamtökum lagmetisiðnaðarins, innstæðu á innlendum gjaldeyrisreikningi nr. 180409 í aðalbanka stefnda, að fjárhæð 250.000 bandaríkjadalir, með áföllnum vöxtum og vaxtavöxtum frá 26. ágúst 1988 til greiðsludags, allt að frádregnum 81.740 bandaríkjadölum með sömu vöxtum og vaxtavöxtum frá 6. mars 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði fellur niður, en stefndi greiði áfrýjanda 500.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. mars 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 7. mars 1991, hafa Sölusamtök lagmetisiðnaðarins, kt. 450189-1469, Síðumúla 37, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með þingfestingu stefnu, 25. janúar 1990, á hendur Eyjólfi K. Sigurjónssyni, kt. 230824-4959, Flókagötu 65, Reykjavík, formanni bankaráðs, fyrir hönd Landsbanka Íslands, kt. 710169-3819, Austurstræti 11, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær.

Aðallega, að stefndi verði dæmdur til að afhenda stefnanda innstæðu á innlendum gjaldeyrisreikningi nr. 180409 í Landsbanka Íslands, aðalbanka, upphaflega að fjárhæð USD 250.000 með áföllnum vöxtum og vaxtavöxtum frá 25. ágúst 1988 til greiðsludags, allt að frádregnum USD 81.740 með sömu vöxtum og vaxtavöxtum frá 6. mars 1989 til greiðsludags.

Til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda jafnvirði USD 168.259,23 með [nánar tilgreindum vöxtum].

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði sýknaður bæði af aðalkröfu og varakröfu stefnanda, svo og af kröfu um greiðslu málskostnaðar, en stefnandi verði í þess stað dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og framlögðum málskostnaðarreikningi.

Þess er krafist, að stefnandi verði dæmdur til greiðslu fjárhæðar sem svari til virðisaukaskatts á málskostnað, samanber l. nr. 50/1988, enda sé stefndi ekki með virðisaukaskattsskylda þjónustu.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 19. desember 1990. Það var endurupptekið, endurflutt og dómtekið að nýju 7. mars 1991.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er sú grein gerð fyrir aðild málsins, að Sölusamtök lagmetisiðnaðarins hafi verið stofnuð 26. nóvember 1988. Um sé að ræða formleg samtök útflytjenda lagmetis, sem selji vörur framleiðenda í umsýslusölu. Sölusamtök lagmetisiðnaðarins hafi tekið við öllum réttindum og skyldum Sölustofnunar lagmetis, sem lögð hafi verið niður, en sú stofnun hafi starfað á grundvelli l. nr. 58/1981. Stefnandi sé því réttur aðili málsins, þótt Sölustofnun lagmetis hafi verið aðili að þeim löggerningum, sem málið sé sprottið af.

Stefnandi lýsir málsatvikum svo, að í júlí 1988 hafi Sölustofnun lagmetis, forveri stefnanda, og laxeldisfyrirtækið Hafeldi hf. gert með sér samkomulag um að uppfylla tilboð, sem fyrrnefnda aðilanum hafi borist um sölu á laxi til Norway Foods Inc. í New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku. Hafi verið samið um söluþóknun, en jafnframt um það að semja um nánari útfærslu á samningnum. Hafeldi hf. hafi þá átt í umtalsverðum fjárhagserfiðleikum, og sýnt hafi verið, að félagið þyrfti á umtalsverðu fé að halda til þess að geta haldið áfram fóðrun og síðan kostað slátrun á þeim ca. 100 tonnum af eldisfiski, sem félagið hafi þá átt í kvíum. Sölustofnun lagmetis hafi á þessum tíma átt 20% eignarhlut í hinu bandaríska fyrirtæki.

Sölustofnun lagmetis og Hafeldi hf. gerðu síðan með sér umsýslusamning 17. ágúst 1988 um sölu á allri framleiðslu Hafeldis hf. á íslenskum eldislaxi, sem áætlað var, að yrði um 135 tonn, til Norway Foods Inc. Vegna þessara viðskipta tók Sölustofnun lagmetis við USD 250.000 frá Norway Foods Inc.

Hafeldi hf., Sölustofnun lagmetis, stefndi og Trygging hf. undirrituðu yfirlýsingu 17. ágúst 1988, þar sem tveir síðasttöldu aðilar samþykktu, að Hafeldi hf. veitti viðtöku sem fyrirframgreiðslu upp í söluverð eldislaxins fjárhæð að jafnvirði USD 250.000 án frádráttar. Jafnframt var samþykkt skipting á nettó-skilaverði hverrar einstakrar sendingar til Norway Foods Inc. milli aðilanna, þannig, að fyrst um sinn skyldi Hafeldi hf. fá 12,5%, Sölustofnun lagmetis 30%, stefndi 42,5% og Trygging hf. 15%. Hlutfall Sölustofnunar lagmetis skyldi draga frá greiðslum Norway Foods Inc., en að öðru leyti skyldi leggja söluandvirðið inn á reikning hjá stefnda, sem sjá átti um að skipta fénu í samræmi við samkomulagið. Hlutur stefnda skyldi ganga til að greiða eldri afurðalánaskuld Hafeldis hf. við stefnda, sem talin var vera kr. 8.108.940 miðað við 10. ágúst 1988 auk vaxta, og skuld Hafeldis hf. að hluta samkvæmt skuldabréfi, út gefnu 31. maí 1988, að upphæð USD 81.967,22, auk vaxta.

Stefnandi heldur því fram, að þegar ganga hafi átt frá veðskjölum vegna tryggingar á láni Sölustofnunar lagmetis til Hafeldis hf., að fjárhæð USD 250.000, hafi mönnum orðið ljóst, að sérgreiningarregla veðréttarins legði mönnum á herðar svo umfangsmikla skjalagerð, að veðsetningin hafi verið óframkvæmanleg. Af hálfu stefnda er þessu mótmælt sem röngu.

Framkvæmdastjóri Hafeldis hf. ritaði stefnda bréf 18. ágúst 1988 þar sem farið var fram á, að stefndi veitti fyrirtækinu afurðalán, sem svaraði til USD 250.000.

Sölustofnun lagmetis og stefndi gerðu með sér samkomulag vegna fyrrnefnds umsýslusamnings 25. ágúst 1988. Samkvæmt samkomulaginu skyldi Sölustofnun lagmetis leggja USD 250.000 inn á lokaðan gjaldeyrisreikning

hjá stefnda og stefndi einn hafa ráðstöfun á innstæðu reikningsins. Stefndi skyldi lána Hafeldi hf. sömu upphæð í formi afurðaláns gegn veði í eldisfiski o. fl. á eftir veðrétti stefnda vegna annarra afurðalána. Endurgreiðsla lánsins skyldi vera í samræmi við það skiptahlutfall, sem ákveðið var í yfirlýsingunni frá 17. ágúst. Í 4. gr. samkomulagsins var stefnda heimilað, ef lánið yrði ekki að fullu greitt 31. janúar 1989, að taka af hinum lokaða reikningi nægjanlega fjárhæð til að greiða lánið að fullu ásamt öllum kostnaði. Í 5. gr. var tekið fram, að samkomulag þetta væri gert að beiðni Sölustofnunar lagmetis og að stefndi væri aðeins milliliður í þessu samstarfi til að tryggja rétta og löglega framkvæmd málsins.

Í samræmi við samkomulagið voru USD 250.000 lagðir inn á gjaldeyrisreikning 180409 á nafni stefnda vegna Sölustofnunar lagmetis í aðalbanka stefnda 26. ágúst 1988. Sama dag kvittaði framkvæmdastjóri Hafeldis hf. fyrir móttöku á andvirði afurðaláns, USD 250.000 eða 11.571.516 kr.

Af hálfu stefnanda er talið, að þessi fjárhæð hafi átt að vera viðbótartrygging til stefnda vegna lánsins til Hafeldis hf., en af hálfu stefnda er því mótmælt sem röngu með vísan til 4. gr. samkomulagsins frá 25. ágúst, þar sem bankanum hafi verið heimilað að taka af hinum lokaða reikningi eftir 31. janúar 1989, ef lánið hefði þá ekki greiðst að fullu.

Afurðalánssamningurinn var undirritaður 25. ágúst 1988 og bankanum þar með settur að sjálfsvörsluveði allur eldisfiskur og einnig fóður, umbúðir og aðrar rekstrarvörur Hafeldis hf. Veðsetning þessi skyldi þó vera á eftir 1. veðrétti stefnda vegna fyrri afurðalána. Í 7. gr. samningsins var svohljóðandi ákvæði: „Ef meðferð afurða- eða rekstrarvörubirgða er verulega áfátt eða verkun framleiðslunnar, vinnsla, pökkun og sala ekki rekin með eðlilegum hætti, allt að áliti bankans, skuldbindur lántakandi sig til að afhenda bankanum rekstrarvörubirgðirnar og framleiðslu þá, sem áfátt er, til fullnaðarverkunar og sölumeðferðar eða framselja honum þær til eignar."

Framkvæmdastjóri Hafeldis hf. sendi stefnda og Sölustofnun lagmetis símskeyti 2. nóvember 1988, þar sem því var lýst yfir, að fjárhagsstöðu fyrirtækisins væri svo komið, að það gæti ekki greitt laun eða fóðrað eldislaxinn.

Með beiðni, dagsettri 10. nóvember s. á., krafðist stefndi gjaldþrotaskipta á búi Hafeldis hf. Í beiðninni var tekið fram, að stefndi hefði sagt upp afurðalánssamningi frá 25. ágúst og lagt fram kröfu um, að Hafeldi hf. afhenti bankanum rekstrarvörubirgðir og framleiðslu samkvæmt 7. gr. samningsins.

Við fyrirtöku gjaldþrotaskiptabeiðninnar í skiptarétti Kópavogs 11. nóvember 1988 undirrituðu lögmaður stefnda og lögmaður og stjórnarformaður Hafeldis hf. svohljóðandi bókun: „Samkomulag varð með aðilum um, að

Hafeldi hf. framseldi Landsbanka Íslands fiskafurðir með vísan til 7. gr., dskj. nr. 3. Bankinn fellur þar með frá beiðni um gjaldþrotaskipti. Með undirskrift sinni hér undir staðfesta þeir framsalið. Landsbankinn lýsir því yfir, að leitað verði samráðs við fulltrúa Hafeldis hf. við framkvæmd slátrunar og sölumeðferðar afurða."

Af hálfu stefnanda er haldið fram, að Hafeldi hf. hafi þar með framselt stefnda eldisfisk sinn til fullnaðarverkunar og sölumeðferðar samkvæmt 7. tl. afurðalánssamningsins á dómskjali nr. 13. Hafi þá Hjálmar Diego Þorkelsson með sérstöku samþykki stefnda verið ráðinn umsjónarmaður þeirra eigna, sem stefndi hafði fengið framseldar. Eftir þetta hafi verið haldnir vikulegir fundir í lögfræðingadeild stefnda undir stjórn Benedikts Guðbjartssonar hdl. með Hjálmari og Geir Rögnvaldssyni, starfsmanni Sölustofnunar lagmetis, sem umsjón átti að hafa með sölu fisksins. Á þessum fundum hafi starfsemi Hafeldis hf. verið stjórnað. Hafi stefndi því verið vörslumaður og séð um og fjármagnað rekstur þeirra eigna Hafeldis hf., sem afurðalánssamningurinn hafi tekið til.

Stefnandi telur það hafa verið skilning Benedikts Guðbjartssonar, lögfræðings stefnda, að bankinn hefði tekið yfir umráð og vörslur hins veðsetta, og komi þessi skilningur hans fram á dómskjali nr. 23, sem sé vélritað hjá stefnda upp úr minnispunktum frá fundi Benedikts Guðbjartssonar og Ragnars Aðalsteinssonar hrl., lögmanns Sölustofnunar lagmetis, 1. desember 1988. Skýrast komi þessi skilningur fram í 3. mgr. dómskjalsins og 1. mgr. liðar II.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að Hjálmar Diego hafi verið ráðinn sem framkvæmdastjóri Hafeldis hf. og að fyrirtækinu hafi verið stjórnað af stefnda. Því er enn fremur haldið fram, að framsal afurða stefnda hafi eingöngu verið til þess, að stefndi gæti gripið inn í atburðarásina, ef ekki fengist viðunandi stjórnandi og rekstur hjá Hafeldi hf., og hafi í raun aðeins verið framsal á andvirði hinna veðsettu verðmæta. Þar sem Hjálmar Diego skipstjóri hafi verið tilbúinn til að annast rekstur fyrirtækisins með hagsmuni allra aðila í huga og hann hafi unnið sér traust allra aðila, hafi Hafeldi hf. verið afhent forræði eigna sinna, án þess að stefndi tæki við því. Eftir það hafi fulltrúar Sölustofnunar lagmetis og stefnda fylgst með rekstri fyrirtækisins. Reksturinn hafi algerlega verið í höndum stjórnar Hafeldis hf., og beri öll viðskiptaskjöl fyrirtækisins þess merki. Stefndi hafi hins vegar lánað fé til greiðslu á hluta af rekstrarkostnaði.

Stefnandi kveður það hafa verið ætlun þeirra, sem hagsmuna áttu að gæta, að slátra öllum eldislaxinum fyrir desemberlok 1988. Af þeirri ástæðu hafi ekki verið keyptar tryggingar á eldisfiskinn nema til 31. janúar 1989.

Hafi öllum starfsmönnum Hafeldis hf. verið þetta ljóst svo og Benedikt Guðbjartssyni hdl. hjá stefnda. Vegna ótíðar í desember 1988 og janúar 1989 hafi ekki verið hægt að slátra eldislaxi. Á þeim tíma hafi Bjarni G. Bjarnason, þáverandi starfsmaður Reykvíkrar endurtryggingar hf., þrívegis átt samtal í síma við Benedikt Guðbjartsson, og hafi Bjarni í þeim samtölum bent á, að vátryggingin rynni út áðurgreindan dag.

Þegar lát hafi orðið á veðri og unnt hafi verið að komast út í kvíar um miðjan febrúar 1989, hafi verið ljóst, að gat hafði komið á innri nót eldiskvíarinnar og allur fiskurinn, u. þ. b. 31.729 fiskar, eða u. þ. b. 63 tonn af fiski sloppið. Þegar krafið hafi verið um tryggingarbætur vegna þessa tjóns, hafi vátryggingarfélagið hafnað greiðslu á þeirri forsendu, að vátrygging hafi runnið út 31. janúar 1989. Í upphaflegri tjónstilkynningu hafi af hálfu Hafeldis hf. verið talið, að líklegast hefði tjónið orðið 10.–12. febrúar 1989.

Stefnandi miðar kröfugerð sína við, að það fé, sem hann hafi fengið greitt vegna sölu á eldislaxi Hafeldis hf. eða USD 81.740,82 þann 6. mars 1989, dragist frá kröfu hans á hendur stefnda. Þá takmarki stefnandi kröfu sína í málinu við beint tjón sitt, en geri t. d. ekki kröfu vegna tapaðra sölulauna eða greiddra skaðabóta til Norway Foods Inc. Þá eigi stefnandi kröfuna, þar sem hann hafi að fullu endurgreitt Norway Foods Inc. lánið, að fjárhæð USD 250.000.

Af hálfu stefnanda er talið ótvírætt, að ef sala á fiskinum hefði farið fram eða tryggingu á honum hefði verið réttilega haldið við, hefðu þeir, sem hagsmuna hafi átt að gæta, fengið fullnustu á kröfum sínum. Hefði stefndi þannig fengið greiðslu á afurðaláni sínu, að fjárhæð USD 250.000, og því látið lausan reikning þann, er Sölustofnun lagmetis hafi stofnað í bankanum.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefnda sem vörslumanni eldisfisks og rekstrarvörubirgða hafi borið skylda til að sjá svo um, að hefðbundnar tryggingar væru keyptar og þeim tryggingum haldið við. Í þessu sambandi vísar stefnandi til liðar II. 1 í fyrrnefndum minnispunktum Benedikts Guðbjartssonar, þar sem segi um skiptingu og uppgjör á söluandvirði eftir yfirtöku stefnda á birgðum 12. 11. 1988, að tryggingar skuli greiða af nettó söluandvirði. Stefnda hafi verið ljóst, hvenær hin tímabundna vátrygging rann út, og hafi sem vörslumanni borið að vernda þá hagsmuni annarra með því að viðhalda vátryggingu á eldisfiski og rekstrarvörum. Með því að láta slíkt undir höfuð leggjast hafi stefndi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sem bakað hafi stefnanda mikið tjón. Þá hafi stefndi ekki gert reka að því að láta á það reyna gagnvart tryggingarfélaginu, hvort vátryggingin hafi verið í gildi eða ekki, en því hafi stefndi haldið fram. Eigi stefndi sem veð-

hafi og vörslumaður hagsmunanna ótvírætt aðild að slíkri kröfu. Af hálfu stefnanda er talið, að beint orsakasamband sé á milli tjóns hans og athafnaleysis stefnda.

Um lagarök vísar stefnandi einkum til reglna kröfuréttar um skyldur geymslu/vörsluaðila og reglna veðréttar um skyldur veðþola og handveðshafa gagnvart þeim, sem hagsmuna eigi að gæta í veðandlaginu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að afurðalánasamningar leggi þær skyldur á herðar lántakendum að vátryggja afurðir sínar. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að honum hafi ekki verið tilkynnt um, að vátryggingar væru að renna út. Því er mótmælt, að stefnda hafi borið skylda til að sjá um að tryggingarnar væru í lagi og að keyptar væru tryggingar, til þess að hagsmunir annarra væru ekki í hættu. Þá hafi Sölustofnun lagmetis með vísan til 13. gr. umsýslusamningsins frá 17. ágúst 1988 verið heimilt, ef greiðslufall yrði á tryggingariðgjaldi, að greiða iðgjaldið og draga kostnaðinn frá óuppgerðu vöruverði. Þar sem Hafeldi hf. hafi allan tímann átt inni hjá Sölustofnun lagmetis óuppgerðar sölur, hafi hún getað gripið inn í, ef henni þótti ástæða til. Þá hafi Hafeldi hf. á þeim tíma, sem mál þetta nær til, átt margar milljónir inni hjá Reykvískri endurtryggingu hf. vegna óuppgerðs tjóns 28. ágúst 1988.

Í munnlegum málflutningi bar lögmaður stefnda fram þær málsástæður að stefnandi hefði ekki sannað, að tjón hefði orðið á eldislaxi Hafeldis hf. eftir að vátrygging rann út, og að ekki hefði verið sýnt fram á orsakasamhengi milli þessa máls og hugsanlegs tjóns, sem hugsanlega hefði verið greitt af tryggingafélagi, ef trygging hefði verið í lagi. Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á, hversu mikill fiskur hafi verið í kvíum Hafeldis hf., og að sala á þeim fiski hefði nægt til, að stefnandi fengi fulla endurgreiðslu af þeim 30%, sem honum bar af afurðaverðinu samkvæmt fyrrnefndu samkomulagi.

Enn fremur bar lögmaðurinn fram þá málsástæðu, að Sölustofnun lagmetis hefði útvegað peningana til Hafeldis hf. og hefði ætlað sér að græða á viðskiptunum. Fjárhagslegur ávinningur stefnda af þessari milligöngu hafi enginn verið.

Þá mótmælti lögmaður stefnda frádrætti stefnanda, að fjárhæð USD 81.740, og taldi hann ekki byggjast á löglegum uppgjörsskjölum, auk þess sem fjárhæðin væri í eigu annarra að stórum hluta. Einnig var dráttarvaxtakröfu mótmælt.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að honum beri hvorki að skila gjaldeyrisreikningi nr. 180409 né að endurgreiða peninga á móti óuppgerðum kröfum, sem aldrei hafi borist honum.

Um lagarök vísar stefndi einkum til almennra reglna samninga- og kröfuréttar.

Af hálfu stefnanda var þeim málsástæðum og mótmælum stefnda, sem fyrst komu fram við munnlegan málflutning, mótmælt sem of seint fram komnum með vísan til 110. gr. l. nr. 85/1936 og einnig sem röngum.

Forsendur og niðurstaða.

Aðild málsins sóknarmegin hefur ekki verið mótmælt.

Skilja verður yfirlýsingu Hafeldis hf., stefnda, Sölustofnunar lagmetis og Tryggingar hf. frá 17. ágúst 1988 þannig að gert hafi verið ráð fyrir, að Sölustofnun lagmetis greiddi eða lánaði Hafeldi hf. USD 250.000 og að Sölustofnun lagmetis væri heimilt að draga þann 30% hlut, sem henni bar af nettóskilaverði, frá greiðslum kaupandans í New York. Með samkomulagi stefnda og Sölustofnunar lagmetis frá 25. ágúst 1988 varð hins vegar sú breyting á, að Sölustofnun lagmetis skyldi leggja USD 250.000 inn á lokaðan gjaldeyrisreikning á nafni stefnda og stefndi lána Hafeldi hf. sömu fjárhæð í formi afurðaláns gegn veði í eldisfiski o. fl. Skilja verður 3. gr. samkomulagsins þannig, að stefndi hafi nú átt að taka við öllu söluandvirði eldisfisksins og skipta því þannig fyrst um sinn, að 42,5% rynnu til greiðslu á eldra afurðaláni, að fjárhæð USD 250.000.

Með afurðalánssamningi, dagsettum 25. ágúst 1988, veitti stefndi Hafeldi hf. afurðalán, að fjárhæð USD 250.000, sem greitt var út 26. ágúst 1988 með kr. 11.571.526. Lánið var veitt gegn sjálfsvörsluveði í öllum eldisfiski, fóðri, umbúðum o. fl. samkvæmt 6. gr. samningsins. Veðréttur þessi skyldi þó standa að baki veðrétti stefnda vegna annarra afurðalána. Samkvæmt 2. gr. skyldi lántakandi greiða hæstu vexti, sem bankinn myndi ákveða um afurðalán. Lánsfjárhæðin var ekki tengd birgðum, eins og vanalegt er um afurðalán, heldur greidd út í einu lagi. Samkvæmt ákvæðum afurðalánssamningsins verður að líta svo á, að aðaltrygging stefnda fyrir endurgreiðslu lánsins hafi verið fyrrnefnt veð, og fallast má á með stefnanda, að innstæðan á gjaldeyrisreikningi nr. 180409 hafi verið viðbótartrygging til stefnda.

Stefndi fékk ekkert greitt upp í skuld vegna afurðalánsins fyrir 31. janúar 1989 og ekkert síðar, hvorki af andvirði veðsins né úr þrotabúi Hafeldis hf.

Við endurupptöku málsins var lagt fram yfirlit, dagsett 7. mars 1991, um stöðu gjaldeyrisreiknings nr. 180409, sem sýnir, að innstæða á reikningnum hefur ekki verið hreyfð frá 26. ágúst 1988.

Í beiðni stefnda, dagsettri 10. nóvember 1988, að bú Hafeldis hf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta, kom fram, að afurðalánssamningnum hefði verið sagt upp og krafa lögð fram um, að gerðarþoli afhenti bankanum rekstrarvörubirgðir og framleiðslu samkvæmt 7. gr. samningsins.

Í bókun þeirri, sem undirrituð var í skiptarétti Kópavogs 11. nóvember

1988 í kjölfar gjaldþrotaskiptabeiðninnar, kom fram, að samkomulag hefði orðið með aðilum um, að Hafeldi hf. framseldi stefnda fiskeldisafurðir með vísan til 7. gr. afurðalánssamningsins. Jafnframt var af hálfu stefnda lýst yfir, að samráðs yrði leitað við fulltrúa Hafeldis hf. um framkvæmd slátrunar og sölumeðferð afurða.

Skýra verður orðalag samkomulagsins með hliðsjón af 7. gr. afurðalánssamningsins, enda er beinlínis til hennar vísað, þannig að samkomulag hafi orðið um framsal á fiskeldisafurðum Hafeldis hf. til fullnaðarverkunar og sölumeðferðar, en stefnandi hefur ekki byggt á því, að um framsal til eignar hafi verið að ræða.

Verður tekið til úrlausnar, hvað felist í orðalagi 7. gr. afurðalánssamningsins: „Afhending . . . til fullnaðarverkunar og sölumeðferðar", og að hve miklu leyti fyrrnefnt samkomulag um framsal kom til framkvæmda.

Í framburði Guðmundar Jónssonar hrl., sem undirritaði samkomulagið í skiptarétti Kópavogs ásamt stjórnarformanni Hafeldis hf., kom fram, að hann hefði talið, að stefnda hefði verið framseld umsjón eða meðferð á þeim afurðum, sem til staðar voru hjá Hafeldi hf., til þess að halda í þeim lífinu og til að tryggja þau verðmæti, sem í þeim fólust.

Þótt orðalag samkomulagsins og 7. gr. afurðalánssamningsins bendi til þess, að þegar 11. nóvember 1988 hafi stefnda verið afhentar hinar veðsettu afurðir Hafeldis hf., þykir það eitt og sér ekki skera úr um réttarstöðu stefnda gagnvart afurðunum. Þykir því þurfa að taka til athugunar, hver hafi verið hin raunverulegu afskipti stefnda af afurðunum eftir 11. nóvember 1988.

Dómskjal nr. 23, sem Benedikt Guðbjartsson hdl. taldi í framburði sínum fyrir dómi, að væri unnið á skrifstofu stefnda upp úr minnisgreinum Benedikts Guðbjartssonar, lögfræðings stefnda, og Ragnars Aðalsteinssonar hrl. frá fundi þeirra 1. desember 1988, þykir benda til þess, að afstaða stefnda til hinna veðsettu verðmæta hafi breyst 11. nóvember 1988. Þar sem skjal þetta er að stórum hluta uppkast að samkomulagi, sem aldrei varð, og ekki vitað, hvað af efni skjalsins kom frá hvorum lögmanninum, auk þess sem skjalið er óundirritað, þykir það gegn mótmælum stefnda ekki taka af tvímæli um, að stefndi hafi fengið vörslur hinna veðsettu verðmæta 11. nóvember 1988, eins og stefnandi heldur fram.

Framlögð gögn veita litlar upplýsingar um raunveruleg afskipti stefnda af hinum veðsettu verðmætum á fyrrnefndu tímabili. Þó hafa verið lögð fram bréf frá Sölustofnun lagmetis og Reykvíkri endurtryggingu frá þessu tímabili, sem varða rekstur Hafeldis hf. og stíluð eru á félagið eða á Hjálmar Diego og virðast hafa verið send á skrifstofu félagsins í Kópavogi. Þá ritar

Hjálmar uppsagnarbréf sitt 31. maí 1989 til Finnboga Kjeld, stjórnarformanns Hafeldis hf., en sendir jafnframt stefnda og Reykvíkri endurtryggingu tilkynningu um uppsögnina.

Í bréfi Bjarna G. Bjarnasonar, starfsmanns Reykvíkrar endurtryggingar hf., frá 12. apríl 1989 til stefnda kemur fram, að frá því í desember 1988 hafi starfsmenn Hafeldis hf. ævinlega vísað málefnum fyrirtækisins til stefnda.

Þau vitni, sem af eigin raun geta borið um afskipti stefnda af hinum veðsettu verðmætum, eru þeir Finnbogi Kjeld, Hjálmar Þ. Diego og Geir Rögnvaldsson.

Í skýrslu Finnboga Kjeld fyrir dómi kom fram, að hann hefði ráðið Hjálmar til starfa sem umsjónarmann Hafeldis hf., áður en samkomulagið var gert í skiptarétti Kópavogs. Benedikt Guðbjartsson hafi þegar eftir fyrirtökuna hitt Hjálmar að máli og samþykkt ráðningu hans. Finnbogi kvaðst hafa samið við Hjálmar um launakjör og Hafeldi hf. greitt honum laun, en stefndi hafi hins vegar fjármagnað allar launagreiðslur. Þá taldi Finnbogi sig hafa haft boðvald eða skipunarvald gagnvart Hjálmari. Finnbogi taldi, að eftir að samkomulagið var gert, hefði Hafeldi hf. verið rekið af eða í samráði við stefnda og engir samningar gerðir nema með samþykki eða í samráði við stefnda. Allir starfsmenn við fiskeldið hafi þó verið starfsmenn Hafeldis hf. og reikningar hefðu áfram verið stílaðir á félagið.

Framburður Hjálmars Þ. Diego var í samræmi við framburð Finnboga um tildrög að ráðningu hans og launakjör. Hjálmar kvaðst ekki hafa vitað um efni samkomulags þess, sem gert var í skiptarétti Kópavogs. Hann kvaðst í upphafi hafa fengið 300.000 krónur frá Víkum hf. til að koma rekstrinum í gang, en Finnbogi Kjeld var einnig stjórnarformaður þess félags. Fiskurinn hafi þá verið í svelti og starfsfólk í setuverkfalli. Síðan hafi reksturinn verið fjármagnaður annars vegar með afrakstri af sölu innan lands á kynþroska fiski og fiski úr tilraunakví, en hins vegar með rekstrarlánum frá stefnda.

Hjálmar kvaðst sjálfur hafa tekið ákvarðanir um útvegun fóðurs, greiðslu launa og einnig sölur á eldisfiski í samráði við Sölustofnun lagmetis. Af hálfu stefnda hafi verið fylgst með störfum sínum, eða „nokkurs konar gæsla á því að þetta færi rétt fram". Fundir hafi verið haldnir vikulega með Benedikt Guðbjartssyni og Geir Rögnvaldssyni, og kvaðst Hjálmar hafa viljað, að fylgst væri með, að rekstrarlán stefnda færu í rétta hluti. Hjálmar kvaðst hafa beðið um vissar upphæðir fyrir vissum útgjöldum, sem ekki hafi verið tíunduð nákvæmlega, aðallega til að kaupa fóður, sjá um launagreiðslur og greiða leigu á bát, en flest annað hafi verið greitt úr öðrum sjóðum. Rekstrarlánin hafi alltaf verið veitt eftir á. Hann kvaðst sjálfur hafa

tekið ákvarðanir um reksturinn eftir bestu vitund og aldrei hafa fengið bein fyrirmæli frá stefnda um útgjöld og ráðstafanir á peningum.

Þá kvaðst hann hafa litið á stjórnarformann Hafeldis hf. sem yfirmann sinn og hafi hann haft skrifstofu í sama húsnæði og stjórnarformaðurinn og oft rætt við hann um málefni Hafeldis hf.

Í framburði Geirs Rögnvaldssonar kom fram, að honum hefði skilist, að stefndi hefði yfirtekið rekstur Hafeldis hf., en þá túlkun hefði hann þó eingöngu haft frá sínum yfirmönnum. Hann kvað rekstur Hafeldis hf. hafa verið ræddan á víðum grundvelli á fundunum með Benedikt Guðbjartssyni, og erfitt hefði verið að skilja á milli, hvað hver hafi verið að gera. Um hefði verið að ræða ákveðinn hring og ákveðna hluti þurft að gera. Enginn hefði í raun getað sagt nei. Benedikt hefði þó haft úrslitavald varðandi fjármálalega og rekstrarlega hlið, en stefndi hefði í hvert sinn veitt veðlán til þeirra framkvæmda, sem þurfti að greiða. Peningar hefðu þó einnig komið úr innanlandssölu. Geir kvaðst þó hafa dregið sig í hlé, þegar rætt var um fjármál, og þá stundum gengið af fundi.

Í framburði Bjarna G. Bjarnasonar, sem var starfsmaður Reykvískrar endurtryggingar á þessum tíma, kom fram, að hann hefði aldrei fengið úr því skorið, hvort Hjálmar Þ. Diego væri starfsmaður Hafeldis hf. eða stefnda. Hann kvað Hjálmar hafa sagt, að hann hefði verið ráðinn af stefnda til að gæta hagsmuna hans. Þessi framburður stangast á við framburð þeirra Finnboga Kjeld og Hjálmars Þ. Diego um ráðningu Hjálmars og störf. Bjarni kvað Reykvíska endurtryggingu ekki hafa vitað, hver tæki ákvarðanir hjá Hafeldi hf., en Hjálmar hefði þó haft málið í sínum höndum. Hann kvaðst jafnan hafa sent Benedikt Guðbjartssyni afrit af bréfum til Hafeldis hf., vegna þess að talið hafi verið, að stefndi sæi a.m.k. um reksturinn tímabundið og aðrir væru ekki í forsvari fyrir fyrirtækið. Bjarni kvaðst hafa litið svo á, að stefndi hefði tekið að sér rekstur Hafeldis hf. Engar upplýsingar hefðu þó borist frá stjórnarformanni Hafeldis hf. eða stefnda um þetta.

Framburður Bjarna þykir að þessu leyti vart samrýmast þeim bréfaskriftum, sem fram fóru milli Reykvískrar endurtryggingar og Hafeldis hf. á umræddu tímabili. Reykvísk endurtrygging stílaði bréf sín 14. desember 1988 og 4. janúar 1989 á Hjálmar Diego f.h. Hafeldis hf., en stefnda, sem Bjarni taldi þó hafa tekið að sér rekstur Hafeldis hf., var aðeins sent afrit af bréfunum. Þá sendi Hjálmar Diego Reykvískri endurtryggingu bréf 5. desember í nafni Hafeldis hf.

Með vísan til þess, á hverju stefndi byggði álit sitt um afskipti stefnda af rekstri Hafeldis hf., þykir framburður hans ekki hnekkja framburði Hjálmars Þ. Diego um, að hann hafi tekið ákvarðanir varðandi rekstur Hafeldis hf.

Framburður Álfheiðar Ingadóttur og Theodórs Rögnvaldssonar þykir hafa minni þýðingu, þar sem hann byggist að mestu á upplýsingum frá þeim aðilum, sem að framan eru nefndir.

Með vísan til þess vitnaframburðar, sem að ofan er rakinn, þykir í ljós leitt, að Hjálmar Þ. Diego hafi verið ráðinn af stjórnarformanni Hafeldis hf. til að hafa umsjón með rekstri félagsins, áður en samkomulag Hafeldis hf. og stefnda var gert í skiptarétti Kópavogs. Einnig að stjórnarformaðurinn hafi samið við Hjálmar um launakjör og að launin hafi verið greidd af Hafeldi hf.

Óumdeilt er hins vegar, að Benedikt Guðbjartsson lagði blessun sína yfir ráðningu Hjálmars og að náið samráð var á milli þeirra tveggja og Geirs Rögnvaldssonar um málefni fyrirtækisins allt frá 11. nóvember 1988.

Með hliðsjón af framburði þeirra vitna, sem beinust afskipti höfðu af rekstri Hafeldis hf. í árslok 1988 og ársbyrjun 1989, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að afskipti stefnda af rekstri Hafeldis hf. hafi í raun verið meiri á umræddu tímabili en þau að lána fé til þess að halda rekstri fyrirtækisins gangandi, að fylgjast með, hvernig rekstrarlánum væri varið, og að fylgjast með rekstri fyrirtækisins.

Sannað þykir með framburði þeirra Hjálmars og Geirs Rögnvaldssonar að stefndi hafi ekki algerlega fjármagnað rekstur Hafeldis hf., heldur hafi rekstrarfé einnig fengist með sölu á afurðum innan lands. Þessi innanlandsviðskipti Hafeldis hf. þykja einnig benda til þess, að afskipti stefnanda hafi ekki útilokað umráð Hafeldis hf. yfir hinum veðsettu verðmætum.

Þá sér þess hvergi stað í gögnum málsins, að stefndi hafi gert ráðstafanir eða tekið ákvarðanir varðandi hinar veðsettu afurðir umfram það, sem leiddi af stöðu hans sem veðhafa.

Þegar ofangreint er virt í heild, verður þrátt fyrir orðalag samkomulagsins frá 11. nóvember 1988 og 7. gr. afurðalánssamningsins ekki talið, að stefndi hafi haft vörslur hinna veðsettu verðmæta á tímabilinu frá 11. nóvember 1988 og þar til vátryggingin rann út 31. janúar 1989. Ekki verður afskiptum stefnda af ráðningu og störfum Hjálmars Þ. Diego eða af hinum veðsettu verðmætum á sama tímabili heldur jafnað við vörslur eða önnur ytri umráð hins veðsetta.

Samkvæmt ofanrituðu verður réttarstöðu stefnda gagnvart Sölustofnun lagmetis ekki jafnað við réttarsamband handveðshafa gagnvart veðþola eða öðrum rétthöfum eða réttarstöðu geymslu- eða vörslumanns gagnvart eigandi hlutarins. Verður því ekki fallist á þau sjónarmið stefnanda, að stefnda hafi á grundvelli reglna kröfuréttar um ábyrgð geymslu eða vörsluaðila og reglna veðréttar um skyldur veðþola og handveðshafa til varð-

veislu veðsins og vátrygginga á því borið skylda til að halda við vátryggingum á veðinu.

Samkvæmt afurðalánssamningnum var það skylda Hafeldis hf. gagnvart stefnda að sjá til þess, að afurðir og rekstrarvörubirgðir væru vátryggðar. Stefndi hafi samkvæmt 5. gr. afurðalánssamnings rétt til að krefjast upplýsinga um vátryggingar, en fallast má á með stefnda, að bein samningsákvæði hafi ekki skyldað stefnda til að sjá til þess, að tryggingum á eldisfiskinum væri haldið í gildi. Ekki verður heldur talið, að í 1. mgr. II. liðar í fyrrnefndum minnispunktum Benedikts Guðbjartssonar felist viðurkenning á, að stefndi hafi átt að annast tryggingar, þar sem þau atriði, sem þar koma fram, urðu ekki grundvöllur samnings milli aðila.

Með vísan til þess nána samstarfs, sem var með Sölustofnun lagmetis og stefnda um sölumál Hafeldis hf., aðdraganda afurðalánssamningsins, tilgangs viðbótartryggingar þeirrar, sem Sölustofnun lagmetis veitti stefnda, og samninga aðila í heild má fallast á með stefnda, að Sölustofnun lagmetis hafi á sama hátt og stefndi getað fylgst með því, að veðið væri hæfilega tryggt.

Þar sem stefnanda hefur ekki tekist að sýna fram á, að samningar stefnda og Sölustofnunar lagmetis eða afskipti stefnda af þeim veðsettu verðmætum, sem tryggja áttu greiðslu afurðalánsins, hafi verið með þeim hætti, að stefnda hafi borið skylda til að sjá til þess, að verðmætin væru vátryggð, verður ekki talið, að stefndi hafi bakað sér bótaskyldu gagnvart stefnanda, þótt hann léti hjá líða að sjá til þess, að vátryggingu hinna veðsettu verðmæta væri haldið í gildi.

Kemur því ekki til athugunar, hvort stefnandi hefði fengið innstæðuna á gjaldeyrisreikningnum endurgreidda, ef vátryggingarmál hefðu verið í lagi.

Þótt fram hafi komið í málinu, að innstæða á gjaldeyrisreikningi nr. 180409 hafi staðið óhreyfð frá 26. ágúst 1988, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að hann eigi rétt til innstæðunnar, og ber því samkvæmt framansögðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Eftir úrslitum málsins ber stefnanda að greiða stefnda 900.000 krónur í málskostnað, og er þá tekið tillit til l. nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en stefndi er ekki með virðisaukaskattsskylda þjónustu. Rétt þykir, að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Sigurður T. Magnússon, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Landsbanki Íslands, skal sýkn af kröfum stefnanda, Sölusamtaka lagmetisiðnaðarins.

Stefnandi greiði stefnda 900.000 krónur í málskostnað. Málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 6. október 1994.

Nr. 254/1994. **Ákæruvaldið**
(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)
gegn
E
(Örn Clausen hrl.)

Kynferðisbrot. Börn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Markús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og hefur því af hálfu ákæruvalds verið skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. apríl 1994. Krefst ákæruvaldið sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu ákærða, en ákærði krefst sýknu.

Ákæru í máli þessu má telja tvíþætta, eins og lýstum verknaði og upplýsingum um hann er háttað. Annars vegar er ákærði sakaður um að hafa misboðið ungri stjúpdóttur sinni með ítrekaðri kynferðislegri misnotkun á árunum 1980–1985, þegar hún var á aldrinum 9–13 ára. Hins vegar er hann ákærður fyrir að hafa ráðist að stúlkunni á heimili þeirra með ofbeldi aðfaranótt 10. mars 1985, þar sem hún lá í rúmi sínu. Kæra til lögreglu á hendur ákærða var borin fram í marsmánuði 1992.

Það er niðurstaða héraðsdómara, sem að meginstefnu til byggist á mati hans á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi, að ákærði eigi að vera sýkn af fyrri þætti ákæru, en verði sakfelldur fyrir brot samkvæmt síðari hluta hennar. Eins og mál þetta liggur fyrir, eru eigi efni til endurtekinnar sönnunarfærslu samkvæmt 4. eða 5. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994. Verður sönnunarmat héraðsdómara staðfest.

Með atferli sínu 10. mars 1985 gerðist ákærði sekur um verknað, er varðaði við þágildandi 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 200. gr. sömu laga. Eftir þá breytingu, sem á lögunum var gerð með lögum nr. 40/1992, varðar verknaðurinn við 1. mgr. 194. gr., 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr.

þeirra. Ber að tiltaka refsingu ákærða samkvæmt þessum síðarnefndu ákvæðum, en þó þannig, að refsing verði ákveðin í samræmi við hin eldri ákvæði 202. gr. almennra hegningarlaga.

Í ákæru er þess krafist, að ákærði verði einnig talinn brotlegur við b-lið 63. gr. og 66. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna, sbr. áður 45. og 47. gr. laga nr. 53/1966 um sama efni. Fyrrgreind ákvæði almennra hegningarlaga tæma sök ákærða í þessu tilliti, enda beinast núgildandi 201. gr. þeirra og hliðstæð eldri ákvæði að háttsemi forsjármanna gagnvart ungmennum og börnum.

Samkvæmt 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, breytir Hæstiréttur ekki viðurlögum í áfrýjuðum héraðsdómi, nema þau séu utan marka viðkomandi refsilagaákvæða eða í verulegu ósamræmi við brot ákærða. Telja verður, eins og hér háttar til, að refsiákvörðun héraðsdómara sé í því ósamræmi við brot ákærða, að rétt sé að breyta henni. Verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, E, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. mars 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 29. mars, er lagður svohljóðandi dómur á sakamálið nr. 794/1993: Ákæruvaldið gegn E, í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað fyrir dóminum á hendur E., ..., Grundarfirði, fæddum ..... 1952, með ákæruskjali, út gefnu 14. desember 1993 og birtu 5. janúar 1994, fyrir sifskaparbrot, kynferðisbrot og brot gegn lögum um vernd barna og ungmenna með

því að hafa á árunum 1980–1985 á þáverandi heimili sínu að ..... , í Reykjavík, misboðið stjúpdóttur sinni, X, sem þá var 9–13 ára, með langvarandi kynferðislegri misnotkun með því að þröngva henni margsinnis til kynferðismaka. Ákærða er gefið að sök að hafa margoft farið höndum um líkama stúlkunnar, þar á meðal um kynfæri hennar, sleikt kynfæri stúlkunnar eða látið hana fara höndum um kynfæri hans sjálfs, einnig að hafa í nokkur skipti fært stúlkuna úr fötum og viðhaft samfarahreyfingar með getnaðarlim sinn milli læra hennar, enn fremur að hafa í eitt skipti komið getnaðarlim sínum fyrir í munni stúlkunnar og látið hana sjúga hann, í annað skipti reynt að koma getnaðarlim sínum inn um endaþarmsop stúlkunnar, sem þá hljóðaði af sársauka, og lét ákærði þá af háttsemi sinni, og í enn eitt skipti með því að setja tíðatappa inn í fæðingarveg stúlkunnar. Þá er ákærða gefið að sök að hafa oftsinnis samhliða framanlýstri háttsemi sinni fróað sér og sprautað sæði sínu yfir stúlkuna, þar sem hún lá í rúmi sínu. Að síðustu er ákærða gefið að sök að hafa aðfaranótt 10. mars 1985 ráðist með ofbeldi að X, sem þá var 13 ára gömul, þar sem hún lá í rúmi sínu, fært hana svo harkalega úr fötum, að þau rifnuðu, sest nakinn með leðurólar um mjaðmir og úlnliði klofvega ofan á stúlkuna með getnaðarlim sinn í reistri stöðu og farið höndum um líkama hennar, þar til þáverandi eiginkona ákærða og móðir stúlkunnar kom að þeim, eftir að hafa heyrt hróp stúlkunnar.

Telst þetta varða við 191. gr., 194. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. og 10. gr. laga nr. 40/1992, sbr. áður 191. gr. og 202. gr., sbr. 194. gr. og 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 63. gr., staflið b, og 66. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992, sbr. áður 45. og 47. gr. laga nr. 53/1966.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Ákærði hefur lýst sig saklausan af öllum ákæruatriðum. Verjandi hans krefst sýknu og að sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Hinn 23. mars 1992 kom X til Rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði fyrrum stjúpföður sinn, ákærða í máli þessu, fyrir það, sem hann er nú ákærður fyrir. Af því tilefni hófst lögreglurannsókn, sem leiddi í ljós, að aðfaranótt 10. mars 1985 hafði móðir hennar vaknað við hróp í henni úr næsta herbergi, þar sem telpan svaf á heimili þeirra í Reykjavík. Þegar hún kom inn í herbergið, sá hún ákærða mjög fáklæddan í viðureign við telpuna, sem var nakin, en náttklæði hennar höfðu verið rifin af henni. Ákærði hvarf þá þegar frá áformum sínum. Konan fór að heiman með X og yngri hálfsystur hennar, og hjónin slitu samvistir, sem þau tóku þó upp aftur í árslok, og héldust þær til ársins 1987, er þau skildu. Skýring ákærða er sú, að þeim

hjónunum hafi orðið sundurorða á leið af skemmtun um kvöldið fyrir atburðinn, konan yfirgefið sig í fússi, en hann farið sjálfur heim ölvaður, ekki fundið konu sína í hjónarúminu, sér hafi verið heitt í hamsi og verið að hugsa um að tuska konuna til, hann hafi síðan rankað við sér við, að hann stóð yfir X, búinn að rífa af henni bolinn og var að tuska hana til á gólfinu, en konan spratt alklædd út úr skáp. Sér hafi þá orðið ljóst, að hann hefði villst á þeim mæðgum.

Ákærði, X, móðir hennar, læknir, sem ræddi við ákærða daginn eftir atburðinn, og sálfræðingur, sem X gekk til frá 30. júlí 1991 til 5. maí 1992, hafa gefið skýrslur fyrir dóminum. Frásögn stúlkunnar er eins og lýst er í ákæru í meginatriðum. Ekkert hefur komið fram um önnur ákæruatriði en atvikið 10. mars 1985 annað en skýrsla hennar. Hún kveður ákærða hafa látið sig bera á sig olíu, m. a. á rassinn, nuddað sig, nuddað getnaðarlimnum milli læra sér, stungið honum eitt sinn í endaþarminn, reynt að stinga honum í kynfæri sín, fróað sér hjá sér, látið sig sleikja á sér liminn og troðið túrtappa í leggöngin einu sinni, allt þetta á tímabilinu frá sumrinu 1981 og þar til nokkru áður en sá atburður gerðist, sem móðir hennar varð vitni að. Ákærði segir framburð stúlkunnar hugarburð. Hún segist hafa vaknað aðfaranótt 10. mars 1985 við, að ákærði kom heim, og búist um með því að fara í bol, sokkabuxur, sokka og náttföt, þar sem hún óttaðist, að ákærði myndi leita á sig. Ákærði hafi síðan komið inn nakinn að öðru leyti en því, að hann var girtur gaddabelti og með leðuról um úlnlið, afklætt hana, rifið nærbuxur hennar, hent henni í rúmið, sest klofvega ofan á hana og þuklað á henni. Hún hrópaði á móður sína, sem kom að vörmu spori. Móðirin hafði komið heim á undan manninum, hreiðrað um sig í súðarskáp í næsta herbergi til að dyljast fyrir ákærða, en farið fram, þegar hún heyrði stúlkuna hrópa. Hún segir aðkomuna hafa verið þannig, að ákærði lá ofan á stúlkunni nakinni að neðan, nærbuxurnar rifnar og náttkjóllinn hálfrifinn. Ákærði var nakinn með leðurólar, eins og áður er lýst, og limurinn reistur. Ákærði neitar að hafa verið svo búinn, segist hafa verið í nærfötum. Hann kveðst vera söngvari og hafa sungið með rokkhljómsveitum. Þegar hann kemur fram, hefur hann um sig breið leðurbelti, venjulega fleiri saman, og alls kyns ólar. Á þessum tíma átti hann þessa muni í fórum sínum.

Amma stúlkunnar hlutaðist til um, að læknirinn, sem er tengdasonur hennar, talaði við ákærða næsta morgun. Samkvæmt framburði hans, sem ákærði hefur mótmælt, kannaðist ákærði þá óbeint við brot sitt nóttina áður.

Skýring ákærða virðist mjög ótrúverðug, og þykir á grundvelli framburðar hans sjálfs og vitnanna bera að leggja til grundvallar, að hann hafi verið í

þann veginn að koma fram vilja sínum gagnvart stúlkunni, þegar konan skakkaði leikinn.

Hegðun hans í umrætt sinn þykir veita líkur á, að hann hafi áður gerst nærgöngull við stúlkuna. Sú ályktun á nokkra stoð í framburði móður hennar um kynhegðun ákærða í hjónabandi og áliti læknisins og sálfræðingsins, sem stúlkan sagði frá atvikum, þegar hún gekk til hennar. Sálfræðingurinn telur engan vafa á, að stúlkan segi satt. Framburður hennar um fyrri ákæruatriðin er þó næsta óljós og ónákvæmur. Langt er nú um liðið og mjög örðugt um alla sönnunarfærslu. Samkvæmt 45.–47. gr. laga nr. 19/1991 og dómvenju um framkvæmd þeirra meginreglna um sönnunarbyrði og sönnunarmat, sem þar kemur fram, þykja ekki fram komnar að lögum nægar sönnur um þessi atvik, og verður þá að sýkna af þeim ákæruliðum, sem við þau eiga.

Með framferði sínu 10. mars 1985 þykir ákærði hins vegar hafa orðið sekur um nauðgunartilraun og jafnframt tilraun til kynmaka við stjúpbarn sitt yngra en 18 ára, og þar sem stúlkan var yngri en 14 ára, þykir hann hafa framið sérstakt brot með tilraun til maka við hana. Brot ákærða, sem lýst er í lokalið ákæru, vörðuðu, þegar þau voru framin, við 1. mgr. 194. gr., 1. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 201. gr. alm. hegningarlaga með lögjöfnun, að því er síðasta ákvæðið varðar, öll sbr. 20. gr. s. l. Þar sem ákvæði XXII. kafla hegningarlaga hafa sætt breytingum, eftir að brotið var framið, þykir samkvæmt fyrirmælum 2. gr. laga 19/1940 bera að dæma málið eftir viðeigandi ákvæðum kaflans með þeim breytingum, sem þau hafa sætt með lögum nr. 40/1992, en þess ber að gæta, að refsing verði ekki þyngri en orðið hefði eftir eldri lögum. Þannig telst ákærði hafa unnið til refsingar skv. 194. gr., sbr. 20. gr., 1. mgr. 201. gr., sbr. 20. gr., og 1. ml. 1. mgr. 202. gr., sbr. 20. gr., alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr., 9. gr. og 10. gr. laga nr. 40/1992 um breyting á þeim lögum. Þessi ákvæði þykja tæma sök gagnvart ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna. Samkvæmt þessu þykir verða að fallast á lokalið ákæru, sem að nokkru er réttilega heimfærður til refsiákvæða. Heimild til frávika frá heimfærslu ákæru til refsiákvæða felst í 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991, en við munnlegan málflutning kom fram af hálfu ákæruvaldsins sú afstaða, að brotin teldust varða við þau hegningarlagaákvæði, sem dæmt er eftir, auk tilvitnaðra ákvæða barnaverndarlaga.

Samkvæmt framburði X, sem studdur er vætti sálfræðingsins og almennri reynslu, þykir mega leggja til grundvallar, að vegna framferðis ákærða hafi stúlkan hneigst til þunglyndis, sjálfsásakana, sektarkenndar, skömmustutilfinningar, lélegs sjálfsmats og óbeitar á kynlífi og að hún hafi átt við að stríða vandkvæði í kynlífi og varðandi tilfinningatengsl og almenna van-

líðan, sem rekja megi til atlögu ákærða. Ákærði hefur ekki sætt refsingum áður, sem máli skipta. Ákærði hvarf frá tilraun vegna þess, að hann var staðinn að verki, en ekki af eigin hvötum. Refsing hans þykir með hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. 70. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin 15 mánaða fangelsi. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, eins og nánar greinir í dómsorði.

Samkvæmt 1. mgr. 135. gr. laga nr. 19/1991 skal greina í dómi sakarefni, lýsingu málsatvika í aðalatriðum og röksemdir dómara um niðurstöðu og viðurlög. Dómurinn er saminn samkvæmt þessum ákvæðum.

Dómsorð:

Ákærði, E, sæti fangelsi í 15 mánuði og greiði sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50,000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 70.000 kr.

Fimmtudaginn 6. október 1994.

Nr. 84/1992. **Guðmundur Ólafsson**
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
þrotabúi Bílaleigu Hvolsvallar sf.
(Viðar Már Matthíasson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Pétur Kr. Hafstein hæstaréttardómari, Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1992. Með áfrýjun málsins skýtur hann jafnframt til réttarins úrskurði héraðsdómara 28. febrúar 1991, en með honum var kröfu áfrýjanda um frávísun málsins hafnað. Áfrýjandi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda. Til þrautavara krefst hann verulegrar lækkunar á kröfum stefnda. Þá krefst hann þess, nái kröfur stefnda fram að ganga, að viðurkenndur verði réttur sinn til skuldajafnaðar á 1.000.000 króna auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 6. mars 1989 til greiðsludags. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og hins áfrýjaða dóms svo og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, meðal annars gögn um lok skipta á þrotabúi Bílaleigu Hvolsvallar sf.

I.

Við flutning málsins hér fyrir dómi féll áfrýjandi frá þeirri málsástæðu sinni í frávísunarþætti málsins, að málshöfðunarfrestur eftir 1. mgr. 68. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 hefði verið liðinn, þegar mál þetta var höfðað.

Í upphafi aðalmeðferðar málsins í héraði gerði áfrýjandi kröfu um frávísun þess. Endurrit þinghalda ber með sér, að áfrýjandi átti þess margoft kost í fyrri þinghöldum að leggja fram frávísunarkröfu

sína. Þá er hennar að engu getið í greinargerð hans. Var krafan um frávísun of seint fram komin. Allt að einu ber að kanna, hvort málinu verði vísað frá héraðsdómi ex officio.

Upphaf þess frests, sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. laga nr. 6/1978, ber í fyrsta lagi að telja við lok kröfulýsingarfrests, sbr. dóma Hæstaréttar 1988, bls. 590, og 9. júní 1994 í málinu nr. 184/1992. Þeim fresti lauk 19. september 1989, en málið var höfðað 15. mars 1990. Málið var því höfðað í tæka tíð. Telja verður, að samkvæmt hinum rúmu heimildum skiptastjóra í 91. gr. laga nr. 6/1978 hafi stefnda verið rétt að höfða mál þetta án þess að leita sérstakrar heimildar skiptafundar, enda lá ekki fyrir gagnstæð ákvörðun skiptafundar.

Samkvæmt framansögðu eru ekki efni til að vísa málinu frá dómi. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

II.

Áfrýjandi seldi í maí 1988 Bílaleigu Hvolsvallar sf. bifreiðina L-1144. Kaupverðið var greitt með skuldabréfi, að fjárhæð 764.500 krónur, með gjalddaga 5. mars 1989. Skömmu fyrir gjalddaga bréfsins hafði annar forsvarsmanna bílaleigunnar, Ómar Halldórsson, samband við áfrýjanda og tjáði honum, að félagið gæti ekki greitt skuldabréfið vegna erfiðrar fjárhagsstöðu þess. Fyrir dómi kvaðst Ómar hafa átt frumkvæðið, þar sem ljóst hefði verið, að félagið gæti aldrei greitt skuldabréfið. Þá er fram komið, að áfrýjandi reyndi að selja Landsbanka Íslands skuldabréfið í janúar 1989, en fékk þær upplýsingar, að félagið ætti í greiðsluerfiðleikum.

Með afsali 6. mars 1989 seldi félagið áfrýjanda bifreiðina. Kaupverðið, 911.953 krónur, var greitt með yfirtöku skuldabréfsins ásamt vöxtum, að fjárhæð 147.453 krónur. Nokkrum dögum síðar seldi áfrýjandi fósturmóður Ómars Halldórssonar bifreiðina á sama verði fyrir milligöngu hans. Hefur áfrýjandi haldið því fram, að söluverðið hafi ekki verið raunverulegt verðmæti bifreiðarinnar, heldur hafi það byggst á framreikningi skuldabréfsins samkvæmt útreikningi Landsbanka Íslands. Raunverulegt verðmæti bílsins hafi hins vegar verið mun lægra.

Bú sameignarfélagsins Bílaleigu Hvolsvallar var tekið til gjaldþrotaskipta 21. júní 1989. Var innköllun gefin út 5. júlí 1989 og birt í Lögbirtingablaðinu 19. september sama ár.

III.

Ágreiningur er um það, hvort afhending Bílaleigu Hvolsvallar sf. á bifreiðinni í hendur áfrýjanda hafi verið greiðsla á skuld, sem sé riftanleg samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 54. gr. eða 61. gr. laga nr. 6/1978.

Áfrýjandi reisir sýknukröfu sína meðal annars á því, að grundvöllur málsins sé rangur, þar sem það sé rekið samkvæmt VIII. kafla þágildandi gjaldþrotalaga. Bílaleiga Hvolsvallar sf. hafi keypt bifreiðina af áfrýjanda. Þeim kaupum hafi áfrýjandi rift vegna vanefnda félagsins, og þeirri riftun hafi ekki verið mótmælt. Riftunin hafi byggst á vanefndaúrræðum áfrýjanda samkvæmt ákvæðum laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, og því hefði stefndi þurft að höfða mál þetta samkvæmt ákvæðum þeirra laga. Á þetta verður ekki fallist. Skiptastjóra var rétt að reisa málshöfðun sína á ákvæðum VIII. kafla laga nr. 6/1978, sem eru sérreglur um riftun ráðstafana þrotamanns.

Eins og viðskiptum hins gjaldþrota félags og áfrýjanda var háttað, verður að telja, að afhending bifreiðarinnar hafi í raun verið greiðsla á skuld félagsins samkvæmt skuldabréfinu. Var sú greiðsla óvenjulegur greiðslueyrir í skilningi 1. mgr. 54. gr. laga nr. 6/1978. Greiðslan fór fram innan 6 mánaða frestsins, sem í ákvæðinu greinir. Ber samkvæmt þessu að fallast á riftun á greiðslunni.

Við munnlegan málflutning hér fyrir dómi kvaðst stefndi halda fast við kröfu sína um riftun samkvæmt 61. gr. laganna, ef riftun samkvæmt 1. mgr. 54. gr. næði ekki fram að ganga. Þar sem dómurinn hefur fallist á riftun á grundvelli síðargreinds lagaákvæðis, verður ekki tekin afstaða til þess, hvort ákvæði 61. gr. eiga hér við.

Áfrýjandi hefur ekki fært fram haldbær rök fyrir kröfu sinni um lækkun á kröfu stefnda, sbr. 65. gr. laga nr. 6/1978. Verður henni því hafnað.

Af hálfu stefnda hefur því verið lýst yfir, að skiptum búsins hafi verið lokið með fyrirvara um endurupptöku samkvæmt 157. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991 vegna máls þessa. Við munnlegan málflutning hér fyrir dómi var lýst yfir því af hálfu stefnda, að áfrýjandi fengi að koma kröfu sinni að í þrotabúið og skuldajafnaðarkrafa áfrýjanda kæmi ekki til álita, sbr. nú 143. gr. laga nr. 21/1991.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta þá niðurstöðu hins

áfrýjaða dóms, að áfrýjandi skuli greiða stefnda 911.953 krónur, sbr. 62. gr. laga nr. 6/1978. Þykir rétt, að fjárhæðin beri vexti af almennum, óbundnum sparisjóðsreikningum hjá bönkum og sparisjóðum frá 6. mars 1989 til stefnubirtingardags, 15. mars 1990, en dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 6. mars 1990.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Rift er greiðslu þeirri, sem fólst í afhendingu Bílaleigu Hvolsvallar sf. á bifreiðinni L-1144 til áfrýjanda, Guðmundar Ólafssonar, 6. mars 1989.

Áfrýjandi greiði stefnda, þrotabúi Bílaleigu Hvolsvallar sf., 911.953 krónur með vöxtum af almennum, óbundnum sparisjóðsreikningum hjá bönkum og sparisjóðum frá 6. mars 1989 til 15. mars 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að leggja áfallna vexti við höfuðstól skuldar, í fyrsta skipti 6. mars 1990.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 300.000 krónur.

Úrskurður aukadómþings Rangárvallasýslu 28. febrúar 1991.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 13. febrúar sl., er höfðað fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu af bústjóra þrotabús Bílaleigu Hvolsvallar sf., kt. 530481-0269, vegna þrotabúsins gegn Guðmundi Ólafssyni, kt. 280453-2429, með stefnu, birtri 15. mars 1990.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að rift verði með dómi greiðslu á skuld Bílaleigu Hvolsvallar sf. við stefnda, að fjárhæð kr. 911.953,00 kr. sem fram fór 6. mars 1989 með afhendingu bifreiðarinnar L-1144 til stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 911.953,00 kr. ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum]. Einnig er þess krafist, að stefndi verði dæmdur

til að greiða stefnanda allan málskostnað [...]. Dómkröfur stefnda eru þessar:

Aðallega er þess krafist, að stefndi verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnanda. Til vara er þess krafist, að stefnukrafan verði lækkuð verulega. Auk þess er þess krafist, að viðurkenndur verði réttur stefnda til að hafa kröfur, að fjárhæð 1.300.000,00 kr. auk dráttarvaxta frá 1. júlí 1989, á hendur þrotabúinu uppi til skuldajafnaðar. Þá er að lokum krafist málskostnaðar [...].

Við fyrirtöku málsins 13. febrúar 1991 gerði stefndi þá kröfu, að málinu yrði vísað frá dómi, og var málið tekið til dóms eða úrskurðar um frávísunarkröfu stefnda að loknum munnlegum málflutningi sama dag.

II.

Málsatvik eru þau, að með úrskurði skiptaréttar Rangárvallasýslu, upp kveðnum 21. júní 1989, var bú Bílaleigu Hvolsvallar sf. tekið til gjaldþrotaskipta. Á skiptafundi 2. nóvember var skipaður bústjóri í þrotabúinu. Við könnun á fjárreiðum þrotabúsins fyrir gjaldþrotið kom í ljós, að 6. mars 1989 seldi Bílaleiga Hvolsvallar sf. stefnda bifreiðina L-1144 fyrir 911.953,00 kr., en umrædda bifreið hafði stefndi selt bílaleigunni í maí 1988, og hafði kaupverðið, 764.500,00 kr., verið greitt með skuldabréfi með gjalddaga 6. mars 1989. Telur stefnandi, að stefnda hafi verið ívilnað óhæfilega á kostnað annarra kröfuhafa, þar sem bílaleigan hafi í raun verið gjaldþrota, þegar umrædd ráðstöfun fór fram. Ráðstöfunin hafi verið ólögmæt, enda greiðslueyrir óvenjulegur og stefnda kunnugt um ógjaldfærni skuldara á þeim tíma.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað sem bústjóri þrotabúsins, sbr. 31. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 112. gr. s. l.

Stefndi gerir þá kröfu, að málinu verði vísað frá dómi, og reisir kröfu sína á eftirtöldum atriðum:

1. Að ekki liggi fyrir í málinu, að ákvörðun um málshöfðun hafi verið tekin á skiptafundi í þrotabúinu.

2. Að réttur til málshöfðunar hafi verið fallinn niður skv. 68. gr. laga nr. 6/1978, þar sem frestur sá, sem í ákvæðinu greinir, hafi verið liðinn.

3. Einnig er byggt á grunnreglu 46. gr. laga nr. 85/1936.

Auk þess er krafist málskostnaðar fyrir þennan þátt málsins.

Stefnandi máls þessa hefur mótmælt frávísunarkröfu stefnda á þeim grundvelli, að hún sé of seint fram borin, enda sé hennar að engu getið í greinargerð hans í málinu, og því komi hún ekki til álita. Einnig er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir þennan þátt málsins.

Kröfu sína um frávísun styður stefndi þeim rökum, að það sé almenn

regla, að ákvörðun um málshöfðun sé tekin á skiptafundi og að skiptaráðandi taki þá ákvörðun, en bústjóri fari ekki með vald skiptaráðanda. Þá er á því byggt, að skv. 68. gr. laga nr. 6/1978 sé málshöfðunarfrestur settur 6 mánuðir, en 1. júlí 1989 komi fram upplýsingar um áðurgreind viðskipti stefnda við bílaleiguna og að skiptaráðandi hafi haft fulla vitneskju um þau. Þá er og á því byggt, að vegna grunnraka 48. gr. laga nr. 85/1936 um samaðild beri að vísa málinu frá, þar sem hér sé um að ræða samaðild þeirra, sem lenda í gjaldþroti, en málið sé ekki höfðað í nafni þrotabús og sameigenda þess.

Stefnandi hefur mótmælt fram kominni frávísunarkröfu stefnda á þessu stigi málsins sem of seint fram kominni, því að hennar sé ekki getið í greinargerð stefnda.

Stefnandi byggir enn fremur á því, að málshöfðunarfrestur hafi ekki getað byrjað að líða fyrr en við ráðningu sína sem bústjóra 2. nóvember 1989, en málið sé höfðað 15. mars 1990.

III.

Telja verður, að frávísunarkrafa stefnda sé á þessu stigi málsins of seint fram komin. Það er almenn regla, að kröfum, sem ekki er getið í fram lögðum greinargerðum, verður ekki komið að á síðari stigum máls, ef sá, sem kröfuna hefur uppi, átti þess kost að koma með hana áður. Ekki verður annað séð af gögnum málsins en stefndi hafi átt þess fyllilega kost að koma frávísunarkröfu að í upprunalegri vörn sinni í málinu.

Ekki verður fallist á þá málsástæðu stefnda, að bústjóri hafi ekki haft formlega heimild til höfðunar riftunarmálsins, þar sem hann er valinn af skiptafundi til að fara með málefni búsins.

Stefndi byggði frávísunarkröfu sína öðrum þræði á þeirri ástæðu, að ekki sé stefnt í nafni þrotabúsins og sameigenda þess. Á þetta verður ekki fallist, þar sem ekki er skylt að vísa máli frá dómi af þessum sökum, sbr. 2. mgr. 46. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt framansögðu ber að hafna kröfu stefnda um frávísun málsins. Stefndi greiði stefnanda 11.000,00 kr. í málskostnað fyrir þennan þátt málsins.

Harri Ormarsson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er ekki vísað frá dómi.

Stefndi greiði stefnanda 11.000,00 kr. í málskostnað.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 11. febrúar 1992.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 24. janúar sl., er höfðað fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu af bústjóra þrotabús Bílaleigu Hvolsvallar sf., kt. 530481-0269, vegna þrotabúsins gegn Guðmundi Ólafssyni, kt. 280453-2429, með stefnu, birtri 15. mars 1990.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að rift verði með dómi greiðslu á skuld Bílaleigu Hvolsvallar sf. við stefnda, að fjárhæð 911.953,00 kr., sem fram fór 6. mars 1989 með afhendingu bifreiðarinnar L-1144 til stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 911.953,00 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 6. mars 1989 til greiðsludags, eins og þeir eru ákveðnir hverju sinni af Seðlabanka Íslands, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, auk þess sem þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 6. mars 1990, sbr. 12. gr. áðurgreindra laga. Einnig er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda allan málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt á málflutningsþóknun, og að hann beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, þ. m. t. dráttarvexti skv. 12. gr. laganna.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Aðallega er þess krafist, að stefndi verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnanda. Til vara er þess krafist, að stefnukrafan verði lækkuð verulega. Auk þess er þess krafist, að viðurkenndur verði réttur stefnda til að hafa kröfur, að fjárhæð 1.300.000,00 kr., auk dráttarvaxta frá 1. júlí 1989 á hendur þrotabúinu uppi til skuldajafnaðar. Þá er að lokum krafist málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti og að málskostnaður beri vexti skv. ákvæðum vaxtalaga nr. 25/1987.

Sættir hafa verið reyndar í máli þessu, en ekki tekist.

II.

Málsatvik eru þau, að með úrskurði skiptaréttar Rangárvallasýslu, upp kveðnum 21. júní 1989, var bú Bílaleigu Hvolsvallar sf. tekið til gjaldþrotaskipta. Á skiptafundi 2. nóvember var skipaður bústjóri í þrotabúinu. Við könnun á fjárreiðum þrotabúsins fyrir gjaldþrotið kom í ljós, að 6. mars 1989 seldi Bílaleiga Hvolsvallar sf. stefnda bifreiðina L-1144 fyrir 911.953,00 kr., en umrædda bifreið hafði stefndi selt bílaleigunni í maí 1988, og hafði kaupverðið, 764,500,00 kr., verið greitt með skuldabréfi með gjalddaga 6. mars 1989. Telur stefnandi, að stefnda hafi verið ívilnað óhæfilega á kostnað annarra kröfuhafa, þar sem bílaleigan hafi í raun verið gjaldþrota, þegar umrædd ráðstöfun fór fram. Ráðstöfunin hafi verið ólögmæt, enda greiðslueyrir óvenjulegur og stefnda kunnugt um ógjaldfærni skuldara á þeim tíma.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað sem bústjóri þrotabúsins, sbr. 31. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 112. gr. s. l.

Stefnandi reisir kröfur sínar í efnisþætti málsins á 1. tl. 54. gr. laga nr. 6/1978 og endurgreiðslukröfu á 62. gr. laganna, og einnig er sjálfstætt byggt á 61. gr., sbr. 63. gr. laganna. Er staðhæft, að stefnda hafi verið ívilnað á kostnað annarra kröfuhafa, þar sem bílaleigan hafi í raun verið gjaldþrota, þegar umrædd ráðstöfun fór fram, og stefnda hafi verið kunnugt um ógjaldfærni skuldara. Greiðslan hafi farið fram aðeins mánuði áður en krafist var gjaldþrotaskipta, og hafi umrædd ráðstöfun því verið ólögmæt, enda greiðslueyrir óvenjulegur. Telur stefnandi, að greiðsla þessi sé því riftanleg og að stefnda sé skylt að endurgreiða þrotabúinu þá auðgun, sem stefndi hafði af ráðstöfuninni, auk vaxta, sbr. 62. gr. laga nr. 6/1978, enda hafi stefndi fengið skuldina greidda með óvenjulegum greiðslueyri, sbr. 1. mgr. 54. gr. laganna. Þá telur stefnandi einnig, að framangreind greiðsla sé riftanleg samkvæmt 61. gr. laga nr. 6/1978, enda séu öll skilyrði greinarinnar uppfyllt, þ. á m. grandsemi stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að málavaxtalýsingu stefnanda sé í veigamiklum atriðum ábótavant. Þegar í febrúar 1989 hafi það komið í ljós hjá fyrirsvarsmanni bílaleigunnar, að fyrirtækið myndi ekki greiða skuldabréfið á gjalddaga. Hafi þá stefndi ákveðið að rifta kaupi og afhent aftur skuldabréfið með áunnum vöxtum skv. útreikningi Landsbanka Íslands, sem 27. febrúar 1989 nam 911.953,00 kr. Fyrirsvarsmenn bílaleigunnar hafi samþykkt riftun með því að afhenda bifreiðina aftur, en vegna skráningarreglna hafi verið gengið frá riftuninni þannig, að það héti, að bílaleigan seldi stefnda bifreiðina aftur. Uppgefið kaupverð byggðist ekki á raunverulegu verðmæti bifreiðarinnar, heldur var skuldabréfið lagt til grundvallar með áunnum vöxtum í þeim tilgangi, að bílaleigan yrði skaðlaus af viðskiptunum, þar sem stefndi hefði ekki áskilið sér bætur fyrir afnotamissi og tjón, sem á bifreiðinni hafi orðið.

Sýknukrafa stefnda er öðrum þræði reist á því, að réttur til málshöfðunar sé niður fallinn sökum tómlætis, enda séu meira en sex mánuðir, síðan skiptaréttur Rangárvallasýslu átti þess kost að höfða riftunarmál.

Þá telur stefndi, að stefnandi hefði átt að beina kröfum sínum í máli þessu til Dagbjartar Þórðardóttur, fósturmóður annars af eigendum bílaleigunnar, en það hafi verið hún, sem keypti bílinn af stefnda. Aðildarskortur leiði til sýknu skv. 45. gr. l. nr. 85/1936.

Stefndi mótmælir því, að greiðslueyrir sé óvenjulegur. Bifreiðin L-1144 hafi verið afhent gegn móttöku skuldabréfs.

Stefndi telur, að viðskipti þessi hafi engu ráðið um gjald viðsemjanda

stefnda. Því er og mótmælt, að dómkröfur verði reistar á 61. gr. gþl., því að riftun stefnda hafi ekki verið ótilhlýðileg og ekki skaðað stefnanda, enda hafi stefnda ekki verið kunnugt um efnahag viðsemjanda hans, og riftun hans hafi ekki átt þátt í því, að fyrirtækið varð gjaldþrota.

Varakrafa stefnda til lækkunar er byggð á því, að endurgreiðsla stefnda sé bundin við það tjón, sem búið hafi orðið fyrir. Láti nærri, að raunverulegt verðmæti bifreiðarinnar sé 480.000,00 kr. Það sé þekkt staðreynd, að bifreið, sem notuð hefur verið sem bílaleigubíll, falli í verði meira en aðrar bifreiðir. Sala stefnda á bifreiðinni til Dagbjartar hafi verið ívilnandi gerningur af hennar hendi til að minnka tjón stefnda og gera hann eins settan eins og að upphaflegir viðsemjendur, Bílaleiga Hvolsvallar sf., hefðu efnt kaupin. Einnig er vísað til heimildarákvæðis VIII. kafla laga nr. 6/1978.

Skuldajöfnunarkrafa stefnda er byggð á því, að stefndi eigi kröfu á þrotabúið, að fjárhæð 1.300.000.00 kr., auk dráttarvaxta, verði á riftun fallist, sbr. 32. gr. l. nr. 6/1978.

Við fyrirtöku málsins 13. febrúar 1991 krafðist stefndi þess, að máli þessu yrði vísað frá dómi, en með úrskurði 28. febrúar 1991 var því hafnað.

III.

Í maí 1988 seldi stefndi Bílaleigu Hvolsvallar sf. bifreiðina L-1144 á 764.500,00 kr. Fyrir bifreiðina var greitt með skuldabréfi með gjalddaga 6. mars 1989. Með afsali, dagsettu 6. mars 1989, seldi Bílaleiga Hvolsvallar sf. stefnda bifreiðina L-1144 til baka. Greiðsla andvirðis hennar fór fram með þeim hætti, að stefndi afhenti bílaleigunni skuldabréfið aftur gegn því að fá afsal fyrir bifreiðinni. Hinn 21. júní 1989 var bú Bílaleigu Hvolsvallar sf. og sameigenda þess tekið til gjaldþrotaskipta, og 2. nóvember 1989 var Helgi Birgisson hdl. skipaður bústjóri þess. Telst sá dagur frestdagur í skilningi 1. mgr. 68. gr. gjaldþrotalaga. Upplýst er í máli þessu, að Ómar Halldórsson, einn fyrirsvarsmanna Bílaleigu Hvolsvallar sf., hafði samband við stefnda og tjáði honum, að sökum erfiðrar fjárhagsstöðu fyrirtækisins gæti það ekki greitt skuldabréfið og því væri best að rifta kaupunum. Ljóst er því, að Bílaleiga Hvolsvallar sf. átti frumkvæðið að viðskiptum þessum. Því var ekki um riftun af hálfu stefnda að ræða. Tveimur dögum eftir að stefndi afhenti skuldabréfið aftur, seldi stefndi Dagbjörtu Þórðardóttur bifreiðina á 911.953,00 kr. Upplýst er í máli þessu, að stefndi hitti aldrei Dagbjörtu persónulega, heldur fóru öll viðskipti stefnda fram við Ómar Halldórsson, m. a. afhenti Ómar stefnda greiðslur fyrir bifreiðina. Upplýst er og, að nefndur Ómar notaði bifreiðina við skólaakstur eftir þetta og var skráður fyrir ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar. Í september 1989 var bifreiðin seld hjá Bílasölu Selfoss á 480.000,00 kr. skv. afsali, dags. 9. september 1989. Það

upplýstist hér fyrir dómi, að bifreiðin var raunar seld í umrætt skipti á 1.200.000,00 kr. Annaðist Ómar Halldórsson sölu bifreiðarinnar.

Með hliðsjón af framangreindum viðskiptum verður að telja sannað, að tilgangurinn með afhendingu bifreiðarinnar til stefnda hafi verið að greiða skuld bílaleigunnar við stefnda. Samkvæmt 1. tl. 54. gr. laga nr. 6/1978 er það skilyrði eitt nægilegt, að greiðslueyrir hafi verið óvenjulegur, til að rifta megi greiðslu, hafi greiðsla átt sér stað sex mánuðum fyrir frestdag. Telja verður, að greiðslueyrir í þessu tilviki, þ. e. greiðsla á skuldabréfi með bifreið, hafi verið óvenjulegur í skilningi 1. tl. 54. gr. laga nr. 6/1978. Samkvæmt þessu verður að fallast á kröfu stefnanda um riftun greiðslunnar á grundvelli 1. tl. 54. gr. laga nr. 6/1978. Gegn andmælum stefnda verður ekki talið sannað, að hann hafi vitað um ógjaldfærni bílaleigunnar, þegar umrædd ráðstöfun fór fram. Verður því ekki fallist á riftun á grundvelli 61. gr. gjaldþrotalaga.

Ekki verður talið, að skilyrði skuldajöfnunar séu fyrir hendi í máli þessu, enda er ekki verið að fjalla um samstæðar kröfur. Stefnandi hefur lýst yfir því, að stefndi öðlist almenna kröfu í þrotabúið, þótt kröfulýsingarfrestur sé liðinn. Varakröfu stefnda um lækkun á grundvelli VII. kafla gjaldþrotalaga er hafnað, þar sem hann hefur ekki fært fram nein haldbær rök fyrir þeirri kröfu.

Með hliðsjón af framangreindu og samkvæmt 1. tl. 62. gr. laga nr. 6/1978 skal stefnda gert að greiða stefnanda 911.953,00 kr. með dráttarvöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Stefndi greiði stefnanda 170.000,00 kr. í málskostnað.

Harri Ormarsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Greiðslu þeirri, er stefndi, Guðmundur Ólafsson, fékk með afhendingu bifreiðarinnar L-1144 6. mars 1989, er rift.

Stefndi greiði stefnanda, þrotabúi Bílaleigu Hvolsvallar sf., 911.953,00 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 6. mars 1989 til greiðsludags, eins og þeir eru hverju sinni ákveðnir af Seðlabanka Íslands. Heimilt er að leggja dráttarvexti við höfuðstól kröfu á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 6. mars 1990.

Stefndi greiði stefnanda 170.000,00 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Dómur þessi er aðfararhæfur.

Fimmtudaginn 6. október 1994.

Nr. 90/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Ólafi Kalmann Hafsteinssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Þjófnaður. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og hefur því af hálfu ákæruvalds verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 9. febrúar 1994. Við meðferð málsins krafðist ákæruvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms og þess, að ákærði verði „dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þ. á m. saksóknarkostnaðar til ríkissjóðs, sem ákvarðaður verði jafn málsvarnarlaunum".

Málinu er ekki áfrýjað af hálfu ákæruvalds, og verður því ekki orðið við kröfum um hækkun tildæmdra saksóknarlauna fyrir héraðsdómi.

Með vísan til þess, að málinu er ekki áfrýjað til þyngingar, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ólafur Kalmann Hafsteinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 21. janúar 1994.

Ár 1994, föstudaginn 21. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Finnboga H. Alexanderssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-294/1993: Ákæruvaldið gegn Ólafi Kalmann Hafsteinssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þessa mánaðar, er höfðað með ákæru, út gefinni 7. desember 1993, gegn Ólafi Kalmann Hafsteinssyni, nú til heimilis að Sólvallagötu 38, Keflavík, fæddum 27. október 1952, fæðingarnúmer 324, fyrir þjófnað með því að hafa mánudaginn 9. ágúst 1993 stolið 20.000 krónum frá Sigurjóni Ólafssyni á heimili Sigurjóns að Austurgötu 19, Keflavík.

Þetta er talið varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvalds og að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Keflavík og framburði ákærða og vitna fyrir dóminum við aðalmeðferð málsins eru málavextir í meginatriðum þeir, að um kvöldmatarleytið mánudaginn 9. ágúst 1993 kom ákærði á heimili Sigurjóns Ólafssonar að Austurgötu 19 í Keflavík. Þeir þekktust frá fyrri tíð. Ákærði var peningalaus, og var erindi hans til Sigurjóns að fá lánaða peninga fyrir afréttara. Sigurjón bauð ákærða inn, og tóku þeir tal saman. Bauðst Sigurjón til að lána ákærða 3.000 krónur, og sá ákærði Sigurjón sækja féð í seðlaveski sitt, sem hann geymdi í kommóðuskúffu í stofunni. Sigurjón segist hafa sett veskið aftur í skúffuna, eftir að hann lét ákærða hafa lánsféð, en ákærði segir á hinn bóginn, að Sigurjón hafi þá stungið veskinu í brjóstvasann. Sigurjón kveðst síðan eftir skamma stund hafa ekið ákærða frá heimili sínu að Hafnargötu í Keflavík, þar sem ákærði hafi farið úr bifreiðinni. Að því loknu hafi hann farið aftur heim að sækja peninga til matarkaupa, en þá orðið þess var, að fjóra fimmþúsundkrónaseðla vantaði í veskið. Hann kvað ákærða hafa haft tækifæri til að taka peningana, meðan hann dvaldist hjá sér, þar sem hann hefði fengið sig til að fara afsíðis. Í skýrslu sinni hjá lögreglu taldi Sigurjón töku peninganna hafa átt sér stað, meðan hann brá sér á salerni.

Ákærði þvertekur fyrir það, að Sigurjón hafi ekið sér umrætt sinn. Hann kveðst hafa farið fótgangandi frá Sigurjóni, og á leiðinni út hafi hann mætt dökkhærðum manni með yfirvararskegg, sem hafi verið á leiðinni til Sigurjóns. Sigurjón kannast ekki við, að aðrir en ákærði hafi heimsótt sig umræddan dag.

Sigurjón tilkynnti lögreglunni í Keflavík um hvarfið á 20.000 krónunum

kl. 19.35 þetta kvöld, og taldi hann líklegt, að þar hefði ákærði verið að verki. Lögreglan hóf þegar leit að ákærða, og eftir ábendingu var hann handtekinn laust eftir kl. 21.12 á Hafnargötu í Keflavík, þar sem hann var nýstiginn út úr bifreið Karls Baldvinssonar, sem ók honum þangað. Er ákærði var handtekinn, var hann að sögn lögreglu mjög ölvaður og lítt viðræðuhæfur. Við leit á ákærða fundust 11.530 kr. í peningum, flaska af Tindavodka með slatta í og talsvert af mogadontöflum. Eftir handtökuna var ákærði settur í fangaklefa.

Ákærði neitar staðfastlega að hafa stolið umræddum 20.000 krónum frá Sigurjóni. Hann kveðst hafa útvegað sér áfengi fyrir peningana, sem Sigurjón lánaði sér, en er hann hefði verið staddur fyrir utan veitingahúsið Strikið, hefði hann hitt fjögur ungmenni, tvo karlmenn og tvær stúlkur, sem hefðu beðið sig að útvega sér áfengi á svörtum markaði. Hann kvaðst hafa fallist á það gegn því að fá eitthvað í sinn hlut, og hefðu ungmennin þá látið sig fá 15.000 kr. til áfengiskaupanna. Hann kvaðst hafa verið búinn að útvega þeim eina flösku og verið á leiðinni að útvega aðra, er hann var handtekinn. Peningar þeir, sem hann var með við handtöku, hefðu verið afgangurinn af þessum 15.000 krónum.

Þegar ákærði var margspurður um þetta atriði við aðalmeðferð málsins, þvertók hann fyrir það, að ungmennin hefðu látið sig fá 15.000 krónur, en kvað þau hafa fengið sér sömu fjárhæð og lögreglan fann á sér, og hélt hann því fram, að hann hefði ekki verið búinn að kaupa áfengi fyrir þetta fólk, er lögreglan handtók sig. Ákærandi benti honum á, að í lögregluskýrslu væri haft eftir honum, að þau hefðu látið hann fá 15.000 kr., og kvað ákærði þetta vera rugl í lögregluskýrslunni. Það var ekki fyrr en eftir að dómari hafði kynnt ákærða nákvæmlega framburð hans um þetta atriði hjá lögreglu, að ákærði lýsti yfir, að það, sem stæði í lögregluskýrslunni, væri rétt. Þetta hefði nú rifjast upp fyrir sér.

Ákærði vissi ekki önnur deili á ungmennunum en karlmennirnir hétu Guðmundur og Þorleifur. Hann kvaðst ekki hafa hitt þau eftir umrætt atvik.

Vitnið Sigurjón Ólafsson kvað það ekki rétt, sem eftir sér væri haft í upplýsingaskýrslu rannsóknarlögreglu, að ákærði hefði komið aftur til sín daginn eftir, ölvaður og með pillur. Hann kvað ákærða hins vegar hafa verið með pillur, er hann lánaði honum peningana, og hefði ákærði boðið sér pillur og jafnvel reynt að troða þeim upp í sig. Þessu neitaði ákærði. Þá kvað hann ákærða hafa reynt að fá sig til þess að bregða sér frá umrætt sinn.

Vitnið Karl Baldvinsson mundi ekki eftir því að hafa ekið ákærða umrætt

kvöld, en þvertók ekki heldur fyrir það. Hann kvað þá oft fara í ökuferð saman. Hins vegar kvað hann af og frá, að hann hefði eingöngu ekið ákærða frá heimili sínu að Hafnargötu. Það sé ekki nema 100 metra spölur.

Niðurstaða.

Í máli þessu hefur ekki verið dregið í efa, að Sigurjón Ólafsson hafi átt umræddar 20.000 krónur í seðlaveski sínu og að þeir peningar hafi horfið úr því umrætt kvöld, er ákærði heimsótti hann.

Þegar haft er í huga, að þetta sama kvöld kom ákærði peningalaus í heimsókn til Sigurjóns í því skyni að fá lánaða peninga, sem hann fékk, að ákærði sá, hvaðan Sigurjón tók peningana, að telja verður ákærða hafa haft tækifæri til að nálgast peningana, meðan hann dvaldist hjá Sigurjóni, og að tæpum tveimur stundum eftir að hann yfirgaf Sigurjón, er hann handtekinn mjög ölvaður og lítt viðræðuhæfur með rúmar 11.000 krónur á sér, verður að telja frásögn ákærða af því, hvernig hann var að þeim peningum kominn, afar ótrúverðuga og andstæða öllum skynsamlegum rökum.

Þegar öll atvik eru virt, þykir því ekki varhugavert að telja lögfulla sönnun fram komna fyrir því, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt færð til refsiákvæðis.

Ákærði á að baki langan sakaferil. Á árunum 1983 til 1991 hefur hann margsinnis verið dæmdur í fangelsisrefsingu fyrir þjófnað, fjársvik og skjalafals. Samkvæmt þessum dómum hefur tildæmd refsing samtals numið fangelsi í 4 ár og 8 mánuði. Ákærði var síðast dæmdur 6. desember 1991 í sakadómi Reykjavíkur fyrir þjófnað og fjársvik, og hlaut hann þá tveggja mánaða fangelsisdóm.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að líta til ákvæða 71., 72. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hinn 7. apríl 1993 var ákærða veitt reynslulausn, skilorðsbundin í 2 ár, á eftirstöðvum 245 daga fangelsis. Samkvæmt bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins, dagsettu 2. desember sl., hefur ákærði ekki afplánað þær eftirstöðvar refsingar.

Með broti því, sem ákærði er nú fundinn sekur um að hafa framið, hefur hann rofið skilorð reynslulausnarinnar. Ber því að ákvarða ákærða refsingu nú með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976 og 7. gr. laga nr. 22/1955.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 11 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, sem þykja hæfileg 25.000 kr., og málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar hrl., sem þykja hæfileg 50.000 kr.

Dómsuppsaga í máli þessu hafði verið ákveðin sl. miðvikudag, 19. þ.m., en vegna forfalla dómara var henni frestað til dagsins í dag.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Kalmann Hafsteinsson, sæti fangelsi í 11 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 25.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 50.000 kr.

Fimmtudaginn 6. október 1994.

Nr. 330/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Unnþóri Bergmann Halldórssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Of hraður akstur. Ökuréttarsvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og hefur því af hálfu ákæruvalds verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1994. Við meðferð málsins krafðist ákæruvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms og þess, að ákærði yrði „dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þ. á m. saksóknarkostnað í ríkissjóð, er ákvarðaður verði jafn málsvarnarlaunum".

Málinu er ekki áfrýjað af hálfu ákæruvalds, og verður því ekki orðið við kröfum um hækkun tildæmdra saksóknarlauna fyrir héraðsdómi.

Með úrskurði héraðsdómara 9. maí 1994, fjórum dögum eftir uppkvaðningu héraðsdóms, var ákvörðun um sviptingu ökuréttar ákærða frestað með vísan til 104. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ber með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta niðurstöðu hans að öðru leyti en því, að svipting ökuréttar ákærða miðast við birtingu dóms þessa fyrir ákærða. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að svipting ökuréttar ákærða, Unnþórs Bergmann Halldórssonar, skal miðast við birtingu dóms þessa fyrir ákærða.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með

talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 5. maí 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. f. m., er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans á Selfossi, út gefnu 17. janúar 1994, á hendur Unnþóri Bergmann Halldórssyni, kt. 240548-2929, Básahrauni 47, Þorlákshöfn, „fyrir að aka laugardaginn 23. október 1993 bifreiðinni BH-588 suður Óseyrarbraut í Þorlákshöfn með allt að 103 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla á móts við hús nr. 28 við þá götu og án þess að hafa meðferðis ökuskírteini greint sinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

– – –

II.

Í máli þessu er ákærða aðallega gefið að sök að hafa ekið bifreið yfir lögleyfðum hraða og svo sem nánar greinir í ákæru, innan þéttbýlis í Þorlákshöfn. Er hann með því talinn hafa brotið gegn 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en samkvæmt því ákvæði má ökuhraði í þéttbýli ekki vera meiri en 50 km miðað við klukkustund. Ákærði hefur í sjálfu sér ekki neitað því að hafa ekið bifreið sinni umrætt sinn með þeim hraða, sem í ákæru greinir. Hann hefur hins vegar að meginstefnu til reist vörn sína í málinu á því, að ákvæði umferðarlaga um akstur í þéttbýli gildi ekki á þeim stað, er hraði bifreiðar hans var mældur laugardaginn 23. október 1993.

– – –

III.

Telja verður nægilega sannað með framburði lögreglumannanna Jóns Hlöðvers Hrafnssonar og Erlends Daníelssonar, að ákærði hafi laugardaginn 23. október 1993 ekið bifreiðinni BH-588 með allt að 103 km hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla skammt norðan við hús nr. 28 við Óseyrarbraut í Þorlákshöfn. Þá þykir ekki varhugavert að telja nægilega fram komið, að bifreið ákærða hafi verið komin inn fyrir svokallað þéttbýlismerki (D 12), þá er hraði hennar var mældur umrætt sinn.

Í reglugerð nr. 341/1989 um umferðarmerki og notkun þeirra, sbr. 79. og 84. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, er að finna svohljóðandi ákvæði um þéttbýlismerki (D 12): „Merki þetta ber að nota við akstursleiðir inn á svæði, þar sem ákvæði umferðarlaganna um þéttbýli gilda.“ Um merki D 13, þéttbýli lokið, segir svo í reglugerðinni: „Merki þetta er notað til að gefa til kynna, að reglur um þéttbýli gildi ekki lengur.“ Í 2. gr. umferðarlaga segir svo um þéttbýli, að það sé svæði, sem afmarkað sé með sérstökum merkjum, er tákni þéttbýli.

Samkvæmt 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga má ökuhraði í þéttbýli ekki vera meiri en 50 km á klukkustund. Ákvæði þetta tók til aksturs ákærða, þá er lögreglumenn mældu hraða bifreiðar hans á Óseyrarbraut í Þorlákshöfn greint sinn, enda er þar ekki gefið til kynna með viðeigandi umferðarmerki, að vikið sé frá hinum almennu hraðamörkum í þéttbýli, sem felast í hinu tilvitnaða ákvæði umferðarlaganna. Ákvæði 5. mgr. 11. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 341/1989 um, að leiðbeiningarmerki beri að setja hæfilega langt frá þeim stað, er leiðbeining vísar til, fær ekki breytt framangreindri niðurstöðu dómsins.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa ekki haft ökuskírteini sitt meðferðis við akstur umrætt sinn.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, telst ákærði sannur að sök um þá háttsemi, sem lýst er í ákæru. Varðar brot hans við 1. mgr. 37. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, eins og þar er tiltekið.

Refsing ákærða, sem ekki hefur áður sætt refsingu, er áhrif hefur á ákvörðun viðurlaga í þessu máli, þykir samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin 20.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að kröfu ákæruvalds og með vísan til 101. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 44/1993, að svipta ákærða ökurétti, og þykir sviptingartími hæfilega ákveðinn 1 mánuður frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ævars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, 60.000 krónur.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Unnþór Bergmann Halldórsson, greiði 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökurétti í 1 mánuð frá dómsbirtingu að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ævars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, 60.000 krónur.

Fimmtudaginn 6. október 1994.

Nr. 331/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Geir Viðari Vilhjálmssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur. Ökuréttarsvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og hefur því af hálfu ákæruvalds verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 2. febrúar 1994. Ákæruvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd og honum gerð enn frekari svipting ökuréttar.

Við meðferð málsins fyrir Hæstarétti var þess meðal annars krafist af hálfu ákærða, að hinn áfrýjaði dómur yrði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Var því borið við, að ákærða hefði ekki verið gefið færi á að hafa uppi á vitnum til stuðnings sýknukröfu sinni samkvæmt 2. lið ákæru, en ákærði hélt sjálfur uppi vörnum í héraði.

Við þingfestingu málsins í héraðsdómi 21. desember 1993 var aðalmeðferð þess ákveðin 28. sama mánaðar. Ákærði var viðstaddur þinghaldið og fékk gögn málsins í hendur. Var bókað í þinghaldinu, að ákærði myndi hafa samband við sækjanda, ef hann óskaði eftir að fá fyrir dóm fleiri vitni en tilgreind voru í gögnum málsins. Það gerði hann fyrst í varnarræðu sinni við flutning málsins. Hann lagði ekki fram ósk um yfirheyrslu vitna, á meðan á áfrýjun máls þessa stóð. Með vísan til þessa verður ekki fallist á kröfu ákærða um ómerkingu héraðsdóms og heimvísun málsins.

Fallist er á sakarmat og refsingu ákærða í hinum áfrýjaða dómi með skírskotun til forsendna hans. Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. og 1. og 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. gr. og 26. gr. laga nr.

44/1993. Ber með vísan til 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara um sviptingu ökuréttar hans. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Geir Viðar Vilhjálmsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. desember 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 30. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 786/1993: Ákæruvaldið gegn Geir Viðari Vilhjálmssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 13. desember sl., á hendur ákærða, Geir Viðari Vilhjálmssyni, Bergstaðastræti 11 B í Reykjavík, kt. 120142-3219.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að aka undir áhrifum áfengis bifreiðinni HN-558 svo sem hér er rakið:

1. Aðfaranótt föstudagsins 27. nóvember 1993 (sic) austur Sæbraut í Reykjavík, uns lögregla stöðvaði aksturinn skammt austan Snorrabrautar.

2. Að kvöldi þriðjudagsins 15. júní 1993 vestur Skeiðarvog í Reykjavík og á bifreiðina RS-133, sem beygt var í veg fyrir hann. Síðan ók ákærði á brott af vettvangi að Landspítalanum við Hringbraut.

3. Miðvikudaginn 6. október 1993 frá Þingvöllum áleiðis til Reykjavíkur, uns lögregla stöðvaði aksturinn á Þingvallavegi við Laxnes í Mosfellsdal.

Liður 1 telst varða við l., sbr. 2. mgr. 45. gr., og liður 2 við 1. mgr. 10. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., og liður 3 við l., sbr. 3. mgr. 45. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr., sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993".

Með skýlausum játningum ákærða, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um ölvunarakstur þann, sem frá greinir í 1. og 3. lið ákæru og þar er rétt færður til refsiákvæða, en magn alkóhóls í blóði ákærða mældist í fyrra skiptið 1,31‰

og í hið síðara 1,95‰. Fyrst greindi atburðurinn átti sér stað 1992, en ekki 1993, eins og misritast hefur í ákæru. Þetta skiptir þó ekki máli um sök ákærða, sbr. 1. tl. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Ákærði kannast hins vegar ekki við að hafa verið ökumaður bifreiðarinnar HN-558 hinn 15. júní sl., þegar atburður sá á að hafa orðið, sem frá greinir í 2. lið ákæru. Verða málavextir nú raktir varðandi þennan lið ákæru.

Þriðjudaginn 15. júní sl. klukkan 21.06 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um árekstur bifreiðanna HN-558 og RS-133 á Skeiðarvogi við Langholtsveg, en fyrrgreindu bifreiðinni hafði verið ekið vestur Skeiðarvog og síðarnefnda bifreiðin verið við gatnamótin með sömu aksturssstefnu, en ökumaðurinn hafði hugsað sér að taka U-beygju austur Skeiðarvog.

Það fylgdi tilkynningunni um áreksturinn, að ökumaður bifreiðarinnar HN-558 hefði horfið af vettvangi og að bæði hann og farþegi hans hefðu verið ölvaðir. Tilkynnt var um brotthvarfið, og fóru allar tiltækar lögreglubifreiðar að leita bifreiðarinnar HN-558, en einnig var tilkynnt, hver væri skráður eigandi hennar og hvar hann ætti heima, en skráður eigandi var ákærði, Geir Viðar Vilhjálmsson, sem var handtekinn klukkan 22.05 um kvöldið á veitingastaðnum 22 að Laugavegi 22 í Reykjavík og færður á lögreglustöðina til yfirheyrslu. Ákærði upplýsti strax, að bifreiðin væri á bifreiðastæði að sunnanverðu við Landspítalann, en ekki vildi hann segja, hver hefði verið ökumaður hennar.

Ákærði var næst færður á slysadeild Borgarspítalans til töku á blóðsýni til alkóhólrannsóknar. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 1,66‰. Eftir blóðtökuna var ákærði færður að nýju á lögreglustöðina fyrir varðstjóra og upplýsti nú, að ökumaður bifreiðarinnar hefði verið Ármann og að hann ætti að vera á deild 33 A á Landspítalanum. Ákærði var síðan færður í fangageymslu vegna rannsóknar málsins.

Skemmdir á bifreiðunum voru þær, að hægra framhorn var skemmt á bifreið ákærða, en á hinni bifreiðinni voru skemmdir á vinstra horni höggvara, vinstra afturbretti, vinstri afturhurð og vinstri framhurð.

Samkvæmt upplýsingum frá deild 33 A á Landspítalanum var skráður þar sjúklingur að nafni Ármann, en hann var fjarverandi án leyfis og hafði farið út um miðjan dag 15. júní, en hringt um kvöldið og sagst koma að morgni næsta dags.

Umræddur Ármann reyndist vera Hauksson, og var hann yfirheyrður næsta morgun ásamt ákærða. Verður nú gerð grein fyrir framburði þeirra þá og við meðferð málsins svo og framburði vitna.

Ákærði kveðst hafa hitt Ármann í borginni 15. júní sl., líklega á Hverfisgötu, en ákærði kveðst hafa verið búinn að drekka nokkra bjóra, og kveðst hann því hafa beðið Ármann að aka bifreið sinni fyrir sig, en áður spurði ákærði Ármann, hvort hann væri ekki í lagi til að aka, og játaði hann því. Var fyrst ekið vestur í bæ og síðan farið austur í bæ, en á Skeiðarvogi við mót Langholtsvegar var bifreið ekið í veg fyrir bifreið ákærða með þeim afleiðingum, að Ármann ók utan í hlið hennar. Fóru þeir Ármann út úr bifreiðinni, ákærði á undan, og ræddi hann stuttlega við hinn ökumanninn, en settist svo inn í bifreiðina aftur, en Ármann fór út og ræddi einnig við ökumanninn. Ákærði kveðst hafa verið töluvert ölvaður í þetta skipti og einnig þreyttur. Eftir að Ármann hafði rætt við hinn ökumanninn, fór hann upp í bifreiðina og færði hana til, en síðan ók hann með þá báða á brott og að Landspítalanum. Þar lagði hann bifreiðinni, og héldu þeir síðan gangandi niður á Laugaveg, en urðu þar viðskila. Ákærði kveðst ekki hafa orðið þess var, að Ármann væri undir áhrifum áfengis. Ákærði var handtekinn á veitingastað að Laugavegi 22 um klukkustund síðar, og hafði hann þá drukkið eina bjórkollu, eftir að þeir fóru úr bifreiðinni.

Vitnið Ármann Hauksson, Laugavegi 28 C í Reykjavík, kveðst hafa hitt ákærða síðla umræddan dag í Lækjargötu, og fékk ákærði vitnið til þess að aka bifreiðinni fyrir sig. Telur vitnið, að það hafi tekið að sér aksturinn vegna þess, að ákærði var undir áhrifum áfengis. Óku þeir um borgina, og á áðurgreindum stað var bifreiðinni RS-133 ekið í veg fyrir vitnið, sem gat ekki afstýrt árekstri. Eftir áreksturinn ók vitnið bifreiðinni inn á Langholtsveg og stöðvaði hana þar. Var vitnið þá búið að ræða við hinn ökumanninn, en ekki man það, hvort það ræddi við hann, eftir að það var búið að leggja bifreiðinni, en henni ók vitnið á brott og lagði við Landspítalann. Vitnið kveðst hafa ekið á brott, þar sem það hafi verið í „panik" eftir áreksturinn.

Vitnið Baldur Ólafsson, Njörvasundi 21 í Reykjavík, var ökumaður bifreiðarinnar RS-133 umrætt sinn. Vitnið fór út úr bifreið sinni eftir áreksturinn og ræddi lítillega við ökumann hinnar bifreiðarinnar, en eftir það fór vitnið inn í verslun til að hringja á lögreglu. En þegar það kom til baka út úr versluninni, sá það hina bifreiðina fara inn á Langholtsveg, stöðvast þar og hverfa síðan á brott. Fór vitnið þá aftur inn í verslunina og tilkynnti lögreglu númer bifreiðarinnar. Vitnið segir, að ökumaðurinn hafi verið æstur eftir áreksturinn og kallað til vitnisins, hvað það hefði verið að gera. Þá virtist farþeginn einnig æstur, en hann kom einnig út úr bifreiðinni. Virtust vitninu báðir mennirnir annarlegir, bæði í tali og framkomu, en það kom ekki svo nálægt þeim, að það geti fullyrt, að þeir hafi verið undir áhrifum áfengis.

Vitnið sér í dóminum ákærða og Ármann Hauksson og segir, að það sé næstum öruggt um, að ákærði hafi verið ökumaðurinn, en Ármann farþeginn. Telur vitnið sig hafa borið áreiðanlega um málið, enda þótt liðnir séu 6 mánuðir frá atburðinum.

Vitnið Sigríður Gunnarsdóttir, Heiðarási 14 í Reykjavík, kveðst hafa ekið bifreið sinni umrætt sinn vestur Skeiðarvog, og þegar vitnið var að koma að gatnamótum Langholtsvegar, stóð við gatnamótin fólksbifreið með kerru, og var hún á vinstri akrein með hægri hjól yfir akreinalínu götunnar. Þegar vitnið átti mjög skammt ófarið að gatnamótum, fór bifreiðin með kerruna af stað rólega áleiðis í vinstri beygju suður Langholtsveg. Í sama mund var bifreið ekið á mikilli ferð eftir vinstri akrein fram úr bifreið vitnisins, og var hraðinn svo mikill, að ekki hefði tekist að stöðva bifreiðina við gatnamótin, þótt stöðvunarskylda væri við þau. Nauðhemlaði ökumaðurinn, en ekki tókst honum að koma í veg fyrir árekstur.

Vitnið sá ekki, hver kom undan stýri bifreiðarinnar, sem kom aðvífandi, né sá það, hver kom út úr bifreiðinni farþega megin. Vitnið segir, að ákærði hafi komið fram á staðnum eins og sá, sem ætti hlut að árekstrinum. Var vitnið ekki í neinum vafa á vettvangi, að ákærði væri ökumaðurinn, enda þótt það sæi hann ekki koma undan stýri bifreiðarinnar, því að vitnið var að færa sína bifreið í burtu, þegar það gerðist. Vitnið fann mikla áfengislykt á staðnum og segir þann, sem vitnið áleit farþega ákærða, hafa verið mikið drukkinn. Vitnið fann einnig áfengislykt af ákærða, þegar farþeginn gekk frá, en vitnið segir, að ákærði hafi ekki verið áberandi drukkinn og ekki slagað, en það hafi farþeginn gert. Vitnið sá aðeins aftan á bifreiðina, sem ákærði var í, þegar henni var ekið á brott, en ekki sá það, hver var þá undir stýri.

Vitninu datt ekki í hug á staðnum, að farþeginn hefði ekið bifreiðinni, svo drukkinn sem hann var, og auk þess segir vitnið, að ákærði hafi einn haft orð fyrir þeim, og af því hafi það dregið þá ályktun, að hann væri ökumaðurinn.

Vitnið Valdimar Sveinsson, Laufengi 86 í Reykjavík, kveðst umrætt sinn hafa verið á þáverandi heimili sínu í húsinu nr. 147 við Skeiðarvog, en það er á norðausturhorni móta Skeiðarvogs og Langholtsvegar. Vitnið heyrði hávaðann frá árekstrinum og fór þá út á svalir, en það telur, að þær séu um 30 metra frá árekstursstað. Voru ökumennirnir þá enn inni í bifreiðunum. Ökumaður fremri bifreiðarinnar, sem ekið hafði verið á, kom fyrr út úr bifreið sinni og síðan farþeginn úr hinni bifreiðinni, og ræddu þeir eitthvað saman. Síðan var bifreiðinni beygt til hægri inn á Langholtsveg og lagt fyrir framan hús vitnisins. Fóru þá bæði ökumaðurinn og farþeginn að huga að

skemmdum á bifreiðinni. Síðan fóru þeir að ræða við hinn ökumanninn. Fljótlega eftir þetta óku umræddur ökumaður og farþegi hans á brott, og ók farþeginn nú bifreiðinni.

Vitnið kannaðist bæði við ökumanninn og farþegann, og var það ákærði, sem ók, þegar áreksturinn varð, en farþeginn heiti Ármann og hefði verið gestur í Borgarvirki, þar sem vitnið hefði starfað.

Vitnið er ekki alveg öruggt um, hvort Ármann sat inni í bifreiðinni, þegar henni var ekið fyrir hornið eftir áreksturinn, eða hvort hann gekk þessa leið.

Vitnið Svana Margrét Símonardóttir, Laufengi 86 í Reykjavík, kveðst hafa verið statt umrætt sinn á þáverandi heimili sínu að Skeiðarvogi 147 og fór ásamt eiginmanni sínum út á svalir, þegar þau heyrðu hávaðann af árekstrinum. Þegar vitnið kom á eftir manni sínum út á svalirnar, sá það ökumanninn stíga út úr bifreiðinni fyrir framan hús þeirra hjóna, og fullyrðir vitnið, að það hafi verið ákærði, sem steig út úr sæti ökumanns. Er vitnið ekki í neinum vafa um þetta, en vitnið sér ákærða í dóminum. Vitnið fór út til að tala við ökumann hinnar bifreiðarinnar og sá þá bifreiðinni með ákærða og farþega hans ekið á brott og sá ekki betur en þeir hefðu haft sætaskipti og að nú æki farþeginn.

Ákærði hefur við flutning málsins farið fram á, að verði ekki orðið við sýknukröfu sinni vegna 2. liðar ákærunnar, verði dómsuppsögu frestað, svo að sér gefist tækifæri til þess að hafa uppi á vitnum til stuðnings sýknukröfu sinni. Dómurinn telur ekki ástæðu til þess að verða við þessari ósk með hliðsjón af því, sem fram er komið í málinu.

Þrátt fyrir neitun ákærða og framburð vitnisins Ármanns, sem var með ákærða umrætt sinn, er sannað með afdráttarlausum framburði vitnanna Valdimars og Svönu Margrétar, sem er studdur verulega með framburði vitnisins Baldurs og fær einnig stuðning í framburði vitnisins Sigríðar, að ákærði hefur ekið bifreiðinni HN-558 15. júní sl., þegar áreksturinn varð. Hins vegar er ósannað vegna framburðar ákærða og vitnanna Valdimars og Svönu Margrétar, að ákærði hafi ekið bifreiðinni á brott að Landspítalanum. Verður hann því sýknaður af þeim akstri. Þá er sannað með framburði ákærða sjálfs, sem studdur er niðurstöðu alkóhólrannsóknar, að ákærði hefur verið undir áhrifum áfengis umrætt sinn. Hins vegar verður ekki byggt að öllu leyti á niðurstöðu alkóhólrannsóknar um magn alkóhóls í blóði ákærða við aksturinn í þetta skipti vegna þess framburðar ákærða, sem óhrakinn er, að hann hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Varðar ölvunarakstur ákærða í þetta skipti því við 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga. Þar sem þeirri háttsemi ákærða að hverfa af vettvangi án þess að gera viðeigandi

ráðstafanir vegna árekstursins er ekki lýst í verknaðarlýsingu ákæru, ber að sýkna ákærða af broti á 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga.

Ákærði gekkst á árunum frá 1960 til 1962 þrisvar með dómsátt undir að greiða sektir fyrir brot á umferðarlögum, og árið 1979 gekkst hann með dómsátt undir að greiða sekt fyrir ölvunarakstur og sætti jafnframt sviptingu ökuleyfis í 12 mánuði. Síðast gekkst ákærði með dómsátt undir að greiða sekt árið 1989, og var það fyrir ölvun. Öðrum refsingum hefur ákærði ekki sætt, svo að kunnugt sé.

Ákærða verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin 80.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 20 daga.

Þá hefur ákærði unnið sér til sviptingar ökuréttar, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökurétti í 20 mánuði frá 20. nóvember 1993, en þann dag var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 20.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs, en ákærði varði sig sjálfur.

Sturla Þórðarson, yfirlögfræðingur hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, sótti málið af hálfu ákæruvalds.

Dómsorð:

Ákærði, Geir Viðar Vilhjálmsson, greiði 80.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 20 mánuði frá 20. nóvember 1993 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 20.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Fimmtudaginn 6. október 1994.

Nr. 357/1992. **Vátryggingafélag Íslands hf. og Kolur sf.**
(Kristján Ólafsson hdl.)
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Jóhanni Guðlaugssyni
(Ásgeir Þór Árnason hdl.)
(Kristján Stefánsson hrl.)

Bifreiðar. Vátrygging. Sameignarfélag. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 7. september 1992. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram, snýst ágreiningur aðila um það eitt, hvort stefndi, sem er félagsmaður í sameignarfélaginu Kol, eigi rétt til fullra bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðar félagsins vegna slyss, er hann varð fyrir sem farþegi í bifreiðinni og ökumaður hennar var talinn eiga sök á. Eignarhlutur stefnda í sameignarfélaginu nemur 42%, og hefur hann þegar fengið tjón sitt bætt að 58 hundraðshlutum.

Hinni lögboðnu ábyrgðartryggingu bifreiða er ætlað að tryggja það, að tjónþoli fái fébætur hjá vátryggingafélagi, ef hann á skaðabótakröfu að lögum, sbr. XIII. kafla núgildandi umferðarlaga nr. 50/1987 og VI. kafla eldri laga um sama efni nr. 40/1968. Sá réttur er óháður rétti vátryggingafélags gagnvart tjónvaldi. Með dómi Hæstaréttar 21. desember 1987 í máli nr. 125/1987 var skorið úr því, að vátryggingartaki naut ekki fullrar vátryggingarverndar gegn skaðabótakröfu frá sameiganda að bifreið, sem báðir höfðu keypt ábyrgðartryggingu fyrir. Bótakrafa tjónþola á hendur vátryggingafélagi var takmörkuð við eignarhlutdeild sameigandans.

Eigandi í sameignarfélagi ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins og þar á meðal þeim skaðabótakröfum, sem á það kunna að falla. Ekki eru haldbær rök til þess að gera greinarmun á réttarstöðu manns, sem verður fyrir tjóni af völdum bifreiðar, sem hann á í sameign með öðrum, og félagsmanns í sameignarfélagi, sem hlýtur skaða af bifreið í eigu félagsins. Báðir verða að þola skerðingu bótaréttar gagnvart vátryggingafélagi í hlutfalli við eignarhlutdeild í bifreiðinni vegna þeirrar ríku persónulegu ábyrgðar, sem henni fylgir, enda er lagareglum um ábyrgðartryggingu bifreiða ætlað að tryggja tjónsbætur þriðja manns, en ekki vátryggingartaka sjálfs. Stöðu félagsmanns í sameignarfélagi, sem er eigandi vátryggðrar bifreiðar, verður að þessu leyti jafnað við stöðu vátryggingartaka að því marki, sem eignarhlutur hans í sameignarfélaginu segir til um. Það haggar eigi þessari niðurstöðu, að sameignarfélag er lögpersóna með aðildarhæfi og sjálfstæður skattaðili, en um það gilda önnur lagasjónarmið en lögð verða til grundvallar við túlkun ábyrgðarreglna umferðarlaga.

Ekki liggur fyrir í málinu, að stefndi hafi á þeim tíma, er slysið varð, notið slysatryggingar farþega í eigin bifreið. Verður hann þá samkvæmt framansögðu að bera tjón sitt í hlutfalli við eignarhlutdeild sína í umræddu sameignarfélagi. Ber því að sýkna áfrýjendur af öllum kröfum stefnda.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði falli niður, en stefndi greiði áfrýjendum málskostnað í Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Vátryggingafélag Íslands hf. og Kolur sf., eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, Jóhanns Guðlaugssonar.

Málskostnaður í héraði fellur niður. Stefndi skal greiða hvorum áfrýjanda um sig 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Í máli þessu er það óumdeilt, að áfrýjandinn Kolur sf. var sameignarfélag, sem stundaði atvinnurekstur, er á mátti líta sem sjálf-

stæða starfsemi þess fremur en starfsemi eigendanna sjálfra, þótt þeir ynnu báðir við fyrirtækið. Atvinnan var á sviði vinnuvélareksturs og mannvirkjagerðar og hafði verið stunduð nokkurn tíma. Er ekki vefengt, að skipulag félagsins í fjárhagslegu og öðru tilliti hafi verið svipað og almennt gerist um félög af þessu tagi, svo sem ætla má af framlögðum stofnsamningi þess. Ekki er á því byggt, að máli skipti, að sameigandi í félaginu á móti stefnda var sonur hans. Það er og óumdeilt, að bifreið félagsins, sem stefndi slasaðist í, hafi verið félagseign, eins og skráning hennar á nafn þess gaf helst til kynna, en ekki sérstök eign félagsmanna, sem þeir ættu í beinan hlut. Því er ekki haldið fram, að hún hafi verið ætluð til einkaþarfa þeirra eða ótengd eiginlegum rekstri félagsins. Loks er ekki um það að ræða, að stefndi hafi sjálfur átt hlut að slysinu.

Viðurkennt er að lögum, að sameignarfélög njóti rétthæfis og gerhæfis í margvíslegu tilliti og geti átt samstöðu að því leyti með hlutafélögum og öðrum lögaðilum, svo sem til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi, og gætir þess í vaxandi mæli fremur en hitt. Þannig er ljóst, að krafa stefnda um skaðabætur á hendur bifreiðareiganda er að formi til réttilega talin á hendur félaginu sjálfu, en ekki eigendum þess, þótt þeir beri ábyrgð á henni sem slíkir eins og öðrum skuldbindingum, er af rekstrinum stofnast. Þessi staða félagsins sem lögaðila ræður ekki sjálfkrafa úrslitum í málinu, þar sem meta verður eftir þeim lögskiptum, sem um er að tefla hverju sinni, hvort við eigi að leggja hana til grundvallar. Telja verður hins vegar, að þeir þjóðfélagshagsmunir, sem leitt hafa til umræddrar viðurkenningar, vísi eindregið til þess, að virða beri stöðu félagsins sem hins ábyrga aðila í því tilviki, er hér um ræðir. Meðal annars skipti jöfnuður við annan atvinnurekstur þar meira máli en hið tiltekna form á starfseminni. Þau sjónarmið, sem liggja að baki reglum umferðarlaga um ábyrgð ökutækjaeigenda og vátryggingu hennar vegna, mæla ekki sérstaklega gegn þeirri niðurstöðu. Þessar reglur varða dreifingu tjóns af umferðarslysum, sem eru almennt þjóðfélagsmein, og viðskiptaleg hagsmunatengsl eru þar ekki dæmigerður áhrifaþáttur. Með skírskotun til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að fallast á þá kröfu stefnda, að dómurinn verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júní 1992.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms fimmtudaginn 21. maí sl., hefur Jóhann Guðlaugsson bifreiðastjóri, kt. 070830-2059, Sunnubraut 21, 370 Búðardal, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 12. desember 1991, á hendur Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík, Jóhanni Guðlaugi Jóhannssyni, kt. 310164-3569, Njarðargötu 5, Reykjavík, og Gunnbirni Ó. Jóhannssyni, kt. 131262-2729, f. h. Kols sf., kt. 650583-0439, áður með heimili að Hellisbraut 10, Króksfjarðarnesi, en nú með starfsstöð að Kinnarstöðum, Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð 471.817,00 kr., með 24,0% ársvöxtum frá 14. mars 1989 til 1. apríl 1989, með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins auk virðisaukaskatts og dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Í þinghaldi í málinu 27. apríl 1992 féll stefnandi frá öllum kröfum á hendur stefnda Jóhanni Guðlaugi Jóhannssyni í málinu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi segir málavexti vera þá, að hann hafi orðið fyrir alvarlegum meiðslum 16. febrúar 1985, er bifreiðinni Y-12753, sem hann hafi verið farþegi í, hafi verið ekið út af Vesturlandsvegi á móts við Kiðafell í Kjós og hún oltið.

Ökumaður bifreiðarinnar hafi verið Jóhann Guðlaugur Jóhannsson nemi, en eigandi ökutækisins Kolur sf., en skráður eigandi P. Samúelsson & Co. hf. Bifreiðin hafi verið tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu, sem tekin hafi verið af Kol sf. hjá Samvinnutryggingum gt., en stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. hafi tekið við öllum réttindum og skyldum þess félags. Slysið hafi borið að með þeim hætti, að ökumaður, er hafi ekið norður Vesturlandsveg á um það bil 50–60 km hraða, hafi misst stjórn á bifreiðinni, er hafi snúist í hálku og ísingu og kastast út af akbrautinni. Bifreiðin hafi oltið nokkrar veltur, og hafi stefnandi orðið undir bifreiðinni. Ökumanni og aðvífandi fólki hafi tekist að velta bifreiðinni ofan af stefnanda.

Stefnandi hafi hlotið alvarleg meiðsl, þar sem rifbein hafi brotnað, lunga fallið saman, nýru skaddast og öxl og upphandleggsbein tvíbrotnað auk ým-

issa annarra áverka. Stefnandi hafi legið á spítala fram í miðjan mars og síðan í sjúkrameðferð í Hveragerði fram í lok júní 1986. Stefnandi hafi síðan þurft að fara árlega í sjúkrameðferð, 2–3 vikur í senn.

Stefnandi búi auk tímabundinnar örorku að 25% varanlegri örorku samkvæmt örorkumati tryggingayfirlæknis. Stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. hafi játað bótaskyldu í þessu máli að hluta, en neitað bótaskyldu á 42% tjónsins, þar sem stefnandi hafi verið eigandi að Kol sf. að 42%.

Uppgjör hafi farið fram í mars 1989 með samkomulagi og hafi bætur verið lækkaðar um 471.817,00 kr. vegna eignaraðildar stefnanda að Kol sf., sem hafi verið vátryggingataki bifreiðarinnar. Stefnandi hafi gert fyrirvara við uppgjör og áskilið sér rétt til heimtu óskertra skaðabóta.

Stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. hafi viðurkennt bótaskyldu með vísan til 3. mgr., sbr. 1. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 3. mgr., sbr. 1. mgr. 70. gr. sömu laga, en telji bótaskyldu takmarkaða af eignarhaldi stefnanda að Kol sf.

Kolur sf. sé stofnað 22. apríl 1984 og sé sjálfstæður skattaðili. Félagið hafi haft á hendi umfangsmikla starfsemi. Stofnendur hafi verið Gunnbjörn Ó. Jóhannsson og stefnandi. Stefnandi hafi átt 20%, en Gunnbjörn 80%. Á þeim tíma, er slysið varð, hafi stefnandi verið eigandi að 42% í félaginu eða til 1. janúar 1986, er hann hafi selt sinn hlut.

Kolur sf. hafi verið eigandi bifreiðarinnar Y-12753, en kaup hafi verið nýgerð og umskráning ekki farið fram. Bifreiðin hafi hins vegar verið tryggð af Kol sf. Með málsaðilum sé ekki ágreiningur um þessa staðhæfingu. Stefnandi telji, að eignaraðild sín að sameignarfélagi, sem sé sjálfstæður lögaðili, lögpersóna, felli ekki niður rétt til bóta, eins og hér standi á.

Stefnandi reisi kröfur sínar á ákvæðum þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968 um skyldutryggingu. Kröfur séu gerðar á hendur stefnda Kol sf. sem skráningarskyldum eiganda.

3.0.

– – –

Sýknukrafa stefndu sé á því reist, að stefnandi hafi slasast sem farþegi í eigin bifreið og eigi því aðeins rétt til bóta að því marki, sem svari eignarhluta sameiganda hans í bifreiðinni, sbr. H. 1987, 1763, en þær bætur séu þegar greiddar.

– – –

Þar sem fullar bætur hafi þegar verið greiddar að því marki, sem svari eignarhlutdeild meðeiganda stefnanda í Kol sf. og bifreiðinni Y-12753, beri að sýkna stefndu samkvæmt framansögðu. Um stefnufjárhæð, 471.817,00

kr., sé ekki tölulegur ágreiningur, en ekki séu efni til dráttarvaxta af málskostnaði.

4.0. Forsendur og niðurstaða.

Álitaefnið í máli þessu snýr að því, hvort félagsmaður í sameignarfélagi, sem orðið hefur fyrir tjóni vegna gáleysis manns, sem ekur bifreið í eigu félagsins, eigi rétt til bóta að því marki, er svarar til eignarhluta hans, þ. e. félagsmannsins, en Samvinnutryggingar gt. hafa viðurkennt, að slysið mætti rekja til ógætni ökumanns bifreiðarinnar Y-12753. Um slysið gilda eldri umferðarlög nr. 40/1968.

Í dómi Hæstaréttar, H. 1987, 1763, taldi meiri hluti Hæstaréttar, að vátryggingartaki nyti ekki fullrar vátryggingarverndar gagnvart skaðabótakröfu frá sameiganda, sem ásamt honum hafði keypt ábyrgðartryggingu vegna bifreiðar þeirra. Vátryggingafélaginu var skylt að bæta sameiganda tjón að tiltölu við eignarhlutdeild hins meðeigandans í bifreiðinni.

Dómur þessi tekur til sameignar, en ekki sameignarfélags. Með sameignarfélagi stofnast nýr lögaðili. Lögpersóna þessi, Kolur sf., nýtur aðildarhæfis eftir almennum reglum. Eignaraðili að sameignarfélagi getur haft víðtæk viðskipti við félag það, sem hann á hlutdeild í, getur átt þar eignir, verið lánveitandi og lántakandi gagnvart því og getur krafið sameignarfélagið um bætur vegna tjóns, er það veldur honum, með sama hætti og hann verður að bæta tjón, er hann veldur því. Sjálfstæð tilvist félagsins breytist ekki við eigendaskipti á eignarhlutum í félaginu. Stefndi, Kolur sf., er sjálfstæður skattaðili. Einkaafnot meðeiganda í sameignarfélagi af bifreið sameignarfélags er skattlögð með sérstökum hætti, sbr. 116. gr. laga nr. 75/1981. Er það skoðun dómsins, að um sameignarfélagsformið gildi í þessu tilliti svipuð lagasjónarmið og um önnur félagsform, svo sem hlutafélagsformið.

Í tveimur dómum Hæstaréttar, H. 1967, 251, og H. 1968, 71, voru vátryggingafélög, sem selt höfðu ríkisstofnunum lögmæta ábyrgðartryggingu vegna ökutækja, dæmd til að greiða öðrum stofnunum ríkisins bætur vegna skemmda, sem urðu á munum af völdum ökutækjanna. Eru þeir dómar því reistir á sams konar viðhorfum og að framan eru reifuð. Hér var um að ræða sjálfstæða lögaðila í eigu ríkisins.

Svo sem að framan er greint, verður að telja, að stefndi Kolur sf. sé sjálfstæður lögaðili, sem sé skaðabótaskyldur. Samkvæmt 4. mgr. 70. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. og 1. mgr. 67. gr., þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968 skal með vátryggingunni tryggð greiðsla að því leyti, sem til hrekkur, á hverri þeirri bótakröfu, sem falla kann á þann, er ábyrgð ber á tjóni samkvæmt umferðarlögum eða almennum skaðabótareglum. Stefndi Kolur sf. var hér vá-

tryggður vegna þess tjóns, er bifreiðin olli öðrum, þ. á m. öðrum meðeigandi félagsins. Ber því samkvæmt framansögðu, sbr. 2. mgr. 74. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968, að taka kröfur stefnanda til greina og viðurkenna, að stefndu Vátryggingafélag Íslands og Kolur sf. beri in solidum að bæta honum allt tjón og miska, er hann varð fyrir í umferðarslysinu 16. febrúar 1985, en svo sem áður greinir, hefur stefnandi fallið frá öllum kröfum á hendur Jóhanni Guðlaugi Jóhannssyni í málinu.

Um bótafjárhæð er ekki tölulegur ágreiningur, en hún nemur 471.817,00 kr. Stefndu hafa ekki mótmælt vaxtakröfu stefnanda sérstaklega, og verður hún því tekin til greina, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda in solidum 140.000,00 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu Vátryggingafélag Íslands hf. og Kolur sf. greiði in solidum stefnanda, Jóhanni Guðlaugssyni, 471.817,00 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum] og 140.000,00 kr. í málskostnað [...].

Fimmtudaginn 6. október 1994.

Nr. 288/1991. **Gísli Jón Kristjánsson og**
Sigríður Vilhjálmsdóttir
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
Lilju Halldórsdóttur og
Sif Eiri Magnúsdóttur
(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

Fasteignakaup. Galli. Sýknað af skaðabótakröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur hafa skotið þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1991. Þau krefjast, að stefndu verði gert að greiða sér 509.630 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 af 30.000 krónum frá 5. mars 1990 til 9. sama mánaðar, af 35.000 krónum frá þeim degi til 1. apríl sama ár, af 65.000 krónum frá þeim degi til 1. maí sama ár, af 95.000 krónum frá þeim degi til 1. júní sama ár, af 125.000 krónum frá þeim degi til 1. júlí sama ár, af 479.630 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, en af 509.630 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjendum verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu höfðuðu þetta mál í héraði á hendur áfrýjendum til heimtu fjárhæðar, sem þau höfðu haldið eftir við greiðslur til stefndu á kaupverði íbúðar að Hjarðarhaga 36 í Reykjavík samkvæmt kaupsamningi frá 23. nóvember 1989. Áfrýjendur töldu sér þetta heimilt vegna galla á íbúðinni, sem þau kröfðust bóta fyrir í gagnsök í héraði. Í hinum áfrýjaða dómi var bótakröfum áfrýjenda hafnað og þeim gert að inna af hendi fjárhæðina, sem þau höfðu haldið eftir, 534.868 krónur. Fyrir Hæstarétti var lýst yfir af hálfu áfrýjenda, að líta ætti þannig á kröfugerð þeirra, að þau viðurkenndu, að stefndu ættu kröfu þessarar fjárhæðar á hendur þeim

samkvæmt kaupsamningnum, en til skuldajafnaðar við hana ætti að koma krafa þeirra vegna galla, sem þau geri nú við áfrýjun og áður er getið.

Í málinu gera áfrýjendur kröfu um, að stefndu verði gert að greiða þeim í skaðabætur 245.000 krónur samkvæmt niðurstöðum dómkvaddra matsmanna um kostnað af lagfæringu á göllum á fyrrnefndri íbúð, en við þetta leggjast síðan bætur vegna afnotamissis af íbúðinni og útlagður kostnaður, og kemur þá út kröfufjárhæð áfrýjenda, sem er sundurliðuð í hinum áfrýjaða dómi. Í matsgerð er umræddur kostnaður af lagfæringum greindur þannig í þrjá liði, að matsmenn töldu, að kosta myndi 180.000 krónur að gera við sprungur á útveggjum hússins, kostnaður af viðgerð á hurð og svalaglugga var talinn nema 18.000 krónum, og kostnaður af að setja upp einangrun á bak við miðstöðvarofna var talinn 47.000 krónur.

Varðandi fyrsta kröfuliðinn kemur fram í hinum áfrýjaða dómi, að við vettvangsskoðun dómenda hafi sprungur í útveggjum íbúðarinnar verið augljósar við skoðun utan frá. Húsið að Hjarðarhaga 36 er sagt vera byggt árið 1956, og er komið fram, að áður en aðilar þessa máls fluttust í það, hafi farið þar fram viðgerðir á sprungum í útveggjum, sem enn hafi mátt sjá ummerki um, þegar kaupsamningur aðila var gerður. Áfrýjendur munu frá árinu 1983 hafa búið í annarri íbúð, sem þau leigðu í húsinu, og sóttu húsfundi í þágu eigenda hennar, en á þeim vettvangi voru uppi umræður um athugun á væntanlegum endurbótum á ytra byrði hússins. Var því áfrýjendum gefið tilefni til að athuga gaumgæfilega, áður en kaup voru gerð, hvort leki gæti verið á útveggjum. Ekki hafa verið leiddar líkur að því, að stefndu hafi verið kunnugt um lekann og leynt áfrýjendur vitneskju um hann. Samkvæmt þessu eru því ekki skilyrði til að dæma áfrýjendum bætur vegna leka. Í greinargerð fyrir Hæstarétti kröfðust áfrýjendur, að þeim yrði dæmdur afsláttur af kaupverði samkvæmt þessum lið í matsgerð, en fram að því höfðu þau í rekstri málsins eingöngu krafist skaðabóta af þessu tilefni. Er því málsástæða áfrýjenda þessa efnis of seint fram komin og kemur hér ekki til skoðunar.

Í matsgerð var talið, að gallar á hurð og svalaglugga, sem áfrýjendur krefjast bóta fyrir í öðrum kröfulið sínum, yrðu ekki raktir til annars en aldurs og venjulegrar notkunar, og töldu matsmenn þá

hafa átt að vera ljósa við skoðun eignarinnar. Þegar af þeirri ástæðu verður þessum kröfulið áfrýjenda hafnað.

Um þriðja kröfulið áfrýjenda kom fram í munnlegri skýrslu matsmanns fyrir héraðsdómi, að á þeim tíma, sem húsið að Hjarðarhaga 36 var byggt, hafi nokkuð verið um, að látið hafi verið ógert að einangra útveggi á bak við miðstöðvarofna. Áfrýjendur hafa ekki sýnt fram á, að slíkur frágangur hafi verið andstæður opinberum reglum um húsbyggingar, sem þá giltu. Verður af þessum sökum að hafna þessum kröfulið.

Aðrar kröfur áfrýjenda í málinu eru leiddar af kröfu þeirra um bætur vegna galla á íbúðinni, og koma þær því ekki frekar til álita. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að um málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti fer samkvæmt því, sem í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjendur, Gísli Jón Kristjánsson og Sigríður Vilhjálmsdóttir, greiði stefndu, Lilju Halldórsdóttur og Sif Eiri Magnúsdóttur, 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júní 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. maí sl., er höfðað af Lilju Halldórsdóttur, kt. 240345-3749, og Sif Eiri Magnúsdóttur, kt. 051171-4469, báðum til heimilis að Hraunbæ 26, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 20. september 1990 á bæjarþingi Reykjavíkur, á hendur stefndu, Gísla Jóni Kristjánssyni, kt. 121258-5449, og Sigríði Vilhjálmsdóttur, kt. 270262-3259, báðum til heimilis að Hjarðarhaga 36 (sic í stefnu), Reykjavík.

Með stefnu, þingfestri á bæjarþingi Reykjavíkur 6. desember 1990, höfðuðu aðalstefndu í máli þessu sérstakt mál á hendur aðalstefnendum. Það mál var sameinað máli þessu með bókun í þingbók 6. febrúar 1991 og kröfur stefnenda reknar sem gagnsök í máli þessu.

Endanlegar dómkröfur aðalstefnenda í aðalsök og gagnsök eru þær, að aðalstefndu verði gert að greiða aðalstefnendum 534.868,00 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga, af 334.868,00 kr. frá

15. desember 1990 til greiðsludags og af 200.000,00 kr. frá 16. júní 1990 til greiðsludags.

Í gagnsök er krafist sýknu eða lækkunar á kröfum gagnstefnenda og að vaxtakröfu verði vísað frá dómi í heild eða að hluta.

Krafist er málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi og að dæmdur málskostnaður beri dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu dóms. Krafist er dóms fyrir virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, sbr. lög nr. 50/1988.

Stefndu gera þær dómkröfur í aðalsök og framhaldssök, að þau verði alsýknuð af öllum kröfum stefnenda, auk þess sem stefnendum verði gert að greiða þeim málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málskostnaður dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá uppsögu dóms til greiðsludags. Jafnframt er gerð krafa til þess, að tekið verði tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar, að stefndu hafa rekið matsmál vegna galla í fasteign þeirri, sem stefnendur seldu stefndu og byggja mál sitt á. Þá er jafnframt krafist, að tillit verið tekið til þess, að stefndu eru eigi virðisaukaskattsskyld og verða því að sækja jafnvirði skattsins til stefnenda.

Með gagnstefnu, þingfestri á bæjarþingi Reykjavíkur 6. desember, höfða stefndu í aðalsök gagnsakarmál og gera þær dómkröfur í gagnsök, að gagnstefndu verði dæmdar til að greiða 509.630,00 kr. ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Þess er krafist, að dómkröfur í gagnsök verði notaðar til skuldajafnaðar um kröfu stefnanda í aðalsök, að svo miklu leyti sem þörf krefur, og sjálfstæður dómur verði kveðinn upp um þær kröfur stefnenda, sem umfram eru. Þá er þess krafist, að gagnsök þessi til sjálfstæðs dóms verði sameinuð aðalsökinni í bæjarþingsmálinu nr. 12242/1990.

Gagnstefndu gera þær dómkröfur, að vaxtakröfum gagnstefnenda verði vísað frá dómi, enn fremur, að gagnstefndu verði sýknaðar af öllum kröfum gagnstefnenda, en til vara, að þær verði lækkaðar verulega og dráttarvextir reiknist ekki frá fyrri tíma en stefnubirtingardegi gagnsakar. Enn fremur er þess krafist, að gagnstefnendur greiði gagnstefndu in solidum málskostnað að skaðlausu, sem beri dráttarvexti samkvæmt 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga, að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu dóms. Að lokum er krafist dóms fyrir virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, sbr. lög nr. 50/1988.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust í aðalsök og gagnsök.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Aðalstefnendur lýsa málsatvikum með eftirfarandi hætti í stefnu og greinargerð og málflutningi:

Málavexti kveða aðalstefnendur vera þá, að aðalstefndu keyptu íbúð á 3. hæð t. h. við Hjarðarhaga 36 af aðalstefnendum 23. nóvember 1989. Umsamið kaupverð var 6.000.000,00 kr. og skyldi greitt með fimm greiðslum: við undirritun kaupsamnings 200.000,00 kr., 15. desember 1989 1.500.000,00 kr., 15. janúar 1990 1.000.000,00 kr., 15. júní s. á. 1.600.000,00 kr. og 15. desember s. á. 1.700.000,00 kr. Aðalstefnendur segja aðalstefndu hafa staðið í skilum með þrjár fyrstu greiðslur, en einungis greitt 1.400.000,00 kr. af 1.600.000,00 kr. 15. júní 1990. Í aðalsök sé því krafist greiðslu á 200.000,00 kr., sem á hafi vantað réttar efndir á greiðslu hinn 15. júní 1990.

Þegar komið hafi verið að lokagreiðslu 15. desember 1990, að fjárhæð 1.700.000,00 kr., greiddu aðalstefndu einungis 1.365.132,00 kr. upp í þá fjárhæð. Í framhaldsstefnu sé gerð krafa til þess, að aðalstefndu greiði mismuninn, 334.868,00 kr.

Í greinargerð aðalstefndu í aðalsök er málsatvikum lýst með eftirfarandi hætti: Aðalstefndu halda því fram, að í stefnu sé málavöxtum lýst með afar ófullnægjandi og einhliða hætti og, að því er virðist, hallað réttum málavöxtum. Kaupverði og greiðsluskilmálum hafi áður verið réttilega lýst. Fasteignin skyldi afhent aðalstefndu 1. mars 1990. Aðalstefndu, kaupendur, halda því fram, að áður en til kaupa hafi komið, hafi þau skoðað fasteignina og aðalstefnendur, seljendur, verið viðstaddar og svarað spurningum aðalstefndu um ástand íbúðarinnar. Hafi aðalstefndu sérstaklega innt aðalstefnendur eftir göllum á íbúðinni og þó einkum því, hvort um lekavandamál væri að ræða. Hafi aðalstefnendur fullyrt, að leka hefði orðið vart vegna ónýts gluggabúnaðar, en skipt hafi verið um þann búnað og komist með því fyrir lekann. Væri leki því enginn í hinni seldu fasteign, enda væru engin ummerki leka sýnileg við skoðun íbúðarinnar.

Aðalstefndu hafi fengið fasteignina afhenta 5. mars 1990 og þegar hafið undirbúning að breytingu íbúðarinnar, sem m. a. skyldi felast í uppsetningu nýrrar innréttingar í eldhúsi og lagningu gólfefna. Af þeim sökum hafi teppi verið fjarlægð í stofu, og hafi þá komið í ljós stórir rakablettir á þremur stöðum, við glugga, ofn og svalahurð. Á nefndum stöðum hafi verið plastdúksbútar ofan á rakablettunum, en undir höfðu verið sagaðir úr bútar af hörðum dúk, sem hafi verið að öðru leyti undir teppi því, sem fjarlægt hafi verið í stofu.

Aðalstefndu halda því fram, að hætt hafi verið við að leggja á gólfið parket, þar sem greinilegur raki og fúkki hafi verið í gólfinu. Segjast aðalstefndu hafa af því tilefni leitað til Húseigendafélags Reykjavíkur og fengið löggiltan úttektarmann til þess að skoða gallana. Í álitsgerð hans, sem sé dagsett 9. mars 1990, segi m. a.:

„Þegar teppi voru tekin af, kom í ljós, að dúkurinn undir teppunum hafði skemmst, og lágu lausir bútar undir á þremur stöðum, nánar tiltekið við svalahurð, stofu og herbergisglugga. Stærð bútanna var 218×65 cm, 226×60 cm og 190×36 cm. Bútar þessir voru með áberandi bleytu- og myglublettum. Þá mátti sjá sömu ummerki á gólfinu ásamt stækri fúkkalykt. Orsök skemmda má eflaust rekja til þess, að vatn hefur komist inn um sprungu á útveggjum með svalahurð."

Aðalstefndu segja, að þessi niðurstaða hafi leitt til þess, að þau hafi kannað frekar ástand gólfa á öðrum stöðum í íbúðinni, enda fúkkalykt víðar en í stofu. Í svefnherbergi hafi komið í ljós, þegar ofn var færður úr stað, að dúkur hafi verið laus í horni útveggjar og undir honum verið fúkkablettir. Hafi gólf verið blautt og fúkkalykt af því. Undir glugga í eldhúsi hafi komið í ljós, að álagður dúkur hafi verið límdur ofan á annan eldri, en sá hafi verið laus við gólfið. Við upptöku dúksins hafi sést raki og fundist megn fúkkalykt. Vegna þessa hafi verið óskað eftir frekari skoðun úttektarmanna. Í álitsgerð hans, dagsettri 29. mars 1990, segi m. a.:

„Gólfdúkur á stofu og eldhúsi er nýlegur, en hann hefur verið lagður ofan á gamlan dúk, sem er laus við steypta gólfplötuna, þar sem athugun var gerð. Einnig voru lausir viðgerðarbútar við útveggi og undir gluggum. Fúkkalykt og raka var að finna og sjá á þessum stöðum."

Með bréfi, dagsettu 12. mars 1990, fóru aðalstefndu þess á leit við aðalstefnendur, að framangreindir leyndir gallar yrðu bættir, og var sú krafa ítrekuð með bréfi, dagsettu 28. mars 1990, og með staðfestu símskeyti 2. apríl s. á.

Með bréfi, dagsettu 19. mars 1990, hafnaði önnur aðalstefnenda, Lilja Halldórsdóttir, kröfum aðalstefndu og segir m. a. í nefndu bréfi:

„Ég og Magnús H. Gíslason keyptum umrædda íbúð fyrir 5–6 árum og létum þá sprunguþétta meðfram öllum gluggum og svalahurð, þar sem stofugluggi var ónýtur og teppi ekki límd niður í stofu og við svalahurð, til þess að hægt væri að fylgjast með leka. Það segir sig sjálft, að ef gluggi er ónýtur, má ætla, að vatn leki inn. Þar sem skipt var um umrædda glugga, var það vandamál algjörlega úr sögunni. Myndi ég halda, að raki í stofu stafi frá ónýtum glugganum og hafi ekki náð að þorna."

Hinn 20. apríl 1990 óskuðu aðalstefndu eftir því, að yfirborgardómarinn í Reykjavík dómkveddi tvo hæfa og óvilhalla kunnáttumenn til þess að skoða og meta galla og kostnað við úrbætur í hinni seldu fasteign. Hinn 3. maí 1990 voru þeir Freyr Jóhannesson tæknifræðingur og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari dómkvaddir. Hinir dómkvöddu matsmenn luku við matsgjörð í júní 1990, og var niðurstaða þeirra sú, að kostnaður við úrbætur á göllum næmi 245.000,00 kr.

Aðalstefndu kröfðu aðalstefnendur um greiðslu kostnaðar við úrbætur

samkvæmt matsgerð, enn fremur 75.945,00 kr. vegna þóknunar til matsmanna, 120.000,00 kr. bætur vegna afnotamissis auk lögfræðiaðstoðar ásamt virðisaukaskatti, 60.334,00 kr., alls 501.279,00 kr., með bréfi dagsettu 16. júní 1990, sbr. dskj. nr. 16.

Þá er því haldið fram af hálfu aðalstefndu, að samþykki aðalstefnenda hafi verið fengið til þess, að 200.000,00 kr. af greiðslu 15. júní 1990 yrði haldið eftir, þar til niðurstaða matsmanna lægi fyrir, en um sé að ræða sömu fjárhæð og stefnt sé fyrir í málinu.

Kröfum aðalstefndu hafi verið hafnað með bréfi, dagsettu 25. júní 1990, og hafi aðalstefndu verið krafin um greiðslu á 200.000,00 kr., sem vantaði á greiðslu 16. júní 1990.

Af hálfu aðalstefnenda var hafnað með bréfi, dagsettu 6. september 1990, að taka þátt í fjártjóni, sem hinir leyndu gallar hefðu bakað aðalstefndu, en fallist á greiðslu 100.000,00 kr. í því skyni, að aðalstefndu gætu farið skaðlaus frá málarekstri sínum.

Á því er byggt af hálfu aðalstefndu í gagnsök, að hin selda fasteign hafi verið með leynda galla, er salan fór fram, og beri aðalstefnendur alla ábyrgð á göllum þessum. Af þeirri ástæðu beri aðalstefnendum að bæta aðalstefndu kostnað af úrbótum vegna gallanna, sem m. a. hafi verið staðreyndir með matsgjörð.

Enn fremur er á því byggt, að aðalstefndu sé rétt að skuldajafna við kröfur aðalstefnenda, enda sé ljóst, að skaðabótakrafa aðalstefndu á hendur aðalstefnendum vegna hinna leyndu galla nemi hærri fjárhæð en stefnukröfu málsins. Því sé ótvírætt, að til viðbótar skuldajöfnuði sé þörf á að gagnstefna aðalstefnendum til viðurkenningar á þeim fjárhæðum, sem séu umfram skuldajöfnunarmöguleika aðalstefndu í málinu.

Í gagnstefnu er málavöxtum lýst með sama hætti og í greinargerð aðalstefndu að því viðbættu, að aðalstefndu segja í gagnstefnu, að það hafi ekki verið fyrr en eftir, að matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna hafi legið fyrir í júní 1990, sem þau hafi getað hafist handa um viðgerðir. Framkvæmdir hafi staðið út ágústmánuð, og hafi þau flutt inn í íbúðina í ágústlok, u. þ. b. sex mánuðum eftir að þau hafi átt að fá íbúðina afhenta sér.

Dómkröfur aðalstefndu í gagnsök eru sundurliðaðar með eftirgreindum hætti:

Kostnaður við úrbætur skv. matsgerð	kr.	245.000,00
Bætur vegna afnotamissis, 6 mán. × 30 þús.	–	180.000,00
Útlagður kostnaður til matsmanna	–	79.630,00
Útlagður kostnaður til lögg. úttektarmanns	–	5.000,00
Stefnufjárhæð alls	kr.	509.630,00

Kröfum sínum til stuðnings vísa aðalstefndu til almennra reglna kröfuréttarins um úrræði kaupenda vegna vanefnda seljenda svo og til meginreglna í lögum nr. 39/1922 um lausafjárkaup per analogiam. Í málflutningi kom fram, að krafa aðalstefndu í gagnsök væri skaðabótakrafa, en ekki afsláttarkrafa. Kröfunni um greiðslu málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi vísa stefndu til 177. gr., sbr. 104. gr. laga nr. 85/1936. Um vexti og málskostnað vísa stefndu til laga nr. 54/1988, sbr. lög nr. 25/1987 ásamt síðari breytingum.

Í greinargerð aðalstefnenda í gagnsök segir, að aðalstefnendur hafi keypt umrædda íbúð fyrir meira en 6 árum. Í sama fjölbýlishúsi hafi þá búið aðalstefndu. Hafi þau leigt íbúð í þessu fjölbýlishúsi og búið þar síðan. Þótt aðalstefndu hafi búið í fjölbýlishúsinu sem leigjendur, hafi þau sótt húsfélagsfundi og tekið þátt í öllum ákvörðunum á vegum félagsins.

Þá er því haldið fram af hálfu aðalstefnenda í gagnsök, að viðhaldi á fjölbýlishúsinu, sem sé steinhús, byggt árið 1956, hafi lítið verið sinnt. Séu miklar sprungur í húsinu, svo miklar, að þær blasi við öllum, sem fram hjá fari, og séu til mikillar óprýði.

Aðalstefnendur mótmæla því, að þær hafi nokkru sinni ábyrgst, að ekki væri um lekavandamál að ræða í íbúðinni. Hins vegar gæti verið, að þeim hafi ekki verið kunnugt um alla rakabletti undir teppum og dúkum.

Í málflutningi var einnig á því byggt af hálfu aðalstefnenda, að sprunguþétting utan húss falli undir sameiginlegt viðhald á fasteigninni, sem aðalstefndu greiði kostnað af í hlutfalli við eignarhlutfall sitt í fasteigninni skv. 11. gr. laga nr. 59/1976.

Enn fremur var í málflutningi mótmælt af hálfu aðalstefnenda kröfugerð aðalstefndu um afnotamissi íbúðarinnar í 6 mánuði og á það bent, að skv. dskj. nr. 24 væru aðalstefndu bundin af leigusamningi til 31. júní 1990 um íbúð í sama stigagangi í sama húsi. Því var þeirri fullyrðingu mótmælt sem ósannaðri, að aðalstefndu hefðu getað sagt leigusamningnum fyrr upp.

Hinir dómkvöddu matsmenn voru inntir eftir eftirfarandi atriðum, og er greint frá niðurstöðum þeirra í matsgerð eftir hverja spurningu.

„A. Hvort hin ofangreinda fasteign sé haldin göllum á gólfum og veggjum, er rekja megi til leka, raka, fúkka ellegar skyldra tilvika. Í því sambandi er óskað skýringar á orsökum galla, hversu lengi gallar hafi varað og með hvaða hætti úrbætur af hálfu seljenda hafi tekist m. t. t. almennra faglegra sjónarmiða.“ Svar: „Fasteign þessi er haldin göllum vegna leka frá sprungum í útveggjum og leka frá svalaglugga. Þá eru ofnaskot óeinangruð, sem valdið hefur aukinni hitaþenslu í útveggjasteypu undir gluggum og þar með tilhneigingu til sprungumyndana. Úrbætur telja matsmenn helst fólgn-

ar í vandaðri sprunguþéttingu undir og út frá gluggum og einangrun ofnskota inni. Suma af þessum göllum má rekja allt til þess tíma, er húsið var byggt, aðrir hafa komið fram með tíð og tíma. Matsmenn fá ekki annað séð en að þær úrbætur, sem seljendur létu framkvæma, hafi komið að gagni. Þá er átt við, að skipt var um hornglugga og póstar settir í glugga í miðstofu ásamt nýju gleri og opnanlegum gluggum."

„B. Hvort svalahurð og gluggar í hinni seldu fasteign séu haldin göllum, er rekja megi til annars en aldurs og venjulegrar notkunar." Svar: „Nei."

„C. Hvort gólfefni í hinni seldu íbúð séu haldin göllum, er rekja megi til raka, leka, fúkka o. þ. h., og í því sambandi, hvort unnt sé að nýta gólfefnin áfram í hinu selda, sé miðað við þá almennu kosti, sem gera má til gólfefna við kaup." Svar: „Matsmenn telja, að gólfefni íbúðarinnar megi nýta áfram, sérstaklega þegar komið hefur verið í veg fyrir frekari leka inn í íbúðina."

„D. Hvort gallar vegna leka, raka, fúkka o. þ. h. svo og á gluggum og svalahurð hafi verið sýnilegir við skoðun ófaglærðra og ósérfróðra kaupenda." Svar: „Galla vegna leka, raka, fúkka o. þ. h. hafa ófaglærðir og ósérfróðir kaupendur væntanlega ekki séð í þessu tilviki, en á ástandi glugga og svalahurðar ætti hver sem er að geta áttað sig. Matsmenn telja, að afar breytilegt sé, hvað hinn almenni kaupandi sér af göllum í húsum við íbúðarkaup. Í þessu tilviki bjuggu kaupendur í húsinu og hefðu væntanlega átt eitthvað að vita um ástand þess."

„E. Hver kostnaður sé af lagfæringu á göllum þeim, sem kunna að vera á hinni seldu fasteign." Svar: „Kostnað við úrbætur metum við sem hér segir:

1.	Vinnupallur	kr.	65.000,00
2.	Sprunguviðgerðir	–	115.000,00
3.	Viðgerð á hurð og svalaglugga	–	18.000,00
4.	Einangrun ofnskota	–	47.000,00
	Samtals	kr.	245.000,00"

Aðilaskýrslu fyrir dómi gáfu annar aðalstefnandi, Lilja Halldórsdóttir, og annar aðalstefndi, Gísli Jón Kristjánsson. Hinir dómkvöddu matsmenn, þeir Freyr Jóhannesson byggingatæknifræðingur og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari, komu einnig fyrir dóminn og staðfestu matsgerð sína.

Dómurinn fór á vettvang og kynnti sér aðstæður.

Niðurstöður.

Aðalstefndu keyptu fjögurra herbergja íbúð af aðalstefnendum í fjölbýlishúsi við Hjarðarhaga 36 í Reykjavík með kaupsamningi, dagsettum 23. nóvember 1989. Fjölbýlishúsið var reist árið 1956, þ. e. fyrir 33 árum, þegar

kaup fóru fram. Aðalstefnendur höfðu búið í húsinu í u. þ. b. 6 ár eða í viðlíka tíma og aðalstefndu, en þau höfðu búið sem leigjendur í sama stigagangi í húsinu, þegar kaup fóru fram.

Ágreiningslaust er, að í húsi þessu voru lekavandamál. Höfðu bæði aðalstefnendur og aðalstefndu kynnst því, áður en kaup tókust. Þá sjást einnig víða sprungur í fasteigninni utan frá. Hefur verið gert við þær sprungur, en hvorugur málsaðila gat upplýst, hvenær þær viðgerðir höfðu farið fram. Það hafi verið, áður en málsaðilar fluttust í húsið.

Það kom fram hjá aðalstefnda Gísla fyrir dómi, að hann hefði sérstaklega innt aðalstefnanda Lilju eftir leka í íbúðinni, þar sem hann hafi kynnst leka í íbúð þeirri, er hann bjó í í sama húsi. Hafi komið fram í frásögn aðalstefnanda Lilju, að leka hafi orðið vart í íbúðinni, en fram hefðu farið viðgerðir. Kveðst Lilja hafa tjáð aðalstefndu við skoðun, að gluggar í stofu og hornsvefnherbergi hefðu verið ónýtir, og hefði verið skipt um þá sama haustið. Enn fremur kveðst hún hafa tekið fram, að tímabært væri að skipta um aðra glugga í íbúðinni, sérstaklega gaflglugga í eldhúsi. Þá kveðst hún hafa vakið athygli á sprungu í útvegg í hornsvefnherbergi, en ekki hafi orðið vart við leka þar.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna kemur fram, að leka megi annars vegar rekja til lélegs ástands glugga, svalahurða og umbúnaðar þeirra og hins vegar til sprungna í útveggjum undir gluggum. Hafi þessar sprungur verið sýnilegar.

Við skoðun dómara á vettvangi voru þessar sprungur eigi lengur sýnilegar. Ofnskot höfðu verið einangruð, herbergin máluð og parket hafði verið lagt á stofugólf, en dúkur í svefnherbergi. Ekki hefur verið skipt um svalahurð. Á hinn bóginn voru augljósar sprungur í útveggjum íbúðarinnar, er sjá mátti úti.

Þá kom fram fyrir dómi, að aðalstefndu skoðuðu íbúðina einu sinni. Aðalstefnandi Lilja lýsti því þannig, að aðalstefndu hefðu gengið gegnum herbergin og spurt sig spurninga, og hefði skoðun verið lausleg að sínu mati.

Þegar framangreind atriði eru höfð í huga, þykja aðalstefndu ekki eiga bótarétt úr hendi aðalstefnenda, enda hefur eigi verið í ljós leitt, að aðalstefnendur hafi blekkt aðalstefndu við kaup íbúðarinnar.

Það er niðurstaða dómsins, að dómkröfur aðalstefnenda eru teknar til greina. Í aðalsök greiði aðalstefndu aðalstefnendum 534.868,00 kr. með dráttarvöxtum eins og nánar greinir í dómsorði. Í gagnsök skulu aðalstefnendur vera sýknar af kröfum aðalstefndu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðalstefndu til að greiða aðalstefn-

endum málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 255.000,00 kr., og er þá virðisaukaskattur þar með talinn.

Um vexti fer eins og nánar greinir í dómsorði.

Ólöf Pétursdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Ríkharði Kristjánssyni verkfræðingi og Þorkeli Jónssyni byggingatæknifræðingi.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Gísli Jón Kristjánsson og Sigríður Vilhjálmsdóttir, greiði in solidum aðalstefnendum, Lilju Halldórsdóttur og Sif Eiri Magnúsdóttur, 534.868,00 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, af 200.000,00 kr. frá 16. júní 1990 til 15. desember s. á., en af 534.868,00 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 255.000,00 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Tildæmdur málskostnaður ber dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu.

Höfuðstólsfæra má vexti bæði á dómkröfu og málskostnað á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta samkvæmt 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Föstudaginn 7. október 1994.

Nr. 413/1994. **Þorvaldur Baldvinsson**
Baldvin Þorvaldsson
Kristján Þorvaldsson og
Sigfús F. Þorvaldsson
(Árni Pálsson hrl.)
gegn
Valdemar Baldvinssyni hf.
(sjálfur)

Kærumál. Endurupptaka. Frávísun frá Hæstarétti að hluta. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu þessu máli til Hæstaréttar með kæru 26. september 1994, sem barst réttinum með kærumálsgögnum 4. október sl. Kæruheimild er í q-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra, upp kveðinn 21. september 1994, þar sem er hafnað kröfu um endurupptöku á máli nr. E-5/1994, sem varnaraðili í þessu máli höfðaði á hendur sóknaraðilum. Það mál var þingfest 13. janúar 1994, en útivist varð þar af hálfu stefndu, og var því lokið sama dag með áritun stefnu, þar sem dómkröfurnar voru teknar til greina. Sóknaraðilar krefjast, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og krafa þeirra um endurupptöku málsins í héraði verði tekin til greina. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilum gert að greiða sér kærumálskostnað.

Beiðni um endurupptöku fyrrnefnds máls er dagsett 3. mars 1994 og undirrituð af Sigurði Eiríkssyni héraðsdómslögmanni. Segir í beiðninni, að þess sé farið á leit, að málið verði endurupptekið. Er greint frá því, að stefna í málinu hafi verið árituð 13. janúar 1994, en „málsúrslit urðu stefnda Þorvaldi kunn hinn 2. febrúar 1994 þegar hann fékk kvaðningu um fjárnám frá sýslumanni á Akureyri“, eins

og þar segir. Í beiðninni er hvergi sagt, af hálfu hvers eða hverra hún sé sett fram, en þar er þó í nær öllum tilvikum rætt um „stefnda“ í eintölu, þegar greint er frá kröfum, málsástæðum og sönnunargögnum. Beiðnin var lögð fram á dómþingi 15. september 1994, þar sem var bókað, að tekið væri fyrir málið Valdemar Baldvinsson hf. gegn Kristjáni Þorvaldssyni, Sigfúsi F. Þorvaldssyni, Baldvini Þorvaldssyni og Þorvaldi Baldvinssyni. Segir í bókun, að fyrir hönd Þorvalds Baldvinssonar mæti Sigurður Eiríksson héraðsdómslögmaður, en ekki er minnst á, hvort sótt hafi verið þing af hálfu annarra, sem var upphaflega stefnt í málinu. Í hinum kærða úrskurði er orðalagi hagað þannig, að þar sé leyst úr beiðni Þorvalds Baldvinssonar um endurupptöku umrædds máls. Verður samkvæmt framansögðu að líta svo á, að hann hafi staðið einn að beiðninni.

Auk Þorvalds Baldvinssonar standa að kæru í máli þessu þeir Baldvin, Kristján og Sigfús Þorvaldssynir. Samkvæmt áðursögðu stóðu þrír þeir síðastnefndu ekki að þeirri beiðni um endurupptöku máls, sem hinn kærði úrskurður varðar, og létu þeir meðferð hennar í héraði ekki til sín taka. Geta þeir því ekki orðið aðilar að kærumáli þessu. Ber þannig að vísa því sjálfkrafa frá Hæstarétti hvað þá varðar.

Fyrir Hæstarétti ber sóknaraðili fyrir sig sömu röksemdir og greint er frá í hinum kærða úrskurði. Að auki ber hann því við, að þótt frestur samkvæmt 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 til að leita endurupptöku hafi verið liðinn hvað varðar Þorvald Baldvinsson, hafi fresturinn gagnvart Baldvini, Kristjáni og Sigfúsi Baldvinssonum í raun ekki enn byrjað að líða, enda hafi þeim ekki verið kunngert um dómsúrlausn á hendur sér. Á þessari síðastnefndu málsástæðu getur sóknaraðilinn Þorvaldur ekki byggt fyrir sitt leyti, og kemur hún því ekki til álita hér.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar má staðfesta hann þannig, að hafnað sé beiðni Þorvalds Baldvinssonar um endurupptöku fyrrnefnds máls. Verður honum gert að greiða varnaraðila kærumálskostnað eins og í dómsorði greinir.

Beiðni sú um endurupptöku máls, sem hinn kærði úrskurður gekk um, barst Héraðsdómi Norðurlands eystra 3. mars 1994. Hún

var ekki tekin fyrir á dómþingi fyrr en 15. september 1994, en enga skýringu er að finna í framlögðum gögnum á þessum verulega drætti á meðferð hennar. Ber að átelja þetta.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti, að því er varðar sóknaraðilana Baldvin Þorvaldsson, Kristján Þorvaldsson og Sigfús F. Þorvaldsson.

Hafnað er beiðni Þorvalds Baldvinssonar um endurupptöku á málinu E-5/1994: Valdemar Baldvinsson hf. gegn Þorvaldi Baldvinssyni, Baldvini Þorvaldssyni, Kristjáni Þorvaldssyni og Sigfúsi F. Þorvaldssyni.

Sóknaraðili, Þorvaldur Baldvinsson, greiði varnaraðila, Valdemar Baldvinssyni hf., 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 21. september 1994.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 15. þ. m., er til komið vegna beiðni Sigurðar Eiríkssonar hdl., dags. og mótt. 3. mars 1994, þar sem hann fer þess á leit f. h. Þorvalds Baldvinssonar með vísan til 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991, að héraðsdómsmálið nr. E-5/1994: Valdemar Baldvinsson hf. gegn Kristjáni Þorvaldssyni, Sigfúsi F. Þorvaldssyni, Baldvini Þorvaldssyni og Þorvaldi Baldvinssyni verði endurupptekið, en stefna í málinu var árituð 13. janúar 1994, en málsúrslit urðu dæmda, Þorvaldi, kunn 2. febrúar 1994, er hann fékk kvaðningu um fjárnám hjá sýslumanninum á Akureyri.

Vegna tímamarka í 1. mgr. 137. gr. in fine laga nr. 91/1991 boðaði dómari lögmenn aðila til dómþings með vísan til 2. ml. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 til þess að gefa þeim kost á að tjá sig munnlega um málið.

Lögmaður stefnda Þorvalds Baldvinssonar, Sigurður Eiríksson hdl., telur, að skýra verði hugtakið mánuður í lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991 rúmt. Er krafan hafi verið gerð, hafi verið liðnir 29 dagar, frá því að stefnda Þorvaldi varð kunnugt um úrslit málsins. Í einkamálalögum sé ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu mánuður, en meðalmánuður sé 30,4 dagar og almanaksmánuður 28–31 dagur, bankamánuður 30 dagar, og í 2. mgr. 32. gr. hegningarlaga sé hugtakið rímmánuður. Lög nr. 6/1968 um tímareikninga á Íslandi fjalli ekki um mánaðarhugtakið. Með þetta í huga telur hann ljóst, að hvað tímamörk snerti, falli krafan um endurupptöku innan þessara marka. Svo mæli sanngirnissjónarmið með þessari túlkun í

sambandi við endurupptekt mála. Hafi mánaðarfrestur því ekki verið liðinn, og skuli málið endurupptekið.

Lögmaður stefnanda, Valdemars Baldvinssonar hf., Gunnar Sólnes hrl., mótmælir þessu sjónarmiði. Telur hann, að fresturinn til að beiðast endurupptöku hafi í þessu tilfelli liðið 2. mars 1994 og mánaðarhugtakið í einkamálalögum sé miðað við almanaksmánuð, þ. e. a. s. sömu dagsetningu mánaðarins á eftir, mánaðardag, og skipti því ekki máli, hvort almanaksmánuðurinn sé 28 dagar eða 31 dagur. Samkvæmt þessu hafi mánaðarfresturinn samkvæmt 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 verið liðinn, og mótmælir hann því, að mál þetta verði endurupptekið. Hafi löggjafinn ætlast til annars skilnings á mánaðarhugtakinu, hefði í nýsettum XXIII. kafla nefndra laga þetta verið skýrt tekið fram. Annar skilningur á fresthugtakinu mánuður myndi leiða til óviðunandi réttaróvissu í öllum lögskiptum.

Þessu sjónarmiði mótmælir lögmaður stefnda. Bendir hann á, að í þessu tilfelli spanni umrætt tímabil yfir febrúar og mars að hluta til, og séu þá sömu rök til að nota dagafjöldann í mars eins og í febrúar, svo að rök stefnanda skeri ekki úr um það, hvort eigi að nota tímatal febrúar eða marsmánaðar.

Þessu sjónarmiði mótmælir lögmaður stefnanda.

Álit dómsins.

Það er álit dómsins, að fallast verði á skilning lögmanns stefnanda á mánaðarhugtakinu, sem hér að framan er rakið, þannig, að mánaðarhugtakið samkvæmt almennri málnotkun og svo sem það sé almennt skilið í lögum sé miðað við sama mánaðardag næsta mánaðar á eftir, burtséð frá dagafjöldanum þar á milli. Styðst þessi niðurstaða einnig við lagaframkvæmd. Hugtakið rímmánuður í almennum hegningarlögum er það sama og almanaksmánuður. Samkvæmt þessu var mánuður þegar liðinn 3. mars 1994, er beiðni stefnda Þorvalds Baldvinssonar um endurupptöku málsins barst héraðsdómi.

Endurupptöku málsins er því hafnað.

Úrskurð þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Endurupptöku málsins nr. E-5/1994: Valdemar Baldvinsson hf. gegn Kristjáni Þorvaldssyni, Sigfúsi F. Þorvaldssyni, Baldvini Þorvaldssyni og Þorvaldi Baldurssyni er hafnað.

Föstudaginn 7. október 1994.

Nr. 414/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Guðjóni Björgvin Guðmundssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald fellt úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. október 1994, sem barst réttinum 5. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Í kröfugerð sóknaraðila fyrir héraðsdómi var gerð grein fyrir því, að varnaraðili hefði verið handtekinn 29. september sl. vegna grunar um aðild að þjófnaði, þjófnaðartilraun og innbrotum í samtals 22 verslanir, veitingahús, skrifstofuhúsnæði og fleiri fyrirtæki í Reykjavík aðfaranótt þess dags.

Varnaraðili var 27. maí sl. dæmdur í átta mánaða fangelsi, þar af fimm mánuði skilorðsbundið, fyrir brot gegn 244. gr. og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákæra í því máli varðaði aðallega 19 innbrot og þjófnaði varnaraðila á tímabilinu desember 1993 til mars 1994. Samkvæmt vottorði Fangelsismálastofnunar ríkisins hefur varnaraðili ekki hafið afplánun refsidómsins.

Rökstuddur grunur er um aðild varnaraðila að framangreindum innbrotum aðfaranótt 29. september sl. Krafa sóknaraðila um gæsluvarðhald er þó einvörðungu byggð á c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Rannsókn máls þessa varðar ferðir varnaraðila eina tilgreinda nótt í september, og hefur sóknaraðili ekki gert grein fyrir, að til meðferðar séu önnur mál á hendur honum. Eru liðnir um fjór-

ir mánuðir, frá því að gæsluvarðhaldi í tengslum við fyrri brotahrinu varnaraðila lauk. Samkvæmt framansögðu og þegar litið er til sakaferils varnaraðila, þykir ekki nægilegt tilefni til gæsluvarðhalds hans á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. september 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 29. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingveldi Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Guðjóni Björgvin Guðmundssyni, kt. 070875-4389, Kambaseli 17, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til sunnudagsins 13. nóvember 1994 kl. 16.00 vegna brota gegn 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Í morgun var kærði handtekinn ásamt Ragnari Jónssyni vegna grunar um fjölda innbrota í fyrirtæki í Reykjavík í nótt og í morgun. Við yfirheyrslur hjá RLR í dag og einnig fyrir dómi neitaði kærði aðild að öllum innbrotunum.

Í skýrslu, sem tekin var af Ragnari Jónssyni hjá lögreglu í dag, kvað Ragnar Guðjón og Erik Tómas Jónsson hafa verið með sér í innbrotum sl. nótt og að þeir hefðu sums staðar komist yfir peninga, en í flestum tilvikum verið um lágar fjárhæðir að ræða.

Í skýrslu fyrir lögreglu í dag kvað Erik Tómas Jónsson sig hafa brotist inn í mörg fyrirtæki í Reykjavík í nótt sem leið ásamt þeim Guðjóni B. Guðmundssyni og Ragnari Jónssyni.

Kærði sat í gæsluvarðhaldi á grundvelli a- og c-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991 frá 27. mars sl. til 11. maí.

Þrátt fyrir neitun kærða á sakargiftum þykir vera rökstuddur grunur um, að hann hafi átt aðild að þeim innbrotum og þjófnaðarbrotum, sem tilgreind eru í kröfugerð Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þá hefur kærði margsinnis verið talinn uppvís að hegningarlagabrotum, og sakaferill hans er langur miðað við ungan aldur hans.

Með hliðsjón af ofangreindu, rannsóknargögnum málsins og vísan til c-

liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 er fallist á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Kærði, Guðjón Björgvin Guðmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til sunnudagsins 13. nóvember 1994 kl. 16.00

Fimmtudaginn 13. október 1994.

Nr. 176/1992. **Stefán Jónsson**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Ágústi Sigurðssyni
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

Fasteignakaup. Galli. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi hefur skotið þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1992. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara sýknu af þeim hluta krafnanna, sem varðar ætlaða galla á öðrum hlutum eignarinnar að Hraunbergi 9 í Reykjavík en kjallara undir íbúðarhúsnæði, og að skaðabætur vegna þess hluta verði lækkaðar verulega. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í málinu er til úrlausnar, hvort stefndi eigi rétt til bóta eða afsláttar úr hendi áfrýjanda vegna galla, sem stefndi telur hafa verið á fasteigninni Hraunbergi 9, sem hann keypti af áfrýjanda með kaupsamningi 20. júlí 1990. Stefndi staðhæfir, að í febrúar 1991 hafi komið þar í ljós leki í kjallara undir íbúðarhúsnæði annars vegar og bílskúr og atvinnuhúsnæði hins vegar, en þetta megi rekja til þess, að jarðvatnslagnir hafi ekki verið neðan við gólfplötu í kjöllurunum, heldur 70 til 80 cm ofar í jörðu. Lagnirnar hafi ekki tekið við jarðvatni niður á nægilegt dýpi, og hafi þannig vatn og raki náð að komast inn í kjallarana. Kröfufjárhæð stefnda í málinu er samkvæmt mati dómkvaddra manna á kostnaði af að færa lagnirnar niður fyrir gólfplötu í kjöllurum beggja húsanna og gera þar við skemmdir vegna leka, en þessi kostnaður sundurliðast þannig:

Breytingar á jarðvatnslögn við íbúðarhús	kr.	245.000
Breytingar á jarðvatnslögn við bílskúr og atvinnuhúsnæði	–	177.000

Helmingur af verði nýs gólfteppis í kjallara undir íbúðarhúsi	–	34.000
Málun veggja á sama stað	–	21.000
Gólfmálning í kjallara undir bílskúr og atvinnuhúsnæði	–	56.000

Eru þetta samtals 533.000 krónur. Við matsfjárhæðina bætast síðan 14.333 krónur vegna annars kostnaðar stefnda, en til samans eru þetta 547.333 krónur, eins og stefnda voru dæmdar í héraði úr hendi áfrýjanda.

Fyrir liggur, að stefndi fékk í hendur söluyfirlit um fasteignina að Hraunbergi 9, áður en kaupsamningur var gerður um hana, en yfirlitið var gert hjá fasteignasölu, sem áfrýjandi hafði falið að selja eignina. Í því var meðal annars tekið fram, að í kjallara undir íbúðarhúsi sé svokallað „hobbýherbergi“, um 40 fermetrar að stærð, sem sé þó ekki mælt í flatarmáli samkvæmt fasteignamati. Einnig fylgi gott atvinnuhúsnæði og bílskúr svo og kjallari þar undir, en þetta henti vel fyrir ýmiss konar rekstur. Með yfirlitinu voru teikningar af íbúðarhúsinu og bílskúr og atvinnuhúsnæði, en húsrýmið í kjöllurum var þar ekki sýnt.

Af þessu og ýmsu því, sem blasti við, þegar eignin var skoðuð, átti stefndi að geta ráðið, að húsrýmið í kjöllurum hefði ekki verið samþykkt af byggingaryfirvöldum, svo sem raunin var. Þetta breytir því þó ekki, að fyrst greint var frá húsrýminu í kjöllurum með fyrrnefndum hætti, þegar eignin var boðin til sölu, mátti stefndi gera ráð fyrir, að gengið væri frá því í samræmi við opinberar reglur um gerð og búnað fasteigna að því leyti, sem annað var ekki upplýst af hálfu áfrýjanda eða sýnilegt við skoðun eignarinnar og fyrirliggjandi teikninga. Á þetta meðal annars við um jarðvatnslagnir, sem stefndi gat þannig vænst, að nægðu, til að vatn og raki kæmust ekki inn um gólf og veggi í kjöllurunum, sbr. 7. kafla byggingarreglugerðar nr. 292/1979.

Í fyrirliggjandi matsgerð dómkvaddra manna er byggt á því, að frágangur jarðvatnslagna við húsin að Hraunbergi 9 hafi ekki verið fullnægjandi til að koma í veg fyrir, að vatn og raki næðu inn í húsrýmið í kjöllurum, og hafi það verið orsök leka, sem kom þar fram í febrúar 1991. Þessu áliti hefur ekki verið hnekkt af áfrýjanda,

sem hefur ekki heldur stutt það rökum, að leki hefði allt að einu komið að kjöllurunum í umrætt sinn vegna sérstakra veðurskilyrða, þótt jarðvatnslagnir hefðu legið dýpra í jörðu. Áfrýjandi hafði verið eigandi fasteignarinnar frá upphafi og mátti því vita, að lagnirnar kæmu ekki að fullum notum, eins og legu þeirra var háttað. Um það gerði hann þó ekki fyrirvara við stefnda. Í aðilaskýrslu, sem áfrýjandi gaf fyrir héraðsdómi, kom fram, að þegar eignin tilheyrði honum, varð hann bæði var við vætu í kjallara undir bílskúr og atvinnuhúsnæði og raka í kjallara undir íbúðarhúsnæði. Að sögn áfrýjanda sjálfs greindi hann stefnda frá vætunni í fyrrnefnda húsrýminu, þegar eignin var afhent í september 1990, en á því stigi gat áfrýjandi ekki leyst sig undan ábyrgð með upplýsingum, sem að auki er óvíst, hve ýtarlegar hafi verið. Þá gat stefndi ekki gengið úr skugga um legu jarðvatnslagnanna sjálfur, hvorki með skoðun eignarinnar né athugun á teikningum, sem áfrýjandi lagði fyrir.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður því að telja, að á eigninni hafi verið galli, sem áfrýjandi ber fébótaábyrgð á. Um fjárhæð bóta handa stefnda verður að líta til þess, að í munnlegri skýrslu hans fyrir héraðsdómi sagðist hann hafa séð, að gólfteppi í kjallara undir íbúðarhúsnæði hefðu verið þannig á sig komin, að skipta þyrfti um þau, og að mála þyrfti gólf í kjallara undir bílskúr og atvinnuhúsnæði. Verður því ekki fallist á, að hann eigi rétt til bóta vegna kostnaðar af gólfteppi og gólfmálningu, en í matsgerð var sá kostnaður metinn 90.000 krónur. Þykja bætur handa stefnda að öðru leyti vera hæfilega ákveðnar í hinum áfrýjaða dómi, og ber því að dæma áfrýjanda til að greiða honum 457.333 krónur með vöxtum og málskostnaði, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Stefán Jónsson, greiði stefnda, Ágústi Sigurðssyni, 457.333 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. maí 1991 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. mars 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 4. mars, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 6626/1991: Ágúst Sigurðsson gegn Stefáni Jónssyni, á bæjarþingi Reykjavíkur.

Mál þetta, sem var dómtekið 10. febrúar sl., hefur Ágúst Sigurðsson, Hraunbergi 9, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum á bæjarþingi 13. júní 1991 á hendur Stefáni Jónssyni, Stakkhömrum 18, Reykjavík, til greiðslu bóta vegna galla á húseign, sem stefndi hefur selt stefnanda, 556.333,00 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. l. 25/1987 frá 8. maí 1991 til greiðsludags, þannig að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, og málskostnaði [...].

Af stefnda hálfu er aðallega krafist sýknu, en lækkunar til vara, þ. e., að sýknað verði af þeim hluta kröfu stefnanda, sem varðar íbúðarhús. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar og vaxta af málskostnaði.

Hinn 20. júlí 1990 keypti stefnandi af stefnda fasteignina nr. 9 við Hraunberg í Reykjavík með íbúðarhúsi og útihúsi, sem notað hefur verið sem bílgeymsla og verkstæði. Stefndi skyldi afhenda útihúsið 25. júlí 1990, en íbúðarhúsið 10. september 1990. Undir báðum húsunum er kjallari. Lóðin er hallandi, og stendur útihúsið neðar og nær götu. Hinn 4. febrúar 1991 kom fram leki í kjöllurum beggja húsanna eftir óveður, sem gekk yfir daginn áður. Rannsóknarmenn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, sem kvaddir voru á vettvang, töldu líklegast, að jarðvegslagnir væru engar eða ófullnægjandi. Samkvæmt álitsgerð dómkvaddra matsmanna, gerðri í maí 1991, er regn- og jarðvatnslögn teiknuð 70–80 cm ofar en gólf í kjallara íbúðarhúss. Hæð brunna er nokkurn veginn í samræmi við teikningar, nema regnvatnsbrunnur er um það bil 35 cm dýpri en gert er ráð fyrir á teikningum og hefði vel getað dugað til að flytja vatn frá kjallara íbúðarhúss. Brunnurinn er hins vegar 12 cm hærri en gólfplata í kjallara útihússins. Kostnað við framkvæmdir meta matsmenn á 542.000,00 kr.

Meginmálsástæða stefnanda er, að á húsinu hafi verið leyndur galli, sem stefndi beri ábyrgð á skv. grunnreglu 1. mgr. og 2. mgr. 42. gr. lausafjárkaupalaga, svo að stefnandi eigi rétt á skaðabótum eða afslætti.

Stefndi telur, að stefnanda hafi verið ljóst, að kjallararnir voru gerðir án heimildar og fullnægðu ekki kröfum, m. a. um frárennslislagnir, og að kjallari íbúðarhússins var ekki í samræmi við staðfestar teikningar; stefnandi hafi fengið þessi rými í kaupbæti. Stefndi telur sig ekki bera ábyrgð á upplýsingum fasteignasala um kosti eignarinnar og telur hættu af, að flæddi inn í kjallarann, hafa flust á stefnda við kaupin.

Svo virðist sem stefndi hafi ekki gætt þess, þegar hætt var við að fylla

sökkulrými, að gera jafnframt ráðstafanir til að halda frá þeim vatni. Hins vegar voru lögð járn í gólfplötur yfir þeim og komið fyrir innsteyptum raflögnum og dósum.

Stefnandi kveðst hafa spurt stefnda, hvort hægt væri að dýpka kjallara útihúss, og segir stefnda hafa svarað, að það væri hægt með því að setja upp dælu. Aðilum ber ekki saman um þetta atriði, en hvað sem um það er, komu upplýsingar um lekahættu ekki fram, fyrr en eftir að kaup voru gerð, og leysa því stefnda ekki undan ábyrgð.

Stefnda hefur ekki tekist að sýna fram á, að stefnanda hafi verið kunnugt um það, þá er kaup gerðust, að jarðvatnslagnir gátu ekki veitt jarðvatni frá kjöllurum. Sérstaklega verður ekki talið, að hann hafi mátt gera sér grein fyrir þessu vegna sérþekkingar, enda er menntun hans ekki á sviði húsagerðar. Teikningar, sem voru hluti af sölugögnum, sýndu ekki jarðvatnslagnir. Ógerlegt var að sjá, hvernig séð var fyrir flutningi vatns frá húsgrunnunum, við skoðun á eigninni. Ekkert hefur komið fram um, að tilefni hafi gefist til frekari rannsóknar en þeirrar almennu skoðunar, sem fram fór við kaupin. Ekki hefur verið sýnt fram á, að svo hafi samist, að stefnandi fengi kjallara í kaupbæti. Í söluyfirliti, sem telst vera hluti af söluskilmálum, segir, að í kjallara íbúðarhúss sé „hobbýherbergi“ og að húsinu fylgi gott atvinnuhúsnæði, bílskúr og kjallari undir, sem henti vel undir ýmiss konar rekstur. Engin ályktun, sem þýðingu hefur fyrir niðurstöðu þessa máls, verður dregin af því, að í yfirlitinu er tekið fram, að kjallaraherbergi sé ekki mælt í fm. Söluyfirlitið gerði fasteignasalinn, sem í þessu sambandi verður að teljast umboðsmaður seljanda samkvæmt almennum reglum um eignamiðlun. Stefndi bar því fulla ábyrgð á, að þessar upplýsingar væru réttar samkvæmt almennum reglum um umboð og kaup, auk þess sem þær virðast hafa verið staðfestar við kaupin. Hvort sem nýting á sökkulrými var í samræmi við teikningar og byggingarreglugerð eða ekki og hvort sem fengin hafði verið heimild til hennar eða ekki, bar stefndi ábyrgð á því í skiptum aðila samkvæmt reglum kauparéttarins, að eignin hefði áskilda kosti, þar á meðal, að þannig væri gengið frá jarðvatnslögnum, að ekki væri hætta á, að flæddi inn í kjallara. Ber honum þá að greiða stefnanda bætur, sem svara þeim kostnaði, sem stefndi þarf að leggja í til að bæta úr þeim annmarka, sem á eigninni var, og til að bæta tjón af vatnsflóði. Tjónið virðist hæfilega metið í matsgerð. Þó þykir verða að fallast á með stefnda, að kostnaður vegna útihurðar í þvottahúsi, 9.000,00 kr., sé málinu óviðkomandi. Leiga á dælu og kostnaður við rannsókn er hins vegar hluti af tjóni stefnanda. Samkvæmt þessu þykir bera að fallast á kröfur stefnanda með ofangreindri takmörkun. Málskostnaður ákveðst 300.000,00 kr., og er þá tekið tillit til þess, að greiða ber virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðna Þórðarsyni byggingartæknifræðingi og Sæbirni Kristjánssyni byggingartæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Stefán Jónsson, greiði stefnanda, Ágústi Sigurðssyni, 547.333,00 kr. og 300.000,00 kr. í málskostnað, hvort tveggja ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvæðum III. kafla laga 25/1987, af höfuðstól frá 8. maí 1991 og af málskostnaði frá 19. mars 1992, þar með töldum vaxtavöxtum, frá því að ár er liðið frá upphafstíma vaxta.

Fimmtudaginn 13. október 1994.

Nr. 2/1992. **Gunnar Gunnarsson**
(Jón Magnússon hrl.)
gegn
Byggingarfélagi Sveinbjörns og Gunnars sf.
(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

Sameignarfélög. Félagsslit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1992. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnar Gunnarsson, greiði stefnda, Byggingarfélagi Sveinbjörns og Gunnars sf., 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. nóvember 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 15. nóvember, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 2. október 1990, af Sveinbirni Helgasyni, kt. 281137-4179, Fjarðarseli 22, Reykjavík, f. h. Byggingarfélags Sveinbjörns og Gunnars sf., kt. 680188-1149, Vitastíg 13, Reykjavík, gegn Gunnari Gunnarssyni fasteignasala, kt. 240345-3909, Fljótaseli 12, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 1.076.591,00 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1989 til greiðsludags, en til vara, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda lægri fjárhæð skv. mati dómsins ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 1. janúar 1989 til greiðsludags. [...]

Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað [...].

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað [...].

Stefndi gerir þá gagnkröfu, verði aðalkrafa stefnanda tekin til greina, að á móti fjárkröfu stefnanda verði stefnda heimilað að skuldajafna gagnkröfu sinni, að fjárhæð 1.076.591,00 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1989 til greiðsludags, þannig, að áfallnir dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1990, í samræmi við 12. gr. vaxtalaga.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að í byrjun árs 1988 hafi stefndi og Sveinbjörn Helgason stofnað sameignarfélagið Byggingarfélag Sveinbjörns og Gunnars sf. Tilgangur félagsins hafi verið að reisa parhús við Fannafold 140–142, Reykjavík, á lóð, sem aðilum hafði verið úthlutað, og selja það síðan. Formlegur sameignarfélagssamningur hafi ekki verið gerður. Byggingarfélagið hafi verið tilkynnt til firmaskrár 27. janúar 1988. Firmað rituðu aðilar sameiginlega, en stefndi hafði einn prókúru. Framkvæmdir hófust árið 1987 og stóðu fram á mitt ár 1988.

Þegar í upphafi samvinnu aðila hafi verið gert ráð fyrir því, að sú verkaskipting yrði með þeim, að Sveinbjörn, sem er húsasmíðameistari, yrði í fullu starfi við byggingu íbúðanna ásamt verkamönnum, sem hann útvegaði. Stefndi skyldi hins vegar jafnframt starfi sínu sem fasteignasali annast fjármál sameignarfélagsins og fasteignasala hans sjá um að selja íbúðirnar, eftir að þær hefðu verið reistar. Ágóða, ef einhver yrði, skyldu aðilar síðan skipta að jöfnu sín á milli við slit félagsins.

Sveinbjörn hafi framvísað til stefnda reikningum fyrir vinnu sína og manna sinna, eftir því sem verkinu miðaði áfram. Hafi hver reikningur verið yfirfarinn af stefnda og samþykktur af honum, áður en hann var greiddur.

Starfsemi félagsins lauk árið 1988, þegar búið var að selja og skila í um-

sömdu ástandi íbúðum þeim, er byggðar voru. Þegar slíta átti félaginu, hefði risið ágreiningur með sameigendum um fjárhagslegt uppgjör og hver ágóði hefði verið af framkvæmdunum. Stefndi hafi í lok ársins lagt fram reikninga fyrir þóknun, sem hann hafi talið sig eiga rétt á vegna vinnu í þágu sameignarfélagsins árin 1988 og 1989. Hafi reikningar hans numið samtals 959.750,00 kr. Auk þess hafi hann lagt fram vaxtaútreikninga vegna viðskiptareikninga sameigenda hjá félaginu, þar sem fram átti að koma, hver staða eigenda væri gagnvart félaginu.

Sveinbjörn hafi þegar mótmælt reikningum stefnda sem röngum og heimildarlausum með öllu, enda hafi ekki verið leitað samþykkis hans á reikningunum. Hafi hann raunar talið, að stefnda hefði þegar verið greidd þóknun vegna vinnu hans, enda hafi fasteignasala stefnda annast sölu íbúðanna og tekið fyrir það fulla þóknun. Taldi Sveinbjörn, að svo hefði verið um samið, að stefndi myndi ekki gera sérstakan reikning fyrir umsjón fjármála, þar sem á móti kæmi, að hann legði endurgjaldslaust til aðstöðu á vinnustað, ýmis verkfæri, bifreið, aftanívagn og vinnuskúr auk þess að útvega kaffi á vinnustað. Þá hafi Sveinbjörn mótmælt algerlega öllum vaxtaútreikningum stefnda á framlögum og úttektum aðila sem rakalausum og heimildarlausum með öllu.

Iðulega hafi verið reynt að jafna ágreining aðila, en árangurslaust. Hinn 25. maí 1989 hafi Sveinbjörn Helgason óskað eftir því við skiptaráðandann í Reykjavík, að hann tæki bú Byggingarfélags Sveinbjörns og Gunnars sf. til opinberra skipta. Við uppskrift á búinu 7. september 1989 hafi Sveinbjörn krafist þess, að meðal eigna búsins yrði skrifuð upp bankainnstæða, sem getið var á ársreikningi fyrir árið 1988, að fjárhæð 1.322.289,00 kr. Stefndi hafi þá upplýst, að innstæðunni hefði verið ráðstafað til greiðslu á skuldum félagsins, þ. á m. hefði að hluta verið greidd krafa hans sjálfs á hendur búinu. Væri umrædd bankainnstæða því ekki lengur til sem eign búsins. Uppgjör byggt á greindum ársreikningi hefði farið fram, og í hlut stefnda hefðu komið 1.076.591,00 kr. og í hlut Sveinbjörns 7.518,00 kr. Tap hefði verið á rekstri félagsins, en allar skuldir væru uppgerðar, og einu eignir félagsins væru lausafjármunir í vörslu sameigenda.

Hinn 9. október 1989 hafi Sveinbjörn Helgason óskað eftir heimild skiptaréttar til að reka sérstakt mál á hendur stefnda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og freista þess að fá viðurkennda kröfu búsins á hendur honum. Hinn 6. október 1989 hafi skiptaráðandi kveðið upp þann úrskurð, að stefnanda skyldi heimilt að höfða mál það, sem hér er til umfjöllunar.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að stefndi hafi heimildarlaust tekið sér 1.076.591,00 kr. af fé stefnanda, og sé sú fjárhæð stefnukrafa málsins. Um-

rædd ráðstöfun hafi verið heimildarlaus og ólögmæt, þar sem samþykki sameiganda, Sveinbjörns Helgasonar, til hennar hafi ekki legið fyrir. Það sé viðurkennd meginregla, að samþykki allra sameigenda þurfi til sérhverra ráðstafana, er varði sameignarfélag.

Ársreikningi Byggingarfélags Sveinbjörns og Gunnars sf. sé mótmælt sem röngum, enda séu þar lagðir til grundvallar áðurnefndir heimildarlausir og ólögmætir reikningar.

Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnanda, er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda lægri fjárhæð skv. mati dómsins. Er varakrafan á því reist, að reikningar stefnda séu allt of háir og bersýnilega ósanngjarnir. Þá er vaxtaútreikningum á framlögum sameigenda og ætluðum innstæðum harðlega mótmælt sem rakalausum og heimildarlausum með öllu.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra ólögfestra meginreglna félagaréttar um sameignarfélög og vísar sérstaklega til reglna um ákvarðanatöku innan sameignarfélaga. Jafnframt er vísað til 5. gr. kaupalaga, sem venja sé að beita með lögjöfnun á öðrum sviðum réttarins.

Stefndi kveður málavexti þá, að þeir Sveinbjörn hafi árið 1986 ákveðið að stofna til félagsskapar í þeim tilgangi að byggja og selja fasteign. Að undangenginni umsókn hafi þeir fengið úthlutað lóð að Fannafold 140–142 í Reykjavík. Sveinbjörn hafi upplýst við lóðarumsóknina, að hann hygðist fjármagna sinn hluta framkvæmdanna með láni frá Lífeyrissjóði byggingarmanna, og einnig, að hann hefði möguleika á fjármögnun gegnum banka sinn, Alþýðubankann hf. Sveinbjörn hafi greitt 1/3 hluta af gatnagerðargjaldi af annarri lóðinni, 131.526,00 kr., og hafi það verið eina peningaframlag Sveinbjörns til byggingarframkvæmdanna.

Ætlunin hafi verið að byggja húsin og endurselja í hagnaðarskyni, og hafi Byggingarfélagið Sveinbjörn og Gunnar verið stofnað í þessum tilgangi. Samkvæmt yfirlýsingu, dags. 11. september 1987, hafi ætlunin verið, að ábyrgð á byggingarframkvæmdum skyldi vera jöfn og óskipt og ágóða og halla af framkvæmdum skyldi skipta að jöfnu milli aðila. Formlega hafi ekki verið gengið frá sameignarfélagssamningi, enda þótt fyrirkomulag félagsins væri umsamið.

Þegar í upphafi hafi stefndi, Gunnar, og synir hans þrír unnið við framkvæmdir, m. a. við að rífa utan af sökklum, hreinsun timburs o. fl.

Þar sem peningaframlag Sveinbjörns var ekkert í upphafi, hafi ljóst verið, að gífurleg vinna var fram undan við að annast fjármálahlið þessara byggingarframkvæmda, enda hafi ætlun aðila verið að selja húsin tilbúin að utan, en fokheld að innan, og síðar að selja þau tilbúin undir tréverk.

Sveinbjörn hafi greinilega gert ráð fyrir því, að stefndi fjármagnaði framkvæmdirnar, þar sem hann í september 1987 framvísi reikningi, að fjárhæð 250.000,00 kr., þótt ekki verði séð, að nokkuð hafi verið þá til í sjóði. Úttektir Sveinbjörns fram að sölu húsanna hafi aukið á vinnu stefnda.

Þar sem peningaframlög voru engin í upphafi, lá ljóst fyrir, að fjármagna þyrfti framkvæmdir með peningaframlögum stefnda, skammtímalántöku í banka og með lánssamningum við efnissala og iðnaðarmenn. Það hafi verið hlutverk stefnda við þessa framkvæmd að sjá um þessa hlið mála, og hafi hann annast það nánast að öllu leyti. Þar að auki hafi það komið í hlut stefnda að stjórna byggingarframkvæmdum að miklu leyti, þ. e. a. s. ráða iðnaðarmenn, fá tilboð í einstaka verkþætti, fylgjast með iðnaðarmönnum, reka á eftir þeim o. s. frv.

Sveinbjörn Helgason hafi, meðan á framkvæmdum stóð, fengið sér vinnu annars staðar. Þá hafi í ákveðnum tilfellum orðið að fá utanaðkomandi smið til að vinna við húsin.

Stefndi hafi annast alla tilboðsöflun í steypu og gert samninga þar að lútandi við B. M. Vallá hf. Stefndi hafi einnig samið um framlengingu úttektarskulda og samþykkt víxla af því tilefni. Stefndi telji því fullyrðingar Sveinbjörns um, að hann hafi pantað allt efni, rangar og vísar til fram lagðra tilboða og reikningsyfirlita, þar sem úttektir séu gerðar í nafni eða nafnnúmeri stefnda.

Stefndi hafi annast f. h. byggingarfélagsins samninga við kaupendur húsanna, þegar ljóst varð, að félagið gæti ekki afhent húsin á réttum tíma.

Stefndi, sem er fasteignasali, hafi margreynt að selja húsin í byggingu og auglýst þau gífurlega og hlotist af því verulegur auglýsingakostnaður, sem honum hafi borið að fá sérstaklega greitt fyrir, en félagið hafi ekki verið krafið um.

Stefndi bendi á, að hann sat ekki einn að sölu húsanna, heldur hafi Sveinbjörn einnig falið Fasteignasölu Vagns E. Jónssonar að annast söluna. Tilviljun hafi því ráðið því, hver fengi sölulaunin, og sé því ljóst, að sölulaun fasteignasölu stefnda komi uppgjöri Byggingarfélags Sveinbjörns og Gunnars ekkert við.

Með vísan til þessa, sem að framan er rakið, telur stefndi, að umsamið verk sitt í félaginu hafi verið, auk fjármögnunar og að tryggja lánsfé, að annast fjármál félagsins, semja við iðnaðarmenn og efnissala um greiðslur og framlengingu greiðslna.

Mótmælt sé þeirri fullyrðingu Sveinbjörns, að framlag Gunnars hafi átt að koma á móti því framlagi Sveinbjörns að leggja til aðstöðu á vinnustað, verkfæri o. fl. Bendi stefndi á það, að skrifstofa sín, Fasteignasalan Íbúð,

hafi ætíð verið notuð sem skrifstofa félagsins endurgjaldslaust, þ. á m. sími. Þá hafi stefndi iðulega ekið upp í Grafarvog á bifreið sinni og annast allar útréttingar á sinni bifreið.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að sameignarfélagssamningur aðila hafi verið í því fólginn, að hvor um sig fengi greidd að fullu vinnuframlög sín. Ef einhver ágóði yrði, skyldi hann síðan skiptast á milli aðila.

Ítrekað sé, að starf Sveinbjörns hafi eingöngu verið að slá upp húsunum, og hafi ekki verið um að ræða fullt starf nema tímabundið, enda hafi stefndi samið við aðra iðnaðarmenn um stóra hluta verksins, auk þess sem Sveinbjörn hafi verið í annarri vinnu. Hugleiðingum stefnanda um, að vinnuframlagi hafi verið háttað þannig, að hann hafi verið í fullu starfi, sé mótmælt sérstaklega.

Ljóst sé, að það væri bersýnilega ósanngjarnt, að aðeins vinnuframlag annars aðila í sameignarfélagi skuli launað, eins og stefnandi ætlist til.

Bent sé á, að engu skipti í þessu sambandi, þótt reikningar stefnda hafi ekki verið greiddir fyrr en í lok framkvæmdanna. Ástæðan sé einfaldlega sú, að fyrr hafi ekki verið til peningar, en Sveinbjörn hafi fengið innborganir, þegar vinnan var lögð fram. Það hafi verið margrætt og fullt samkomulag um það, að stefndi fengi sína vinnu greidda skv. reikningi, þegar fé yrði til.

Rangt sé, sem stefnandi haldi fram, að reikningar Sveinbjörns hafi verið sérstaklega yfirfarnir og samþykktir af stefnda, áður en þeir voru greiddir. Sveinbjörn hafi jafnan fengið greiðslur inn á vinnulaun, þar sem stefndi hafði ekki sérstaklega yfirfarið reikningana og þeir því ekkert sérstaklega samþykktir af stefnda.

Benda megi á, að stefnda hafi þótt reikningar Sveinbjörns það háir, að hann sá ástæðu til þess að fá útreikning á uppmælingu verksins. Hafi þá komið í ljós mun lægri tala. Athugun stefnda vegna málshöfðunar þessarar hafi leitt í ljós, að kostnaður vegna smíðavinnu Sveinbjörns sé allt of mikill, en stefndi hafi treyst því á sínum tíma, að framsettir reikningar Sveinbjörns væru eðlilegir.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að hlutdeild hans í uppgjöri félagsins sé í samræmi við félagssamning aðila. Varðandi vaxtareikning framlaga aðila sé bent á, að hann sé í samræmi við venju við uppgjör sameignarfélaga, áður en ágóða/tapi sé skipt, sérstaklega þegar framlög aðila eru misjöfn og koma fram á mismunandi tímum.

Með vísan til framanritaðs sé ljóst, að það sé í fullu samræmi við sameignarfélagssamning aðila, að félagið greiddi eðlilega og sanngjarna reikninga stefnda á sama hátt og fyrir vinnuframlag Sveinbjörns. Beri því að sýkna stefnda af aðalkröfu stefnanda.

Varðandi varakröfu stefnanda er á því byggt af hálfu stefnda, að stefnandi hafi hvorki sýnt fram á né sannað, að reikningar stefnda séu of háir eða ósanngjarnir, og hafi hann sönnunarbyrðina fyrir slíkri fullyrðingu. Í öðru lagi skuli bent á, að ef umfang verks stefnda sé skoðað, sé ljóst, að þóknun hans er síst of há. Reikningur stefnda fyrir vinnu á byggingarstað hafi ekki verið vefengdur á neinn hátt.

Um þóknun fyrir umsjón fjármála skuli eftirfarandi tekið fram: Ef miðað sé við veltu félagsins, sé þóknun stefnda 4,3%, sem telst vera mjög lítið fyrir eignaumsýslu, sbr. taxta LMFÍ, sem geri ráð fyrir 6–10% þóknun. Enn sé bent á, að þar sem félagið var févana, komi til mikil vinna við umsjón fjármála. Hvort ár 1987 og 1988 reiknar stefndi með 660 klst., sem sé u. þ. b. 2,5 klst. á vinnudag að jafnaði.

Tímagjald stefnda, 650,00 kr., verði að teljast sanngjarnt með vísan til launa við sambærileg störf, t. d. iðnaðarmanna, en benda megi á, að í tilgreindum tímataxta sé reiknað orlof og framlag til lífeyrissjóðs. Við gerð reikninga hafi stefndi byggt á þessum viðmiðunum. Þar sem stefnandi hafi hvorki né geti gert líklegt, að reikningar stefnda séu ósanngjarnir miðað við umfang verksins, beri einnig að sýkna stefnda með öllu af varakröfu stefnanda í máli þessu.

Stefndi gerir þá gagnkröfu í máli þessu, verði aðalkrafa stefnanda tekin til greina, að sér verði heimilað að hafa uppi til skuldajöfnunar samkynja og samrætta gagnkröfu sína um greiðslu á vinnulaunum og þóknun skv. fram lögðum reikningum á dskj. 7, 8 og 9, að fjárhæð alls 959.750,00 kr., ásamt reiknuðum vöxtum af framlagi sínu til félagsins, svo sem það sé reiknað af endurskoðanda félagsins, sbr. dskj. nr. 11, að fjárhæð 116.841,00 kr., en heildarfjárhæð gagnkröfu sé hin sama og stefnufjárhæð. Dráttarvaxta er krafist frá 1. janúar 1989.

Um rökstuðning fyrir gagnkröfu er vísað til málsástæðna stefnda varðandi aðalkröfu og varakröfu stefnanda.

Þótt svo ólíklega vildi til, að talið yrði, að óheimilt hefði verið að greiða stefnda hlutdeild hans í félaginu, svo sem gert var, eigi hann eftir sem áður rétt til greiðslu þóknunar og launa fyrir vinnu sína í þágu félagsins og vaxta af framlögum sínum. Verði sú gagnkrafa hans að koma til skuldajöfnunar skv. 49. gr. eml.

Niðurstaða.

Eins og fram er komið, gerðu sameigendur Byggingarfélags Sveinbjörns og Gunnars sf. ekki með sér skriflegan sameignarfélagssamning, og ekki lá fyrir skriflegt samkomulag um verkaskiptingu þeirra í milli við störf þeirra

innan félagsins eða greiðslu fyrir þau störf. Óumdeilt er þó, að um ákveðna verkaskiptingu var að ræða milli sameigenda, þar sem Sveinbjörn var byggingarmeistari húsanna og vann á byggingarstað, en starf stefnda fólst í umsjón fjármála félagsins.

Upplýst er, að Sveinbjörn Helgason fékk greidda þá reikninga, er hann framvísaði fyrir vinnuframlag sitt í þágu félagsins. Gegn andmælum stefnda þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að annar háttur skyldi á hafður um vinnuframlag stefnda. Þykir stefnandi því ekki hafa sýnt fram á, að vinnuframlag stefnda skyldi ólaunað. Gegn andmælum stefnda þykir ekki heldur sýnt fram á, að vinnuframlag stefnda skyldi metið til jafns við aðstöðu á vinnustað o. fl., er stefnandi lagði til, sbr. það, sem áður er rakið. Telja verður samkvæmt því, að stefnda hafi eins og Sveinbirni Helgasyni borið hæfileg þóknun fyrir þau störf, er hann vann í þágu félagsins.

Upplýst er, að stefndi annaðist greiðslur á reikningum félagsins, og hefur ekki verið sýnt fram á, að Sveinbjörn hafi haft nein afskipti af þeim störfum stefnda eða að sá háttur hafi verið hafður á, að stefndi hafi leitað eftir sérstöku samþykki Sveinbjörns við þeim reikningum, er greiddir voru af hálfu félagsins. Eins og áður segir, voru greiddir þeir reikningar, er Sveinbjörn framvísaði, en gegn andmælum stefnda telst ósannað, að stefndi hafi sérstaklega yfirfarið þá eða það hafi verið skilyrði greiðslu þessara reikninga, að stefndi veitti sérstakt samþykki til greiðslu þeirra.

Telja verður, að umrædd störf stefnda hafi verið þáttur í daglegum rekstri félagsins og með hliðsjón af því, sem áður segir, hafi stefnda sem prókúruhafa sameignarfélagsins verið heimilt að greiða reikninga félagsins. Honum hafi þar með verið heimilt að greiða sjálfum sér hæfilega þóknun fyrir þau störf, er hann vann í þágu félagsins.

Að þessu virtu ber að hafna aðalkröfu stefnanda í máli þessu.

Samkvæmt þremur fram lögðum reikningum stefnda námu greiðslur félagsins til hans vegna vinnuframlags hans 959.750,00 kr.

Samkvæmt reikningi, að fjárhæð 101.750,00 kr., fékk stefndi greidda þóknun vegna vinnu við að hreinsa timbur í sökklum vegna beggja húsanna og vinnu við að þjappa í sökkul beggja húsanna og einnig vinnu við að rífa og hreinsa timbur vegna hússins nr. 142.

Sveinbjörn Helgason bar fyrir dómi, að samkomulag hefði verið með sér og stefnda, Gunnari, um, að ekki skyldi greitt fyrir þá vinnu, er þeir unnu ásamt fjölskyldum sínum um kvöld og helgar. Bar Sveinbjörn, að hann hefði unnið slíka vinnu ásamt syni sínum og tengdasyni og ekki verið lagðir fram reikningar vegna slíkrar vinnu.

Stefndi, Gunnar, bar fyrir dómi, að fyrrgreindur reikningur væri vegna

vinnu, er hann vann um kvöld og helgar ásamt sonum sínum þremur, og að innifalin í reikningnum væri þóknun vegna vinnu sona sinna þriggja.

Þegar virt er, svo sem að framan er rakið, að um ákveðna verkaskiptingu var að ræða með stefnda, Gunnari, og Sveinbirni og að hlutverk stefnda fólst í fjármálaumsjón, þykir það styðja framburð Sveinbjörns um, að umrædd vinna, sem unnin var aukalega um kvöld og helgar, skyldi ólaunuð, enda er ekki sýnt fram á, að Sveinbirni hafi verið greitt fyrir slíka vinnu.

Að því er varðar þátt stefnda í framangreindum reikningi, þykir því ekki sýnt fram á, að honum beri greiðsla fyrir þetta vinnuframlag sitt, en af fram lögðum reikningi er ekki ljóst, hve mikill hluti þessa reiknings snertir vinnuframlag stefnda, þar sem reikningurinn er ósundurliðaður, og eins og áður greinir, er innifalið í honum vinnuframlag sona stefnda, sem ekki eru aðilar máls þessa.

Samkvæmt reikningi, að fjárhæð 429.000,00 kr., var stefnda greitt fyrir vinnu sína árið 1987 við að semja við alla skuldareigendur um greiðslu á allri úttekt, semja við B. M. Vallá, Völund vegna smíði á öllum gluggum í húsin, Trésmiðjuna Borg um smíði á öllum opnanlegum fögum, svala-, úti- og bílskúrshurðum og semja við þessa aðila, ganga frá bókhaldi, raða inn í möppur og hafa tilbúið til endurskoðunar vegna ársins 1987, samtals 660 tímar á 650,00 kr. Samkvæmt reikningi, að fjárhæð 429.000,00 kr., var stefnda greitt fyrir vinnu sína árið 1988, er fólst í því að semja um greiðslur vegna framkvæmdanna við verk- og efnissala, semja við múrara og fleiri aðila og ganga frá og sjá um bókhald, þ. e. raða inn í möppur til endurskoðunar og sjá að öðru leyti um eignaumsýslu og samninga um skuldaskil vegna byggingaframkvæmdanna að Fannafold 140–142, Reykjavík. Samtals 660 tímar á 650,00 kr.

Til skýringar hefur stefndi lagt fram í málinu greinargerð með umræddum reikningum. Af hálfu stefnanda þykir ekki sýnt fram á, að vinnuframlag stefnda hafi verið annað og minna en ráða má af greinargerð þessari. Felur greinargerðin að mestu í sér yfirlit yfir einstakar greiðslur félagsins svo og yfir samþykkta víxla og framlengingu þeirra, en einnig er þar getið um samninga við nokkra aðila um efni og vinnu. Í greinargerðinni er hins vegar ekki að finna sundurliðaða tímaskýrslu.

Eins og fram er komið, krefur stefndi um sama tímakaup fyrir vinnu sína árin 1987 og 1988, og er þar um meðaltal að ræða, sem nemur 650,00 kr. á tímann. Gegn andmælum stefnda þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á með hliðsjón af eðli þeirra starfa, er stefndi vann í þágu félagsins, að um of hátt tímakaup sé þar að ræða.

Þegar framangreind greinargerð er virt svo og annað það, er fram hefur

komið í máli þessu, þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að vinnuframlag hans í þágu stefnanda hafi verið í samræmi við þá reikninga, sem félagið greiddi honum. Með hliðsjón af því, sem fram hefur komið í málinu, er það niðurstaða dómsins, að hæfileg þóknun til stefnda fyrir vinnuframlag hans árið 1987 nemi 165.100,00 kr. miðað við framangreint tímakaup og 179.400,00 kr. fyrir árið 1988.

Samkvæmt ársreikningi sameignarfélagsins, er fyrir liggur í málinu, nam sú fjárhæð, sem greidd var stefnda sem hlutdeild hans í félaginu, 1.076.591,00 kr. Við gerð ársreikningsins voru framlög eigenda og úttektir framreiknuð með 9% vöxtum og lánskjaravísitölu til desember 1988.

Þrátt fyrir það að stefnandi mótmælti ársreikningi og þeim vaxtaútreikningi, sem þar er beitt, reisir hann kröfugerð sína samt sem áður á honum. Við útreikning á endurgreiðslu þeirri, sem stefnda ber samkvæmt niðurstöðu í máli þessu að greiða stefnanda, verður með hliðsjón af kröfugerð í málinu að miða við sömu uppgjörsaðferð og ársreikningur byggist á. Afstaða er því ekki tekin til þess í máli þessu, hvort uppgjörsaðferð sú, sem ársreikningur byggist á, er rétt eða röng, enda er ársreikningur sameignarfélagsins sem slíkur ekki deiluefni í máli þessu.

Miðað við framangreinda uppgjörsaðferð og að teknu tilliti til lækkunar þeirra fjárhæða, er snerta vinnuframlag stefnda, sbr. það, sem áður er rakið, er það niðurstaða málsins, að stefnda beri að greiða stefnanda 667.878,00 kr. ásamt umkröfðum vöxtum.

Gagnkrafa stefnda til skuldajafnaðar miðast eingöngu við það, að aðalkrafa stefnanda verði tekin til greina. Þar sem aðalkröfu stefnanda er hafnað, kemur gagnkrafa stefnda af þeim sökum ekki til álita.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 172.000,00 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Dóminn kvað upp Kristjana Jónsdóttir borgardómari ásamt meðdómendunum Sverri Ingólfssyni, löggiltum endurskoðanda, og Birni Björnssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Gunnarsson, greiði stefnanda, Byggingarfélagi Sveinbjörns og Gunnars sf., 667.878,00 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1989 til greiðsludags og 172.000,00 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. október 1994.

Nr. 137/1994. **Guðmundur Karlsson**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar
(Hreinn Pálsson hrl.)

Lífeyrisréttur. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1994. Hann krefst þess, „að viðurkenndur verði réttur hans til eftirlauna frá stefnda sem hlutfall af föstum launum 1. vélfræðings (1. vélstjóra) við Laxárvirkjun, eins og þau hafa verið og verða á hverjum tíma, frá því áfrýjandi hóf töku lífeyris hjá stefnda". Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var þingfest 25. júní 1992 og var því höfðað, meðan lög nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði voru í gildi. Hvergi í þeim lögum var að finna heimild til þess að hafa uppi í dómsmáli kröfu til viðurkenningar á réttindum í stað þess að gera fjárkröfu til aðfararhæfs dóms, svo sem kostur var í þessu máli. Á hinn bóginn er nú lögbundin heimild til þess háttar kröfu í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, er tóku gildi tæpri viku eftir höfðun málsins. Við svo búið þykir kröfugerð áfrýjanda geta staðist að þessu leyti.

Í stefnu til héraðsdóms kemur fram, að áfrýjandi telur, að eftirlaun sín frá stefnda eigi ekki aðeins að reiknast af föstum launum 1. vélstjóra við Laxárvirkjun á hverjum tíma, heldur einnig vaktaálagi og „öðrum föstum álögum eða fastri (ómældri) yfirvinnu", og er þetta þáttur í kröfugerð hans fyrir héraðsdómi. Í hinum áfrýjaða dómi er hins vegar ekkert um þennan þátt kröfunnar fjallað, en við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var fallið frá þessum þætti kröfunnar.

Áfrýjandi byggir nú eingöngu kröfur sínar á því, að hann hafi, er hann lét af störfum, fengið greidd laun samkvæmt launataxta, sem í kjarasamningum í skjölum málsins er nefndur „vaktavinna“, og að lífeyrisgreiðslur til hans eigi því að miðast við þennan launataxta, eins og hann er á hverjum tíma, og ekki skipti máli, að ekki hafi komið á móti iðgjald til lífeyrissjóðsins miðað við þennan launataxta.

Í sóknargögnum er ekki tilgreind launafjárhæðin, sem áfrýjandi heldur fram, að eftirlaun hans hafi átt og eigi að miðast við. Engin grein er gerð fyrir „föstum launum“, sem um ræðir í kröfugerð hans, og ekki er heldur gerð grein fyrir þeim lífeyri vegna vaktaálags á grunnlaun, sem iðgjald var greitt af 1983-1987 og hann hefur notið, frá því að eftirlaunagreiðslur til hans hófust. Þá víkur hvergi í sóknargögnum að kauptaxta þeim fyrir vaktavinnu, er áfrýjandi reisir nú kröfu sína á, og engin grein er gerð fyrir honum í málinu.

Áður en málið var höfðað, var kröfu áfrýjanda um aukinn rétt til eftirlauna synjað með þeim rökum, að iðgjald hafði aðeins verið greitt af grunnkaupi og framangreindu vaktaálagi. Þetta er ein af málsástæðum stefnda. Þegar litið er til þessa og með hliðsjón af því, hvers eðlis sakarefni málsins er, var rétt, að verðmæti iðgjalds á móti hækkuðum eftirlaunum væri reiknað út og gögn um það lögð fram í málinu.

Þegar á þetta er litið, verður að telja, að gögnum málsins og upplýsingum um álitaefni þess hafi verið og sé enn svo áfátt, að dómur verði ekki á það lagður. Verður því ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 13. október 1994.

Nr. 28/1992. **Óttar Yngvason**
og Páll G. Jónsson
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
dánarbúi Þórönnu Guðmundsdóttur
Hauki Sveinbjörnssyni
dánarbúi Gísla Sigurgeirssonar
Sigurgeiri Gíslasyni
Sigurði Helgasyni
Einari Hallssyni
Ragnari Hallssyni
Sveinbirni Hallssyni
Hallgrími Sverrissyni
Óskari Sverrissyni
Sæmundi H. Magnússyni
Kjartani Má Jóhannssyni
Guðmundi Albertssyni
og Magnúsi Guðjónssyni
(Jóhann H. Níelsson hrl.)

Lax- og silungsveiði. Matsgerð. Stjórnsýsla. Andmælaréttur. Frávísun frá héraðsdómi. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. janúar 1992. Þeir gera þá dómkröfu, að viðurkennt verði með dómi, að matsgerð um takmörk fiskihverfis Haffjarðarár, gerð af Jakobi Magnússyni fiskifræðingi og Lofti Al. Þorsteinssyni vatnaverkfræðingi 19. september 1983, hafi ekki gildi sem undirmatsgerð samkvæmt XV. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Þá gera þeir kröfu um, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu gera þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði stað-

festur og áfrýjendur dæmdir til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Frá því er dómur gekk í héraði, hefur stefndi Gísli Sigurgeirsson látist, og hefur dánarbú hans tekið við aðild málsins. Þá hefur stefndi Guðmundur Halldórsson einnig látist, og hafa erfingjar hans, Hallgrímur Sverrisson, Óskar Sverrisson, Sæmundur H. Magnússon og Kjartan Már Jóhannsson, tekið við aðild hans að málinu.

Þegar mál þetta var höfðað, var Þóranna Guðmundsdóttir látin, og laut dánarbú hennar forræði skiptaráðandans í Kópavogi. Mátti ekki eftir þágildandi réttarfarsreglum höfða einkamál þetta á hendur dánarbúinu, sbr. 33. gr. laga nr. 3/1878 um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. Verður því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi, hvað þennan málsaðila varðar, og vísa kröfum á hendur honum frá héraðsdómi.

Jakob Magnússon fiskifræðingur og Loftur Al. Þorsteinsson vatnaverkfræðingur voru dómkvaddir af sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 18. nóvember 1980 til að segja til um takmörk fiskihverfis Haffjarðarár. Fór dómkvaðningin fram samkvæmt XV. kafla laga um lax- og silungsveiði. Í héraðsdómi er því lýst, að vettvangsskoðun hafi farið fram að viðstöddum aðilum í júní 1981 og að áfrýjendur hafi á árinu 1982 skilað greinargerð og afhent ýmis gögn. Annar matsmanna hafi síðan skrifað umboðsmanni áfrýjenda bréf í júlí 1983 og tjáð honum, að matsgerðin væri á lokastigi, og gefið honum kost á að koma á framfæri nýjum gögnum og athugasemdum, áður en gengið yrði endanlega frá henni. Umboðsmaður áfrýjenda hafi svarað bréfi þessu og sent matsmönnum nokkur ný gögn. Jafnframt hafi hann óskað eftir því að fá afhent afrit fram kominna gagna í matsmálinu og tækifæri til að tjá sig um þau, ef matsmenn hygðust ljúka málinu, án þess að munnlegur málflutningur færi fram. Matsmenn hafi skilað áliti sínu 19. september 1983, án þess að haft væri frekara samband við aðila.

Áfrýjendur krefjast þess, að matsgerðin verði metin ógild, þar sem þeir hafi ekki fengið að kynna sér nokkur gögn málsins og tjá sig um þau, áður en matsmenn luku áliti sínu. Í matsgerðinni er talið upp, hvaða heimildir hafi einkum verið hafðar til hliðsjónar við matsstörfin. Segir í matsgerðinni, að þetta séu prentaðar heim-

ildir, en þegar upptalningin er skoðuð, virðist þar fremur átt við ritaðar heimildir. Ágreiningslaust er, að áfrýjendur fengu ekki í hendur og gátu ekki tjáð sig um eftirfarandi gögn: Um lax í Hlíðarvatni og nágrenni 1982, frá janúar 1983, eftir Þóri Dan Jónsson, Veiðibók Núpár 1973–1977, Athugun á útbreiðslu lax á vatnasvæði Haffjarðarár, frá maí 1979, eftir Tuma Tómasson, og Greinargerðir Veiðifélags Núpár og Hlíðarvatnsbænda frá 1982. Gögn þessi liggja ekki fyrir í málinu, en samkvæmt heimildaskránni virðist hér um að ræða verulegan hluta þeirra upplýsinga um staðreyndir máls, sem matsmenn höfðu til hliðsjónar. Ekki liggur fyrir, að þessar upplýsingar séu öllum tiltækar.

Fyrir gildistöku stjórnsýslulaga nr. 37/1993 höfðu dómstólar slegið því föstu, að samkvæmt gildandi rétti ætti að gefa aðilum máls kost á að tjá sig um efni þess, áður en stjórnvald tæki ákvörðun í því, eins og nú er fyrir mælt í 13. gr. stjórnsýslulaga. Þótt í XV. kafla laga um lax- og silungsveiði sé rætt um matsgerðir og matsmenn, verður samkvæmt ákvæðum kaflans og eðli máls að gera sömu kröfur til ákvarðana samkvæmt honum og til úrskurða á stjórnsýslusviði. Aðilar máls þessa áttu því rétt á að fá í hendur helstu gögn um staðreyndir þess og að tjá sig um þau, áður en matsmenn lögðu endanlegt álit sitt á úrlausnarefnið. Samkvæmt því, sem að framan er rakið, höguðu matsmenn ekki störfum sínum með fullnægjandi hætti að þessu leyti, og er því rétt að taka kröfu áfrýjenda til greina.

Rétt þykir, að stefndu in solidum greiði áfrýjendum upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Áfrýjendur skutu ágreiningi um takmörk fiskihverfis Haffjarðarár til yfirmatsmanna samkvæmt XV. kafla laga um lax- og silungsveiði með bréfi 27. janúar 1984. Samkvæmt ákvörðun yfirmatsnefndar var meðferð málsins fyrir henni frestað 2. júlí 1984, meðan leitað væri úrlausnar dómstóla um ágreining vegna undirmatsgerðarinnar. Áfrýjendur stefndu málinu til bæjarþings Reykjavíkur í október 1984, en með dómi 30. apríl 1985 var því vísað frá bæjarþinginu. Sá dómur var staðfestur í Hæstarétti 12. júní sama ár. Var málinu síðan stefnt til aukadómþings Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og þingfest þar 20. september 1985. Málið lá svo þar óhreyft til ársins 1988, er það var tekið fyrir í júlí og tvisvar í september. Frekari gögn voru þá lögð fram og málinu frestað til aðalflutnings.

Aðalflutningur fór þó ekki fram fyrr en 28. október 1991. Eftir það var málið rekið með skaplegum hraða. Verður ekki hjá því komist að átelja meðferð málsins fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fram til þess tíma.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi, að því er varðar dánarbú Þórönnu Guðmundsdóttur.

Tekin er til greina krafa áfrýjenda, Óttars Yngvasonar og Páls G. Jónssonar, um, að matsgerð um takmörk fiskihverfis Haffjarðarár frá 19. september 1983 hafi ekki gildi sem matsgerð samkvæmt XV. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Stefndu, Haukur Sveinbjörnsson, dánarbú Gísla Sigurgeirssonar, Sigurgeir Gíslason, Sigurður Helgason, Einar Hallsson, Ragnar Hallsson, Sveinbjörn Hallsson, Hallgrímur Sverrisson, Óskar Sverrisson, Sæmundur H. Magnússon, Kjartan Már Jóhannsson, Guðmundur Albertsson og Magnús Guðjónsson, greiði áfrýjendum 150.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 6. janúar 1992.

Upphaflegir stefnendur voru Thor R. Thors, Hamarsgötu 8, Seltjarnarnesi, Richard Thors, Chicago, Bandaríkjunum, Þórður Thors, Langholtsvegi 118, Reykjavík, Unnur Thors Briem, Bergstaðastræti 84, Reykjavík, og Jóna Íris Thors, Gautaborg, Svíþjóð. Við fyrirtöku málsins 27. september 1988 tóku þeir Páll G. Jónsson, Vesturbrún 26, Reykjavík, og Óttar Yngvason, Birkigrund 23, Kópavogi, við aðild málsins sóknar megin.

Stefndu eru Ásgeir Pétursson, skiptaráðandi í Kópavogi, f. h. dánarbús Þórönnu Guðmundsdóttur og Haukur Sveinbjörnsson bóndi, Snorrastöðum, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Litla-Hrauns, Gísli Sigurgeirsson og Sigurgeir Gíslason bændur, Hausthúsum, Eyjahreppi, vegna jarðarinnar Hausthúsa, Sigurður Helgason bóndi, Hraunholtum, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Hraunholta, Einar Hallsson, Ragnar Hallsson og Sveinbjörn Hallsson bændur, Hallkelsstaðahlíð, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Hallkelsstaðahlíðar og Einar einnig vegna jarðar-

innar Hafursstaða í Kolbeinsstaðahreppi, Guðmundur Halldórsson bóndi, Syðri-Rauðamel, Kolbeinsstaðahreppi, vegna Oddastaða, Kolbeinsstaðahreppi, Guðmundur Albertsson, Heggsstöðum, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Heggsstaða og Magnús Guðjónsson, Hrútsholti, Eyjahreppi, formanni Veiðifélags Núpár í Eyjahreppi vegna félagsins. Við fyrirtöku málsins 28. október 1991 kom fram, að við aðild málsins f. h. Þórönnu Guðmundsdóttur hefur tekið dánar- og félagsbú Þórönnu Guðmundsdóttur og Sigurðar Benjamíns Jónssonar.

Stefna í málinu var gefin út í Reykjavík 28. ágúst 1985 og það þingfest í aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 20. september 1985, eftir að lögmenn stefndu féllu frá stefnufresti. Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 17. desember 1991. Dóm þennan kvað upp Pétur Kristinsson fulltrúi.

Mál þetta var upphaflega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 26. september 1984. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 30. apríl 1985, var málinu vísað frá dómi, þar sem það var höfðað fyrir röngu varnarþingi. Dómur þessi var staðfestur með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 12. júní 1985. Aðalflutningur í málinu fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fór fram 28. október 1991 og kveðinn upp úrskurður í því 15. nóvember s. á. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar. Með dómi, upp kveðnum 12. desember 1991, ómerkti Hæstiréttur úrskurðinn og vísaði málinu heim í hérað ex officio til munnlegs flutnings, dómtöku og dómsálagningar, þar sem ljúka átti því með dómi.

Dómkröfur stefnenda eru, „að viðurkennt verði með dómi, að „matsgerð um takmörk fiskihverfis Haffjarðarár", gerð af Jakobi Magnússyni fiskifræðingi og Lofti Al. Þorsteinssyni vatnafræðingi 19. september 1983, hafi ekki gildi sem undirmatsgerð skv. XV. kafla laga nr. 76/1970". Stefnendur krefjast einnig málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast þess, að kröfum stefnenda verði hafnað. Einnig gera stefndu kröfu um málskostnað in solidum úr hendi stefnenda skv. gjaldskrá lögmanna.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst á eftirfarandi hátt: „Með bréfi til sýslumanns Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, dags. 22. apríl 1980, óskuðu stefnendur og stefndu sameiginlega eftir dómkvaðningu matsmanna skv. lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, 94. gr., 2. mgr., til að meta, hver væru takmörk fiskihverfis Haffjarðarár. Til matsins voru kvaddir dr. Jakob Magnússon fiskifræðingur og Loftur Al. Þorsteinsson vatnaverkfræðingur. Mun dómkvaðningin hafa farið fram 18. nóvember 1980.

Matsmenn virðast hafa unnið öðru hverju að mati sínu árin 1981–1983. Vettvangsskoðun fór fram í júní 1981, og voru mættir fulltrúar matsbeiðenda. Í aprílmánuði 1982 var af hálfu stefnenda skilað greinargerð í matsmálinu og ýmis gögn lögð fram af þeirra hálfu. Í lok greinargerðarinnar áskildi umboðsmaður stefnenda sér rétt til að leggja fram frekari gögn í matsmálinu síðar og útlista og hafa uppi málsástæður og kröfur, eftir því sem nauðsynlegt væri og málflutningur annarra aðila matsmálsins gæfi tilefni til. Var sagt, að nánari útlistun alls málsins af hálfu stefnenda myndi verða gerð við munnlegan flutning þess.

Matsmenn ákváðu að eigin sögn, þegar fram kom á árið 1982, að bíða eftir niðurstöðum úr ýmsum athugunum, sem Þórir Dan Jónsson mun hafa gert það ár. Mun hann hafa skilað skýrslu um þær í janúar 1983.

Matsmaðurinn Jakob Magnússon ritaði umboðsmanni stefnenda, Óttari Yngvasyni hrl., bréf, dags. 5. júlí 1983. Sagði í bréfinu, að matsgerðin væri nú á lokastigi og að með bréfinu vildu matsmenn gefa matsbeiðendum tækifæri til að koma á framfæri nýjum gögnum, ef einhver væru, og athugasemdum, áður en gengið yrði endanlega frá matsgerðinni. Ekki fylgdi bréfi matsmannsins neitt yfirlit eða upplýsingar um skjöl í málinu.

Umboðsmaður stefnenda svaraði þessu bréfi um hæl með bréfi, dags. 11. júlí 1983. Fylgdu því nokkur ný gögn í málinu. Í lok bréfsins segir síðan svo: „Af hálfu umbj. m. er óskað eftir að fá afhent afrit fram kominna gagna í matsmálinu og tækifæri til að tjá sig um þau, áður en mati lýkur. Þessi beiðni er sett fram með sérstakri hliðsjón af þeim ummælum matsmannsins, að matsmenn hafi ekki í hyggju að viðhafa munnlegan málflutning, áður en þeir ljúka matinu."

Matsmenn höfðu þessa ósk að engu. Fregnaði umboðsmaður stefnenda frá þeim einhvern tíma síðari hluta ársins 1983, að þeir hefðu lokið matsgerð sinni. Barst honum matsgerðin í ábyrgðarpósti 9. desember 1983. Í matsgerðinni sjálfri kom síðan fram, að matsmenn höfðu haft undir höndum og lagt til grundvallar í matinu margs konar gögn, sem umboðsmaður stefnenda hafði aldrei fengið að kynna sér og tjá sig um.

Af hálfu stefnenda var nú matsmanninum Jakobi Magnússyni sent ábyrgðarbréf, dags. 12. janúar 1984, þar sem enn var óskað eftir afriti allra skjala og gagna matsmálsins. Var tekið fram, að beiðnin væri sett fram vegna væntanlegrar málshöfðunar til ógildingar matinu í heild sinni og væntanlegrar áfrýjunar matsgerðarinnar til öryggis. Við þessu bárust engin svör.

Með bréfi, dags. 27. janúar 1984, var matsgerðinni síðan af hálfu stefnenda skotið til yfirmatsmanna skv. 94. gr., 3. mgr., laga nr. 76/1970. Aðal-

krafa stefnenda fyrir yfirmatsmönnum var sú, að þeir ógiltu undirmatsgerðina vegna rangra aðferða við matið. Var af hálfu stefnenda tekið fram, að ef hafnað yrði aðalkröfunni, annaðhvort vegna þess, að yfirmatsmenn teldu sig bresta vald til að verða við henni, eða vegna þess, að hafnað yrði málsástæðum fyrir henni, þá væri óskað eftir fresti á matsmálinu, meðan fengin væri úrlausn almennra dómstóla um lögmæti undirmatsgerðarinnar.

Með svonefndri afgreiðslu yfirmatsnefndar, dags. 2. júlí 1984, vísaði nefndin svo kröfu þessari frá sér, með því að yfirmatsmenn væru ekki bærir að verða við henni. Frestaði yfirmatsnefnd síðan störfum sínum að ósk stefnenda, meðan leitað væri dómsúrlausnar um lögmæti undirmatsgerðarinnar.

Með stefnu, dags. 26. september 1984, höfðuðu stefnendur mál á bæjarþingi Reykjavíkur á hendur öllum þeim sömu, sem hér er stefnt. Voru dómkröfur hinar sömu og í þessu máli. Mál þetta var þingfest 25. október 1984. Af hálfu stefndu var tekið til efnislegra varna og krafist sýknu.

Þau urðu úrslit málsins fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með dómi 30. apríl 1985, að dómari vísaði því frá dómi án kröfu. Byggði hann dóm sinn á 143. gr. laga nr. 85/1936 og taldi, að ágreiningsefni um framkvæmd matsgerðar ætti undir þann dómara, sem kvatt hefði matsmenn til starfa. Mætti því ekki höfða málið á bæjarþingi Reykjavíkur. Stefnendur kærðu frávísunardóminn til Hæstaréttar. Var hann þar staðfestur með dómi 12. júní 1985. Að fengnum þeim dómi er málið nú höfðað fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, þar sem matsmennirnir voru dómkvaddir.

Fyrir dóminn kom Óttar Yngvason hrl., Birkigrund 23, Kópavogi, og gaf skýrslu í samræmi við málavaxtalýsinguna hér að framan. Eftirfarandi gögn, sem talin eru upp í matsgerð og lögð voru til grundvallar matinu, kvaðst Óttar ekki hafa haft undir höndum né hafa fengið enn í dag: Um lax í Hlíðarvatni og nágrenni 1982, eftir Þóri Dan Jónsson, Veiðibók Núpár 1973–1977, Greinargerð Veiðifélags Núpár, frá ágúst 1982, Athugun á útbreiðslu lax á vatnasvæði Haffjarðarár, maí 1979, eftir Tuma Tómasson. Óttar kannaðist ekki við Rolf Gydemo, sem skrifaður er fyrir Um útbreiðslu lax í Oddastaðavatni og Hlíðarvatni, nóvember 1978, ásamt Tuma Tómassyni, en kvaðst hafa undir höndum skjal frá sama tíma með sama nafni eftir Tuma Tómasson. Óttar kannaðist ekki við Greinargerð Hlíðarvatnsbænda, október 1982. Óttar kvaðst hafa undir höndum skjal, sem heitir Vottorð Skúla Magnússonar um níu laxa, þar af tvo dauða, sem getið er um á bls. 6 í matsgerðinni, en ekki er talið upp ásamt öðrum heimildum. Einnig kvaðst Óttar hafa undir höndum bréf Teits Arnlaugssonar til Jakobs Magnússonar matsmanns, dagsett 18. september 1981, en það bréf er ekki talið upp meðal heimilda.

Málsástæður og lagarök.

Samkvæmt greinargerð stefnenda eru þeir ógildingarannmarkar á matsgerð undirmatsmanna, „að stefnendur fengu ekki þrátt fyrir ítrekuð tilmæli að kynna sér gögn þau, sem matsmenn höfðu undir höndum og fram kemur í matsgerð þeirra, að þeir hafi lagt til grundvallar mati sínu. Þannig kemur t. d. fram í matsgerðinni, að matsmenn hafi sjálfstætt „aflað gagna úr ýmsum áttum“. Stefnendur hafa enga vitneskju um þessa gagnaöflun matsmanna, hvað þá að þeir hafi átt þess kost að kynna sér umrædd gögn og fjalla um þau. Sama er að segja um „vissar athuganir“, sem matsmenn segjast hafa fengið gerðar. Stefnendur vita ekki, hvaða athuganir þetta eru. Þá eru í matsgerðinni taldar upp svokallaðar prentaðar heimildir, sem „voru einkum hafðar til hliðsjónar við matsstörfin“. Þarna eru talin upp skjöl, sem stefnendur vissu ekkert um og hafa aldrei séð. Má þar nefna greinargerðir frá Veiðifélagi Núpár frá ágúst 1982 og frá Hlíðarvatnsbændum frá október 1982, skýrslur Þóris Dan Jónssonar frá janúar 1983 og Tuma Tómassonar frá maí 1979. Kemur og beinlínis fram í matsgerðinni, að matsmenn hafa fyrirvaralaust lagt til grundvallar mati sínu ýmsar upplýsingar um matsefnið, sem stefnendur hafa enga hugmynd um, hvaðan eru fengnar.

Af hálfu stefnenda er talið, að þeim hefði borið skýlaus réttur til að fá að kynna sér öll gögn málsins og tjá sig um þau. Felist þetta í 140. gr. laga nr. 85/1936 og almennum ólögfestum reglum um rétt aðila í matsmáli til að kynna sér gögn máls og ástæður. Með þeim hætti einum eigi aðilar kost á að gæta hagsmuna sinna og verja sig fyrir röngum niðurstöðum málsins. Hér sé um að ræða grundvallarreglur, sem freklega hafi verið brotnar við meðferð málsins. Leiði það til þess, að matið hafi enga þýðingu í skiptum aðila, sé ógilt og hafi í reynd ekkert mat fram farið í málinu.

Stefnendur telja, að þessi sjónarmið eigi raunar enn fremur við í mati skv. XV. kafla laganna um lax- og silungsveiði nr. 76/1979 en um venjulegt mat skv. lögum nr. 85/1936, þar sem í lax- og silungsveiðilögum er um að ræða lögbundið mat um tiltekin atriði, sem felur í sér endanlegan úrskurð í deilu milli aðila um þau atriði. Matsmenn eru því í reynd lögbundnir gerðardómendur um tilgreind deiluatriði. Leiðir þetta til þess, að beita beri lögjöfnun frá ákvæðum einkamálalaga um rétt aðila til hagsmunagæslu og málflutnings.“

Lögmenn stefndu hafa í greinargerðum sínum andmælt kröfum stefnenda á þeim grundvelli, að matsmenn hafi í alla staði farið rétt að við matið, og verði því ekki með réttu haldið fram, að það sé ógildanlegt vegna rangra aðferða.

Annar lögmaður stefndu segir í greinargerð um þetta atriði: „. . . vett-

vangsskoðun fór fram 19. júlí 1981 að viðstöddum umboðsmönnum matsbeiðenda. Að skoðun lokinni var haldinn fundur, sem Hörður Einarsson hrl. sótti f. h. stefnenda þessa máls. Á þessum fundi gafst aðilum kostur á að túlka viðhorf sín, en jafnframt var beint til þeirra að láta í té gögn og upplýsingar, sem þeir hefðu undir höndum. Var gefinn ríflegur frestur til greinargerðar.

Af hálfu beggja aðila var skilað skriflegum greinargerðum. Þegar leið að lokum matsstarfsins, var aðilum enn gefinn kostur á að koma á framfæri upplýsingum, áður en gengið yrði frá matsgerðinni. Þá barst enn greinargerð frá umboðsmanni stefnenda. Ekki verður annað séð en matsmenn hafi í einu og öllu rækt starfa sinn svo sem lög og venja mæla fyrir um.

Stefndu telja, að stefnendur hafi átt þess kost við skoðun að skýra sjónarmið sín og koma fram með þau sjónarmið, sem þeir töldu skipta máli.

Það er skoðun annars lögmanns stefndu, „að matsmenn geti sjálfstætt aflað sér gagna og notað slík gögn við matið að vild, þó að þau hafi ekki verið kynnt matsaðilum. Á þetta jafnt við um öflun heimilda almennt um hliðstæð efni, svo sem álit fræðimanna og rannsóknir, sem gerðar hafa verið, sem um sjálfstæðar rannsóknir, gerðar af matsmönnum sjálfum eða á þeirra vegum. Slíkar athuganir ber matsmönnum ekki að kynna sérstaklega fyrir aðilum. Ber því að hafa í huga, að matsmennirnir hafa sérþekkingu til að bera á matsefninu."

Jafnframt mótmælir lögmaðurinn „. . . að í 140. gr. einkamálalaga né í öðrum ólögfestum reglum sé lögð sú skylda á matsmenn að kynna sérstaklega fyrir aðilum sjálfstæðar athuganir sínar eða hjálpargögn, sem þeir kunna að afla sér við matsgerðir.

Engar reglur takmarka frumkvæðisrétt matsmanna, og engin skylda hvílir á þeim að leita milligöngu aðila við öflun gagna.

Engin skylda hvílir heldur á matsmönnum að viðhafa málflutning, og er því mótmælt, að ákvæðum einkamálalaga verði beitt um þessi atriði með lögjöfnun". Jafnframt bendir lögmaðurinn á, að í matsgerðinni séu talin upp gögn, sem matsmenn höfðu til hliðsjónar við matið, en hvergi sé sagt, að þau gögn hafi verið lögð til grundvallar. Samkvæmt framansögðu telur lögmaðurinn ljóst, að matsmenn hafi í alla staði beitt löglegum og réttum aðferðum við matið og lagt til grundvallar réttar og fullnægjandi forsendur fyrir mati sínu, og beri því að hafna kröfum stefnenda.

Hinn lögmaður stefndu reisir kröfur sínar á því, að matsmenn hafi í alla staði staðið eðlilega að framkvæmd matsins og á því séu engir þeir annmarkar, er leitt geti til ógildingar undirmatsins.

Lögmaðurinn bendir á, að aðilar hafi verið „kvaddir til að vera viðstadd-

ir vettvangsgöngu og gefinn kostur á að skila greinargerðum, setja fram sjónarmið sín og kröfur og koma að frekari gögnum á síðari stigum. Liggur þetta ljóst fyrir af gögnum málsins.

Umbj. mínir mótmæla sérstaklega þeim skilningi stefnenda á 140. gr. einkamálalaga, að í henni felist réttur fyrir matsaðila að kynna sér öll gögn matsmáls og tjá sig um þau. Þvert á móti telja umb. mínir skilyrðum 140. gr. einkamálalaga hafa verið fullnægt í máli því, sem hér um ræðir, með því að kveðja aðila til vettvangsgöngu og gefa þeim kost á að koma að gögnum og tjá sig um málsefnið. Þá er því mótmælt, að nokkrar ólögfestar reglur tryggi aðilum aðgang að þeim gögnum, sem matsmenn kunna að styðjast við í starfi sínu.

Krafa stefnenda um ógildingu matsins stafar einungis af því, að ekki hafi verið gætt réttra aðferða við framkvæmd þess. Hins vegar er því ekki haldið fram af hálfu stefnenda, að þetta hafi haft áhrif á efnislega niðurstöðu matsmanna. Ekki hafa stefnendur heldur bent á nein gögn eða heimildir, er hefðu getað komið til álita við matið og ekki voru fyrir hendi við framkvæmd þess.

Umbj. mínir benda á, að heimild til málskots til yfirmats skv. 3. mgr. 94. gr. laga nr. 76/1970 á að vera fullnægjandi til að tryggja aðilum matsmáls skv. 94. gr. örugga niðurstöðu. Þá benda umbj. mínir á, að skv. 4. mgr. sömu greinar var heimilt að skjóta ágreiningi þeim, sem matsmálið tók til, beint til yfirmatsmanna, og er því ekki lögskylt að leita undirmats um slíkt ágreiningsefni. Af þessum sökum telja umbj. mínir minni ástæðu en ella til að gera ríkar kröfur um meðferð máls í undirmati."

Í máli þessu er deilt um, hvort í 140. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 eða öðrum ólögfestum reglum felist réttur aðila til að kynna sér öll gögn og ástæður, sem mat byggist á, og jafnframt, hvort beita eigi lögjöfnun frá reglum einkamálalaga um rétt manna til hagsmunagæslu og málflutnings, þegar um er að ræða mat skv. XV. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

94. gr. lax- og silungsveiðilaga kveður á um, að greini menn á um nánar tiltekin atriði, skuli „þá skera úr ágreiningi með mati". Af þessum orðum er ljóst, að um mat er að ræða, en ekki t. d. gerðardóm. Í XV. kafla áðurnefndra laga eru engar reglur um það, hvaða aðferðum matsmenn skuli beita við matið. Í samræmi við meginreglur hljóta því almennar reglur um framkvæmd mats að gilda, sbr. dóm Hæstaréttar í máli þessu frá 12. júní 1985, sem vísar til almennra reglna, þegar reglum lax- og silungsveiðilaga sleppir. Almennar reglur um málsmeðferð er að finna í 140. gr. einkamálalaga nr. 85/1936. Samkvæmt þessu er ekki fallist á það með stefnendum, að neinar aðrar reglur gildi um málsmeðferð en almennar reglur um fram-

kvæmd mats, enda hlýtur mat eins og það, sem hér er deilt um, að byggjast á staðreyndum, en ekki huglægum atriðum, enda þótt í því felist úrskurður um deilu. Samkvæmt þessu er ekki fallist á lögjöfnun frá almennum reglum einkamálalaga um rétt aðila til hagsmunagæslu og málflutnings.

Með vísan til atvika máls þessa, þ. e., að fram fór vettvangsganga og aðilum var oftsinnis gefinn kostur á að koma að þeim gögnum, sem þeir óskuðu, lítur dómurinn svo á, að skilyrðum nefndrar greinar hafi verið fullnægt við framkvæmd matsgerðar þeirrar, sem mál þetta snýst um, og að hvorki í nefndri lagagrein né öðrum ólögfestum reglum sé sú skylda lögð á matsmenn að kynna aðilum matsmáls þau gögn, sem lögð eru til grundvallar mati, né að viðhafa munnlegan málflutning.

Með vísan til þess, sem að ofan er rakið, er hafnað kröfum stefnenda um, að viðurkennt verði með dómi, að „matsgerð um takmörk fiskihverfis Haffjarðarár", gerð af Jakobi Magnússyni fiskifræðingi og Lofti Al. Þorsteinssyni vatnafræðingi 19. september 1983, hafi ekki gildi sem undirmatsgerð skv. XV. kafla laga nr. 76/1970.

Stefnendur greiði stefndu málskostnað in solidum, sem hæfilega er metinn 200.000,00 kr.

Dómsorð:

Hafnað er kröfum stefnenda um, að viðurkennt verði með dómi, að „matsgerð um takmörk fiskihverfis Haffjarðarár", gerð af Jakobi Magnússyni fiskifræðingi og Lofti Al. Þorsteinssyni vatnafræðingi 19. september 1983, hafi ekki gildi sem undirmatsgerð skv. XV. kafla laga nr. 76/1970.

Stefnendur, Páll G. Jónsson, Vesturbrún 26, Reykjavík, og Óttar Yngvason, Birkigrund 23, Kópavogi, greiði stefndu, Ásgeiri Péturssyni, skiptaráðanda í Kópavogi, f. h. dánar- og félagsbús Þórönnu Guðmundsdóttur og Sigurðar Benjamíns Jónssonar, Hauki Sveinbjörnssyni bónda, Snorrastöðum, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Litla-Hrauns, Gísla Sigurgeirssyni og Sigurgeiri Gíslasyni bændum, Hausthúsum, Eyjahreppi, vegna jarðarinnar Hausthúsa, Sigurði Helgasyni bónda, Hraunholtum, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Hraunholta, Einari Hallssyni, Ragnari Hallssyni og Sveinbirni Hallssyni bændum, Hallkelsstaðahlíð, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Hallkelsstaðahlíðar og Einari einnig vegna jarðarinnar Hafursstaða í Kolbeinsstaðahreppi, Guðmundi Halldórssyni bónda, Syðri-Rauðamel, Kolbeinsstaðahreppi, vegna Oddastaða, Kolbeinsstaðahreppi, Guðmundi Albertssyni, Heggsstöðum, Kolbeins-

staðahreppi, vegna Heggsstaða og Magnúsi Guðjónssyni, Hrútsholti, Eyjahreppi, formanni Veiðifélags Núpár í Eyjahreppi, vegna félagsins, 200.000,00 kr. í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför.

Fimmtudaginn 13. október 1994.

Nr. 196/1991. **Seltjarnarnesskaupstaður**
(Valgarður Sigurðsson hrl.)
gegn
Snorra Hjaltasyni
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
og gagnsök

Skipulag. Gjaldtaka. Lóðarframlagsgjald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1991, en því var gagnáfrýjað 29. sama mánaðar. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 1.354.751 krónu með nánar tilgreindum dráttarvöxtum frá 5. júlí 1988 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram, keypti gagnáfrýjandi landið Teig við Nesveg á Seltjarnarnesi af Friðriki Steindórssyni o. fl. 13. apríl 1988. Í kaupsamningi var því lýst, að eigninni hefði samkvæmt skipulagi aðaláfrýjanda verið skipt í „tvær byggingarlóðir fyrir einbýlishús, aðra 500,0 m^2 og hina 447,8 m^2 auk akbrautar frá Nesvegi að innri lóðinni, 80,1 m^2." Þá var svofellt ákvæði í samningnum: „Eignin er seld svo farin sem hún nú er og kaupandi hefur kynnt sér. Kaupandi hefur einnig kynnt sér skipulagsskilmála Seltjarnarnessbæjar fyrir byggingum á lóðunum. Engin gatnagerðargjöld eða önnur opinber gjöld fylgja með í kaupum þessum, og ber kaupanda sjálfum að standa skil á þeim til réttra yfirvalda." Óumdeilt er, að Kolbeinsstaðamýri á Seltjarnarnesi og

hverfið við Nesveg hafi verið skipulagt 1978 og deiliskipulag af svæðinu samþykkt 1981. Um þetta nýtur engra gagna í málinu né um eldra fyrirkomulag bygginga á svæðinu.

II.

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 er sveitarstjórn heimilt að ósk eiganda að breyta landi í einkaeign í byggingarlóðir „samkvæmt gildandi skipulagi", enda láti landeigandi endurgjaldslaust af hendi við sveitarfélagið til almenningsþarfa sem svarar 1/3 af heildarflatarmáli byggingarlóðanna. Ef landeigandi ræður ekki yfir nægu landi umfram lóð eða lóðir, getur sveitarstjórn heimilað honum að leysa sig undan þessari kvöð með því að greiða andvirði þess, sem á vantar, samkvæmt mati dómkvaddra manna. Eftir 2. mgr. 30. gr. getur sveitarstjórn frestað því að nota heimild samkvæmt 1. mgr., þar til gerðar hafa verið fullnægjandi götur og holræsi, þannig, að lóðir séu byggingarhæfar, og getur hún þá bundið heimildina því skilyrði, að greitt verði tiltekið gjald í sveitarsjóð.

Eins og ráðið verður af 30. gr. skipulagslaga, verða lóðir í einkaeign samkvæmt gildandi skipulagi ekki sjálfkrafa byggingarlóðir við samþykkt skipulagsins. Í 4. gr. skipulagslaga, sbr. 10. gr., er mælt fyrir um aðalskipulag í þéttbýli, en í 11. gr. laganna um svonefnt deiliskipulag. Á séruppdráttum samkvæmt deiliskipulagi skal gerð nánari grein fyrir skipulaginu í einstökum atriðum, svo sem legu og breidd gatna, breidd akbrauta og gangstétta, lóðamörkum, staðsetningu bygginga, stærð þeirra og hæð og eftir atvikum gerð þeirra og útliti. Í skipulagsreglugerð nr. 318/1985 eru nánari ákvæði um hlutverk deiliskipulags, sbr. gr. 4.2. Til þess að land í einkaeign verði byggingarlóð, þarf sérstakan atbeina sveitarstjórnar samkvæmt 30. gr. skipulagslaga, og til að reisa þar mannvirki þarf leyfi samkvæmt byggingarlögum nr. 54/1978, sbr. IV. kafla þeirra laga.

Gagnáfrýjandi keypti tvær lóðir samkvæmt gildandi skipulagi á Seltjarnarnesi, en byggingarleyfi höfðu þá ekki verið gefin út vegna þeirra. Ekki er fram komið, að fyrri eigendur Teigs hafi staðið aðaláfrýjanda skil samkvæmt 30. gr. skipulagslaga með landi eða fjárframlagi. Eins og eignarhaldi á lóðunum var háttað, þegar sótt var um leyfi til bygginga á þeim, var aðaláfrýjanda því rétt að krefja

gagnáfrýjanda um svonefnt lóðarframlagsgjald samkvæmt þessu lagaákvæði.

III.

Aðaláfrýjandi byggði ákvörðun sína um fjárhæð hins umkrafða gjalds á upplýsingum um það verð, er gagnáfrýjandi galt fyrir lóðirnar. Gagnáfrýjandi hefur ekki andmælt þeirri fjárhæð sérstaklega eða byggt málatilbúnað sinn á því, að hún væri of há. Hann hefur hins vegar bent á, að fjárhæðin hafi ekki verið ákveðin af dómkvöddum matsmönnum, eins og áskilið er í 30. gr. skipulagslaga, og ákvörðun hennar því ólögmæt. Þar sem gagnáfrýjandi hefur sjálfur verðlagt lóðirnar með kaupum sínum, þykir það þó ekki, eins og hér stendur á, geta ráðið úrslitum um réttmæti gjaldtökunnar gagnvart honum.

IV.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna aðaláfrýjanda af öllum kröfum gagnáfrýjanda.

Rétt þykir, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Seltjarnarnesskaupstaður, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Snorra Hjaltasonar.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i
Guðrúnar Erlendsdóttur og
Hjartar Torfasonar

Reifun máls þessa er ófullkomin frá hendi beggja aðila, og varðar ágreiningsefnið þó grundvallaratriði í stjórnháttum sveitarfélagsins, sem að því á hlut. Meðal annars skortir heillega mynd af skipulagi því frá árunum 1978–1981, sem málið er risið af, og engra gagna nýtur til skýringar á aðdraganda þess eða þeim skilmálum, sem þar voru settir gagnvart landeigendum og væntanlegum byggjendum á

svæðinu. Einnig hefur fjárhæð gjaldsins, sem um er deilt, ekki verið skýrð nema almennum orðum, svo að ekki verður fullyrt, hvort útreikningur hennar er í samræmi við þær forsendur, sem lýst var af hálfu aðaláfrýjanda.

Eftir því sem ráðið verður af upplýsingum í málinu, virðist ekki útilokað, að aðaláfrýjandi hafi mátt beina kröfu um greiðslu gjalds samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 að gagnáfrýjanda, eftir að hann varð kaupandi að landareigninni Teigi við Nesveg, þar sem skipulag gerði ráð fyrir tveimur byggingarlóðum. Hinar fram komnu upplýsingar nægja þó ekki, til að úr því verði skorið til hlítar, hvort gjaldtaka vegna lóðanna hafi verið lögmæt að undirstöðu til. Jafnframt verður ekki séð, að gætt hafi verið réttra aðferða við ákvörðun þess gjalds, er gagnáfrýjanda var gert að greiða sem mótvirði lands til almenningsþarfa eftir umræddri lagagrein. Í henni er svo á kveðið, að sú greiðsla skuli ákveðin með mati dómkvaddra manna, ef til hennar þurfi að koma. Á það má fallast, að ekki verði þörf á þeirri málsmeðferð, ef unnt er að ákveða greiðsluna með fullu samkomulagi við þá, sem svara eigi gjaldinu. Gögn málsins gefa hins vegar ekki til kynna, að greiðslan frá gagnáfrýjanda hafi verið byggð á eiginlegu samkomulagi, er komið geti í stað mats. Þegar litið er til aðstöðu gagnáfrýjanda og umsamins fyrirvara á greiðslunni ásamt þeim hagsmunum fyrri eigenda, sem þar voru hafðir í huga, verður aðaláfrýjandi ekki talinn hafa sýnt fram á þetta.

Með skírskotun til þess, sem hér var rakið, en að öðru leyti til forsendna hins áfrýjaða dóms teljum við rétt að staðfesta niðurstöðu dómsins og gera aðaláfrýjanda að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 8. febrúar 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 31. janúar sl., er höfðað fyrir þinginu með stefnu, birtri 24. apríl 1990.

Stefnandi er Snorri Hjaltason húsasmíðameistari, kt. 300952-7399, Funafold 61, Reykjavík, en stefndi er Seltjarnarnesskaupstaður, kt. 560269-2429, Seltjarnarnesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða sér 1.354.751,00 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnanda og sér tildæmdur málskostnaður úr hans hendi [...].

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi með kaupsamningi, dags. 13. apríl 1988, keypt fasteignina Teig við Nesveg á Seltjarnarnesi af Friðriki, Ingimundi, Guðmundi, Hreini, Gyðu, Jóni, Lilju, Steindóri og Ívari Steindórsbörnum.

Þannig sé hinu selda lýst í kaupsamningi:

„Fasteignin Teigur við Nesveg á Seltjarnarnesi. Samkvæmt skipulagi Seltjarnarnessbæjar hefur eigninni verið skipt í tvær byggingarlóðir fyrir einbýlishús, aðra 500,0 m^2 og hina 447,8 m^2, auk akbrautar frá Nesvegi að innri lóðinni, 80,1 m^2.

Eignin er seld svo farin sem hún nú er og kaupandi hefur kynnt sér. Kaupandi hefur einnig kynnt sér skipulagsskilmála Seltjarnarnessbæjar fyrir byggingum á lóðunum. Engin gatnagerðargjöld eða önnur opinber gjöld fylgja með í kaupum þessum, og ber kaupanda sjálfum að standa skil á þeim til réttra yfirvalda."

Nánar sé hinu selda lýst í söluyfirliti fasteignasölunnar Eignamiðlunar sf., sem hafi haft milligöngu um kaupin:

„Um er að ræða tvær byggingarlóðir fyrir einbýlishús í landi Teigs við Nesveg á Seltjarnarnesi. Stærri lóðin er fjær Nesvegi og er 500,0 m^2, og henni fylgir akrein frá götu, 80,1 m^2. Ásett verð er 1,6 millj. Minni lóðin er nær Nesvegi og er 447,8 m^2, ásett verð 1,4 millj. Nýtingarhlutfall skv. skipulagi er 0,4–0,45, og byggja má hús á 2 hæðum. Minna húsið yrði þá 179–201 m^2 og stærra húsið 200–225 m^2. Greiða þarf gatnagerðargjöld til Seltjnb., sem nú eru tæpl. 1.000 kr. á hvern m^3 og gatnaggj. því ca. 600.000 kr. að meðaltali."

Fljótlega eftir að stefnandi hafi hafið byggingarframkvæmdir, hafi hann verið krafinn um svonefnt lóðarframlagsgjald til Seltjarnarnessbæjar. Hafi stefnandi eindregið neitað greiðslu þessa gjalds og talið það sér með öllu óviðkomandi. Hafi honum þá verið tjáð af byggingaryfirvöldum, að byggingarframkvæmdir yrðu stöðvaðar og engar úttektir né vottorð byggingarfulltrúa yrðu látin í té, nema gjaldið yrði greitt.

Stefnandi, sem þá þegar hefði selt íbúðir þær, sem hann hafði hafið byggingu á, hafi ekki séð sér annarra kosta völ en greiða gjaldið til bæjarins með fyrirvara og áskilnaði um endurgreiðslu. Hafi fjárhæð gjaldsins numið 910.619 kr. Stefnandi hafi nú krafist skuldajafnaðar gagnvart seljendum á móti eftirstöðvum kaupverðsins, en þeirri kröfu hafi verið algerlega hafnað

af þeirra hálfu. Stefnanda hafi verið brýn nauðsyn á að fá afsal til að geta veðsett íbúðirnar fyrir húsnæðisstjórnarláni, er kaupendur hans hefðu fengið, og hafi því talið einu lausnina að svo stöddu að greiða eftirstöðvar kaupverðsins ásamt lögmannskostnaði með fyrirvara og áskilnaði um endurgreiðslu.

Er stefnandi greiddi umrætt lóðarframlagsgjald til Seltjarnarnesskaupstaðar, hafi Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri neitað að gefa út kvittun með fyrirvara gagnvart honum, nema stefnandi krefði seljendur fyrst um endurgreiðslu í dómsmáli.

Segi svo í kvittun, dags. 7. nóvember 1988, sem undirrituð er af Sigurgeiri Sigurðssyni bæjarstjóra f. h. bæjarins:

„Snorri Hjaltason, nnr. 8212-8298, Funafold 61, Reykjavík, v/Friðriks Steindórssonar, kt. 210428-2089, Vogatungu 8, Kópavogi, o. fl. hefur í dag greitt lokagreiðslu lóðarframlagsgjalds, 666.332,00 kr., til Seltjarnarnessbæjar vegna tveggja byggingarlóða í landi Teigs við Nesveg, Seltjarnarnesi, sem keyptar voru af Friðriki o. fl. 13. apríl sl. Þetta framlag er greitt skv. ákvæði 30. gr. skipulagslaga nr. 19 frá 1964 um skyldu landeiganda til að láta af hendi land til almenningsþarfa endurgjaldslaust sem svarar til 1/3 heildarflatarmáls byggingarlóða.

Gjaldið er allt greitt með fyrirvara gagnvart Friðriki Steinþórssyni og áskilinn réttur til endurgreiðslu, enn fremur gagnvart Seltjarnarnessbæ, ef dómur í máli kaupanda og seljanda lóða er seljanda í vil."

Við greiðslu gjaldsins hafi bæjarstjóri neitað að gefa út kvittun með fyrirvara gagnvart Seltjarnarnessbæ, nema stefnandi krefði seljendur lóðanna fyrst endurgreiðslu í dómsmáli. Hafi hann höfðað mál gegn seljendum, sem þingfest var á bæjarþingi Reykjavíkur 3. október 1989. Dómur hafi verið kveðinn upp 31. október 1990, og hafi hann tapað málinu og verið dæmdur til að greiða seljendum 180.000 kr. í málskostnað.

Í forsendum og niðurstöðu dómsins segi:

„Krafa Seltjarnarnesskaupstaðar um hið umdeilda lóðarframlagsgjald virðist fyrst hafa komið fram eftir afhendingu umræddrar fasteignar og komið málsaðilum í opna skjöldu.

Svo sem áður hefur verið rakið, er í 1. gr. kaupsamnings aðila um greinda fasteign m. a. eftirgreint ákvæði: „. . . Kaupandi hefur einnig kynnt sér skipulagsskilmála Seltjarnarnessbæjar fyrir byggingum á lóðunum. Engin gatnagerðargjöld eða önnur opinber gjöld fylgja með í kaupum þessum, og ber kaupanda sjálfum að standa skil á þeim til réttra yfirvalda." Hér er um að ræða skýrt og ótvírætt samningsákvæði, sem stefnandi hefur skuldbundið sig til að hlíta, og verður að telja, að stefnandi hafi sönnunarbyrðina fyrir því, að ákvæðið sé undanþægt.

Stefndu halda því fram, að réttarheimildir skorti fyrir innheimtu bæjarsjóðs Seltjarnarnesskaupstaðar á hinu umdeilda lóðarframlagsgjaldi. Enn fremur fullyrða stefndu, að ekki hafi verið farið að lögum um ákvörðun á andvirði lóðarframlagsgjaldsins. Stefndu hafa stutt mál sitt rökum og lagt fram gögn máli sínu til stuðnings. Stefndu telja, að þeir verði ekki dæmdir til greiðslu kröfu, sem byggist á ólögmætu atferli. Við munnlegan flutning málsins kom fram, að stefnandi virðist sama sinnis, þ. e., að gjaldið sé ólögmætt og ólögmætum aðferðum hafi verið beitt við álagningu þess.

Stefnandi hefur upplýst í málinu, að Seltjarnarnesskaupstaður hafi hótað sér að stöðva byggingarframkvæmdir hans, ef hann greiddi ekki gjaldið. Hafi stefnandi látið undan þessum þvingunum. Stefndu telja slíkt verklag við innheimtu löglausa.

Ekki verður í þessu máli dæmt um það, hvort um efnisannmarka hafi verið að ræða með þessari gjaldtöku Seltjarnarnesskaupstaðar. Með því að stefnandi greiddi umrætt gjald í raun, var stefndu ekki gefinn kostur á að mótmæla, neita greiðslu, kæra til æðra stjórnvalds eða grípa til varna að öðru leyti gagnvart Seltjarnarnesskaupstað. Stefndu eiga þess ekki kost í þessu máli að láta reyna á varnir sínar um ólögmæti gjaldsins. Á hinn bóginn hefði stefnandi, ef hann hefði talið efnisannmarka á gjaldtökunni, getað synjað um greiðslu og látið reyna á lögmæti hennar.

Þegar framangreint er virt, einkum þó, að umrædd krafa kemur fram eftir afhendingu fasteignarinnar og að í umræddum kaupsamningi eru nefnd „gatnagerðargjöld og önnur opinber gjöld“ án frekari sundurgreiningar, er það niðurstaða dómsins, að sýkna beri stefndu af kröfum stefnanda.“

Stefnandi kveðst hafa átt fund með bæjarstjóra, eftir að dómur féll þann 9. febrúar 1990, og hafi hann þvertekið fyrir að endurgreiða gjaldið.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

Greitt lóðarframlagsgjald skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 19/1964	kr.	910.619,00
Skaðabætur (greiddur málskostnaður)	–	444.132,00
	kr.	1.354.751,00

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru í fyrsta lagi þau, að skv. 30. gr. laga nr. 19/1964 beri sér ekki að greiða svonefnt lóðarframlagsgjald, þar sem hann hafi keypt tvær skipulagðar byggingarlóðir skv. staðfestu skipulagi. 30. gr. skipulagslaga eigi eingöngu við land, sem ekki sé búið að deiliskipuleggja.

Í öðru lagi byggi stefnandi á því, að ákvörðun fjárhæðar gjaldsins sé ólög-

mæt. Dómkvaddir matsmenn hafi ekki verið til kvaddir, eins og áskilið sé í 30. gr. skipulagslaga.

Skaðabótakrafa stefnanda sé studd þeim rökum, að ólögmæt aðferð hafi verið viðhöfð við innheimtu gjaldsins. Stefnandi hafi verið beittur nauðung og valdníðslu af hálfu bæjarstjóra með það í huga að knýja stefnanda til greiðslu með öllum tiltækum ráðum. Stefndi beri skaðabótaábyrgð á háttsemi bæjarstjóra á grundvelli reglna um bótaábyrgð atvinnurekanda á skaðaverkum starfsmanna sinna.

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefnandi kveður málavexti þá, að húsið Teigur hafi staðið á um 1200 m^2 lóð við Nesveg á Seltjarnarnesi. Húsið hafi líklega verið reist um 1930, en brunnið í janúar 1965, og hafi lóðin staðið ónotuð, þar til stefnandi keypti hana og hóf byggingarframkvæmdir.

Kolbeinsstaðamýri og hverfið við Nesveg hafi verið skipulagt 1978 og þá gert ráð fyrir tveimur byggingarlóðum á lóð Teigs. Skipulagið hafi verið samþykkt 1981.

Stefndi hafi margoft beitt ákvæðum 30. gr. skipulagslaga undanfarin ár, þar sem allt land innan bæjarmarka sé í einkaeign. Ákvæði 30. gr. geri sveitarfélagi kleift að skipuleggja land með tilliti til þess að fá land undir opin svæði, götur, göngustíga, leikvelli o. s. frv. Stefndi hafi ætíð túlkað ákvæði 30. gr. þannig, að þeir, sem fengju tvær lóðir eða fleiri út úr sama landi, þyrftu að leggja 1/3 til kaupstaðarins. Stundum hafi landeigandi kosið að greiða 33% af kaupverði, sérstaklega ef land sé lítið.

Notagildi lóðar aukist, þegar byggð séu á henni tvö hús í stað eins. Sveitarfélagið beri því meiri kostnað af lóðinni, þ. e. þegar íbúum fjölgar.

Sumir landeigendur þurfi að leggja allt upp í 50% af landi sínu til sveitarfélagsins, eins og átti sér reyndar stað í Kolbeinsstaðamýri. Í slíkum tilfellum þurfi sveitarfélagið að bæta landeigendum tjónið með greiðslum. 30. gr. skipulagslaga sé því hugsuð til þess að ná fram jöfnuði milli landeigenda, því að sumir leggi allt upp í 50% af sínu landi til almenningsþarfa, en aðrir, sem lítið land eigi, leggi ekkert land af mörkum, en greiði í staðinn.

Að jafnaði sé lóðarframlagsgjaldið greitt um leið og byggingarleyfisgjöld, þ. e., þegar lóðin eða landið er tekið til byggingar og teikningar af mannvirkjum eru lagðar fyrir bæjaryfirvöld.

Stefndi hafi krafið stefnanda um umrætt gjald sem landeiganda Teigs á sama hátt og öllum öðrum hafi verið gert að greiða það gjald, þegar þeir óskuðu eftir að byggja á landinu. Stefndi hafi ekki vitað af kaupum stefnanda á Teigi, fyrr en hann óskaði eftir að hefja byggingarframkvæmdir þar.

Við mat á gjaldinu hafi verið notað sama einingaverð og kaupandi og seljendur Teigs notuðu sín á milli við kaup og sölu á landinu. Hafi sá háttur ætíð verið hafður á og aldrei komið til þess, að matsmenn væru dómkvaddir. Söluverð eigna gæfi réttasta mynd af raunverði þeirra.

Stefnanda hafi verið veitt leyfi til að hefja byggingarframkvæmdir á lóðinni, þegar hann hafði staðið bæjarsjóði Seltjarnarness skil á gjaldinu.

Ásakanir stefnanda um þvinganir og valdníðslu við greiðslu gjaldsins komi á óvart, þar sem stefndi hafi reynt að sýna sanngirni í samningum við stefnanda um greiðslu gatnagerðar- og lóðarframlagsgjalds. Tekið hafi verið við greiðslum með fyrirvara, svo að stefnandi gæti haldið áfram byggingarframkvæmdum. Þannig hafi stefnandi greitt 666.320 kr. með skuldabréfi 7. nóvember 1988, en gjalddagi bréfsins hafi ekki verið, fyrr en dómur var kveðinn upp í bæjarþingi Reykjavíkur í máli stefnanda gegn seljendum Teigs.

Það sé rétt hjá stefnanda, að bæjarstjóri hafi samið kvittun, dags. 7. nóvember 1987. Hins vegar hafi engri nauðung verið beitt, heldur hafi bæjarstjóri aðeins viljað orða kvittunina þannig. Stefnandi hafi komið á hans fund og sagt honum, að hann hygðist fá úr málinu skorið í dómsmáli, þ. e., hvort seljendur ættu ekki að greiða gjaldið. Þess vegna hafi verið ákveðið, að stefnandi þyrfti ekki að greiða skuldabréfið, fyrr en úrslit lægju fyrir í bæjarþingi Reykjavíkur. Fyrirvarinn í kvittuninni hafi verið hugsaður sem eins konar gjalddagi, en alls ekki hafi verið ætlun stefnda að knýja stefnanda til að höfða dómsmál á hendur seljendum Teigs, áður en hann krefði stefnda um endurgreiðslu.

Stefndi hafi litið svo á, að ágreiningur um, hver ætti að greiða gjaldið, stæði aðeins á milli stefnanda og seljenda. Stefnanda hafi auðvitað staðið til boða að setja hvern þann fyrirvara, sem honum hugðist, áður en hann greiddi lóðarframlagsgjaldið.

Stefndi kveður, að byrjað hafi verið að skipuleggja Kolbeinsstaðamýri og hverfið við Nesveg árið 1978. Deiliskipulagið hafi verið samþykkt 1981. Margir fundir hafi verið haldnir með landeigendum, bæði boðaðir og sérstaklega auglýstir. Deiliskipulagið hafi því verið kynnt eins og lög gera ráð fyrir.

Í skipulaginu hafi verið gert ráð fyrir tveimur byggingarlóðum í landi Teigs. Deiliskipulag sýni hins vegar aðeins lauslega teiknaðar lóðir og hugsanlega nýtingu svæðisins, sem geti síðan verið breytt að einhverju leyti.

Það sé að frumkvæði lóðareigenda, að lóðir séu teiknaðar upp og staðfærðar með mælingum. Lóðareigendur komi með teikningar og fái þær samþykktar inn í deiliskipulag.

Það væri verklagsregla hjá stefnda að innheimta svokallað lóðarframlagsgjald, þegar byrjað væri að byggja á lóðinni, þ. e., þegar lóðareigandi leggi inn teikningar að þeim mannvirkjum, sem hann hyggst reisa á lóðinni.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Málsástæður og lagarök fyrir kröfum sínum segir stefndi aðallega vera, að skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 hafi hann ótvírætt rétt til þess að leggja umrætt lóðarframlagsgjald á stefnanda. Þetta sé ótvírætt viðurkennt af stefnanda í greinargerð hans. Hann krefjist ekki endurgreiðslu gjaldsins á grundvelli þess, að það sé ranglega lagt á og án lagastoðar, heldur telji hann sig ekki réttan aðila til að greiða það.

Við munnlegan málflutning reisti stefndi sýknukröfu sína jafnframt á því, að stefnandi hefði ekki keypt tvær skipulagðar byggingarlóðir, heldur landið Teig, sem hafi verið eignarland. Landinu hafi ekki verið breytt í byggingarlóðir í skilningi 30. gr. skipulagslaga, fyrr en stefnandi hóf þar byggingarframkvæmdir.

Varðandi skaðabótakröfu stefnanda verði hann að sanna sök á hendur bæjarstjórn á Seltjarnarnesi við innheimtu gjaldsins. Það hafi honum ekki tekist. Stefnandi hafi ekki fengið leyfi til að hefja byggingarframkvæmdir á lóðum sínum, fyrr en lóðarframlagsgjaldið væri greitt. Engri nauðung eða valdníðslu hafi verið beitt af hálfu stefnda.

Forsendur og niðurstöður.

Ekki verður fallist á með stefnda, að stefnandi hafi viðurkennt réttmæti lóðarframlagsgjaldsins. Stefnandi krefst endurgreiðslu þess einmitt á þeirri forsendu, að það sé ranglega lagt á.

Upplýst er í málinu, að Kolbeinsstaðamýri og hverfið við Nesveg og þ. á m. lóðir stefnanda var skipulagt 1978, og var deiliskipulagið samþykkt 1981. Ekki hefur annað komið fram í málinu en að deiliskipulaginu hafi verið staðið með lögformlegum hætti, þ. e. það kynnt og auglýst, eins og lög kveða á um. Var skipulagið samþykkt af Seltjarnarnesskaupstað og skipulagsstjóra ríkisins. Ekki hefur komið fram, að þáverandi eigendur Teigs hafi mótmælt skipulaginu, gert athugasemdir við það eða krafist skaðabóta vegna þess, að verðmæti lóðar þeirra hafi rýrnað við gerð skipulagsins, sbr. 29. gr. skipulagslaga nr. 19/1964. Verður að telja, að deiliskipulagið hafi verið samþykkt af þeirra hálfu, en með því skipulagi var landi Teigs breytt í tvær byggingarlóðir, aðra af stærðinni 477,8 m^2, en hina 500 m^2.

Í deiliskipulagi er gerð nánari grein fyrir einstökum atriðum aðalskipulags. Á uppdrætti skal m. a. sýna legu og breidd gatna og gangstíga, torg,

húslínur, lóðamörk, byggingarreiti, leikvelli og önnur svæði til almenningsþarfa, eftir því sem ástæða þykir til, sbr. skipulagsreglugerð nr. 318/1985, gr. 4.2.

Jafnhliða gerð deiliskipulagsuppdrátta skal setja sérstaka byggingar- og skipulagsskilmála fyrir þær lóðir, sem deiliskipulagið nær til. Í þeim skilmálum er m. a. kveðið á um nýtingarhlutfall einstakra lóða eða reita, hæð húsa, fjarlægð milli þeirra og notkun. Þá skal gera mæliblað (afstöðumynd) fyrir hverja lóð. Mæliblaðið skal sýna afstöðu lóðamarka og byggingu, lögun og stærð lóðar, byggingarreiti og bifreiðastæði. Enn fremur sýnir mæliblað hæðartölur aðliggjandi götu, hæðartölur á gólfplötu fyrirhugaðrar byggingar og kvaðir, sem hvíla á lóðinni.

Samkvæmt framansögðu þykir stefnandi hafa keypt tvær skipulagðar byggingarlóðir með kaupsamningi, dags. 13. apríl 1988.

Við Nesveg standa gömul hús, s. s. Oddi og Stóri-Ás. Húsið Teigur stóð á milli Skaftafells og Kolbeinsstaða. Var hverfi þetta fellt inn í deiliskipulag, er Kolbeinsstaðamýri var skipulögð.

Fram hafa verið lagðar tvær teikningar af hverfinu við Nesveg. Ekki er upplýst, hvenær þessar teikningar voru gerðar, en stefndi kveður þær hafa verið gerðar nokkrum árum eftir, að deiliskipulag var samþykkt. Þær hafi verið lagðar inn til bæjaryfirvalda og samþykktar sem lóðaruppdráttur af hverfinu. Uppdrátt þennan munu þáverandi landeigendur hafa látið gera, en ekki er upplýst, hvort þáverandi eigendur Teigs voru með í ráðum.

Er stefnandi keypti Teig, fylgdi umræddur uppdráttur með kaupsamningi.

Stefndi byggir gjaldtöku sína á 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, sem er svohljóðandi:

„Nú er land í einkaeign og eigandi óskar, að því eða hluta þess verði breytt í byggingarlóðir, samkvæmt gildandi skipulagi, og skal sveitarstjórn slíkt heimilt, enda láti landeigandi endurgjaldslaust af hendi við sveitarfélagið til almenningsþarfa, t. d. gatna, leikvalla o. s. frv., sem svarar 1/3 af heildarflatarmáli þeirra byggingarlóða, sem heimild sveitarstjórnar nær til. Ef landeigandi ræður ekki yfir nægu landi umfram lóð eða lóðir, getur sveitarstjórn heimilað, að hann leysi sig undan kvöð þessari með því að greiða andvirði þess, sem á vantar, samkvæmt mati dómkvaddra manna."

Stefndi heldur því fram, að gjaldið sé kræft, þegar sótt er um byggingarleyfi og teikningar að mannvirkjum eru lagðar fyrir byggingaryfirvöld, án tillits til þess, hver hafi óskað eftir að fá landi breytt í byggingarlóðir.

Ekki verður fallist á þá lögskýringu stefnda. Verður talið, að stefnandi hafi keypt tvær skipulagðar byggingarlóðir samkvæmt samþykktu deili-

skipulagi 1981 og hafi ekki mátt gera sér grein fyrir, enda þótt honum hafi verið kunn ákvæði 30. gr. skipulagslaga, að gjaldið félli í gjalddaga við útgáfu byggingarleyfis. Eðli málsins samkvæmt þykir bera að skýra 30. gr. laga nr. 19/1964 þannig, að sá einn sé gjaldskyldur, sem óskar eftir, að landi hans verði breytt í byggingarlóðir. Verður stefndi því dæmdur til að endurgreiða stefnanda 910.619 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 224.287 kr., eins og krafist er í stefnu, frá 5. júlí 1988 til 7. nóvember 1988, en af 910.619 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar jafnframt á skaðabótakröfu vegna nauðungar og valdníðslu stefnda.

Ekki þykir fram komið í málinu, að stefndi hafi knúið stefnanda til að höfða dómsmál gegn fyrrverandi eigendum Teigs. Þykir kvittun frá 7. nóvember 1988 ekki heldur þannig orðið, að stefndi hafi gert það að skilyrði, að stefnandi höfðaði fyrst mál á hendur seljendum. Stefnanda stóð ávallt opin sú leið að synja um greiðslu og láta reyna á lögmæti lóðarframlagsgjaldsins án þess að höfða mál gegn seljendum landsins.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda 910.619 kr. ásamt vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 175.000 kr. í málskostnað og 42.550 kr. í virðisaukaskatt af málflutningsþóknun. Málflutningsþóknunin beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Seltjarnarnesskaupstaður, greiði stefnanda, Snorra Hjaltasyni, 910.619 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 224.287 kr. frá 5. júlí 1988 til 7. nóvember 1988, en af 910.619 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 217.550 í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt.

Vextir af málskostnaði án virðisaukaskatts reiknast að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu dómsins samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. október 1994.

Nr. 207/1993. **Bæjarstjórinn á Akureyri**
f. h. bæjarsjóðs Akureyrar
(Magnús Guðlaugsson hdl.)
gegn
Braga Sigurðssyni
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Skaðabætur. Matsgerð. Vis major.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. maí 1993. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að bótafjárhæðin verði lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Eftir uppsögu héraðsdóms var af hálfu áfrýjanda aflað greinargerðar Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands og Verkfræðistofunnar Hnits hf., sem dagsett er 15. júní 1994. Kveðst hann hafa beðið um greinargerðina í tilefni af niðurstöðu héraðsdóms, þar sem tæknimenn bæjarins voru ósáttir við þá niðurstöðu, sem dómendur byggðu á. Stefndi hefur mótmælt því, að greinargerð þessi verði metin sem sönnunargagn í málinu. Fyrir héraðsdómi, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, lá matsgerð dómkvaddra manna. Verður ekki talið, að málið hafi verið vanreifað í héraði eins og afstöðu málsaðila til matsgerðarinnar var háttað. Við sönnunarmat í máli þessu verður höfð hliðsjón af greinargerðinni eftir því sem efni standa til.

I.

Áfrýjandi fól Verkfræðistofnun Háskóla Íslands og Verkfræðistofunni Hniti hf. að meta, hvort Ø 500 mm frárennslislögn austan Grenilundar á Akureyri „væri vanhönnuð með hliðsjón af ríkjandi

hefð í hönnun fráveitukerfa og rannsóknarniðurstöðum um tíðni úrkomu sem fyrir liggja". Eins og fram kemur í forsendum héraðsdóms, var flutningsgeta leiðslunnar þar talin eiga að vera 625 lítrar á sekúndu, og var sú tala reiknuð út á grundvelli rigningar, sem stendur í tvo tíma og kemur á 50 ára fresti, og miðað við afrennslisstuðul 0,25. Hinir dómkvöddu matsmenn töldu flutningsgetu leiðslunnar þurfa að vera 745 lítra á sekúndu, og reiknuðu þeir þá tölu út á grundvelli rigningar, sem stendur í tvo tíma og kemur á fimm ára fresti, og miðuðu við afrennslisstuðul 0,5. Skýrsluhöfundar Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands og Verkfræðistofunnar Hnits hf. telja 50 ára endurkomutíma vera í andstöðu við ríkjandi hefð í fráveituhönnun, er sé tvö ár samkvæmt erlendum fræðibókum og umsögn borgarverkfræðings í Reykjavík. Telja þeir ekkert tilefni til þess að víkja frá tveggja ára hefðinni í þessu tilviki. Þeir reikna út, að miðlunarrými í efri og neðri tjörn á afrennslissvæðinu sé 12000 til 14000 m^3 að stærð fyrir neðan efstu vatnshæð, sem valdi ekki skemmdum í Grenilundi. Niðurstaða þeirra er sú, að flutningsgeta leiðslukerfisins á svæðinu sé mun meira en fullnægjandi. Þeir telja flóðið 2. maí 1990 vera af völdum snjóbráðnunar, sem safnaðist óeðlilega mikið fyrir við enda leiðslunnar. Orsök þeirrar uppsöfnunar sé sú, að einhvers konar klakastífla (frosinn gróður, torf eða klakastykki) hafi náð að stífla leiðsluna.

II.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Þar kemur fram, að sunnan götunnar Grenilundar, þar sem flóðið varð 2. maí 1990, eru víðáttumiklir mýrarflákar, um 65 hektarar að stærð, sem skiptast í efra og neðra svæði. Efra svæðið afvatnast í svokallaða Naustatjörn og þaðan eftir skurði að enda fráveituleiðslu, sem er 500 mm að þvermáli. Neðra svæðið afvatnast í skurð, sem liggur að enda leiðslunnar. Gatan Grenilundur og hús við hana standa í hinum náttúrulega farvegi leysingavatns frá þessu 65 hektara mýrlendissvæði. Veturinn 1989 til 1990 var óvenjusnjóþungur á Akureyri. Var af áfrýjanda hálfu rutt snjó af Grenilundi og suður á óbyggða svæðið, og hlóðst upp stór snjóskafl við enda götunnar. Þegar snjórinn bráðnaði um mánaðamótin apríl/maí, annaði fráveitulögnin austan götunnar ekki vatnsmagninu, og stór tjörn eða flói myndaðist sunnan

Grenilundar. Samkvæmt útreikningi Verkfræðistofnunar háskólans og Verkfræðistofunnar Hnits hf. var uppsöfnun vatns samtals í efri og neðri tjörn, þegar mest var, 21.546 m^3. Snjóskaflinn við enda götunnar tafði fyrir því, að vatnið rynni inn í götuna, en vatn var þó byrjað að renna, áður en starfsmenn áfrýjanda rufu skarð í skaflinn, svo að vatnið flæddi norður götuna.

Í málinu er fram komið, að áfrýjandi reyndi að koma í veg fyrir tjón af völdum flóðanna með því að hreinsa niðurföll og skurð frá fráveituinntaki til suðurs svo og sjálft inntak Ø 500 mm lagnarinnar, en inntakið er á botni skurðar og fer í kaf, þegar vatnsborð í skurðinum fer yfir 50 cm. Verkstjóri áfrýjanda bar fyrir lögreglu og dómi, að hann hefði fylgst með leysingunum og komið á staðinn um kl. 06.00 2. maí, og hefði þá verið komið „dálítið stöðuvatn". Bjóst hann við því, að það myndi ræsast burt með eðlilegum hætti. Um kl. 09.00 hafi hann komið þangað aftur ásamt verkfræðingi áfrýjanda, og var þá komið „mjög mikið vatn". Fengu þeir upplýsingar um, að vatn væri byrjað að renna inn í syðsta húsið. Þeir fóru síðan yfir allt brunnakerfið norður í Þingvallastræti og að Dalsgerði. „Þar sem brunnar stóðu fullir og frárennslisendi var líka fullur af vatni, sýndi það, að kerfið var í lagi. Við áttum þó von á því, að þetta myndi bjargast, og fórum að sinna öðrum mikilvægum verkefnum." Það var ekki fyrr en um kl. 14.30, að verkstjórinn kom aftur á staðinn. Hann taldi, að vatnið myndi renna eftir þar til gerðri ýtuslóð austan við húsin, því að við svipaðar aðstæður hefði ýtuslóðin og brunnakerfið austan við húsin fram að þessu tekið við leysingavatni, sem safnaðist þarna sunnan við, en af einhverjum ástæðum hefði vatnið leitað meira í vestur. Eftir kl. 15.30 var snjóskaflinn rofinn og einnig farið að grafa skurð austan húsanna.

III.

Fallist er á það með héraðsdómi, að tjón stefnda hafi ekki orðið vegna óviðráðanlegra ytri aðstæðna.

Í héraðsdómi er því lýst, að flætt hafi inn í hús við Grenilund árið 1983, og alkunna var, að leysingavatn af mýrarsvæðinu rann eftir götunni í hláku. Þetta var því einn af þeim stöðum í bænum, sem reynt var að hafa góðar gætur á í leysingum. Ekki hefur verið sýnt

fram á, að stefnda hafi verið gerð sérstök grein fyrir þessari hættu, er hann fékk lóð sinni úthlutað.

Í héraðsdómi kemur fram, að fræðimenn styðjast við mismunandi reikningsaðferðir við hönnun fráveitulagna, og kemur það einnig fram í skýrslu Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands og Verkfræðistofunnar Hnits hf. Engar fastbundnar reglur eru til hér á landi um hönnun slíkra lagna, og verður að telja ósannað, að lagnakerfið sé ranglega hannað miðað við eðlilegar aðstæður. Hér að framan er því hins vegar lýst, að gatan Grenilundur liggur í gömlum farvegi vatns fyrir neðan stórt mýrarsvæði, og var inntak fráveitulagnarinnar á botni skurðar, sem fylltist af vatni í leysingum. Flóð hafði áður komið á þessu svæði og hættuástand skapast í hláku, og höfðu starfsmenn áfrýjanda þurft að bregðast við slíku með því að veita leysingavatni fram hjá lagnakerfinu. Jafnframt virðist sem gæta hafi þurft að því, að stífla kæmist ekki í inntakið. Við þær aðstæður, sem hér reyndi á, þurfti að gera sérstakar ráðstafanir varðandi öryggi byggðarinnar. Áfrýjandi hafði látið ýta upp stórum snjóskafli við enda götunnar og ekki séð um að fjarlægja hann, áður en hlána fór. Snemma morguns 2. maí átti ekki að dyljast starfsmönnum áfrýjanda, að upp var komin hættuleg staða og aðgerða þörf, þar sem frárennsliskerfið hafði ekki undan. Engu að síður var ekkert gert, fyrr en langt var liðið á dag.

Þegar allt framangreint er virt, er rétt, að áfrýjandi beri áhættuna af því tjóni, sem stefndi varð fyrir. Ekki eru efni til að taka varakröfu áfrýjanda til greina, og ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um annað en málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 800.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs Akureyrar, greiði stefnda, Braga Sigurðssyni, 800.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 24. mars 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m. að undangengnum munnlegum málflutningi þann dag, er höfðað með stefnu, birtri og þingfestri 9. apríl 1992, af Braga Sigurðssyni, kt. 240744-4659, Grenilundi 17, Akureyri, á hendur Halldóri Jónssyni, kt. 221150-2529, bæjarstjóra á Akureyri, f. h. bæjarsjóðs Akureyrar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 993.400,00 kr. ásamt 14% vöxtum frá 2. 5. 1990 til 2. 6. s. á., sbr. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, en hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags, sbr. 10. og 15. gr. sömu laga. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda skv. málskostnaðarreikningi, alls 804.431,00 kr. Jafnframt krefst hann þess, að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður að fullu og öllu af kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður samkvæmt reikningi, 327.215,00 kr., og að málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu. Til vara gerir hann þá kröfu, að verði sér dæmt áfall, verði krafa stefnanda lækkuð um 94.500,00 kr. og málskostnaður felldur niður.

Við aðalmeðferð málsins lækkaði stefnandi stefnufjárhæðina um þessa fjárhæð.

Stefnandi lýsir málsatvikum þannig, að fyrstu mánuði ársins 1990 hafi gert mikið fannfergi á Akureyri. Í lok mars hafi hlánað nokkuð og eftir 20. apríl enn meir. Síðustu daga í apríl og fyrstu daga í maí gerði asahláku með nokkuð sterkum suðaustanvindi með u. þ. b. 8° C meðalhita. Starfsmenn stefnda höfðu fyrr um veturinn mokað snjó af götum í mikinn skafl syðst í Grenilundi. Hafi þessi snjóbingur verkað sem stífla og mikið uppistöðulón myndast í kvosinni sunnan Grenilundar og á túninu austan húsanna, er hlánaði. Að morgni 2. maí 1990 var vatnsmagn sunnan og austan Grenilundarhúsanna orðið svo mikið, að byrjað hafi að leka inn í kjallara sumra húsanna. Hafi starfsmenn stefnda verið kallaðir til og þeir rofið rás í snjóbinginn fyrir enda götunnar og tekið auk þess hlemm af brunni, sem þar er fyrir enda götunnar. Við þetta hafi vatnið flætt norður eftir götunni og að húsunum við Grenilund með þeim afleiðingum, að vatn flóði inn í kjallara húss stefnanda og olli umtalsverðum skemmdum. Hinn 3. maí 1990 hafi stefnandi ritað stefnda bréf og lýst stefnda ábyrgan fyrir tjóninu. Hafi það orðið samkomulag milli aðila að miða við mat fulltrúa Viðlagatryggingar á fjártjóni stefnanda. Hafi matsskýrslu verið skilað í maí 1990 og stefnufjárhæðin miðuð við hana að frádregnum 94.500 kr. virðisaukaskatti. Farið hafi verið fram á, að Viðlagatrygging Íslands bætti tjónið, en stjórn Viðlaga-

tryggingar hafi hafnað bótaskyldu og málinu þá verið skotið til Hamfaranefndar. En 18. febrúar 1991 hafi nefndin úrskurðað, að Viðlagatryggingu bæri ekki að bæta tjón stefnanda, og var niðurstaða nefndarinnar byggð á því, að tjónsatburðurinn hefði ekki verið náttúruhamfarir í almennum skilningi á því hugtaki. Með bréfi, dagsettu 20. mars 1991, hafi stefndi hafnað því, að hann bæri bótaábyrgð á tjóni stefnanda, og 28. júní 1991 fékk stefnandi dómkvadda matsmenn til þess að meta orsakir og fleira varðandi tjónsatburðinn. Lá matsgerð matsmanna fyrir í desember 1991.

Við Grenilund hagar svo til, að við þá götu, er liggur í stefnu norður-suður, standa 10 íbúðir í 5 parhúsasamstæðum á tveimur hæðum austan götunnar. Er neðri hæð húsanna nokkuð niðurgrafin, þ. e. a. s. með kjallara. Standa húsin við útjaðar byggðarinnar á Akureyri. Sunnan húsanna eru tún, og lækkar landið fyrst nokkuð til suðurs, en hækkar síðan, svo að nokkur kvos er í landinu sunnan húsanna. Þar eru grafnir framræsluskurðir, sem ætlað er að taka við yfirborðsvatni af nálægum svæðum. Frá skurðum þessum liggur frárennslislögn, Ø 500 mm í þvermál. Stefnandi segir, að a. m. k. tvisvar hafi flætt inn í húsin við Grenilund, þ. e. árin 1983 og 1990. Þegar flæddi inn í hús 1983, hafi verið kvartað við bæjarstjóra, bæjarverkfræðing og kjörna bæjarfulltrúa, en þessum kvörtunum hafi ekki verið sinnt, þ. e. engar ráðstafanir verið gerðar, til þess að leysingavatn safnaðist ekki saman með þeim hætti, er varð 1983, né hafi lagnir verið bættar svo, að þær önnuðu að flytja meira vatn. Í þessu viðfangi hafi eigendur fasteigna við Grenilund lagt fram kvörtun við umboðsmann Alþingis m. a.

Svo sem áður er nefnt, hafi sett niður mikinn snjó á Akureyri fyrstu mánuði árs 1990, og samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands hafi verið 120 cm djúpur snjór 21. mars og sama snjódýpt 25. s. m., en úr því fór snjórinn að þiðna, og 20. apríl var snjódýpt 65 cm. Eftir 20. apríl hafi snjórinn þiðnað mjög hratt og verið kominn í 38 cm þremur dögum síðar. Síðustu daga mánaðarins og fyrstu daga í maí hafi gert asahláku með nokkuð sterkum suðaustanvindi með u. þ. b. 8° C meðalhita. Við þessar aðstæður hafi snjórinn bráðnað mjög hratt af því vatnasvæði, sem húsin við Grenilund eru á, og við þessar aðstæður hafi frárennsliskerfið engan veginn haft við að flytja þetta vatn í burt, þar sem snjóbingurinn syðst í götunni, er starfsmenn stefnda höfðu rutt upp, hafi hamlað rennsli vatnsins til norðurs. Við það hafi myndast mikið uppistöðulón í kvosinni og á túnum sunnan Grenilundar.

Um sjálft flóðið segir stefnandi, að að morgni 2. maí 1990 hafi vatnsmagnið sunnan og austan Grenilundarhúsanna verið orðið svo mikið, að byrjað hafi að leka inn í kjallara á einstaka húsum. Hafi starfsmenn stefnda

verið kallaðir til, og hafi þeir rofið rás í snjógarðinn fyrir enda götunnar, vestan húsanna, og hafi auk þess tekið hlemm af brunni, sem þar var fyrir enda götunnar. Hafi þeir með þessum hætti ætlað að veita vatninu frá húsunum. Við þetta hafi mikið vatn flætt norður eftir götunni og að húsunum við Grenilund með þeim afleiðingum, að vatn flóði inn í kjallara allra húsanna og olli þar umtalsverðum skemmdum. Hafi lögregla verið til kvödd og tekið ljósmyndir og skýrslur, og komi þar m. a. fram í skýrslum lögreglu, að Hilmar Gíslason bæjarverkstjóri hafi gefið fyrirmæli um að rjúfa snjóbinginn, og hafi hann búist við, að vatnið myndi renna milli kantsteina eftir götunni, en ekki inn í húsin.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru þær, að stefndi beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu. Telur hann stefnda vera bótaskyldan skv. almennum reglum skaðabótaréttar, hinni almennu skaðabótareglu og reglu um húsbóndaábyrgð á skaðaverkum starfsmanna sinna. Hafi stefndi ekki brugðist nándar nógu fljótt við vandanum, svo og hafi viðbrögð hans verið röng, er hann hófst handa. Telur hann einnig, að stefndi sé skuldbundinn til þess að ganga þannig frá frárennsliskerfi við þær lóðir, er hann selur á leigu, að það anni því að flytja yfirborðsvatn í leysingum. Það hafi stefndi ekki gert, að því er stefnanda varðar, og beri því stefndi ábyrgð á því tjóni, sem stefnandi varð fyrir af þeim sökum. Telur hann, að stefndi hefði t. d. átt að grafa skurð austan húsanna mun fyrr, en það hefði getað komið í veg fyrir tjón skv. niðurstöðu matsmanna. Með því að hrauka upp snjó syðst í götunni hafi starfsmenn stefnda stuðlað að því, að lón myndaðist, sem leiddi síðan til flóðsins og tjónsins. Þá hafi framræslulagnir á svæðinu ekki verið fullnægjandi. Framræslulögnin, sem eigi að anna framræslu frá svæðinu sunnan Grenilundar, Ø 500 mm að þvermáli, anni ekki nægilega miklu vatnsmagni að mati hinna dómkvöddu matsmanna, en samkvæmt niðurstöðu þeirra þurfi lögnin að anna a. m. k. 745 l/s, en anni ekki nema 400–600 l/s. Ekki hafi verið úr þessu bætt, þrátt fyrir það að stefndi hafi vitað, að þessar lagnir hafi ekki verið fullnægjandi.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á þeirri aðalmálsástæðu, að um hafi verið að ræða óviðráðanlegar ástæður, þ. e. a. s. vis major, sem ekki hafi verið hægt að ætlast til, að stefndi fengi við ráðið. Hafi starfsmenn stefnda gert allar venjulegar varúðarráðstafanir, svo sem að hreinsa úr niðurföllum, og 17. apríl 1990 hafi verið ýtt upp snjó meðfram skurði, sem liggi til suðurs frá íbúðarhúsunum við Grenilund, en skurður þessi nái suður að tjörn, sem sé norðan svonefnds Tjarnarhóls. Hafi verið ætlunin með þessu að lengja afrennslistíma leysingavatns af svæðinu inn á fráveitukerfið og draga þannig úr hugsanlegum flóðum. Þá fyrr um vorið eða síðla vetrar hafi nokkuð

hlánað og snjór sigið, en síðan fryst, svo að klaki hafi haldið við það vatn, sem síðan safnaðist saman í hlákunni, og hafi e. t. v. orðið til þess að auka vatnssöfnun, en m. a. þess vegna hafi verið leitast við að halda rásinni, sem gerð hafi verið austan húsanna, hreinni. Svo og hafi stefndi gripið til allra þeirra aðgerða, sem hægt var að gera vegna hinna öru leysinga, og allar aðgerðir stefnda verið eðlilegar, eins og við varð ráðið, og dregið úr því tjóni, sem þó hafi orðið.

Að morgni 2. maí hafi orðið vart við leka inn í sum húsanna, t. d. Grenilund 3, en þar hafi farið að leka inn um veggi, og kl. 10.00 þann dag hafi Bryndís Baldursdóttir, Grenilundi 19, haft samband við bæjarverkstjóra og óskað eftir, að rofin yrði snjódyngja sú, sem var við enda götunnar, og hafi hún tekið upp ristar yfir niðurföllum til að flýta fyrir rennsli vatnsins. Hafi bæjarverkstjóri fylgst vel með ástandi svæðisins, og samkvæmt niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna hafi ekki verið hægt að grípa til neinna aðgerða til þess að afstýra tjóni, eins og á stóð, svo að aðgerðir eða aðgerðaleysi stefnda hafi í raun engu máli skipt. Hið eina af rökum matsmanna, er gæti stutt kröfur stefnanda, sé niðurstaða þeirra um vídd framræslulagna. Í matsgerðinni komi fram, að matsmenn telji, að miða beri við afrennslisstuðul 0,5 af hinu opna og óbyggða svæði í kringum Grenilund, og gefandi sér þá forsendu komist þeir að þeirri niðurstöðu, að Ø 500 mm framræslulögnin anni ekki að ræsa fram vatn eða leysingavatn. Þessari forsendu hafnar stefndi og telur þessa hönnunarforsendu óraunhæfa. Hér sé um að ræða slíkt flóð, að telja verði það einstakt, og vitnar m. a. til úrskurðar Hamfaranefndar, sem segi, að eftir því sem næst verði komist, hafi þetta verið mesta og hraðasta vatnsborðshækkun, sem komið hafi hingað til á umræddu mýrarsvæði í vorleysingum. Einnig segi í úrskurðinum, að óvenjumikill snjór hafi verið á Akureyri síðari hluta vetrar og vorið 1990. Ekki hafi verið jafnmikill snjór á Akureyri, eftir að húsin við Grenilund voru byggð, sem hafi verið á árunum 1978–81. Svipaðra snjóalaga sé að vænta á Akureyri a. m. k. einu sinni á 20 árum og jafnvel oftar. Sjaldgæfara sé, að snjórinn sé jafnþrálátur og vorið 1990, og líklegt sé, að svo snjóþungur apríl hafi ekki komið áratugum saman. Allt þetta, sem rakið hefur verið um veðurfar og snjóalög, vitnar um hið sama, mjög óvenjulegt ástand, sem vart verði brugðist við á neinn venjulegan hátt. Þó verði að telja, að allt hafi verið gert, sem unnt var miðað við þessar aðstæður, en þær óviðráðanlegar, þ. e. a. s. vis major.

Stefnandi heldur því fram, að hann eigi rétt á því, að stefndi verji hann fyrir slíku tjóni með forsvaranlegri hönnun á byggingarsvæðinu, þar sem hann hafi ekki fjárhagslegt bolmagn né heldur heimild til að verjast slíku

vatnsflóði, en stefnda hafi frá upphafi mátt vera ljóst, að lagnakerfi svæðisins annaði ekki framræslu á svæðinu, og miðað við flóðareynslu á svæðinu hafi stefnda borið að gera sérstakar forvarnaraðgerðir þegar að morgni flóðadagsins, og aðgerðaleysi hans í því sambandi baki honum bótaskyldu. Þá hafi það verið gáleysi að hrauka upp snjódyngju fyrir enda götunnar og það verið meðorsakavaldur og rofið á dyngjunni verið vítavert gáleysi, þar sem fyrirsjáanlegt hafi verið, að niðurfallskerfi götunnar hafi engan veginn annað að taka á móti vatninu. Á þessum árstíma hafi + 8° C hiti ekki verið óvenjulegur. Sé því hér ekki um að ræða óviðráðanleg ytri atvik, þ. e. a. s. vis major, og í þessu tilfelli hafi hlákan ekki verið þannig, að ekki hefði mátt koma í veg fyrir tjón, hefði stefndi sýnt næga aðgæslu. Hafi honum mátt vera ljós hættan frá miðjum apríl 1990. Telur stefnandi, að stefndi beri hlutlæga bótaábyrgð á tjóni sínu.

Þessum sjónarmiðum stefnanda mótmælir stefndi, og sérstaklega mótmælir hann því, að hönnun frárennslislagna af svæðinu hafi verið ábótavant, og telur forsendur matsmanna fyrir afrennslisstuðli svæðisins að engu hafandi. Telur hann, að verði stefnda dæmt áfall, komi til álita 25. gr. laga nr. 20/1954 til lækkunar bótakröfu stefnanda.

Verða nú rakin helstu gögn málsins og framburður vitna og aðila.

Svo sem fram er komið í málinu, voru dómkvaddir matsmenn 28. júní 1991 f. h. 10 íbúa við Grenilund á Akureyri, og voru dómkvaddir þeir Þorsteinn Jóhannesson byggingaverkfræðingur og Þorvaldur Vestmann Magnússon byggingatæknifræðingur. Skiluðu þeir matsgerð, dags. 11. 12. 1991, sem er dskj. nr. 14.

Segir m. a. í matsgjörðinni:

„Vettvangsskoðun.

Skoðun á tjónstað fór fram 27/8 1991 að viðstöddum fulltrúum matsbeiðanda og Akureyrarkaupstaðar. Aðstæður voru skoðaðar og rætt við fulltrúana. Eftir skoðunina var safnað eftirtöldum gögnum:

Frá Málflutningsstofu Benedikts Ólafssonar:

a. Skýrsla lögreglu, Rannsóknardeild R-551-90, ásamt ljósmyndum.
b. Greinargerð Hamfaranefndar frá 18. febrúar 1991.
c. Úrskurður Hamfaranefndar frá 18. febrúar 1991.
d. Videóspóla, sem sýnir flóðið 2. maí 1990, myndir teknar af nokkrum aðilum og settar saman á eina spólu.

Frá tæknideild Akureyrarkaupstaðar:

e. Grenilundur, langsnið 1:500, 2.-1. 1969 (blað 1 og 2).
f. Myndmælt kort, 1:5000, 1970, Búðargil – blað 65.
g. Kort, sem sýna skipulag lagna í Lundarhverfi, 1:1000, nr. 5533 og 5534, og ómerkt blað (sýnir Mímisbyggð og Suðurbyggð).

h. Síðar var fengið kort, 1:1000, sem sýnir legu Ø 500 mm lagnar austan Grenilundar.

Mat.

1. *Fyrirbyggjandi aðgerðir:*

Hér á eftir fjöllum við eingöngu um fyrirbyggjandi aðgerðir, sem við teljum, að eðlilegt hafi verið að grípa til, skömmu áður en tjónið varð.

Matsliður 1.1 *„Hvenær mátti sjá vegna árferðis, að grípa þyrfti til ráðstafana vegna væntanlegs leysingavatns á svæðinu?"* Mikill snjór er einn sér ekki nægjanleg ástæða til þess að óttast flóð, en við teljum, að hætta á flóði hafi verið fyrirsjáanleg, strax og vatn byrjaði að safnast fyrir í lægðinni sunnan Grenilundar.

Matsliður 1.2. *„Hvaða fyrirbyggjandi aðgerðir hefðu verið vænlegastar til þess að koma í veg fyrir tjón á húsum við Grenilund?"* Eins og fram kemur síðar í matinu, teljum við, að frárennslislögnin austan Grenilundar sé of grönn miðað við aðstæður og fyrirbyggjandi aðgerðir hefðu átt að miðast við, að sú lögn næði að flytja sem mest af leysingavatninu, með því að tryggja, að inntak hennar væri hreint, og að lögnin byrjaði sem fyrst að flytja vatn með fullum afköstum.

Samkvæmt gögnum og viðtali við Guðmund Guðlaugsson verkfræðing var gripið til varúðarráðstafana í tæka tíð með því að hreinsa inntak og að gera rásir fyrir vatn ofar á vatnasvæðinu. Hugsanlegt hefði verið að grafa fyrr skurð austan Grenilundar til þess að veita vatni inn á Skógarlund, en slík aðgerð er áhættusöm og hefði sennilega ekki komið í veg fyrir allt tjón á húsum við Grenilund.

Matsliður 1.3. *„Hvaða áhrif hafði snjóbingurinn syðst í Grenilundi við myndun stöðuvatnsins?"* Snjóbingurinn syðst í Grenilundi hefur fyrst í stað hindrað vatn í að komast norður á Grenilund. Syðsti hluti Grenilundar liggur um 30 cm lægra í landinu en hæsti hluti götunnar um 40 m norðan gatnamóta Grenilundar og Reynilundar. Í þessari lægð syðst í Grenilundi og austast í Reynilundi eru a. m. k. 7 niðurföll í götunum, sem tóku við vatni. Flutningsgeta regnvatnslagnarinnar í Grenilundi er það lítil, að áhrif þessa afrennslis eru hverfandi á hæð vatnsborðsins. Þegar vatnsborðið hækkaði nægilega mikið, til þess að vatn fengi framrás meðfram bílskúr við Reynilund 1, varð óverulegur munur á hæð vatnsins sitt hvorum megin snjóbingsins og því áhrif lítil.

2. *Aðgerðir, eftir að hættuástand skapaðist.*

Matsliður 2.1. *„Hvenær mátti sjá, að hættuástand hafði skapast?"* Fram kemur af vitnaleiðslu lögreglu, að vatnið hækkaði verulega milli kl. 6.00 og

kl. 9.00 að morgni 2. maí 1990; verður varla talið, að hættuástand hafi skapast fyrr.

Matsliður 2.2. *„Hvaða aðgerðir hefðu verið vænlegastar, úr því sem komið var, til þess að koma í veg fyrir tjón á húsum við Grenilund?"* Tjón í húsunum varð að okkar mati af tveim ástæðum:

a. vegna hárrar grunnvatnsstöðu við húsin, sem orsakaðist af stöðuvatninu sunnan þeirra,
b. vegna þess að regnvatnslögnin í götunni yfirfylltist af vatni frá yfirborði götunnar og flutti því sennilega vatn að húsunum, en ekki frá þeim.

Eftir að hættuástand myndaðist, var sennilega lítið raunhæft hægt að gera til þess að hafa áhrif á grunnvatnsborðið annað en það að hindra frekari vatnsborðshækkun sunnan húsanna. Skurðgrófturinn austan húsanna og opnun rásar eftir Grenilundi voru tilraunir í þá átt. Til þess að hindra það, að regnvatnslögn götunnar yfirfylltist, hefði hugsanlega mátt reyna að stífla rennsli meðfram bílskúr við Reynilund 1 jafnframt því að láta snjóbinginn óhreyfðan, en sú aðgerð hefði flýtt fyrir hækkun stöðuvatnsins og aukið hættu samkvæmt lið a.

Matsliður 2.3. *„Hvaða afleiðingar hafði það að rjúfa snjóbinginn syðst í götunni?"* Eins og áður hefur komið fram, teljum við sérstaklega með hliðsjón af myndum frá flóðinu, að rennsli meðfram bílskúr við Reynilund hafi þegar verið það mikið, að rof snjóbingsins hafi litlu breytt um vatnsborð syðst á götunni og þar með á þrýsting á regnvatnslögnum götunnar.

Matsliður 2.4 (2.5). *„Hvaða afleiðingar hafði það að opna niðurföll í frárennslislagnir frá húsum við Grenilund?"* Í Grenilundi og Reynilundi, þar sem uppistaða myndaðist á götunum, eru a. m. k. 7 niðurföll, sem lágu undir vatni. Óheft rennsli gegnum niðurfallsristar í þessum niðurföllum hefði nægt til þess að yfirfylla regnvatnslögnina í götunni og skapa í henni nægjanlegan mótþrýsting til þess að valda tjóni í húsunum.

3. *Framræslulagnir á svæðinu.*

Matsliður 3.1. *„Anna framræslulagnir á svæðinu leysingavatni?"* Við mat á, hvort lagnir á svæðinu eru nægjanlega víðar, er stuðst við mælingar á úrkomu á Akureyri og aðferðir til þess að finna hámarksúrkomu á ákveðnu tímabili með gefnum endurkomutíma. Stuðst er við grein Páls Bergþórssonar, sem birtist í Veðráttunni, 2. hefti 1968.

Vegna hæðar Grenilundar yfir sjó er töflugildi fyrir meðaltals-hámarksúrkomu á sólarhring hækkað frá 27 mm í 30 mm úrkomu.

a. Regnvatnslagnir í Grenilundi.

Þorvaldur Vestmann, annar matsmannanna, starfaði hjá Akureyrarbæ ár-

ið 1969 og vann þá við hönnun lagna í götunni. Þess vegna er eftirfarandi umfjöllun um afkastagetu götulagnanna eingöngu unnin af Þorsteini Jóhannessyni matsmanni.

Gengið er út frá, að hannað sé fyrir 15 mínútna hámarksúrkomu, sem hefur endurkomutímann 5 ár. Þá er gert ráð fyrir, að afrennslisstuðull fyrir götur sé 0,9 og fyrir lóðir 0,3. Þannig fæst hönnunarrennslið *46 l/sek*, en reiknuð afköst lagnanna án yfirþrýstings eru 50 l/sek og 75 l/sek, þegar lögnin yfirfyllist.

Niðurstaðan er því sú, að hönnun regnvatnslagnarinnar í götunni sé eðlileg og í samræmi við venjur við hönnun slíkra lagna. Athygli skal vakin á, að ekki er gert ráð fyrir, að regnvatnslögnin í götunni flytji vatn af svæðinu sunnan Grenilundar.

b. Ø 500 mm afrennslislögn.

Samkvæmt hæðarlínukorti 1:5000 reiknast okkur til, að vatnssöfnunarsvæðið sé um 67 ha að flatarmáli. Almennt er alltaf veruleg óvissa um, hvaða forsendur er rétt að nota við að ákveða hönnunarrennsli frá jafnstórum og flötum svæðum. Venjulegast eru lagnir hannaðar fyrir úrkomu, og er oftast gengið út frá því, að álag vegna snjóleysinga að vorinu sé minna en vegna rigninga.

Það, sem mestri óvissu veldur, er: Ákvörðun á lengd regntíma. Ákvörðun á meðaltals-afrennslisstuðli. Ákvörðun á meðaltals-endurkomutíma.

Við teljum, að réttast sé í þessu tilviki að reikna með eftirfarandi: Regntími 2 klst., afrennslisstuðull 0,5 og endurkomutími 5 ár. Þessar forsendur gefa *hönnunarrennslið 745 l/sek.*

Við viljum taka fram, að engar fastar reglur eru til um það hér á landi, hvernig á að ákveða hönnunarforsendur afrennslislagna, en almenn vinnuregla tæknimanna er að nota jafnframt gildum úr fræðibókum mælingar á rennsli frá viðkomandi svæði eða samsvarandi svæðum, ef þær eru tiltækar eða mögulegar. Flutningsgeta lagnarinnar reiknast okkur um *400 l/sek,* þegar vatn stendur lítillega upp fyrir inntakið, en um *600 l/sek,* þegar komið er 3 m djúpt vatn yfir rörendann, sem er talsvert minna en ofanritað hönnunarrennsli. Mat okkar er því að Ø 500 mm framræslulögnin anni ekki að ræsa fram regnvatn eða leysingavatn miðað við það, sem við teljum eðlilegar hönnunarforsendur.

Matshluti 3.2. *„Eru framræslulagnir á svæðinu forsvaranlegar miðað við það svæði, sem það átti að anna?“* Hér að framan kemur fram, að við teljum, að Ø 500 mm lögnin sé reikningslega of grönn miðað við okkar hönnunarforsendur. Hins vegar gæti lögnin verið í lagi ef reynslan sýndi fram á það. Fram kemur í skýrslu lögreglunnar eftir bæjarverkstjóra, að vatn hefur

áður safnast fyrir í lægðinni sunnan Grenilundar. Þar segir orðrétt: „Ég hafði hugsað mér, að ef hækkaði það mikið í tjörninni, ætlaði ég vatninu að renna eftir þar til gerðri ýtuslóð austan við umrædd hús. Við svipaðar aðstæður hefur ýtuslóðin og brunnkerfið austan við húsin hingað til tekið við leysingavatni, sem hefur safnast þarna sunnan við.“ Af þessu má vera ljóst, að reynslan hefur sýnt, að lögnin getur ekki flutt allt vatn í miklum leysingum. Frárennslislagnir eru almennt ekki hannaðar til þess að geta flutt allt vatn í stærstu flóðum, vegna þess að það er fjárhagslega hagkvæmt að gera ráð fyrir, að þær yfirfyllist á ákveðnu árabili. Hvað fylling má koma oft fyrir, fer eftir umfangi þess tjóns, sem getur orðið“.

Vitnið Þorsteinn Jóhannesson staðfesti þessa matsgjörð sína fyrir dóminum og sagði forsendur fyrir matinu, að þeir hefðu gert ráð fyrir tveggja klst. úrkomu til þess að reikna út úrkomumagnið og síðan ákvarðað afrennslisstuðul svæðisins 0,5, og við svona útreikninga sé oftast miðað við það að velja þann tíma, er það tekur vatnið að renna frá efsta punkti á svæðinu að svelgnum. Miðað við þessar forsendur hefði lögnin þurft að vera víðari. Og við það, að framræslulögnin anni ekki að flytja vatnið í burtu, fái vatnið framrás á yfirborði.

Hvers vegna þeir hefðu notað afrennslisstuðulinn 0,5, sagði vitnið, að það hefði fyrst og fremst verið vegna úrkomutímans. Eftir því sem úrkomutími sé lengri, sé eðlilegra að velja hærri afrennslisstuðul, fyrst og fremst vegna þess, að með tímanum mettist jarðvegurinn og minna geti sigið niður, en þetta sé matskennt. Þegar verið sé að hanna afrennsli fyrir lítil svæði, sé oft miðað við afrennslisstuðul 0,3 á grónu landi, en þá yfirleitt m. v. 15 mínútna úrkomu, en í þessu tilviki, þar sem svæðið sé svo flatt og stórt, hafi hann talið rétt að hækka stuðulinn.

Vitnið upplýsti, að töflur væru til um mismunandi afrennslisstuðla og þær væru breytilegar eftir löndum, en það, sem skipti mestu máli, væri, hvaða efni væru í jarðveginum; lögun landsins skipti líka máli og grunnvatnsstaða og umfram allt sé regntími eða viðmiðunartími, og við útreikningana hafi þeir ekki gert ráð fyrir snjóbráðnun, heldur reiknað álagið m. v. regn, þar sem takmörkuð gögn séu til að áætla snjóbráðnun, en í flestum tilfellum gefi regnið meira álag.

Vitnið Þorvaldur Vestmann Magnússon kom fyrir dóminn og staðfesti matsskýrslu sína. Spurður um, hvers vegna afrennslisstuðullinn 0,5 hefði verið notaður, svaraði vitnið því, að menn tækju mið af því, sem kennslubækur segja og síðan ákveðin reynsla. Í þessu tilfelli hafi þeir talið eðlilegt að leggja þennan stuðul til grundvallar, og í sambandi við val á matsstuðlin-

um hafi tímaþátturinn skipt miklu máli, þar sem þeir álitu, að það tæki vatnið 2 klst. að renna frá enda til enda svæðisins. Eðlilegt væri líka að miða við ákveðna mettun jarðvegsins. Hann sagði, að þeir hefðu reynt að gera sér grein fyrir bræðsluhraða snævarins, en þeim hefði fundist, að það væri úrkomumagnið, sem væri ákvarðandi, frekar en snjóbráðnunin, en hins vegar gæti verið erfitt að leggja mat á það, þar sem uppistöður gætu myndast. Niðurstaðan varð að leggja til grundvallar úrkomumagnið, en vissulega hefði verið reynt að horfa líka á eða meta, hver bráðnunin væri og hvaða áhrif hún kynni að hafa ein sér.

Stefnandi upplýsti, að hann hefði í upphafi sótt um að byggja hús á einni hæð á lóðinni, en því verið hafnað, og er hann hefði farið að athuga málið síðar í fundargerðum byggingarnefndar, hefði hann ekki fundið þessa synjun, en hann hefði séð, að áður en hann lagði fram þessa teikningu, hefði einhver af lóðarhöfum í götunni verið búinn að leggja fram tillöguteikningu og fengið hana samþykkta. Þar hefði verið um að ræða tveggja hæða hús, þ. e. a. s. hæð og kjallara, og hann talið, að með því að samþykkja eina tillöguteikningu væri búið að ákveða, að þarna skyldu verða hús með hæð og kjallara. Hafi hann byrjað að grafa grunn haustið 1977, en lent í töluverðum vandræðum þá strax vegna þess, hve mikið vatn var í jarðveginum, og hann þurft að grafa skurð úr grunninum út í götu til að veita vatni úr honum, þar sem stöðugt hafi runnið í grunninn úr mýrinni sunnan við. Hann kvaðst hafa orðið var við það vorið 1978, að framræsla var ófullnægjandi á svæðinu, þar sem grunnurinn hefði fyllst einhvern tíma um mánaðamót mars/apríl. Síðast kvaðst hann muna eftir flóði þarna árið 1983, en þá hefðu verið töluverð svellalög og klaki í jörðu og vatn flætt yfir svæðið sunnan við og hér um bil upp að húsinu hjá sér, en ekkert tjón þá orðið.

Árið 1990 hafi lekinn byrjað að kvöldi 1. maí um kl. 21.00. Þá hafi hann orðið var við, að ca. 5–10 cm lag hafi verið í geymslu í kjallaranum, en gólf geymslunnar sé 20 cm lægra en gólfið í kjallaranum, og hafi þá strax verið farið að ausa og bera út vatn og forða dóti frá skemmdum. Hann kvaðst hafa hringt í bæjarverkstjóra um kl. 07.30 um morguninn 2. maí og sagt honum, hvernig komið væri og hann teldi vera hættu á flóði og talið sig ekki geta gert neitt í málinu, það yrði bara að vona hið besta.

Um kl. 10.00 hafi hann athugað ástandið, og um kl. 14.00 hafi verið farið að flæða upp úr lögnum á bílaplani. Hafist hafi verið handa um að bjarga verðmætum úr kjallara, og á bilinu kl. 15.30–16.00 hafi snjódyngjan fyrir sunnan húsin verið rofin, og flóðið í kjallaranum þá aukist.

Stefnandi upplýsti, að 22. desember 1992 hefði flætt inn um sprungur með steypuskilum í geymslunni, og hefði flóðið staðið í 2–3 tíma. Hefði orðið vart við það, þegar það byrjaði, og hægt að halda því í skefjum.

Fyrir dóminn kom sem vitni Guðmundur Marinó Guðmundsson, yfirverkfræðingur tæknideildar Akureyrarbæjar. Aðspurt taldi vitnið sig minnast þess, að í kringum 1983 hefði því verið kunnugt um, að flætt hefði inn í íbúðir við Grenilund.

Aðspurður kvaðst hann hafa fylgst mjög vel með ástandinu sunnan við Grenilund fyrir flóðið 2. maí 1990, síðustu dagana í apríl og sjálfan flóðadaginn og daginn þar áður. Hann sagði, að þeir hefðu ekki talið vera stórhættu daginn áður, en gerðar hefðu verið ráðstafanir, eins og gerðar hefðu verið áður, að ýta slóð þarna, svo og hafi verið hreinsað upp úr skurði, sem liggi eftir svæðinu, og gerð rennslisslóð til þess að auka afrennslistíma svæðisins. Er hann fór á vettvang með bæjarverkstjóra, taldi hann, að þeir hefðu lagt það mat á um morguninn, að þeir hefðu vonast til, að úr afrennsli drægi og vatnið myndi lækka. En þá hafi ekki verið gripið til neinna aðgerða, það hafi ekki verið fyrr en seinna, líklega um þrjúleytið eða í kringum það, sem bæjarverkstjóri opnaði ruðninginn.

Aðspurður kvaðst hann ekki vera samþykkur því mati á afrennslisstuðlum, sem gengið væri út frá í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna.

Vitnið upplýsti, að það hefði ekki tekið þátt í ákvörðun um að leyfa byggingu kjallara í húsunum við Grenilund; það hefði verið byggingarnefndar að leyfa þá. En vitnið segir, að Grenilundur liggi í eðlilegum vatnsfarvegi í svæðinu þarna sunnan að og ljóst liggi fyrir, að skurðir, sem liggja á túninu og búnir að liggja þar svo lengi sem vitnið mundi, séu með stefnu ca. á austurgafl húsa þarna. Þarna hafi verið skurður áfram norður, og það hafi verið farið með regnvatnslögnina til suðurs einmitt í þeim tilgangi að ná yfirborðsvatni sem komi sunnan af svæðinu.

Fyrir dóminn kom sem vitni Gunnar Haukur Jóhannsson, deildarverkfræðingur á tæknideild Akureyrarbæjar.

Aðspurður, hvort talið væri, að meira vatnsmagn kæmi af snjóbræðslu eða rigningu hér á Akureyri, sagði vitnið það mjög misjafnt eftir stöðum svo og eftir aðstæðum og því, hvar í bænum það væri, hvort það væri inni í byggð eða utan byggðar, hversu þétt yfirborð væri innan byggðar og hversu þétt utan byggðar, svo að ekki væri til nein einhlít regla um það. Hann taldi, að á svæðinu sunnan Grenilundar gæfi hláka, sem sé snjóbræðsla, meira vatnsmagn þar. Aðspurður, hvort þetta væri ekki frávik frá meginreglunni, að yfirleitt væri reiknað með meira vatnsmagni vegna rigningar en snjóbræðslu, svaraði hann játandi, ef yfirborðið væri þétt og rigningarvatn skilaði sér ekki niður í jarðveginn. Á þetta grónu og flötu svæði, þar sem úrkoma falli oftast á ófrosna jörð, skili hún sér að mestu niður í jarðveginn.

Aðspurður um hönnun framræslulagna sagði hann, að tekið væri mið af

því, sem menn hefðu lesið í erlendum bókum, og síðan reynt að blanda eigin reynslu inn í það, en tók fram, að ekki væru til neinir staðlar beint um þetta atriði. Hann kvaðst vera ósammála þeim hönnunarforsendum, sem fram koma í matsskýrslu hinna dómkvöddu matsmanna.

Varðandi dskj. nr. 29, sem ber yfirskriftina snjóbráðnun, hönnunarforsendur, og samið er af vitninu, skýrði vitnið þessa skoðun sína með hliðsjón af gagni. Vitnið upplýsti, að formúlan, sem tekið er mið af við snjóbræðsluna, væri fengin úr norskri kennslubók og byggðist annars vegar að mestum hluta á hitastigi og vindálagi, en þó komi inn í þetta úrkoma og gerð afrennslissvæðis. Miðað við það, sem vitninu fyndist geta verið versta tilvik, gefi þetta um tæplega 8 s/l/ha. í snjóbráðnun. Þessi snjóbræðsla skili sér kannski ekki öll að lagnarenda strax, svo að m. v. snjóbráðnun fannst vitninu eðlilegt að reikna með afrennslisstuðli á svæðinu 0,9, sem gefi þá rúmlega 7 lítra á sek. á ha. Regn gefi aftur meiri úrkomu á ha. en snjóbráðnun, en það skili sér miklu minna niður í holræsakerfið, svo að í þessu tilviki á svæði, sem svo háttar til sem þarna, taldi vitnið, að regn gæfi hönnunarforsendur, sem gæfu minna vatnsmagn en snjóbráðnun.

Vitnið skýrði afrennslisstuðla á dskj. nr. 25 og 26 og taldi, að afrennslisstuðull svæðisins 0,25 vera ágætlega vel í lagðan.

Aðspurður, af hverju flætt hefði, úr því að allar reiknisforsendur stæðust, svaraði vitnið því til, að hann hefði ekki komið að þessu fyrr en löngu eftir að búið var að veita vatninu norður eftir, svo að í sjálfu sér hefði hann aldrei séð forsendurnar eða aðstæðurnar, áður en flóðið varð. Eina skýringin, sem hann gæti látið sér detta í hug, væri sú, að þessi snjóbráðnun hefði safnast bak við skafla og í uppistöður, sem hefðu síðan runnið mun seinna fram en eðlilegt hefði getað talist, og þá komið kannski mjög mikið vatn að þarna á skömmum tíma, þótt verið hafi snjóbráðnun, sem hafi orðið yfir lengri tíma. Telur hann, að myndun tjarnarinnar bendi til þessa. Aðspurður, hvort hann hefði ekki talið varhugavert að byggja kjallara á þessu svæði, svaraði vitnið því til, að það mætti „diskutera", hvað væri eðlilegt í því, þetta væri náttúrulegt umhverfi þarna, sem væri í lægð, en ekki kvaðst vitnið geta séð neina ástæðu til þess að vara sérstaklega við, því að vatn hefði átt að skila sér til baka eftir yfirborðsvatnskerfinu, eins og reyndar hafði ekki gerst. Það, sem gerðist þarna, voru allt aðrar aðstæður en það, að vatn skilaði sér til baka eftir eðlilegum leiðum í kerfinu. Eftir þessi flóð hafi vitnið metið það svo, að ekki hafi verið ástæða til að bæta við afrennslislögnum á svæðinu, þar sem hann teldi svæðið uppfylla allar eðlilegar hönnunarforsendur. Að vísu geti alltaf komið fyrir atvik, sem fari yfir hönnunarforsendur. Oft sé það í yfirborðskerfum, kannski 5, 10, 20 ár, allt niður í 2 ár

eftir aðstæðum, sem reiknað sé með, að geti flætt yfir, og það, sem gerst hafi, kvaðst vitnið álíta eitt af því, sem geti gerst kannski á 50 ára eða 100 ára fresti, en fyrir slíku sé aldrei hannað. Aðspurt og ábent, að þegar hafi flætt í 2 skipti, 1983 og 1990, svaraði vitnið því til, að ef það gerðist einu sinni á 50 árum eða einu sinni á 20 árum, þá þýddi það ekki, að þetta komi alltaf á 20 ára bili. Þetta sé þannig dreift, að það sé aðeins meðaltal. Aðspurt kvaðst vitnið ekki vera að segja, að hönnunarforsendur hefðu verið þarna 5 eða 10 ár, en eins og hann telji sig hafa sýnt fram á í útreikningum, alla vega 25 ára rigning, að það væri engin hætta með hana, og snjóbráðnun sýndist vitninu vera „extreme", þannig að það ætti að vera á mjög löngu árabili, sem slíkt gæti gerst, en það megi oft búast við því, að hjá því verði ekki komist, að svona hlutir gerist. Til þess að halda vatni frá húsum, svo að ekki flæði, sé það framkvæmdaratriði, en ekki hönnunaratriði. Vissulega reyni menn að móta umhverfið þannig, að vatn fari ekki inn í hús.

Fyrir dóminn kom sem vitni Hilmar Henry Gíslason, bæjarverkstjóri á Akureyri. Aðspurt kvaðst vitnið ekki muna, að flætt hefði í húsgrunn við Grenilund árið 1978. Ekki mundi vitnið sérstaklega eftir flóðum 1983 við Grenilund. Vitnið kveðst minnast þess, að gerð hefði verið ýtuslóð á svæðinu austan Grenilundar fyrir jarðvatn, svo að það gæti runnið í þessari lægð, og eins, ef eitthvað kæmi fyrir rörendann, að vatnið myndi fara þessa leið. Þetta hafi verið einn af þeim stöðum, sem reynt var að fylgjast eins vel með og hægt var, þ. e. a. s. til að koma jarðvatninu burtu. Skýringin á því, að vatn hafi safnast þarna fyrir, sé sú, að vatnið fái ekki útrás jafnt og þétt, heldur vilji safnast saman og komi síðan snögglega inn á svæðið. Einhverjum dögum fyrir flóðið hafi allt verið hreinsað og allt gert klárt til að vera viðbúinn leysingum, eins og ávallt sé gert, og vakandi auga haft með þessu. Ekki kveðst vitninu hafa dottið í hug, að átt hefði eftir að flæða þarna. Hann hafi átt von á því, að þetta myndi bjargast eins og áður. Þeir Guðmundur verkfræðingur hafi verið þarna kl. 9 um morguninn og metið þá ástandið þannig, að allt væri í lagi, og hafi þeir þá gengið eftir brunnakerfinu og gengið úr skugga um, að kerfið verkaði. Vitnið upplýsti, að að sínu fyrirlagi hefði verið rofið skarð í snjóbinginn syðst í Grenilundi, og hefði hann ætlað að láta vatnið fara milli kantsteinanna norður Grenilund og síðan yfir Skógarlund og norður Heiðarlund, eins og það gerði. Hann kvaðst hugsa, að hann hefði fyrirskipað að láta taka brunnlokin af niðurfallskerfinu og talið, að niðurfallskerfið myndi taka við vatnsmagninu. Er hann lét opna kerfið, hefði það mikið vatn verið komið á svæðið, að sér hefði fundist hann verða að gera allt, sem hann gæti, til þess að losa fólkið við vatnið, því að þegar hann kom þarna um kl. 15.00, hefði hann ekki komist út úr

bílnum á stígvélum á planinu við syðsta húsið. Aðspurður um þær ályktanir, sem dregnar séu af orðum hans í skýrslu hinna dómkvöddu matsmanna, þ. e. a. s. skýrslu gefna hjá lögreglu, svaraði vitnið því til, að tilgangurinn með því að opna skurði fyrir austan Grenilund sé að reyna að verjast því, að vatn komi í stórum gusum að rörinu, og í flestöllum tilfellum, er hann hefði komið að þessu röri, flytti rörið vatnið. Venjulega sé vatnsstaðan við rörið u. þ. b. hæð þess og neðar, en það sé reglan, að farið sé með stuttu millibili á staðinn til þess að fylgjast með og gæta að því, að ekki teppist rennsli þarna í gegn. Vitnið upplýsti, að ýtuslóðin austan Grenilundar hefði verið tekin sennilega 2–3 dögum áður en flæddi. Yfirleitt sé þetta gert á hverju vori, en hann hafi ekki látið gera þetta í seinni tíð, þar sem sér hafi fundist þetta vera það öruggt, að hann hafi ekki talið ástæðu til. Ástæðan sé sú, að þarna komi alltaf svo mikið jarðvatn á svæðið, og þá sé mjög gott að geta látið það fara þessa leið, og einnig, ef eitthvað kæmi fyrir rörendann, sé þetta varúðarráðstöfun. Vitnið staðfesti skýrslu sína, gefna hjá lögreglu þann 5. 5. 1990. Í skýrslunni kemur fram, að vitnið hafi fylgst með leysingunum nokkra undanfarna daga, og kl. 6.00 2. maí fór hann á staðinn, og var þá komið dálítið stöðuvatn, sem hann átti von á, að myndi ræsast burt með eðlilegum hætti. Kl. 9.00 fóru vitnið og Guðmundur Guðlaugsson verkfræðingur á staðinn og sáu þá, að þar var komið mjög mikið vatn, og hefðu þá fengið upplýsingar um, að byrjað væri að renna inn í syðstu húsin, en vitnið álitið það vera jarðvatn, sem hefði safnast að húsinu, en ekki úr stöðuvatninu. Kl. 14.00 og 14.30 hafi vitnið fengið boð um, að slæmt ástand væri orðið í Grenilundi og Reynilundi, og hafi hann sagt Guðmundi verkfræðingi frá þessu, og er vitnið kom að gatnamótum Grenilundar og Reynilundar, hafi verið svo mikið vatn á götunni, að hún var ekki vaðstígvélatæk á gatnamótunum. Hafi vatnið komið sunnan frá í skarð á milli Reynilundar 1 og snjóruðnings suður af Grenilundi.

Samkvæmt yfirliti matsmanna var heildartjón af vatnsflóðinu í Grenilundi 2. maí 1990 á 10 íbúðum alls 16.125.256,00 kr. og á einni íbúð í Heiðarlundi 873.200,00 kr. og heildartjónið því alls 16.998.456,00 kr.

Álit dómsins.

Það er álit dómsins, að bygging íbúðarhverfisins við Grenilund hafi stíflað náttúrulegt afrennsli leysingavatns til norðurs frá u. þ. b. 68 hektara afrennslissvæði utan byggðarinnar syðst og vestast í bænum. Í Grenilundi er tvöfalt kerfi holræsa, frárennslislögn, sem tekur við skólpi frá húsum, og regnvatnslögn, sem tekur við vatni frá niðurföllum í götu, frá húsþökum, lóðum og jarðvatnslögnum umhverfis húsin. Til þess að taka við vatni frá

afrennslissvæðinu utan hverfisins lagði stefndi Ø 500 mm regnvatnslögn austan Grenilundar. Grundvallaratriði við hönnun þessara frárennslislagna var, að enginn samgangur væri á milli þessara þriggja lagna og hver lögn gegndi hlutverki sínu. Götulagnir í Grenilundi eru hannaðar út frá hefðbundnum aðferðum og hafa ekki gefið tilefni til athugasemda sem slíkar. Ø 500 mm lögnina þurfti að hanna til að taka við rigningu og leysingavatni. Hönnun lagnar sem þessarar er ekki bundin í íslenskum stöðlum, en stuðst er við fræðibækur og reynslu af staðháttum, og er hlutverk hönnuðar að ákvarða rekstraröryggi lagnakerfisins á móti kostnaði.

Hönnun Ø 500 mm lagnarinnar með tilliti til regns:

Aðilar málsins eru sammála um eftirfarandi forsendur: flatarmál afrennslissvæðis 68 ha., lengd regnskúrar 2 klukkustundir, flutningsgeta lagnar um 500 lítrar á sekúndu miðað við 2 m vatnshæð yfir rörenda. Þegar vatnshæð hefur náð 2 metrum yfir rörenda, er vatn farið að flæða inn í götulagnir í Grenilundi.

Eftirfarandi gildi eru ákveðin:

Afrennslisstuðull: Gildi afrennslisstuðuls milli 0 og 1 segir um, hve mikill hluti fallinnar úrkomu skilar sér inn í frárennslislögnina. Aðilar eru ekki sammála um þetta gildi, og er það að mati stefnda 0,25, en að mati dómkvaddra matsmanna 0,5. Samkvæmt viðurkenndum fræðiritum má ætla, að land það, sem hér um ræðir, skuli hafa afrennslisstuðul, sem liggi á milli 0,05 og 0,25. Samkvæmt þessu telur dómurinn, að eðlilegt sé að reikna með afrennslisstuðli 0,25 sem hönnunarforsendu.

Endurkomutími: Við ákvörðun á úrkomumagni þarf hönnuður að velja sér mörk, sem úrkoma má fara yfir á ákveðnu árabili, og er sá tími kallaður endurkomutími úrkomunnar. Við val á þessu gildi þarf að taka tillit til áhættu vegna tjóns, sem verður við, að lögn yfirfyllist, á móti kostnaði við aukningu á afkastagetu lagnakerfisins. Götulagnir í Grenilundi eru ekki hannaðar með það fyrir augum að geta annað viðbótarálagi vegna hugsanlegra flóða frá afrennslissvæðinu sunnan hverfisins, og viðbótarálag vegna rennslis þaðan er því líklegt til að yfirfylla kerfið. Bygging húsa með niðurgröfnum kjöllurum gefur sérstakt tilefni til aðgæslu, þar sem flóð inn í götulagnir getur hindrað eðlilega framrás í lögnum, sem tengjast þeim, svo sem jarðvatnslögnum. Við slíkar aðstæður er augljóslega hætta á umtalsverðu eignatjóni. Samkvæmt því er gert ráð fyrir 50 ára endurkomutíma úrkomu.

Úrkomumagn: Báðir aðilar styðjast við grein Páls Bergþórssonar: „Hvað getur úrfelli verið mikið á Íslandi?“, sem birtist í tímaritinu Veðrinu, 2. hefti 1968, bls. 53–58. Í greininni gefur Páll upp gildi fyrir meðaltal árlegs hámarks úrkomu á sólarhring fyrir Akureyri sem 27 mm/sólarhring samkv.

mælingum Veðurstofu Íslands. Í niðurlagi greinar Páls segir orðrétt: „Um nákvæmni þessara mælinga má geta þess, að oftast munu regnmælingar sýna minni rigningu en rétt er, sérstaklega þó í hvassviðri, sem reyndar fylgir oft miklu úrfelli. Ekki eru tök á að áætla hér þessar skekkjur, en oft munu þær geta numið meira en 20% af mældri úrkomu. Þá er þess líka að geta, að vilji menn nota þessa aðferð til að meta, hvað mikið vatn kunni að renna á tilteknu svæði vegna úrkomu, þarf líka að taka tillit til viðbótar vegna leysingavatns. Rennsli þess er líka oft ójafnara en regnvatnsins. Uppistöður geta þá myndast af snjónum, en vatnið síðan fengið skyndilega framrás."

Samkvæmt þessu er eðlilegt að hækka árlegt hámark úrkomu um 20% eða í 32,4 mm/sólarhring.

Flutningsþörf lagnarinnar: Í grein Páls er gefin upp aðferð við að reikna þau mörk, sem tveggja klukkustunda úrkoma fer yfir einu sinni á 50 árum. Samkvæmt ofanrituðum forsendum er úrkomumagn á svæðinu 36,5 lítrar/s/ha. miðað við tveggja klukkustunda skúr. Heildarflutningsþörf lagnarinnar er því um 625 lítrar/sekúndu. Samkvæmt ofangreindum hönnunarforsendum er álag á lögnina meira en flutningsgeta hennar, og telst því hönnunarforsendum ekki fullnægt. Hins vegar eru aðstæður þannig við lagnarendann, að þar getur safnast upp umtalsvert vatnsmagn, og því ekki talin ástæða til að óttast flóð af völdum rigningar.

Leysingavatn: Snjóbráðnun olli leysingaflóðunum 2. maí 1990. Ætla má, að snjóstíflur hafi myndað tjarnir á afrennslissvæðinu, og þegar þessar stíflur bráðnuðu hófst rennsli úr tjörnum, sem olli mun meira rennsli að lagnarendanum en gert er ráð fyrir í snjóbráðnunarútreikningum stefnda á dskj. nr. 29. Lögnin austan Grenilundar annaði ekki þessu vatnsmagni, og tjörn eða flói myndaðist sunnan Grenilundar. Snjóbingurinn við enda götunnar tafði fyrir því, að vatnið rynni inn í götuna og holræsakerfi hennar. Vatnið var þó búið að vinna á bingnum og byrjað að flæða inn í götuna, áður en starfsmenn stefnda rufu skarð í binginn, sem olli flóði í götunni. Regnvatnslögnin í götunni yfirfylltist. Við þessar aðstæður hættu jarðvatnslagnir við húsin að verka, og vatn rann í öfuga átt að húsunum og upp um niðurföll í kjallaragólfi. Þegar jarðvatnslagnir hættu að flytja grunnvatn frá húsunum, hækkaði grunnvatnsstaða umhverfis húsin, og vatn lak inn um glufur á kjallaraveggjum og með steypusamskeytum.

Stefndi hefur reiknað út, hve mikil snjóbráðnunin var 2. maí 1990, svo sem að framan er rakið, 8 lítrar á sekúndu á hektara. Miðað við afrennslisstuðul 0,9 og 69 hektara afrennslissvæði verður heildarvatnsmagnið 497 lítrar á sekúndu. Við þetta er það að athuga, að ekki er tekið tillit til óreglu-

legs aðrennslis, sem bent er á í grein Páls, og einnig ber að athuga, að ekki er gert ráð fyrir, að rigni samtímis. Rétt er einnig að benda á, að þykkt snjóalaganna hefur ekki áhrif á bráðnunina, en í niðurstöðu Hamfaranefndar segir, að snjóalög hafi verið óvenjumikil og þrálát, en hlákan ekki óvenjuleg á neinn hátt. Ekki er hefð fyrir, að slíkir útreikningar séu lagðir til grundvallar við hönnun og geta ekki talist eðlileg hönnunarforsenda.

Aðgerðir starfsmanna stefnda: Ekki verður séð neitt athugavert við undirbúning væntanlegra leysinga dagana fyrir flóðið. Sú ákvörðun bæjarverkstjóra að rjúfa snjóbing við enda götunnar hefur verið gagnrýnd, og má færa rök fyrir, að aðgerðin hafi orðið til að auka vatnsrennsli inn í húsin. Ljóst er þó, að orsök tjónsins var, að Ø 500 mm lögnin annaði ekki leysingunni og rennsli var hafið inn í götuna meðfram snjóbingnum. Auk þess má ekki líta á snjóbinginn sem eðlilegt stíflumannvirki til varnar fyrir vatnsflóðum inn í hverfið, og telst rof hans því ekki meginorsök tjónsins. Hins vegar var aðgerðin sem slík óskynsamleg og í grundvallaratriðum rangt að ætla sér að veita vatni í slíkum mæli inn að regnvatnskerfi götulagnanna.

Að öllu þessu virtu er það niðurstaða dómsins, að flutningsgeta Ø 500 mm lagnarinnar sé minni en eðlilegar hönnunarforsendur gefa tilefni til, þó að ekki sé ástæða til að óttast tjónsflóð af þeim sökum vegna rigninga. Ljóst er, að starfsmenn stefnda hafa þurft að gefnu tilefni að hafa vakandi auga með framræslu yfirborðsvatns á svæðinu. Einnig gaf byggingarmáti húsanna í götunni, sem öll eru með kjallara, svo og lega götunnar í landinu miðað við hið stóra afrennslissvæði tilefni til endurskoðunar á frárennslismálum svæðisins. Þar sem stefndi hefur ákvörðunarvald um rekstraröryggi við hönnun afrennsliskerfisins við húsin við Grenilund, en stefnandi hefur í sjálfu sér ekkert um það að segja, þá þykir dóminum rétt, að stefndi beri áhættuna af því, ef lagnakerfið eða aðrar ráðstafanir anna ekki að flytja burt það vatn, er kemur að húsunum á einhverju tilteknu árabili og stefnandi er algjörlega varnarlaus fyrir. Ekki er fallist á þá málsástæðu stefnda, að hér hafi verið um að ræða óviðráðanlegar ástæður, þ. e. a. s. vis major.

Þykir því rétt, að stefndi bæti stefnanda það tjón, er hann varð fyrir, að fullu og greiði honum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 600.000,00 kr., og er innifalinn í þeirri fjárhæð heildarmatskostnaður, 277.200,00 kr.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Herði Blöndal byggingaverkfræðingi og Gísla Gunnlaugssyni byggingatæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs Akureyrar, greiði stefnanda, Braga Sigurðssyni, 993.400,00 kr. í skaðabætur ásamt 14%

ársvöxtum frá 2. 5. 1990 til 2. 6. 1990, en síðan hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags og 600.000,00 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. október 1994.

Nr. 391/1992. **Sigfús Sveinsson**
(Sigurður Georgsson hrl.)
gegn
Skipaviðgerðum hf.
(Jón Hjaltason hrl.)
og gagnsök

Skaðabætur. Vinnuslys. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. október 1992 og krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 1.785.508 krónur með einföldum sparisjóðsvöxtum frá 13. apríl 1985 til 22. maí 1992, eins og nánar er tilgreint í kröfugerð, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en honum var veitt gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 17. nóvember 1992.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 19. október 1992, og krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur aðaláfrýjanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður.

I.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Í bréfi Siglingamálastofnunar ríkisins 3. desember 1991 kemur fram, að aðaláfrýjandi starfaði á árunum 1980 til 1986 við smíði, viðgerðir og breytingar á bátum úr trefjaplasti með samþykki stofnunarinnar. Ofsagt er því í forsendum hins áfrýjaða dóms, að aðaláfrýjandi hafi haft „löggildingu sem verkstjórnandi við plastbátaframleiðslu“. Þá kemur fram í bréfi Vinnueftirlits ríkisins til lögmanns aðaláfrýjanda 4. október 1994, að stofnunin hafi ekki gefið út fræðslurit, sem vísað er

til í álitsgerð matsmannsins Sigurðar Ingvarssonar 9. febrúar 1990. Hins vegar hafi hún notað sænska staðla um króka og stroffur við kennslu á námskeiðum um vinnu á krönum. Ekki er fram komið í málinu, að aðaláfrýjandi hafi sótt slíkt námskeið.

II.

Aðaláfrýjandi byggði málsókn sína í upphafi á því, að orsök slyss þess, sem hann varð fyrir við vinnu sína hjá gagnáfrýjanda 13. apríl 1985, hefði verið sú, að öryggislás í krók hefði gefið sig með þeim afleiðingum, að báturinn, sem aðaláfrýjandi var í, féll niður á gólf. Með vísan til niðurstöðu dómkvaddra matsmanna og hins áfrýjaða dóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, verður að hafna því, að slysið megi rekja til þessa.

Við munnlegan flutning málsins í Hæstarétti byggði lögmaður aðaláfrýjanda á því, að aðalorsök slyssins hefði verið vöntun á stálhring, sem vikið var að í matsgerðum hinna dómkvöddu matsmanna, en óumdeilt, er að slíkur hringur var ekki á búnaði þeim, sem notaður var, þegar slysið varð. Í álitsgerð matsmannsins Aðalsteins Arnbjörnssonar og framburði hans fyrir dómi kom fram, að ráðlegt sé, þegar hífa þarf með gleiðu horni milli stroffa, að tengja þær í stálhring. Gleitt horn milli stroffa kynni að hluta að hafa átt þátt í slysinu, en fleira þyrfti að koma til, svo að líkur væru á, að stroffa hrökkvi fram af krók. Þá sagði matsmaðurinn, að „hnakkabragð“ hefði getað girt fyrir, að stroffur hrykkju af krók, en ekki endilega útilokað slysið. Fram er komið í málinu, að aðaláfrýjandi notaði ekki slíkt bragð og kvaðst aldrei hafa gert það við hífingar.

Í niðurstöðu hins áfrýjaða dóms er vísað til leiðbeininga Vinnueftirlits ríkisins um notkun stálhrings á stroffur, sem nota eigi við hífingar til að jafna átak. Samkvæmt upplýsingum í áður tilvitnuðu bréfi stofnunarinnar höfðu slíkar leiðbeiningar ekki verið gefnar út, og verður að leggja til grundvallar, að engar reglur eða staðlar hafi verið gildandi um þetta, er slysið varð. Vöntun á stálhring verður því ekki virt gagnáfrýjanda til sakar í málinu.

III.

Aðaláfrýjandi hafði verið ráðinn til gagnáfrýjanda til plastbátasmíði skömmu áður en slysið varð. Var hann ráðinn vegna reynslu

sinnar og sérkunnáttu á þessu sviði, en hann hafði áður unnið slík störf hjá Mótun hf. og Plastgerðinni Polyester hf. Gagnáfrýjandi hafði og keypt tæki frá Mótun hf. til plastbátasmíði, þar á meðal umrædd hífingartæki samkvæmt skýrslu aðaláfrýjanda fyrir dómi. Þar kom einnig fram, að hann hefði sótt námskeið á vegum Iðntæknistofnunar á árinu 1980 um plastbátasmíði og hefði haft samþykki Siglingamálastofnunar til verkstjórnar á því sviði. Þá kvaðst hann, áður en til slyssins kom, hafa staðið að hífingu um það bil eitt hundrað báta, og hafi venjan verið sú, að hann væri látinn um það að sjá um frágang á hífingartækjunum, þegar hann á annað borð sá um að taka bát úr móti.

Ljóst er af framansögðu, að aðaláfrýjandi var þaulvanur því verki að taka plastbáta úr móti og þekkti vel þau tæki, er unnið var með. Réð hann því og, hvernig að hífingunni var staðið í umrætt sinn, og gekk frá búnaðinum, áður en híft var. Hvorki framburður hans né annarra, sem gefið hafa skýrslur í málinu, veita vísbendingar um bilun eða galla í búnaði, sem rekja mætti slysið til. Þykja því ekki fyrir hendi þau vafaatriði að þessu leyti, sem eigi að leiða til þess, að ábyrgð á tjóni aðaláfrýjanda verði lögð á gagnáfrýjanda vegna vanrækslu hans á tilkynningarskyldu og þar af leiðandi síðbúinni rannsókn. Verður og að telja, að aðaláfrýjandi hafi litið á sig sem verkstjórnanda. Eru samkvæmt framansögðu ekki efni til að hnekkja þeirri niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að aðaláfrýjandi verði sjálfur að bera ábyrgð á því, hvernig til tókst umrætt sinn. Verður niðurstaða hans því staðfest. Með vísan til forsendna dómsins verður og staðfest ákvæði hans um málskostnað.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda, þar með talin málflutn-

ingslaun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Sératkvæði
Guðrúnar Erlendsdóttur og
Hjartar Torfasonar

Slys það, sem aðaláfrýjandi varð fyrir í skipasmíðastöð gagnáfrýjanda, var ekki tilkynnt yfirvöldum með lögbundnum hætti, þótt alvarlegt væri. Hin síðari rannsókn þess hefur ekki leitt til skýringar á öllum atvikum, sem þörf var að athuga, svo sem varðandi almenna verkstjórn og skipulag þeirrar deildar, þar sem áfrýjandi starfaði. Af henni verður þó ráðið, að aðaláfrýjandi taldist ekki til verkstjóra hjá fyrirtækinu, heldur sá hann ásamt öðrum manni um smíði báta úr trefjaplasti, og var starf þeirra tiltölulega sjálfstætt. Hann var ekki faglærður, en vanur þessari vinnu og ráðinn til gagnáfrýjanda vegna reynslu sinnar og kunnáttu. Hins vegar var hann ekki ráðinn samtímis því, að gagnáfrýjandi keypti búnað sinn til þessarar bátasmíði, heldur hafði það gerst nokkru áður.

Aðaláfrýjandi hefur ekki getað skýrt nánustu atvik slyssins, en ein af líklegum orsökum þess er sú, að hann hafi misst jafnvægið þar sem hann stóð um borð í bátskelinni, sem hann var að hífa upp úr steypumóti, og slinkur þá komið á bátinn. Hífingin var varasöm að því leyti, að stroffur til hennar voru ekki búnar stálhringum til festingar á talíukrók, heldur var þeim brugðið yfir krókinn án fyrirstöðu gegn því, að þær rynnu til. Ekki er leitt í ljós, að leiðbeiningar frá Vinnueftirliti ríkisins eða staðlar um notkun stálhringa við hífingar hafi sætt almennri útbreiðslu fyrir þennan tíma. Á hinn bóginn liggur nokkuð í augum uppi, að í notkun hringa við aðstæður eins og þessar fólst bæði einföld og ódýr öryggisráðstöfun, sem átt hefði að nægja til að hindra slysið, ef það varð af fyrrgreindri ástæðu.

Aðaláfrýjanda mátti vera ljós sú hætta, sem verki hans fylgdi, og verður að ætla, að hann hafi ekki gætt hennar nægilega í þetta sinn. Á hinn bóginn verður hann ekki talinn ábyrgur fyrir þeim búnaði, sem notaður var til að lyfta bátnum. Gagnáfrýjandi hefur ekki sýnt

fram á, að unnt sé að meta búnaðinn fullnægjandi, eftir því sem til mátti ætlast. Verður hann þess vegna einnig talinn eiga sök á því, að slysið varð. Er rétt, eins og mál þetta er vaxið, að ábyrgð á slysinu verði lögð á gagnáfrýjanda að hálfu, en að hálfu á aðaláfrýjanda sjálfan.

Samkvæmt þessu á aðaláfrýjandi rétt á fébótum úr hendi gagnáfrýjanda fyrir helming þess fjártjóns og miska, sem rekja má til slyssins, ásamt vöxtum og málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti. Þar sem niðurstaða meiri hluta dómenda er á þann veg, að gagnáfrýjandi geti ekki talist bótaskyldur, eru ekki efni til að gera þeim þætti málsins nánari skil.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 16. júlí 1992.

I.

Dómkröfur og réttarfar.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. júní sl. að undangengnum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Sigfúsi Sveinssyni, kt. 190541-4289, Kambaseli 54, Reykjavík, með stefnu, út gefinni 24. júní 1988, en birtri 27. júní 1988, á hendur Skipaviðgerðum hf., kt. 590260-6459, Friðarhöfn, Vestmannaeyjum. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru sem hér greinir:

1. Að stefnda greiði stefnanda 1.785.508,00 kr. með 24% ársvöxtum frá 3. apríl 1985 til 11. maí s. á. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Stefnda gerir þær dómkröfur aðallega, að það verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað [...].

Sættir voru reyndar, en reyndust árangurslausar.

Upphaflega höfðaði stefnandi mál þetta fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja með stefnu, út gefinni 24. júní 1988. Í bæjarþingi Vestmannaeyja gekk síðan dómur í málinu 17. mars 1989, en með áfrýjunarstefnu 17. apríl 1989 skaut stefnda málinu til Hæstaréttar. Með dómi sínum 19. mars 1992 vísaði Hæstiréttur málinu aftur heim í hérað með svofelldu dómsorði:

„Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með 16. febrúar 1989 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað aftur heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Áfrýjandi, Skipaviðgerðir hf., greiði stefnda, Sigfúsi Sveinssyni, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti."

Í forsendum sínum segir Hæstiréttur, að nokkur ný gögn hafi verið lögð fyrir Hæstarétt og meðal þeirra séu álitsgerðir tveggja matsmanna, sem

dómkvaddir voru að ósk áfrýjanda eftir uppsögu héraðsdóms. Ekki sé fram komið, að við meðferð málsins í héraði hafi verið rætt um nauðsyn þess að fá dómkvadda matsmenn eða að sérfróðir meðdómendur yrðu kvaddir til.

Í forsendum fyrir dómi sínum bendir Hæstiréttur enn fremur á, að í málinu sé deilt um það, hvort bilun eða galli í búnaði stefnda (áfrýjanda) hafi getað valdið umræddu slysi. Sérstök rannsókn hafi ekki farið fram af hálfu Vinnueftirlits ríkisins og rannsókn af hálfu lögreglu ekki fyrr en þremur árum eftir slysið. Hæstiréttur segir síðan, að eins og háttað hafi til, hafi nauðsyn borið til þess, að héraðsdómari kveddi til sérfróða meðdómendur, sbr. 1. mgr. 37. gr. A laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Ný meðferð málsins hófst síðan 25. maí sl. og nú með meðdómsmönnum. Aðalmeðferð með munnlegum málflutningi fór fram 11. júní sl., og eins og að framan greinir, var málið tekið til dóms að málflutningi loknum.

II.

Málsatvik, málsástæður og lagarök aðila.

Hinn 20. febrúar 1985 réðst stefnandi sem plastbátasmiður til starfa hjá hinu stefnda fyrirtæki, sem þá smíðaði plastbáta eftir þar til gerðum mótum. Hinn 13. apríl var stefnandi við störf sín hjá nefndu fyrirtæki og slasaðist þá illa á öklahælbeini vinstri fótar. Var varanleg örorka stefnanda metin 20%, sbr. dskj. 4. Engir sjónarvottar voru að slysinu, og óumdeilt er, að stefnda sinnti ekki lögboðinni tilkynningarskyldu til lögreglustjóra og Vinnueftirlits ríkisins skv. XII. kafla, 2. mgr. 81. gr., laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar frá 19. mars 1992, fór ekki fram rannsókn af hálfu lögreglu fyrr en rúmum þremur árum eftir slysið, þ. e. sumarið 1988, er málið hafði verið þingfest, en sú rannsókn er nú hluti málsgagna, dskj. 16. Rannsókn lögreglu hefur að geyma myndir af tækjum, sem talið var, að stefnandi hefði notað við störf sín í umrætt sinn, en eigendaskipti höfðu þá orðið á tækjunum, enda hafði stefnda þá hætt plastbátasmíði og selt mótin.

Eins og að framan greinir, varð umrætt slys 13. apríl 1985. Óumdeilt er, að þegar slysið varð, var stefnandi að hífa fiskibátsskrokk úr plastmóti, en síðan átti að koma bátskrokknum fyrir á kerru. Áður en bátskrokkurinn var hífður upp með krafttalíu, sem fest var í burðarbita uppi undir lofti smíðahússins, þurfti að ganga frá festingum í bátskrokkinn. Var þessum festingum komið fyrir bæði í fram- og afturhluta bátsins, stjórnborðs- og bakborðshlið. Við hífinguna voru notaðir tveir kaðlar, og var annar fyrir afturfestingarnar, en hinn fyrir framfestingarnar, og var köðlunum síðan brugðið yfir krók í krafttalíunni. Á króknum var öryggislæsing, þ. e. U-laga

smellijárn, sem lokaði krókskjaftinum og þjónaði þeim tilgangi, að það, sem fest var í krókinn, rynni síður fram af honum.

Stefnandi hefur staðfastlega haldið því fram, að öryggislæsingin hafi bilað, þegar á hana reyndi við hífinguna og við það hafi fremri kaðallinn runnið úr króknum og bátskrokkurinn við það fallið niður og hann þá slasast, en stefnandi var um borð í bátskrokknum, er hann hífði hann upp úr plastmótinu með krafttalíunni. Upplýst er, að samstarfsmaður stefnanda, vitnið Stígur Sæland Einarsson, hjálpaði stefnanda að ganga frá festingum í bátskrokkinn, og vinnuveitandi stefnanda var þá einnig nærstaddur. Ekki ber stefnanda og vitninu Stígi saman um það, hvort Stígur hafi fundið að því við stefnanda, hvernig hann gekk frá fremri kaðlinum (stroffunni) í krókinn, en athugasemdin á að hafa gengið út á það, að stefnandi notaði ekki hnakkabragð á fremri stroffuna. Með hliðsjón af neitun stefnanda verður að telja ósannað, að Stígur hafi gert athugasemd við vinnubrögð stefnanda að þessu leyti. Fram er komið, að áður en stefnandi tók til við að hífa bátskrokkinn upp úr mótinu, fór hann um borð í bátinn og jafnvægisstillti bátinn með eigin líkamsþunga, svo að báturinn væri láréttur við hífinguna. Stefnandi togaði nú í keðjuna, og lyftist báturinn við það úr mótinu, en Stígur og vinnuveitandinn, Kristján, hafi þá ýtt mótinu undan bátnum á venjulegan hátt. Stefnandi hefur bent á, að vegna ónógs rýmis í smíðahúsinu hafi ekki verið hægt að hafa þann vagn inni í smíðahúsinu, sem báturinn hafi átt að fara á, og þess vegna hafi nú Stígur og Kristján farið út fyrir dyrnar til að ná í vagninn. Ekki hefur stefnandi skýringu á því, af hverju reyndi á öryggislæsinguna, en segir sem svo, að með einhverjum hætti hafi framstroffan losnað úr króknum, og við það hafi báturinn fallið í gólfið. Hann hefur upplýst, að þegar hann hífði bátinn upp, hafi hann staðið rétt framan við miðjan bát, en við það, að báturinn skall í gólfið, telur stefnandi fullvíst, að hann hafi henst til í bátnum, því að hann hafi nú legið aftan til í bátnum. Hann fullyrðir, að á þeirri stundu hafi hann séð, að öryggislæsingin hafi verið komin út fyrir krókinn og því óvirk. Stefnandi er með þá tilgátu, að fremri kaðallinn hafi við hífingu gengið til í króknum og öryggislæsingin þá gefið sig og smollið út fyrir krókinn. Ekki vill stefnandi meina, að hann hafi við hífingu fært sig til í bátnum, þannig, að þyngdarhlutföll breyttust og fremri kaðallinn þá smokrast fram af. Ekki sætir það andmælum, að flagghnútur, sem var á fremra kaðlinum, hafi haldið, og þykir mega ganga út frá því, að báturinn hafi skollið í gólfið við það, að fremri kaðallinn fór fram af króknum.

Vitnin Stígur og Kristján Eggertsson, sem höfðu farið út úr smíðahúsinu til að ná í vagninn, sem setja átti bátinn á, komu nú hlaupandi inn í smíða-

húsið, enda höfðu þeir heyrt mikinn hávaða, er báturinn skall í gólfið. Hjálpuðu þeir stefnanda að komast upp úr bátnum. Stefnanda, sem lítið sem ekkert gat stigið í fótinn, var ekið á Sjúkrahús Vestmannaeyja, og samdægurs var hann síðan fluttur á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík. Stefnandi hefur upplýst, að þar hafi hann verið til meðferðar alveg fram í ágúst sama ár, en þá hafi Örn Ingason læknir útskrifað sig þaðan. Eftir þetta gekk stefnandi til dr. med. Brynjólfs Mogensen og síðar Sigurjóns Sigurðssonar bæklunarskurðlæknis.

Við meðferð málsins kom fram hjá stefnanda, að hann taldi það ekki hættulegt verk að hífa bátana upp við þær aðstæður, sem honum voru búnar á vinnustað. Stefnandi upplýsti í því sambandi, að hann hefði fyrir tilgreindan atburð híft eitthvað nálægt hundrað bátum úr mótum og aldrei komið neitt fyrir, en stefnandi kvað jafnan þurfa að gæta að því, að tóg og annað væru rétt bundin og frágangur eins og öruggast mætti teljast. Hann kvaðst vera samþykktur af Siglingamálastofnun sem verkstjórnandi og smiður við plastbátagerð. Í þessu sambandi kvaðst hann hafa sótt námskeið bæði á vegum Iðntæknistofnunar ríkisins árin 1980 og 1985, auk þess sem hann hefði aflað sér faglegra upplýsinga frá framleiðendum og annars staðar bæði um einstök efni og tiltekna verkþætti. Hann kvað Kristján framkvæmdastjóra hafa verið að leita eftir manni í vinnu, sem Siglingamálastofnun samþykkti sem stjórnanda við plastbátasmíði, þegar hann var ráðinn.

Kristján Eggertsson framkvæmdastjóri kvað plastbátasmíði hafa hafist hjá fyrirtækinu árið 1982. Hann sagði, að fyrirtækið hefði hætt plastbátasmíði 1986–1987, og hefði báturinn, sem tekinn var úr mótum í umrætt sinn, verið með seinustu bátunum, sem fyrirtækið hefði framleitt, en alls hefði framleiðslan numið 30 bátum. Lögboðin slysatrygging launþega var fyrirliggjandi, en starfsmenn voru ekki frekar tryggðir í vinnu með kaupum á frjálsri ábyrgðartryggingu. Ekki kvaðst hann hafa tekið eftir því, að eitthvað væri athugavert við umbúnaðinn, er hann fór ásamt Stígi út úr smíðahúsinu til að sækja vagninn. Hann lýsti aðdragandanum að slysinu þannig, að umræddan laugardagsmorgun 13. apríl 1985 hefðu stefnandi og Stígur farið að vinna við plastbátaframleiðsluna. Kvaðst hann hafa komið að, þegar þeir voru byrjaðir að vinna, og hafi stefnandi, sem var um borð í bátnum, híft bátinn úr mótinu og hann aðstoðað við að ýta mótinu undan bátnum, og í beinu framhaldi af því hafi hann og Stígur farið út að sækja vagninn, sem báturinn átti að fara á. Ekki vildi Kristján dæma um það, hvort stefnandi hefði getað farið öðruvísi að við verkið en hann gerði í umrætt sinn, en vísaði til þess, að stefnandi og Stígur hefðu verið fyrrum starfsmenn Mót-

unar hf. í Hafnarfirði, en mótin til plastbátaframleiðslunnar hefðu verið keypt þaðan, er framleiðslan hófst 1982. Þeir hefðu farið sínar eigin leiðir og hagað störfum í samræmi við það, sem tíðkanlegt var hjá Mótun hf., og á honum var að skilja, að hann hefði af þeim ástæðum ekki séð ástæðu til að skipta sér af því, hvernig þeir færu að við verkið.

Vitnið Stígur Sæland Einarsson, sem kom fyrir dóm við fyrri meðferð málsins, sagði, að stefnandi hefði gengið frá festingum í bátinn og komið köðlunum fyrir í krókinn. Vitnið, sem starfað hafði við plastbátaframleiðslu í 8 ár, sagði það alls ekki óeðlilegt, þótt stefnandi hefði verið um borð í bátnum, er hann hífði bátinn upp, og þekkti hann ekki aðrar starfsaðferðir. Áður en vitnið og Kristján fóru út að sækja vagninn, hefðu þeir ýtt mótinu undan, en stefnandi hafði þá verið búinn að hífa bátinn upp. Vitnið sagði, að það ásamt Kristjáni hefði nú farið út til að ná í þann vagn, sem slaka hefði átt bátnum niður á. Þeir hefðu heyrt dynk og þá hlaupið inn og séð þá stefnanda vera að skríða upp úr bátnum. Hann hefði kvartað um að hafa meitt sig á fæti, en báturinn hafði fallið á gólfið. Vitnið taldi, að ef sett væri hnakkabragð á kaðalinn, kæmi það í veg fyrir, að hann rynni til í króknum.

Eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar frá 19. mars 1992, dskj. 24, segir m. a. eftirfarandi í matsbeiðni stefnda til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, dagsettri 10. nóvember 1989:

„Er þess óskað, að hinir dómkvöddu menn yfirfari málsgögn um slysið og skili rökstuddri álitsgerð, hvernig þeir telji slys þetta hafa orðið, og sérstaklega taki þeir afstöðu til, hvort umrætt slys hefði getað viljað til með þeim hætti, sem greinir í niðurstöðu héraðsdóms."

Þá segir einnig m. a. eftirfarandi í dómi Hæstaréttar:

„Hinir dómkvöddu matsmenn skiluðu hvor fyrir sig sérstakri álitsgerð. Ályktanir í þeim fara í bága við forsendur, sem á er byggt í hinum áfrýjaða dómi. Matsmennirnir hafa ekki komið fyrir dóm til þess að staðfesta skýrslur sínar eða fjalla nánar um efni þeirra."

Í forsendum dóms bæjarþings Vestmannaeyja frá 17. mars 1989, sem Hæstiréttur vísar hér til, segir:

„Þegar það, sem fram er komið í málinu, er virt, verður að telja, að stefnda hafi ekki getað hrakið þá fullyrðingu stefnanda, að öryggislæsing í króki þeim, sem notaður var við hífingu á umræddum bátskrokki, hafi bilað, þegar á hann (sic) reyndi. Stefnda bar ábyrgð á því, að tæki þetta væri gallalaust."

Hinir dómkvöddu matsmenn, Aðalsteinn Arnbjörnsson verkfræðingur og Sigurður Ingvarsson vélamaður, skiluðu, eins og að framan greinir, hvor fyrir sig sérstakri álitsgerð. Í álitum sínum, sem dagsett eru 9. febrúar 1990,

komast matsmenn að sameiginlegri niðurstöðu um aðalálitaefni málsins, eins og hér verður nánar að vikið.

Matsmaðurinn Sigurður Ingvarsson segir svo í áliti sínu:

„Eftir að hafa farið yfir málsgögn og skoðað aðstæður í Vestmannaeyjum og krók þann, er notaður var, þegar umrætt slys átti sér stað, þá er það mitt mat, að umrædd öryggislæsing hafi ekki bilað og slys þetta sé öryggislæsingu þessari óviðkomandi.

Rök! Það er ekki hlutverk öryggislæsinga í kranakrók að halda neinni byrði né neinum þunga, er leggst á kranakrókinn sjálfan, eftir að búið er að hífa byrðina upp frá jörðu eða þeim stað, er byrðin hvílir á, í þessu tilfelli umræddur bátur. En það kemur fram í málsgögnum, að aðilar eru sammála um, að báturinn hafi verið á lofti og búið að taka mótin undan honum, þegar hann féll niður að framan. Hlutverk öryggislæsinga í krók er aðeins að halda stroffum í króknum, á meðan slaki er á stroffunum, en ekki neinni byrði, er hvílir í króknum. Það er hlutverk kranakróksins að halda byrðinni."

Í áliti sínu leggur matsmaðurinn Aðalsteinn Arnbjörnsson mat á, hvort mögulegar orsakir slyssins hafi getað verið eftirfarandi:

1. að öryggislæsing á krók hafi bilað,
2. að stroffa hafi hrokkið út úr krók af öðrum orsökum,
3. að stroffa hafi slitnað,
4. að festingar í bát hafi gefið sig.

Um 1. atriði segir matsmaðurinn Aðalsteinn í áliti sínu þetta:

„1. Hlutverk öryggislæsinga á krókum eins og þeim, sem til greina koma, að notaðir hafi verið í umræddu tilviki, er að varna því, að stroffur færist fram af krók, þegar slaki er á stroffunum. Þegar álag er á stroffum við hífingu, er hlutverk öryggislæsingarinnar lokið. Styrkur þessara öryggislæsinga er mjög takmarkaður og er engan veginn við það miðaður, að þær standist áraun frá stroffum undir álagi. Það er mat undirritaðs, að biluð öryggislæsing í krók hafi ekki verið orsök slyssins. Hafi öryggislæsing verið óvirk eftir slysið er annarra orsaka að leita. Enn fremur er ekki ástæða til að ætla, að krókur án öryggislæsingar myndi orsaka slys við þessar aðstæður."

Matsmennirnir hafa komið fyrir dóminn og staðfest álit sín. Það kom fram hjá báðum matsmönnum, að þeir töldu heppilegra sökum vinnusparnaðar að skila áliti sinn í hvoru lagi, þó að niðurstaða væri fyllilega samrýmanleg. Þeir gátu þess einnig, að fulltrúi bæjarfógeta, hinn sami og sá um að dómkveðja þá, hefði tjáð þeim, að ekki skipti máli, þótt þeir skiluðu áliti sinn í hvoru lagi.

Þegar þessi atriði eru virt, þykir það ekki rýra sönnunargildi matsgerðar-

innar, að matsmennirnir skiluðu áliti sinn í hvoru lagi, en báðir matsmenn taka í álitum sínum afstöðu til þeirra atriða, sem um er spurt í matsbeiðni og fyrir þá er lagt í dómkvaðningu, þótt matsmaðurinn Aðalsteinn fari ýtarlegar í þau atriði, er snýr að hugsanlegum orsökum slyssins. Þess skal hér getið, að báðir matsmenn benda á, að búnaður til að tryggja örugga hífingu hefði átt að vera í samræmi við það, sem Vinnueftirlit ríkisins mælir með í fræðsluriti sínu. Á það hafi skort, enda hringur eða lás, sem settur er í stroffurnar og upp í krókinn, ekki fyrirliggjandi. Matsmaðurinn Aðalsteinn bendir enn fremur á, að of gleitt horn milli kaðla, er hífing fer fram, sem og, að breyting verði á jafnvægisstillingu við, að líkamsþungi mannsins færist til í bátnum, geti m. a. valdið því, að fremri kaðallinn hafi farið fram af króknum.

– – –

III.

Niðurstaða.

Álitsgerðir matsmanna, sem dómkvaddir voru að ósk stefnda, eftir að dómur gekk í málinu 17. mars 1989, kippa stoðum undan fullyrðingu stefnanda, að slysið megi rekja til bilunar í öryggislæsingu í króki þeim, sem notaður var við hífinguna, en eins og rakið er í dómi Hæstaréttar, var á slíkri forsendu byggt í hinum fyrra dómi. Dómurinn getur þannig fallist á þær röksemdir, sem hinir dómkvöddu matsmenn byggja niðurstöðu sína á. Stefnandi gat þannig ekki, er hann bjó bátinn til hífingar, treyst á, að öryggislæsing í kranakróknum héldi byrðinni. Stefnanda, sem var þaulvanur allri vinnu við plastbátaframleiðslu bar að haga störfum sínum í umrætt sinn með þeim hætti, að hífing á bát úr móti yfir á næsta framleiðslustig færi fram þannig, að ekki væri hætta á, að kaðlar rynnu fram af krók, og að tryggt yrði, að átak yrði alltaf jafnt, þegar á það reyndi við hífingu og slökun. Þeim mun ríkari ástæða var það fyrir stefnanda að gæta ýtrustu varkárni og vandvirkni, þegar haft er í huga, að hann sjálfur var um borð í bátnum, er hífing fór fram, og snögg jafnvægisbreyting við slökun vegna líkamshreyfingar gat haft alvarlegar afleiðingar. Þá verður að telja, að stefnanda, sem sótt hafði námskeið hjá Iðntæknistofnun og fengið löggildingu sem verkstjórnandi við plastbátaframleiðslu, hafi borið að sjá til þess, að framfylgt yrði leiðbeiningum Vinnueftirlits ríkisins um notkun stálhrings á stroffur til að tryggja jafnt átak, en hífa ekki byrðina að öðrum kosti.

Þótt stefnda, eins og að framan greinir, hafi brugðist skyldu sinni að tilkynna lögreglu og Vinnueftirliti ríkisins um slysið, þegar það bar að höndum, þykir hin viðamikla rannsókn, sem síðar hefur fram farið, hafa leitt í

ljós, að orsakir slyssins megi rekja til óvandaðra vinnubragða stefnanda sjálfs. Sýkna verður þannig stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu og leggja alla ábyrgð á orsökum slyssins á stefnanda sjálfan.

Stefnda var í lófa lagið þegar eftir þingfestingu málsins að fá dómkvadda óvilhalla matsmenn til að treysta örugga gagnaöflun, sem var nauðsynleg, eins og hér stóð á. Þetta vanrækti stefnda, allt þar til dómur hafði gengið í héraði. Þótt niðurstaða málsins sé, eins og að framan greinir, afdráttarlaust stefnda í vil, þykir verða með hliðsjón af óskilvirkri gagnaöflun stefnda í málinu, sbr. einnig 3. tl. 1. mgr. 131. gr. laga 91/1991, að dæma, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Er aðalmeðferð með munnlegum málflutningi fór fram í málinu 11. júní sl., voru lög nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði ásamt breytingalögum nr. 28/1981 enn í gildi. Meðferð málsins fór því fram fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja, en er dómur er nú upp kveðinn, hafa lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92/1989 ásamt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála verið lögfest og öðlast gildi, en hvor tveggja lögin öðluðust gildi 1. júlí 1992. Hinn 1. júlí 1992 hafði dómur ekki enn verið kveðinn upp í málinu. Með því að mál þetta færðist í Héraðsdóm Suðurlands, sbr. I. kafla laga nr. 92/1989 og 1. mgr. 164. gr. laga nr. 91/1991, 1. júlí sl., er dómur nú kveðinn upp í Héraðsdómi Suðurlands, en dómarinn er einn þriggja dómara við þann dómstól. Málið hefur hlotið nýtt málsnúmer í samræmi við á orðna réttarfarsbreytingu, en málið bar áður málsnr. 84/1988.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari og meðdómsmennirnir Bjarni Thoroddsen véltæknifræðingur og Benedikt Guðmundsson skipaverkfræðingur dæma mál þetta. Uppkvaðning dóms í máli þessu hefur tafist nokkuð vegna mikilla embættisanna dómsformanns og röskunar samfara flutningi skrifstofu dómsformanns frá Vestmannaeyjum til Selfoss í tengslum við nýja dómstólaskipan, en gætt var ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Dómsorð:

Stefnda, Skipaviðgerðir hf., kt. 590260-6459, skal vera sýknt af skaðabótakröfu stefnanda, Sigfúsar Sveinssonar, kt. 190541-4289, í máli þessu, en málskostnaður skal niður falla.

Þriðjudaginn 18. október 1994.

Nr. 320/1994. **Stefanía Bragadóttir f. h.**
ófjárráða dóttur sinnar,
Sigrúnar Gunnarsdóttur
(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.),
gegn
Samúel Jónssyni og
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Kærumál. Hæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með ódagsettri kæru, er barst réttinum 14. júlí 1994. Kæruheimild er í a-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að tekin verði til greina krafa um, að héraðsdómarinn, Valtýr Sigurðsson, víki sæti í málinu. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

I.

Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, er mál þetta höfðað vegna umferðarslyss, er Sigrún Gunnarsdóttir varð fyrir 5. apríl 1989. Hefur henni verið metin 10% varanleg örorka vegna slyssins. Nema kröfur hennar í málinu 1.638.611 krónum auk vaxta og kostnaðar. Hið stefnda tryggingafélag viðurkennir bótaskyldu og býður fram bætur að fjárhæð 515.000 krónur auk kostnaðar.

Samkvæmt bókun sóknaraðila fyrir héraðsdómi byggist krafa hans um, að héraðsdómari víki sæti, á því, að „dómari sé sonur Sigurðar Jónssonar, eiganda að 0,76% hlutafjár í hinu stefnda félagi, en nefndur Sigurður sé fyrrum forstjóri félagsins til langs tíma og ástæða sé til að ætla, að dómarinn geti ekki litið hlutlaust á málavöxtu". Var vísað til d- og g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 til stuðnings kröfunni.

Engin gögn liggja fyrir í málinu um hlutafjáreign Sigurðar Jóns-

sonar í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Héraðsdómari miðar í úrskurði sínum við þá staðhæfingu sóknaraðila, að faðir sinn sé eigandi að 0,76% heildarhlutafjár í hinu stefnda félagi. Verður sú afstaða hans til staðreynda málsins lögð til grundvallar dómi.

Í greinargerð sóknaraðila fyrir Hæstarétti er bent á, að faðir héraðsdómarans kunni að njóta eftirlauna frá hinu stefnda tryggingafélagi samkvæmt eftirlaunasamningi. Eigi nýtur gagna um þessa nýju málsástæðu, sem sýnist ekki hafa verið hreyft í héraði.

II.

Í yfirliti Talnakönnunar hf. úr ritinu Íslensku atvinnulífi, 22. tbl. 7. árg. 1994, um Sjóvá-Almennar tryggingar hf. kemur fram greining á ársreikningum félagsins nokkur undangengin ár. Þar sést meðal annars, að í árslok 1993 hafi nafnverð heildarhlutafjár verið 304.000.000 krónur. Í ársbyrjun 1994 hafi hluthafar verið 421, og áttu 10 þeirra hluti, sem hver um sig nam 2,8%–12,1% heildarhlutafjár, samtals 60,2%. Hlutir annarra hafi verið smærri. Þar kemur einnig fram, að vegna áranna 1990–1993 hafi hluthöfum þrisvar verið greiddur 10% ársarður, en eitt árið 15%.

III.

Samkvæmt g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991 er dómari vanhæfur til að fara með mál, ef fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður en þær, sem fram koma í a- til f-lið sömu greinar og fallnar eru til að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa. Í athugasemdum, er fylgdu þessari grein í frumvarpi til nefndra laga, kemur fram, að efni hennar sé sambærilegt reglu 7. tl. 36. gr. áðurgildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði þrátt fyrir breytt orðalag.

Þótt úrslit máls varði ekki fjárhagslega eða aðra hagsmuni dómara sjálfs, er ekki loku fyrir það skotið, að þau varði nánustu venslamenn hans með þeim hætti, að aðstæður, sem lýst er í g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991, kunni að valda vanhæfi dómarans. Við mat á því, hvort hlutafjáreign föður héraðsdómarans í þessu máli geti með réttu talist fela í sér slíkar aðstæður, verður að líta til eðlis og vægis þeirra hagsmuna. Enn fremur ber að meta, hvort almennt yrði talin hætta á, að slíkir hagsmunir kunni að leiða til þess, að ómálefnaleg sjónarmið geti haft áhrif á niðurstöðu málsins.

Ljóst er, að það myndi leiða til nokkurra útgjalda fyrir hið stefnda tryggingafélag, ef fallist yrði á kröfur sóknaraðila að einhverju eða öllu leyti. Með hliðsjón af eðli þess álitaefnis, sem til úrlausnar er í málinu, verður hins vegar eigi talið, að slík málalok gætu varðað föður héraðsdómara fjárhagslega með þeim hætti, að efni séu til þess að draga óhlutdrægni dómarans með réttu í efa. Er þá meðal annars til þess að líta, að hér er um að ræða svo lítinn eignarhluta í almenningshlutafélagi, að almennt verður ekki talin hætta á, að ómálefnaleg sjónarmið geti haft áhrif á niðurstöðu máls.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, verður ekki fallist á það með sóknaraðila, að héraðsdómari sé vanhæfur til meðferðar málsins vegna ákvæða g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991. Með hliðsjón af því og skírskotun til forsendna héraðsdómara um hæfi sitt samkvæmt d-lið sömu lagagreinar verður úrskurður hans staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. júní 1994.

Stefnandi höfðaði mál þetta fyrir dóminum með stefnu, birtri 12. október 1993. Tilefnið var krafa um skaðabætur úr hendi stefndu, að fjárhæð 1.638.611,00 kr., auk vaxta og kostnaðar vegna meiðsla, er stefnandi hlaut í umferðarslysi 5. apríl 1989. Bótaskylda stefndu er ekki vefengd, en deilt er um fjárhæð bóta.

Í þinghaldi 14. þ. m. lét lögmaður stefnanda bóka þá kröfu sína, að dómari málsins viki sæti, með vísan til 5. gr. laga nr. 91/1991, einkum d- og g-liðar, „þar sem dómari sé sonur Sigurðar Jónssonar, eiganda að 0,76% hlutafjár í hinu stefnda félagi, en nefndur Sigurður sé fyrrum forstjóri félagsins til langs tíma, og ástæða sé til að ætla, að dómarinn geti ekki litið hlutlaust á málavöxtu". Af hálfu lögmanns stefndu var bókað, að hann teldi kröfu þessa ástæðulausa. Krafa þessi var tekin til úrskurðar, eftir að lögmaður stefnanda hafði tjáð sig um hana munnlega.

Samkvæmt d-lið 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála telst héraðsdómari vanhæfur til að fara með mál, tengist hann málsaðila. Sigurður Jónsson var forstjóri Sjóvá hf., sem síðar varð Sjóvá-Almennar tryggingar hf., á árunum 1971 til ársloka 1983, er hann lét að störfum fyrir aldurs sakir. Engin tengsl eða skyldleiki eru milli dómara og núverandi stjórnenda hins stefnda félags. Samkvæmt því eru engin þau tengsl dómara við aðila máls-

ins, að varða ættu vanhæfi hans til meðferðar þess skv. d-lið 5. gr. laga nr. 91/1991. Ber að hafna kröfu stefnanda að því leyti, sem hún lýtur að d-lið 5. gr.

Stefnandi reisir kröfu sína um, að dómari málsins víki sæti, einnig á g-lið 5. gr. sömu laga, en samkvæmt þeirri grein er dómari vanhæfur til að fara með mál, ef fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður, sem fallnar séu til þess að draga óhlutdrægni hans í efa.

Einn helsti tilgangur dómstóla er sá að gefa aðilum máls kost á að fá leyst úr réttarágreiningi sínum fyrir óháðum, óhlutdrægum dómstóli. Um það, hvenær þeim skilyrðum telst fullnægt, ber að styðjast öðrum þræði við túlkun á 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Þeim almennu reglum um hæfi dómara til að fara með mál, sem fram koma m. a. í 5. gr. laga nr. 91/1991, er ætlað að tryggja, eins og unnt er, þetta markmið.

Regla sú, sem fram kemur í g-lið 5. gr. laganna, er að því leyti til ólík öðrum liðum greinarinnar, að vanhæfi ræðst þar af atvikum eða aðstæðum, sem snúa að dómsmáli hverju sinni og gefa réttmætt tilefni til að draga óhlutdrægni dómara í efa. Við mat á því, hvenær skilyrðum greinarinnar er fullnægt, ber að taka mið af þörfinni fyrir traust málsaðila og almennings til dómstólanna. Á móti kemur, að til að dómstólarnir geti starfað eðlilega, þurfa samkvæmt greininni að vera efni til, að draga megi óhlutdrægni dómara með réttu í efa.

Stefnandi hefur upplýst, að Sigurður Jónsson, faðir dómara málsins, eigi 0,76% hlutafjár í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Verður sú fullyrðing lögð til grundvallar hér. Úrslit máls þessa geta á engan hátt haft áhrif á rekstrarlega afkomu hins stefnda félags eða arðgreiðslur til hluthafa, en ætla verður, að á þeim sjónarmiðum sé málsástæða stefnanda m. a. reist. Þá geta úrslit málsins með engu móti haft áhrif á fjárhagslega afkomu dómara málsins. Verður því ekki séð, hvernig draga megi óhlutdrægni dómara í máli þessu í efa. Er kröfu stefnanda um, að dómari víki sæti samkvæmt g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991, því hafnað.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu stefnanda, Stefaníu Bragadóttur f. h. ófjárráða dóttur sinnar, Sigrúnar Gunnarsdóttur, um, að dómari málsins, Valtýr Sigurðsson héraðsdómari, víki sæti, er hafnað

Miðvikudaginn 19. október 1994.

Nr. 424/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Unnari Sigurði Hansen
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. október sl., sem barst réttinum 13. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar. Sú krafa er nú eingöngu byggð á ákvæðum c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Af hálfu sóknaraðila hefur verið lýst yfir í greinargerð til Hæstaréttar, að í þágu rannsóknar sé ekki lengur þörf á, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi, þar sem Halldór Svavar Ólafsson, sem um getur í hinum kærða úrskurði, hafi verið handtekinn eftir uppkvaðningu hans og játað að hafa átt þátt í umræddu innbroti að Bíldshöfða 14 í Reykjavík með varnaraðila.

Með dómi Hæstaréttar 18. ágúst sl. í málinu nr. 354/1994 var varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 29. september sl. á grundvelli a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Að því athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. október 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Unnari Sigurði Hansen, kt. 170966-4659, Bröttukinn 6, Hafnarfirði, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 25. nóvember nk. kl. 16.00 vegna grunar um ýmis brot hans gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Kærði mótmælti kröfunni um gæsluvarðhald, en gerði til vara þá kröfu, að gæsluvarðhaldinu yrði markaður styttri tími.

– – –

Grunur leikur á, að kærði hafi framið brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, og geta þau brot varðað hann fangelsi. Þá bera rannsóknargögn málsins það með sér, að rökstuddur grunur leikur á, að kærði hafi gerst sekur um refsiverð brot í Danmörku síðastliðið sumar. Með hliðsjón af þessu svo og sakaferli kærða hér á landi þykir verða að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, eins og hún er fram sett, með vísan til framangreindra a- og c-liða 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kærði, Unnar Sigurður Hansen, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 25. nóvember 1994 kl. 16.00.

Miðvikudaginn 19. október 1994.

Nr. 420/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Jóhönnu Rut Birgisdóttur
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Kæruheimild. Gæsluvarðhald. Heimsóknarbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. október sl., er barst réttinum 11. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. október 1994 um staðfestingu á þeirri ákvörðun forstöðumanns fangelsa á höfuðborgarsvæðinu, að Birni Kjartanssyni sé bannað að heimsækja varnaraðila, sem sætir gæsluvarðhaldi. Varnaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og Birni Kjartanssyni verði heimilað að heimsækja sig í fangelsið að Síðumúla 28 í Reykjavík á þeim dögum, er reglur fangelsisins segja til um. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Ágreiningur er um tilhögun þeirrar gæsluvarðhaldsvistar, er varnaraðila var gert að sæta að kröfu sóknaraðila 10. september sl. Sú ákvörðun var tekin af forstöðumanni fangelsa á höfuðborgarsvæðinu 6. október sl. að leggja bann við því, að Björn Kjartansson fengi að heimsækja varnaraðila í fangelsið að Síðumúla 28.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar má fallast á, að dómstólar séu bærir til að leysa úr kröfum varnaraðila, sbr. 3. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 107. gr. laga nr. 92/1991.

Fyrrnefnd ákvörðun var reist á öryggissjónarmiðum varðandi Björn Kjartansson og styðst við heimild í 3. mgr. 41. gr. reglugerðar nr. 179/1992 um gæsluvarðhaldsvist. Það reglugerðarákvæði á sér stoð í upphafsorðum 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. október 1994.

Beiðni Jóhönnu Rutar Birgisdóttur, sem móttekin var í Héraðsdómi Reykjavíkur 4. október sl., er lögð fyrir dóminn á grundvelli 3. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991 og 75. gr. sömu laga, og var hún tekin til úrskurðar 7. október sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Gæsluvarðhaldsfanginn Jóhanna Rut Birgisdóttir gerir þá kröfu, að unnusti sinn, Björn Kjartansson, kt. 170168-3489, fái að heimsækja sig í fangelsið á þeim dögum, sem reglur fangelsins segja til um.

Af hálfu Fangelsismálastofnunar ríkisins er gerð sú krafa, að ákvörðun forstöðumanns fangelsa á höfuðborgarsvæðinu um bann við heimsóknum Björns Kjartanssonar til Jóhönnu Rutar verði staðfest.

Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins eru engar kröfur gerðar.

– – –

II.

Samkvæmt orðalagi 3. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991 er gæsluvarðhaldsfanga heimilt að bera atriði, sem varða gæsluvarðhaldsvist, undir dómara eftir ákvæðum 75. gr. sömu laga. Ákvæði 75. gr. heimila, að undir dómara verði borinn ágreiningur um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda svo og ágreiningur um réttindi sakbornings og málsvara hans, þar á meðal ósk þeirra um tilteknar rannsóknaraðgerðir. Síðarnefnda lagagrein er að finna í IX. kafla laganna um rannsókn, en 108. gr. er hins vegar í XIII. kafla um gæsluvarðhald og skyldar ráðstafanir. Sú kæruleið, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 80. gr. reglugerðar nr. 179/1922, sem sett er meðal annars með heimild í 2. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991, verður ekki talin girða fyrir það úrræði gæsluvarðhaldsfanga að bera ágreiningsefni varðandi gæsluvarðhaldsvist sína undir dómara samkvæmt skýru orðalagi 3. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991. Með vísan til þessa er frávísunarkröfu Fangelsismálastofnunar ríkisins hafnað.

Í 3. mgr. 41. gr. áðurnefndrar reglugerðar um gæsluvarðhaldsvist er forstöðumanni fangelsis heimilað að banna tilteknum einstaklingum að koma í heimsókn til gæsluvarðhaldsfanga, ef það telst nauðsynlegt til að halda góðri reglu eða öryggi í fangelsinu eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað. Forstöðumaður fangelsis getur einnig bannað fyrrverandi gæsluvarðhalds- eða afplánunarfanga að koma í heimsókn í fangelsið. Tilgangur ákvæðis 3. mgr. 41. gr. reglugerðarinnar er meðal annars sá að koma í veg fyrir, að fíkniefnum verði smyglað til gæsluvarðhaldsfanga. Með hliðsjón af

þessu verður að telja, að heimild þessa ákvæðis samrýmist ákvæðum c-liðar 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991, en heimsóknarbannið byggist á öryggissjónarmiðum, eins og fram er komið í gögnum málsins. Ekki verður á það fallist með lögmanni beiðanda, að reglugerð nr. 179/1992 hafi ekki nægjanlega stoð í lögum.

Með vísan til framanritaðs og þess, að form og rökstuðningur ákvörðunarinnar er með lögmætum hætti, verður henni ekki hnekkt.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu Fangelsismálastofnunar ríkisins er hafnað.

Ákvörðun forstöðumanns fangelsa á höfuðborgarsvæðinu frá 6. október 1994 um að banna Birni Kjartanssyni að heimsækja gæsluvarðhaldsfangann Jóhönnu Rut Birgisdóttur á að vera óröskuð.

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 426/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Stefáni Sigurðssyni
(Brynjar Níelsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. október sl., sem barst réttinum 17. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 15. nóvember nk. kl. 16.00.

Varnaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 14. október sl. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Varnaraðili er undir rökstuddum grun um stórfelld brot gegn 248. gr. og 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í tengslum við fjármálasamskipti sín við sex konur. Upphaf þeirrar rannsóknar verður rakið til kæru Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns til sóknaraðila 14. mars 1994 varðandi samskipti varnaraðila við þrjár þessara kvenna. Mánuði síðar kom fram kæra frá hinni fjórðu. Hefur sóknaraðili staðið allar götur síðan að rannsókn málsins, meðal annars með öflun gagna frá ýmsum lánastofnunum. Lögregluskýrslur voru teknar af kærendum á tímabilinu 18. maí til 29. júlí sl. að einni konu undanskilinni, en andlegt ástand hennar þótti ekki gefa tilefni til skýrslutöku. Í vottorði Lárusar Helgasonar, læknis á geðdeild Landspítalans, dagsettu 16. júní sl., kemur þó fram, að hún hafi þá verið fær um að gefa skýrslu um málsatvik. Rannsókn málsins, að því er varðar fjármálasamskipti varnaraðila og fjögurra kvennanna, hafði þannig varað í sex mánuði, er varnaraðili var úrskurðaður í gæsluvarðhald. Af gögnum málsins verður

ráðið, að flest þau skjöl, er málinu tengjast, séu þegar komin fram. Þykja því ekki, eins og málið liggur nú fyrir, efni til að verða við kröfu sóknaraðila um lengra gæsluvarðhald varnaraðila.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. október 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Stefáni Sigurðssyni, kt. 080544-3169, leigubifreiðarstjóra, Kötlufelli 9, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi í 32 daga, til 15. nóvember nk. kl. 16.00.

RLR kveðst vinna að rannsókn á ætluðum brotum Stefáns gegn 248. og 253. gr. almennra hegningarlaga. Á grundvelli kæru og gagna, er aflað hafi verið, beinist grunur að því, að kærði hafi komist yfir um 15 milljónir króna með því að fá sex konur til að gangast undir fjárskuldbindingar í sína þágu eða ganga í ábyrgðir fyrir hann.

Því er haldið fram, að kærði virðist ætíð hafa með svipuðum hætti skýrt fjárhagsvandræði sín fyrir konum þessum og með því móti hafi honum tekist að fá þær til að takast á hendur fjárskuldbindingar sín vegna svo og að láta hann hafa fé. Kynni hans af konunum hafi yfirleitt ekki staðið lengi, er honum hafi tekist að fá þær til að taka á sig fjárskuldbindingar.

Konur þessar eru taldar í gögnum málsins og því jafnframt lýst, að geðheilsa a. m. k. einnar þeirra sé ekki góð. Þar er einnig upptalning skuldbindinga, er rannsókn beinist að, og er þar um talsvert háar fjárkröfur að ræða. Lögreglan telur, að skuldbindingar þessar séu umfram það, sem konurnar geti með góðu móti ráðið við.

Kærði staðfesti fyrir dómi, að konur þessar hefðu gengið í ábyrgðir fyrir sig og tekið lán beint fyrir sig. Þær hafi hins vegar gert þetta að eigin frumkvæði, og kveðst hann telja sig geta staðið við þessar skuldbindingar, ef þær verði til samvinnu um skuldbreytingar. Vegna heilsubrests hafi hann lítið getað stundað vinnu á þessu og síðasta ári og því ekki haft miklar tekjur.

Rannsókn þessa máls hefur staðið um nokkurn tíma, en þó verður ekki sagt, að hún sé komin langt á veg. Enn er eftir að taka nákvæmar skýrslur af kærendum og yfirheyra kærða mun nánar. Þá sýnast samprófanir munu verða tímafrekar.

Telja verður nauðsynlegt í þágu rannsóknar málsins, að kærða verði gert ókleift að hafa samband við kærendur og aðra brotaþola. Rannsókn beinist

að ætluðum brotum, sem gætu varðað fangelsisrefsingu skv. 248. og 253. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt heimild í a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður kærða því gert að sæta gæsluvarðhaldi. Ekki er þó unnt að ákveða varðhaldstímann svo langan sem krafist er, en hann verður ákveðinn til mánudags 24. október nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Stefán Sigurðsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til mánudags 24. október 1994 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 98/1991. **Jón Guðni Kristinsson**
(Skúli Th. Fjeldsted hrl.)
gegn
Teiknistofunni Bankastræti 11 sf.
(Kristján Stefánsson hrl.)

Verksamningur. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. mars 1991. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara, að kröfur sínar verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er til áfrýjanda tekur, og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Í aðilaskýrslu sinni fyrir dómi hefur Guðni Pálsson, annar eigenda stefnda, lýst aðdraganda að viðskiptum fyrirtækisins við áfrýjanda og Ragnheiði Óskarsdóttur. Hafi Ragnheiður haft samband við stefnda í september 1988 og óskað eftir teiknivinnu við breytingar á innréttingum verslunarinnar Blondie að Laugavegi 77. Nokkrum dögum síðar hafi áfrýjandi og Ragnheiður rætt við eigendur stefnda og óskað eftir, að þessi vinna yrði stöðvuð vegna ráðagerða þeirra um að opna verslun í nýbyggingu í Kringlunni nr. 4. Um 10. október hafi þau enn gefið sig fram og nú með óskir um hönnun þessa verslunarhúsnæðis í Kringlunni, þar sem þau hafi nú ákveðið að flytja verslunina þangað.

Þessi frásögn fær stoð í aðilaskýrslu Ragnheiðar Óskarsdóttur, þar sem vikið er að þætti áfrýjanda í skiptum þeirra við stefnda.

Guðni Pálsson kveðst fyrir hönd stefnda hafa tekið að sér verkið, eftir að hafa varað Ragnheiði og áfrýjanda við því, að mjög skammur tími væri til stefnu, þar eð opnun verslunarmiðstöðvarinnar í Kringlunni væri þegar ákveðin 1. desember sama ár. Hefur Guðni

borið, að eigendur teiknistofunnar hafi talið áfrýjanda vera meðeigenda að versluninni og að ekkert í framgöngu hans eða Ragnheiðar hafi gefið ástæðu til að ætla annað en svo væri.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, þykja eigendur stefnda hafa haft réttmæta ástæðu til að líta svo á, að verk þeirra væri unnið fyrir bæði áfrýjanda og Ragnheiði Óskarsdóttur. Er þá jafnframt til þess að líta, að umrædd verslun í Kringlunni var óskráð einkafyrirtæki.

Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms um aðrar sýknuástæður áfrýjanda en aðildarskort ber að staðfesta hann. Þá ber að dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er tekur til áfrýjanda, Jóns Guðna Kristinssonar.

Áfrýjandi greiði stefnda, Teiknistofunni Bankastræti 11 sf., 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. desember 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 8. júní 1989, af Teiknistofunni Bankastræti 11 sf., Reykjavík, kt. 410285-0459, gegn Jóni Guðna Kristinssyni, kt. 060158-7119, Dverghömrum 22, Reykjavík, og Ragnheiði Óskarsdóttur kaupkonu, kt. 140257-7619, Skipholti 14, Reykjavík, báðum persónulega og vegna óskráðra einkafyrirtækja þeirra, Blondie og NAf NAf.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd til þess að greiða stefnanda in solidum 393.994,00 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda Jóns Guðna eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar.

Dómkröfur stefndu Ragnheiðar Óskarsdóttur eru þær aðallega, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveður kröfur sínar byggjast á reikningum stefnanda, dags. 7. desember 1988, að eftirstöðvum að fjárhæð 393.994,00 kr. Reikningar þessir

séu til komnir vegna teiknivinnu stefnanda, sem stefndu hafi beðið um fyrir fyrirtæki þeirra, Blondie, að Laugavegi 77, Reykjavík, og verslunina NAF NAF í Kringlunni 4, Reykjavík. Hafi stefndu óskað eftir teiknivinnu um tillögur að innréttingum í versluninni Blondie, en í október 1988 hafi þau ákveðið að flytja verslunina í Kringluna 4 og opna hana þar 1. desember 1988, og hafi þau beðið stefnanda um tillögur að útliti og innréttingum þeirrar verslunar. Verkið hafi verið unnið í september, október, nóvember og desember 1988.

Starfsfólki stefnanda hafi gengið illa að fá stefndu til viðræðna, þar sem þau hafi oft ekki mætt til boðaðra funda fyrr en dögum seinna. Reikningar fyrir verkið hafi, að veittum 33% afslætti, numið 443.994,00 kr. Reikningarnir séu reistir á ýtarlegum tímaskýrslum og á útseldum töxtum arkítekta og útlögðum kostnaði. Ekki hafi verið samið fyrir fram um fast endurgjald fyrir verkið. Stefnandi hafi margsinnis farið fram á innborgun inn á verkið, og hafi stefndu 29. nóvember 1988 greitt 50.000,00 kr., sem færðar séu á reikninginn 7. desember sem innborgun.

Stefndu hafi slitið starfssamningi með símskeyti, dags. 12. desember 1988, en þá höfðu teikningar verið kynntar og verkinu nánast lokið.

Af hálfu stefndu er málsatvikum lýst svo, að teiknistofa stefnanda hafi tekið að sér teiknivinnu við innréttingu í versluninni Blondie, sem hlutafélagið Huld hf. hafi rekið. Stuttu síðar, í byrjun október, hafi verið ákveðið að hætta við teiknivinnu fyrir verslunina Blondie, en stefnandi tekið að sér að sjá um teikningar að útliti og uppsetningu innréttinga fyrir hina nýju verslun Ragnheiðar, sem opna átti í Kringlunni 4, Reykjavík. Auk þess sem stefnandi átti að hanna útlit verslunarinnar og nokkuð af innréttingum, hafi stefnandi einnig átt að sjá um skipulag innréttinga, sem pantaðar hafi verið frá NAF NAF í Frakklandi, og ákveða, hversu marga hluti í innréttinguna þyrfti að panta frá því fyrirtæki. Hafi verið áformað að opna verslunina eigi síðar en 1. desember 1988. Umsamið verð fyrir vinnu stefnanda hafi verið 180.000,00 kr. til 220.000,00 kr.

Þar sem verslunina hafi átt að opna í byrjun desember, hafi átt að skila vinnuteikningum, sem iðnaðarmenn gætu unnið eftir, í nóvember. Fullbúnar vinnuteikningar hafi hins vegar aldrei borist, heldur aðeins grunnteikningar eða grófar yfirlitsmyndir, sem borist hafi allt of seint. Þær teikningar, sem afhentar hafi verið málsettar, hafi flestar verið rangar, og hafi iðnaðarmenn aðeins unnið eftir þeim að litlu leyti. Grunnmynd, sem gerð var, hafi verið ónothæf að miklum hluta, þar sem m. a. hafi þurft að breyta allri skipan baka til í versluninni. Þar sem þær teikningar, sem bárust frá stefnanda, hafi reynst ónothæfar að mestum hluta, hafi iðnaðarmenn, sem unnu

við uppsetningu verslunarinnar, sjálfir orðið að breyta og endurhanna það, sem ónothæft reyndist. Vegna slælegrar framkomu starfsmanna stefnanda hafi stefnanda verið sagt upp störfum 3. desember 1988, og hafi tekist með hjálp iðnaðarmanna að ljúka verkinu 10. desember 1988.

Þegar innréttingar frá NAF NAF bárust, hafi fjöldi þeirra hluta í innréttingarnar, sem pantaðar voru, reynst rangur, svo að bíða þurfti eftir réttum hlutum að utan, og hafi þessi mistalning ásamt röngum og of seint fram komnum teikningum stefnanda tafið opnun verslunarinnar fram til 10. desember 1988, sem þýtt hafi, að verslunin NAF NAF hafi verið lokuð fyrstu 10 dagana, sem verslunarmiðstöðin Kringlan 4 var opin, en þann tíma hafi einmitt verið óhemjumikil umferð og verslun þar vegna mikillar kynningar í sambandi við opnunina, en verslunarmiðstöðin hafi verið opnuð 1. desember 1988.

Stefnandi hafi séð um teikningu og efnisval í „glerfront" verslunarinnar. Umræddur „glerfrontur" sé um það bil 15 m^2 kassalaga glerveggur, sem halli fram að ofanverðu. Í þennan glervegg hafi stefnandi valið þunnt, einfalt, venjulegt rúðugler, sem varla hafi staðið undir sér sjálft og hefði reynst hættulegt. Er það var sett upp, hafi málin reynst röng, svo að glerið passaði ekki eins og til hafi verið ætlast. Þar sem málin hafi reynst röng og glerið ekki nægilega öruggt í umræddan glervegg, hafi því orðið að setja í nýtt gler, 11 mm þykkt öryggisgler, sem trésmiðir hefðu tekið rétt mál fyrir.

Sýknukröfu sína styður stefndi Jón Guðni þeim rökum, að hann sé ekki réttur aðili þessa máls. Að því er varðar þann hluta stefnufjárhæðar, sem er vegna verslunarinnar Blondie, sé þess að geta, að hlutafélagið Huld hafi rekið þá verslun, en Jón Guðni sé aðeins einn hluthafa þess félags. Þá sé rekstur NAF NAF í Kringlunni 4 Jóni Guðna óviðkomandi, en sú verslun sé óskráð einkafyrirtæki Ragnheiðar. Af hálfu Ragnheiðar var í greinargerð byggt á þeirri málsástæðu, að reikning vegna Blondie eigi að greiða af Huld hf., en við munnlegan málflutning var fallið frá þeirri málsástæðu og því lýst yfir af hálfu beggja stefndu, að ekki væri gerður ágreiningur um reikning fyrir teiknivinnu vegna verslunarinnar Blondie.

Þá er sýknukrafa stefndu enn fremur studd þeim rökum, að þeim sé óskylt að greiða nokkuð til stefnanda, þar sem þau eigi bótakröfu á stefnanda vegna umræddrar teikni- og hönnunarvinnu, seinkunar, illa unninna teikninga og annarra mistaka stefnanda við verkið, sem leitt hafi til þess, að dráttur varð á opnun verslunarinnar. Leggja hafi þurft út í aukin efniskaup, iðnaðarmenn hafi orðið að breyta og endurhanna það, sem ónothæft reyndist, og mikill hluti þeirrar vinnu hafi verið unninn í næturvinnu með miklum aukakostnaði.

Krafa, sem stefndu geri vegna rangrar pöntunar á gleri, nemi 63.303,00 kr. auk vaxta skv. 10. gr. vaxtalaga frá 7. desember 1988. Krafa, sem stefndu geri vegna seinkunar á opnun verslunarinnar, reiknist þannig, miðað við, að sala hafi tapast 7 verslunardaga: brúttósala 150.000,00 kr. á dag og nettóhagnaður 35% þar af, 52.500,00 kr. á dag í sjö daga, samtals 367.550,00 kr. auk vaxta skv. 10. gr. vaxtalaga frá 7. desember 1988. Þess er einungis krafist, að bótakrafa stefndu verði notuð til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda, að nægi til sýknu, en til vara lækkunar á stefnukröfum.

Reikningsgerð stefnanda á grundvelli tímaskýrslna og taxta arkítekta sé mótmælt sem allt of hárri, enda hafi verið samið um fast verð fyrir verkið, 180.000,00 kr. til 220.000,00 kr. Þá beri tímaskýrslur ekki með sér, í hverju vinnan var fólgin.

Niðurstaða.

Stefnandi reisir kröfur sínar á tveimur reikningum. Er annar reikningurinn fyrir teiknivinnu við innréttingu á versluninni Blondie, 29.092,00 kr. Við munnlegan málflutning lýsti lögmaður stefndu yfir því, svo sem áður er rakið, að af hálfu stefndu væri ekki gerður ágreiningur um þann reikning. Hinn reikningurinn er fyrir teiknivinnu við innréttingu á versluninni NAF NAF, og er hann að fjárhæð 414.592,00 kr. Af hálfu stefnda Jóns Guðna er því haldið fram, að honum beri ekki að greiða þann reikning, þar sem hann sé ekki réttur aðili að máli þessu.

Upplýst er, að stefndi Jón Guðni samdi ekki í upphafi við stefnanda um teiknivinnu við innréttingar á versluninni NAF NAF, heldur einungis stefnda Ragnheiður. Hins vegar er upplýst, að Jón Guðni tók síðar þátt í vinnufundum með starfsfólki stefnanda, og samkvæmt framburði hans fyrir dómi var hann verkstjóri yfir framkvæmdum í versluninni. Þá er einnig upplýst, að stefnendum var ekki sérstaklega gerð grein fyrir því, hver staða Jóns Guðna væri í samskiptum aðila. Þykir þetta styðja framburð stefnanda Guðna Pálssonar um, að starfsfólk stefnanda hafi litið svo á, að Jón Guðni væri eigandi verslunarinnar.

Þrátt fyrir fullyrðingar stefnda Jóns Guðna um, að hann hafi ekki verið aðili að þeim samningi, er gerður var við stefnanda, ber símskeyti, er stefnanda var sent 12. desember 1988, með sér, að stefndi Jón Guðni hefur litið svo á, að hann væri til þess bær að segja slíkum samningi upp, en í símskeyti þessu, sem undirritað er af báðum stefndu, segir m.a.: „Hér með tilkynnist yður formlega, að samkvæmt símtali við yður laugardaginn 3.12.88 var yður sagt upp störfum sem arkítekt við verslunina NAF-NAF. . . .“ Þá segir einnig í nefndu símskeyti: „Sjáum við okkur ekki annað fært en hefja mál-

sókn á hendur yður vegna mikils fjárhagslegs tjóns, sem við höfum orðið fyrir vegna vanrækslu yðar í starfi."

Þegar framanritað er virt svo og litið til þess, að stefndi hefur uppi gagnkröfur til skuldajafnaðar í málinu, sem væri hann aðili að samningi þeim, sem um er deilt í máli þessu, þykir stefndi verða að bera sönnunarbyrðina fyrir því, að hann hafi ekki verið eigandi verslunarinnar NAF NAF á umræddum tíma og ekki verið aðili að þeim samningi, er gerður var við stefnanda um teiknivinnu vegna verslunarinnar. Þar sem slík sönnun hefur eigi tekist, verður að telja, að kröfum stefnanda sé réttilega beint að stefnda Jóni Guðna í máli þessu.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að vegna illa unninna teikninga stefnanda og annarra mistaka hafi dráttur orðið á opnun verslunarinnar.

Gegn andmælum stefnanda verður að telja ósannað, að samið hafi verið um það milli málsaðila, að teiknivinnu stefnanda skyldi lokið fyrir einhvern tilskilinn tíma. Þá þykir ekki sýnt fram á af hálfu stefndu, að verkinu hafi ekki miðað áfram með eðlilegum hætti.

Óðinn Gunnsteinn Gunnarsson járnsmiður var hinn eini af þeim iðnaðarmönnum, er unnu við framkvæmd verksins, sem bar vitni fyrir dóminum. Bar hann, að teikningar stefnanda væru vel málsettar, skýrar og greinilegar. Með hliðsjón af framburði hans og þeim teikningum, sem fram hafa verið lagðar í málinu og eru endanlegar teikningar stefnanda, þykir ósannað, að þær séu illa unnar, og þykir ekkert það hafa komið fram, er styðji fullyrðingar stefndu um slíkt. Þá hefur ekki verið sýnt fram á einhver þau mistök við vinnu stefnanda, er leitt hafi til þess, að dráttur varð á opnun verslunarinnar.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að þau eigi gagnkröfu til skuldajafnaðar, að fjárhæð 367.500,00 kr., vegna seinkunar á opnun verslunarinnar. Með vísan til þess, sem áður er rakið, þykja ekki efni til að taka þessa kröfu til greina, enda er krafan með öllu órökstudd.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að samið hafi verið um fast verð fyrir verkið, en gegn andmælum stefnanda verður að telja þá fullyrðingu ósannaða. Þá hefur ekkert komið fram, er styðji það, að tímaskýrslur eða tímakaup arkítektanna hafi ekki verið með eðlilegum hætti. Þá þykir ekki sýnt fram á, að tímafjöldi sé óeðlilegur miðað við þá vinnu, er stefnandi innti af hendi. Þykir því ekki sýnt fram á það í málinu, að reikningur stefnanda sé bersýnilega ósanngjarn.

Þá er af hálfu stefndu gerð gagnkrafa til skuldajafnaðar vegna rangrar pöntunar á gleri í glervegg verslunarinnar. Af hálfu stefnanda er því ekki mótmælt, að starfsmenn stefnanda hafi mælt og tekið þátt í að velja það

gler, sem var sett í glervegg verslunarinnar. Hefur Guðni Pálsson borið, að í þennan glervegg hafi verið valið þykkasta gler, sem völ var á. Upplýst er, að umrætt gler var 10 mm einfalt gler, og er óumdeilt í málinu, að notkun slíks glers brýtur ekki í bága við byggingarreglugerð.

Þótt fallast megi á, að öruggara hefði verið að nota öryggisgler í umræddan glervegg, verður að telja ósannaða þá fullyrðingu stefndu, að umrætt gler hafi ekki verið nægilega öruggt. Fullyrðing stefndu um ranga málsetningu á glerinu telst ósönnuð. Þykja stefndu ekki hafa sýnt fram á skaðabótaábyrgð stefnanda í þessu tilviki, og eru því ekki efni til að taka þessa kröfu stefndu til greina.

Niðurstaða málsins er því sú, að dæma ber stefndu til að greiða umstefnda reikninga, sem að frádreginni innborgun, 50.000,00 kr., nema 393.684,00 kr. ásamt umkröfðum vöxtum.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 95.000,00 kr.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Ragnari G. Ingimarssyni prófessor og Halli Kristvinssyni innanhússarkítekt.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna embættisanna dómsformanns.

Dómsorð:

Stefndu, Jón Guðni Kristinsson og Ragnheiður Óskarsdóttir, greiði in solidum stefnanda, Teiknistofunni Bankastræti 11 sf., 393.684,00 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 7. desember 1988 til greiðsludags, þannig, að dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 7. desember 1989, og 95.000,00 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, þannig, að dráttarvextir leggjast við málskostnaðarfjárhæðina á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 139/1993. **Ingþór Ólafsson**
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
gegn
Þórarni Guðnasyni
(Sigmundur Hannesson hrl.)

Skuldabréf. Gagnaöflun. XVII. kafli laga um meðferð einkamála. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1993. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf ríkissaksóknara til Rannsóknarlögreglu ríkisins 18. janúar 1994 um kæru áfrýjanda 17. febrúar 1992 á hendur stefnda fyrir auðgunarbrot eða að minnsta kosti tilraun til þess með innheimtuaðgerðum sínum á skuldabréfi því, sem deilt er um í máli þessu. Með bréfinu leggur ríkissaksóknari fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins að kanna betur tiltekna þætti málsins, þar á meðal, hvernig húsaleiga Byggingamarkaðar Vesturbæjar sf. hafi verið greidd á árinu 1989 og hvaða gögnum tekjuliðurinn „innborganir upp í kostnað frá eigendum“ í reikningum félagsins fyrir umrætt ár sé studdur. Í annan stað hefur verið lagt fyrir Hæstarétt bréf Rannsóknarlögreglu ríkisins 10. október 1994 til lögmanns áfrýjanda, þar sem upplýst er, að rannsókn málsins hafi tafist, þar sem kærði beri því við, að bókhaldsgögn séu týnd, og að hann hafi enn ekki skilað greinargerð sinni um nefnd viðskipti, þótt eftir því hafi verið gengið.

II.

Áfrýjandi hefur lýst málavöxtum svo, að vorið 1989 hafi hann auk stefnda og þriggja annarra manna stofnað Byggingamarkað Vesturbæjar sf. í þeim tilgangi að taka á leigu húsnæði að Sólvallagötu 79 í Reykjavík og reka þar saman byggingamarkað. Hafi sameigendurnir undirritað víxla til tryggingar leigugreiðslum allmarga mánuði fram í tímann, en síðar hafi skuldabréf, undirrituð af sömu mönnum, komið í stað víxlanna. Voru bréfin afhent leigusala. Það skuldabréf, sem stefndi er í máli þessu að gera kröfu til að fá greitt hjá áfrýjanda, sé vegna leigugreiðslu fyrir aprílmánuð 1990. Áfrýjandi hafi hins vegar mjög fljótlega, það er eftir einn eða tvo mánuði, hætt við að vera aðili í þessu rekstrarsamstarfi. Hann hafi ekki komið nálægt leigugreiðslum eða rekstri þessa fyrirtækis. Hafi öllum sameigendunum verið þetta ljóst. Stefndi sé því sjálfur raunverulegur skuldari bréfsins, það er sá, sem átti að greiða leiguna, sem skuldabréfið var notað til að greiða.

Í málinu liggur fyrir tilkynning sameigendanna fimm til Firmaskrár Reykjavíkur, dagsett 7. desember 1989, þar sem lýst er yfir, að áfrýjandi hafi þann dag gengið úr sameignarfélaginu, en hinir félagsmennirnir haldi áfram rekstrinum óbreyttum að öðru leyti.

III.

Mál þetta er rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála á grundvelli skuldabréfs. Höfuðtilgangur þessa kafla laganna, sem felur í sér afbrigðilega meðferð einkamála, er að tryggja eigendum tiltekinna skjala greiða málsmeðferð. Að þessu miðar meðal annars 118. gr. laganna, sem geymir sérreglur, er takmarka, hvaða vörnum um efni málsins áfrýjandi fær komið hér að. Þessar sérreglur laganna fela í sér, að koma megi að vörnum um augljós og óumdeilanleg atriði, án þess að það hafi áhrif á það réttarfarshagræði, sem meðferð samkvæmt XVII. kafla veitir. Í 3. mgr. 118. gr. er eingöngu kveðið á um skjalfest sönnunargögn eða staðhæfingar, sem varnaraðili þarf ekki að sanna, og verður sérreglan túlkuð þröngt.

Varnir áfrýjanda lúta að viðskiptunum á bak við nefnt skuldabréf. Stefndi mótmælir því, að varnir áfrýjanda komist að í málinu, þar sem það er rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991. Verður

dómur ekki lagður á varnir áfrýjanda á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir liggja í málinu. Við þær aðstæður verður ekki hjá því komist að taka kröfur stefnda til greina.

IV.

Er mál þetta var höfðað, var auk kröfu um greiðslu stefnufjárhæðar krafist staðfestingar á löghaldi, sem gert hafði verið til tryggingar kröfunni í fasteigninni nr. 19 við Öldugötu í Hafnarfirði. Var síðar fallið frá þeirri kröfu.

Upphaflega var málið höfðað eftir almennum reglum, en með bókun í þinghaldi 10. febrúar 1992 lýstu aðilar sig sammála um, að meðferð málsins færi samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936, sbr. nú XVII. kafla laga nr. 91/1991. Samkvæmt ákvæðum í skuldabréfinu má reka mál út af því fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt reglum XVII. kafla laga nr. 85/1936. Í sama þinghaldi féll áfrýjandi frá kröfu um frávísun málsins. Í þinghaldi 17. febrúar 1992 lýsti áfrýjandi yfir, að hann félli frá kröfu um, að leidd yrðu vitni í málinu.

Í héraðsdómi er engin grein gerð fyrir þeim rekstri málsins, sem hér er lýst. Þar er að auki nánast enga lýsingu málavaxta að finna. Er þetta aðfinnsluvert.

Eftir þessum úrslitum verður héraðsdómur staðfestur um annað en málskostnað. Verður áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Ingþór Ólafsson, greiði stefnda, Þórarni Guðnasyni, 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 15. mars 1993.

Ár 1993, mánudaginn 15. mars, er í Héraðsdómi Reykjaness kveðinn upp dómur í máli nr. E-Ha-1032/1991.

Mál þetta dæmir Sigurður Hallur Stefánsson, settur héraðsdómari. Það var dómtekið 2. þ. m. og höfðað með stefnu, birtri 7. október 1991.

Stefnandi er Þórarinn Guðnason, kt. 180157-7199, Þjórsárgötu 9 A, Reykjavík.

Stefndi er Ingþór Ólafsson, kt. 010142-2889, Öldugötu 19, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.134.034,30 kr., ásamt dráttarvöxtum frá 1. 1. 1991

til greiðsludags skv. III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri hann dráttarvexti frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt skuldabréfi, út gefnu af stefnda 14. ágúst 1989, upphaflega að fjárhæð 820.000,00 kr. Lánstími hafi verið 8 mánuðir, og skyldi lánið greitt með einni greiðslu 15. apríl 1990. Vextir skyldu vera meðalvextir hverju sinni af óverðtryggðum skuldabréfum skv. tilkynningu Seðlabanka Íslands og reiknast frá útgáfudegi bréfsins. Stefnandi hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldarinnar ásamt Sigurði Fannari Guðnasyni, kt. 270649-4089, og Tómasi Enok Thomsen, kt. 270240-5779. Skuldabréfið hafi verið selt Íslandsbanka hf. (Iðnaðarbanka Íslands hf.), en stefnandi orðið að innleysa það 31. 12. 1990 með 1.134.034,30 kr.

Sýknukrafa stefnda er reist á því, að stefnandi hafi enga heimild til þess að gera fjárkröfu á hendur stefnda, þótt hann hafi verið ábyrgðarmaður á skuldabréfi, sem stefndi var útgefandi að. Þetta byggist á því, að stefnandi sé sjálfur raunverulega aðalskuldarinn, þ. e. a. s. sá, sem átti að greiða húsaleigu, er skuldabréfið var notað til greiðslu á.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að vörnum þeim, sem stefndi hefur uppi, verði komið að.

Umstefnt skuldabréf liggur frammi í málinu í frumriti. Efni þess og áritanir svara að öllu til framanritaðrar lýsingar stefnanda, sem þannig er lögformlegur handhafi þess. Varnir stefnda eru ekki slíkar, sem að verði komið samkvæmt 118. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða málsins er sú samkvæmt framangreindu, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda 1.134.034,30 kr. ásamt vöxtum, svo sem í dómsorði greinir. Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, 250.000,00 kr., ásamt dráttarvöxtum frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómsorð:

Stefndi, Ingþór Ólafsson, greiði stefnanda, Þórarni Guðnasyni, 1.134.034,30 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 1. janúar 1991 til greiðsludags og 250.000,00 krónur í málskostnað ásamt dráttarvöxtum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 299/1992. **Jón S. Bjarnason**
Heba Hallsdóttir og
Bjarni G. Ágústsson
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
Róbert Árna Hreiðarssyni
(Haraldur Blöndal hrl.)

Vextir. Tómlæti. Vanreifun. Frávísun frá héraðsdómi að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1992. Þau krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur stefnda verði lækkaðar verulega og málskostnaður falli þá niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjendum verði gert óskipt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Stefndi höfðaði mál á hendur áfrýjendum í febrúar 1986 til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi, út gefnu 10. desember 1984, upphaflega að fjárhæð 140.000 krónur, en skuldin var bundin vísitölu. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 8. apríl 1986, voru kröfur stefnda í því máli teknar til greina á þann hátt, að áfrýjendum í þessu máli var gert að greiða honum 219.289,23 krónur með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 10. janúar 1986 til 1. mars sama ár, 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl sama ár, en 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, svo og 27.800 krónur í málskostnað. Þá var kveðið á um heimild til að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti.

Áfrýjandi í þessu máli, Heba Hallsdóttir, innti af hendi til stefnda

greiðslur samkvæmt þessum dómi 24. október og 1. nóvember 1990, samtals 839.863,79 krónur. Stefndi féllst þar með á að hverfa frá kröfu um nauðungaruppboð á fasteign hennar að Þingási 35 í Reykjavík. Í kvittun fyrir síðari greiðslunni gerði stefndi fyrirvara „um vangreiðslu heildarskuldar í uppboðsmálinu Þingás 35, Rvík. Uppboðsbeiðandi áskilur sér rétt til málsóknar vegna vangreiðslu heildarkröfunnar". Þar er þó ekki greint nánar frá, í hverju sú vangreiðsla sé fólgin. Í kjölfarið höfðaði stefndi síðan þetta mál á hendur áfrýjendum og leitar nú dóms um kröfur, sem voru ekki hafðar uppi í fyrra máli þeirra, en hann styður þó við sama grundvöll og kröfurnar í því máli. Endanlegar kröfur stefnda, eins og hann setti þær fram fyrir héraðsdómi, eru aðallega, að áfrýjendur verði dæmd til að greiða sér 298.608,24 krónur, en til vara 237.504,70 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt 10., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 13. febrúar 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar.

Í aðalkröfu sinni krefst stefndi annars vegar greiðslu á 237.504,70 krónum, sem er einnig heildarfjárhæð varakröfu hans. Hann kveður þetta vera vexti, sem hann eigi tilkall til úr hendi áfrýjenda til viðbótar við greiðslur fengnar á árinu 1990. Þetta tilkall byggir stefndi á því, að með dómi í upphaflega máli sínu á hendur áfrýjendum hafi sér verið dæmdir vextir, eins og áður greinir, þar á meðal 2,25% dráttarvextir á mánuði frá 1. apríl 1986 til greiðsludags skuldarinnar. Þar hafi ekki verið unnt að mæla fyrir um, að þessir vextir tækju breytingum eftir uppkvaðningu dómsins í samræmi við vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands, enda hafi lagaheimild til slíkrar dómsniðurstöðu fyrst komið til við gildistöku vaxtalaga. Stefndi kveður fjárhæð dráttarvaxta, reiknaðra eftir hljóðan dómsorðs, hafa á greiðsludegi í nóvember 1990 verið 237.504,70 krónum lægri en ef þeir hefðu verið reiknaðir eftir gildandi vaxtaákvörðunum Seðlabankans á hverjum tíma frá uppkvaðningu dómsins. Þessa fjárhæð vanti þannig á, að hann hafi fengið fullar efndir á kröfu sinni með greiðslum samkvæmt dóminum. Afgang aðalkröfunnar kveður stefndi hins vegar vera fjárhæð dráttarvaxta af málskostnaði, sem honum var dæmdur úr hendi áfrýjenda í fyrra máli þeirra. Stefndi telur sig hafa átt tilkall til vaxta af málskostnaði líkt og af hvers konar annarri gjaldfallinni skuld. Þegar dómur gekk í upphaflegu máli hans á hendur áfrýjendum, hafi á hinn bóginn skort lagaheim-

ild til að mæla þar fyrir um skyldu þeirra til að greiða dráttarvexti af málskostnaði, en hún hafi fyrst verið veitt með breytingu, sem var gerð með lögum nr. 54/1988 á þágildandi lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

II.

Fyrir héraðsdómi kröfðust áfrýjendur, að máli þessu yrði vísað frá dómi. Byggðu þau aðallega á því, að kröfurnar, sem stefndi gerir í málinu, hafi þegar verið dæmdar að efni til með fyrrnefndum dómi bæjarþings Reykjavíkur, og bæri því að vísa málinu frá dómi vegna þágildandi ákvæða í 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936. Til vara var frávísunarkrafan studd við þau rök, að kröfur stefnda væru ekki nægilega skýrar til að efnisdómur yrði lagður á þær. Í dómi, upp kveðnum 12. desember 1991, varð héraðsdómari við þessari kröfu á grundvelli fyrrnefndu röksemdar áfrýjenda. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 27. febrúar 1992, var frávísunardómurinn felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar, en þar var ekki að öðru leyti tekin afstaða til röksemdarinnar, sem áfrýjendur höfðu haldið uppi til vara fyrir frávísunarkröfu sinni. Stendur sá dómur þannig ekki því í vegi, að nú verði metið, hvort kröfur stefnda, sem áfrýjendur hafa vefengt útreikning á, séu nægilega skýrar, enda tengist úrlausn um það efnishlið málsins, sbr. 2. og 3. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála svo og 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á þeim.

Í málinu liggur ekki fyrir af hendi stefnda sundurliðaður útreikningur á kröfulið hans vegna vaxtamunar, að fjárhæð 237.504,70 krónur. Forsendur fyrir útreikningi á þeirri kröfu hafa á hinn bóginn verið skýrðar af stefnda nægilega, til að leggja megi dóm á hana.

Mjög skortir hins vegar á, að stefndi hafi gert viðhlítandi grein fyrir kröfulið sínum vegna vaxta af málskostnaði. Þannig hefur ekki komið fram undir rekstri málsins sérstök skýring á því, hver höfuðstóll þessa kröfuliðar er og hvernig hann er fundinn. Þá hefur stefndi í framlögðum útreikningum sínum um uppgjör á kröfum samkvæmt dómi í fyrra máli hans á hendur áfrýjendum steypt saman málskostnaði og öðrum útlögðum og áföllnum kostnaði þar, en reiknað síðan í einu lagi og án nánari skýringa vexti af kostnaði. Er óumdeilt, að hann hafi fengið nokkra greiðslu á þeim vöxtum í

október og nóvember 1990. Af þessum sökum liggur ekki ljóst fyrir, hvort stefndi hafi á þennan hátt fengið að einhverju leyti greidda vexti af málskostnaðinum. Málatilbúnaður stefnda um þetta atriði er enn frekar á reiki, þegar litið er til þess, að í greinargerð hans í héraði er staðhæft, að áfrýjandinn, Heba Hallsdóttir, hafi fallist á að greiða að nokkru vexti af málskostnaði, en á þessari staðhæfingu hafa ekki fengist nánari skýringar. Verður því vegna þessarar vanreifunar að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi að þessu leyti og vísa sjálfkrafa frá héraðsdómi kröfu stefnda um, að áfrýjendum verði gert að greiða honum dráttarvexti af tildæmdum málskostnaði í fyrra máli þeirra, en eins og málið liggur fyrir, verður að líta svo á, að fjárhæðin í þeim kröfulið nemi 61.103,54 krónum.

III.

Þegar stefndi höfðaði fyrra mál sitt á hendur áfrýjendum, var ekki heimilt að lögum að mæla svo fyrir í dómi, að vextir af kröfu samkvæmt honum tækju breytingum eftir dómsuppkvaðningu til samræmis við gildandi vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Þurfti þess í stað að kveða á um tiltekinn vaxtafót, sem skyldi standa frá tímamarki fyrir uppkvaðningu dóms fram til greiðsludags kröfu. Áður en málið var höfðað, höfðu um árabil verið nokkuð tíðar sveiflur á ákvörðunum um hæð dráttarvaxta, sem hækkuðu ýmist eða lækkuðu. Þá var ekki viðurkennt, að dómhafi gæti leitað fullnustugerðar til greiðslu á dráttarvöxtum samkvæmt hærri vaxtafæti en ákveðið hafði verið í dómi, að skuld við hann bæri eftir dómsuppkvaðningu, og átti hann því ekki lögmæt úrræði til að knýja á um uppgjör á öðrum forsendum en samkvæmt hljóðan dómsins.

Við höfðun fyrra málsins á hendur áfrýjendum mátti stefndi búast við, að hækkun gæti allt eins orðið á dráttarvöxtum samkvæmt opinberum vaxtaákvörðunum eftir uppkvaðningu dóms og fram að því, að skuldin yrði greidd. Þá hafði stefndi ekki ástæðu til að ætla, að hann gæti krafist uppgjörs skuldarinnar á grundvelli dómsins með hærri dráttarvöxtum en þar yrði mælt fyrir um. Ef stefndi vildi ekki una við uppgjör á þeirri forsendu, hafði hann því fulla ástæðu til að gera skýran áskilnað við höfðun málsins um, að hann kynni með nýrri málsókn að krefjast greiðslu á hærri vöxtum en yrði mælt

fyrir um í væntanlegum dómi, gæfist tilefni til þess vegna breytinga á vaxtaákvörðunum Seðlabanka Íslands. Stefndi gerði engan áskilnað af þessum toga við höfðun málsins í febrúar 1986. Hann gerði ekki heldur slíkan áskilnað á síðari stigum, svo að séð verði, fyrr en við höfðun þessa máls, en fyrirvari, sem stefndi gerði í kvittun, dagsettri 1. nóvember 1990, fyrir lokagreiðslu skuldar samkvæmt dómi í fyrra málinu, er ekki orðaður með svo skýrum hætti, að hægt sé að líta á hann sem áskilnað um þennan rétt.

Samkvæmt framansögðu verður þannig að telja, að stefndi hafi glatað rétti til að halda uppi kröfu á hendur áfrýjendum um frekari vexti af skuld þeirra við hann en honum voru dæmdir eftir orðanna hljóðan með dómi bæjarþings Reykjavíkur 8. apríl 1986. Með því að óumdeilt er, að stefndi hafi fengið að fullu greidda vexti, reiknaða samkvæmt þessu, verða áfrýjendur sýknuð af kröfum hans í þessum efnum.

Eftir þessum málsúrslitum verður stefnda gert að greiða áfrýjendum upp í málskostnað samanlagt í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt því, sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Kröfu stefnda, Róberts Árna Hreiðarssonar, á hendur áfrýjendum, Jóni S. Bjarnasyni, Hebu Hallsdóttur og Bjarna G. Ágústssyni, um greiðslu á 61.103,54 krónum er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjendur skulu vera sýkn af öðrum kröfum stefnda í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjendum 100.000 krónur samanlagt í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. júní 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Róbert Árna Hreiðarssyni hdl., kt. 160546-3019, Skeifunni 17, Reykjavík, með stefnu, birtri 12. og 13. febrúar 1991, á hendur Jóni S. Bjarnasyni, kt. 160458-5939, Þingási 35, Reykjavík, Hebu Hallsdóttur, kt. 220158-4899, Þingási 35, Reykjavík, og Bjarna G. Ágústssyni, kt. 091231-3449, Víkurbraut 48, Grindavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði dæmd in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 298.608,24 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. l. nr. 25/1987 frá 13. 2. 1991 til greiðsludags. Þess er krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfunnar og reiknist af þeirri fjárhæð á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 13. 2. 1992, sbr. 12. gr. l. nr. 25/1987.

Til vara gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði dæmd in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 237.504,70 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. l. nr. 25/1987 frá 13. 2. 1991 til greiðsludags. Þess er krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfunnar og reiknist af þeirri fjárhæð á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 13. 2. 1991, sbr. 12. gr. l. nr. 25/1987.

Í aðalkröfu jafnt sem varakröfu er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við tilmældan málskostnað á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að stefndu verði alsýknuð af öllum kröfum stefnanda, til vara, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar.

Enn fremur er í aðal- og varakröfu krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ, er beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveður kröfuna grundvallast á skuldabréfi nr. 21266, að fjárhæð 140.000,00 kr., með lánskjaravísitölu 910 stig, út gefnu 10. desember 1984 af stefnda Jóni til Sævars Óskarssonar. Til tryggingar greiðslum hafi verið veðsett ýmis tæki, sem tilheyrðu versluninni Réttarholti. Einnig hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð stefnda Heba og stefndi Bjarni.

Hinn 5. febrúar 1986 hafi stefnda Jóni S. Bjarnasyni o. fl. verið stefnt til greiðslu skuldar skv. bréfi þessu. Dómur hafi fallið 8. apríl 1986, og sé dómsorð hans svohljóðandi:

„Stefndu, Jón S. Bjarnason, Heba Hallsdóttir og Bjarni B. Ágústsson, greiði in solidum stefnanda, Róbert Árna Hreiðarssyni hdl., 219.289,32 kr. með 3,75% mánaðarvöxtum frá 10. 1. 1986 til 1. 3. sama ár, en með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. 4. sama ár, en með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og 27.800,00 kr. í málskostnað. Dráttarvexti má færa til höfuðstóls á hverju 12 mánaða tímabili.

Staðfestur er 1. veðréttur í fyrrnefndum vélum og tækjum tilheyrandi versluninni Réttarholti til tryggingar dæmdum kröfum. Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá birtingu dómsins."

Hinn 27. 2. 1987 hafi verið gert fjárnám fyrir kröfunni í fasteigninni Víkurbraut 48, Grindavík, eign stefnda Bjarna G. Ágústssonar, og hún síðan seld á nauðungaruppboði, án þess að nokkuð fengist greitt upp í kröfu stefnanda. Stefndi Bjarni sé tilgreindur í stefnu og dómi sem Bjarni B. Ágústsson, en þar muni vera um prentvillu að ræða.

Hinn 19. 7. 1989 hafi verið gert fjárnám fyrir kröfunni í fasteigninni Þingási 35, Reykjavík, eign stefndu Hebu Hallsdóttur. Þriðja og síðasta uppboð hafi átt að fara fram 5. 11. 1990, en verið afturkallað, þar sem stefnda Heba greiddi stefnanda 24. 10. 1990 769.149,00 kr. og 1. 11. 1990 70.714,79 kr., samtals 839.863,79 kr.

Gegn andmælum stefnanda hafi greiðslur þessar verið inntar af hendi í samræmi við vaxtaákvæði dómsins frá 8. apríl 1986. Eftir 1. 4. 1986 hafi stefnda Heba þannig ekki greitt hærri dráttarvexti en 2,25% á mánuði til greiðsludags. Hafi hún talið þetta fullnaðargreiðslu af sinni hálfu og neitað frekari greiðslum. Stefnandi hafi talið, að stefnda hefði með greiðslu þessari greitt upp hluta kröfunnar. Þar sem dómurinn hafi ekki verið fullnægjandi sem aðfarargrundvöllur um fullar efndir, hafi hann afturkallað uppboð á fasteign stefndu. Hins vegar hafi hann talið kröfuna sjálfa mun hærri, þar sem dráttarvextir hafi hækkað 1. 3. 1987 og eftir það yfirleitt verið mun hærri en greini í dómsorði. Hafi hann því gefið stefndu kvittun með fyrirvara um málsókn til heimtu þessa mismunar.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og eðli máls sé skuldari skyldur til að greiða kröfuhafa kröfu hans að fullu. Það hafi stefndu ekki gert, með því að stefnda Heba neitaði að greiða fulla dráttarvexti samkvæmt kröfunni.

Samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins hafi stefndu borið að greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti á hverjum tíma, ef vanskil yrðu á greiðslu afborgana og vaxta. Ákvæði bréfsins séu í samræmi við 5. gr. l. nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl., sem þá hafi gilt. Samsvarandi ákvæði sé nú í 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Vegna réttarfarsákvæða hafi hins vegar ekki verið heimild í lögum fyrir dómara að kveða á um breytilega dráttarvexti í dómum sínum fyrir gildistöku vaxtalaga, sbr. 14. gr. vaxtalaga, sem vísi til 88. gr., sbr. 193. gr. eml. nr. 85/1936. Hafi það varðað frávísun máls, ef vaxtahæð hafi ekki verið tilgreind í stefnu. Telja verði andstætt tilgangi dómsmeðferð-

ar, að kröfuhafi sé verr settur, eftir að dómur fellur, en hann hafi verið fyrir dómsuppsögu. Stríði það gegn sanngirnissjónarmiðum, að tilviljun ráði því, hvort kröfuhafi fái fullar efndir á kröfu sinni eða ekki.

Hæstiréttur hafi nú heimilað hækkun vaxtakröfu við áfrýjun mála til Hæstaréttar, þegar hún hafi átt rót sína að rekja til almennra vaxtahækkana, sem orðið hafi, eftir að dómur féll í héraði, án þess að skilyrðum 45. gr. l. nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands sé fullnægt. Á sama hátt sé unnt að fá síðar dóm fyrir þeim mismun, sem af þessu leiði, þar sem hér sé á ferð mál, sem eldri dómurinn fjalli ekki um og nái ekki til í raun.

Kröfufjárhæð í aðalkröfu kveður stefnandi þannig til komna, að reiknaðir séu dráttarvextir af höfuðstól skuldarinnar, 219.289,23 kr., frá 10. 1. 1986 til 24. 10. 1990, er stefnda Heba hafi greitt verulegan hluta skuldarinnar. Dráttarvextir þessir séu hæstu lögleyfðu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands hverju sinni, en um sundurliðun þeirra vísist til vaxtatöflu á dskj. nr. 18. Dráttarvöxtum sé bætt við höfuðstól skuldarinnar og þeir reiknaðir af þeirri fjárhæð á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. janúar 1987. Samtals nemi dráttarvextir á þessu tímabili 705.511,60 kr. Þá séu reiknaðir dráttarvextir af eftirstöðvum, 373.799,58 kr., frá 24. 10. 1990 til 31. 10. 1990, 1.569,95 kr. Þá séu reiknaðir dráttarvextir af dæmdum málskostnaði frá 23. apríl 1986, en af öðrum kostnaði eftir því, sem hann hafi fallið á kröfuna. Samtals nemi dráttarvextir þessir 126.264,50 kr. Samtals séu því dráttarvextir af höfuðstól og kostnaði 833.346,05 kr. Frá fjárhæð þessari séu síðan dregnir dráttarvextir þeir af sama höfuðstól, sem stefnda Heba hafi talið sér skylt að greiða, þ. e. 3,75% dráttarvextir frá 10. 1. 1986 til 1. 3. s. á, en 2,75% dráttarvextir frá þeim degi til 1. 4. s. á., en 2,75% (sic) dráttarvextir frá þeim degi til greiðsludags. Við útreikning hafi verið tekið tillit til þess, ef vaxtahæð var lægri tiltekin tímabil, en svo hafi verið tímabilið 1. 12. 1988 til 1. 4. 1989 og tímabilið 1. 4. 1990 til 24. 10. 1990. Um hæð dráttarvaxta á þessum tímabilum vísist til vaxtatöflu á dskj. nr. 14. Samtals séu dráttarvextir þessir að fjárhæð 468.835,26 kr. Einnig séu dregnir frá dráttarvextir af 70.468,15 kr. fyrir tímabilið 24. 10. 1990 til 31. 10. 1990, að fjárhæð 246,64 kr. Þá séu einnig dregnir frá dráttarvextir af kostnaði, sem stefnda hafi beinlínis samþykkt að greiða, að fjárhæð 59.609,41 kr. Samtals komi því til frádráttar 528.691,31 kr. Fáist þannig fjárhæðin 833.346,05 kr. að frádregnum 528.691,41 kr., þ.e. 304.564,74 kr., sem hafi verið upphafleg dómkrafa.

Stefnufjárhæð í varakröfu sé fundin á sama hátt, nema ekki séu þar teknir inn í vextir af dæmdum málskostnaði.

Viðurkennt sé, að hluti dráttarvaxta þeirra, sem hér sé gerð krafa um, sé

fyrndur. Fallist sé á það með stefndu, að svo sé um dráttarvexti, sem féllu á kröfuna fyrir 13. 2. 1987. Krafa sú, sem hér sé höfð uppi, hljóði um greiðslu mismunar á breytilegum vöxtum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands og þeim vöxtum, sem dæmdir hafi verið með dómi, sbr. dskj. nr. 5.

Vaxtamunur á þeim tíma, sem hér um ræði, hafi verið á þessu tímabili 0,00, þar sem vaxtahæð hafi ekki aukist að nýju fyrr en 1. 3. 1987. Hluti aðalkröfu sé hins vegar dráttarvextir af þeim málskostnaði, sem dæmdur hafi verið í dómi, sbr. dskj. nr. 5. Reiknaðir séu því dráttarvextir af 27.800,00 kr. frá 23. 4. 1986 til 13. 2. 1987, 6.046,50 kr. Hafi stefnukrafan því verið lækkuð sem því nemi og upphafsdagur vaxta jafnframt leiðréttur.

Krafan um, að málskostnaður í eldra málinu beri dráttarvexti, byggist á sömu sjónarmiðum og rakin séu hér að framan. Sanngirnisrök og eðli máls leiði til þess, að rétt sé, að málskostnaður beri dráttarvexti. Enginn eðlismunur sé á reikningi fyrir málskostnaði og öðrum reikningum, sem þjónustuaðilar gefi út fyrir vinnu sína. Samkvæmt almennum reglum sé heimilt að reikna dráttarvexti á reikninga, sem ekki fáist greiddir á gjalddaga. Þá sé á það bent, að um langan aldur hafi verið heimild í gjaldskrá LMFÍ til að reikna dráttarvexti á málskostnað. Heimild til slíkrar vaxtakröfu sé nú í 175. gr. eml. nr. 85/1936, sbr. 21. gr. l. nr. 54/1988 um breytingu á þeim lögum.

Í varakröfu sé byggt á sömu málsástæðu og lagarökum og rakin séu hér að ofan. Hér sé hins vegar fallið frá kröfu um dráttarvexti á málskostnað í eldra málinu.

Málsástæður stefndu.

Sýknukröfu sína reisa stefndu á því, að á þeim tíma, er dómur var kveðinn upp í fyrra málinu, hafi dómari verið bundinn af réttarfarsákvæðum þess efnis, að eigi hafi verið unnt að kveða á um breytilega vexti í dómsorði. Með dómi þessum hafi lögskipti aðila verið til enda kljáð. Lúti þau því algerlega eldri lögum. Lagabreytingar þær, er stefnandi vísi til, hafi orðið á árinu 1987, hvað heimild til ákvörðunar breytilegra vaxta varði, og á árinu 1988, hvað varði heimild til að leggja dráttarvexti á málskostnað. Í lögum þessum sé þess eigi getið, að þau skuli taka til tilvika, er urðu fyrir gildistöku þeirra. Verði því að beita þeirri almennu reglu lagaskilaréttar, að lög séu ekki afturvirk, nema þau mæli svo. Af þessum sökum verði stefndu eigi gert að greiða aðra vexti en þá, sem dæmdir voru í samræmi við gildandi lög þess tíma, er dómur var kveðinn upp, og beri því að sýkna af kröfum stefnanda.

Varðandi dráttarvaxtakröfu á málskostnað er því sérstaklega mótmælt, að lög, er heimili töku vaxta, sem alls ekki hafi verið heimilt að krefjast

áður, verði látin verka afturvirkt vegna málskostnaðar, er þegar hafi verið dæmdur, þá er lög þessi tóku gildi.

Sýknukrafa er enn fremur studd þeim rökum, að krafa stefnanda sé of seint fram komin sökum tómlætis. Hafi stefnandi eigi talið sig hafa fengið fullnægjandi aðfarargrundvöll um fullar efndir kröfu sinnar, hafi honum borið að gera slíka kröfu, strax og ný vaxtalög tóku gildi, er heimili dómara að kveða á um breytilega dráttarvexti í dómum sínum. Hvað dráttarvexti á málskostnað varði, hefði slík krafa þurft að koma fram án ástæðulausrar tafar eftir gildistöku l. nr. 54/1988 um breytingu á einkamálalögum. Mál til heimtu framangreindra vaxta hafi ekki verið höfðað fyrr en í ársbyrjun 1991. Stefndu hafi mátt gera ráð fyrir, að stefnandi sætti sig við áður uppkveðinn dóm, og beri því að sýkna stefndu með öllu af kröfu stefnanda.

Varakröfu sína reisa stefndu m. a. á því, að í útreikningi stefnanda, sbr. dskj. nr. 10, sé stefndu gert að greiða vexti af kostnaði. Stefndu hafi eigi verið dæmd til greiðslu slíks kostnaðar, og eigi stefnandi því ekki rétt á greiðslu slíks kostnaðar. Beri því að lækka aðalkröfu stefnanda um 126.264 kr. og varakröfu hans um 59.609,41 kr.

Þá byggist lækkunarkrafan á því, að verulegur hluti vaxta af skuldabréfi því, er krafa þessi grundvallist á, sé fyrndur skv. l. nr. 14/1905 um fyrningu. Samkvæmt 3. gr. þeirra laga fyrnist gjaldkræfir vextir á fjórum árum. Vextir, er gjaldfallnir voru 4 árum fyrir stefnubirtingardag, séu því fyrndir, og beri að lækka stefnukröfur sem því nemi.

Að teknu tilliti til framanritaðs beri að lækka stefnufjárhæð. Hvort sem aðal- eða varakrafa stefnanda verði tekin til greina, verði hún aldrei hærri en 176.821,00 kr. að frádregnum fyrndum vöxtum vegna tímabilsins 10. 1. 1986 til 13. 2. 1987. Fjárhæð fyrndra vaxta sé þó eigi hægt að gera grein fyrir vegna óskýrrar kröfugerðar stefnanda.

Lagarök stefndu.

Stefndu vísa til 88. gr., sbr. 193. gr. eml., og almennra reglna lagaskilaréttar um tengsl yngri laga og eldri og almennra reglna um afturvirkni laga. Þá vísa stefndu til 21. gr. l. nr. 25/1987 um gildistöku þeirra laga. Um fyrningu vísa stefndu til 3. gr. l. nr. 14/1905. Um málskostnað vísa stefndu til 1. mgr. 175. gr., sbr. 1. mgr. 177. gr. l. nr. 85/1936, og um rétt til dráttarvaxta af málskostnaði til 2. mgr. 175. gr. s. l.

III.

Gangur málsins.

Málið var þingfest 21. febrúar 1991. Greinargerð stefndu var lögð fram 18. apríl s. á., og fór málið þá út af reglulegu bæjarþingi. Undirritaður dómari tók við málinu 1. september s. á.

Af hálfu stefndu kom fram krafa um frávísun málsins, og fór fram munnlegur málflutningur um hana 12. desember s. á. Með dómi, upp kveðnum sama dag, var málinu vísað frá dómi.

Stefnandi kærði frávísunardóminn. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 27. febrúar 1992, var hinn kærði frávísunardómur felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu efnisdóms.

IV.

Niðurstaða.

Í upphaflegri kröfugerð stefndu var krafist frávísunar, annars vegar vegna þess, að stefndu töldu, að búið væri að dæma um ágreiningsefnið, en hins vegar vegna ófullnægjandi kröfugerðar stefnanda. Var fallist á fyrri málsástæðuna og málinu vísað frá dómi, eins og fyrr greinir, en ekki var tekin afstaða til síðari frávísunarmálsástæðunnar. Af hálfu stefndu hefur ekki verið formlega fallið frá þeirri kröfu, en talsmaður stefndu vék að því við munnlegan málflutning, að dóm Hæstaréttar væri ekki unnt að skilja á annan veg en þann, að það atriði væri ekki lengur til úrlausnar, þar sem dómurinn fæli í sér fyrirmæli um efnisdóm. Er málið því hér til efnisúrlausnar.

Endanleg kröfugerð stefnanda er tvíþætt. Annars vegar er krafið um mismun umsaminna og dæmdra dráttarvaxta af vangreiddri skuld vegna skuldabréfs, en hins vegar dráttarvexti af vangreiddum, dæmdum málskostnaði.

Það er ágreiningslaust, að stefndu bar skv. ákvæðum skuldabréfsins að greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti við vanskil. Þá liggur fyrir, sbr. áðurnefndan dóm Hæstaréttar, að þrátt fyrir það að hafnað væri kröfu stefnanda um 3,75% dráttarvexti á mánuði frá 10. janúar 1986 til greiðsludags með dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 8. apríl 1986, þá væri þar með ekki verið að taka efnislega á þeirri kröfu, heldur hefðu réttarfarsákvæði komið í veg fyrir, að stefnandi gæti þá fengið dóm, þar sem afstaða væri tekin til kröfu um breytilegan vaxtafót eftir dómsuppsögu, eins og segir í dómi Hæstaréttar. Með lögum nr. 25/1987 var þeirri hindrun hins vegar rutt úr vegi. Má því fallast á það með stefnanda, að hann eigi rétt á að fá dóm fyrir eftirstöðvum kröfu sinnar og eigi þannig ekki að vera verr settur en hann hefði verið, ef hann hefði höfðað málið, eftir að lögin tóku gildi. Er því ekki fallist á þá sýknuástæðu stefndu, að með fyrri dómi hafi lögskipti aðila verið til enda kljáð.

Sýknukröfu sína reisa stefndu enn fremur á tómlæti. Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 12. og 13. febrúar 1991, eins og áður greinir. Lög nr. 25/

1987 eru dagsett 17. mars 1987, og tóku þau gildi 14. apríl 1987. Því er ómótmælt, að fyrri greiðsla upp í kröfuna var greidd í október 1990 og lokagreiðsla í nóvember s. á. Liggur því ekki fyrir, að stefnanda hafi mátt vera ljóst fyrr, að stefndu myndu ekki greiða hærri vexti en ákveðið var í dómsorði, og var kvittun gefin fyrir greiðslunum með fyrirvara um málshöfðun vegna vaxtamunar. Af framangreindum sökum er ekki fallist á tómlætismálsástæðu stefndu.

Stefnandi reisir kröfufjárhæðina á dskj. nr. 10, sem hann útskýrir nánar á dskj. nr. 17, sbr. dskj. nr. 18.

Stefnandi kveður lið B á dskj. nr. 10 vera samkvæmt útreikningi stefndu. Hefur því ekki verið mótmælt af hálfu stefndu, og er sá útreikningur í samræmi við uppgjör stefndu, sbr. dskj. nr. 8 og 9. Þar kemur fram m. a., að stefndu greiddu í dráttarvexti af höfuðstól til 24. 10. 1990 468.835,26 kr. Samkvæmt útreikningi stefnanda í liðum A og C á dskj. nr. 10 nema samningsbundnir dráttarvextir fyrir þetta tímabil 705.511,60 kr. Þessum útreikningi hefur ekki verið mótmælt sérstaklega sem röngum af hálfu stefndu, eftir að stefnandi lagði fram dskj. nr. 17 og 18.

Ber því með vísan til þess, sem að framan er rakið, að taka til greina kröfu stefnanda um mismun á samningsbundnum dráttarvöxtum og dæmdum vöxtum með 236.676,34 kr., og ber sú fjárhæð dráttarvexti skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 frá 24. 10. 1990 til greiðsludags.

Varakröfu sína reisa stefndu m. a. á fyrningu, þannig, að áfallnir dráttarvextir fyrir 13. 2. 1987 séu fyrndir. Af hálfu stefnanda er á þetta fallist, og er endanleg kröfugerð hans við það miðuð.

Ekki er fallist á þá sýknumálsástæðu stefndu, að stefnandi geti ekki krafist dráttarvaxta af málskostnaði, sem er í vanskilum. Sú breyting, sem gerð var á 175. gr. l. nr. 85/1936 með 21. gr. l. nr. 54/1988, leiðir til þess, að unnt er að kveða á um dráttarvexti á málskostnað í dómi þegar við ákvörðun málskostnaðar, enda þótt málskostnaðurinn sé, af augljósum ástæðum, ekki kominn í vanskil.

Í máli þessu er ekki ágreiningur um það, að stefndu stóðu ekki skil á dæmdum málskostnaði.

Stefndu reisa varakröfu sína um lækkun á því m. a., að í útreikningi stefnanda, sbr. dskj. nr. 10, sé stefndu gert að greiða vexti af kostnaði, sem þau hafi ekki verið dæmd til greiðslu á. Beri því að lækka aðalkröfu stefnanda um 126.264,50 kr. og varakröfu hans um 59.609,41 kr.

Í málatilbúnaði stefnanda er ekki að finna nein gögn um þann útlagða kostnað, sem hann reiknar sér vexti af. Samkvæmt dskj. nr. 10, lið B, kemur fram, að stefndu greiddu áfallinn kostnað, 52.080,00 kr., útlagðan kostnað,

29.382,25 kr., og vexti af kostnaði, 59.609,41 kr. Ekki kemur fram, vegna hvers þessi áfallni og útlagði kostnaður er. Hins vegar má skilja á málatilbúnaði stefnanda í grg., sbr. og dskj. nr. 17, að inni í þessum áfallna og/eða útlagða kostnaði sé falinn hinn dæmdi málskostnaður, 27.800,00 kr. Í útreikningum stefnanda kemur dæmdur málskostnaður þó ekki fram sem sundurliðuð fjárhæð frá öðrum kostnaði, og eru vextir jafnframt reiknaðir í einu lagi af þeim kostnaði.

Með því að ekki liggur fyrir útreikningur stefnanda á þeim vöxtum sérstaklega, er þessi hluti kröfu stefnanda tekinn til greina þannig, að 27% ársvextir dæmast af 27.800,00 kr. frá 13. 2. 1987 til 1. 3. s. á., eða 30% ársvextir frá þeim degi til 14. 4. s. á., en frá þeim degi ber fjárhæðin dráttarvexti skv. 10. gr., sbr. 12. gr. l. nr. 25/1987, til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn, en uppkvaðning hans hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Jón S. Bjarnason, Þingási 35, Reykjavík, Heba Hallsdóttir, Þingási 35, Reykjavík, og Bjarni G. Ágústsson, Víkurbraut 48, Grindavík, greiði in solidum stefnanda, Róbert Árna Hreiðarssyni, Skeifunni 17, Reykjavík, 236.676,34 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 12. gr. l. nr. 25/1987, frá 24. 10. 1990 til greiðsludags. Enn fremur greiði stefndu stefnanda 27% ársvexti af 27.800,00 kr. frá 13. 2. 1987 til 1. 3. s. á., en 30% ársvexti frá þeim degi til 14. 4. s. á., en dráttarvexti skv. 10. gr., sbr. 12. gr. l. nr. 25/1987, af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 125/1992. **Byggingafélagið Borg hf. og Rúnar Viktorsson**
(Sigurmar Albertsson hrl.)
gegn
Þórði Sigurðssyni
(Ásgeir Thoroddsen hrl.)

Skaðabætur. Galli. Matsgerð. Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 20. mars 1992. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda. Einnig krefst áfrýjandinn Byggingafélagið Borg hf., að stefnda verði gert að greiða sér 104.230,95 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. nóvember 1989 til greiðsludags. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjendum verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Áfrýjendum ber óskipt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjendur, Byggingafélagið Borg hf. og Rúnar Viktorsson, greiði stefnda, Þórði Sigurðssyni, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 4. febrúar 1991.

Aðalsök í máli þessu var höfðuð með stefnu, birtri 22. ágúst 1991, og gagnsök með þingfestingu 24. október 1991. Málið var dómtekið 15. janúar sl.

I.

Aðalstefnandi er Þórður Sigurðsson, kt. 161036-4479, Böðvarsgötu 11, Borgarnesi. Stefndu í aðalsök eru Byggingafélagið Borg hf., kt. 420376-0149, Borgarnesi, Ingólfur Margeirsson, kt. 070252-3099, Súluhólum 4, Reykjavík, og einkafirma hans, Hagtækni, kt. 690485-0529, og Rúnar Viktorsson, kt. 240851-7419, Súlukletti 6, Borgarnesi. Gagnsök er höfðuð í málinu af stefnda Byggingafélaginu Borg hf. á hendur aðalstefnanda, Þórði Sigurðssyni.

Aðalstefnandi krefst úr hendi stefndu in solidum greiðslu á 1.198.100 kr. auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta].

Þá krefst aðalstefnandi málskostnaðar [...].

Aðalstefndu krefjast í aðalsök sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar [...].

Aðalstefndi Byggingafélagið Borg hf. hefur höfðað gagnsök og krefst úr hendi aðalstefnanda 104.230,95 kr. með dráttarvöxtum [...]. Þá krefst hann í gagnsök málskostnaðar á sama hátt og í aðalsök.

Gagnstefnandi krefst sýknu í gagnsök og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, er beri dráttarvexti skv. vaxtalögum.

II.

Aðalstefnandi fól stefnda Ingólfi Margeirssyni að gera teikningar að garðstofu við hús sitt að Böðvarsgötu 11 í Borgarnesi. Gerði hann teikningar þessar á árinu 1986. Í framhaldi af því hófust framkvæmdir, og sá aðalstefndi Byggingafélagið Borg hf. um þær. Var þeim lokið síðla árs 1987. Vinna þessa stefnda var að hluta skv. tilboði, en einnig að talsverðu leyti utan þess, og greiddi aðalstefnandi þann hluta skv. reikningi. Í stefnu er fullyrt, að stefndi Rúnar Viktorsson hafi verið byggingameistari að verkinu.

Framkvæmdir þær, er um ræðir, voru í fyrsta lagi, að sett var nýtt þak á allt húsið, og í öðru lagi var reist garðstofa.

Aðalstefnandi heldur því fram, að fljótlega eftir verklok hafi tekið að bera á miklum leka í garðstofunni, og því hafi ekki verið unnt að taka hana í notkun. Hafi hann farið fram á úrbætur við stefnda Byggingafélagið Borg hf., og hafi nokkrar tilraunir verið gerðar til úrbóta, en ekki hafi tekist að bæta úr. Síðast hafi verið unnið við úrbætur seint á árinu 1989, en síðan hafi þessi stefndi ekki fengist til frekari aðgerða. Kveðst hann hafa frestað endanlegum frágangi garðstofunnar vegna þeirra galla, sem á henni séu.

Aðalstefnandi óskaði álitsgerðar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um galla þá, er hann taldi vera á garðstofu sinni. Bréf stofnunarinnar er dags. 6. desember 1990, og segir þar m. a. svo:

„Við skoðun kom í ljós, að greinileg merki um mikinn leka eru víða í þakviðunum og einnig í gluggum.

. . .

Við samanburð á teikningum og gluggum er svo að sjá, að gluggarnir séu smíðaðir skv. teikningum. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir loftræstingu niður úr gluggafölsum á teikningunni, og veldur það óhjákvæmilega leka inn í húsið (sjá meðf. Rb-blað 31.104. 2, mynd 1). Varðandi þaklekann er festibúnaður á akrýlplötunum ófullnægjandi og virðist ekki uppfylla þær kröfur, sem gerðar eru um hönnun þaka á Íslandi. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hefur ekki fengið þennan festibúnað til rannsóknar eða fengið vottorð um gæðaprófun á honum, sbr. grein 7.1.3. í kafla VII í núgildandi reglugerð og einnig í grein 7.2.2. í kafla VII í byggingarreglugerð, sem tók gildi í maí 1979 . . ."

4. febrúar 1991 voru Freyr Jóhannesson byggingatæknifræðingur og Björn Björnsson húsasmíðameistari dómkvaddir til að meta hönnun og smíði garðstofunnar. Í matsbeiðni var óskað mats á því, í hverju gallinn fælist, orsökum hans, kostnaði við úrbætur og umfangi þess tjóns, er hlotist hefði. Í matsgerð segir m. a. svo:

„. . . Einnig upplýstist, að Hagtækni hafði ekki séð um eftirlit eða hönnun umfram þær teikningar, er fyrir liggja. Verktaki framkvæmdi því án teikninga breytingar á garðstofu, jafnóðum og framkvæmt var. Má þar til telja, að hurðum hefur verið breytt, sperrum fækkað um sjö og samskeyti plexíglersþakplatna þvert yfir þak með allt öðrum hætti en teikning virðist gefa til kynna. Fljótlega eftir að vinnu lauk við garðstofu, fór að bera á leka með gleri á sv-hlið hennar (mynd 1) og á samskeytum á plexígleri þvert yfir þak, einnig á samskeytum platna yfir sperrum. Einnig höfðu plötur í þaki brotnað, en skipt hafði verið um þær utan eina, sem sprungin var þvert yfir. Greinileg lekamerki voru með rúðum á sv-hlið og einnig á sperrum og límtrésbita, sem er burðarás þvert yfir garðstofu, en samskeyti þakplatna eru yfir bita og sperrum. . ."

Síðar í matsgerðinni er fjallað um einstaka galla og hverra úrbóta matsmenn telja þörf:

„Hvað varðar leka með gleri, eru matsmenn sammála um, að orsakir galla megi rekja til slæmrar ísetningar glers. Loftræsting í glerfölsum sé ónóg, glerlistar að neðanverðu við rúðu of mjóir, þannig að droprauf og loftrás í listum nýtist ekki. Einnig hafi glerlistum ekki verið þrýst nægilega að rúðu við festingu. Enn fremur er topplokun kíttis biluð á stöku stað.

Matsmenn telja því, að endurglerja þurfi því sv-hlið garðstofunnar. . .“

Kostnað við þetta verk töldu matsmenn nema 22.400 kr. vegna efniskaupa og 70.000 kr. vegna vinnu.

Í lið 2 í matsgerð segir svo:

„Hvað þak varðar, er það skoðun matsmanna, að teikning sú, er sýnir frágang samskeyta á plötum í þaki, sé ófullnægjandi og ekki nothæf til að vinna eftir fyrir þann, er framkvæmir verkið, þ. e. að hönnun sé ekki fullnægjandi, einnig, að sú aðgerð að þverskeyta plexíglersþakplötur sé óæskileg og erfið í framkvæmd. Það er einnig skoðun matsmanna, að aðferð sú, sem valin var til að skeyta plöturnar, sé ófullnægjandi.

Til úrbóta leggja matsmenn eftirfarandi: Þakplötur í efri hluta þaks verði teknar frá og blikklokanir, sem eru á samskeytum platnanna, fjarlægðar (mynd 4). Sperrur í efri hluta þaks verði hækkaðar með því að festa trélista ofan á þær. Með ásetningu listans skapist 6 cm bil milli efri og neðri þakplatna. Útbúinn verði svo trélisti með áfestum állistum og gúmmíþéttingum á tveimur gagnstæðum hliðum. Heildarþykkt lista og þéttinga sé sú sama og bil, sem myndað hefur verið milli efri og neðri þakplatna. Listanum sé síðan komið fyrir við efri brún neðri platna þvert yfir þak, þannig að gúmmíþéttingar annarrar hliðar liggi á neðri plötum. Efri plötur séu síðan festar aftur, þannig, að neðri endi þeirra gangi lítillega fram yfir gúmmíþéttingar á efri hlið listans. Þar sem þakplötur í efri hluta þaks garðstofu færast fram og hækka við þessar breytingar, verður að endursmíða festingar og lokanir við þak íbúðarhúss, þar sem þakplötur garðskála og íbúðarhúss mætast. . .“

Efniskostnaður við þessar aðgerðir var metinn 40.100 kr. og kostnaður við vinnu 112.100 kr.

Loks segir í lið 3:

„. . . er ein plata í neðri hluta þaks sprungin þvert yfir, og verður að endurnýja hana. Einnig leggja matsmenn til, að hersla á festiskrúfum þakplatna verði endurskoðuð og það, hvort þakplötur hafa nægilegt rými til þenslu, því að þensla plexíglers er mikil, 0,5 cm á hvern metra við 60 gráðu hitamun, – einnig, að gúmmílisti, sem liggur á sperrum undir samskeytum platna, sé límdur við sperrur og sé heill í sömu lengd og plöturnar. . . Merki leka á þakviðum og gluggum, telja matsmenn, að hægt sé að slípa af, þegar viðgerð fer fram. Við athugun á burðarþoli þaks og veggja garðhúss kom í ljós, að burðarþol og útbeygja veggja er innan leyfilegra marka.“

Efniskostnaður skv. þessum lið var metinn 25.600 kr., en kostnaður við vinnu 48.800 kr.

Þá töldu matsmenn annan kostnað, svo sem umsjón, verkstjórn og akstur, nema 61.000 kr. Því var heildarkostnaður metinn 380.000 kr. Matsmenn taka fram, að þeir reikni eigi með virðisaukaskatti á vinnu á byggingarstað.

Í gagnsök krefur gagnstefnandi gagnstefnda um greiðslu fyrir vinnu við endurbætur á garðstofunni í september og október 1989. Kveður gagnstefnandi reikning hafa verið sendan 5. nóvember þ. á., og hafi hann eigi fengist greiddur.

III.

Stefnandi kveður kröfur á hendur stefnda Byggingafélaginu Borg hf. byggðar á því, að garðhúsið uppfylli ekki þá kosti, sem um hafi verið samið og til megi ætlast. Garðhúsinu hafi ekki verið skilað í ástandi, er stefnandi hafi getað sætt sig við. Á hendur stefnda Ingólfi Margeirssyni og einkafirma hans, Hagtækni, byggir stefnandi kröfur sínar á því, að hönnun hafi ekki verið slík, að unnt væri að framfylgja teikningum þannig, að ólekt hús yrði byggt. Þá hafi teikningar verið gallaðar. Gerir hann kröfur á hendur aðilum óskipt, þar sem óljóst sé um innbyrðis orsakasamband. Loks byggir stefnandi kröfur á hendur stefnda Rúnari Viktorssyni á þeirri ábyrgð, er hvíli á byggingameistara að verki. Vísar hann í því efni til byggingarreglugerðar nr. 292/1979 með síðari breytingum.

Kröfufjárhæð reisir stefnandi í fyrsta lagi á mati hinna dómkvöddu matsmanna. Bætir hann virðisaukaskatti á heildarmatsfjárhæð og fær þannig fjárhæðina 473.100 kr. Í öðru lagi krefst stefnandi bóta vegna afnotamissis. Kröfufjárhæð kveður hann byggða á áætluðum arði af þessum hluta fasteignarinnar, sem sé hóflega áætluð leiga af húsnæðinu, 25.000 kr. á mánuði frá og með janúarmánuði 1989. Kveður hann, að garðhúsið skyldi hafa verið tilbúið til innréttingar í nóvember 1988 og verða fullbúið um áramót 1988–1989, en lekinn hafi komið í ljós, áður en byrjað var á innréttingum. Krefur hann um bætur vegna afnotamissis allt til loka maímánaðar 1991. Samtals nemur kröfufjárhæð skv. þessum lið 725.000 kr. Stefnufjárhæð er því 1.198.100 kr.

IV.

Stefndu reisa sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefnandi hafi fyrirgert hugsanlegum rétti sínum til bóta með tómlæti. Hann hafi hvorki í verklok né síðar gert athugasemdir við frágang verksins. Hann hafi leitað til stefnda Byggingafélagsins Borgar hf. um endurbætur án þess að hafa uppi áskilnað um bætur og í fyrstu greitt uppsett verð án fyrirvara.

Í öðru lagi byggja stefndu á því, að gallar þeir, er raktir séu í matsgerð,

séu eigi á þeirra ábyrgð. Stefnandi hafi verið að byggja garðstofu og fengið stefndu sér til aðstoðar, hvern á sínu sviði. Stefnandi hafi ráðskast með allt verkið, breytt út frá teikningum og skipt um efni. Hann hafi fækkað sperrum, og með því hafi garðhúsið orðið of veikburða, og því hafi hreyfingar á garðhúsinu valdið leka. Stefnandi hafi verið að byggja garðstofuna, og hann hafi því fengið að ráða því, hvernig að hafi verið staðið.

Stefndu mótmæla því, að matsgerð verði lögð til grundvallar. Telja þeir, að þeim hafi eigi verið gefinn kostur á að koma fram með sín sjónarmið við matsmenn. Benda þeir á, að til matsfundar á vettvangi hafi eigi tekist að boða stefnda Ingólf, en matsmenn hafi samt sem áður skoðað sólstofuna, þrátt fyrir það, að stefndi Rúnar og fyrirsvarsmaður Byggingafélagsins Borgar hafi mótmælt því og farið af vettvangi. Matsmenn funduðu nokkru síðar með Ingólfi einum.

Um kröfu vegna afnotamissis sérstaklega reisa stefndu sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi haft öll venjuleg not af garðstofunni. Það sé ekki einhlít skýring, að lekavandamál hafi hindrað innanhússfrágang.

Þá telja stefndu kröfu fyrir afnotamissi vera vanreifaða og ósannaða.

V.

Gagnstefnandi krefur gagnstefnda í gagnsök um greiðslu fyrir viðgerðir og endurbætur, er hann hafi unnið á margnefndri garðstofu í ágúst og september 1989. Kveðst hann hafa sent gagnstefnda reikning fyrir vinnu þessa 5. nóvember 1989, en hann hafi eigi fengist greiddur. Vísar hann kröfum sínum til stuðnings til almennra reglna laga nr. 39/1922 og reglna samningaréttar um loforð og samninga.

Gagnstefndi krefst sýknu af gagnkröfu og kveður, að hér sé um að ræða endurbætur og viðgerðir á samningsgreiðslu, er áður hafi verið greidd. Þá hafi áður verið unnið að endurbótum á upphaflegu verki, og fyrir þær hafi einnig verið greitt. Þá telur gagnstefndi, að viðgerðir þessar hafi ekki skilað árangri.

VI.

Varðandi kröfur aðalstefnanda á hendur Ingólfi Margeirssyni og einkafirma hans, Hagtækni, verður að líta til þess, að bygging sú, er reist var, er í verulegu ósamræmi við teikningar stefnda Ingólfs. Var ráðist í talsverðar breytingar frá teikningum hans, án þess að hann eða annar væri fenginn til að breyta teikningum. Þá hefur eigi verið sýnt fram á, að gallar hafi verið á teikningunum eða að þeir hafi þá leitt til þess, að gallar komu fram á sólstofunni. Verður því að sýkna stefndu Ingólf Margeirsson og Hagtækni af kröfum stefnanda.

Stefndi Byggingafélagið Borg hf. tók að sér að reisa garðstofu þá, sem

um er fjallað í máli þessu. Verður að telja sannað með matsgerð og öðrum gögnum málsins, að verkið hafi eigi verið unnið svo, að unað verði. Gallar hafi komið fram á verki stefnda. Ósannað er, að stefndu hafi gert stefnanda ljóst, að leki yrði á stofunni, ef hún yrði reist svo sem gert var. Gallar þeir, sem raktir eru í matsgerð, verða því að teljast á ábyrgð þessa stefnda. Sú málsástæða stefnda, að þeir hafi einungis unnið fyrir stefnanda við ýmsa þætti í verkinu, sýnist eigi hagga þessari niðurstöðu, en stefndu unnu verkið sem fagmenn, og verður að gera viðlíka kröfur til vinnu þeirra, hvort sem unnið er skv. verksamningi eða vinnusamningi. Þá verður, svo sem atvikum er háttað, eigi litið svo á, að stefnandi hafi fyrirgert bótakröfu sinni með tómlæti.

Stefndi Rúnar hafði við munnlegan málflutning uppi þá málsástæðu, að hann hefði ekki verið skráður byggingameistari að framkvæmdunum við garðstofuna. Fullyrðing í þá átt kom fram af hálfu stefnanda í stefnu og kröfur á hendur stefnda Rúnari þar á því einu byggðar. Málsástæða þessi kemur eigi fram í greinargerð stefndu, en hún kom fyrst fram við aðilaskýrslu þessa stefnda. Verður því að telja, að málsástæða þessi sé of seint fram komin, og verður að dæma stefnda Rúnar bótaskyldan óskipt með stefnda Byggingafélaginu Borg hf., en staðhæfing stefnanda var að nokkru studd gögnum.

Þó að framkvæmd matsgerðar hafi ekki verið með öllu hnökralaus, hefur henni ekki verið hnekkt. Verða niðurstöður hennar lagðar til grundvallar um kostnað úrbóta. Þess er að gæta, að í matsgerðinni er reiknað með virðisaukaskatti í þeim mæli, er stefnandi yrði að lokum að bera. Verður virðisaukaskatti því eigi bætt við matsfjárhæðina.

Krafa vegna afnotamissis er eigi studd neinum gögnum. Þó að telja verði nokkurn skaða af því, að eigi hefur verið unnt að notast við sólstofuna, svo sem almennt er, hefur stefnandi eigi reifað málið með þeim hætti, að unnt sé að dæma um kröfu þessa.

Þeim endurbótum, er gagnstefnandi Byggingafélagið Borg hf. krefur um endurgjald fyrir í gagnsök, hefur eigi verið lýst, og er eigi sýnt fram á, að þær hafi verið til gagns eða annað og meira en endurbætur á eigin verki. Verður gagnstefndi sýknaður af kröfum gagnstefnanda.

Skv. þessum niðurstöðum verða stefndu Byggingafélagið Borg hf. og Rúnar Viktorsson dæmdir til að greiða stefnanda óskipt 380.000 kr. með vöxtum, svo sem í dómsorði greinir. Þá verða þessir stefndu dæmdir til að greiða stefnanda 310.000 kr. í málskostnað, er beri vexti svo sem í dómsorði greinir, en krafa um annan upphafstíma vaxta en greinir í 175. gr. laga nr. 85/1936 hefur eigi lagastoð. Með hliðsjón af þætti stefnda Ingólfs Margeirs-

sonar og einkafirma hans, Hagtækni, þykir rétt, að stefnandi greiði þeim málskostnað, sem er hæfilega ákveðinn 45.000 kr. og beri vexti á sama hátt.

Dóm þennan kváðu upp Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari á Keflavíkurflugvelli, setudómari í máli þessu, Björn Árnason bæjarverkfræðingur og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari.

Dómsorð:

Stefndu Byggingafélagið Borg hf. og Rúnar Viktorsson greiði stefnanda, Þórði Sigurðssyni, óskipt 380.000 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga frá 1. mars 1991 til greiðsludags og 310.000 kr. í málskostnað, er beri dráttarvexti skv. 10. gr. vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Stefndu Ingólfur Margeirsson og Hagtækni skulu sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu. Stefnandi greiði þessum stefndu 45.000 kr. í málskostnað, er beri dráttarvexti skv. 10. gr. vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Í gagnsök skal gagnstefndi Þórður Sigurðsson sýkn af kröfum gagnstefnanda.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 377/1992. **Þrotabú Hannesar Sigurgeirssonar**
Guðrún Magnúsdóttir og
Þorvaldur Hannesson
(Sigmundur Hannesson hrl.)
gegn
Jóni Magnússyni

Víxlar. Málsástæður. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 28. september 1992. Þau krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands, upp kveðnum 10. september 1993, var bú Hannesar Sigurgeirssonar, sem var aðili að málinu í héraði, tekið til gjaldþrotaskipta. Hefur þrotabú hans tekið við málsaðild fyrir Hæstarétti samkvæmt 3. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. laganna, eins og þeim var breytt með lögum nr. 38/1994.

Fyrir Hæstarétti hafa áfrýjendur, sem létu þingsókn falla niður í málinu fyrir héraðsdómi, uppi þá nýju málsástæðu, að réttur samkvæmt sýningarvíxli, sem stefndi styður kröfur sínar á hendur þeim við, hafi fallið niður vegna vangeymslu, þar sem of langur tími hafi liðið frá útgáfudegi víxilsins, þar til hann var sýndur til greiðslu. Stefndi hefur mótmælt, að þessi málsástæða áfrýjenda fái komist að í málinu. Telur hann, að fyrir því sé ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973, sem gilti við áfrýjun þessa máls, sbr. nú 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991, eins og þeim var breytt með lögum nr. 38/1994.

Samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 91/1991 er unnt að hafa uppi varnir á þeim grunni, sem hér um ræðir, í víxilmáli, sem er rekið eft-

ir ákvæðum XVII. kafla laganna. Átti hið sama við samkvæmt gildandi reglum, þegar málið var rekið í héraði, sbr. 2. mgr. 208. gr. og XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Telja verður, að það geti valdið áfrýjendum verulegum réttarspjöllum, ef þessari málsástæðu verður ekki komið að fyrir Hæstarétti. Þykir því verða, eins og hér hagar til, að taka tillit til hennar við úrlausn málsins.

Víxill sá, sem stefndi reisir kröfur sínar á, var gefinn út 10. desember 1984, en ekki sýndur til greiðslu fyrr en 15. október 1986. Var þá liðinn sá frestur, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 34. gr. víxillaga nr. 93/1933, til að sýna víxil til greiðslu eftir útgáfudag hans. Eftir 1. mgr. 53. gr. sömu laga glataði stefndi þar með rétti til að ganga að áfrýjendunum Guðrúnu og Þorvaldi sem útgefanda og framseljendum víxilsins til fullnustu á kröfum samkvæmt honum. Ber því að sýkna þau af kröfum stefnda að öðru leyti en varðandi málskostnað.

Réttur stefnda til að krefja Hannes Sigurgeirsson um greiðslu samkvæmt víxlinum sem samþykkjanda féll á hinn bóginn ekki niður af framangreindum ástæðum og hefur ekki heldur fallið síðar niður vegna fyrningar, sbr. 1. mgr. 53. gr. og 1. mgr. 70. gr. laga nr. 93/1933. Þegar málið var höfðað, var bú Hannesar að vísu fyrra sinni til gjaldþrotaskipta, en þau atvik stóðu því þó ekki í vegi, að kröfum í málinu yrði beint að honum, sbr. þágildandi ákvæði í 119. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Þar sem óumdeilt er, að þetta mál hafi verið höfðað sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla þágildandi laga nr. 85/1936, má fallast á niðurstöðuna í hinum áfrýjaða dómi um aðrar málsástæður, sem áfrýjendur höfðu uppi í héraði, hvað þrotabú Hannesar varðar.

Í héraðsdómsstefnu krafðist stefndi greiðslu á 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af 300.000 krónum frá 15. október 1986 til 1. mars 1987, en 2,5% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Í þinghaldi í málinu 19. júní 1992 lýsti stefndi yfir þeirri breytingu á vaxtakröfu sinni, að hann krefðist sem fyrr, að sér yrðu greiddir 2,5% dráttarvextir frá 1. mars 1987, en frá 14. apríl á sama ári krefðist hann dráttarvaxta samkvæmt 10., sbr. 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, til greiðsludags. Þessi breyting á kröfugerð, sem héraðsdómari lét komast að í málinu, var gerð, eftir að þingsókn var fallin niður í héraði af hendi áfrýjenda, og samþykktu þau

hana því ekki fyrir dómi. Var þannig óheimilt að koma þessari breytingu, sem er áfrýjendum til íþyngingar, að í málinu án framhaldsstefnu, sbr. þágildandi 113. gr. laga nr. 85/1936. Er því ekki unnt að dæma stefnda hærri vexti en hann krafðist upphaflega samkvæmt stefnu í héraði.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm gagnvart þrotabúi Hannesar Sigurgeirssonar að öðru leyti en varðandi dráttarvexti, sem fer um eins og mælt er fyrir um í dómsorði, og málskostnað.

Áfrýjendur létu þingsókn falla niður í héraði, og voru kröfur stefnda á hendur þeim teknar þar til greina. Þótt áfrýjendurnir Guðrún Magnúsdóttir og Þorvaldur Hannesson séu nú sýknuð af kröfum stefnda, þykir verða vegna útivistar þeirra í héraði að gera þeim að greiða honum málskostnað óskipt með áfrýjandanum þrotabúi Hannesar Sigurgeirssonar í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Mál þetta var þingfest á aukadómþingi Árnessýslu 24. júní 1987, og var stefndu í héraði þá veittur frestur til greinargerðar til 2. september sama ár. Í þinghaldi þann dag voru lögð fram greinargerð og nokkur önnur skjöl, en málinu síðan frestað ótiltekið til aðalmeðferðar. Það var ekki tekið fyrir að nýju fyrr en 12. október 1989, og féll þá niður þingsókn af hálfu stefndu í héraði. Málið var þó ekki dómtekið, heldur var því frestað að nýju og ekki tekið fyrir aftur fyrr en 19. júní 1992, þegar annað var ekki gert en bóka yfirlýsingu stefnandans í héraði um breytingu á vaxtakröfu í málinu og taka það til dóms. Öll þessi þinghöld háði dómarinn, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm. Þessi stórfelldi og algerlega ástæðulausi dráttur á meðferð málsins var brýnt brot á reglum þágildandi laga nr. 85/1936, og er hann vítaverður.

Dómsorð:

Áfrýjendur Guðrún Magnúsdóttir og Þorvaldur Hannesson eru sýkn af kröfum stefnda, Jóns Magnússonar, í máli þessu.

Áfrýjandi þrotabú Hannesar Sigurgeirssonar greiði stefnda 301.600 krónur með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af 300.000 krónum frá 15. október 1986 til 1. mars 1987, en 2,5% dráttar-

vöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði allir óskipt stefnda 100.000 krónur í málskostnað samanlagt í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 29. júní 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., er höfðað fyrir aukadómþinginu af Jóni Magnússyni héraðsdómslögmanni, Skeifunni 11 A, Reykjavík, gegn Hannesi Sigurgeirssyni og Guðrúnu Magnúsdóttur, báðum til heimilis að Heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði, og Þorvaldi Hannessyni, Kópavogsbraut 78, Kópavogi.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda víxilskuld, að fjárhæð 300.000 krónur, ásamt [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði alsýknuð af dómkröfum stefnanda í málinu.

II.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál. Við þingfestingu þess 24. júní 1987 var sótt þing af hálfu allra stefndu og málinu vikið til sérstakrar meðferðar í samræmi við 9. gr. laga nr. 97/1978. Á reglulegu aukadómþingi 2. september 1987 skiluðu stefndu greinargerð sinni. Er þá bókað í þingbók, að málinu sé frestað ótiltekið til aðalflutnings. Næst var þingað í málinu 12. október 1989, en dómari sá, er nú fer með málið, fékk það til meðferðar 16. september sama ár. Í því þinghaldi lagði stefnandi fram greinargerð sína, svo sem skylt var samkvæmt 9. gr. laga nr. 97/1978, sbr. 105. gr. laga nr. 85/1936, sbr. nú 2. mgr. 230. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988. Þá var enn fremur lagt fram bréf frá lögmanni stefndu, þar sem fram kemur, að hann hafi ekki í hyggju að hafa frekari afskipti af málinu. Varð útivist af hálfu stefndu í þessu síðastgreinda þinghaldi. Meðferð málsins lá síðan alveg niðri, þar til aðilar þess voru boðaðir til þinghalds 19. þ. m. Það þinghald sóttu stefndu ekki, og var málið þá dómtekið að kröfu stefnanda. Verður framangreindur dráttur á meðferð málsins hér fyrir dómi ekki réttlættur á nokkurn hátt.

III.

Stefnandi málsins reisir dómkröfu sína á tryggingarvíxli, að fjárhæð 300.000 krónur. Víxill þessi er út gefinn 10. desember 1984 í Garðabæ af stefndu, Guðrúnu Magnúsdóttur, framseldur af sömu, en samþykktur til

greiðslu við sýningu í Búnaðarbanka Íslands í Garðabæ af stefnda Hannesi Sigurgeirssyni. Þá er víxillinn ábektur af stefnda Þorvaldi Hannessyni. Að sögn stefnanda hafi víxillinn verið sýndur til greiðslu og afsagður sökum greiðslufalls 15. október 1986. Hafi greiðsla ekki enn borist.

Fram kemur í stefnu, að víxill sá, er hér um ræðir, hafi verið gefinn út til tryggingar efndum á kaupsamningi um fasteignina Borgarhraun 14 í Hveragerði. Þar sem sá kaupsamningur hafi ekki verið efndur, komi greiðsluskylda samkvæmt víxlinum að fullu til framkvæmda.

Í greinargerð sinni vísar stefnandi til ákvæða víxillaga og sérreglna í 17. kafla laga nr. 85/1936.

IV.

Málavextir að sögn stefndu eru þeir, að 10. desember 1984 hafi stefndu Hannes og Guðrún undirritað samning um kaup þeirra á fasteigninni nr. 14 við Borgarhraun í Hveragerði. Tryggingarvíxill sá, sem mál þetta er sprottið af, hafi verið gefinn út til tryggingar á fyrstu greiðslu samkvæmt A-lið kaupsamningsins, 250.000 krónum. Sú greiðsla hafi síðan verið innt af hendi í tvennu lagi, 24. janúar og 19. febrúar 1985.

Í greinargerð stefndu er til þess vísað, að 9. júlí 1985 hafi stefndi Hannes séð sig neyddan til að óska eftir gjaldþrotaskiptum á búi sínu. Hafi stefnandi máls þessa lýst kröfum í þrotabúið f. h. seljenda framangreindrar eignar, þeirra Guðbjargar Þorsteinsdóttur og Hafsteins Ársælssonar. Hafi krafa seljenda numið 1.037.266 krónum. Þá hafi mál þróast á þann veg, að framangreind fasteign hafi verið seld á nauðungaruppboði. Afsal til kaupenda hafi aldrei verið gefið út, og reyndar hafi af hálfu seljenda verið farið fram á riftun kaupsamnings.

Málsástæður og lagarök stefndu eru eftirfarandi:

1. Að mati stefndu hefur stefnda Hannesi ranglega verið stefnt til að þola dóm í málinu, og beri að sýkna hann af kröfum stefnanda með vísan til 45. gr. laga nr. 85/1936. Bú Hannesar hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta árið 1985, og sé skiptum ekki lokið. Ráði stefndi því ekki yfir eignum sínum, svo að þýðingu hafi fyrir þrotabúið. Mál þetta hafi verið höfðað árið 1987. Vísa stefndu enn fremur til stuðnings sýknukröfu að þessu leyti til 1. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 3. mgr. 54. gr. sömu laga, svo og til 22. gr. og 1. tl. 118. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

2. Þá reisa stefndu sýknukröfu sína á því, að vegna riftunar á áðurnefndum kaupsamningi sé ekki unnt að krefja um greiðslu á tryggingarvíxli þeim, sem hér um ræðir. Það samrýmist ekki bæði að rifta samningi og krefjast efnda á honum.

3. Loks tilgreina stefndu þá málsástæðu, að umræddur tryggingarvíxill

hafi eingöngu átt að tryggja fyrstu greiðslu samkvæmt kaupsamningi um fasteignina Borgarhraun 14 í Hveragerði. Þá greiðslu hafi átt að inna af hendi í desember 1984, en dregist til 19. febrúar 1985 að ljúka henni. Þar sem greiðsla hafi nú farið fram, hafi tryggingarvíxillinn þegar gegnt hlutverki sínu. Beri því að sýkna stefndu af dómkröfum stefnanda í málinu.

V.

Mál þetta er höfðað gegn samþykkjanda, útgefanda og framseljendum víxils á hendur öðrum manni og er því víxilmál, sem rekið verður eftir 17. kafla laga nr. 85/1936, sbr. 207. gr. laganna.

Af hálfu stefndu hefur ekki verið höfð uppi sú málsástæða, að víxilkrafa stefnanda sé niður fallin fyrir fyrningu. Verður ex officio ekki dæmt um það atriði.

Samkvæmt gögnum málsins var bú stefnda Hannesar Sigurgeirssonar tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Árnessýslu, upp kveðnum 21. ágúst 1985, og lauk kröfulýsingarfresti 11. nóvember sama ár. Gjalddagi þeirrar víxilkröfu, sem hér um ræðir, var, svo sem áður greinir, 18. október 1986, og mál til heimtu kröfunnar var höfðað 4. og 5. júní 1987. Að þessu virtu hefur Hannesi Sigurgeirssyni réttilega verið stefnt til að þola dóm í málinu, en ekki þrotabúi hans. Að öðru leyti hafa stefndu ekki haft uppi neinar þær varnir í máli þessu, sem koma má að gegn andmælum stefnanda í víxilmáli samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 19. gr. laga nr. 93/1933. Af því leiðir, að kröfur stefnanda verða teknar til greina.

Dæma ber stefndu til að greiða óskipt stefnanda 40.000 krónur í málskostnað.

Þorgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Hannes Sigurgeirsson, Guðrún Magnúsdóttir og Þorvaldur Hannesson, greiði in solidum stefnanda, Jóni Magnússyni, 301.600 krónur ásamt 2,25% mánaðarvöxtum af 300.000 krónum frá 15. 10. 1986 til 1. mars 1987, 2,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 14. apríl sama ár, en dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði óskipt stefnanda 40.000 krónur í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 331/1991. **Ólafur R. Þorvarðarson og**
Kristín Jónsdóttir
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Leifi Helgasyni og
Sigrúnu Kristinsdóttur
(Ingólfur Hjartarson hrl.)

Fasteignakaup. Galli. Geymslugreiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. ágúst 1991. Þau krefjast sýknu af öllum kröfum stefndu í aðalsök í héraði. Þá krefjast þau þess, að stefndu greiði sér 258.450 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 28. október 1989 til greiðsludags. Jafnframt gera áfrýjendur kröfu um greiðslu matskostnaðar, 69.295 krónur, ásamt 38,4% ársvöxtum frá 30. október 1989 til 1. desember sama ár og 40% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Áfrýjendur krefjast enn fremur, að stefndu verði dæmd til að gefa sér út afsal fyrir íbúð á jarðhæð að Kelduhvammi 5, Hafnarfirði, að viðlögðum dagsektum. Loks krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Stefndu höfðuðu málið í héraði á hendur áfrýjendum til heimtu lokagreiðslu, að fjárhæð 487.888 krónur, samkvæmt kaupsamningi sínum við áfrýjendur 30. maí 1988. Áfrýjendur héldu eftir greiðslunni, sem féll í gjalddaga 1. maí 1989, vegna galla þeirra, sem lýst er í héraðsdómi. Matsgerð vegna gallanna lá ekki fyrir fyrr en 28. október 1989. Brast áfrýjendur þannig heimild til þess að halda eftir greiðslunni á sitt eindæmi í bága við ákvæði kaupsamningsins, og

ekki gátu þau heldur losnað undan skyldum sínum með geymslugreiðslu 2. maí 1989.

Ósannað er, að gallar í leiðslum í baðherbergi hafi verið til staðar við sölu íbúðarinnar. Við afhendingu hennar voru hins vegar komnar fram bólur í vegg við forstofuhurð, og var öllum aðilum þá um það kunnugt. Er ósannað, að stefndu hafi vitað af þessum skemmdum í málningunni, fyrr en þau tæmdu íbúðina skömmu fyrir afhendingu, og að þeim hafi mátt vera ljóst, af hverju þær stöfuðu. Síðar kom í ljós, að leki var frá vatnsleiðslum í baðherbergi.

Fram er komið, að stefndu hafa mótmælt skaðabótaskyldu gagnvart áfrýjendum vegna gallanna, þótt þau hafi boðið fram afslátt vegna þeirra. Áfrýjendur hafa ekki á því byggt, að þau eigi rétt á afslætti úr hendi stefndu. Stefndu hafa eigi gagnáfrýjað héraðsdómi. Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóm að niðurstöðu til.

Samkvæmt þessu verða áfrýjendur dæmdir til að greiða stefndu óskipt 357.888 krónur, þ. e. eftirstöðvar kaupverðs, 487.888 kr., að frádregnum 70.000 krónum, sem stefndu lækkuðu kröfur sínar um í héraði, og að frádregnum 60.000 krónum, sem stefndu voru dæmd til að greiða áfrýjendum samkvæmt hinum áfrýjaða dómi. Verða áfrýjendur dæmdir til að greiða dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 417.889 krónum frá 1. maí 1989 til 28. október sama ár, en þann dag lá fyrir niðurstaða matsgerðar, og af 357.888 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Rétt þykir, að áfrýjendur greiði stefndu 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Ólafur R. Þorvarðarson og Kristín Jónsdóttir, greiði stefndu, Leifi Helgasyni og Sigrúnu Kristinsdóttur, 357.888 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 417.888 krónum frá 1. maí 1989 til 28. október sama ár, en af 357.888 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Gegn þeirri greiðslu gefi stefndu út afsal til handa áfrýjendum fyrir íbúð á jarðhæð að Kelduhvammi 5, Hafnarfirði.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Áfrýjendur eru dæmdir til að greiða stefndu 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 13. júní 1991.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hafa Leifur Helgason, kt. 010954-7899, og Sigrún Kristinsdóttir, kt. 170653-4919, bæði til heimilis að Álfaskeiði 80, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 18. 6. 1990, á hendur Ólafi R. Þorvarðarsyni, kt. 070142-4659, og Kristínu Jónsdóttur, kt. 140848-2209, báðum til heimilis að Kelduhvammi 5, Hafnarfirði.

Endanlegar dómkröfur aðalstefnenda eru þær, að aðalstefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnendum 581.561 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Af hálfu aðalstefndu er krafist sýknu af öllum kröfum aðalstefnenda og að aðalstefnendur verði dæmd til að greiða stefndu málskostnað [...].

Stefndu höfðuðu gagnsakarmál á hendur stefnendum með þingfestingu þess 9. 10. sl.

Dómkröfur gagnstefnenda eru þessar:

1. að gagnstefndu verði dæmd til að greiða sér 258.450,00 kr., með 38,4% ársvöxtum frá 28. 10. 1989 til 1. 12. s. á. með [nánar tilgreindum vöxtum],
2. að gagnstefndu verði dæmd til greiðslu matskostnaðar, að fjárhæð 69.295,00 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum],
3. að gagnstefndu verði með dómi gert skylt að gefa út afsal til gagnstefnenda fyrir íbúð á jarðhæð að Kelduhvammi 5, Hafnarfirði, í samræmi við kaupsamning, dags. 30. maí 1988, allt að viðlögðum dagsektum, 5.000,00 kr. á dag, er renni til gagnstefnenda,
4. að gagnstefndu verði gert að greiða gagnstefnendum málskostnað [...].

Af hálfu gagnstefndu er krafist sýknu af öllum kröfum gagnstefnenda og málskostnaðar úr þeirra hendi að mati réttarins.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Mál þetta var áður munnlega flutt og dómtekið 14. janúar sl.

II.

Málavextir.

Með kaupsamningi, dagsettum 30. 5. 1988, keyptu aðalstefndu af aðalstefnendum jarðhæð fasteignarinnar nr. 5 að Kelduhvammi í Hafnarfirði. Umsamið kaupverð nam 5.000.000,00 kr., og skyldi greiða það með 3.887.888,00 kr. á tímabilinu 30. 5. 1988 til 1. 5. 1989 og með yfirtöku áhvíl-

andi veðskulda, að fjárhæð 1.112.112,00 kr. Íbúðina skyldi afhenda aðalstefndu 15. 8. 1988.

Um það leyti, sem afhenda átti aðalstefndu íbúðina, sáust bólur í málningu á vegg í horni við forstofudyr. Aðilum ber ekki saman um það, hver hafi vakið athygli á þeim. Aðalstefnendur hafa skýrt svo frá, að þau hafi orðið þessara smábólna vör skömmu fyrir afhendingu íbúðarinnar og skýrt aðalstefndu frá þeim við afhendingu hennar. Aðalstefndu halda því á hinn bóginn fram, að við afhendingu íbúðarinnar hafi þau orðið þess áskynja, að veggur við forstofudyr var bólginn. Þau neita því, að aðalstefnendur hafi vakið athygli þeirra á bólunum. Þau halda því fram, að aðalstefnandi Leifur hafi kannast við bólurnar, en sagst hafa gleymt að skýra þeim frá þeim. Þessari staðhæfingu mótmælir Leifur. Aðilar ræddu um það á þessum tíma, af hverju þessar bólur kynnu að stafa, og kannast aðalstefnandi Leifur við það að hafa látið það álit sitt í ljós, að þetta kynni að stafa af héluðu röri. Ekki fór fram nein athugun á því, hverjar orsakir bólnanna kynnu að vera. Aðalstefndu skófu þær af og máluðu vegginn. Í október fóru bólur að koma aftur í málningu á umræddum vegg með sama sniði og var við afhendingu eignarinnar. Þá fór einnig fljótlega að bera á salla úr skrautvegg. Aðalstefndu höfðu þá samband við aðalstefnanda Leif og skýrðu honum frá málavöxtum. Aðalstefndi Ólafur kvað þá grunsemdir hafa vaknað um, að þetta stafaði af öðru en héluðum rörum í veggnum. Leifur ætlaði þá að athuga, hvort hann væri með tryggingar, sem bættu hugsanlegar skemmdir, en í ljós kom, að hann var einungis með heimilistryggingu, sem bætti ekki slíkar skemmdir. Ólafur kvað frekar litlar breytingar hafa orðið á umfangi bólnanna fram í desember, og hafi hann ekki séð ástæðu til að láta kanna þetta af iðnaðarmönnum, enda hafi Leifur þá sífellt sagst vera að athuga, hvort tryggingar hans gætu komið þarna inn, en ekkert komið út úr þeim athugunum. Ólafur kvaðst hafa talið, að Leifur eða tryggingafélag hans myndi sjá um að kanna skemmdirnar og kosta og framkvæma viðgerð. Um mánaðamót nóvember/desember 1988 jukust skemmdirnar skyndilega, og kom þá í ljós mikill leki, sem skemmdi gólfdúka, hurðir o. fl., eins og síðar verður nánar lýst. Fékk Ólafur mann 1. des. til að brjóta frá baðkeri og sturtu, og kom þá í ljós, að rör, sem lá frá blöndunartækjum í baðker og sturtu, var tært í sundur og mikil bleyta undir baðkeri, sem valdið hafði skemmdum á íbúðinni. Hafði Ólafur þá samband við Leif og fasteignasalann, og komu þeir á staðinn daginn eftir, 2. desember. Leifur kveðst hafa furðað sig á því, að Ólafur hefði ekkert gert til að koma í veg fyrir lekann, en Ólafur svarað því til, að hann hefði ekki vitað, hvort Leifur myndi bæta skaðann. Leifur kom aftur á staðinn eftir miðjan janúar, og voru verksum-

merkin þá hin sömu og í desember, ekki farið að gera við skemmdirnar, sem þó höfðu ekkert aukist. Kvað Ólafur ástæðu þess, að ekki var hafist handa um viðgerðir, að Leifur hefði alltaf verið með tryggingamálin í athugun. Fékk Ólafur mann frá tryggingafélaginu Sjóvá til að meta tjónið og kostnað við viðgerðir, og afhenti hann Leifi afrit af því mati, sem gerði ráð fyrir, að kostnaður við að koma íbúðinni í lag væri um 245.850 kr.

Ólafur kvaðst hafa orðið var við fúkka- og rakalykt í forstofu fljótlega eftir afhendingu íbúðarinnar.

Með bréfi, dagsettu 22. 1. 1989, býðst aðalstefnandi Leifur til að lækka verð íbúðarinnar um 70.000 kr. vegna lekans, en sú lækkun væri fólgin í eftirfarandi viðgerðum á íbúðinni:

a) að brjóta upp vegg, sem lekinn væri í,

b) að skipta um lagnir, sem lækju,

c) að múra þann vegg, sem skipta þyrfti um lagnir í,

d) að flísaleggja þann vegg, sem þyrfti að brjóta.

Með bréfi, dagsettu 30. 1. 1989, hafnar aðalstefndi Ólafur boði aðalstefnanda Leifs, þar sem bætur þær, er hann bjóði, séu fjarri lagi. Krafa sé hins vegar gerð um, að aðalstefnandi sjái annaðhvort sjálfur um viðgerð í samræmi við verklýsingu eða greiði áætlaðan viðgerðarkostnað. Ekki náðu aðilar samkomulagi um bætur eða afslátt, og 18. 4. 1989 var óskað eftir dómkvaðningu matsmanna af hálfu aðalstefndu til að skoða hina ætluðu galla á íbúðinni, segja til um orsök þeirra og afleiðingu, hvað þyrfti að bæta og hvað það myndi kosta bæði beint og óbeint.

Hinn 26. apríl 1989 voru þeir Þorvarður Magnússon byggingameistari og Samúel V. Jónsson pípulagningamaður dómkvaddir til að meta það, sem beðið var um í matsbeiðni. Skiluðu þeir matsgerð 28. 10. 1989.

Niðurstaða matsmanna var svohljóðandi:

„Auðséð er, að vatnsskemmdir eru frá vatnslögn í baðherbergi íbúðarinnar. Vatnsskemmdir komu fram í málningu í gangi, skrautvegg í forstofu, körmum og dyrum að baðherbergi og forstofu svo og dúk á baði og skála.

Vatn hefur komist undir dúk baðherbergis og skála. Má enn finna saggalykt undir þeim. Skemmdir á skrautvegg, körmum og dyrum stafa af því, að viðurinn er vatnsbólginn. Til að hægt sé að gera við lekann, verður að rjúfa hleðsluvegg upp að baðkeri. Þar sem viðkomandi flísar eru ófáanlegar, verður að flísaleggja baðherbergið að nýju.

Til að bæta gallann þarf að múra að nýju upp að baðkeri. Útvega þarf nýjar flísar og flísaleggja baðherbergið. Leggja þarf nýjan dúk í baði og skála. Gera þarf við skrautvegg, setja nýjar hurðir og karma að baðherbergi og forstofu svo og að mála eftir skemmdir.

Heildarkostnaður er 258.450,00 kr.

Matsmenn staðfestu matsgerðina við aðalmeðferð málsins.

Áður en til matsins kom, höfðu aðalstefndu látið gera við hin skemmdu rör, sem lekanum ollu, í febrúar 1989.

Upplýst er í máli þessu, að eftir að veggur að baðkeri var rofinn í byrjun desember 1988 og í ljós kom, af hverju lekinn stafaði, hafi aðalstefndu hætt að nota baðker og sturtu og þá ekki orðið um frekari leka að ræða eftir það. Aðalstefnandi Leifur kannaðist og við það, að engar breytingar hefðu orðið á umfangi skemmdanna, frá því að hann kom á staðinn 2. 12. 1988 og þar til matsfundur var haldinn.

III.

Aðalsök.

Af hálfu aðalstefnenda eru dómkröfur þeirra í aðalsök sundurliðaðar á eftirfarandi hátt:

Útborgunargreiðsla skv. kaupsamningi 1. 5. 1989	kr.	487.888
Frádráttur vegna galla, sem seljendur vilja bæta	kr.	70.000
Mismunur	kr.	417.888
Dráttarvextir af 417.888 kr. frá 1. 5. 1989 til 1. 5. 1990	kr.	163.673
Höfuðstóll endanlegrar dómkröfu	kr.	581.561

Dómkröfur sínar reisa aðalstefnendur á ákvæðum kaupsamnings.

Dómkröfur sínar styðja aðalstefnendur á þeim rökum, að við afhendingu íbúðarinnar hafi aðalstefndu verið bent á bólur í forstofuvegg. Í desember hafi verið haft samband við aðalstefnendur vegna mikilla skemmda á íbúðinni. Hafi þá komið í ljós, að leki var í vatnsröri í baðherbergi. Þrátt fyrir það að aðalstefndu vissu um lekann, hafi þau ekki gert reka að því að koma í veg fyrir hann. Þá hafi aðalstefnendur verið tilbúin að veita 70.000 króna afslátt af söluverðinu, sem hafi svarað til þeirrar upphæðar, sem talið var, að viðgerð kostaði. Aðalstefnendur séu ekki og hafi ekki verið tilbúin að bæta tjón, sem aðalstefndu hefðu átt að koma í veg fyrir. Aðalstefndu hafi því með andvaraleysi sínu aukið á tjónið, og það beri aðalstefnendum ekki að greiða. Þar af leiðandi séu fjárhæðir í mati hinna dómkvöddu matsmanna aðalstefnendum óviðkomandi að mestu.

Sýknukröfu sína í aðalsök styðja aðalstefndu þeim rökum, að með geymslugreiðslu sinni á síðustu útborgunargreiðslu skv. kaupsamningi hafi

þau innt af hendi samningsskyldur sínar. Þá eigi aðalstefnendur ekki rétt á dráttarvöxtum, enda ekki um að ræða slík vanskil af hálfu aðalstefndu, að heimili slíka vaxtatöku. Hin selda eign hafi verið gölluð, og hafi það réttlætt geymslugreiðslu aðalstefndu.

Gagnsök.

Dómkröfur sínar í gagnsök styðja gagnstefnendur við matsgjörð hinna dómkvöddu matsmanna, sem hafi ekki verið hnekkt. Bótaskylda gagnstefndu sé ótvíræð, enda hafi verið um leyndan galla að ræða í hinni seldu eign, sem gagnstefndu hafi vitað um fyrir kaupin og vísvitandi leynt gagnstefnendur. Gagnstefnendur reisa kröfur sínar á 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922. Þau hafi verið að kaupa ógallaða eign, en síðar hafi komið í ljós, að hún var ekki í samræmi við áskilda kosti. Þá verði andvaraleysi gagnstefnenda ekki um kennt, hvernig fór. Gagnstefnandi Kristín hafi fyrst veitt bólunum á forstofuvegg athygli við afhendingu íbúðarinnar, og hafi gagnstefndi Leifur þá sagst hafa gleymt að skýra frá þeim. Hann hafi og fullyrt, að þetta stafaði af héluðum rörum.

Því sé eindregið mótmælt, að gagnstefnendur hafi sýnt eitthvert andvaraleysi vegna hinna leyndu galla. Þau hafi tekið þau orð Leifs trúanleg, að orsök gallanna væri héluð rör. Síðan hafi Leifur verið marga mánuði að kanna, hvort tryggingafélag hans bætti tjón þetta. Það hafi ekki verið, fyrr en gallarnir fóru að ágerast, sem gagnstefnendur hafi sjálfir farið að kanna, hvað þessu ylli. Þá hafi orsakirnar komið í ljós.

Kröfum sínum til stuðnings vísa gagnstefnendur til reglna kröfu-, samninga- og kauparéttar. Bótakröfurnar styðja þau grundvallarreglu 42. gr. kaupalaga um bótaskyldu seljanda, þegar seldum hlut er áfátt.

Af hálfu gagnstefndu er sýknukrafa á því reist auk þeirra málsástæðna, sem stuðst er við í aðalsök, að ljóst hafi verið, er íbúðin var afhent, að engar aðrar sjáanlegar skemmdir hafi verið á henni en hinar umræddu bólur. Skemmdir á hurðum, gólfdúk, skrautvegg o. s. frv. hafi engar verið sjáanlegar. Gagnstefnendur hafi því látið það viðgangast í langan tíma, að þarna læki, án þess að aðhafast nokkuð það, sem stöðvað gæti skemmdirnar. Gagnstefndu hafi verið tilbúin til að greiða gagnstefnendum 70.000 kr. vegna viðgerða á rörum þeim, sem skemmd voru, en þau séu hins vegar ekki tilbúin til að greiða þær skemmdir, sem urðu eftir afhendingu og gagnstefnendum máttu vera ljósar, en gerðu ekkert til að stöðva. Matsgerðin miði við viðgerðarkostnað á þeim skemmdum, sem rekja megi til hinna tærðu röra bæði fyrir og eftir afhendingu íbúðarinnar. Alveg sé fráleitt að ætla gagnstefndu að greiða sem nýtt baðherbergi í íbúðina, þar sem mestan hluta skemmdanna megi rekja til aðgerðaleysis gagnstefnenda. Þá er því

mótmælt af hálfu gagnstefndu, að um leyndan galla hafi verið að ræða, sem þau hafi leynt gagnstefnendur vísvitandi.

Niðurstaða dómsins.

1. Aðalsök.

Þegar síðasta greiðsla aðalstefndu skv. útborgunarlið kaupsamnings aðila átti að fara fram 1. 5. 1989, lá ekki fyrir matsgerð sú, er lögð hefur verið fram í málinu, en þá var samt búið að óska dómkvaðningar matsmanna. Þá lá hins vegar fyrir áætlun frá starfsmanni Sjóvátryggingafélags Íslands hf. um viðgerðarkostnað vegna tjónsins, að fjárhæð 245.850,00 kr., þar sem fyrir lá, að um nokkurt tjón var að ræða á íbúðinni. Samkvæmt ákvæðum kaupsamnings skyldu aðalstefndu greiða 487.888,00 kr. 1. 5. 1989. Greiðsla aðalstefndu á þeirri fjárhæð inn á geymslureikning verður eigi talin fela í sér efndir af þeirra hálfu skv. skýlausu ákvæði kaupsamningsins. Á hinn bóginn má fallast á það, að aðalstefndu hafi verið heimilt að halda eftir hluta þeirrar fjárhæðar vegna hugsanlegrar bótaskyldu aðalstefnenda eða réttar aðalstefndu til afsláttar úr hendi aðalstefnenda og kostnaðar við að sannreyna tjónið. Sú fjárhæð, er aðalstefndu geymslugreiddu, verður þó talin of há með hliðsjón af umfangi tjónsins.

Niðurstaða réttarins er sú í aðalsök og þar sem aðalstefndu sækja bótakröfur sínar í gagnsakarmáli til sjálfstæðs dóms, að aðalstefndu verða dæmd til að greiða aðalstefnendum 581.561,00 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 1. 5. 1990 til greiðsludags. Dráttarvextir skulu höfuðstólsfærðir á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. 5. 1991.

Fjallað verður um málskostnað síðar í dómi þessum fyrir báðar sakir í einu lagi.

2. Gagnsök.

Þegar umrædd íbúð var afhent gagnstefnendum, voru aðilum ljósar þær bólur á málningu, sem að framan er greint frá. Ekki ber aðilum saman um það, hver hafi fyrst vakið á þeim athygli, en með hliðsjón af atvikum telur dómurinn ósannað, að gagnstefndu hafi vísvitandi leynt gagnstefnendur þeim við gerð kaupsamnings. Við afhendingu íbúðarinnar virðast aðilar ekki hafa talið, að um alvarlega bilun í leiðslum væri að ræða. Það er álit dómsins, að þær skemmdir, sem síðar kom í ljós, að voru á lögnum í baðherbergi, hafi verið byrjaðar þegar fyrir gerð kaupsamnings, en að hvorugur aðili hafi þá eða við afhendingu íbúðarinnar mátt ætla, að þær væru til staðar, eins og síðar kom í ljós. Verður því að fallast á, að íbúðin hafi haft leyndan galla þegar við sölu hennar til gagnstefnenda, þar sem gagnstefnendur höfðu ekki ástæðu til annars en að ætla, að leiðslur þær, sem um ræðir, væru í viðunandi ástandi, þegar tillit er tekið til aldurs hússins. Þá verður

að telja með hliðsjón af því, sem fram hefur komið um viðræður aðila við afhendingu íbúðarinnar, m. a. um tryggingamál o. fl., að gagnstefnendur hafi þá haft uppi áskilnað um bætur úr hendi gagnstefndu, ef orsakir áðurgreindra bólna væru aðrar en aðilar töldu.

Eftir að gagnstefnendur fluttust inn í íbúðina, skófu þau málningarbólurnar af og máluðu. Um haustið fór hins vegar aftur að bera á skemmdum. Dómurinn telur gagnstefnendur þá þegar hafa átt að hefjast handa og láta kanna orsakir skemmdanna og koma í veg fyrir frekari skemmdir. Það létu gagnstefnendur ógert með fyrrgreindum afleiðingum. Niðurstaða dómsins í gagnsök er því sú, að gagnstefnendur eigi að fá bættan kostnað við að rjúfa veggi í baðherbergi, til þess að unnt væri að komast að lekanum, kostnað við að skipta um leiðslur, við að múra aftur upp í og kostnað við nýja flísalögn í baðherbergi. Kostnað við viðgerðir á skemmdum, sem urðu vegna vatnsflóðsins á dúk í baðherbergi, í skála og dyrum verða gagnstefnendur á hinn bóginn að bera sjálf með hliðsjón af framanskráðu.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna er kostnaður við að koma íbúðinni í samt lag aftur og gera við skemmdirnar metinn á 258.450,00 kr. Matið, sem ekki hefur verið hnekkt, er ósundurliðað, en með hliðsjón af vettvangskönnun og áliti hinna sérfróðu meðdómsmanna þykir eftir atvikum hæfilegt með hliðsjón af grunnreglu 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922, að gagnstefnendur fái úr hendi gagnstefndu skaðabætur, að fjárhæð 130.000,00 kr., vegna viðgerða, og er þá tekið tillit til aldurs íbúðarinnar og ástands og þess, að nýjar flísar komi í stað gamalla á baðherbergi.

Þar sem gagnstefndu hafa í aðalsök lækkað dómkröfur sínar um 70.000,00 kr., verða gagnstefndu dæmd til að greiða gagnstefnendum 60.000,00 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. 15. gr. laga nr. 25/1987 frá 28. 11. 1989, eins og í dómsorði greinir, og skulu vextirnir höfuðstólsfærðir á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 28. 11. 1990.

Varðandi kröfu gagnstefnenda um matskostnað auk vaxta ber til þess að líta, að skv. 175. gr., 5. tl., laga nr. 85/1936 telst matskostnaður til málskostnaðar í einkamálum. Verður tekin afstaða til matskostnaðarins við ákvörðun málskostnaðar í báðum sökum.

Taka ber til greina kröfu gagnstefnenda um, að gagnstefndu gefi þeim út afsal fyrir íbúðinni, og skulu gagnstefndu gera það gegn greiðslu gagnstefnenda á þeim fjárhæðum, sem gagnstefnendum eru til dæmdar í máli þessu, að frádregnum þeim fjárhæðum, sem gagnstefndu eru til dæmdar í máli þessu. Á hinn bóginn er kröfu gagnstefnenda um dagsektir í því sambandi hafnað, þar sem þeirra er ekki þörf í ljósi þeirra úrræða, sem gagnstefnendur hafa á hendi til að knýja fram afsal skv. framansögðu.

Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu máls þessa bæði í aðal- og gagnsök þykir rétt að dæma aðalstefndu til að greiða aðalstefnendum 85.000,00 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur af málflutningsþóknun, og hefur þá verið tekið tillit til kostnaðar gagnstefnenda við öflun matsgerðar, sem þeim var nauðsyn að afla.

Dóm þennan kveða upp Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari og meðdómsmennirnir Agnar Ástráðsson og Sveinn Karlsson tæknifræðingar.

Dómsorð:

Gegn útgáfu afsals fyrir íbúðinni á jarðhæð fasteignarinnar að Kelduhvammi 5, Hafnarfirði, greiði aðalstefndu, Ólafur Þ. Þorvarðarson og Kristín Jónsdóttir, aðalstefnendum, Leifi Helgasyni og Sigrúnu Kristinsdóttur, in solidum 581.561,00 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 1. 5. 1990 til greiðsludags og 85.000,00 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur af málflutningsþóknun.

Áfallnir vextir af tildæmdri fjárhæð skulu höfuðstólsfærðir á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. 5. 1991.

Málskostnaðarfjárhæð ber dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Gagnstefndu, Leifur Helgason og Sigrún Kristinsdóttir, greiði gagnstefnendum, Ólafi R. Þorvarðarsyni og Kristínu Jónsdóttur, 60.000,00 kr. með dráttarvöxtum skv. 15. gr. laga nr. 25/1987 frá 28. 11. 1989 til greiðsludags, og skulu vextir höfuðstólsfærðir á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 28. 11. 1990.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 85/1992. **Sigurður Júlíus Stefánsson**
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Magnúsi Ármannssyni
(Magnús Thoroddsen hrl.)

Lausafjárkaup. Greiðsla. Viðskiptabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 4. desember 1991. Það mál féll niður á reglulegu dómþingi 3. febrúar 1992. Með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands áfrýjaði hann málinu að nýju með stefnu 26. febrúar 1992. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara lækkunar á kröfunum svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Stefndi átti þess ekki kost að leita til útgefanda skuldabréfanna, Sólu hf., til þess að fá þau greidd, þar sem enginn var skráður í stjórn þess félags og því ekki unnt að ganga að félaginu. Einnig er í ljós leitt, að við kaupin lá einungis frammi brunabótamat veðandlagsins, að fjárhæð 20.751.624 krónur, en fasteignamat allrar húseignarinnar var einungis 5.258.000 krónur. Við munnlegan málflutning í Hæstarétti kom fram, að á undan 4. veðrétti samkvæmt bréfunum hvíldu samtals 8.000.000 krónur á þeim hluta fasteignarinnar, þ. e. á jarðhæð hússins og eignarhluta í kjallara, sem veðsetningin náði til. Stefndi gat því ekki náð greiðslu samkvæmt þeim við uppboð fasteignarinnar. Veðskuldabréf þessi voru því verðlaus með öllu.

Með vísan til þessa og forsendna héraðsdóms að öðru leyti ber að staðfesta niðurstöðu hans, að því er varðar sýknukröfu áfrýjanda.

Í málinu hefur áfrýjandi uppi varakröfu um lækkun á kröfum

stefnda. Styður hann varakröfuna því, að verð bifreiðarinnar hafi við kaupin verið ákvarðað með tilliti til greiðslukjara. Ef um staðgreiðslu hefði verið að ræða, hefði kaupverð verið ákveðið að minnsta kosti fjórðungi lægra.

Varakröfu áfrýjanda verður að skilja svo, að hann hefði í viðskiptum aðila verið reiðubúinn að greiða í milli með peningum í stað umræddra skuldabréfa. Ekkert í framburði hans fyrir héraðsdómi bendir til, að svo hafi verið, heldur bendir framburðurinn til hins gagnstæða, að honum hafi verið í mun að nota skuldabréf þessi á þann hátt, sem hann gerði. Er varakrafan því haldlaus.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Júlíus Stefánsson, greiði stefnda, Magnúsi Ármannssyni, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. október 1991, er höfðað með stefnu, birtri 11. janúar 1991.

Stefnandi er Magnús Ármannsson, kt. 170456-2629, Mánagötu 21, Reykjavík.

Stefndi er Sigurður J. Stefánsson, kt. 040952-4389, Bergstaðastræti 50, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða skuld, að fjárhæð 480.282,20 krónur, auk dráttarvaxta skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 frá 15. nóvember 1989 til greiðsludags, til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum virðisaukaskatti og að dráttarvextir reiknist á málskostnað frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags og leggist árlega við höfuðstól fjárkröfu og málskostnaðar í samræmi við 12. gr. l. nr. 25/1987.

Stefnandi hefur við munnlegan málflutning fallið frá kröfu sinni um staðfestingu á löghaldi, dags. 11. 12. 1990, í eign stefnda, bifreiðinni KS-833, Ford F250 XLT pickup, árgerð 1986.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum

stefnanda. Til vara er krafist lækkunar á stefnukröfum. Þá er málskostnaðar krafist úr hendi stefnanda að mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti á málskostnaðarfjárhæð, og beri hún án virðisaukaskatts dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags svo og, að dráttarvextir leggist við tildæmdan málskostnað á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Málavextir eru þeir, að 5. apríl 1989 seldi stefnandi stefnda bifreiðina R-69510, M.-Benz 230 E, árgerð 1981. Umsamið kaupverð var 780.000,00 krónur. Stefnandi tók við sem hluta kaupverðsins bifreið stefnda, R-23206, BMW 518, árgerð 1981. Var sú bifreið metin á 350.000,00 krónur. Einnig afhenti stefndi stefnanda víxil á þriðja mann með gjalddaga 1. júlí 1989, að fjárhæð 30.000,00 krónur. Er sá víxill greiddur. Þá afhenti stefndi stefnanda tvö handhafaskuldabréf, hvort að fjárhæð 200.000,00 krónur, samtals að fjárhæð 400.000,00 krónur. Skuldabréfin voru bæði gefin út af Sólu hf. með fyrsta gjalddaga 15. nóvember 1989. Voru bæði bréfin tryggð með 4. veðrétti í eignarhluta á jarðhæð hússins nr. 2 við Höfðatún í Reykjavík og í eignarhluta í kjallara sama húss. Hvorugt þessara bréfa hefur greiðst þrátt fyrir innheimtuaðgerðir, fyrst af hálfu banka og síðan með kröfu í uppboðsandvirði hinna veðsettu eignarhluta, sem seldir voru á nauðungaruppboði 26. september 1989 og 11. júní 1990.

Stefnufjárhæðin sundurliðast svo:

Höfuðstóll hvors bréfs	kr.	200.000,00
Samningsvextir til 15. nóv. 1989	kr.	40.141,60
Samtals hvort bréf	kr.	240.141,60
eða samtals	kr.	480.283,20.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að endanleg greiðsla andvirðis bifreiðarinnar R-69510 hafi ekki farið fram, fyrr en umrædd veðskuldabréf væru að fullu greidd. Veðandlag það, er tryggja átti bréfin, hefur verið selt á nauðungaruppboði, án þess að greiðsla fengist af uppboðsandvirði, og vonlaust sé að stefna skuldara bréfanna, þar sem hlutafélagið sé ekki lengur til. Stefnandi byggir á því, að hann hafi tekið við bréfunum á þeirri forsendu, að þau fengjust greidd, og þar sem svo hafi ekki verið, hafi fyrra skuldasamband milli stefnda og stefnanda orðið virkt að nýju.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að ekki hafi verið hafður uppi fyrirvari um ábyrgð stefnda á greiðslu veðskuldabréfanna. Stefnandi hafi sætt sig við veðskuldabréfin og tekið við þeim sem fullnaðargreiðslu.

Forsendur og niðurstaða.

Svo sem að framan er rakið, tók stefnandi við tveimur skuldabréfum, bifreið og 30.000,00 króna víxli sem greiðslu fyrir bifreið þá, sem hann seldi stefnda. Afhending bréfanna, sem krafið er um greiðslu á í máli þessu, verður ekki skoðuð sem fullnaðargreiðsla þrátt fyrir orðalag í afsali. Fallist er á það með stefnanda, að forsenda hans fyrir viðtöku nefndra bréfa hafi verið sú, að þau yrðu greidd, og með því að svo varð ekki, varð kröfuréttarsamband aðila virkt að nýju.

Samkvæmt þessu ber að taka dómkröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 137.000,00 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður J. Stefánsson, greiði stefnanda, Magnúsi Ármannssyni, 480.283,20 krónur auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. nóvember 1989 til greiðsludags og 137.000,00 krónur í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim tíma, er liðnir eru 15 dagar frá uppkvaðningu dóms, til greiðsludags. Dráttarvextir af málskostnaðarfjárhæð bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 282/1991. **Valgarður Guðni Ólafsson**
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)
gegn
Þráni Friðrikssyni
(Atli Gíslason hrl.)

Skaðabótamál. Vinnuslys. Örorka. Miski. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 3. júlí 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. júní sama ár. Jafnframt skaut áfrýjandi til réttarins með áfrýjunarstefnu 29. ágúst 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. sama mánaðar fjárnámsgerð fógetaréttar Kópavogs 10. september 1990. Hann krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann þess, að framangreind fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Til vara krefst áfrýjandi þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð eftirfarandi gögn:

Endurreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings 5. október 1994 á örorkutjóni stefnda. Í þessum endurreikningi, sem gerður var að beiðni áfrýjanda og án samráðs við stefnda, er byggt á þeim forsendum, að stefndi hafi ekki orðið fyrir fjárhagstjóni fyrstu sex árin eftir slys og höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps vegna varanlegrar örorku miðist við meðaltekjur verkamanna í stað meðaltekna iðnaðarmanna. Þannig reiknað nemur höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi 2.724.700 krónum.

Skattframtal áfrýjanda 1994.

Vottorð Harðar Þorleifssonar augnlæknis um skoðun á stefnda 6.

október 1994. Þar segir um vinstra auga stefnda: „Skynjar handarhreyfingu niður á við. Hefur aðeins neðri hluta af sjónsviði. Vinstra auga er hvítt og tært, mikil skemmd í augnbotni neðanverðum og yfir miðsvæði, sjóntaug er rýr að 5/8 hlutum.“ Niðurstaða læknisins er þessi: „Þráinn er félagslega séð blindur á vinstra auga, hefur hluta af sjónsviði neðan til. Ekki eru neinar líkur á bót á þessu ástandi.“

II.

Málavextir, læknisfræðileg gögn og örorkutjónsútreikningur eru skilmerkilega rakin í héraðsdómi.

Óumdeilt er og styðst við vætti áfrýjanda sjálfs, að hann hafi haft með höndum verkstjórn, þegar stefndi slasaðist, og lagt honum til hið vanbúna verkfæri. Ber því með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta niðurstöðu hans um fébótaábyrgð áfrýjanda.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, gerði stefndi sér nokkra grein fyrir hættueiginleikum slípirokksins án öryggishlífar. Ekki er í ljós leitt, að hann hefði átt annarra tækja völ, þótt hann hefði neitað að vinna með þessu verkfæri. Með hliðsjón af því, vinnusambandi aðila og ungum aldri stefnda verður það eigi virt honum til sakar að hafa notað tækið umrætt sinn. Það var álit hinna sérfróðu meðdómsmanna í héraði, að stefndi hefði staðið rétt og eðlilega að verki. Áfrýjanda hefur því ekki tekist að sýna fram á eigin sök stefnda í málinu.

III.

Stefndi sundurliðaði í upphafi fjárhæð bótakröfu sinnar þannig:

1. Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps	kr.	3.000.800
2. Miski	kr.	800.000
3. Útlagður kostnaður	kr.	13.440
– Greiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins	kr.	381.800
– Greiðsla frá Almennum tryggingum hf.	kr.	460.000
Samtals	kr.	2.972.440

Um 1. Ekki eru efni til þess að meta varanlega örorku stefnda

minni en gert er í því örorkumati, sem fyrir liggur. Þá hefur áfrýjandi ekki fært fram haldbær rök fyrir því, að stefndi hafi ekki orðið fyrir fjárhagstjóni vegna slyssins fyrstu sex árin eftir það. Með hliðsjón af þessu og dómvenju um skattfrelsi örorkubóta, hagræði af greiðslu þeirra í einu lagi og að teknu tilliti til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins þykir örorkutjón stefnda hæfilega metið 1.800.000 krónur. Af þeirri fjárhæð ber að draga bætur frá Almennum tryggingum hf., 460.000 krónur. Nemur því bótaskylt tjón 1.340.000 krónum.

Um 2. Þegar virt eru meiðsli stefnda og afleiðingar þeirra, þykir tjón vegna miska hæfilega metið 200.000 krónur. Er þá tekið tillit til þess, að vaxtatímabil er sex ár og í vöxtum á þessum tíma er fólginn verðbótaþáttur, en tjónið er hins vegar metið eftir verðlagsforsendum nú.

Um 3. Útlagður kostnaður er hafður til hliðsjónar við ákvörðun málskostnaðar, sbr. g-lið 1. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Samkvæmt framansögðu ber áfrýjanda að gjalda stefnda 1.540.000 krónur. Rétt þykir, að sú fjárhæð beri vexti, eins og þeir eru ákveðnir í héraðsdómi.

IV.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð í fasteigninni Kársnesbraut 82 í Kópavogi 10. september 1990 verður staðfest, en með hinum áfrýjaða dómi var staðfest löghald, sem gert var í fasteigninni 14. desember 1989.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Áfrýjandi skal greiða stefnda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Valgarður Guðni Ólafsson, greiði stefnda, Þráni Friðrikssyni, 1.540.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. ágúst 1988 til 25. október 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Staðfest er fjárnámsgerð í fasteigninni Kársnesbraut 82 í Kópavogi 10. september 1990.

Áfrýjandi greiði stefnda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Kópavogs 4. júlí 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. júní sl. að undangengnum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir bæjarþinginu af hálfu Þráins Friðrikssonar verkamanns, kt. 110171-3669, Vogatungu 8, Kópavogi, á hendur Valgarði Guðna Ólafssyni verktaka, kt. 070152-2829, Kársnesbraut 82, Kópavogi.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 2.972.440,00 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987, einkum 10., 12. og 14. gr., sbr. einnig lög nr. 67/1989, frá 8. ágúst 1988 til greiðsludags.

– – –

Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 2.539.856,00 kr. með sömu dráttarvöxtum og í aðalkröfu greinir.

– – –

Þá er krafist staðfestingar löghalds, sem gert var 14. desember 1989 í fógetarétti Kópavogs fyrir 2.982.440,00 kr. í fasteign stefnda að Kársnesbraut 82, Kópavogi.

Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda skv. málskostnaðarreikningi á dskj. nr. 38, samtals 776.230,00 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur á þóknunarliði, og að málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda, til vara, að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Þá er þess krafist, að synjað verði staðfestingar löghalds.

Stefndi krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Dómsformaður leitaði sátta, en án árangurs.

Málavextir.

Samantekt. Eftir gögnum málsins eru málavextir í stuttu máli þessir: Sumarið 1988 falaðist stefnandi, sem þá var 17 ára gamall, eftir vinnu hjá stefnda, sem rekur verktakastarfsemi. Samdist svo með aðilum, að stefnandi fékk vinnuna, en á verktakagrundvelli. Tilkynnti stefnandi til ríkisskattstjóra, að hann væri með sjálfstæðan rekstur, og taldi tekjur sínar fyrir árið 1988 fram til skatts árið 1989 þannig, að hann hefði unnið hjá sjálfum sér.

Unnu stefnandi og stefndi saman um sumarið við verk, sem stefndi tók

að sér, og stjórnaði hann verkunum, lagði til tæki og áhöld og greiddi stefnanda tímakaup eftir vinnuframlagi hans. Þegar á leið sumar, kom það til tals milli aðila, hvort stefnandi væri slysatryggður, og í framhaldi af því tók stefnandi slysatryggingu hjá Almennum tryggingum hf.

Hinn 8. ágúst 1988 var stefnandi að vinna við að skera í kringum steypuskemmdir í svalagólfi í Hjónagörðum við Suðurgötu í Reykjavík. Við verkið notaði hann í fyrstu slípirokk, sem gekk fyrir rafmagni og var útbúinn með öryggishlíf um skurðarskífuna, en hann leiddi straum í fingur stefnanda, þar sem rigning var og bleyta. Færði hann þetta í tal við stefnanda, og urðu lyktir málsins þær, að stefnandi tók að nota loftdrifinn slípirokk í eigu stefnda við verkið. Var það tæki án öryggishlífar yfir skurðarskífu. Fyrir andliti hafði stefnandi plasthlíf. Stefnandi var einn við vinnu á svölum 1. hæðar, þegar skurðarskífan brotnaði, og skaust brot úr henni með svo miklu afli í plasthlífina, sem stefnandi hafði fyrir andliti, að hún gekk inn í vinstra auga hans og blindaði það.

Stefnandi kallaði á stefnda, sem var við vinnu á svölum 3. hæðar, og kom hann þegar á staðinn. Blæddi úr auga stefnanda, og ók stefndi honum þá í eigin bifreið á slysavarðstofu Borgarspítalans. Eftir skoðun þar ók hann stefnanda til augnlæknis og þaðan á Landakotsspítala, þar sem hann var lagður inn, og var hann þar vistaður frá slysdegi 8. ágúst 1988 til 26. ágúst 1988.

Hvorki var tilkynnt um slysið til lögreglu né Vinnueftirlits ríkisins.

Rannsókn.

Sem fyrr segir, var ekki tilkynnt um slysið til lögreglu né til Vinnueftirlits ríkisins. Hinn 22. nóvember 1988 var af hálfu Verkamannafélagsins Dagsbrúnar óskað eftir því við Vinnueftirlit ríkisins, að rannsókn færi fram á slysinu, og sama dag jafnframt við Rannsóknarlögreglu ríkisins, að opinber rannsókn færi fram á tildrögum slyssins.

Í svarbréfi Vinnueftirlitsins 5. desember 1988 er það staðfest, að því hafi ekki verið tilkynnt um slysið, en rannsókn þess geti ekki farið fram, nema fyrst hafi verið tekin skýrsla af slasaða hjá lögreglu.

Í framhaldi af þessum bréfaskiptum tók Dóra Hlín Ingólfsdóttir rannsóknarlögreglukona skýrslu af stefnanda 2. mars 1989 og af stefnda 28. apríl 1989.

Í skýrslu stefnanda kom fram, að hann hefði ráðið sig í vinnu hjá stefnda í kringum 17. maí 1988 við húsaviðgerðir, en til þess að hann fengi vinnuna, yrði hann að vera skráður sem verktaki, en hann hefði bara verið verkamaður. Kvaðst stefnandi á slysdegi hafa verið að vinna með rafmagnsslípirokk, en vegna útleiðslu kvartað við stefnda, sem stjórnaði verkinu. Skýrði

stefnandi svo frá, að stefndi hefði þá sagt sér að nota rokk, sem tengdur var við loftpressu. Hafi engin hlíf verið á þeim rokk, en slysið orðið, þegar sagarblað hans brotnaði. Þá kvað stefnandi stefnda engin laun hafa greitt sér eftir slysið. Þá skýrði stefnandi svo frá, að stefndi hefði einu sinni heimsótt sig á spítalann og þá sagst hafa fært það, sem eftir var, á skífu rokksins, sem hann slasaði sig á, yfir á þann löglega til vonar og vara, ef Vinnueftirlitið færi eitthvað að skipta sér af þessu, því að þá myndu þeir standa miklu betur að vígi. Þá upplýsti stefnandi, að hann hefði haft miklar kvalir lengi eftir aðgerðina, sem hann gekkst undir á Landakoti, sig verki oft í höfuðið, og leggi verkinn stundum niður í kjálka.

Í skýrslu, sem stefndi gaf 28. apríl 1989, kom fram, að hann hafði aldrei tilkynnt um slysið til Vinnueftirlits ríkisins, hann og stefnandi hefðu bara verið tveir að vinna og hann reynt að vera fljótur að bregðast við og ekið stefnanda beint á slysavarðstofuna. Aðspurður um slípirokkinn og skífuna, sem brotnaði, kvað hann slípirokkinn vera til. Stefndi kvaðst sjálfur hafa gert tilboðið í verkið, sem unnið var við í Hjónagörðum, þegar slysið varð, og hann hafi greitt stefnanda tímakaup. Stefnandi hafi þó verið verktaki, hann hafi séð sjálfur um sína skatta og skyldur og tryggingar. Aðspurður um heimsókn sína á sjúkrahúsið og hvað hann hefði sagt þar við stefnanda, sagði stefndi, að hann héldi, að hann hefði farið til hans þarna daginn eftir, þetta hefði þá ekki litið eins djöfullega út og í fyrstu.

Þá var fyrir stefnda lesin skýrsla sú, sem stefnandi gaf 2. mars 1988, og kvað stefndi hana rétta í meginatriðum.

Hinn 23. maí 1989 var af hálfu Vinnueftirlits ríkisins óskað eftir því við ríkissaksóknara, að stefndi yrði ákærður fyrir brot á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum tengdum þeim.

Hinn 2. júní s. á. mætti stefndi hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins til að gefa skýrslu vegna slyssins. Segir í skýrslu, sem Gísli Pálsson lögreglufulltrúi ritaði þá, að stefndi hefði verið beðinn að hafa með sér til yfirheyrslunnar vél þá, sem stefnandi vann með á sínum tíma. Hefði stefndi sagst hafa gert það og afhent tæki, sem er slípirokkur, tegund MAKÍTA, model 950 1 B. Við skoðun tækisins hafi athugast, að um var að ræða rafmagnstæki, en eftir lýsingu stefnanda hefði hann unnið við loftknúið tæki, þegar hann slasaðist. Þetta hefði stefndi sagt, að gæti verið rétt, og tekið fram af því tilefni, að tækið, sem við væri átt og er loftknúið, ætti hann væntanlega til ennþá, en sagt enga öryggishlíf vera á því og ekki væri gert ráð fyrir henni, svo að það atriði ætti ekki við hér.

Hinn 28. júní 1989 afhenti stefndi Gísla Pálssyni tækið, sem stefnandi vann með, þegar hann varð fyrir óhappinu. Tækið er af gerðinni SEALEY, model no. sa 10.

Hinn 22. ágúst 1989 skýrði stefndi svo frá hjá lögreglu, að hann hefði keypt vélina, sem hann afhenti 28. júní, nýja og ónotaða og engin öryggishlíf fylgt henni. Þannig hefði vélin síðan verið notuð. Ekki kvaðst stefndi muna, hvar vélin var keypt.

Sama dag ritaði Gísli Pálsson upplýsingaskýrslu, þar sem fram kom, að haft hefði verið samband við yfir 20 seljendur skyldra tækja, en enginn kannaðist við vél eins og þá, sem notuð var við slysið.

Þá fór lögreglufulltrúinn með vélina á fund Sigurðar Þórarinssonar í Vinnueftirliti ríkisins, og staðfesti hann eftir skoðun, að á þessari vél ætti að vera öryggishlíf.

Afleiðingar.

Hörður Þorleifsson læknir, sem hafði stefnanda lengst af til meðferðar, gaf út læknisvottorð vegna slyss hans. Vottorðin eru dagsett 29. ágúst, 23. september og 10. október.

– – –

Björn Önundarson læknir mat örorku stefnanda og segir í örorkumati sínu, dagsettu 27. október 1988:

– – –

„. . . Ekki er að vænta frekari bata á afleiðingum þessa slyss, og þó að ekki sé lengra frá liðið, þykir eðlilegt að meta nú þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af afleiðingum slyss þessa, og þykir sú örorka hæfilega metin sem hér segir:

Í tvo mánuði	100%
Varanleg örorka	20%“

Á örorkumati Björns Önundarsonar byggir Jón Erlingur Þorlákssson tryggingastærðfræðingur í útreikningi sínum 19. september 1989 á ætluðu tekjutapi stefnanda vegna slyssins, en þar segir hann:

– – –

„. . . Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	77.600
Vegna varanlegrar örorku	kr.	2.923.200
Samtals	kr.	3.000.800

Frá Tryggingastofnun ríkisins fékk Þráinn dagpeninga tímabilið 16/8 til 9/10 1988, 28.443 kr., og örorkubætur 9/11 1988, 366.156 kr. Höfuðstólsverðmæti þessara greiðslna reiknast mér á slysdegi kr. 381.800,00 . . .“

Þá hefur Jón Erlingur Þorlákssson enn fremur reiknað út, hver myndi verða staðgreiðsluskattur af tekjum þeim, sem hann miðaði við hér að framan. Í útreikningi hans 4. maí 1990 segir:

„Ég miða við skattreglur, sem giltu síðari hluta árs 1989, þegar útreikningurinn var gerður. Þá var skattprósentan 37,7% og persónuafsláttur 19.419 kr. á mánuði.

Með þeim tekjutölum og vaxtaprósentum, sem frá er greint í útreikningi mínum, fæ ég þessa niðurstöðu:

Höfuðstólsverðmæti ævitekna Þráins á slysdegi ...	kr.	14.693.500
Þ.a. höfuðstólsverðmæti staðgreiðsluskatts	kr.	2.299.000

Staðgreiðsluskatturinn er 15,65% af tekjum."

Sakadómur Kópavogs.

Af ákæruvalds hálfu var höfðað mál á hendur stefnda með ákæru, út gefinni 22. september 1989, og honum þar gefið að sök að hafa brotið gegn ákvæðum 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 13. gr., 1. mgr. 46. gr., sbr. 99. gr., laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og 1. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 32. gr., reglna um öryggisbúnað véla nr. 492/1987 með því að hafa 8. ágúst 1988 falið starfsmanni sínum, Þráni Friðrikssyni, fæddum 11. janúar 1971, að saga svalagólf í Hjónagörðum við Suðurgötu í Reykjavík með slípirokk, sem var án viðeigandi hlífar yfir skífunni, sem leiddi til þess, er slípiskífan brotnaði, að brot úr skífunni skaust í andlitshlíf Þráins, sem brotnaði, og brot úr henni eða úr skífunni stakkst í vinstra auga hans með þeim afleiðingum, að hann missti svo til sjón á því. Enn fremur var stefnda í ákærunni gefið að sök að hafa brotið gegn 2. mgr. 81. gr., sbr. 99. gr., laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

– – –

Dómur var kveðinn upp í málinu í sakadómi Kópavogs 30. maí 1990, og segir í niðurstöðum dómsins:

– – –

„ . . . Með vísan til alls þessa verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er að sök gefin í ákæru og þykir þar rétt heimfærð til refsilagaákvæða."

Löghald.

Hinn 13. desember 1989 var af hálfu stefnanda krafist löghalds í eigum stefnda til tryggingar skuld, að fjárhæð 2.982.440,00 kr., með dráttarvöxtum skv. auglýsingum Seðlabanka Íslands frá 8. 8. 1988 til greiðsludags, alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi staðfestingarmál, málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og fram lögðum málskostnaðarreikningi í væntanlegu stað-

festingarmáli auk alls kostnaðar við fjárnám og uppboð, ef til kemur. Gerðin fór fram 14. desember 1989 á ábyrgð gerðarbeiðanda með því, að lýst var yfir löghaldi í fasteign gerðarþola, stefnda í máli þessu, að Kársnesbraut 82 í Kópavogi. Gerðarbeiðandi setti að ákvörðun fógeta tryggingu, að fjárhæð 340.000,00 kr. á víxli, samþykktum til sýningar af Guðmundi J. Guðmundssyni f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Sama dag var gefin út réttarstefna til staðfestingar löghaldinu, og var staðfestingarmálið þingfest á bæjarþingi Kópavogs 11. janúar 1990, bæjarþingsmál nr. 2/1990, og var það þann dag sameinað máli þessu á bæjarþinginu.

Aðila- og vitnaskýrslur.

Aðilar hafa báðir komið fyrir dóm og gefið skýrslur vegna málsins. Sagðist þeim í öllum meginatriðum frá á sama veg hjá lögreglu og fyrir sakadómi Kópavogs og fyrr frá greinir, og staðfestu þeir fyrir dóminum skýrslur þær, sem þeir höfðu áður gefið.

Í réttinum lá frammi loftknúinn slípirokkur, fenginn að láni hjá sakadómi Kópavogs, og könnuðust aðilar báðir við, að þar væri komið tæki það, sem stefnandi vann með, er hann varð fyrir slysinu. Kvaðst stefndi eiga þennan rokk og hafa átt hann í u. þ. b. ár, þegar slysið varð. Ekki kvaðst hann geta munað, hvar hann keypti hann, en hann hafi komið úr búðinni, eins og hann sé nú, og hafi engin öryggishlíf verið á honum.

Aðilar skýrðu báðir frá á sama veg um vinnusamband sitt. Hefði stefndi verið verkstjóri, átt öll tæki og greitt stefnanda tímakaup, en stefnandi tilkynnt sig til ríkisskattstjóra sem sjálfstæðan verktaka og talið þannig fram til skatts. Þá skýrði stefndi svo frá, að stefnanda hefði verið óheimilt að fela öðrum að vinna verk þau, sem hann fól sér.

Stefnandi skýrði þá meðal annars svo frá um slysdaginn, að þegar hann hefði kvartað um það við stefnda, að rafmagnsrokkurinn leiddi út, hefði stefndi sagt sér að nota þann, sem þar var í réttinum.

Ekki kvaðst stefndi muna til þess, að stefnandi hefði neitt spurt, hvort hann ætti að nota þennan rokk, en kannaðist við, að það gæti verið rétt, að rafmagnsrokkurinn hefði leitt eitthvað lítils háttar út.

Þá kvað stefnandi stefnda hafa gefið sér fyrirmæli um framkvæmd vinnunnar, en stefnandi kvaðst ekki hafa unnið með slípirokka áður, en hann hefði unnið áður við múrverk.

Stefndi kvað stefnanda hafa þekkt verkfærin, sem unnið var með, þar sem hann hefði unnið við þetta áður og unnið með slíkum slípirokk.

Stefnandi kvaðst ekki vita, hvers vegna skífan brotnaði, kvað enga þvingun hafa verið á skífunni, þegar það gerðist. Hann hefði sett skífuna mjúklega niður og alveg beint. Skífuna kvað hann stefnda hafa komið með. Að

jafnaði hefðu staðið steinskífur eða járn á þessum skífum, en ekki hefði staðið neitt á þessari, nema það hafi verið einhver rússnesk áletrun, sem stefnandi man ekki.

Stefndi kvaðst ekki kannast við, að þessar skífur brotni bara að ástæðulausu; þær brotni, ef þær rekast í eitthvað, eru settar harkalega niður eða á skjön.

Stefnandi skýrði frá því, að hann hefði verið hræddur við að nota loftdrifna slípirokkinn og sagt við stefnda slysdaginn, að sér væri meinilla við að nota hann. Þá hefði brotnað í honum skífa, skömmu áður en slysið varð, en þá hefði hún verið í frjálsum snúningi og ekki snert neitt og brotin farið út í loftið. Skífur hafi stundum brotnað í rafmagnsrokknum, en öryggishlífin, sem á honum hefði verið, tekið við brotunum.

Ekki kvaðst stefndi muna eftir því, hvort stefnandi hefði kvartað við sig yfir loftdrifna slípirokknum.

Þá kvað stefnandi stefnda hafa sagt sér, er hann heimsótti sig á sjúkrahúsið, að hann hefði fært skífuna, sem brotnaði, yfir á rafmagnsrokkinn, og kvaðst stefnandi sjálfur hafa séð rafmagnsrokkinn með brotnu skífunni í verkfærageymslu stefnda, þegar hann kom af sjúkrahúsinu í ágúst 1988. Stefndi kvaðst ekki muna, hvað þeim stefnanda fór á milli, er hann heimsótti hann á sjúkrahúsið daginn eftir slysið. Aðspurður um, hvað orðið hefði um skífuna, skýrði stefndi svo frá, að hann hefði losað hana upp af rokknum og hent henni.

– – –

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir málsókn sína á því, að stefndi sé bótaskyldur sem atvinnurekandi og verkstjóri stefnanda og sem eigandi tækis, er olli slysinu, en stefndi hafi ekki sinnt skyldum sínum sem slíkur. Stefnandi kveður engu breyta, hvers konar samning aðilar málsins gerðu með sér um vinnu stefnanda, hann hafi í eðli sínu verið ráðningarsamningur launþega og atvinnurekanda. Þá bendir stefnandi á, að á slysdegi hafi hann verið 17 ára gamall og ófjárráða. Telur stefnandi, að meta verði til verulegs gáleysis hjá stefnda að afhenda stefnanda slípirokk án öryggishlífar og með gölluðu eða lélegu sagarblaði. Kveður stefnandi það mega ljóst vera, að þessi vanbúnaður eða annar óupplýstur sé orsök slyssins. Telur stefnandi það vítavert gáleysi hjá stefnda að kalla hvorki til lögreglu né Vinnueftirlit ríkisins og sjá til þess að kalla sjúkrabifreið á slysstað til að flytja stefnanda á sjúkrahús. Beri stefndi allan halla af sönnunarskorti í málinu og byggja verði á framburði stefnanda um málsatvik.

Miskakröfu sína styður stefnandi þeim rökum, að hann hafi mátt þola verulegar þjáningar af völdum slyssins auk útlitslýtis og röskunar á stöðu og högum.

Um lagarök vísar stefnandi til almennu skaðabótareglunnar, laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, einkum 13., 14., 20., 21., 23., 29., 36. og 81. gr., 4. gr. rgl. nr. 492/1987 um öryggisbúnað véla, 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með lögjöfnun, laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, einkum XII. kafla, og III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Til stuðnings kröfu sinni um staðfestingu löghaldsins og kröfu um kostnað, sem stefnandi hafði af löghaldsaðgerðinni, vísar hann til atvika aðalmálsins og þess, að krafan sé gjaldfallin, en sættir ólíklegar, skaðabótakrafan sé há, og ekki hafi verið unnt að tryggja hana með öðru móti. Vísar stefnandi til 2. kafla laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi unnið hjá stefnda sem verktaki. Hafi stefndi bent honum á að taka tryggingu vegna starfsins, og hafi stefndi í framhaldi af því keypt sér tryggingu hjá Almennum tryggingum hf. Stefndi kveður vinnu stefnanda hafa verið mjög takmarkaða og eingöngu hafa falist í viðgerðum á steypuskemmdum. Stefnandi hafi að sögn áður unnið slík verk hjá bróður sínum, sem sé starfandi múrari. Stefndi kveður stefnanda hafa, þegar slysið varð, unnið við verk, sem í engu hafi verið frábrugðið þeim verkum, sem hann hafði unnið fram að þeim tíma, og hafa unnið með loftdrifinn slípirokk af viðurkenndri tegund, með rofa til stillingar á hraða. Tæki þessarar tegundar séu ekki seld með öryggishlíf úr verslunum. Þá hafi stefnandi verið með öryggishlíf fyrir andliti, sem njóti viðurkenningar Öryggiseftirlitsins og keypt hafi verið í verslun inni Dynjanda, sem sé sérverslun með öryggisbúnað, en hlífin hafi brotnað, er skífan, sem brotnaði, hafi skotist í hlífina og veitt stefnanda þá áverka, sem leiddu til örorku hans.

Varakröfu sína um verulega lækkun stefnukrafna styður stefndi þeim rökum, að ábyrgð stefnanda, sem unnið hafi verkið sjálfstætt og ákveðið sjálfur, á hvern hátt að framkvæmdum var staðið, hafi verið mikil, og hafi honum borið að sýna árvekni og aðgæslu við verkframkvæmdina. Óljóst sé, hvers vegna slípiskífan brotnaði, en við rétta og eðlilega beitingu rokksins ætti það ekki að geta gerst. Telur stefndi eigin sök stefnanda sterklega koma til álita. Þá telur stefndi bótafjárhæð hljóta að sæta lækkun vegna skatthagræðis- og eingreiðslusjónarmiða, og vaxtakröfu stefnanda er og mótmælt.

Kröfuna um synjun á staðfestingu löghalds styður stefndi þeim rökum,

að rök stefnanda fyrir þessari kostnaðarsömu fógetagerð réttlæti hana ekki. Stefndi hafi ekki haft uppi neina tilburði, sem geri stefnanda nauðsynlegt að tryggja kröfuna, sem sé umdeild, dómstóll eigi eftir að fjalla um hana, og stefndi hafi ekkert skorast undan aðild í því dómsmáli. Um málskostnaðarkröfu vegna löghaldsins vísar stefndi til 4. tl. 2. mgr. 177. gr. eml.

Álit dómsins.

Bótaábyrgð.

Fallast ber á það með stefnanda, að vinnuréttarsamband aðila hafi verið samband vinnuveitanda og launþega, eins og aðilar hafa báðir lýst því. Í dómi sakadóms Kópavogs, upp kveðnum 30. maí 1990, segir í niðurstöðu, að rétt þyki að líta svo á, að ákærði, þ. e. stefndi í máli þessu, hafi réttarstöðu atvinnurekanda gagnvart Þráni, enda greiddi hann honum tímakaup, hafði með höndum verkstjórn og útvegaði honum verkfæri, svo sem tæki það, er Þráinn vann með, er hann varð fyrir slysinu. Með vísan til þessa svo og til 1. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði þykir fullsannað, að stefndi hafi verið vinnuveitandi stefnanda, er slysið varð.

Óupplýst er, hvers vegna skífan í slípirokknum brotnaði. Stefndi hefur haldið því fram, að skífur brotni ekki, nema þær rekist í eitthvað eða beiting sé röng, og telur stefnanda sjálfan hafa átt nokkra sök á slysinu. Stefnandi hefur hins vegar skýrt svo frá, að skífur hafi oft brotnað, m. a. einu sinni í loftdrifna slípirokknum í frjálsum snúningi. Upplýst er, að stefndi var verkstjóri á vinnustað og gaf stefnanda fyrirmæli um vinnuna. Engir sjónarvottar voru að slysinu. Lýsti stefnandi því fyrir dómi, hvernig hann beitti tækinu, þegar slysið varð, og er það álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að hann hafi unnið verkið rétt og eðlilega.

Starfsmaður Vinnueftirlits ríkisins, Sigurður Þórarinsson, skýrði svo frá fyrir dómi, að orsakir skífubrota væru ýmist gallar í skífunum eða að notaðar væru skífur, sem ekki þyldu snúningshraða tækisins, sem þær væru notaðar í. Rannsókn, sem kynni að hafa leitt í ljós orsakir þess, að skífan brotnaði, fór ekki fram, þar sem stefndi sinnti ekki lögboðinni tilkynningarskyldu sinni um slysið til Vinnueftirlits ríkisins og til lögreglu, sbr. 81. gr. laga nr. 46/1980, og hefur sjálfur viðurkennt að hafa losað skífuna af rokknum og hent henni eftir slysið. Með vísan til þessa svo og til dóms Hæstaréttar 1974, 1095, þykir stefndi verða að bera hallann af skorti á upplýsingum um það, hvers vegna skífan brotnaði.

Slípirokkur sá, sem stefnandi vann með, þegar slysið varð, var án öryggishlífar yfir skurðarskífu. Starfsmaður Vinnueftirlits ríkisins hefur upplýst það hér í réttinum við skoðun á slípirokknum, að hann ætti að vera útbúinn

með öryggishlíf. Er það og álit dómsins með vísan til 4. gr. reglna um öryggisbúnað véla og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af þýska iðnaðarstaðlinum DIN EN68, sem Vestur-evrópska staðlasambandið (CEN) hefur samþykkt, en Ísland er aðili að því. Staðall þessi þykir hafa viðmiðunargildi, þar sem hann vísar til þess, hvað telst eðlilegur og góður frágangur slíkra tækja. Tækið hefur verið vanbúið að þessu leyti og hættulegt að nota það við verk það, sem stefnandi vann að, þegar slysið varð. Er það álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að tæki þetta sé ekki ætlað til steypusögunar, heldur til slípunar eingöngu, eins og tækið beri með sér, og hafi að öllum líkindum verulega meiri snúningshraða en skurðarskífur eru venjulega gerðar fyrir. Öryggishlíf yfir skurðarskífu hefði að öllum líkindum komið í veg fyrir slysið, þótt skífan hafi brotnað. Plasthlíf fyrir andliti getur engan veginn komið í stað öryggishlífar yfir skurðarskífu, sem best sést á afleiðingum slyssins, enda er slíkri persónuhlíf ekki ætlað að veita vörn við skífubrotum. Stefnandi, sem sá, hvernig tækið var útbúið, hefði með réttu átt að neita að nota það, þótt það varðaði hann brottrekstri úr vinnunni. Ekki er þó unnt að meta stefnanda það til sakar að hafa fylgt fyrirmælum vinnuveitandans og unnið með tækinu, þó að það væri sýnilega hættulegt, sökum ungs aldurs hans og reynsluleysis.

Í dómi sakadóms Kópavogs frá 30. maí 1990 segir, að telja verði orsök slyssins vera þá, að stefndi fól stefnanda að vinna með tilteknum slípirokk, sem var án öryggishlífar, og var stefndi m. a. fundinn sekur um brot gegn 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í dóminum segir einnig, að stefndi hafi sem atvinnurekandi borið ábyrgð á, að tækið, sem hann fól stefnanda að vinna með, væri útbúið þannig, að öryggi stefnanda væri tryggt, sbr. 13. gr. og 1. mgr. 46. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, og að gerð þess samrýmdist lögboðnum reglum, sbr. 3. mgr. 4. gr. reglna um öryggisbúnað véla nr. 492/1987. Með vísan til þessa, sbr. 196. gr. laga nr. 85/1936, og þess, sem fram hefur komið í málinu, þykir fullsannað, að vöntun öryggishlífarinnar hafi verið orsök slyssins. Stefndi, sem var eigandi tækisins, atvinnurekandi og verkstjóri á vinnustað og átti að sjá til þess, að tækið væri svo útbúið, að ekki stafaði hætta af, sbr. 13. gr., 14. gr., 20. gr., 21. gr., 23. gr., 29. gr. og 46. gr. laga nr. 46/1980 og 4. gr. reglna nr. 492/1987, ber ábyrgð á því, að öryggishlíf vantaði, og getur það ekki firrt hann þeirri ábyrgð, þótt tækið hafi verið vanbúið, er hann fékk það í hendur, en stefndi hefur ekki getað upplýst, hvar né hvenær hann eignaðist það.

Með vísan til framanritaðs, almennu skaðabótareglunnar, tilvitnaðra

ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna nr. 492/1987 og tilvitnaðs dóms Hæstaréttar þykir stefndi bera fulla skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna slyssins, sem varð 8. ágúst 1988 í Hjónagörðum við Suðurgötu í Reykjavík.

Bótafjárhæð.

Fjárhagslegt tjón stefnanda vegna örorku af völdum slyssins er samkvæmt útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings 3.000.800,00 kr. að höfuðstólsverðmæti á slysdegi. Reisir tryggingastærðfræðingurinn útreikning sinn á örorkumati Björns Önundarsonar læknis, sem metur örorku stefnanda svo, að hún sé 100% tímabundin í tvo mánuði, en 20% varanleg örorka.

Af hálfu stefnda var útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar fyrst mótmælt við munnlegan flutning málsins með því, að við útreikning tjóns af völdum varanlegrar örorku er miðað við meðaltekjur iðnaðarmanna frá 26. aldursári, en stefnandi sé verkamaður. Upplýst er, að stefnandi var við nám í framhaldsskóla árið, sem hann varð fyrir slysinu. Ekki var af hálfu stefnda lagður fram nýr útreikningur á tjóni stefnanda né það gert líklegt, að stefnandi ætlaði sér að verða verkamaður áfram.

Mati Björns Önundarsonar á örorku stefnanda hefur ekki verið mótmælt og útreikningum Jóns Erlings Þorlákssonar á fjárhagstjóni hans ekki verið hnekkt. Verður hvort tveggja lagt hér til grundvallar.

Fjárhagstjón stefnanda er miðað við glataðar ævitekjur, en skaðabætur vegna varanlegrar örorku eru greiddar í einu lagi og án þess að greiða þurfi af þeim tekjuskatt, svo að telja verður, að stefnandi hafi af þessu hagræði, sem eðlilegt þykir, að komi til frádráttar bótafjárhæð. Er það í samræmi við það, sem tíðkast hefur í framkvæmd.

Jón Erlingur Þorláksson hefur reiknað út, hvert skatthagræði stefnandi hefði af greiðslu skaðabóta, og er það niðurstaða hans, að það sé 15,65% af höfuðstól. Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að miða beri við 38% skatthagræði, en ekki hafa verið lögð fram nein gögn, er hnekki útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, og verður niðurstaða hans lögð hér til grundvallar.

Stefnandi hefur þegar fengið greiddar bætur vegna slyssins frá Tryggingastofnun ríkisins, að fjárhæð 381.800,00 kr. og frá Almennum tryggingum vegna eigin tryggingar 460.000,00 kr., og hefur með móttöku þessara fjármuna takmarkað tjón sitt sem þessum fjárhæðum nemur, samtals 841.800,00 kr. að höfuðstólsverðmæti á slysdegi.

Höfuðstólsverðmæti fjárhagstjóns stefnanda af völdum varanlegrar örorku er samkvæmt útreikningum Jóns Erlings Þorlákssonar á slysdegi

2.923.200,00 kr. Þegar tekið hefur verið tillit til 15,65% skatthagræðis stefnanda, 457.481,00 kr., standa eftir 2.465.719,00 kr., og að frádregnum þeim 841.800,00 kr., sem stefnandi hefur þegar fengið greitt, nemur tjónið 1.623.919,00 krónum.

Hagræði stefnanda af eingreiðslu bóta vegna varanlegrar örorku þykir hæfilega metið 5% af höfuðstól þeirra, 81.196,00 kr., svo að eftir stendur, að fjárhagstjón stefnanda vegna varanlegrar örorku er á slysdegi að höfuðstólsverðmæti 1.542.723,00 kr.

Fjárhagstjón stefnanda af völdum tímabundinnar örorku í tvo mánuði er samkvæmt útreikningum Jóns Erlings Þorlákssonar 77.600,00 kr. að höfuðstólsverðmæti á slysdegi. Heildarfjárhagstjón stefnanda vegna örorkunnar mun því nema 1.620.323,00 krónum að höfuðstólsverðmæti á slysdegi.

Stefnandi krefst miskabóta úr hendi stefnda vegna slyssins, að fjárhæð 800.000,00 krónur.

Í læknisvottorði Harðar Þorleifssonar, dagsettu 29. ágúst 1988, segir mikla ertingu vera í vinstra auga stefnanda. Í læknisvottorði, dagsettu 17. október 1988, segir, að augað sé þá enn töluvert rautt og ertandi, en stefnandi gekk undir tvær skurðaðgerðir á auganu, 8. ágúst og 23. ágúst 1988. Stefnandi lýsti því 2. mars 1989 hjá lögreglu, að hann hefði haft miklar kvalir lengi eftir aðgerðirnar og kvað sig þá enn, tæpum sjö mánuðum eftir slysið, oft verkja í höfuðið.

Stefnandi kom fyrir dóm 18. júní sl., tæpum tveimur árum eftir að slysið varð. Er það álit dómsins, að blinda vinstra augans lýti ásjónu hins unga manns og hafi í för með sér röskun á stöðu hans og högum. Að atvikum og afleiðingum slyssins virtum og með hliðsjón af ungum aldri stefnanda þykir með vísan til 264. gr. almennra hegningarlaga mega taka kröfu hans um miskabætur til greina, og þykja þær hæfilega ákveðnar 400.000,00 kr.

Stefnandi krefst þess, að stefndi greiði sér kostnað vegna útreiknings tjónsins, að fjárhæð 13.440,00 kr., og hefur lagt fram gögn til sönnunar kostnaðinum. Rétt þykir með vísan til 5. og 8. tl. 175. gr. laga nr. 85/1936, að farið verði með kostnað þennan sem annan málskostnað, og verður því ekki fjallað um þann kröfulið hér.

Vextir.

Stefnandi krefst þess, að krafa sín beri dráttarvexti frá slysdegi, 8. ágúst 1988, til greiðsludags. Af hálfu stefnda hefur kröfu þessari verið mótmælt, og telur stefndi, að miða beri upphafstíma dráttarvaxta við þann tíma, er mánuður var liðinn, frá því að stefndi var sannanlega krafinn um greiðslu. Eftir gögnum málsins var kröfubréf fyrst sent stefnda af hálfu stefnanda 25. september 1989. Rétt þykir því í samræmi við 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987

að ákveða, að krafan beri dráttarvexti skv. 1. mgr. 10. gr. vaxtalaga frá 25. október 1989 til greiðsludags. Í samræmi við 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, skal krafan frá og með 8. ágúst 1988 bera vexti, sem séu á hverjum tíma jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, til 25. október 1989, en frá þeim degi beri krafan dráttarvexti svo sem að framan greinir.

Löghald.

Stefnandi krefst þess, að staðfest verði löghald, sem gert var í fasteign stefnda að Kársnesbraut 82 í Kópavogi 14. desember 1989 til tryggingar kröfu sinni á hendur stefnda vegna slyssins. Stefndi krefst þess, að staðfestingar verði synjað, með því að stefndi hafi ekki haft uppi neina tilburði, sem gerðu stefnanda nauðsynlegt að tryggja kröfu sína, sem sé umdeild. Þegar löghaldið var gert, hafði stefndi þegar verið krafinn um greiðslu bóta með nokkurra vikna fyrirvara og mál þetta verið höfðað til heimtu þeirra. Krafan var því gjaldfallin, en ekki viðurkennd, og engin trygging hafi verið sett fyrir greiðslu hennar, og ekki var hægt á þeim tíma að tryggja hana með aðför. Skilyrðum 6. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann var því fullnægt, og því mátti gerðin fara fram, enda var af hálfu gerðarbeiðanda sett trygging sú, sem fógeti krafðist.

Með vísan til úrslita máls þessa að öðru leyti, en leitt hefur verið í ljós, að gerðarbeiðandi átti lögvarða skaðabótakröfu á hendur gerðarþola vegna slyss þessa, sem hann varð fyrir 8. ágúst 1988, ber að staðfesta löghald það, sem gert var í Kársnesbraut 82 í Kópavogi í fógetarétti Kópavogs 14. desember 1989 til tryggingar þeirri fjárhæð, sem stefndi verður í þessu máli dæmdur til að greiða stefnanda vegna slyssins, enda var gerðinni réttilega haldið til laga með útgáfu réttarstefnu 14. desember 1989.

Málskostnaður.

Stefndi hefur krafist þess, að stefnandi beri kostnað af löghaldsaðgerðinni, með vísan til 4. tl. 177. gr. laga nr. 85/1936. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að gerðin hafi verið þarflaus eða þýðingarlaus, og með hliðsjón af því, að rétt þykir að staðfesta hana, er ekki unnt að fallast á þessa kröfu stefnda.

Með hliðsjón af úrslitum málsins með vísan til 177. gr. laga nr. 85/1936 er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, og þykir hæfileg málflutningsþóknun með hliðsjón af gjaldskrá LMFÍ vera 385.825,00 kr. að viðbættum virðisaukaskatti, 94.527,00 kr., auk útlagðs kostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi og kostnaðar, sem í aðalkröfu getur og er studdur fullnægjandi gögnum, samtals 107.425,00 kr., alls 587.777,00 kr.

Málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987

frá 15. degi eftir uppsögu dóms þessa til greiðsludags, sbr. 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 54/1988.

Dóm þennan kváðu upp Kristrún Kristinsdóttir, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, og meðdómsmennirnir Páll Valdimarsson vélaverkfræðingur og Vignir Benediktsson múrarameistari.

Dómsorð:

Stefndi, Valgarður Guðni Ólafsson, kennitala 070152-2829, Kársnesbraut 82, Kópavogi, greiði stefnanda, Þráni Friðrikssyni, kennitala 110171-3669, Vogatungu 8, Kópavogi, 2.020.323,00 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 8. ágúst 1988 til 25. október 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 587.777,00 krónur í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur, 94.527,00 krónur, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1989 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 328/1994. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Birgi Ara Hilmarssyni
(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

Líkamsmeiðing af gáleysi. Sakarkostnaður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með yfirlýsingu 19. apríl 1994 og krefst sýknu af öllum kröfum ákæruvalds. Af hálfu ákæruvalds var málinu skotið til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1994 til þyngingar refsingu.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Í vottorði Jóns Gunnars Hannessonar læknis, dagsettu 12. október 1994, er greint frá því, að Hilmar Pétur Foss, sem varð fyrir verulegum líkamsmeiðslum í slysi því, er mál þetta snýst um, og nánar er lýst í héraðsdómi, hefur fengið mikla endurhæfingarmeðferð, allt frá því að hann komst til meðvitundar eftir slysið. Þurfi hann á áframhaldandi sérhæfðri endurhæfingarmeðferð að halda, bæði vegna heilaskaða og stórfelldra mjaðmaráverka, er hann hlaut. Þótt hann hafi þegar náð undraverðum bata, sé ljóst, að hann mun aldrei ná fullri heilsu eftir hinn alvarlega áverka.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Þar virðist á því byggt, að slysið hafi orðið í beinu framhaldi þess, er vitnin Albert Tómasson og Ómar Norðdahl sáu bátinn, er ákærði stjórnaði, sigla út úr Kópavogshöfn. Af hálfu ákærða var við munnlegan flutning málsins í Hæstarétti lagt fram kort með markaðri siglingaleið eftir frásögn hans. Samkvæmt því var eftir siglinguna um höfnina siglt í sveig inn á Kópavog, síðan út fyrir Arnarnes og inn á Arnarnesvog og þaðan aftur í átt að Kársnesi, án þess að siglt væri aftur inn í Kópavogshöfn, en slysið varð þar rétt fyrir utan. Hafi því liðið nokkur tími,

frá því að vitnin sáu til siglingar bátsins út úr Kópavogshöfn, þar til slysið varð. Rannsókn málsins í héraði var ekki markviss um þetta atriði, og ber að leggja frásögn ákærða um þetta til grundvallar.

Óumdeilt er, að Hilmar Pétur Foss var með samþykki ákærða fyrir framan stjórnpúlt bátsins. Vitni hafa borið, að ekki sé venjulegt að hafa farþega þar. Kom þannig fram í framburði Mikaels R. Ólafssonar, starfsmanns Siglingamálastofnunar ríkisins, að bátar sem þessi séu hannaðir með það í huga, að farþegar sitji aftarlega, þar sem bátarnir höggvi mikið framanvert. Engin sérstök handfesta er þar, en ákærði kvaðst hafa strengt fangalínu bátsins, sem fest er við stefni hans, yfir gúmmíblöðruna stjórnborðs megin og á ská yfir bátinn í handfang, sem er á móts við horn stjórnpúltsins bakborðs megin. Slík handfesta hlýtur að teljast ófullnægjandi, þegar litið er til þess, sem segir í skýrslu starfsmanna Siglingamálastofnunar ríkisins um áhrif beygju á mann, er þarna situr.

Þá er staðfest það mat héraðsdóms, að það hafi verið óvarlegt af ákærða að vera aðeins einn í bátnum með 8 börn, einkum þegar haft er í huga, að hann átti þess kost að hafa annan umsjónarmann með sér um borð, en í minni bátnum voru tveir leiðbeinendur og einn aðstoðarmaður, en þar voru aðeins 3 börn.

Við mat á ákæruefni málsins ber að hafa í huga, að ákærði var forstöðumaður siglinganámskeiðsins og leiðbeinandi barna þeirra, sem með honum voru í bátnum. Á honum hvíldu þannig sérstakar skyldur til aðgæslu og eftirlits. Einnig verður að líta til þess, að umræddur bátur gat að ýmsu leyti verið varhugaverður við flutning á hópi barna, enda gerð hans miðuð við önnur hlutverk, eins og fram kemur í niðurstöðu héraðsdóms. Var því þörf mikillar varúðar við stjórn hans og stöðugrar umsjónar með börnunum.

Að öllu þessu athuguðu verður staðfest sú niðurstaða hins áfrýjaða dóms, að ákærði hafi sýnt af sér gáleysi umrætt sinn, svo að varði við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður niðurstaða dómsins um refsingu ákærða einnig staðfest, þó þannig, að frestur til greiðslu sektar ákveðst fjórar vikur frá uppkvaðningu dóms þessa.

Með hliðsjón af 1. mgr. 168. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þykja ekki efni til að gera mun á málsvarnarlaunum og saksóknarlaunum í héraði. Ber því að dæma ákærða til greiðslu

120.000 króna í saksóknarlaun í héraði, en að öðru leyti er málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfest.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Ari Hilmarsson, greiði 80.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest að öðru leyti en því, að ákærði skal greiða 120.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tryggva Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Ég er að öllu leyti samþykkur atkvæði annarra dómenda um efni málsins svo og um áfrýjunarkostnað.

Af yfirliti um sakarkostnað í héraði, sem gefið var út fyrir hönd héraðsdómara samkvæmt 3. mgr. 168. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, verður helst ráðið, að virðisaukaskattur af málsvarnarlaunum hafi átt að vera innifalinn í þeirri fjárhæð, sem tiltekin var í hinum áfrýjaða dómi, en þess sjást engin merki í dóminum sjálfum. Hvað sem því líður, er það sýnilegt, að meðferð málsins á fyrsta dómstigi var að mörgu leyti vandasöm og kallaði á ýtarlega umfjöllun af hálfu verjanda í samanburði við það, sem við þurfti sóknar megin eftir undirbúning ákæru. Slysið, sem er tilefni málsins, var af sjaldgæfum toga og ekki tengt atvinnustarfsemi, sem háð er opinberum reglum, og farartæki siglingaklúbbsins var ekki talið skráningar- eða skoðunarskylt. Var og ekki ákært fyrir brot á lagareglum eða stjórnvaldsfyrirmælum, er taka mætti beint mið af um athafnir og aðstöðu ákærða, heldur einvörðungu samkvæmt

hinu almenna ákvæði hegningarlaga um líkamstjón af gáleysi. Öflun upplýsinga um málsatvik var ýmsum vanda bundin, og eins var um mat á þeim hagsmunum, sem á reyndi. Ætla verður, að héraðsdómari hafi litið til þessa við ákvörðun málflutningslauna ásamt því að gæta þess, sem almennt á við um stöðu saksóknara og verjanda. Tel ég ekki næg efni til að breyta niðurstöðu hans, og eigi hún að vera óröskuð.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 24. mars 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. mars sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara 9. nóvember 1993 á hendur Birgi Ara Hilmarssyni, Lindarhvammi 11, Kópavogi, kt. 050664-7249, „fyrir líkamsmeiðingu af gáleysi með því að hafa þriðjudaginn 13. júlí 1993, er ákærði var leiðbeinandi hjá siglingaklúbbnum Ými í Kópavogi og stjórnandi báts af gerðinni Avon Searider, 5,46 metra að lengd, sýndi ekki nægilega varkárni, er hann sigldi með 8 börn í kringum 10 ára aldur, þátttakendur á námskeiði siglingaklúbbsins Kópaness, sem ákærði veitti forstöðu, um Fossvog, Kópavog og fyrir Arnarnes og þar í sveig og aftur til baka, en á heimleið vestan við Kársnes skammt utan hafnargarðs Kópavogshafnar, er ákærði tók sveig á bakborða, féll útbyrðis Hilmar Pétur Foss, fæddur 15. desember 1983, en hann hafði ekki handfestu og lenti í vélarskrúfu bátsins og hlaut alvarlega höfuðáverka, kviðarholsáverka og djúpa skurði á fótum og var um tíma í lífshættu.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Samkvæmt sakarvottorði hefur ákærði ekki sætt refsingu.

Af hálfu ákærða er gerð sú krafa, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds og sakarkostnaður, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, verði greiddur úr ríkissjóði.

Málavextir.

Þriðjudaginn 13. júlí 1983 voru börn á vegum siglingaklúbbsins Ýmis í Kópavogi í sjóferð á harðbotna gúmbát (slöngubát) með utanborðsmótor. Vestan við Kársnes, skammt utan hafnargarðs Kópavogshafnar, varð það slys, að drengurinn Hilmar Pétur Foss, fæddur 15. desember 1983, féll útbyrðis og fór í skrúfu vélarinnar. Ákærði var leiðbeinandi á námskeiðinu og forstöðumaður þess. Hann stjórnaði bátnum umrætt sinn.

Siglingafélagið Ýmir er félag siglingamanna í Kópavogi og aðili að Íþróttasambandi Íslands. Mun Kópavogskaupstaður eitthvað styrkja starfsemina. Á sumrin stendur félagið fyrir hálfs mánaðar námskeiðum fyrir

börn á aldrinum 7–13 ára. Námskeiðin eru fyrir hádegi og kosta 2.600,00 kr. fyrir barn. Á námskeiðinu læra börnin aðallega að róa árabátum og sigla seglskútum. Þá var það einnig liður í þessum námskeiðum að fara einu sinni út á voginn í skemmtiferð á slöngubát, sem siglingaklúbburinn Ýmir á og rekur.

Umrætt sinn var lagt af stað frá siglingaklúbbnum að Vesturvör í Kópavogi og siglt út á Fossvog og út fyrir Kársnes og að Arnarnesi. Þar var tekinn sveigur og snúið við heim á leið. Gott veður var og sléttur sjór. Í öryggisskyni var ávallt farið á tveimur bátum, og voru oftast þrír leiðbeinendur með í för, en fleiri leiðbeinendur unnu ekki á námskeiðinu. Í þetta sinn fór einnig með unglingspiltur, Jónas Karl Þorvaldsson, en hann hafði verið fenginn að láni um tíma úr unglingavinnunni í Kópavogi. Átta börn voru í slöngubátnum, sem er stærri og hraðskreiðari en gúmbáturinn, sem á eftir fylgdi.

Ákærði stjórnaði slöngubátnum, og var Jón Karl með honum á útleið, en fór yfir í hinn bátinn, áður en haldið var til baka. Í minni bátnum voru leiðbeinendurnir Sigríður Guðmundsdóttir og Anna Karen Jörgensdóttir ásamt þremur börnum.

Bátarnir voru á heimleið, og sigldi ákærði inn í Kópavogshöfn til að sýna börnunum skútur, er þar voru. Slysið varð í nokkurra mínútna siglingu frá Kópavogshöfn.

Siglingamálastofnun ríkisins skoðaði bátinn, og er honum svo lýst, að hann sé 5,46 m á lengd og 2,02 m á breidd. Vélin er 75 hestöfl. Bátnum er stýrt frá stjórnpúlti, sem er framan til í miðjum bátnum. Við stjórnpúltið er stjórntæki vélarinnar, stýri og ádrepari. Frá stjórnpúlti og aftur að vél fyrir miðju er sæti eða bekkur, sem hægt er að sitja á, svokallaður hnakkur. Báturinn er með flothólf, sem skipt er í fimm hluta, og er hver eining sjálfstæð. Mælt frá gólfi að efri brún lofthólfs fyrir framan stjórnpúlt er hæðin 62 cm, en hinn slasaði sat þar. Báturinn er 10 ára gamall, en vel við haldið að mati Siglingamálastofnunar. Innan á bátnum eru fjögur handföng og ofan á lofthólfunum lykkjur, sem halda má sér í. Fyrir framan stjórnpúlt, þar sem Hilmar Pétur Foss sat, eru engin handföng.

Í áverkavottorði Arons Björnssonar, læknis í heila- og taugaskurðlækningadeild Borgarspítala, frá 16. ágúst segir m. a.:

„Fyrsta aðgerð á slysadeild var að tryggja góða og eðlilega loftvegi, og rannsóknir fyrst á slysadeild og síðan á röntgendeild og skurðstofu leiddu í ljós, að sjúklingur hafði fyrir utan mikinn og alvarlegan höfuðáverka, þar sem var stór skurður ofan við vinstra eyra, 10 sm langur. Höfuðkúpubrot þar undir og meiðsl á heila, þar sem sást í heilavef í sárinu. Einnig var

Hilmar með mikinn áverka á neðanvert vinstra kviðarhol, mjaðmagrind og vinstri rassvöðva. Fyrsta skoðun benti einnig til þess, að hann væri með minnkaðan kraft í hægri útlimum. Vinstri ganglim átti hann erfitt með að hreyfa, vafalaust vegna verkja í áðurnefndum sárum kringum vinstri mjaðmarhluta.

– – –

Þó svo að Hilmari hafi gengið mjög vel fyrstu dagana hér og útskrifist beint heim til sín og í frekari endurhæfingu svo hvað varðar hreyfigetu í byrjun september og þó svo að líkurnar á því, að hann komi til með að ná sér mjög vel, verður ekki endanlega úr því skorið fyrr en að einu eða jafnvel 1½ ári liðnu, þar sem þessi meiðsl geta hugsanlega haft truflandi áhrif á framtíð hans, hvað varðar skólagöngu og að tileinka sér upplýsingar í námi. Þannig gæti þetta hugsanlega haft veruleg áhrif á líf hans í framtíðinni.

Að öðru leyti tel ég líklegt að hann komi til með að ná sér í öllum aðalatriðum vel."

Ákærði skýrði svo frá hjá lögreglu og fyrir dómi, að 8 börn hefðu verið í bát sínum. Ekki hefði staðið til, að Jón Karl færi með, en hann hefði komið um borð á síðustu stundu. Börnunum hefði verið raðað þannig, að tvö sátu á botninum fyrir framan stjórnpúltið, og var Hilmar stjórnborðs megin, eitt sat í hnakknum fyrir aftan ákærða, en hin til hliðar, þannig, að þau sátu á botni bátsins og skorðuðu sig af með því að snúa baki í borðstokkinn eða lofthólfin og spyrna sér í hnakkinn. Þau börn gátu einnig haldið sér í lykkjur ofan á lofthólfunum og handföng innan á bátnum. Fangalínan, sem er föst í annan enda í stafn bátsins, lá laus í bátnum að sögn ákærða í löggregluskýrslu. Fyrir dómi taldi ákærði, að hann hefði verið búinn að binda fangalínuna fasta í hinn endann, þannig að hún væri strekkt. Ákærði kveðst hafa brýnt fyrir drengjunum tveimur, sem í stafni sátu, að halda í fangalínuna. Hilmar Pétur Foss var annar þeirra. Einnig gátu þeir haldið í stjórnpúltið. Öll börnin voru í björgunarvestum. Brýnt var fyrir börnunum, áður en lagt var af stað, að ekki mætti standa upp eða hreyfa sig um set, þegar á sjó væri komið, og þau þyrftu öll að halda sér fast.

Ákærði kvaðst oftast vera eini leiðbeinandinn í stærri bátnum. Ekki hefði verið talin þörf á, að tveir væru saman. Mikil ásókn hafi jafnan verið hjá börnunum í að fara í stærri bátinn og yfirleitt að fara í þessa ferð, þótt hún hefði ekki verið fastur liður á námskeiðinu. Hafi börnunum þótt spennandi að sigla í slöngubátnum og oftast hvatt sig til að sigla hraðar.

Er slysið varð, telur ákærði, að hraði hafi verið um 20 hnútar, en við góðar aðstæður kemst báturinn upp í 40 hnúta. Báturinn var á plani, þ. e., þá liggur hann hátt í sjó og ryður vel frá sér. Hann hægði síðan ferðina til að

bíða eftir hinum bátnum og beygði síðan á stjórnborða. Hann telur sig hafa verið á um 10 hnútum, er hann beygði. Hann tók góða vinstri beygju, en ekki krappa beygju. Báturinn hallaðist aðeins inn í beygjunni, þ. e. á bakborða.

Ákærði kveðst ekki gera sér fullkomlega grein fyrir því, hvernig það atvikaðist, að Hilmar féll útbyrðis. Hann sá hann í sjónum og sló strax af bensíngjöfina og setti í hlutlaust. Stuttu síðar kom högg á skrúfu bátsvélarinnar, og sá hann þá drenginn aftan við bátinn, liggjandi á grúfu. Hann kastaði sér í sjóinn og kom Hilmari fyrir í minni bátnum og sigldi að landi. Síðan hljóp hann upp á Hafnarbraut og bað menn þar á verkstæði að hringja á sjúkrabifreið.

Ákærði kvaðst vera með réttindi á 30 tonna báta. Hann hefur sótt leiðbeinendanámskeið á vegum siglingaklúbbsins, mörg námskeið í hjálp í viðlögum og farið á slysavarnaskóla. Hann hefur auk þess stundað siglingar í mörg ár.

– – –

Albert Tómasson, f. 29. janúar 1928, Aratúni 36, Garðabæ, á hraðbát, sem var á hjólakerru uppi á brautinni við endann á aðalbryggjunni í Kópavogi. Hann stóð uppi á bátnum og hafði gott útsýni yfir höfnina. Ómar Norðdahl kom akandi og stansaði við hliðina á bátnum. Tóku þeir tal saman. Í þann mund komu tveir slöngubátar, hann minnti frekar tveir en einn, úr áttinni frá Fossvogi og að hafnarmynninu. Bátarnir komu á fullri ferð, líklegast um 20 mílna ferð, inn um hafnarmynnið og hægðu ekki á sér, fyrr en þeir voru komnir inn undir flotbryggjuna inni í höfninni. Þá var slegið af. Þeir Ómar ræddu sín á milli um, að um glannalega ferð væri að ræða, sérstaklega þar sem börn voru í öðrum bátnum.

> „Og mér þótti þetta mjög háskaleg sigling öll. Svo erum við að tala þarna saman, og þá sé ég, að bátarnir og með hljóðum, að þeir fara af stað inni í höfninni og fara á fulla ferð aftur út hafnarmynnið, og ég horfi á þetta, og þar sem ég stend uppi í bátnum og annar báturinn með börnin tekur mjög krappa vinstri beygju á fullu plani eða fullum hraða við endann á hafnargarðinum, þegar hann kemur út úr hafnarmynninu, og beygjan er það kröpp, að ég sé ofan í botninn á bátnum, og þetta hafði það mikil áhrif á mig, að ég sé ennþá bátinn fyrir mér, þar sem hann er í þessari kröppu vinsti beygju fyrir hornið, og síðan hvarf hann fyrir endann á hafnargarðinum, og ég sá hann ekki meira.“

Stuttu síðar sáu þeir minni bátinn koma á hægri siglingu í fjörunni fyrir neðan með hinn slasaða um borð. Albert sagði jafnframt fyrir dómi:

> „Allt háttarlag þess, sem stjórnaði þessum slöngubát, var vítavert,

vítaverður glannaskapur að mínum dómi, og ég hef átt báta í 20 ár, ég hef verið flugstjóri í áratugi og verið í stjórn og stofnandi Landssambands smábátaeigenda og formaður öryggismálanefndar Landssambands smábátaeigenda og á núna hraðbát, sem ég hef átt í 6–7 ár og þekki þetta mjög vel, og ég myndi segja það, að þessi framkoma þess, sem var þarna í slöngubátnum, að öll framkoman, hún hefði verið, sýndi vítaverðan glannaskap.“

Ómar Norðdahl, f. 13. ágúst 1956, Hraunbraut 15, Kópavogi, hefur verið stýrimaður og skipstjóri á fiskiskipum og flutningaskipum og einnig starfað við smábátaútgerð. Hann tók undir orð Alberts, að um glannalega siglingu hefði verið að ræða. Siglt hefði verið með kröppum beygjum og inngjöfum. Þegar siglt var út úr höfninni, hefði báturinn lyft sér upp úr sjónum, eins og hraðbátar gera, þegar hratt er siglt. Við þær aðstæður sé báturinn kominn á 12–14 mílna ferð.

Hilmar Pétur Foss, f. 15. desember 1983, Hafnarstræti 11, Reykjavík, minnir, að hann hafi setið vinstra megin í stafni. Hann sagði, að hann hefði haldið einhvern veginn í bátinn, en ekki handfang eða band. Hann kvað ákærða hafa tekið nokkrar rosalega krappar beygjur, og í einni hefði hann dottið útbyrðis beint yfir sig. Hann kvaðst hafa setið á hnjánum og hallað sér upp að borðstokknum (lofthólfinu) og haldið þannig í blöðruna.

Baldur Hrafn Gunnarsson, f. 8. janúar 1983, Miðstræti 3 A, Reykjavík, sat frammi í stafni við hlið Hilmari. Hann kvaðst hafa setið vinstra megin, en Hilmar hægra megin. Hann hélt í landfestina. Báturinn hefði farið nokkrar beygjur, en ekki svo krappar. Þegar Hilmar féll útbyrðis, hefði verið tekin kröpp beygja og mjög hratt. Hann hélt, að bátnum myndi hvolfa, og var að missa takið.

Sturla Þór Friðriksson, f. 10. maí 1983, Miðstræti 8 A, Reykjavík, sat á hnakknum fyrir aftan ákærða. Hann hélt, að ákærði hefði tekið nokkrar beygjur, en ein verið kröpp og Hilmar þá dottið útbyrðis. Hann hefði sjálfur dottið af hnakknum í þessari beygju. Hann hefði dottið á strák, sem heitir Elvar, og Elvar kallað til ákærða, að einn hefði dottið útbyrðis.

Björgvin Sigurðsson, f. 27. nóvember 1981, Furugrund 56, Kópavogi, sat til hliðar í bátnum. Hann sagði ákærða hafa tekið nokkuð krappa beygju, en þeir hefðu beðið hann um að gera það. Hann hélt, að Hilmar hefði haldið sér í band og verið á hnjánum á gólfi bátsins.

Davíð Sigurðsson, f. 8. október 1985, Vesturgötu 73, Reykjavík, sat í bátnum stjórnborðs megin. Hann kvað Hilmar Pétur hafa verið með annan fótinn uppi á flothólfinu og haldið í band.

Framburður þeirra Alberts Tómassonar og Ómars Norðdahl var borinn

undir ákærða og leiðbeinendurna Sigríði Guðmundsdóttur og Önnu Karen Jörgensdóttur. Þau voru öll sammála um, að þau hefðu ekki siglt hratt inn í höfnina. Hámarkshraði væri þar 3 mílur og hefðu þau varla farið hraðar. Höfnin sé lítil og þröng og verði að sýna aðgát, þegar siglt er inn í hana, svo að öldugangur verði ekki þess valdandi, að skútur og bátar, sem þar eru bundnir saman, verði fyrir skemmdum. Ákærði hefði átt skútu í höfninni, og sé ólíklegt, að hann hafi hætt á, að hún skemmdist.

Niðurstöður.

Fram hefur komið í málinu, að um léttan bát er að ræða með aflmikla vél. Hann er einkum ætlaður til björgunarstarfa, en síður til skemmtisiglinga með börn. Að mati sérfræðinga þarf töluverða reynslu til að stýra honum. Báturinn er kvikur í hreyfingu, og þegar afturendi hans færist úr stað í beygjum, verkar miðflóttaafl á þann, sem í stafni stendur.

Sannað þykir í málinu með framburði vitnanna Alberts Tómassonar og Ómars Norðdahl, að ákærði sigldi nokkuð óvarlega miðað við, að börn voru í bátnum. Kemur það heim og saman við framburð barnanna sjálfra, að hratt var siglt og nokkrar krappar beygjur teknar. A. m. k. féll einn drengjanna af hnakknum í beygjunni, er Hilmar Pétur féll útbyrðis. Sýnir það glögglega, að óvarlega var farið miðað við, að börnin voru laus í bátnum. Þá er einnig fram komið í málinu, að hættulegt gat verið að hafa farþega frammi í stafni. Þar er ekki trygg handfesta, aðeins fangalína, sem ákærði kveðst hafa bundið fasta. Þar heggur báturinn mest, og er ekki venja að hafa börn þar.

Þá verður að telja, að óvarlegt hafi verið hjá ákærða, sem var umsjónarmaður námskeiðsins, að vera einn með 8 börn í bátnum. Alkunna er, að börn á þessum aldri hlýða ekki alltaf fyrirmælum út í ystu æsar. Það þarf ekki ætíð að stafa af óhlýðni, heldur einungis af því, að í augnabliksathugaleysi bregðast þau öðruvísi við en fullorðnir myndu gera við sömu aðstæður. Því er ekki nóg að gefa ákveðin fyrirmæli, þegar börn eiga í hlut, heldur verður að fylgjast með, að eftir þeim sé farið, sérstaklega í umgengni við hættuleg tæki.

Ákærði gat ekki fylgst nægilega vel með öllum börnunum 8, sem sátu allt í kringum hann, meðan á siglingu stóð. Enda gerðist slysið, er ákærði var að beygja og var með hugann við það og sá því ekki, er Hilmar Pétur féll útbyrðis. Telja verður, að til að gæta alls öryggis hafi verið nauðsynlegt, að tveir leiðbeinendur væru í bátnum.

Samkvæmt framansögðu þykir sannað í málinu, að ákærði var einn á siglingu með 8 börn á aldrinum 7–11 ára í léttum gúmbát með öfluga vél, sem að áliti sérfræðinga þarf að stjórna með sérstakri varúð. Hann bar ábyrgð á,

hvar börnin sátu í bátnum og að þau hefðu trygga handfestu. Hann samþykkti, að Hilmar Pétur, sem þá var 9 ára og líklega um 30 kg á þyngd, sæti fremst í bátnum, þar sem ekki er ætlast til, að setið sé, og lítil sem engin handfesta. Með vísan til alls þessa þykir sannað, að ákærði hafi ekki sýnt nægilega varkárni í umræddri sjóferð og með saknæmu gáleysi sínu orðið þess valdandi, að drengurinn Hilmar Pétur Foss féll útbyrðis með þeim afleiðingum, sem að framan er lýst. Hefur ákærði með háttsemi þessari brotið gegn ákvæðum 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við ákvörðun refsingar þarf að hafa hliðsjón af því, að ákærði hefur ekki áður gerst sekur um refsivert athæfi.

Í málflutningi lýsti fulltrúi saksóknara yfir, að ákæruvaldið teldi ekki skilyrði til þyngri refsingar en sektar. Refsing ákærða þykir hæfileg 80.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist inna 4ra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði í hennar stað varðhaldi í 20 daga.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Tryggva Gunnarssonar hrl., 120.000,00 kr., og saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000,00 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Ari Hilmarsson, greiði 80.000,00 kr. í sekt til ríkissjóðs innan 4ra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tryggva Gunnarssonar hrl., 120.000,00 kr., og saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000,00 kr.

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 318/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
S
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Kynferðisbrot. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, en af hálfu ákæruvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 15. júní 1994 til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingu.

Ákæra er byggð á kæruskýrslum tveggja stjúpdætra ákærða um það bil átta árum eftir að meintum brotum ákærða gagnvart þeim er talið hafa lokið samkvæmt héraðsdómi og fjórum árum eftir að móður kærenda varð að nokkru kunnugt um tilefni annarrar kærunnar. Við meðferð málsins í héraði hefur engra sérfræðilegra gagna verið aflað um líkamlegt og andlegt atgervi kærenda, viðhorf þeirra til ákærða og ákæruefnisins og áhrif hinna ætluðu brota ákærða á þær. Þó er fram komið, að önnur þeirra að minnsta kosti leitaði til geðlæknis, áður en þær lögðu fram kærur sínar. Skömmu fyrir aðalmeðferð málsins í héraði var því lýst yfir af hálfu ákæruvalds, að viðtalsskýrslur læknisins við þær fyndust ekki, en læknirinn var þá sagður vera erlendis. Eigi verður séð, að ákæruvaldið hafi gert frekari reka að því að afla þessara gagna eða kveðja læknirinn fyrir dóm til skýrslugjafar.

Fyrir héraðsdómi lágu ekki heldur gögn um ákærða sjálfan og viðhorf hans, sbr. einkum b- og d-lið 71. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Verjandi ákærða hefur lagt fyrir Hæstarétt álitsgerð sálfræðings um ákærða frá 8. júní 1994, sem unnin var að beiðni barnaverndarnefndar. Þessi álitsgerð, sem grundvallast á „skammtíma-sálgreiningu“, hefur ein sér takmarkað gildi, en sálfræðingurinn hefur ekki komið fyrir dóm.

Telja verður ofangreind gögn svo þýðingarmikil við mat á sönnunargildi munnlegs framburðar ákærða og kærenda, að héraðsdómari hefði ekki átt að leggja dóm á málið án þeirra. Verður því eigi hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til frekari meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til frekari meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 303/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Gunnari Birni Björnssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.) **og**
Lydíu Einarsdóttur
(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Játningarmál. Refsiákvörðun. Upptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærðu áfrýjuðu málinu eingöngu um lagaatriði og viðurlög, en af hálfu ákæruvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. mars 1994 til þyngingar refsingu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærðu greiði áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Gunnar Björn Björnsson og Lydía Einarsdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur. Þá greiði ákærðu hvort fyrir sig skipuðum verjendum sínum, hæstaréttarlögmönnunum Hilmari Ingimundarsyni og Hjalta Steinþórssyni, hvorum 25.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 1994.

Ár 1994, föstudaginn 18. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 107/1994: Ákæruvaldið gegn X, Gunnari Birni Björnssyni og Lydíu Einarsdóttur, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 8. febrúar sl., á hendur ákærðu, X [...], Gunnari Birni Björnssyni, áður að Ásbúð 62 í Garðabæ, nú að Þúfubarði 15 í Hafnarfirði, fæddum 5. desember 1970, fæðingarnúmer 436, og Lydíu Einarsdóttur, Álakvísl 14 í Reykjavík, fæddri 13. júní 1958, fæðingarnúmer 628.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa í september 1993 í ágóðaskyni staðið sameiginlega að innflutningi á 1965,3 g af hassi, sem ákærðu X og Gunnar Björn keyptu í Amsterdam og meðákærða, Lydía, flutti innan klæða hingað til lands 19. september, og var hún handtekin á Keflavíkurflugvelli og hald lagt á allt efnið, en samkomulag var með ákærðu um, að hún fengi hluta efnisins fyrir flutninginn. Ákærði X greiddi allan ferðakostnað fyrir sig og meðákærðu og fjármagnaði að auki fíkniefnakaupin.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar. Þá er þess krafist, að 1965,3 g af hassi verði gerð upptæk samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986“.

Með skýlausum játningum allra ákærðu, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærðu hafa framið brot þau, sem þeim eru gefin að sök og eru rétt færð til refsiákvæða í ákæru.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þau sætt refsingum sem hér segir:

– – –

Ákærði Gunnar Björn var dæmdur í september 1990 í 2 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, og 24. júní 1992 var hann dæmdur í 78.000 króna sekt fyrir brot á 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga, og sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 24. mars 1992. Þá hefur ákærði gengist 10 sinnum undir að greiða sektir með dómsátt frá árinu 1989 og fram til og með 30. apríl 1992. Er ein sáttin fyrir ölvun, fimm fyrir umferðarlagabrot, þ. á m. fyrir ölvun við akstur, ein þeirra auk þess fyrir brot á 248. gr. almennra hegningarlaga og ein auk þess fyrir fíknilöggjafarbrot. Fjórar sáttanna eru eingöngu fyrir brot á fíkniefnalöggjöf, þ. á m. þrjár hinar síðustu, ein árið 1991 og tvær árið 1992.

Ákærða, Lydía, hlaut árið 1982 sektardóm fyrir ölvunarakstur og var svipt ökuleyfi í 18 mánuði. Var þessi dómur staðfestur síðar á árinu í Hæsta-

rétti. Þá hefur ákærða tvívegis gengist með sátt undir að greiða sektir, fyrst 1988 og síðan 1991, í bæði skiptin aðallega fyrir ölvunarakstur.

Öðrum refsingum en að framan greinir hafa ákærðu ekki sætt, svo að kunnugt sé.

– – –

Með hliðsjón af fyrri sakaferli ákærða Gunnars Björns varðandi brot á fíkniefnalöggjöf þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Refsing ákærðu, Lydíu, sem ekki hefur áður brotið gegn fíkniefnalöggjöfinni, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Ákærðu sátu í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins. Sat ákærði X í gæslu frá 23. september sl. kl. 10,45 til 6. október sl. kl. 11,35, í 14 daga. Ákærði Gunnar Björn sat í gæslu frá 22. september sl. kl. 22,20 til 29. september sl. kl. 12, í 7 daga, og ákærða, Lydía, frá 20. september sl. kl. 21,12 til 24. september sl. kl. 20,30, í 4 daga. Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að framangreint gæsluvarðhald komi refsingum ákærðu til frádráttar.

Þá ber, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt þeim lagaákvæðum, er þar greinir, að gera upptækt til ríkissjóðs það hass, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, 1.965,3 g.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 2. og 3. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað. Skulu ákærðu X og Gunnar Björn greiða skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 35.000 krónur í þóknun óskipt og ákærða, Lydía, skipuðum verjanda sínum, Hjalta Steinþórssyni hæstaréttarlögmanni, 25.000 krónur í þóknun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómsorð:

Ákærði X sæti fangelsi í 8 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 14 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði Gunnar Björn Björnsson sæti fangelsi í 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 7 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærða Lydía Einarsdóttir sæti fangelsi í 4 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 4 daga gæsluvarðhald ákærðu.

Upptæk eru til ríkissjóðs 1.965,3 g af hassi.

Ákærðu X og Gunnar Björn greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, óskipt í þóknun 35.000 krónur. Ákærða, Lydía, greiði skipuðum verjanda sínum, Hjalta

Steinþórssyni hæstaréttarlögmanni, 25.000 krónur í þóknun. Ákærðu greiði öll annan sakarkostnað óskipt.

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 329/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Guttormi Einari Viðarssyni
(Jón Oddsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Játningarmál. Refsiákvörðun. Upptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu eingöngu um ákvörðun refsingar, en af hálfu ákæruvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 28. júní 1994 til þyngingar refsingu.

Með hliðsjón af því, að í ljós er leitt, að amfetamín það, sem ákærði flutti til landsins, hefur verið blandað, eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hans ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guttormur Einar Viðarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júní 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 16. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-190/1994: Ákæruvaldið gegn Guttormi Einari Viðarssyni, en málið var dómtekið 1. júní sl. á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 15. mars 1994, á hendur „Guttormi Einari Viðarssyni, Móaflöt 57, Garðabæ, fæddum 28. mars 1972, fæðingarnúmer 366, fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni, framin á árinu 1992, svo sem hér greinir:

1. Þriðjudaginn 3. nóvember flutt 167,2 g af amfetamíni til landsins frá Amsterdam, og var ákærði handtekinn við komu til Keflavíkurflugvallar og hald lagt á efnið.
2. Haft í vörslum sínum á heimili sínu 0,1 g af amfetamíni, sem lögregla fann við húsleit föstudaginn 6. nóvember.
3. Framangreind háttsemi ákærða telst varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 84/1986.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Enn fremur er þess krafist, að gerð verði upptæk samtals 167,3 g af amfetamíni, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986“.

– – –

Niðurstöður.

1.

Dómurinn telur sannað með skýlausri játningu ákærða, sem fær stuðning af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi flutt 167,2 g af amfetamíni til landsins frá Amsterdam, en svo sem rakið var, bar ákærði, að ytra hefðu verið keypt 120 g og efnið blandað svo sem lýst var. Niðurstaða greiningar efnisins sýnir, að efnið var mjög blandað koffeíni, en í niðurstöðu Rannsóknastofu í lyfjafræði segir, að magn amfetamínsúlfats í sýninu, sem greint var, hafi verið 12% og það svari til 9% amfetamínbasa. Þá segir í niðurstöðu rannsóknastofunnar, að magn koffeíns hafi verið 73%, og í niðurstöðu segir, að sýnið, sem greint var, hafi verið amfetamín, en mjög blandað koffeíni.

2.

Sannað er með skýlausri játningu ákærða, að hann hefur framið háttsemi þá, sem lýst er í þessum ákærulið.

Brot ákærða eru rétt heimfærð til refsiákvæða í ákæruskjali.

Ákærði hlaut tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi árið 1990 fyrir þjófnað, nytjastuld og umferðarlagabrot. Þá gekkst ákærði undir dómsátt árið 1991 fyrir fíkniefnabrot.

Ákærði hefur játað brot sín hreinskilnislega. Telur dómurinn verknað þess einstaklings, sem tekur að sér flutning fíkniefna til landsins, vera jafn-

saknæman verknaði þeirra, sem kaupa efnin ytra og/eða meðhöndla á annan hátt hér á landi. Þeir, sem sammælast um að flytja fíkniefni til landsins, geta ekki dreift refsiábyrgðinni á þann hátt, að einn kaupi efni ytra, annar flytji efnin til landsins og hinn þriðji taki við efnunum hér á landi. Allir þessir aðilar bera jafna refsiábyrgð, og má í þessu sambandi vísa til refsihækkunarástæðu 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, en svo sem rakið var, flutti ákærði fíkniefni til landsins.

Refsing ákærða er hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákvörðuð fangelsi í 8 mánuði. Til frádráttar refsivist ákærða komi 8 daga gæsluvarðhald, en ákærði sætti gæsluvarðhaldi frá kl. 16,38 4. nóvember 1992 til kl. 18,03 11. sama mánaðar.

Ákærði hefur samþykkt upptökukröfu ákæruvaldsins, og eru dæmd til upptöku samtals 167,3 gr af amfetamíni, og vísast til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 vegna upptökunnar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 30.000 krónur í málsvarnarlaun til verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl.

Dómsorð:

Ákærði, Guttormur Einar Viðarsson, sæti fangelsi í 8 mánuði, en til frádráttar refsivistinni komi 8 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði sæti upptöku til ríkissjóðs á 167,3 gr af amfetamíni.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 30.000 krónur í málsvarnarlaun verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl.

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 300/1994. **Örvar Ingólfsson**

gegn

Kristjáni R. Kristjánssyni

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Við þingfestingu máls þessa í Hæstarétti 3. október 1994 var þess krafist af hálfu stefnda, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu, að fjárhæð allt að 850.000 krónur. Að öðrum kosti verði málinu vísað frá Hæstarétti. Þá krefst hann málskostnaðar.

Áfrýjandi krefst þess, að kröfu stefnda verði hafnað.

Rök stefnda eru þau, að fram hafi farið árangurslaust fjárnám hjá áfrýjanda og í framhaldi af því verið lögð fram beiðni um gjaldþrotaskipti á búi hans 19. júlí 1994. Hér sé um að ræða tilefnislausa eða að minnsta kosti tilefnislitla áfrýjun. Byggir stefndi kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefnda mótmælt og því haldið fram, að eignir áfrýjanda standi undir greiðslu málskostnaðar. Samkvæmt frumvarpi sýslumannsins í Reykjavík til úthlutunar uppboðsverðs fasteignarinnar nr. 12 við Eiðismýri á Seltjarnarnesi 21. janúar 1994 kunni áfrýjandi að eiga inni greiðslu, að fjárhæð 914.906 krónur. Þá varði málið verulega hagsmuni áfrýjanda, og í héraði hafi hann gert gagnkröfu, að fjárhæð 2.180.207 krónur, vegna skuldabréfs, sem stefndi sé skuldari að, en héraðsdómari hafi ekki fallist á þá kröfu.

Gegn mótmælum áfrýjanda hefur stefndi ekki leitt nægar líkur að því, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Ber því að hafna kröfu stefnda.

Á l y k t a r o r ð :

Kröfu stefnda, Kristjáns R. Kristjánssonar, um málskostnaðartryggingu er hafnað.

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 305/1994. **Þrotabú Davíðs Axelssonar**

gegn

Efnissölu Guðjóns E. Jóhannssonar hf.

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Við þingfestingu máls þessa í Hæstarétti 3. október 1994 var þess krafist af hálfu stefnda, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 500.000 krónur eða aðra lægri fjárhæð eftir mati réttarins.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að kröfu stefnda verði hafnað, en til vara, að tryggingin verði ákveðin mun lægri fjárhæð en krafist er.

Rök stefnda eru þau, að áfrýjandi sé eignalaust þrotabú og ekkert liggi fyrir um það, með hverjum hætti þrotabúið geti greitt þann málskostnað, sem því kann að verða gert að greiða í þessu máli. Byggir stefndi kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefnda mótmælt með þeim rökum, að afar brýnt sé að koma fram áfrýjun í máli þessu, enda verði ekki við dóm héraðsdóms unað. Þótt eignir séu litlar sem engar í búinu, séu hagsmunir áfrýjanda slíkir, að rangt sé að stöðva frekari meðferð málsins fyrir dómstólum vegna þessa eins. Þá bendir áfrýjandi á, að ekki hafi verið krafist málskostnaðartryggingar í héraði, og hljóti því trygging, sem ákveðin kunni að verða í Hæstarétti, að ná einungis til meðferðar málsins þar.

Engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um hag áfrýjanda. Ekki hefur verið sýnt fram á, að búið eigi eignir, og verður að líta á orðalag í greinargerð áfrýjanda sem viðurkenningu á því, að búið sé eignalaust að kalla. Þá hefur ekki verið sýnt fram á, að kröfuhafar í búinu geti ekki lagt fram málskostnaðartryggingu, telji þeir brýnt, að málinu verði haldið áfram. Ber því að taka til greina kröfu stefnda um, að áfrýjanda verði gert að leggja fram tryggingu fyrir

greiðslu málskostnaðar í máli þessu fyrir Hæstarétti. Fjárhæð tryggingarinnar þykir hæfilega ákveðin 200.000 krónur. Skal hún sett með peningum eða bankaábyrgð og hæstaréttarritara afhent skilríki fyrir tryggingunni innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Á l y k t a r o r ð:

Áfrýjanda, þrotabúi Davíðs Axelssonar, er skylt að setja tryggingu, að fjárhæð 200.000 krónur, fyrir greiðslu málskostnaðar í hæstaréttarmálinu nr. 305/1994. Ber að setja trygginguna með peningum eða bankaábyrgð innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Þriðjudaginn 25. október 1994.

Nr. 421/1994. **Jón Steindórsson**
(Hlöðver Kjartansson hdl.)
gegn
Djúpbátnum hf.
(Valgarð Briem hrl.)

Kærumál. Sakauki. Frávísunarúrskurði hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. september 1994, sem barst Hæstarétti 12. október sl. Um kæruheimild vísar hann til j-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður um frávísun dómkrafna sóknaraðila á hendur varnaraðila verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka kröfur sínar til efnislegrar meðferðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði í þessum þætti málsins og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hin kærða dómsathöfn er hluti úrskurðar Héraðsdóms Reykjaness, sem upp var kveðinn 9. september 1994 í máli sóknaraðila gegn Fjörunesi hf. og Djúpbátnum hf. Kröfðust báðir stefndu frávísunar málsins. Kröfur stefnda Fjöruness hf. um frávísun krafna á hendur því félagi var hafnað, en krafa Djúpbátsins hf. tekin til greina.

Sóknaraðili hefur lagt fyrir Hæstarétt veðbókarvottorð, dagsett 19. október 1994, fyrir ms. Fjörunes, en samkvæmt því er Fjörunes hf. eigandi skipsins. Þá liggur fyrir, að riftun Djúpbátsins hf. á sölu ms. Fjöruness til Fjöruness hf. átti sér ekki stað fyrr en eftir höfðun máls þessa. Þá heldur sóknaraðili því fram, að hann hafi ekki haft aðgang að bókum Fjöruness hf. eftir að störfum hans hjá félaginu lauk í október 1993.

Samkvæmt þessu verður niðurlagsákvæði 3. mgr. 19. gr. laga nr.

91/1991 um meðferð einkamála ekki talið standa því í vegi, að sóknaraðili fái komið fram sakaukasök á hendur varnaraðila í máli þessu. Er þess þá jafnframt að gæta, að hann gaf út stefnu í sakaukasök, jafnskjótt og greinargerð Fjöruness hf. í málinu var fram komin. Ber því að fallast á kröfur sóknaraðila og dæma honum málskostnað í héraði í þessum þætti málsins og kærumálskostnað, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Felld eru úr gildi ákvæði í hinum kærða úrskurði um frávísun krafna sóknaraðila, Jóns Steindórssonar, á hendur varnaraðila, Djúpbátnum hf., og ákvæði um greiðslu málskostnaðar.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 70.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 9. september 1994.

Árið 1994, föstudaginn 9. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem er háð að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í málinu nr. E-493/1994 og E-807/1994: Jón Steindórsson gegn Fjörunesi hf. og Djúpbátnum hf.

Mál þetta er með stefnu, út gefinni 5. apríl sl. og birtri 6. apríl sl., höfðað gegn Fjörunesi hf., og með sakaukastefnu, út gefinni 17. maí sl., en birtri 20. maí sl., er málið og höfðað gegn Djúpbátnum hf. til að þola staðfestingu á sjóveðsrétti í ms. Fjörunesi, skipaskrárnúmer 0046, fyrir kröfum stefnanda í frumsök. Í aðalstefnu eru gerðar þær kröfur, að stefnda Fjörunes hf. verði dæmt til að greiða stefnanda ógreidd laun vegna vinnu hans sem skipstjóra á ms. Fjörunesi, og er stefnufjárhæð 537.227,00 kr. auk dráttarvaxta, sem nánar eru tilgreindir í stefnu, og málskostnað að skaðlausu, og einnig er krafist staðfestingar á sjóveðsrétti í ms. Fjörunesi.

Í málinu hafa báðir stefndu gert kröfu um, að málinu verði vísað frá dómi, og var krafa þeirra að loknum munnlegum málflutningi tekin til úrskurðar 1. september sl.

Stefnda Fjörunes hf. reisir kröfu sína á því, að samkvæmt fram lögðu veðbókarvottorði, dags. 17. maí 1994, sé Djúpbáturinn hf. þinglýstur eigandi ms. Fjöruness, og þar sem félaginu hafi ekki verið stefnt, er málið var þingfest 12. apríl sl. til að svara til saka, beri með vísan til 2. mgr. 18. gr. eml. að vísa málinu frá dómi, og einnig er vísað til þess í því sambandi, að kaupsamningi milli Djúpbátsins hf. og stefnda Fjöruness hf. um ms. Fjörunes hafi verið rift.

Sakaukastefndi reisir kröfu sína á því, að við útgáfu aðalstefnu hafi legið fyrir í þinglýsingabókum, að hann var þinglýstur eigandi ms. Fjöruness, og hafi stefnanda borið að afla sér veðbókarvottorðs um skipið og leggja það fram við þingfestingu, sem sé forsenda þess, að dæma mætti um sjóveðsrétt í því, og hefði það því átt að liggja frammi við þingfestingu málsins. Hefði stefnandi gætt þessa, hefði hann átt að gera sér grein fyrir, að sakaukastefndi var eigandi skipsins, og þá verið í lófa lagið að stefna honum með eðlilegum hætti, og þar sem einvörðungu sé vanrækslu stefnanda um að kenna, að sakaukastefnda var ekki stefnt með eðlilegum hætti, séu engin lagaskilyrði til að stefna honum inn í málið, sbr. 3. tl. 19. gr. laga nr. 19/1991, og ber því að vísa kröfum á hendur sakaukastefnda frá dómi. Þá er því jafnframt haldið fram, að stefnanda hafi sem framkvæmdastjóra stefnda Fjöruness hf. og stjórnarmeðlims þess hlotið að vera ljóst við málshöfðun, hver staða félagsins var gagnvart sakaukastefnda, og að hann var enn þinglýstur eigandi skipsins. Verði að leggja stefnanda það til sakar, ef hann hafi ekki upplýst lögmann sinn um þetta.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að krafa frumstefnda sé tilefnislaus, þar eð ekki sé skylt skv. 18. gr. eml. að stefna sakaukastefnda í málið. Þá er kröfu sakaukastefnda um frávísun mótmælt sem tilefnislausri. Ekki sé skylda eða beri nauðsyn til að afla veðbókarvottorðs, áður en mál sé höfðað til staðfestingar á sjóveðsrétti, og það hefði ekki heldur breytt neinu í þessu sambandi, þar eð í þinglýsingabókum hafi stefndi Fjörunes verið skráð eigandi skv. afsali, en ekki kaupsamningi, og það svo verið leiðrétt eftir ábendingu lögmanns stefnanda. Lögmaður stefnanda hafi ekki fengið upplýsingar um, að stefndi Djúpbáturinn hf. var þinglýstur eigandi skipsins, fyrr en í greinargerð frumstefnda og þá þegar gefið út sakaukastefnu og sakaukamálið verið sameinað aðalmálinu án mótmæla af hálfu umboðsmanns stefndu.

Í þinghaldi 30. júní sl. upplýsti umboðsmaður frumstefnda, að það væri rétt, sem fram kæmi í sakaukastefnu, að fyrir útgáfu fram lagðs veðbókarvottorðs hefði frumstefndi skv. veðmálabókum verið skráður eigandi ms. Fjöruness – 0046 skv. afsali, en það síðar verið leiðrétt þannig, að hann væri eigandi samkv. kaupsamningi.

Þá kemur fram í gögnum málsins, að stefnandi þess var framkvæmdastjóri frumstefnda Fjöruness hf. og var einnig í stjórn félagsins og með prókúru. Í starfssamningi, sem stjórn og varastjórn þess undirrita, kemur fram, að daglegur rekstur félagsins verði í höndum framkvæmdastjóra þess og svo stjórnarformanns.

Í málinu var leitað sátta án árangurs.

Niðurstöður.

Ekki er fallist á þau rök frumstefnda, að borið hafi að stefna saman frumstefnda og sakaukastefnda í upphafi skv. 2. mgr. 18. gr. eml. vegna samaðildar, og er hrundið kröfunni um frávísun málsins í heild frá dómi vegna þess, að það hafi ekki verið gert.

Fallast má á, að rétt hefði verið, að stefnandi hefði lagt fram við þingfestingu málsins veðbókarvottorð um ms. Fjörunes, þar sem hann gerði kröfu um, að staðfest yrði sjóveð í skipinu. Hins vegar er ómótmælt, að umboðsmaður stefnanda hafði kynnt sér veðmálabækur og var eftir það í góðri trú um, að frumstefndi væri eigandi skipsins, og vanrækslu hans ekki um kennt að þessu leyti, að sakaukastefnda var ekki stefnt í upphafi með frumstefnda. Engu að síður er ljóst, að stefnanda sem stjórnarmanni og framkvæmdastjóra frumstefnda hlaut að vera kunnugt um, að um kaup skipsins hafði verið gerður kaupsamningur, sem frumstefnda hafði ekki tekist að efna, svo að sakaukastefndi rifti samningnum. Þrátt fyrir það að kaupsamningurinn kunni að hafa verið rangt færður inn í veðmálabækur, hefði það ekki átt að dyljast stefnanda, að sakaukastefndi var enn eigandi skipsins, og verður hann að bera hallann af því að vanrækja að upplýsa umboðsmann sinn um þetta. Það er því mat réttarins, að stefnandi hafi haft öll tök á því að stefna sakaukastefnda um leið og frumstefnda, og verður um að kenna vanrækslu hans, að það var ekki gert, og er því fallist á kröfu sakaukastefnda um, að vísa beri frá dómi kröfu stefnanda í sakaukastefnu, sbr. 3. mgr. 19. gr. eml.

Eftir þessum málsúrslitum þykir bera að dæma stefnanda til að greiða sakaukastefnda 35.000,00 kr. í málskostnað, en ákvörðun málskostnaðar að öðru leyti bíði dóms í málinu.

Úrskurðarorð:

Kröfu frumstefnda Fjöruness hf. um, að málinu verði í heild vísað frá dómi, er hrundið.

Kröfu stefnanda, Jóns Steindórssonar, á hendur sakaukastefnda, Djúpbátnum hf., að honum verði gert að þola sjóveðsrétt í ms. Fjörunesi, skipaskrárnúmer 0046, fyrir kröfum stefnanda á hendur frumstefnda, er vísað frá dómi.

Stefnandi greiði sakaukastefnda, Djúpbátnum hf., 35.000,00 kr. í málskostnað, en ákvörðun málskostnaðar að öðru leyti bíði dóms í málinu.

Miðvikudaginn 26. október 1994.

Nr. 430/1994. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
gegn
Engilbert Runólfssyni
(Páll A. Pálsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 21. október sl., sem barst réttinum 24. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til kl. 16.00 föstudaginn 4. nóvember 1994, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Sóknaraðili hefur ekki kært úrskurð þennan til Hæstaréttar, og kemur því eigi til álita krafa um lengingu gæsluvarðhalds.

Fyrir liggur rökstuddur grunur um aðild varnaraðila að innflutningi verulegs magns hættulegra fíkniefna frá Lúxemborg 19. október sl. Málið sætir nú frumrannsókn hjá lögreglu, en varnaraðili hefur frá upphafi neitað aðild að því. Þar sem ólokið er veigamiklum þáttum í rannsókn málsins, þykir hætta á, að varnaraðili geti torveldað framgang hennar. Með vísan til þess svo og a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt, að hann sæti gæsluvarðhaldi. Samkvæmt því verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. október 1994.

Ár 1994, föstudaginn 21. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Engilbert Runólfssyni, kt. 180964-5769, Lækjargötu 4, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 4. nóvember nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni.

– – –

Mál það, sem hér er til rannsóknar, lýtur að innflutningi á miklu magni hættulegs fíkniefnis, sem talið er, að hægt hefði verið að selja hérlendis fyrir milljónir króna, ef innflutningur hefði heppnast. Framburður Gunnars Valdimarssonar og gögn málsins að öðru leyti þykja bendla kærða svo sterklega við að vera viðriðinn málið með saknæmum hætti, að ekki þykir annað fært en verða við kröfu lögreglustjórans um, að kærði verði látinn sæta gæsluvarðhaldi, en brot það, sem kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt áðurnefndum lagaákvæðum.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður kærði látinn sæta gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til mánudagsins 31. október nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Engilbert Runólfsson, sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til mánudagsins 31. október nk. kl. 16.00.

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 483/1991. **Atli Már Jósafatsson**
Örn Bragason og
Páll Júlíusson
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Sundaborg 36 hf.
(Sigurður Georgsson hrl.)
og gagnsök

Skuldabréf. Lánskjaravísitala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson prófessor.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. desember 1991 og gera þær kröfur, að dómkröfur gagnáfrýjanda verði verulega lækkaðar. Auk þess krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1992 og gerir þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjendum dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, m. a. vottorð Hlutafélagaskrár þess efnis, að firma gagnáfrýjanda er Sundaborg 36 hf.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans, en aðaláfrýjendur hafa ekki sýnt fram á, að misritun hafi orðið við tilgreiningu lánskjaravísitölu í skuldabréfi því, sem þetta mál er risið af. Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda óskipt 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Atli Már Jósafatsson, Örn Bragason og Páll Júlíusson, greiði gagnáfrýjanda, Sundaborg 36 hf., óskipt 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. nóvember 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. október sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Sundaborg hf., kt. 600269-6909, Sundaborg 9, Reykjavík, gegn Atla Má Jósafatssyni, kt. 230753-3859, Sunnuflöt 26, Garðabæ, Erni Bragasyni, kt. 100253-4379, Hraunhólum 11, Garðabæ, og Páli Júlíussyni, kt. 200936-4939, Laugavegi 82, Reykjavík, með áskorunarstefnu, birtri 6. og 7. febrúar 1990 á hendur stefndu Atla Má og Páli, og með sakaukastefnu, birtri 13. mars 1990 á hendur stefnda Erni.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 621.547,10 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda eru aðallega um sýknu að svo stöddu, en til vara er krafist verulegrar lækkunar á stefnukröfum. Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnanda [...]. Þá gerir stefndi kröfu til þess, að mál þetta verði sameinað bæjarþingsmáli nr. 2185/1990, sem höfðað var sama dag á hendur stefndu.

Upphaflega gerðu stefndu kröfu um frávísun málsins, en með úrskurði, upp kveðnum 20. nóvember 1990, var þeirri kröfu hafnað. Með úrskurði, upp kveðnum í málinu 24. maí 1991, var synjað kröfu stefndu um það, að þeir kæmu fyrir dóm til skýrslugjafar.

I.

Stefnandi reisir kröfur sínar á skuldabréfi, út gefnu 29. maí 1987 af stefnda Atla Jósafatssyni til stefnanda, upphaflega að fjárhæð 455.574,00 kr., tryggðu með sjálfskuldarábyrgð stefndu Arnar og Páls. Skuldina skyldi greiða með 9 afborgunum á 6 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. febrúar 1988. Af skuldinni, eins og hún var á hverjum tíma, skyldi greiða hæstu auglýsta meðaltalsvexti sambærilegra lána skv. skráningu Seðlabanka Íslands hverju sinni, er reikna skyldi frá útgáfudegi og borga eftir á á sama tíma og afborgun. Skuldin sé bundin lánskjaravísitölu, grunnvísitölu 1364 stig, og sé höfuðstóll því breytilegur skv. ákvæðum laga nr. 13/1979 miðað við breytingu á vísitölunni. Skuldabréfið sé í vanskilum frá og með fjórða gjalddaga þess, 15. ágúst 1989, og sé því allt í gjalddaga fallið skv. ákvæðum í bréfinu sjálfu.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig: Eftirstöðvar skuldabréfsins 541.712,20 kr., hækkun vísitölu frá 15. febrúar 1989 til 15. ágúst 1989 2317/2557 stig, 56.111,80 kr., 8,1% samingsvextir frá 15. febrúar 1989 til 1. maí 1989, 10.088,28 kr., 7,9% samningsvextir frá 1. maí 1989 til 15. ágúst 1989, 13.661,82 kr., samtals 621.574,10 kr., sem eru stefnufjárhæð málsins.

Stefnandi rekur málið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936.

II.

Stefndu reisa kröfur sínar á þeim málsástæðum, að stefndi Atli hafi í viðskiptum við stefnanda afhent 8 skuldabréf, sum með ábyrgð annarra stefndu eða annarra vina og venslamanna stefnda Atla. Inn á þessar skuldbindingar hafi stefndi Atli greitt verulegar fjárhæðir, án þess þó að þessara innborgana sé getið á skuldabréfunum, heldur aðeins uppgefnar ætlaðar eftirstöðvar.

Í þinghaldi í málinu 9. október 1990 var eftirfarandi bókun gerð af hálfu stefndu: „Dómkröfur stefndu, bæði aðal- og varakröfur, eru enn fremur reistar á þeirri málsástæðu, að skuldabréfið, sem út er gefið 29. maí 1987, beri ekki gildandi lánskjaravísitölu á útgáfudegi, sem var 1662, heldur grunnvísitöluna 1364. Kann því hér vera um misritun að ræða. Útgáfa skuldabréfs þessa fer því í bága við ákvæði 39. gr. laga nr. 13/1979.“ Málsástæðu þeirri, sem fram kemur í bókun þessari, var mótmælt af hálfu stefnanda sem of seint fram kominni.

Stefnandi mótmælir kröfu stefndu um sameiningu máls þessa við bæjarþingsmál nr. 2185/1990. Sérstakt mál hafi verið höfðað vegna bréfsins, og ekkert sé því til fyrirstöðu, að upp verði kveðinn sérstakur dómur í málinu. Þá er mótmælt sem rangri þeirri fullyrðingu, að stefndi Atli hafi greitt meira en gjaldfallnar afborganir, vísitölu og vexti fram að fjórðu afborgun 15. ágúst 1989.

III.

Mál þetta fullnægir réttarfarsskilyrðum um málsmeðferð samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 3. tl. 207. gr. laganna.

Með vísan til 71. gr. laga nr. 85/1936 ber að hafna kröfu stefndu um sameiningu máls þessa við bæjarþingsmál nr. 2185/1990.

Af hálfu stefndu hafa ekki verið lögð fram í málinu fullnægjandi gögn um það, að greitt hafi verið af skuldabréfi þessu umfram það, sem sóknargögn bera með sér. Sú vörn hans kemst því ekki að í málinu, sbr. 3. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

Þá byggja stefndu og á þeirri málsástæðu, sem bókuð var í þinghaldi 9. október 1990, að þar sem skuldabréfið beri ekki gildandi lánskjaravísitölu á útgáfudegi, sé útgáfa þess andstæð 39. gr. laga nr. 13/1979. Tilvitnað lagaákvæði fjallar um skilyrði þau, sem verðtryggðar fjárskuldbindingar skulu fullnægja, og er þar m. a. kveðið á um það, að miðað sé við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur, eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma. Fjárskuldbinding sú, sem mál þetta snýst um, er bundin lánskjaravísitölu, sem ótvírætt fullnægir framangreindu skilyrði 39. gr. laga nr. 13/1979. Þetta

ákvæði verður ekki skilið svo, að skylt sé að miða við þá grunnvísitölu, sem í gildi er á útgáfudegi skuldabréfs. Ber því að hafna greindri málsástæðu stefndu.

Samkvæmt framansögðu er ekki fallist á kröfur stefndu í máli þessu.

Samkvæmt áritun á framlagt skuldabréf eru eftirstöðvar þess 559.715,02 kr. miðað við gjalddaga 15. febrúar 1989. Í stefnu segir hins vegar, að eftirstöðvar skuldabréfsins á þeim gjalddaga hafi numið 541.712,20 kr., og er kröfugerð stefnanda við það miðuð. Til stuðnings kröfugerð sinni að þessu leyti hefur stefnandi lagt fram greiðsluseðil Búnaðarbanka Íslands, Garðabæ, þar sem eftirstöðvar bréfsins fyrir gjalddaga 15. ágúst 1989 eru tilgreindar sem 541.712,20 kr. Að viðbættri vísitölu og samningsvöxtum frá 15. febrúar til 15. ágúst 1989 nemur stefnufjárhæðin 621.574,10 kr., sem hefur ekki verið andmælt tölulega.

Frumrit skuldabréfs þess, sem hér um ræðir, hefur verið lagt fram í málinu. Stefndi Atli Jósafatsson er útgefandi þess, stefndu Örn Bragason og Páll Júlíusson hafa tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldinni. Samkvæmt ákvæði í bréfinu sjálfu er heimilt að gjaldfella eftirstöðvar þess, ef ekki er staðið í skilum með greiðslur afborgana og vaxta skuldarinnar.

Samkvæmt framansögðu verða dómkröfur stefnanda teknar til greina og með þeim vöxtum, sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Dæma ber stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 195.000,00 kr. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Atli Már Jósafatsson, Örn Bragason og Páll Júlíusson, greiði óskipt stefnanda, Sundaborg hf., 621.574,10 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. ágúst 1989 til greiðsludags og 195.000,00 kr. í málskostnað. Ber málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Dráttarvextir leggjast við tildæmdan málskostnað á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 343/1992. **Stefán Þór Ingason**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Hjálmi hf.
(Hlöðver Kjartansson hdl.)

Skiprúmssamningur. Sjómannalög. Starfslok.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. ágúst 1992 og krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 995.710 krónur með vöxtum frá 8. ágúst 1990 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Hlutafélagaskrár, sem staðfestir, að 1. desember 1992 hafi varnaraðili málsins í héraði, Útgerðarfélag Flateyrar hf., verið sameinað Hjálmi hf., Flateyri. Hefur það félag því tekið við aðild málsins fyrir Hæstarétti.

Hinn 8. maí 1990 var áfrýjanda sagt upp stöðu 1. stýrimanns á togaranum Gylli, ÍS-261. Gegndi hann áfram stöðu sinni á skipinu til 20. júní 1990, er hann fór úr skiprúmi. Samkvæmt 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 er uppsagnarfrestur skiprúmssamnings yfirmanns þrír mánuðir, nema um annað sé samið. Samningstíma áfrýjanda átti því ekki að ljúka fyrr en 7. ágúst 1990. Málsaðila greinir á um ástæður þess, að áfrýjandi vann ekki til loka samningstímans.

Af málsatvikum þykir mega leggja til grundvallar, að það hafi verið ætlan áfrýjanda að fara í land á sama tíma og Páll Halldórsson léti af skipstjórn. Þeir létu báðir af störfum á skipinu að lokinni veiðiferð 20. júní 1990, er Grétar Kristjánsson tók við skipstjórn að nýju. Þykir áfrýjandi ekki hafa sannað, að hann hafi horfið úr skiprúmi vegna frávikningar eða annarra vanefnda af hálfu útgerðarmanns. Samkvæmt því og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en málskostnað og dæma

áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Stefán Þór Ingason, greiði stefnda, Hjálmi hf., 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 26. júní 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þessa mánaðar, er höfðað fyrir aukadómþingi Ísafjarðarsýslu af Stefáni Þór Ingasyni, kt. 110953-4029, Ólafstúni 14, Flateyri, gegn Útgerðarfélagi Flateyrar hf., kt. 500674-0169, Hafnarbakka, Flateyri, með stefnu, út gefinni 21. febrúar 1991. Stefnubirtingarvottorð liggur ekki frammi, en stefndi hefur sótt þing frá upphafi.

Dómkröfur.

I.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt til greiðslu á 750.000,00 krónum með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði]. Loks krefst hann staðfestingar á sjóveðsrétti í bv. Gylli, ÍS-261, skipaskrárnúmer 1451, fyrir ofangreindum kröfum.

Í réttarhaldi 23. júní 1992 leiðrétti stefnandi stefnufjárhæð sína og hækkaði í 995.710,00 krónur, án þess að stefnda hreyfði mótmælum við fjárhæðinni sem slíkri.

Dómkröfur stefnda í aðalsök eru þær, að stefnda verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

Málavextir.

II.

Tildrög þessa máls eru, að stefnandi var ráðinn 1. stýrimaður og afleysingarskipstjóri á bv. Gylli, ÍS-261, með ráðningarsamningi, dagsettum 20. ágúst 1989. Skyldi um ráðningarkjör hans fara eftir lögum og kjarasamningum. Hinn 8. maí 1990 var stefnanda sagt upp störfum vegna breyttra aðstæðna hjá stefnda. Stefnandi vann sem 1. stýrimaður hjá stefnda til 20. júní 1990. Þegar hér er komið sögu, greinir stefnanda og stefnda verulega á um málavexti, en reynt verður að rekja málavexti engu að síður.

Þegar Gyllir kom að landi á Flateyri að morgni 20. júní, gekk stefnandi

frá borði og kom ekki aftur til skips. Stefnandi heldur því fram, að sér hafi verið vikið fyrirvaralaust úr starfi, vegna þess að ráðinn hafi verið annar maður í sinn stað sem 1. stýrimaður. Forráðamenn stefnda halda því fram, að stefnandi hafi ekki komið um borð aftur, þar sem hann hafi lýst yfir því, að hann hafi verið ráðinn 1. stýrimaður af Páli Halldórssyni skipstjóra og ekki viljað fara aftur út með öðrum skipstjóra, Grétari Kristjánssyni, sem var að taka við Gylli á nýjan leik þennan sama dag.

Stefnda heldur því fram, að stefnandi hafi farið með framkvæmdastjóra stefnda á skrifstofu þess síðarnefnda og lýst því yfir, að það hvarflaði ekki að sér að vinna, eftir að Páll væri hættur. Jafnframt hafi hann sagt, að sér fyndist, að útgerðin ætti að greiða sér kaup út uppsagnarfrestinn.

III.

Aðalstefnandi hefur ekki komið fyrir dóm. Aðilaskýrsla hans, óstaðfest, hefur verið lögð fyrir dóminn.

Framkvæmdastjóri stefnda, Einar Oddur Kristjánsson, kom fyrir dóm 23. júní 1992. Hann staðfesti áður fram lagða skýrslu sína fyrir dómi og lýsti yfir, að ráðning áhafnar hefði verið mál skipstjóra hverju sinni að frátöldum ráðningum vélstjóra, sem gerðar voru í samráði við útgerðina. Gert hafi verið ráð fyrir því, að stefnandi myndi vinna sem 1. stýrimaður á Gylli út uppsagnarfrest sinn. En að liðnum uppsagnarfrestinum átti stefnandi að hætta starfi sínu sem 1. stýrimaður. Framkvæmdastjórinn bar fyrir rétti, að ekki hefði verið búið að ráða annan mann í starf 1. stýrimanns, þegar stefnandi hætti. Stefnandi hafi tekið þá ákvörðun að hætta, og jafnframt hafi stefnanda þótt það mjög ósanngjörn krafa, að hann „ynni út sinn uppsagnarfrest".

Framkvæmdastjórinn bar, að gengið hefði verið formlega frá starfslokum Páls Halldórssonar, eftir að hann lét af störfum sem skipstjóri á Gylli. Skipstjóraskiptin hafi verið óháð uppsagnarbréfinu til stefnanda sem og uppgjör vegna starfsloka Páls.

Páll Halldórsson kom fyrir dóm og gaf skýrslu 23. júní sl. og staðfesti áður fram lagða skýrslu sína. Páll kvað þá stefnanda vera systrasyni, og hefði hann gengið frá ráðningu hins síðarnefnda sem 1. stýrimanns á Gylli. Hann lýsti því jafnframt yfir, að hefði hann vitað, að ráðningu sinni lyki 20. júní 1990, hefði stefnandi ekki verið ráðinn í starfið. Hann taldi sig hafa verið ráðinn ótímabundið. Páll bar fyrir dómi, að sér hefði verið sagt upp skipstjórastöðu sinni 20. júní 1990, en sér hefði borist til eyrna fyrr, að þetta stæði til.

Páll kvað skipstjóra hafa boðað áhöfn til brottfarar ýmist við komu í land

eða með símhringingu, ef veiðiferð var ekki ákveðin við landkomu. Hann kvaðst hafa tilkynnt skipshöfninni 20. júní 1990, þegar hann fór frá borði, að nýr skipstjóri myndi boða næstu brottför. Brynjólfur Garðarsson hefði tjáð sér, að hann yrði 1. stýrimaður hjá Grétari Kristjánssyni, er hinn síðarnefndi tæki við skipinu. Páll svaraði aðspurður, hvort hann hefði rætt þetta við stefnanda: „Þetta var ekki mikið rætt."

Ekki kom til greina af hálfu Páls að verða 1. stýrimaður hjá Grétari.

Grétar Kristjánsson, skipstjóri á Gylli frá 20. júní 1990, kom fyrir dóm. Hann kannaðist við að hafa afhent stefnanda uppsagnarbréfið 8. maí 1990. Þá var klárt, að hann tæki við skipinu 20. júní 1990. Hann sagðist hafa sagt stefnanda, að hann gæti verið 1. stýrimaður hjá sér út uppsagnarfrestinn. Þeir hefðu ræðst við í góðu og stefnandi tjáð sér, að hann vildi hætta, strax og Páll hætti, og stefnandi hafi óskað eftir uppsagnarbréfi. Aldrei hafi verið rætt, hvort stefnandi ætti þess kost að verða 2. stýrimaður hjá Grétari.

Grétar kvaðst hafa boðið Brynjólfi Garðarssyni starf 1. stýrimanns frá þeim tíma, er stefnandi myndi hætta. Ákveðið hafi verið í samráði við Einar Odd framkvæmdastjóra að bjóða stefnanda að vinna út uppsagnarfrestinn. Hann hafi ekki verið búinn að ráða Brynjólf, þegar stefnandi fór frá borði. Hann kvaðst hafa boðað skipverja um borð, hvern og einn, en ekki hafa boðað stefnanda, þar sem hann hafi verið búinn að tjá sér, að hann kæmi ekki um borð aftur. Stefnandi hafi ekki verið á heimili sínu umræddan dag. Ekki hafi reynt á það með boðum, hvort stefnandi kæmi aftur um borð til að gegna stöðu 1. stýrimanns.

Einnig kom fyrir dóminn Brynjólfur Jón Garðarsson. Hann kvaðst hafa verið ráðinn stýrimaður á Gylli 20. júní 1990. Þá hafi hann verið í fríi næstu 2 eða 3 túrana á undan. Sér hefði verið kunnugt um, að stefnandi gegndi þessu starfi, og jafnframt, að honum hefði verið sagt upp, en sér hefði verið ókunnugt um, hvenær uppsagnarfresturinn rynni út. Hann kveðst hafa talið, að stefnandi yrði út sinn uppsagnarfrest. Brynjólfur var sérstaklega spurður um fyrirvara að ráðningu sinni. Hann bar, að sér hefði verið boðið starfið með skömmum fyrirvara, er hann var á námskeiði vegna þróunarhjálpar í Namibíu. Hann hafi hætt á miðju námskeiði til að koma vestur í kringum 17. júní 1990. Stefnandi hafi verið hættur, þegar ráðningarsamningur var gerður við sig. Þeir Páll Halldórsson hafi ekki rætt það, að stefnandi ætti kost á starfinu. Umrætt námskeið hafi byrjað 8.–10. júní 1990 og átt að standa í 2 vikur. Ekki hafi verið neinn fyrirvari gagnvart sér um það, hvenær hann skyldi byrja störf sem 1. stýrimaður. Umtalað hafi verið, að hann hæfi störf, um leið og Grétar tæki við skipinu. Grétar hafi tjáð sér, að stefnandi væri hættur. Hann minntist ekki, að stefnandi hefði tjáð sér þetta persónulega.

Við samprófun vitnanna Brynjólfs Garðarssonar og Grétars Kristjánssonar bar þeim saman um það atriði, að Grétar hefði tjáð hinum fyrrnefnda, að stefnandi ætlaði sér að hætta, þegar Grétar tæki við skipinu.

Málsástæður og lagarök.

IV.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að 20. ágúst 1989 hafi stofnast með sér og stefnda löglegur og venjulegur ráðningarsamningur um stöðu 1. stýrimanns á Gylli, ÍS-261. Stefnandi hafi ávallt staðið við sinn hluta samningsins, og því heimili engin atvik stefnda fyrirvaralaust samningsrof. Stefnandi reisir kröfur sínar á sjómannalögum nr. 35/1985, einkum 9., 25. og 27. gr., lögum um greiðslu verkkaups nr. 28/1930 og kjarasamningum Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar. Til stuðnings kröfu um staðfestingu á sjóveði byggir stefnandi á siglingalögum nr. 34/1985, einkum 197. gr. Krafan um málskostnað er studd lögum nr. 85/1936, einkum 177. gr., og krafan um virðisaukaskatt lögum nr. 50/1988, en stefnandi reki ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi og honum því nauðsynlegt að fá dæmdan virðisaukaskatt á málskostnað.

Stefnda vísar til laga nr. 35/1985 og almennra reglna vinnuréttarins um lok ráðningarsamninga, rétt til launa í uppsagnarfresti og fyrirvaralausa brottför skipverja úr skiprúmi.

Varðandi málskostnaðarkröfu sína, vaxtakröfu á málskostnað og virðisaukaskatt vísar stefnda til XII. kafla laga nr. 85/1936, einkum ákvæða 175. gr. og 177. gr., svo og 21. og 22. gr. laga nr. 54/1988 um breytingu á þeim lögum og III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989 um breytingu á þeim lögum.

Stefnda mótmælir því með öllu, að stefnandi hafi „fyrirvaralaust“ verið „látinn hætta sem 1. stýrimaður, vegna þess að búið var að ráða annan mann í stöðuna“. Honum hafi hvorki verið berum orðum sagt upp starfinu fyrirvaralaust 20. júní 1990 né heldur hafi annar maður verið ráðinn í starf hans. Stefnandi hafi tjáð framkvæmdastjóranum, þegar hann kom í land, að hann væri hættur störfum sínum á togaranum. Á þessum tíma hafi ekki annar maður verið ráðinn í starf hans. Samtali stefnanda og framkvæmdastjórans hafi lokið með þeim hætti, að stefnandi hafi verið staðráðinn í að hætta störfum. Þegar fyrir hafi legið, að stefnandi var hættur og genginn af skipinu, var annar maður ráðinn í starf 1. stýrimanns.

Stefnandi hafi hlaupið fyrirvaralaust á brott úr starfi og brugðist þar með starfsskyldum sínum, þar sem uppsagnarfrestur hans var ekki liðinn. Er sýknukrafa stefnda á því reist, að því sé ekki um bótaskyldu af hálfu stefnda að ræða. Málsástæður og lagarök stefnanda eigi því ekki við. Stefn-

andi hafi fengið greidd laun út starfstíma sinn og eigi því ekki rétt á frekari launum, þar sem hann hafi hætt af sjálfsdáðum.

Stefnda telur stefnanda hafa bakað sér bótaskyldu samkvæmt 2. mgr. 60. gr. laga nr. 35/1985 og hefur uppi áskilnað um höfðun máls í samræmi við það.

Niðurstaða.

V.

Í máli þessu er deilt um starfslok stefnanda 20. júní 1990. Stefnandi telur, að um fyrirvaralausa brottvikningu úr starfi hafi verið að ræða, vegna þess að búið hafi verið að ráða annan mann í starf sitt. Stefnda á hinn bóginn telur, að stefnandi hafi hlaupið fyrirvaralaust úr starfi. Sáttatilraunir reyndust árangurslausar.

Kjarasamningur Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar hefur ekki verið lagður fram í málinu. Í málflutningi var ekki á honum byggt, og þykir það því ekki varða frávísun.

Ekki er ágreiningur um lögmæti þess, að stefnanda var sagt upp starfi 8. maí 1990.

Stefnandi kom ekki fyrir dóm til þess að gefa aðilaskýrslu.

Ljóst er, að stefnandi tók allt sitt hafurtask og gekk í land 20. júní 1990. Framkvæmdastjórinn hefur borið hér fyrir dómi, að stefnandi hafi tilkynnt sér strax að morgni, að hann væri hættur og færi í land og kæmi ekki aftur til skips. Grétar Kristjánsson hefur einnig borið fyrir dómi, að stefnandi hafi tjáð sér, að hann myndi ekki starfa með öðrum skipstjóra en Páli Halldórssyni. Páll Halldórsson hætti 20. júní 1990 og tilkynnti skipverjum, að annar skipstjóri færi út með skipið. Samkomulag var um starfslok hans, og honum voru greidd þriggja mánaða laun, enda hafði hann lýst yfir, að hann yrði ekki 1. stýrimaður hjá Grétari. Páll bar, að þeir stefnandi hefðu lítið rætt framtíð stefnanda um borð í Gylli.

Ljóst er af framburði vitna og aðila, að annar maður var ekki ráðinn í starf 1. stýrimanns fyrr en að kvöldi 20. júní 1990.

Ekki verður talið, að stefnanda hafi tekist að færa sönnur á það, að Brynjólfur Jón Garðarsson hafi verið ráðinn 1. stýrimaður fyrr en að kvöldi hins 20. júní. Ljóst virðist, að fært hefur verið í tal milli Brynjólfs og Grétars, að hinn fyrrnefndi tæki við starfi stefnanda, þegar hann hætti. Grétar kveður, að ljóst hafi verið, að stefnandi ætlaði sér ekki að vinna með sér. Grétar bar fyrir dómi, að ráðning Brynjólfs hefði verið háð þeim fyrirvara um uppsagnarfrest stefnanda, að hann ynni ekki út frestinn. Brynjólfur bar, að ráðning sín væri fyrirvaralaus. Við samprófun kom fram, að ljóst hefði legið fyrir, að stefnandi starfaði ekki með Grétari.

Ekki er ágreiningur um, að samtöl stefnanda við Grétar annars vegar og

Einar Odd hins vegar hafi átt sér stað 8. maí og 20. júní 1990. Hinum síðarnefndu ber saman um það, að stefnanda var ætlað að vinna út uppsagnarfrest sinn, sem hann gerði ekki. Telja verður ljóst, að stefnandi hafi ætlað að hætta, þegar hann fór í land að morgni 20. júní, og er yfirlýsing hans þar um gagnvart framkvæmdastjóra, sem staðfest hefur framburð sinn fyrir dómi, því til enn frekari sönnunar.

Stefnandi hefur borið fyrir sig við munnlegan málflutning, að hann hafi ekki verið boðaður um borð að kvöldi 20. júní. Stefnda mótmælti þessari málsástæðu sem of seint fram kominni við munnlegan málflutning.

Grétar Kristjánsson hefur borið fyrir dómi, að sér hafi verið kunnugt um, að stefnandi hafi ekki verið á heimili sínu þennan dag. Samkvæmt 3. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936 ber ekki að taka málsástæðu þessa til greina.

Eins og málsatvikum þykir háttað, verður að telja, að stefnandi hafi ekki hrakið þá fullyrðingu stefnda, að hinn fyrrnefndi hafi fyrirvaralaust farið úr skiprúmi sínu áður en liðinn var uppsagnarfrestur samkvæmt uppsagnarbréfi, dagsettu 8. maí 1990. Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga nr. 35/1985 á stefnandi ekki rétt til launa eftir 20. júní 1990, enda er ekki deilt um, að gert var upp við hann til þess dags.

Ber samkvæmt framansögðu að sýkna stefnda, Útgerðarfélag Flateyrar hf., af öllum kröfum stefnanda.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til þess að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 120.000,00 kr., og beri sú fjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður kvað upp dóm þennan, en hann fékk málið til meðferðar, er hann tók við embætti 15. október 1991.

Dómsorð:

Stefnda, Útgerðarfélag Flateyrar hf., skal sýknað af kröfum stefnanda, Stefáns Þórs Ingasonar.

Stefnandi, Stefán Þór Ingason, greiði Útgerðarfélagi Flateyrar hf. 120.000,00 krónur í málskostnað, og beri sú fjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 53/1991 og nr. 7/1994.

Íslenska umboðssalan hf. og Sameinaðir framleiðendur
(Sveinn Snorrason hrl.)
gegn
Granda hf.
(Valgarð Briem hrl.)
og gagnsök
og
Íslenska umboðssalan hf.
(Sveinn Snorrason hrl.)
gegn
Granda hf.
(Valgarð Briem hrl.)

Umsýsluviðskipti. Löghald. Ómerking. Aðfinnslur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1991. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1991. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjendur greiði sér in solidum 10.665.846 krónur ásamt dráttarvöxtum af 12.464.676 krónum frá 15. desember 1986 til 15. janúar 1991, en af 10.665.846 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjendur greiði sér 3.450.130 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði héraðsdóms af 5.248.960 krónum frá 15. desember 1986 til 15. janúar 1991, en af 3.450.130 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi Íslenska umboðssalan hf. hefur með stefnu 7. janúar 1994 skotið til Hæstaréttar héraðsdómi frá 4. janúar sl. í málinu nr. 7/1994, en með þeim dómi var staðfest löghald, sem gagn-

áfrýjandi lét gera í eignum þessa aðaláfrýjanda 26. júní 1992. Krefst aðaláfrýjandi þess, að löghaldsgerðin verði felld úr gildi, en gagnáfrýjandi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Samkvæmt 3. mgr. 36. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl. og með hliðsjón af 166. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994, ber að sameina þetta mál því, er hér er fyrir. Þar sem það hefur ekki áður verið framkvæmt, er það gert með þessum dómi.

Frekari yfirheyrslur hafa farið fram eftir uppsögu héraðsdóms.

Viðskiptum aðila er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Fallast ber á það með héraðsdómara, að viðskipti þessi hafi verið umsýsluviðskipti, sem felast í því, að umsýslumaður gerir samning við kaupanda vöru í eigin nafni, enda þótt umsýsluveitandi sé raunverulegur seljandi hennar. Réttarstaða umsýslumanns og umsýsluveitanda sín í milli fer samkvæmt umsýslusamningnum og þeim venjum, sem gilda um sambærileg viðskipti. Samningar aðila voru munnlegir, og nýtur ekki annarra skriflegra gagna um efni umsýslusamningsins en staðfestingar Íslensku umboðssölunnar hf. frá 4. júní 1986 á því, er samdist með starfsmanni hennar og fjármálastjóra gagnáfrýjanda um afskipun á hertum hausum. Staðfesting þessi er gerð í nafni Íslensku umboðssölunnar hf., enda þótt málflutningur aðaláfrýjenda verði ekki öðruvísi skilinn en svo, að Sameinaðir framleiðendur viðurkenni, að þessi útflutningur hafi verið á þeirra vegum, og starfsmaðurinn haldi því fram, að staðfesting í nafni Íslensku umboðssölunnar hf. hafi gerst fyrir mistök. Gagnáfrýjandi, Grandi hf., er ekki aðili að félagi Sameinaðra framleiðenda, og er ósannað, að starfsmönnum fyrirtækisins hafi verið kunnugt um eða mátt vera ljóst, að útflutningur þessi hafi ekki verið á vegum Íslensku umboðssölunnar hf. Í staðfestingu þessari er gagnáfrýjanda heitið bankaábyrgð í Sviss. Af hálfu gagnáfrýjanda hefur því staðfastlega verið haldið fram, að útflutningur hefði ekki verið leyfður án slíkrar bankatryggingar. Verður að telja, að aðaláfrýjendur beri áhættu af því, að hún brást, og fallast verður á það með héraðsdómi, að þeir hafi ekki sannað, að gagnáfrýjanda hafi verið tilkynnt um það fyrir útskipun. Annað er ekki fram komið en greiðsla hefði verið tryggð, ef bankaábyrgð fengist í Sviss. Fjármálastjóri gagnáfrýjanda hélt því fram fyrir dómi, að fyrirsvarsmenn Granda hf. hefðu allan tímann

staðið í þeirri trú, að bankaábyrgð væri fyrir hendi, bæði að því er varðaði hertu hausana og skreiðina, sem síðar var útskipað, en gat ekki fullyrt, frá hvaða aðila þær ábyrgðir hefðu átt að vera. Gagnáfrýjandi hafði ekki staðfestingu fyrir bankaábyrgð frá Sviss nema að því, er varðar hertu hausana. Bankaábyrgð í Nígeríu varðandi skreiðina varð ekki treyst, svo sem fram kemur í skeyti Landsbanka Íslands til gagnáfrýjanda 25. ágúst 1986. Í sóknargögnum gagnáfrýjanda í héraði er því haldið fram, að þeir hafi ætíð verið að reyna að fá vöruna greidda, þótt þolinmæði þeirra hafi ekki verið á þrotum, fyrr en komið var fram á árið 1988. Þá er ósannað gegn mótmælum gagnáfrýjanda, að fyrirsvarsmenn Granda hf. hafi verið látnir fylgjast með aðgerðum aðaláfrýjanda við sölu vörunnar í Nígeríu og þeim erfiðleikum, sem þar urðu við afhendingu hennar. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn í málinu nr. 53/1991 með skírskotun til forsendna hans með þeim breytingum, sem leiðir af inngreiðslum og breyttri kröfugerð hér fyrir dómi. Rétt er þó, að vextir reiknist aðeins frá þingfestingu málsins í héraði 10. janúar 1989, þar sem ekki nýtur kröfugerðar af hálfu gagnáfrýjanda fyrir þann tíma.

Héraðsdómari sá, sem dæmdi í máli nr. 7/1994 um staðfestingu löghalds þess, er gagnáfrýjandi fékk lagt á eignir aðaláfrýjanda Íslensku umboðssölunnar hf. 26. júní 1992, féllst á niðurstöðu fógeta um framkvæmd gerðarinnar, án þess að trygging hefði verið sett fyrir gerðinni. Niðurstaða þessi er lítt eða ekkert rökstudd. Þá hefur dómarinn talið rétt að fjalla ekkert um málsástæðu varðandi áhrif þess á löghaldið, að aðaláfrýjendur höfðu greitt inn á dómkröfuna, en það bar honum skýlaust að gera. Ber af þessum ástæðum að ómerkja dóm hans og meðferð málsins frá og með aðalmeðferð 24. nóvember 1993. Það athugast, að dómaranum var rétt, sbr. 4. mgr. 36. gr. laga nr. 31/1990, að fresta meðferð staðfestingarmálsins, þar til dómur yrði kveðinn upp í Hæstarétti í málinu nr. 53/1991. Enn fremur er það athugavert, hversu langur tími leið frá aðalflutningi og þar til dómur var upp kveðinn.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Dómur héraðsdóms í málinu nr. 7/1994 um staðfestingu lögbalds þess, er gert var í eignum aðaláfrýjanda Íslensku umboðssölunnar hf. 26. júní 1992, og meðferð málsins skulu vera ómerk frá og með aðalmeðferð 24. nóvember 1993.

Aðaláfrýjendur, Íslenska umboðssalan hf. og Sameinaðir framleiðendur, greiði gagnáfrýjanda, Granda hf., 3.450.130 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 5.248.960 krónum frá 10. janúar 1989 til 15. janúar 1991, en af 3.450.130 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i
Hjartar Torfasonar

Ég er samþykkur forsendum og niðurstöðu annarra dómenda, að því er varðar kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjandanum Sameinuðum framleiðendum í máli nr. 53/1991. Tel ég hann eiga að greiða gagnáfrýjanda bætur og málskostnað, eftir því sem þar segir.

Aðaláfrýjandinn Íslenska umboðssalan hf. annaðist framkvæmd útflutningsviðskipta á vegum Sameinaðra framleiðenda, eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi í máli nr. 53/1991, jafnhliða viðskiptum á eigin vegum. Þurfti undirritun hlutafélagsins á símbréfi til gagnáfrýjanda 4. júní 1986 varðandi sölu hertra þorskhausa ekki að tákna annað en það, að félagið væri að gegna venjulegu hlutverki sínu fyrir samtökin. Aðaláfrýjendur fullyrða báðir, að umsýslusala á skreið til Nígeríu hafi ávallt farið fram á vegum samtakanna, eftir að samstarf þetta komst á, og svo hafi einnig verið í þetta sinn. Er og á þessu byggt í hinum áfrýjaða dómi. Þótt gagnáfrýjandi stæði utan samtakanna, mátti honum vera kunnugt um þessa tilhögun vegna eigin umsvifa og starfsemi fyrirrennara sinna. Hann hefur ekki gert líklegt, að það hafi skipt meginmáli við ákvörðun hans um viðskiptin, hvor aðaláfrýjenda væri umsýsluaðilinn. Þvert á móti liggur fyrir, að hann lét meðal annars merkja vöruna samtökunum

og hreyfði ekki athugasemdum, þegar uppgjörsgögn bárust í nafni þeirra. Sömuleiðis er fram komið, að samtökin seldu fyrir hann skreið í allmörg skipti eftir það, sem hér gerðist, og hann hafði átt hluta af farmi, sem fór úr landi á vegum þeirra í febrúar 1986. Loks hefur gagnáfrýjandi ekki sýnt fram á, að ábyrgð gagnvart honum af hálfu hlutafélagsins verði sjálfstætt á því byggð, hvernig það stóð að viðskiptunum fyrir hönd samtakanna. Að þessu athuguðu er það niðurstaða mín, að sýkna beri aðaláfrýjandann Íslensku umboðssöluna hf. af öllum kröfum gagnáfrýjanda, Granda hf., í máli nr. 53/1991. Af því leiðir, að hrinda ber dómi héraðsdóms í máli nr. 7/1994 og fella úr gildi löghald það, sem gert var 26. júní 1994 í eignum þessa aðaláfrýjanda. Rétt er, að málskostnaður milli þessara aðila falli niður í báðum málum í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. janúar 1991.

Mál þetta, sem var dómtekið 10. þ. m., hefur Grandi hf., Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 12. desember 1989, á hendur Íslensku umboðssölunni hf., Reykjavík, til greiðslu að óskiptu á 12.906.621,00 kr. eða annarri lægri fjárhæð auk vaxta og kostnaðar. Á hendur Sameinuðum framleiðendum, Reykjavík, er málið höfðað með sakaukastefnu, birtri 20. júní 1989.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum aðallega til greiðslu 12.464.676,00 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar], til vara til greiðslu lægri fjárhæðar að mati réttarins auk vaxta af þeirri fjárhæð, eins og að framan greinir, og málskostnaðar.

Af hálfu hinna stefndu er krafist sýknu og málskostnaðar. Sakaukastefndi krefst þess til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu, en að málskostnaður verði látinn falla niður.

Hinn 20. júní 1986 var lestaður í ms. Selmar Enterprise 5101 pk. af hertum þorskhausum fyrir Nígeríumarkað, sem stefnandi hafði framleitt, og 21. júlí og 11. ágúst sama ár var lestaður 1481 pk. af Nígeríuskreið í ms. Horsham, sömuleiðis framleiðsla stefnanda. Hvort tveggja var flutt til Nígeríu á vegum stefndu Sameinaðra framleiðenda 30. júní og 15. ágúst 1986 og selt þar. Fyrir hausana átti stefnandi að fá 5.248.960,00 kr., en fyrir skreiðina 7.646.275,00 kr. Einungis hafa skilað sér 441.945,00 kr. upp í skreiðina, 222.345,00 kr. 1. júlí 1988 og 219.600,00 kr. 22. ágúst 1988, en stefnandi krefur stefndu um greiðslu mismunarins.

Hinn 4. júní 1986 átti fjármálastjóri stefnanda viðræður í síma við starfsmann stefnda Íslensku umboðssölunnar hf. um afskipun á hertum hausum.

Til staðfestingar því, sem þá var sagt, barst honum síðar sama dag símbréf Íslensku umboðssölunnar, undirritað af sama starfsmanni, þar sem fram kemur, að söluverð sé 40 bandaríkjadalir á balla, skilaverð um 33,00 kr. – 35,00 kr. á kg, greiðslufrestur 120 dagar frá brottför skips og greiðslutrygging óafturkallanleg ábyrgð banka í Sviss. Boðist er til að taka í afskipunina allar birgðir stefnanda, en óskað staðfestingar á magni næsta morgun. Hinn 25. júlí staðfesti sami starfsmaður í óundirrituðu símbréfi, að áætlað skilaverð fyrir skreið, út flutta með ms. Horsham í júlí, væri 80,00 kr. – 85,00 kr. á kg. Ekki er minnst á bankaábyrgð.

Stefnandi heldur því fram aðallega, að hann hafi selt stefndu hausana og skreiðina og að aðild þeirra að kaupunum sé með þeim hætti, að þeir beri ábyrgð, annar fyrir báða og báðir fyrir annan, á greiðslu kaupverðsins. Til vara heldur stefnandi því fram, að skipti aðila hafi verið umsýsluviðskipti, en að stefndu beri eigi að síður ábyrgð á greiðslu kaupverðs sökum þess, að heitið hafi verið fullkominni bankaábyrgð, en að hann hafi verið fenginn til þess með svikum að láta vöruna af hendi, þótt ábyrgð væri ekki fyrir hendi; bankatrygging hefði haft það í för með sér, að andvirði vörunnar hefði fengist greitt gegn framvísun farmskírteinis í banka.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að Sameinaðir framleiðendur hafi tekið fiskinn í umboðssölu, það er, að um umsýsluviðskipti hafi verið að ræða, bankaábyrgð hafi brugðist og að stefnanda hafi verið um það kunnugt, þegar hann lét vörurnar af hendi; fyrirtækið hafi gegnt öllum skyldum sínum samkvæmt samningnum, en greiðsludráttur stafi af ástæðum, er varði kaupendur, og ástæðum í viðtökulandinu, þar sem andvirði greiddrar vöru hafi verið fastsett. Á þessum drætti beri samtökin sem umsýslumaður ekki ábyrgð. Stefndu eru sammála um, að Íslenska umboðssalan hf. sé ekki réttur aðili þessa máls.

Fram hefur komið, að stefndu hafa sameiginlega skrifstofu, framkvæmdastjóra og símnefni. Framkvæmdastjórinn er aðalhluthafi hlutafélagsins. Samkvæmt munnlegri aðilaskýrslu af hálfu samtakanna er framkvæmdastjóranum frjálst að nota starfslið og starfsaðstöðu hlutafélagsins við framkvæmd starfsskyldna sinna, en samkvæmt skriflegum gögnum, sem stafa frá hlutafélaginu, annast það útflutning á vegum samtakanna fyrir ákveðna þóknun. Báðir flytja stefndu út fisk í umboðssölu. Hlutafélagið flytur þó ekki fisk til Nígeríu.

Nálega mun óþekkt, að íslenskir útflytjendur taki skreið til útflutnings öðruvísi en í umboðssölu (umsýslusölu). Stefnandi er mjög umsvifamikill fiskframleiðandi, og forráðamenn hans geta ekki borið fyrir sig vanþekkingu á þessum viðskiptaháttum. Firmaheiti hins stefnda hlutafélags gefur

þessa viðskiptahætti til kynna, og verðákvörðun í símbréfunum ber hið sama með sér. Fallast verður á það með stefndu samkvæmt almennum reglum um umsýsluviðskipti, að þeir beri ekki ábyrgð á vanefndum kaupenda eða áhættu af hindrunum, sem yfirvöld í viðtökulandinu kunna að setja í veg fyrir skil á innheimtu kaupverði. Því er raunar ekki haldið fram, að umsýsluaðilinn hafi vanrækt skyldur sínar við að koma fiskinum í verð eða innheimta andvirðið.

Hins vegar verður að líta svo á, að stefnanda hafi verið heitið öruggri bankaábyrgð á greiðslu fyrir hausana. Þótt magn hefði ekki þá þegar verið ákveðið til fullnustu, verður að álíta, að samkomulag um umsýsluviðskiptin hafi tekist 4. júní 1986. Stefndu kveða hafa legið fyrir 4. júní tilboð um kaup á hausum með bankaábyrgð, en komið í ljós 14. júní, að kaupandi og ábyrgð brugðust. Gegn andmælum stefnanda verður ekki talið sannað, að honum hafi verið tilkynnt eða að hann hafi vitað um, að bankaábyrgðin hefði brugðist, fyrr en of seint var að hætta við viðskiptin. Telja verður, eins og á stóð, að það hafi verið skylda umsýsluhafans að tilkynna stefnanda þegar í stað um, að svo veigamikil ástæða fyrir viðskiptunum hefði brugðist, svo að stefnandi gæti endurskoðað ákvörðun sína í nýju ljósi. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verður að leggja til grundvallar, að stefnanda hafi engin tilkynning borist um, að ábyrgðin hefði brugðist. Það var á ábyrgð umsýslumannsins, að þær upplýsingar kæmust til stefnanda. Leiðir þá af því, að ekki tókst að koma þeim skilaboðum til umsýsluveitandans, að umsýslumaðurinn ber bótaábyrgð á því tjóni, sem umsýsluveitandinn hefur orðið fyrir af þessum sökum.

Hins vegar verður að telja með hliðsjón af því, sem alkunnugt var á þessum tíma um ástandið í Nígeríu, að stefnandi hafi ekki getað treyst því, að bankaábyrgð væri fyrir hendi til tryggingar greiðslu skreiðarinnar, og ekki þykir sannað, að stefndu hafi gefið fyrirheit um, að svo væri. Af ofangreindum ástæðum og vegna birgðasöfnunar hér á landi var ekki óeðlilegt, að skreiðarframleiðendur freistuðu þess að losa sig við skreið til Nígeríu, þótt greiðsla fyrir hana væri óviss, þar sem hagur gat verið að því að rýmka um geymslurými og engan veginn örvænt um, að hagnaður yrði af viðskiptunum.

Stefndu telja, að mistök hafi ráðið því, að fyrra símbréfið var sent í nafni hlutafélagsins, og benda á, að í síðara bréfinu sé telexnúmer Sameinaðra framleiðenda, sem eru samtök skreiðarframleiðenda. Aðilar eru raunar sammála um, að síðara símbréfið stafi frá samtökunum. Félagsmenn þeirra bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins með inneign sinni í félagssjóði. Stefnandi er ekki félagi í samtökunum. Hlutafélagið var skráð útflytjandi

samkvæmt útflutningsleyfum. Á það þykir verða að fallast með stefnanda, að honum hafi ekki mátt vera ljóst, að mistök réðu því, að símbréfið var ritað í nafni hlutafélagsins, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að viðsemjandi hans hafi gert ljóst, að hann semdi í umboði samtakanna. Stefnandi þykir því eiga kröfu á hlutafélagið um bætur vegna þess tjóns, sem leiddi af því, að hann fékk ekki upplýsingar í tæka tíð um það, að bankaábyrgð hefði brugðist. Eins og tengslum stefndu er háttað og einkum afstöðu þeirra í málinu og þar sem telja verður, að samtökin hafi raunverulega annast útflutninginn, þykir verða að fallast á kröfu stefnanda á hendur báðum stefndu, að því er varðar hausaviðskiptin. Hefði bankaábyrgð ekki brugðist, verður að miða við, að stefnandi hefði fengið greiðslu andvirðis hausanna með skilum innan 120 daga frá brottför skips, en óvissa er um, hvort eða hvenær andvirði hausanna eða hluti þess kemst til skila. Tjón stefnanda samsvarar því skilaverðinu.

Um skil á andvirði skreiðarinnar er einnig allt í óvissu. Jafnóðum og greiðsla berst upp í skuldina, verður umsýsluaðilinn skuldbundinn til að gera skil við umsýsluveitandann, en svo mikil óvissa er um, hvort allt andvirðið kemur nokkurn tíma til skila, að ekki þykja skilyrði til að dæma sýknu að svo stöddu. Þykir því bera að alsýkna stefndu af kröfum vegna skreiðarviðskiptanna.

Samkvæmt þessum ályktunum þykir bera að dæma stefndu til að greiða stefnanda að óskiptu 5.248.960,00 kr. auk vaxta, eins og að framan og í dómsorði greinir, og málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 560.000,00 kr. auk dráttarvaxta, ef til kemur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Íslenska umboðssalan hf. og Sameinaðir framleiðendur, greiði stefnanda, Granda hf., 5.248.960,00 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta] auk málskostnaðar, að fjárhæð 560.000,00 kr. [...].

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. janúar 1994.

Mál þetta var höfðað með stefnu, dagsettri 1. júlí 1992. Stefnandi er Grandi hf., kt. 541185-0839, Norðurgarði 1, Reykjavík. Stefnt er Íslensku umboðssölunni hf., kt. 600970-0469, Seljavegi 2, Reykjavík. Málið var dómtekið 24. nóvember sl. Lögmenn aðila lýstu yfir því, að endurflutningur væri óþarfur, en dómsuppkvaðning hefur tafist vegna jólahalds.

Í stefnu eru gerðar þær kröfur, að staðfest verði með dómi löghaldsgerð í

eignarhluta stefnda í Seljavegi 2, Reykjavík, og eignarhluta stefnda í Eyjarslóð 9, Reykjavík, sem lögð var á í fógetarétti Reykjavíkur 26. júní 1992, til tryggingar dómskuld, að fjárhæð 5.248.960 kr., auk dráttarvaxta frá 15. desember 1986 til greiðsludags og málskostnaðar, að fjárhæð 560.000 kr., sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. janúar 1991, auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og nauðungarsölu, ef til kemur.

Við aðalmeðferð málsins orðaði stefnandi kröfur sínar svo:

„1. Aðallega, að máli þessu verði frestað, þar til dómur gengur í Hæstarétti í máli Íslensku umboðssölunnar hf. og gagnsök.

2. Varakrafa, að löghaldsgerð fógetaréttar Reykjavíkur frá 26. júní 1992 í málinu . . . verði staðfest.

3. Önnur varakrafa, að löghaldsgerðin verði staðfest fyrir þeim fjárhæðum, sem þar greinir, að frádregnum 1.798.830,00 kr.

4. Þriðja varakrafa, að löghaldsgerðin verði staðfest með þeirri breytingu, að löghaldsgerðin nái til höfuðstóls, 5.248.960,00 kr., að frádregnum 1.798.830,00 kr., alls 3.450.130,00 kr., auk vaxta af 5.248.960,00 kr. frá 15. des. 1986 til 11. febr. 1991, en af 3.450.130,00 kr. frá þeim degi til greiðsludags auk alls kostnaðar, sem í gerðinni greinir."

Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst þess, að löghaldsgerðin verði felld úr gildi og hann að öðru leyti sýknaður af kröfum stefnanda. Þá krefst hann þess, að stefnandi og lögmaður hans, Valgarð Briem hrl., verði dæmdir til greiðslu réttarfarssektar. Loks krefst stefndi ríflegs málskostnaðar.

I.

Hinn 15. janúar 1991 var á bæjarþingi Reykjavíkur kveðinn upp dómur í málinu nr. 15019/1989: Grandi hf. gegn Íslensku umboðssölunni hf. og Sameinuðum framleiðendum. Með dómi þeim var stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 5.248.960 krónur auk tiltekinna vaxta og 560.000 kr. í málskostnað, er skyldu bera dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu. Dómi þessum var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu, út gefinni 31. janúar 1991.

Hinn 9. janúar 1992 óskaði stefnandi þess við borgarfógetaembættið í Reykjavík, að löggeymsla yrði lögð á eignir stefnda, en með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur 27. janúar 1992 var beiðni þessari hafnað. Þá krafðist stefnandi kyrrsetningar með beiðni, dagsettri 18. maí 1992. Framgangi gerðarinnar var mótmælt, og gekk úrskurður í málinu 22. júní 1992, þar sem ákveðið var, að gerðin skyldi fara fram. Hinn 26. sama mánaðar var síðan lagt löghald á eignarhluta stefnda í fasteignunum Seljavegi 2 og Eyjarslóð 9 í Reykjavík. Staðfestingar þeirrar gerðar er krafist í máli þessu.

II.

Kröfum sínum til stuðnings vísar stefnandi til 6. gr. og 1. og 4. mgr. 20. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann. Telur hann, að um staðfestingarmál þetta fari eftir ákvæðum hinna eldri laga í samræmi við 51. gr. laga nr. 31/1990, er tekið hafi gildi 1. júlí 1992, eftir að gerðinni var lokið. Telur hann, að skilyrðum laga nr. 18/1949, til að gerðin færi fram, hafi verið fullnægt. Þá hafi krafa hans verið dæmd, en ekki sé unnt að leita lúkningar hennar, þar sem dóminum hafi verið áfrýjað.

III.

Stefndi hefur í greinargerð sinni haldið því fram, að ekki hafi verið skilyrði til að leggja löghald á eignir hans, svo sem gert var, einu ári eftir uppkvaðningu héraðsdóms í máli aðila. Hér skyldi beitt löggeymslu, en að fullnægðum þeim skilyrðum, er lög settu. Önnur úrræði hafi ekki komið til greina.

Þá hefur stefndi vísað til þeirra raka og málsástæðna, er settar voru fram af hans hálfu, er hann kærði löghaldsgerðina til Hæstaréttar.

Þar segir m.a.: „Hinn kærði úrskurður gengur þvert á ákvæði 6. gr. laga nr. 18/1949, dómvenju og skoðanir fræðimanna. Krafan á hendur umbj. m. er hvorki viðurkennd af honum né lögvarin, þar sem dómi um hana hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar, einnig af gerðarbeiðanda.

Gegn tryggingu af hálfu gerðarbeiðanda mátti gera löghald, áður en dómur gekk í héraði og aðfararfrestur var liðinn, ef ástæða var til að óttast undanskot, eyðslu eða spjöll á fjármunum af hálfu skuldunauts eða hagir hans og framferði hans muni torvelda fullnustu kröfu.

Heimild 6. gr. er því bundin öllum framangreindum skilyrðum, og beitingu hennar eru sett þau tímamörk, að aðfararhæfur dómur hafi ekki gengið um kröfuna eða þeim dómi verið áfrýjað. Í safni Hæstaréttardóma hefur mér ekki tekist að finna dæmi þess, að á annan veg hafi verið farið.

Kyrrsetningarbeiðnin er fram borin af gerðarbeiðanda, sem sjálfur hefur, auk annarra aðila málsins, áfrýjað málinu, tæplega einu og hálfu ári eftir að þau tímamörk voru liðin, að beita mátti kyrrsetningarúrræðinu."

Síðar segir: „Framangreind meginregla um tímamörk þau, er kyrrsetningu verður beitt, en löggeymsluúrræðið tekur við, er raunar staðfest með hinum nýju réttarfarsákvæðum, er gildi taka á morgun, sbr. ákvæði 3. og 4. tl. 3. mgr. 16. gr., en einkum 23. gr. l. nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl., þar sem þó er mjög slakað á þeim skilyrðum, er gildandi lög geyma. Því er hins vegar haldið fram af hálfu gerðarþola, að hæpið sé, að löggeymsluúrræði nýrra réttarfarslaga verði, eins og á stendur, beitt um þann dóm, sem nú bíður afgreiðslu Hæstaréttar, nema ákvæði nýrra réttarfars-

laga giltu um málið í heild, en það leiddi óhjákvæmilega til ómerkingar aðalmálsins, svo sem síðar verður nánar skýrt."

Þá er í greinargerð með kærunni að finna útlistun á því, að gerðin hafi ekki mátt fara fram án tryggingar úr hendi gerðarbeiðanda, og byggt á því, að skýring fógeta á 12. gr. laga nr. 18/1949 sé ekki rétt.

Í greinargerð í þessu máli er að lokum byggt á því, að löghald hafi verið lagt á tvær mjög verðmiklar eignir, sem hvor um sig hefði gert mun meira en tryggja alla kröfuna.

Kröfu um réttarfarssektir á hendur stefnanda og lögmanni hans, Valgarð Briem hrl., reisir stefndi á 188. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 135. gr. laga nr. 91/1991. Telur hann, að í kröfugerð stefnanda við kyrrsetningargerðina felist ærumeiðandi aðdróttanir og fullyrðingar um málsatvik, er sett séu fram gegn betri vitund.

IV.

Hina svonefndu kröfugerð stefnanda við aðalmeðferð málsins, að meðferð málsins yrði frestað, er ekki unnt að skilja sem annað en kröfu um tiltekna málsmeðferð, en ekki sem efnislega kröfu um niðurstöðu málsins.

Með hliðsjón af 4. mgr. 36. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl., sbr. 20. gr. laga nr. 18/1949, þótti dómara máls þessa rétt að ljúka efnislegri meðferð þess.

Ekki verður á það fallist með stefnda, að kyrrsetning hafi ekki verið heimil til tryggingar kröfu stefnanda, þótt hún hefði verið viðurkennd með áfrýjuðum héraðsdómi. Þvert á móti verður talið, að skýr heimild til gerðarinnar hafi verið í 6. gr. laga nr. 18/1949. Ekki verður hér úr því leyst, hvort löggeymsla hafi verið heimil, eins og á stóð, en það þykir ekki varða neinu um heimild til kyrrsetningar.

Fógeti mat aðstæður svo, að heimilt væri að framkvæma gerðina án tryggingar. Þykir ekki ástæða til að hnekkja því mati, enda ekki sýnt, að önnur niðurstaða leiddi til þess, að synja bæri um staðfestingu gerðarinnar.

Stefndi hefur ekki stutt með haldbærum gögnum fullyrðingar sínar um, að nægilegt hefði verið að kyrrsetja aðra þeirra fasteigna, er kyrrsettar voru.

Stefndi hefur haldið því fram, að greiðst hafi upp í þær kröfur, er stefnandi fékk dæmdar með áðurgreindum dómi bæjarþings Reykjavíkur. Eins og hér stendur á, þykir ekki rétt að fjalla um þann þátt málsins, enda hefur dómstóll hliðsettur Héraðsdómi Reykjavíkur dæmt um fjárkröfur stefnanda á hendur stefnda. Bíður þessi þáttur nú dóms Hæstaréttar í máli aðila.

Ekki er tilefni til að beita stefnanda eða lögmann hans réttarfarssektum.

Samkvæmt öllu framansögðu ber að staðfesta kyrrsetningargerðina, svo

sem hún var gerð. Rétt er, að stefndi greiði stefnanda 100.000 krónur í málskostnað.

Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan, en hann fékk málið til meðferðar 18. október 1993.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð er staðfest.

Stefndi, Íslenska umboðssalan hf., greiði stefnanda, Granda hf., 100.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 150/1994. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Ágústi Þór Bárðarsyni
(Jón Oddsson hrl.)

Líkamsárás. Skilorð. Áfrýjunarstefna. Skaðabótakröfu vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði óskaði áfrýjunar málsins, og var því af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 24. mars 1994 til þyngingar refsingu, en staðfestingar á ákvæðum um greiðslu skaðabóta.

Ákærði krefst vægustu refsingar, sem lög leyfa, og skilorðsbindingar hennar. Þá krefst ákærði þess, að skaðabótakröfum verði vísað frá dómi, en ella lækkaðar að miklum mun.

I.

Áfrýjunarstefna í málinu er óskýr um það, í hverju skyni áfrýjað er. Samkvæmt 1. mgr. 155. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, áður en efni hennar var breytt með lögum nr. 37/1994, skyldi í áfrýjunarstefnu koma fram, „hvort máli sé áfrýjað í heild sinni eða einvörðungu um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga". Eftir breytingu á lögunum skal greina í áfrýjunarstefnu „nákvæmlega, í hverju skyni það sé gert", sbr. 13. gr. laga nr. 37/1994. Ljóst er, að ríkar kröfur eru gerðar til ákæruvalds um skýrleika í áfrýjunarstefnu, enda varðar hann miklu með tilliti til málsmeðferðar í Hæstarétti. Ef á brestur í þessu efni í áfrýjunaryfirlýsingu dómþola, ber ákæruvaldinu að ganga úr skugga um vilja hans, svo að enginn vafi leiki á. Eins og hér háttar til, verður að meta áfrýjun málsins með hliðsjón af kröfugerð ákærða og málflutningi verjanda hans hér fyrir dómi.

Við aðalmeðferð málsins í héraði jók ákæruvaldið við ákæru samkvæmt bókun í þingbók „þeirri dómkröfu, að ákærða verði gerð

refsing skv. 218. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940". Þessi tilvísun felur ekki í sér sjálfstæða kröfugerð umfram heimfærslu til refsiákvæðis í ákæru, en dómstólar eiga sjálfkrafa mat um skilyrði ákvæðisins við refsiákvörðun.

II.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Ákærði kom aðvífandi, þar sem árásarþoli átti í orðaskaki við nokkra menn, og verða ekki séð þau tengsl milli árásarinnar og framkomu árásarþola gagnvart ákærða eða öðrum, er gátu réttlætt atlögu ákærða. Hún var hrottafengin og háskaleg vegna þeirrar glerkönnu, er ákærði sló með, og hlutust af henni stórfelld líkamslemstur. Brot ákærða er því réttilega fært undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Með hliðsjón af framansögðu og þeim sjónarmiðum, sem taka ber tillit til við ákvörðun refsingar og lýst er í héraðsdómi, þykir rétt að þyngja refsingu ákærða frá því, sem þar er ákveðið, sbr. 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í níu mánuði. Er þá ekki litið til 218. gr. a. almennra hegningarlaga vegna fyrra brots ákærða gegn 217. gr. laganna, sem var smávægilegt.

Með tilliti til ungs aldurs ákærða og aðstæðna hans að öðru leyti þykir mega fresta fullnustu sex mánaða af refsingunni og láta hana falla niður að liðnum þremur árum, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

III.

Tjónþoli hefur lagt fram skaðabótakröfu á hendur ákærða. Hennar var ekki getið í ákæru samkvæmt 2. mgr. 116. gr. laga nr. 19/1991, en með samþykki verjanda ákærða heimilaði héraðsdómari framlagningu hennar skömmu fyrir aðalmeðferð, sbr. 171. gr. laganna.

Í bréfi lögmanns tjónþola til héraðsdómara 20. janúar 1994, þar sem bótakrafan er sett fram, er vísað til örorkumats Sigurðar Thorlacius læknis, er mat varanlega örorku tjónþola vegna blindu á vinstra auga 25%. Lögmaðurinn segir í bréfi sínu: „Afleiðing þessa er sú, að Egill missir réttinn til þess að stunda starf sitt sem stýrimaður í framtíðinni vegna ákvæða reglugerðar um sjón yfirmanna skipa. Tímans vegna verður hins vegar að notast við læknisfræðilega

örorku, en ljóst er, að fjárhagsörorka Egils er miklu meiri, og kann því að koma til þess, að í einkamáli verði hann að sækja mismun á læknisfræðilegri örorku og fjárhagslegri örorku í samræmi við ný skaðabótalög."

Í örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings 17. janúar 1994, sem bótakrafan er reist á, er gerð grein fyrir því, hvernig ætlað örorkutjón tjónþola er reiknað út á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993. Þar kemur meðal annars fram, að mat fjárhagslegrar örorku liggi ekki fyrir, en til bráðabirgða sé gengið út frá því, að hún sé hin sama og læknisfræðileg örorka.

Verjandi ákærða krefst frávísunar bótakröfu með þeim rökum, að tjón hafi ekki verið kannað til hlítar, þegar örorkumat fór fram, og líkur séu til þess, að fjárhagsleg örorka tjónþola verði metin mun minni en læknisfræðileg örorka.

Samkvæmt framansögðu er ágreiningur í málinu um grundvöll og útreikning örorkutjóns. Viðurkennt er, að ákveðnir óvissuþættir hafi áhrif á niðurstöðu útreiknings, en um þá hefur ekki verið fjallað að gagni í málinu. Þykja forsendur bótakröfunnar ekki nægjanlega ljósar til þess, að dómur verði lagður á hana í þessu refsimáli. Ber því að vísa henni frá héraðsdómi.

IV.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms verður staðfest. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Ágúst Þór Bárðarson, skal sæta fangelsi í níu mánuði. Fresta skal fullnustu sex mánaða af refsingunni og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu þessa dóms, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Skaðabótakröfu Egils Örlygssonar er vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 28. febrúar 1994.

I.

Ár 1994, mánudaginn 28. febrúar, er á dómþingi í héraðsdómi Reykjaness, sem haldið er á reglulegum þingstað í Hafnarfirði af Má Péturssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-246/93: Ákæruvaldið gegn Ágústi Þór Bárðarsyni, sem tekið var til dóms að lokinni aðalmeðferð 8. febrúar 1993.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 16. október 1993, á hendur Ágústi Þór Bárðarsyni, Sléttahrauni 19, Hafnarfirði, fæddum 6. júní 1974, fæðingarnúmer 337, „fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa um kl. 3.00 aðfaranótt laugardagsins 31. júlí 1993 í Gunnarssundi í Hafnarfirði rekið ölkrús úr þykku gleri, sem vó rúm 840 grömm, í andlit Egils Örlygssonar, kt. 200965-5159, þar sem ölkrúsin brotnaði. Afleiðingar þessa urðu þær, að Egill hlaut 9 skurði í andliti og 3 minni skrámur. Einn skurðurinn var sýnu stærstur og dýpstur og náði frá enni yfir vinstri augnabrún á ská yfir efra augnalok og niður á kinnbein. Þessi skurður var djúpur og náði gegnum vinstra augnalok og inn í vinstra auga, sem var sundur skorið. Kvarnast hafði úr andlitsbeini við augnatóft. Egill gekkst undir aðgerð, þar sem skurðurinn á andliti og augnaloki og skurðurinn á vinstra auga voru saumaðir. Sjón á vinstra auga er mjög léleg og yfirgnæfandi líkur á því, að Egill verði fyrir verulegri sjónskerðingu og þurfi að gangast undir frekari skurðaðgerðir á auganu og læknismeðferð geti staðið með hléum mánuðum saman.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Á síðari stigum jók ríkissaksóknari við ákæru skv. heimild í 1. mgr. 118. gr. laga nr. 19/1991 kröfu um bætur til handa tjónþola, Agli Örlygssyni, sbr. 2. tl. 116. gr. og 171. gr sömu laga, að fjárhæð 3.786.330,00 kr., með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands frá 31. júlí 1993 til greiðsludags auk innheimtuþóknunar lögmanns, að fjárhæð 151.000,00 kr., og virðisaukaskatts svo og við aðalmeðferð að fram lögðu endurriti úr sakadómsbók Hafnarfjarðar frá 15. 10. 1981 (sic) kröfu um, að ákærða verði gerð refsing samkvæmt 218. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að honum verði einvörðungu gerð vægasta refsing, sem lög frekast heimila, og refsing verði skilorðsbundin. Skaðabótakröfur verði lækkaðar og aðeins teknar til greina að óverulegu

leyti, enn fremur, að skipuðum verjanda ákærða, Jóni Oddssyni hrl., verði tildæmd hæfileg málsvarnarlaun að mati réttarins auk þóknunar vegna réttargæslu að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti skv. lögum nr. 50/1988.

II.

Ákærði hefur játað verknað þann, sem honum er gefinn að sök, fyrst fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins 1. ágúst 1993, daginn eftir að atburðurinn varð, og síðan fyrir dómi við þingfestingu málsins 26. nóvember 1993 og við aðalmeðferð 8. febrúar 1994.

Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður, er atburðurinn varð, en taldi sig þó muna atvik glöggt, er hann kom fyrir dóm. „Vel í því, en fullkomlega meðvitaður um stað og stund," var bókað hjá RLR.

Vitni að umræddum atburði voru:

A. Tveir núverandi nemendur í Flensborgarskóla, þeir Stefán Freyr Guðmundsson, kt. 141277-4809, og Guðmundur Marinó Ingvarsson, kt. 200277-2959. Þeir voru áhorfendur fyrir tilviljun og voru báðir ódrukknir. Vitnið Guðmundur fullyrti, að hann hefði séð ákærða greiða höggið. Vitnið Stefán Freyr var ekki viss um, að hann hefði beinlínis séð ákærða greiða höggið, en kvaðst hafa verið þarna að fylgjast með, þegar atburðurinn var.

B. Þrír félagar, Guðbjartur Magnússon, kt. 250377-3209, Adolf Jónsson, kt. 060375-4019, og Helgi Þórðarson, kt. 071077-5359, allir núverandi nemendur í Flensborg. Allir kváðust þeir hafa verið eitthvað undir áhrifum áfengis, Adolf töluvert ölvaður. Allir kváðust þeir hafa séð, er ákærði sló tjónþola í höfuðið með bjórkönnu.

C. Félagi ákærða, Theódór Heiðar Þorleifsson, kt. 060475-5049, skipverji á Aðalvík, KE-95, kvaðst hafa séð ákærða greiða tjónþola höggið.

D. Gísli Páll Friðriksson, kt. 130975-4379, mætti tjónþola, Agli Örlygssyni, er hann skjögraði niður Gunnarssund, eftir að hann hafði orðið fyrir árásinni, og kom honum til hjálpar með því að stöðva leigubíl og fá bílstjórann til að kalla á sjúkrabíl og lögreglu.

III.

Gott samræmi er í lýsingum vitna og aðila á málsatvikum. Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, voru þau sem hér segir:

Tjónþoli, Egill Örlygsson, 27 ára Hafnfirðingur, var afleysingarstýrimaður á togaranum Má, SÁ-123 (sic), frá Ólafsvík, er lá í Hafnarfjarðarhöfn. Hann var ráðinn sem háseti, en leysti af eftir þörfum bæði bátsmann og stýrimann. Fyrr um kvöldið var hann að skemmta sér á veitingastaðnum Ömmu Lú í Borgarkringlunni og var töluvert undir áhrifum áfengis. Hann var einn á ferð á leið í samkvæmi í húsi við Vitastíg í Hafnarfirði, en þegar

hann kom í miðbæ Hafnarfjarðar, en Vitastígur er þriðja gata ofan við aðalgötuna, Strandgötu, um 5 mínútna gangur, kveðst hann hafa ákveðið að koma við á Nilla-bar, sem er á efstu hæð í Veitingahúsinu Firðinum, Strandgötu 30. Hann byrjar á að fara þar á salerni, lenti í einhverjum stimpingum, þó ekki við aðila eða vitni í máli þessu, og var vísað út.

Frá Firðinum gekk hann suður Strandgötu og mætti þar vitnunum Adolf, Guðbjarti og Helga. Adolf hafði fundið eða rifið upp plöntu, blóm eða trjáplöntu, sem hann var með í hendinni, og rétti plöntuna að tjónþola, er þeir mættust á gangstéttinni við útibú Landsbankans, sem er skáhallt handan við götuna, þegar farið er frá Firðinum. Lét tjónþoli vanþóknun sína í ljós á því að skemma gróður bæjarins, og urðu þarna einhverjar óverulegar stimpingar. Félagarnir þrír telja, að tjónþoli hafi snúið upp á höndina á Adolf og rekið jafnframt hné í hægra læri á honum.

Ekki varð meira úr að sinni, og þeir félagarnir þrír héldu áfram leið sína vestur Strandgötu og beygðu til hægri upp Gunnarssund, sem er stutt þvergata gegnt Firðinum frá Strandgötu í átt að Hverfisgötu og Vitastíg.

Ef tjónþoli ætlaði í samkvæmi í húsi við Vitastíg, var stysta leið frá Firðinum að ganga upp Gunnarssund. Hann sýnist því hafa áttað sig á því, að hann væri að leggja lykkju á leið sína með því að ganga suður Strandgötu, og beindi því för sinni til réttrar stefnu, þó ekki til baka eftir Strandgötu, heldur bak við hús Landsbankans, sýslumannsembættisins og Bókabúðar Olivers Steins, en hús þessara stofnana eru sambyggð og hringakstur að og frá Strandgötu um bílaplan bak við húsið og niður Gunnarssund.

Er tjónþoli kom um bílaplanið í Gunnarssund, lágu leiðir hans og þremenninganna saman að nýju. Urðu nú orðaskipti, að því er virðist, nokkuð ófriðleg. Einn þremenninganna, Adolf, reif eða braut upp tvö járnrör, hálftommu vatnsleiðslupípur um 50 cm að lengd, er steyptar höfðu verið í lágan skilvegg við lítið bílastæði á bakhlið Sjálfstæðishússins að Gunnarssundi, en Sjálfstæðishúsið er á hornlóð við Strandgötu og Gunnarssund.

Er hér var komið sögu og þremenningarnir stóðu andspænis tjónþola, allir fremur smávaxnir, en einn þeirra vopnaður, en tjónþoli fulltíða sjómaður í góðu meðallagi á vöxt, allir drukknir, tjónþoli þó mest, þá komu ákærði og samferðamaður hans, Theódór, út af Firðinum og gengu upp Gunnarssund. Adolf rétti Theódór annað járnrörið. Ekki hafði þó komið til neinna átaka, er ákærði gekk skyndilega fram fyrir skjöldu og sló tjónþola í andlitið með bjórkönnu, 840,8 grömm að þyngd, glerkönnu af algengri gerð, með haldi. Höggið sýnist hafa verið býsna ákveðið, því að glerkannan brotnaði á andliti tjónþola og höfuðbein ofan vinstri augnatóftar brákaðist. Af hinni brotnandi glerkönnu hlaut tjónþoli mikla skurði í andlit, m. a. gegnum

vinstra augnalok og inn í vinstra auga. Ákærði hlaut allmikinn skurð í aflvöðva ofan við þumalfingur hægri handar. Rakti lögregla eftir hann blóðslóðina alllangan veg morguninn eftir. Síðar um nóttina fór ákærði á slysavarðstofu og var frá vinnu hálfan mánuð, meðan handarsárið var að gróa.

Ekkert sinnti ákærði hinum slasaða, eftir að hann hafði veitt honum áverkann, heldur forðaði sér af vettvangi ásamt félögunum þremur. Komust þeir fjórir í „partý" í húsi við Lækjargötu. Þaðan fór ákærði á slysavarðstofu. Theódór, sem var mikið drukkinn, ranglaði í aðra átt og gisti fangageymsluna síðar þessa nótt, grunaður um ölvunarakstur.

Af tjónþola er það að segja, að hann skjögraði niður Gunnarssund í átt að Strandgötu og Firðinum, mætti vitninu Gísla Páli Friðrikssyni, sem kom honum til hjálpar og studdi hann að dyrum Fjarðarins, þar sem tjónþoli settist niður með litla meðvitund. Dyr veitingastaðarins voru þá lokaðar, en vitninu Gísla Páli tókst, sem fyrr er greint, fljótlega að stöðva leigubíl, er kallaði á lögreglu og sjúkrabíl.

Ákærði og tjónþoli voru ekkert kunnugir fyrir þennan atburð. Ákærði hefur ekki haldið því fram, að þeir hafi hist eða að þeim hafi farið neitt á milli, er tjónþoli kom inn á Fjörðinn skömmu fyrir atburðinn.

Er RLR tók frumskýrslur bæði af ákærða og vitninu Theódór 1. ágúst 1993, komu fram hjá þeim báðum ógreinilegar sögusagnir um, að kunningi Theódórs, Ægir Örn Sigurjónsson, kt. 210370-5609, hefði sagt Theódór um kvöldið á Firðinum, að tjónþoli hefði „skallað" sig á salerninu, án þess þó að hann hlyti af því meiðsli.

Í upplýsingaskýrslu RLR um símtal við Ægi Örn er eftir honum haft, að hann hafi á salerninu í Firðinum þetta kvöld lent í orðaskiptum við mann, er hann ekki þekki, en lýsti mjög í samræmi við tjónþola.

Er aðalmeðferð fór fram, reyndist Ægir Örn erlendis og kom ekki fyrir dóm.

Er ákærði var yfirheyrður við aðalmeðferð, hélt hann því ekki fram, að umræddar ætlaðar stimpingar tjónþola og Ægis hefðu orðið sér tilefni árásarinnar.

Ákærði lýsti tjónsatburðinum svo hjá RLR 1. ágúst 1993:

„Mætti segir, að andspænis manninum hafi verið þrír til fimm strákar, sem mætti þekkir ekki með nafni. Hann kveðst hins vegar hafa séð þá áður. Þeir eru allir úr Hafnarfirði. Hann segir, að þeir séu nokkrum árum yngri en hann. Mætti telur, að maðurinn hafi verið að deila um eitthvað við strákana.

Mætti segir, að Teddi hafi gengið á undan honum að hópnum, sem var nánast í vegi þeirra. Hann fór að blanda sér inn í deilurnar við manninn.

Mætti kveðst þá einnig hafa stoppað við hópinn og farið að rífast við manninn. Mætti kveðst ekki muna, um hvað deilurnar stóðu, segir aðspurður, að þetta hafi verið fyllirísrugl. Hann kveðst síðan skyndilega hafa misst stjórn á sér, skvett bjór úr ölkrús, sem hann hélt á, og rekið hana í andlit manninum. Ölkrúsina kveðst mætti hafa tekið með sér út af Nilla-bar.

Mætti segir, að þegar krúsin lenti í andlitinu á manninum, hafi maðurinn gripið fyrir andlit sér og öskrað, en gengið síðan á brott niður götuna, haldandi fyrir andlit sér. Mætti kveðst hins vegar hafa forðað sér í burtu ásamt strákunum. Teddi varð hins vegar eftir, hvað varð um hann, veit mætti ekki.

Aðspurður telur mætti, að krúsin, sem var úr gleri, hafi hafnað á vinstri vanga mannsins eða gagnauga. Við það brotnaði krúsin, og mætti skarst á hægri hendi fyrir ofan þumalfingur, svo að mikið blæddi."

Fyrir dómi var lýsing tjónþola, Egils Örlygssonar, á atburðinum þessi:

„Eftir að ég kem út úr húsinu, þá er ég á gangi á Strandgötunni, og þá komu einhverjir strákar, um 15–16 ára, og fara að ota framan í mig tré, sem þeir höfðu rifið upp.... Það hefur verið svona, ætli það hafi ekki verið um metri með rótum. Þeir fara að ota að mér trénu, og ég fer eitthvað að skamma þá fyrir að rífa niður tréð. Þeir hlusta ekki á mig, og það endar með því, að ég tek einn þeirra og sný upp á höndina á honum og sparka í rassinn á honum.

Síðan labba ég áfram og fer hringinn í kringum húsið, þar sem Landsbankinn er til húsa, og ætla síðan að labba upp Gunnarssund og upp á Vitastíg, þar sem ég ætla að koma við. Þá koma þessir strákar upp Gunnarssund með járnkylfur, og það næsta, sem skeður, er, að það kemur einhver annar eldri strákur, sem ég hafði aldrei séð áður, og ræðst framan að mér, og síðan það næsta, sem ég man, að ég er sleginn í höfuðið. Svona í stuttu máli."

V.

Tjónþoli var fluttur í sjúkrabifreið slökkviliðsins á slysadeild Borgarspítalans og kom þangað kl. 3.42. Í vottorði slysadeildar segir:

„Við skoðun kemur í ljós sár á enni og á vinstra augnaloki. Skurður er frá augabrún gegnum efra og neðra augnalok rétt lateralt við augnkrók vinstra megin. Á hornhimnu vinstra auga eru fellingar, sem benda til skurðsárs, og á efri hluta augnhvítu er skurður gegnum hvítu. Sér ljós.

Fengið er álit augnlæknis, og í framhaldi af því er Egill lagður inn á augndeild Landakots til áframhaldandi meðferðar.

Teknar eru tölvusneiðmyndir af höfði og augnholi Egils. Ekki er á þeirri rannsókn að sjá nein merki um áverka inni í höfði, en að öðru leyti áverkamerki, sem í raun staðfesta niðurstöður skoðunar og benda ákveðið til augnskaða. Einnig sést örlítill brotflaski í ytri augnkrók."

Í vottorði dr. Einars Stefánssonar, yfirlæknis augndeildar Landakotsspítala, dags. 10. 8. 1993, segir m. a.:

„Við komu á augndeild Landakotsspítala mátti telja 9 skurði í andliti og 3 minni skrámur. Þetta voru skurðir eins og eftir eggjárn eða gler. Einn skurðurinn var sýnu stærstur og dýpstur, náði frá enni yfir vinstri augabrún, á ská yfir efra augnalok og niður á kinnbein. Þessi skurður var djúpur, gegnum augnalokið og inn í vinstra auga. Vinstra auga var sundur skorið, og var skurðurinn stór, rúmlega 1 cm, og talsvert óreglulegur.

Egill fékk sýklalyf, og síðan var gerð aðgerð í svæfingu, þar sem skurðurinn á andliti og augnaloki var saumaður og skurðurinn á vinstra auga saumaður sömuleiðis. Skurðurinn reyndist ná frá hornhimnu og rúman cm aftur eftir sclera (hvítunni), og lágu vefir augans út um gatið. Veruleg blæðing var í auganu og umhverfis.

Egill dvaldist á Landakotsspítala til 9. 8. 1993 og fékk sýklalyf í æð fyrstu dagana. Hann hafði talsverða verki og var óstyrkur til að byrja með, en hresstist, er á leið. Röntgenmynd sýndi, að kvarnast hafði úr andlitsbeini við augnatóft, en ekki var að finna nein merki um áverka á heila. Saumar úr andlitssárum hafa verið teknir, og gróa þau vel, en verða vafalaust nokkurt lýti til frambúðar.

Sjón á vinstra auga er mjög léleg, og greinir hann aðeins sterkt ljós á vinstra auga. Horfur um sjón eru óvissar, og eru yfirgnæfandi líkur á því, að Egill verði fyrir verulegri sjónskerðingu.

Hins vegar vænti ég þess, að hann haldi auganu sem slíku. Líklegt er, að frekari skurðaðgerðir verði nauðsynlegar á auganu og að læknismeðferð geti staðið með hléum mánuðum saman. Hægra auga er eðlilegt, og hefur Egill góða sjón á því."

– – –

VII.

Samkvæmt fram lögðu sakavottorði hlaut ákærði 12. apríl 1991 í sakadómi Kjósarsýslu sekt, að fjárhæð 13.000,00 kr., fyrir brot á 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1981. Í því máli viðurkenndi hann að hafa aðfaranótt laugardags 20. október 1990 sparkað í andlit nafngreindrar stúlku, fæddrar 8. 9. 1973, á planinu við BSH við Reykjavíkurveg, eftir að hafa, að því er ráðið verður af lögregluskýrslu, komið af stað slagsmálum nokkurra unglinga og orðið undir.

– – –

Álit réttarins.

Með skýlausri játningu ákærða, sem studd er framburði sjónarvotta, svo sem áður er lýst, telst sannað, að ákærði hafi framið verknað þann, sem honum er gefinn að sök, og telst brotið réttilega heimfært til refsiákvæða.

Um tilefnislausa, vísvitandi líkamsárás var að ræða, sérstaklega hættulega vegna þess tækis, sem notað var, enda hlaust af árásinni stórfellt líkamstjón.

Það orkar til þyngingar refsingu, að ákærði hvarf hið skjótasta af vettvangi í stað þess að koma tjónþola til hjálpar og kalla á sjúkrabíl, en hann gat strax gert sér grein fyrir því, hvað vopnið hafði reynst hættulegt, þar sem hann sjálfur skarst á hendi við brot glerkönnunnar. Ákærði gaf sig ekki fram við lögreglu. Á hinn bóginn játaði hann undanbragðalaust þegar við fyrstu yfirheyrslu lögreglu og hefur ekki horfið frá þeirri játningu sinni og á engan hátt torveldað rannsókn eða meðferð máls þessa. Ákærði hefur áður sætt refsingu fyrir líkamsárás, en á það er að líta, að þar var um að ræða minni háttar brot á 217. gr. almennra hegningarlaga, og ekki er annað vitað en hegðun ákærða hafi verið sæmileg, frá því að hann framdi verknað þann, er mál þetta snýst um. Ákærði var 19 ára að aldri, er hann framdi brot það, er ákæra í máli þessu lýtur að.

Refsing ákærða ákveðst 6 mánaða fangelsi óskilorðsbundið.

Bótakrafa tjónþola, árásarandlagsins Egils Örlygssonar, er studd nægilegum gögnum, sem ekki hefur verið hnekkt. Verður hún því tekin til greina að öllu leyti, og sundurliðast tildæmdar bótafjárhæðir þannig:

– – –

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., 60.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Ágúst Þór Bárðarson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði tjónþola, Agli Örlygssyni, tjónbætur, að fjárhæð 3.974.325,00 kr., með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 3.743.390,00 kr. frá 31. júlí 1993 til 28. febrúar 1994, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Áfallna vexti má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, að fjárhæð 35.000,00 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., 60.000,00 krónur.

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 161/1993. **Finnur Jónsson**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
Flugleiðum hf.
(Friðjón Örn Friðjónsson hrl.)

Tékkalög. XVII. kafli laga um meðferð einkamála. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. apríl 1993. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Svo sem þar greinir, gaf áfrýjandi f. h. Bjargar hf. í Stykkishólmi út tvo tékka til stefnda í lok mars og byrjun apríl 1990. Af ástæðum, sem ekki hafa verið skýrðar, voru tékkar þessir ekki innleystir, heldur geymdir, þar til sýningarfrestur þeirra til greiðslu samkvæmt lögum nr. 94/1933 um tékka var liðinn.

Hinn 12. júní 1990 afhenti umboðsmaður Bjargar hf. í Reykjavík, Guðmundur Stefán Maríasson, stefnda tvo nýja tékka, sömu fjárhæðar og út gefna af áfrýjanda, er koma skyldu í stað hinna eldri. Við sýningu þeirra til greiðslu 21. júní 1990 reyndist innstæða ekki næg á tékkareikningnum.

Áfrýjandi og Guðmundur Stefán Maríasson hafa komið fyrir dóm og gefið munnlegar skýrslur. Er ekki fyllilega í ljós leitt, hvernig lögskiptum málsaðila var í raun háttað á þeim tíma, er hér um ræðir, en um það verður ekki dæmt í máli þessu.

II.

Tékkar þeir, sem um ræðir í málinu, eru útfylltir í samræmi við fyrirmæli 1. gr. laga nr. 94/1933 og því fullgildir tékkar. Áfrýjandi

hefur sjálfur gefið tékka þessa út, og þeir bera ekki með sér að hafa verið gefnir út f. h. Bjargar hf. Ber hann því ábyrgð á greiðslu þeirra, en samkvæmt fortakslausu ákvæði 12. gr. laga nr. 94/1933 ábyrgist útgefandi greiðslu tékka gagnvart tékkhafa. Sú staðreynd, að Björg hf. var eigandi umrædds tékkareiknings, fær engu um það breytt, enda er útgefanda tékka skylt samkvæmt 4. gr. laga nr. 94/1933 að hafa fé til umráða hjá greiðslubankanum. Var stefnda því rétt að krefjast fullnustu hjá útgefanda tékkanna, sbr. 40. gr. laga nr. 94/1933.

III.

Mál þetta var rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. nú XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hefur stefndi mótmælt því, að varnir þær, sem áfrýjandi hefur uppi, komist að í málinu. Um það vísar hann jafnframt til 22. gr. laga nr. 94/1933.

Áfrýjandi vísar sérstaklega til a-liðar 1. mgr. 118. gr. laga nr. 91/1991 og telur, að varnir samkvæmt þeirri lagagrein komist að í málinu. Á það verður eigi fallist, og getur hún ekki átt hér við. Samkvæmt þeim réttarfarsreglum, sem mál þetta fer eftir, koma varnir áfrýjanda, sem byggjast á öðrum ákvæðum laga nr. 94/1933 eða 1. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1936, honum ekki að haldi.

Samkvæmt framansögðu verður ekki hjá því komist að taka kröfur stefnda til greina og staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en málskostnað, sem áfrýjanda ber að greiða, eins og greinir í dómsorði.

Mál þetta var þingfest 28. september 1990 og frestað 30. nóvember sama ár til aðalmeðferðar. Málið lá síðan óhreyft til 15. janúar 1993, er nýr dómari hafði tekið við rekstri þess. Ber að átelja þennan drátt á meðferð málsins.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Finnur Jónsson, greiði stefnda, Flugleiðum hf., 270.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 29. mars 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. mars sl., er höfðað fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu af Flugleiðum hf., kt. 601273-0129, Reykjavíkurflugvelli, Reykjavík, á hendur Finni Jónssyni, kt. 070649-4039, Sundabakka 15, Stykkishólmi.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum skuld, að fjárhæð 1.280.500,00 kr., með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnaði].

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda svo og málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ.

Stefnandi kveður skuld þessa vera samkvæmt tveimur tékkum, annars vegar tékka nr. 0516355, að fjárhæð 1.138.500,00 kr., og hins vegar tékka nr. 0516354, báðum út gefnum 12. júní 1990 af stefnda, Finni Jónssyni, til stefnanda, Flugleiða hf., af tékkareikningi nr. 817 við Búnaðarbanka Íslands, Stykkishólmi. Tékkarnir, sem báðir séu framseldir af stefnanda, Flugleiðum hf., með áritun um, að andvirði þeirra verði lagt inn á reikning Flugleiða hf. í Landsbanka Íslands, hafi verið sýndir til greiðslu 21. júní 1990. Síðar hafi komið í ljós, að ekki hafi verið næg innstæða á tékkareikningnum og honum verið lokað 22. júní 1990, samanber áritun á bakhlið tékkanna, og stefnandi hafi í kjölfar þess innleyst þá.

Stefndi kveður málavexti þá, að hann hafi verið framkvæmdastjóri Bjargar hf., Stykkishólmi, sem nú sé gjaldþrota. Hlutafélagið hafi verið eigandi reiknings nr. 817 við Búnaðarbankann, Stykkishólmi, en stefndi hafi verið prókúruhafi og hinn eini, sem hafi haft heimild til þess að gefa út ávísanir af þeim reikningi.

Stefndi kveður stefnanda máls þessa hafa dagana 30. mars 1990 og 6. apríl 1990 annast innflutning fyrir Björgu hf. á svonefndum neyðarleyfum. Hafi tvær ávísanir verið afhentar þá daga til greiðslu kostnaðar. Ávísanir þessar hafi aldrei verið innleystar, heldur geymdar, þar til sýningartími þeirra samkvæmt lögum nr. 94/1933 hafi verið liðinn. Umboðsmaður Bjargar hf. hafi þá, 12. júní 1990, afhent tvær nýjar ávísanir sömu fjárhæðar, og hafi þær verið leystar út 21. júní 1990.

Stefndi kveður Björgu hf. hafa haft umboðsmann í Reykjavík til ýmissa snúninga, m. a. til að greiða vegna viðskipta til stefnanda. Stefndi kveðst hafa skilið eftir óútfylltar ávísanir með undirritun sinni og hlutafélagsins. Gleymst hafi hins vegar að stimpla nafn fyrirtækisins og árita pr. pr., eins og venja sé, á þær ávísanir, sem mál þetta sé risið af. Umboðsmaður Bjargar hf. hafi aldrei ráðfært sig við stefnda vegna þessara ávísanaviðskipta.

Stefndi kveður Björgu hf. hafa í nokkur ár átt margháttuð viðskipti við

stefnanda, og ætíð hafi verið greitt með ávísunum af reikningi 817 með áritun stefnda f. h. félagsins. Stefnanda hafi því ekki átt að dyljast, hver í raun hafi verið útgefandi og ábyrgðarmaður ávísananna, enda þótt gleymst hafi í þessu tilviki að stimpla þær með nafni Bjargar hf.

II.

Stefnandi reisir kröfur sínar á tveimur tékkum, út gefnum af stefnda, er hafi ekki fengist greiddir. Vísar stefnandi til laga nr. 94/1933, laga nr. 85/1936 og laga nr. 54/1988.

Stefndi styður kröfur sínar því, að þau mistök að undirrita ekki ávísanirnar f. h. Bjargar hf. felli ekki á hann ábyrgð samkvæmt tékkalögum nr. 94/1933, sérstaklega í ljósi fyrri greiðslna til stefnanda af reikningi nr. 817. Því sé um aðildarskort að ræða, sem leiði til sýknu. Þá kveðst stefndi vísa til sanngirnissjónarmiða.

Um lagarök vísar stefnandi til 45. gr. laga nr. 85/1936 svo og 208. gr. A-liðar s. l.

Stefnandi kveður mál þetta rekið sem tékkamál á grundvelli laga nr. 94/1933. Með vísan til XVII. kafla laga nr. 85/1936, einkum 2. tl. 207. gr. og 208. gr., kveðst stefnandi mótmæla því, að varnir þær, sem stefndi hafi uppi og fram komi í greinargerð hans, komist að í málinu.

III.

Stefndi í máli þessu hefur haft uppi varnir, byggðar á XVII. kafla laga nr. 85/1936, nú XVII. kafla laga nr. 91/1991, þ. e. a. s., að máli þessu sé ranglega beint gegn sér, og byggir á, að hann sé ekki skuldari samkvæmt tékkalögum og framlögðum tékkum.

Framlagðir tékkar eru útfylltir í samræmi við 1. gr. laga nr. 94/1933 og eru því fullgildir tékkar.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 94/1933 er útgefandi bundinn að tékkarétti gagnvart tékkhafa.

Þar sem tékkar þessir bera ekki með sér að hafa verið gefnir út f. h. hlutafélagsins Bjargar hf., en stefndi hefur gefið tékka þessa út, ber hann sjálfur ábyrgð á greiðslu þeirra gagnvart tékkhafa. Hefur enga þýðingu í þessu máli, hver er eigandi tékkareiknings, enda er útgefandi tékka skyldur að hafa til umráða fé hjá greiðslubanka, sbr. 4. gr. laga nr. 94/1933.

Stefndi sem handhafi tékkanna sýndi þá innan lögboðins frests, en hefur ekki fengið þá greidda. Er því um fullgilda tékka að ræða, og hefur stefnandi haldið við tékkarétti sínum á lögboðinn hátt. Sanngirnissjónarmið eiga ekki við í tékkamáli. Var stefnanda því rétt samkvæmt lögum 94/1933 að krefjast fullnustu hjá útgefanda tékkanna, sbr. 40. gr. sömu laga.

Samkvæmt framansögðu ber stefndi, Finnur Jónsson, ábyrgð á greiðslu

tékkanna gagnvart stefnanda sem tékkhafa. Verður því krafa stefnanda tekin til greina að öllu leyti.

Eftir þessum úrslitum skal stefndi greiða stefnanda 240.000,00 kr. í málskostnað. Málskostnaður var ákveðinn án virðisaukaskatts, þar sem stefnandi hefur enga grein gert fyrir virðisaukaskattsskyldu sinni.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Finnur Jónsson, greiði stefnanda, Flugleiðum hf., 1.280.500 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 21. júní 1990 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 240.000,00 kr. í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 88/1993. **Valbjörn hf.**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Kristni Sörensen
(Vilhjálmur Vilhjálmsson hrl.)

Sjómannalög. Vinnusamningur. Bifreiðar. Gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1993 og krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ágreiningur málsaðila snýst um það eitt, hvort ógætni stefnda við akstur bifreiðarinnar, er áreksturinn varð, hafi verið svo mikil, að hann teljist sjálfur hafa bakað sér meiðslin með stórfelldu gáleysi í skilningi 4. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Gögn málsins bera ekki með sér, að stefndi hafi nýtt sér rétt sinn til bóta úr lögboðinni slysatryggingu ökumanns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Bifreiðunum var ekið sem leið lá eftir Reykjanesbraut frá Reykjavík til suðurs, og var bifreiðin JX-133 á undan. Ökumenn bifreiðanna fylltu sameiginlega út tjónstilkynningu eftir áreksturinn, og segir þar m. a.:

„Ökumanni B (stefndi) finnst, að stefnuljós séu gefin of seint, eins var olíubifreið staðsett á vinstri öxl með öll neyðarljós á. Ökumaður B byrjar að hemla en þá rann bifreiðin stjórnlaust áfram, og ökumaður sleppir bremsum og sveigir frá bifreið A og lendir á hægra horni bifreiðar og út í móa."

Stefndi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Keflavík 3. apríl 1992, og segir þar m. a.:

„. . . Mætti kveðst hafa ekið Reykjanesbraut áleiðis til Keflavíkur á 70–80 km hraða miðað við klst.

. . .

. . . Mætti segir, að gott bil hafi verið á milli bifreiðanna, nokkrar bíllengdir.

. . .

Mætti kveðst hafa verið búinn að gera ráð fyrir því með sjálfum sér, að bifreið mótaðila yrði ekið áfram til Keflavíkur.

Nokkru áður en komið var að gatnamótum Grindavíkurvegar, þá kveðst mætti hafa veitt athygli olíubíl (kálfi) frá Skeljungi hf., sem stóð mannlaus í vegkantinum vinstra megin. Olíubíllinn var með blikkljós logandi. Mætti kveðst hafa litið snöggt á olíubílinn þegar hann ók hjá, – gjóaði augunum á hann. Mætti kveðst síðan hafa litið aftur fram á veginn og þá fundist allt í lagi með bifreiðina á undan.

Skömmu síðar kveðst mætti hafa séð, að það kviknaði stefnuljós til vinstri og hemlaljós á bifreið mótaðila. Mætti segir, að sér hafi brugðið við að sjá þessi ljós, sem mætti telur, að hafi komið allt of seint miðað við að beygja inn á Grindavíkurveginn.

Mætti kveðst hafa hemlað nokkuð harkalega og fann þá, að bifreiðin ætlaði að fara að renna áfram. . . . Jafnframt sveigði mætti til hægri til að sleppa fram hjá bifreið mótaðila. . . ."

Ökumaður JX-133, María Þórdís Sigurðardóttir, lýsti tjónsatburðinum svo í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglunnar í Keflavík 6. apríl 1992:

„Mætta kveðst hafa verið á leið frá Reykjavík til Grindavíkur umrætt sinn. Mætta kveðst hafa ekið Reykjanesbraut á eðlilegum umferðarhraða. Þegar mætta nálgaðist mót Grindavíkurvegar, kveðst hún hafa hægt ferðina og gírað bílinn niður, auk þess sem hún gaf stefnumerki til vinstri á móts við vegvísinn til Grindavíkur (fyrsta merkið).

Mætta kveðst hafa orðið að bíða eftir tveimur stórum bílum, sem komu úr gagnstæðri átt, og varð því næstum að stoppa á gatnamótunum. Þegar mætta var þar nær stöðvuð, kveðst hún hafa litið í baksýnisspegilinn og sá þá, hvar mótaðili kom á eftir henni.

Mætta kveðst hafa verið frekar hrædd þarna á gatnamótunum vegna tíðra slysa þar við svipaðar aðstæður, og því hafi hún lagt kapp á að komast sem fyrst inn á Grindavíkurveg, fremur en að hún hefði átt von á því, að mótaðili æki aftan á bifreið hennar.

Mætta kveðst því hafa beðið eftir fyrri stóra bílnum, sem kom á

móti, en síðan ekið af stað. Mætta kveðst hafa verið rétt komin af stað, þegar mótaðili ók á hægra afturhorn bifreiðar hennar. Mætta segir, að höggið við árekstur inn hafi ekki verið mikið, en mikill hvinur hafi fylgt árekstrinum og því, þegar bifreið mótaðila fór fram hjá og síðan út af veginum hægra megin. Mætta segir, að sér hafi fundist bifreið mótaðila á nokkuð mikilli ferð, þegar hún fór fram hjá bifreið mættu.

. . .

Mætta vill geta þess, að stór bifreið var kyrrstæð með blikkljós á alveg við gatnamótin, í kantinum vinstra megin. . . ."

Árekstur inn varð síðdegis í desember á einum fjölfarnasta vegi landsins, þar sem ökuhraði er að jafnaði mikill. Samkvæmt ofangreindri tjónstilkynningu var rökkur, þoka og blautt færi. Bifreið var ekið á undan stefnda og stutt í vegamót fram undan. Brýna nauðsyn bar því til, að stefndi æki með fyllstu aðgæslu og fyrirhyggju, sbr. 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 25. gr. og 1. mgr. og b-, c- og h-liði 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga. Af lýsingu stefnda sjálfs á atvikum má ljóst vera, að tjónsatburðurinn varð eingöngu vegna þeirrar háskalegu ógætni hans að horfa ekki fram fyrir sig, þegar mest á reið, að athygli hans væri vakandi og óskipt bundin akstrinum vegna bifreiðarinnar, sem á undan var ekið, vegamótanna fram undan og ökuhraðans. Þegar þetta er virt og litið er til réttarsambands málsaðila, þykir verða að meta aksturslag stefnda sem stórfellt gáleysi í merkingu niðurlags 4. mgr. 36. gr. sjómannalaga. Ber því að taka sýknukröfu áfrýjanda til greina.

Eftir öllum atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Valbjörn hf., skal vera sýkn af kröfum stefnda, Kristins Sörensen, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Gunnlaugs Claessen

Í máli þessu greinir aðila á um, hvort stefndi hafi fyrirgert rétti sínum til launa frá 5. desember 1989 vegna niðurlagsákvæðis 4. mgr.

36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Sú aðstaða er fyrir hendi, ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Ekki er deilt um málavexti né fjárhæðir, verði lagaákvæðið ekki talið standa í vegi fyrir rétti stefnda til launa.

Hvort um sé að ræða stórfellt gáleysi í merkingu laganna, ræðst af mati eftir almennum mælikvarða í hverju tilviki. Vangá þarf að vera á mjög háu stigi, svo að tilvik falli þar undir.

Við það mat ber meðal annars til þess að líta, að ein algengasta orsök umferðaróhappa er sú, að of stutt bil hefur verið milli ökutækja, sem leiðir til aftanákeyrslu, sé athygli ökumanns ekki óskert við aksturinn. Í máli því, sem hér er til úrlausnar, liggur fyrir, að athygli stefnda beindist að öðru en veginum fram undan skamma stund með þeim afleiðingum, að árekstur varð.

Með aksturslagi sínu sýndi stefndi ótvírætt gáleysi. Hins vegar verður ekki talið, að sú háttsemi stefnda, sem leiddi til áreksturs, hafi á einhvern hátt verið svo ámælisverð eða að sök hans teljist svo alvarleg, að tilvik hans geti á einhvern hátt talist sérstakt eða skorið sig úr, þegar litið er almennt til umferðaróhappa af því tagi, sem að framan greinir.

Þegar þetta er virt og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdómara tel ég því, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 15. febrúar 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. janúar sl., höfðaði Kristinn Sörensen, kt. 040456-5979, Faxabraut 25 D, Keflavík, fyrir aukadómþingi Gullbringusýslu með stefnu, birtri 18. júní 1992, á hendur Valbirni hf., kt. 551280-0479, Strandgötu 14, Sandgerði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 503.310 kr. auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta og málskostnaðar].

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir.

Stefnandi var starfandi á Hauki, GK-25, sem er í eigu stefnda, sem háseti frá mánaðamótum apríl/maí 1991 fram til 5. desember 1991.

Um miðjan dag 5. desember 1991 var stefnandi á leið til Keflavíkur. Ók

hann sem leið lá eftir Reykjanesbraut. Er hann var kominn á móts við veginn til Grindavíkur, ók hann aftan á bifreiðina JX-133, sem var þar kyrrstæð, eftir að hafa árangurslaust reynt að afstýra árekstri. Meiddist stefnandi í hálsi og baki við áreksturinn. Samdægurs tilkynnti stefnandi starfsmanni stefnda um áreksturinn og að hann vissi ekki, hvenær hann yrði vinnufær að nýju. Sama dag var stefnanda sagt upp störfum með viku uppsagnarfresti. Stefnandi taldist óvinnufær þangað til í byrjun febrúar 1992, eins og fram kemur í læknisvottorði.

Fram er komið í málinu, að enginn ágreiningur er um málavexti, heldur einungis, hvort aðdragandi að árekstrinum hafi verið með þeim hætti, að stefnandi hafi valdið slysinu af stórfelldu gáleysi í skilningi 4. mgr. 36. gr. l. nr. 35/1985.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir aðalkröfu sína á því, að hann hafi orðið óvinnufær á ráðningartíma sökum slyss, og eigi hann því að halda launum sínum, meðan hann er óvinnufær, þó lengst í tvo mánuði, sbr. 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Krafa stefnanda byggist enn fremur á greinum 1.06., 1.08. og 1.19., sem er að finna í kjarasamningi milli Sjómannasambands Íslands og LÍÚ frá 24. nóvember 1991. Til stuðnings kröfunni um orlof er vísað til laga nr. 30/1987. Réttur stefnanda til launa sé skýr, því að ráðningarsamningur hans var í gildi og uppsögn hans öðlaðist ekki gildi, fyrr en uppsagnarbréfið barst stefnanda. Lagt hefur verið fram vottorð læknis um, að stefnandi hafi verið óvinnufær í tvo mánuði.

Stefnandi hefur mótmælt því að hafa bakað sér meiðsli sín með stórfelldu gáleysi í skilningi 4. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Vísar hann máli sínu til stuðnings á skilning þann, sem ríki á hliðstæðu orðalagi 95. gr. umfl. nr. 50/1987

Varakrafa stefnanda byggist á 1. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Um er að ræða laun í uppsagnarfresti, sem byrjaði ekki að líða fyrr en 9. 12. 1991, þegar stefnandi fékk uppsagnarbréfið í hendur. Byggir hann þetta á meginreglum laga um, að ákvaðir, er tengjast vinnusamningum, verði ekki bindandi fyrir þann, sem þeim er beint að, fyrr en þær eru komnar til vitundar hans.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á 4. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Stefndi heldur því fram, að orsök slyss stefnanda verði eingöngu rakið til stórfellds gáleysis hans, sem veitti bifreiðinni JX-133 ekki nægjanlega athygli, er hún var kyrrstæð við gatnamótin. Máli sínu til stuðnings vísar hann til lögregluskýrslu þeirrar, er tekin var af ökumanni bifreiðarinnar JX-133,

auk atriða, sem fram koma í lögregluskýrslu þeirri, sem tekin var af stefnanda. Þar gefi stefnandi bersýnilega í skyn, að hann hafi verið annars hugar við aksturinn, þ. e. sýnt af sér vítavert gáleysi.

Þá er einnig krafist sýknu af varakröfu stefnanda. Stefndi hafi sagt stefnanda upp störfum með lögmætum 7 daga fyrirvara. Stefnandi kom ekki til vinnu í uppsagnarfresti. Óvinnufærni, sem stafar af slysi, sem viðkomandi hefur bakað sér af stórfelldu gáleysi, er ekki lögmæt forföll. Afleiðing slíkrar óvinnufærni er sú, að launþegi glatar rétti sínum til launa, sem hann ætti ella rétt á, hvort heldur slysalauna eða launa í uppsagnarfresti.

Niðurstaða.

Þegar stefnandi slasaðist 5. desember 1991, hafði hann verið skipverji á Hauki, GK-25, eign stefnda, í sjö mánuði og átti því skv. 1. mgr. 36. gr. l. nr. 35/1985 rétt til fullra launa þann tíma, sem hann var frá vinnu vegna slyssins, þ. e. til mánaðamóta janúar/febrúar 1992, nema því aðeins, að um atvik að slysi stefnda ættu ákvæði 4. mgr. 36. gr. l. nr. 35/1985, en á því reisir stefndi sýknukröfu sína, þ. e., að stefnandi hafi sjálfur átt sök á meiðslum sínum.

Ljóst þykir, að sönnunarbyrði fyrir því, að stefnandi hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi við akstur bifreiðarinnar umrætt sinn og þannig orðið óstarfhæfur vegna meiðsla, er hann hafi sjálfur bakað sér, hvílir á stefnda.

Teknar voru lögregluskýrslur bæði af stefnanda og eiganda bifreiðarinnar um aðdraganda árekstursins. Ekki verður að mati dómara séð af þeim, að stefnandi hafi sjálfur valdið slysi sínu með hegðan, sem jafna megi til ásetnings eða stórfellds gáleysis í skilningi 4. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Stefndi hefur ekki heldur fært fram önnur gögn eða rök til sönnunar því.

Að mati dómara liggur fyrir, að umferðaróhapp það, sem hér um ræðir, eigi rætur að rekja til óaðgæslu stefnanda, en hins vegar verði hann ekki sakaður um stórfellt gáleysi í því sambandi, svo að hann hafi fyrirgert rétti sínum til launa samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga.

Með vísan til þessa ber því að taka kröfu stefnanda, sem ekki hefur verið tölulega vefengd, til greina með vöxtum, eins og segir í dómsorði.

Málskostnaður ákveðst 144.559 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, 27.896 kr.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Valbjörn hf., greiði stefnanda, Kristni Sörensen, 503.310 kr. auk dráttarvaxta skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 af 42.240 kr. frá 31. 12. 1991 til 21. 1. 1992, af 381.103 kr. frá þeim degi til 2. 2. 1992, en af 503.310

kr. frá þeim degi til greiðsludags og 144.559 kr. í málskostnað, og beri málflutningsþóknunin dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 141/1991. **Kvikk sf.**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Guðmundi Þórarinssyni
(Ástráður Haraldsson hdl.)
(Arnmundur Backman hrl.)

Einkasala. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. apríl 1991. Hann krefst staðfestingar á lögbanni, sem fógetaréttur Gullbringusýslu lagði við því 26. janúar 1989, að stefndi framleiði og selji þar um rædda vél, sem áfrýjandi telur brjóta í bága við einkarétt sinn samkvæmt einkaleyfi nr. 1297 frá 20. júlí 1987. Þá krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.500.000 krónur í skaðabætur með vöxtum samkvæmt 2. mgr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. mars 1988 til 15. febrúar 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 10. gr. vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá upphafstíma þeirra talið. Áfrýjandi krefst þess einnig, að stefndi verði dæmdur til að láta af hendi til sín hausklofningsvélar þær, sem hann hafi framleitt andstætt einkaleyfi áfrýjanda og enn séu í fórum stefnda, og jafnframt, að stefndi verði dæmdur til að sæta sektum samkvæmt 21. gr. laga um einkaleyfi nr. 12/1923, sbr. 51. gr. laga nr. 75/1982. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með er talinn lögbannskostnaður.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að skaðabótakrafa áfrýjanda verði lækkuð og málskostnaður látinn falla niður.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Eftir uppsögu héraðsdóms voru samkvæmt beiðni áfrýjanda dómkvaddir Hafliði Loftsson og Páll Ragnar Sigurðsson vélaverkfræðingar til þess að „skoða og meta kinnavél matsþola og hausklofningsvél matsbeiðanda og bera saman það, sem sameiginlegt er með þeim, bæði hvað varðar vinnsluaðferð og vinnslubúnað". Í matsbeiðninni var þess óskað, að matsmenn svöruðu ákveðnum spurningum.

Matsmenn skiluðu matsgerð sinni 3. maí 1992. Gera þeir eftirfarandi samanburð á sameiginlegum eiginleikum véla matsbeiðanda og matsþola: „Báðar vélarnar hafa það hlutverk að skera fiskhausa. Báðar hafa snúningshníf (hnífa). Snúningsásar og skurðarplön hnífanna eru á föstum stöðum í báðum vélum. Báðar vélarnar nýta sér, að hausar eru þræddir upp á og færðir eftir ílöngum hlut. Báðar vélar eru mataðar handvirkt, einum haus í einu. Báðar vélar eru rafknúnar og búnar öryggishlífum."

Í svari matsmanna kemur m. a. fram, að stöng í vél matsþola haldi gellu og neðri kjálka frá skurðarhnífum, sem þeir telja þó ekki vera aðalhlutverk stangarinnar.

Þá hefur áfrýjandi lagt fram álitsgerð Knud Erik Vingtoft frá 19. ágúst 1992. Niðurstaða hans er sú, að búnaður og aðferð stefnda brjóti í bága við einkaleyfi áfrýjanda.

Stefndi hefur mótmælt framangreindum gögnum sem of seint fram komnum, enda raski þau grundvelli málsins, og óafsakanlegt sé, að þau hafi eigi komið fram fyrr. Að því er álitsgerðina varðar, bendir stefndi á, að Knud Erik Vingtoft sé umboðsmaður áfrýjanda, sem sjái um einkaleyfisumsóknir fyrir hann, auk þess sem hann hafi ekki skoðað vélarnar.

II.

Í hinum áfrýjaða dómi eru tilgreindar einkaleyfiskröfur áfrýjanda, sem fram koma í einkaleyfi hans. Spurningar þær, sem áfrýjandi beinir til matsmanna samkvæmt framangreindri matsgerð, eru orðaðar á sama veg og einkaleyfiskröfurnar. Ljóst er af svörum matsmanna, að þeir telja, að stöngin í vél stefnda haldi gellu og neðri kjálka frá skurðarhnífum. Það er andstætt því, sem segir í héraðsdómi. Ekki hafa matsmenn staðfest matsgerð sína fyrir dómi.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir sérfræðiálitum þeim, sem aðilar lögðu fram, og gengu þau í gagnstæðar áttir. Við þær aðstæður hefði verið rétt að dómkveðja matsmenn. Í héraðsdómi er ekki gerður skilmerkilegur samanburður á vélunum tveimur. Þá kemur þar ekki nægilega fram, hvaða mismunur það var, sem réð því, að vél stefnda var ekki talin brjóta í bága við einkaleyfið. Þótt ekki sé unnt að leggja framangreinda matsgerð til grundvallar í máli þessu, er ekki fært að líta fram hjá því, að fram er kominn samanburður á vélunum, sem virðist í andstöðu við niðurstöðu héraðsdóms. Eins og málið liggur fyrir, þykir ekki unnt að leggja á það efnisdóm. Verður því ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til frekari meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til frekari meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 366/1994. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Ólafi Hauki Haraldssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Þjófnaður. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 24. ágúst 1994 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun til endurskoðunar á viðurlögum.

Af hálfu ákæruvalds er héraðsdómi einnig áfrýjað til þyngingar á refsingu ákærða.

Sannað er með skýlausri játningu ákærða, að hann hefur gerst sekur um þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæru, og eru þau réttilega heimfærð þar til refsiákvæða. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur, að því er ákærða varðar.

Dæma verður ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar ákærða, Ólaf Hauk Haraldsson.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. júlí 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 21. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við

Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-472/1994: Ákæruvaldið gegn X og Ólafi Hauki Haraldssyni, sem dómtekið er sama dag.

Mál þetta var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28. júní 1994, „á hendur Ólafi Hauki Haraldssyni, Vesturbergi 115, fæddum 22. apríl 1974, fæðingarnúmer 550, og X [...], báðum til heimilis í Reykjavík, fyrir eftirgreinda þjófnaði, framda í september 1993:

1. Fyrir að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 29. september brotist í félagi inn í veitingahúsið Blástein, Hraunbæ 102, Reykjavík, og stolið 67 bjórflöskum og um 4.000 krónum.

2. Næstu nótt brotist inn í húsnæði fyrirtækisins Hexa, Skemmuvegi 10, Kópavogi, og stolið 5 samfestingum, 110 skyrtum, tvennum buxum og leðurjakka.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í málinu krefst Kjartan Daníelsson, kt. 070362-4309, skaðabóta, 19.500 kr.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar".

Með skýlausri játningu ákærða X þykir vera sannað, að hann hafi framið brot þau, sem hann er saksóttur fyrir, og brotið það lagaákvæði, sem í ákæru greinir. Refsing ákærða, sem hefur ekki fyrr sætt refsingu, svo að þýðingu hafi fyrir mál þetta, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga. Rétt þykir að fresta framkvæmd refsingarinnar og ákveða, að hún falli niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Ólafur Haukur Haraldsson var dæmdur í 60 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga 30. apríl 1993. Þá var ákærða gert að greiða 90.000 króna sekt og sæta því að vera sviptur ökurétti í 3 ár fyrir brot gegn 1. mgr. 4. gr., 1., sbr. 3. mgr., 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga 4. febrúar sl. Samkvæmt 60., sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, ber að dæma upp skilorðsdóm frá 30. apríl 1993 og gera ákærða nú refsingu í einu lagi fyrir bæði málin. Þykir refsingin vera hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Loks ber að dæma ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað, en ekki er fallist á þá kröfu ákæruvalds, að ákærðu verði dæmdir til að greiða saksóknarlaun í ríkissjóð, enda sætir mál þetta meðferð samkvæmt 125. gr. laga um meðferð opinberra mála og er hvorki sótt né varið. Ekki eru lagaskilyrði til þess að dæma ákærðu til að greiða saksóknarlaun fyrir það eitt að gefa út ákæru og mæta í málinu, enda verður ekki séð, að breytingar á réttarfarsreglum 1. júlí 1992 hafi átt að gera hlut sakborninga síðri að þessu leyti en var fyrir gildistöku laga nr. 19/1991.

Ákærðu hafa mótmælt bótakröfu, og með því að hún gengur lengra en verknaðarlýsing í ákæru, verður henni vísað frá dómi.

Dómsorð:

Ákærði Ólafur Haukur Haraldsson sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði X sæti fangelsi í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar.

Skaðabótakröfu Kjartans Daníelssonar er vísað frá dómi.

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 403/1994. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurði Hólm Sigurðssyni
(Sigmundur Hannesson hrl.)

Þjófnaður. Tilraun. Vanaafbrotamaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1994 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun til endurskoðunar á viðurlögum.

Af hálfu ákæruvalds er héraðsdómi einnig áfrýjað til þyngingar á refsingu ákærða og greiðslu saksóknarkostnaðar í héraði.

Þegar litið er til þeirra atriða, sem er getið í hinum áfrýjaða dómi um ákvörðun refsingar, og umfangs brots ákærða svo og ákvæða 71. gr., 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði. Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi vegna þessa máls samfleytt frá 27. júlí 1994, og kemur það að fullu til frádráttar dæmdri refsingu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um saksóknarlaun í héraði svo og sakarkostnað að öðru leyti. Ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, sæti fangelsi í 15 mánuði. Gæsluvarðhaldsvist hans frá 27. júlí 1994 komi til frádráttar þeirri refsingu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað skulu óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með

talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. sept. 1994.

Ár 1994, föstudaginn 9. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 570/1994: Ákæruvaldið gegn Sigurði Hólm Sigurðssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 31. ágúst sl., á hendur X [...] og ákærða, en með heimild í 24. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og að ósk ákærða var málið skilið í sundur. Eru ákærða, Sigurði Hólm Sigurðssyni, heimilislausum manni og gæslufanga, kt. 010563-283, gefin að sök eftirtalin þjófnaðarbrot í Reykjavík í júlí 1994:

I. Að hafa í félagi við nefndan X þriðjudagskvöldið 26. júlí brotist inn í íbúðarhúsið nr. 8 í Brekkubæ og stolið 6 armbandsúrum, 4 gullhringum, 1 silfurhring, 2 byssum og 2 rauðvínsflöskum.

II. Að hafa síðar um nóttina reynt að brjótast inn í íbúð á Kárastíg 4, en horfið af vettvangi, þegar hann heyrði hundgá í íbúðinni.

III. Að hafa þessa sömu nótt reynt árangurslaust að stela kvenveski úr eldhússglugga í íbúð í húsinu nr. 3 við Bjarnarstíg, en komið var að ákærða á vettvangi.

Er þetta í ákæru talið varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en jafnframt við 20. gr. sömu laga, að því er varðar liði II og III.

Ákæruvaldið krefst þess, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Jafnframt krefst Auður Auðbergsdóttir, kt. 190247-279, 7.500 króna í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 26. júlí 1994 til greiðsludags.

Málavextir.

Ákærði hefur skýlaust játað allt það atferli, sem hann er saksóttur fyrir. Hefur hann orðið sekur um brot þau, sem greinir í ákæru og réttilega eru þar færð til refsiákvæða.

Ákærði á að baki sér langan feril afbrota. Frá árinu 1979 hefur hann hlotið 26 refsidóma. Hefur honum verið gerð rúmlega 10½ árs refsivist í þessum dómum. Þá hefur hann gengist 6 sinnum undir dómsáttir, ýmist fyrir ölvun, fíknilaga- eða umferðarlagabrot. Ákærði framdi brot sín innan sólarhrings, frá því að hann var látinn laus eftir langa fangavist. Er bersýnilegt, að hann lætur ekki skipast við þær hegningar, sem honum hafa verið gerðar til þessa. Þykir refsing hans með hliðsjón af þessu öllu vera hæfilega ákveðin

fangelsi í 2 ár. Frá refsingunni ber að draga 45 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði og X eiga óskipta aðild að bótahlið málsins, og er ekki unnt að dæma um bótakröfuna, eins og málið liggur nú fyrir, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Ber að vísa kröfunni frá dómi.

Ákæruvaldið hefur krafist þess, að saksóknarlaun verði dæmd í málinu. Mál þetta var dæmt sem játningarmál samkvæmt 125. gr. laganna um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og hlaut ekki aðalmeðferð með vitnaleiðslum og sókn og vörn samkvæmt 129. gr. laganna. Í 1. mgr. 168. gr. laganna segir, að „þegar mál" sé „sótt" af handhöfum ákæruvalds og ákærða jafnframt gert að greiða sakarkostnað í því, skuli honum gert að greiða málsóknarlaun að tiltekinni fjárhæð, sem renni í ríkissjóð. Þegar þess er gætt, að ákæruvaldinu ber ávallt að sækja þing í refsimáli, sbr. t. d. 1. mgr. 123. gr. oml., verður þetta orðalag 1. mgr. 168. gr. þeirra laga ekki skilið öðruvísi en svo, að málsóknarlaun beri því aðeins að dæma í héraði, að mál sæti aðalmeðferð. Ber samkvæmt þessu að synja kröfu ákæruvaldsins um saksóknarlaun.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun verjanda síns, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 45.000 krónur. Annan kostnað leiddi ekki af máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, sæti fangelsi í 2 ár. Frá refsingunni dregst 45 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði greiði verjanda sínum, Sigmundi Hannessyni hæstaréttarlögmanni, 45.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað leiddi ekki af máli þessu.

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 242/1994. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Thanh Tuong Bui
(Stefán Pálsson hrl.)

Líkamsárás. Áfrýjunarstefna. Aðfinnslur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Markús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni með yfirlýsingu 15. apríl 1994. Fyrir Hæstarétti krefst hann þess þó aðeins að hljóta vægustu refsingu, er lög leyfa, og komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 21. nóvember 1993 til 18. apríl 1994 til frádráttar dæmdri refsingu. Af hálfu ákæruvalds var málinu skotið til Hæstaréttar með stefnu 20. apríl 1994 til þyngingar refsingu. Ákærði hefur gengist við broti, sem héraðsdómari hefur heimfært til 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Við munnlegan flutning málsins í Hæstarétti kom fram, að ákæruvald og ákærði sætta sig við þá heimfærslu til refsiákvæða. Ágreiningur er því einvörðungu um refsiákvörðun, og hefði því verið rétt að takmarka áfrýjun málsins við það atriði og geta þess í áfrýjunarstefnu samkvæmt 155. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 147. gr. sömu laga, eins og þau ákvæði hljóðuðu, er áfrýjun málsins var ráðin.

Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða dómi. Fram er komið, að ákærði, sem er fæddur í Víetnam, en hefur stöðu flóttamanns á Íslandi, var að „harka“ á bifreið, er hann hafði fengið lánaða. Hafði hann lagt bifreiðinni í stæði fyrir neðan Menntaskólann í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 21. nóvember 1993. Komu þá þar að fimm íslensk ungmenni, öll undir áhrifum áfengis, settust inn í bifreiðina og hugðust láta aka sér í Kópavog. Þar sem farþegarnir voru orðnir of margir fyrir bifreiðina, vildi ákærði ekki aka þeim, og kom til deilna, sem mögnuðust, líklegast að einhverju leyti vegna erfiðleika þeirra við að skilja hver annan. Vitnið Ragnar Ólafsson sat fyrir aft-

an ákærða í bifreiðinni. Hann hafði ætlað að greiða ökugjaldið með ávísun og taldi, að ákærði vildi ekki taka við henni. Hann fór því út úr bifreiðinni, opnaði framdyr hjá ákærða, og kom til átaka á milli þeirra, þar sem ákærði sat enn í ökumannssætinu. Er nokkuð óljóst, hvernig þau átök þróuðust eða hvenær ákærði var kominn með hníf í hendur. Telur Ragnar, að ákærði hafi strax haft hnífinn í höndum, en ákærði segir það hafa verið síðar. Ákærði segir, að Ragnar hafi slegið sig í auga, hann síðan komist út úr bifreiðinni, og hafi Ragnar þá sótt lyklakippu í vasann og slegið sig í ennið. Við það hafi komið skurður á enni sitt og mikið blætt úr honum. Er þetta stutt vottorði Leifs Jónssonar, læknis á slysavarðstofu Borgarspítalans, en þar segir meðal annars: „Blóðugur er hann á enni svo og með mar á hæ. augabrún og augnaloki. 2 cm skurður er í hársverði upp af miðju enni.“ Í lok vottorðsins segir svo: „Áverkar þessir geta samrýmst því, að sjúkl. hafi fengið tvö fremur en eitt högg í andlitið.“ Ákærði kveðst síðan hafa fallið í götuna, og hafi fólk verið í kringum sig og sparkað í sig. Er það stutt vætti vitna, að fólk hafi hópast að honum. Ákærði kveðst þá hafa farið aftur inn í bifreiðina, en búið hafi verið að taka kveikjulásslyklana. Ákærði kveðst hafa tekið hníf, sem hann geymdi í bílnum. Hann hafi séð, hvar Ragnar stóð rétt við bílinn, og hafi Ragnar hlaupið frá, en fallið um gangstéttarbrún og legið á grúfu. Ákærði réðst að Ragnari og stakk í hægri upphandlegg hans með hnífi. Gekk hnífurinn í gegnum ölnartaug, vöðva rétt framan við upphandleggsbein og slagæð með þeirri afleiðingu, að Ragnar hlaut lífshættulega blæðingu, eins og segir í ákæru.

Verður að fallast á það með héraðsdómi, að þegar ákærði stakk Ragnar með hnífnum á þann veg, sem hann er ákærður fyrir, hafi hann ekki verið í hættu eða átt hendur sínar að verja. Hins vegar er það nægjanlega stutt læknisvottorði og framburði vitna, að áður en til þess kom, hafði Ragnar veist að ákærða og slasað hann svo, að honum blæddi verulega. Verður því með hliðsjón af síðari málslið 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga tekið tillit til þessa við refsiákvörðun. Þá verður að leggja þá frásögn ákærða til grundvallar, að honum hafi þótt sér ógnað af framkomu ungmennanna, og gæta verður þess, að hann skildi þau illa. Samkvæmt framanskráðu og að teknu tilliti til ákvæða VIII. kafla almennra hegningarlaga um þau atriði, sem áhrif eiga að hafa á refsihæðina, þykir refsing ákærða

hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Staðfest er ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar, sem stóð til 18. apríl 1994. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Rannsókn lögreglu á máli þessu fór í upphafi í nokkrum atriðum úrskeiðis. Í 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segir meðal annars: „Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara." Ákærði var handtekinn kl. 3.38 aðfaranótt sunnudagsins 21. nóvember 1993. Hann var þó ekki leiddur fyrir dómara fyrr en kl. 10.50 mánudaginn 22. nóvember. Á þessu hefur ekki verið gefin haldbær skýring. Ákærði bar áverka, er hann var handtekinn, en samkvæmt framlögðu vottorði læknis var ekki komið með hann á slysadeild Borgarspítalans til aðhlynningar fyrr en kl. 15.20 á sunnudeginum. Nokkru eftir handtöku ákærða voru tekin sýni af blóði á höndum hans. Við sama tækifæri, að því er virðist, voru teknar af honum myndir, þar sem hann er blóðugur á höndum og í andliti. Án sýnilegrar ástæðu voru myndir þessar teknar af ákærða klæðlitlum. Þá þykir á skorta, að nægilega hafi verið að því gætt við upphaf rannsóknar að athuga allt, er varpað gæti ljósi á, hvað leiddi til þeirra atburða sem eru tilefni ákæru í máli þessu. Sérstaklega bar að kanna, hvort bifreið ákærða væri skemmd, en hann hefur borið, að í hana hafi verið sparkað. Þá bar að athuga strax, á hvern hátt ákærði hlaut áverka sinn. Verður ekki hjá því komist að finna að öllum þessum atriðum.

Dómsorð:

Ákærði, Thanh Tuong Bui, sæti fangelsi í 18 mánuði. Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 21. nóvember 1993 til 18. apríl 1994 komi til frádráttar refsingu með fullri dagatölu.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i
Péturs Kr. Hafstein

Við refsiákvörðun er rétt að líta til þess, að ákærði hafði átt í átökum við Ragnar Ólafsson, en telja verður hinn síðarnefnda hafa átt upptök að þeim, sbr. niðurlagsákvæði 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Framvinda átakanna er næsta óljós. Þó verður að telja það rétt mat héraðsdómara, að þau þáttaskil hafi verið orðin í þessum stimpingum, að ákærði hafi, þegar hér var komið, átt alls kostar við Ragnar Ólafsson, sem lagður var á flótta. Eigi verður séð, að ákærða hafi þá staðið ógn af öðrum, enda vopnaður háskalegum hnífi. Hann kaus við þessar aðstæður að veita Ragnari eftirför og lagði til hans með hnífnum, þar sem hann lá á grúfu í götunni. Árásin var einkum stórfelld vegna vopnsins og þeirrar aðstöðu, sem ákærði var í gagnvart árásarþola, er hann veitti honum lífshættulega áverka. Að teknu tilliti til alls þessa er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár, og komi gæsluvarðhaldsvist hans til frádráttar.

Ég er samþykkur athugasemdum annarra dómara um áfrýjun málsins og aðfinnslum þeirra í garð lögreglu.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. mars 1994.

Ár 1994, mánudaginn 21. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-143/1994: Ákæruvaldið gegn Thanh Tuong Bui, sem dómtekið var 15. þ. m.

Mál þetta var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 25. febrúar 1994, „á hendur Thanh Tuong Bui, Skúlagötu 62, Reykjavík, fæddum 10. febrúar 1959, fæðingarnúmer 214, fyrir tilraun til manndráps með því að hafa í Lækjargötu í Reykjavík um kl. 3.30 aðfaranótt sunnudagsins 21. nóvember 1993 ráðist á Ragnar Ólafsson, kt. 170771-3939, sem lá þar í götunni, og stungið hann með hnífi í gegnum hægri upphandlegg, og gekk hnífurinn í gegnum ölnartaug, vöðva rétt framan við upphandleggsbein og slagæð (ars bracchialis) með þeim afleiðingum, að Ragnar hlaut lífshættulega blæðingu, en Ragnar hafði dottið í götuna á flótta undan ákærða eftir átök, sem urðu á milli þeirra.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Málsatvik.

Aðfaranótt sunnudagsins 21. nóvember 1993 kl. 3.38 voru lögreglumenn staddir á Lækjartorgi í Reykjavík, og komu þá tveir æstir menn og sögðu, að Víetnamar væru að stinga fólk. Lögreglumenn fóru á vettvang, sem var í Lækjargötu neðan við Menntaskólann í Reykjavík. Þar var bifreið, sem ákærði hafði ekið, R-21212, en ákærði hafði bifreið þessa að láni. Þar voru einnig ákærði og samlandi hans, Lang Quang Le. Þar hjá var mikið af fólki, sem sagði, að þeir hefðu stungið fólk með hnífi þarna á staðnum. Ákærði var alblóðugur í framan og fatnaður hans einnig. Ragnar Ólafsson, kt. 190771-3939, Klapparási 6, Reykjavík, var á umferðareyju í Lækjargötunni, og blæddi mikið úr hægri upphandlegg hans. Var strax reynt að stöðva blæðinguna og hann síðan fluttur á slysadeild. Á túninu fyrir neðan Menntaskólann lá annar maður, Hlynur Eggertsson, og var hann einnig fluttur á slysadeild, en hann hafði einnig verið stunginn.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa stungið vitnið Ragnar Ólafsson í handlegg, eins og lýst er í ákæru. Hann lýsti aðdraganda þess þannig, að hann hefði lagt bifreiðinni R-21212, sem er af Honda Civic-gerð, en skráður eigandi hennar var Long Viet Vo, í stæði strætisvagna, sem er fyrir neðan Menntaskólann í Reykjavík. Hafði fólk sest inn í bifreiðina og hann sagt því, að það kostaði 1.000 krónur að aka því. Einn úr hópnum hefði hafið að skrifa tékka, en ákærði sagt, að hann vildi einungis peninga. Þá hafði stúlka komið inn í bifreiðina og farþegar þá orðnir 5. Einn hafi setið í farþegasæti, en fjórir aftur í. Kom þá til orðaskipta með ákærða og þeim, er sat fyrir aftan ákærða. Sá fór allt í einu út úr bifreiðinni og sparkaði í bílstjórahurðina og opnaði hana. Hafi það verið vitnið Ragnar Ólafsson. Sagði ákærði, að hann hefði slegið sig í auga. Ákærði hefði komist út úr bifreiðinni, og fyrir utan hana hefði Ragnar slegið ákærða í ennið með lyklakippu sem hann hefði sótt í vasa sinn. Við það hefði komið skurður á enni ákærða og blætt mikið úr honum. Ákærði sagðist hafa fallið í götuna og fólk verið í kringum sig og sparkað í sig. Skyndilega hefði það hætt, og sagðist ákærði hafa séð, að samlandi sinn, Lang að nafni, hefði komið að í bifreið. Hefði ákærði kallað: „Lang, hjálpaðu mér!“ Ekki vissi ákærði, hvað svo varð um Lang þennan. Eftir þetta hefði hann farið í bifreiðina aftur til að aka á brott, en kveikjulásslyklarnir þá ekki verið lengur á sínum stað. Ákærði sagðist hafa geymt hníf í bílnum og farið út úr honum með hnífinn. Sá ákærði þá, hvar Ragnar stóð rétt við bílinn, og þegar Ragnar sá hnífinn, hefði hann hlaupið á brott, en dottið. Nánar aðspurður um þetta sagði ákærði, að Ragnar hefði fallið um gangstéttarbrúnina, dottið niður og legið á grúfu. Ekki sagðist ákærði hafa séð nákvæmlega, hvar hnífslagið lenti í Ragnari, þar sem

blæddi úr ákærða, en vissi, að það fór í handlegg. Hann sagði, að þegar Ragnar datt, hefði hann ákveðið, að hann ætlaði að stinga hann og það í handlegginn. Hann sagði, að Ragnar hefði legið rétt aftan við bílinn, 1–2 metra. Aðspurður um, hver hefði verið tilgangur hans með því að stinga Ragnar, sagði ákærði, að þegar hann stakk Ragnar í handlegginn, hefði hann ekki ætlað að drepa hann, bara viljað gera eitthvað til að stöðva hann, en ákærði hefði fundið mikið til, eftir að Ragnar sló hann. Þá sagði ákærði, að hann hefði hugsað á þá lund, að ef hann styngi Ragnar, kæmi lögreglan og sæi, að þessi maður hefði barið sig.

Vitnið Ragnar Ólafsson sagði í skýrslu sinni, að þau hefðu sest inn í bifreiðina, en ákærði sagt þeim, að það kostaði 1.000 krónur að aka þeim, en þau ætluðu í Kópavog. Ekkert þeirra hefði haft peninga, en vitnið hafði tékkhefti sitt meðferðis og hugðist skrifa tékka. Ágreiningur hefði orðið við ákærða vegna þess. Reyndar sagði vitnið, að erfitt hefði verið að skilja ákærða, og sagðist vitnið hafa farið út úr bifreiðinni og ætlað að sýna honum tékkheftið, opnað framdyr bílstjóra megin eða beygt sig inn um rúðuopið. Hefði komið til stimpinga með sér og ákærða, og sagði vitnið, að ákærði hefði stungið sig í vinstri handlegg, er hann var ennþá inni í bílnum, að því er vitnið hélt, en vitnið sagðist hafa tekið eftir því, að hann var kominn með stungusár á vinstri handlegg, er ákærði var staðinn upp. Þá hefði hann séð hnífinn og einhver hrópað: „Hnífur!“ Þetta hefði gerst mjög snöggt. Vitnið sagðist síðan hafa lagt á flótta, en ekki komist langt frá bílnum, eina 5 metra eða svo, dottið, og þar hefði ákærði stungið sig aftur í hægri handlegg. Ákærði hefði þá farið eitthvað á brott og vitnið staðið upp, og síðan hefði lögreglan komið. Vitnið sagði, að þegar ákærði stakk hann í seinna skiptið, hefði hann legið á hnjánum og sett hendurnar fyrir sig, þegar lagið kom í sig. Hann hefði verið nýdottinn. Hann hefði séð hnífslagið og fundið, að það kom í sig. Ekki sagðist vitnið þora að fara með það, hvernig ákærði lagði til sín með hnífnum. Nánar aðspurður sagði vitnið, að hann hefði ekki haft neina lyklakippu á sér og að ákærði hefði staðið upp sjálfur og átök orðið, er ákærði var kominn út úr bílnum, og þá hefði ákærði verið kominn með hníf. Vitnið kvað það vel geta verið, að hann hefði komið höggi á ákærða fyrir utan bílinn. Ekki kvaðst vitnið muna til, að ákærði hefði legið í götunni.

Vitnið Hlynur Eggertsson sagðist hafa verið í aftursæti bifreiðarinnar. Ákærði hefði ekki viljað taka við tékka frá Ragnari og ekki viljað aka nema gegn staðgreiðslu. Vitnið minnti, að eitthvað hefði verið rætt um, að of margir væru í bílnum. Ragnar og ákærði hefðu skipst á orðum og einhverjar stimpingar orðið, og ekki vissi vitnið fyrr en allir voru komnir út úr

bílnum og Valgeir hefði hrópað: „Hann er með hníf!“ eða eitthvað í þá átt. Nánar aðspurður sagði vitnið, að það hefði farið í skapið á Ragnari, að ákærði vildi ekki tékka. Ragnar hefði farið út úr bílnum og opnað dyrnar og þeir verið að rífast, og vitnið heyrði, að ákærði væri með hníf, og allir stokkið út. Ákærði hefði setið í sætinu og þeir Ragnar tekist á. Vitnið hefði hlaupið í burt og ekki séð meira af átökum ákærða og Ragnars, né heldur sagðist hann hafa séð hníf þá.

Vitnið Pálmar Harðarson sagðist hafa verið í farþegasæti frammi í bifreiðinni og heyrt, að ákærði vildi ekki taka við tékka af Ragnari. Hafi Ragnar rokið út úr bílnum, og síðan hafi hann heyrt kallað: „Hnífur!“ og rokið út og séð ákærða með hníf og allan í blóði. Hefðu Ragnar og ákærði staðið vinstra megin við bílinn. Ákærði hefði verið alblóðugur í framan. Ekki sá vitnið nein átök fyrir utan bílinn og ekki, er Ragnar var stunginn. Hann sagðist hafa hlaupið til lögreglu og tilkynnt um hnífstunguna.

Vitnið Valgeir Júlíus Birch sagðist hafa sest í aftursæti bifreiðarinnar. Hann sagði, að ósætti hefði komið upp vegna þess, að ákærði hefði ekki viljað taka við ávísun. Ragnar hefði stokkið út úr bílnum og opnað bíldyrnar og farið að öskra á ákærða, og sagðist vitnið hafa séð ákærða taka upp hnífinn og vitnið sagt, að það væri hnífur í gangi, og þau þá sprottið út úr bílnum. Vitnið sagðist hafa verið að hlaupa í burtu og dottið í götuna og Ragnar á vitnið. Vitnið sagðist ekki hafa séð ákærða stinga Ragnar. Þá sagði vitnið, að eftir að Ragnar hefði verið stunginn, hefði maður farið inn í bílinn og tekið lyklana.

Vitnið Rakel Sveinsdóttir var í bílnum og sat í aftursæti. Ákærði hefði viljað fá greitt fyrir fram og sagt þeim að koma sér út, og allt í einu hefði verið öskrað: „Hann er með hníf!“ Vitnið sagðist hafa gengið á brott og heyrt, að Ragnar hefði verið stunginn, en sá ekki, er það gerðist.

Vitnið Leifur Sæmundsson var á ferð í Lækjargötu umrætt sinn. Hann lánaði manni penna og kvaðst hafa verið hálfur inni í bifreiðinni. Hann sagði, að sá, sem fékk pennann lánaðan, hefði rifið upp dyrnar hjá bílstjóranum, og sýndist vitninu sem hann ætlaði að draga bílstjórann út og lemja hann. Þá hefði bílstjórinn dregið upp hníf og hlaupið á eftir honum og höggvið til hans tvisvar. Nánar aðspurt sagði vitnið, að eftir að ökumaður neitaði að taka við tékkanum, hefði Ragnar farið út úr bílnum, og sá vitnið örskömmu seinna, að ákærði hljóp á eftir Ragnari með hnífinn á lofti. Vitnið minnti, að Ragnar hefði tekið í ákærða, þar sem hann sat inni í bílnum. Vitnið sá ekki hnífinn, fyrr en eftir að Ragnar lá í götunni. Þeir Ragnar og ákærði hefðu hlaupið eftir gangstéttinni til suðurs. Vitnið sá ákærða leggja

til Ragnars, og hefði Ragnar einhvern veginn verið að hægja á sér og ákærði komið og höggvið til hans aftan frá. Eftir það hefði vitnið tekið kveikjulásslykilinn úr bílnum. Sagðist vitnið hafa séð hnífinn eftir þetta og sagði, að hann væri „pottþéttur á því“, að ákærði hefði verið búinn að stinga Ragnar, þegar vitnið tók kveikjulásslyklana. Vitnið sá, að ákærði var alblóðugur í framan, er hann kom til baka að leita að lyklunum í bílnum.

Vitnið Þórhallur Hákonarson sagði frá því, að hann hefði verið á ferð í Lækjargötu ásamt vini sínum og verið að ganga norður götuna austan megin, þegar hann sá bíl, sem stóð kyrr, og fólk við hann og að eitthvað var að gerast. Sá vitnið, að ryskingar voru í gangi milli Víetnama og Íslendings, sem slegið hefði til Víetnamans, sem stóð við bíldyrnar. Vitnið sagði hann hafa brjálast og verið eitthvað að streitast á móti. Annar maður hefði verið að reyna að stía þeim í sundur. Virtist vitninu átökin vera á milli tveggja manna. Skyndilega hefðu allir farið frá og einn Íslendingurinn hrasað og snúið baki í skottið á bílnum. Víetnaminn hefði þá komið og eins og stungið manninn í bakið, að því er vitninu virtist. Einhver hefði hrópað: „Hann er með hníf!“ – eða eitthvað í þá átt. Hefði Víetnaminn verið mjög æstur og haldið á hníf. Annar Víetnami hefði komið á vettvang með kylfu eftir árásina á Ragnar, að því er vitnið sagði, og virtist vera að róa menn. Vitnið sagði, að Íslendingurinn hefði legið í götunni á hægri hlið og snúið baki í bifreiðina. Hann sagðist hafa séð blóð á Víetnamanum, eftir að lögreglan var komin á vettvang.

Vitnið Óskar Rúnar Harðarson sagði frá því, að hann hefði verið á gangi í Lækjargötu umrætt sinn. Hefði hann þá séð bíl, sem hafði numið staðar. Sá hann bílstjórann koma út, og einnig hefðu fleiri menn komið út úr bílnum og staðið í kringum ökumanninn. Sá vitnið, að bílstjórinn var blóðugur í andliti, og minnti, að hann hefði verið sleginn. Tók bílstjórinn æðiskast, að því er vitnið sagði, og sá vitnið hníf á lofti, og hefðu þá Íslendingarnir forðað sér. Bílstjórinn hefði elt þá, og sá vitnið, að einn þeirra datt fyrir aftan bílinn og að bílstjórinn hafði stungið hann.

Vitnið Edwald Örn Jóhannesson var á gangi í Lækjargötu umrætt sinn. Hann sá, að bíl hafði verið lagt við gangstéttarbrún, afturdyr opnar og fólk í kring. Sá vitnið, að bílstjórahurðin var rifin upp og maður dreginn út og laminn og féll við. Síðan stóð maðurinn upp, og sýndist vitninu hann blóðugur í framan. Síðan urðu ryskingar með honum og manninum, sem dró hann út, en hann og annar til hefðu svo stokkið í burtu og hlaupið að gangstéttarbrún, þar sem þeir duttu, og ákærði veist að þeim þar. Vitnið stóð eina 5–10 metra frá bílnum, er þetta gerðist. Hefði bílstjórinn stokkið á

mennina og lamið þá tvisvar eða eitthvað álíka. Nánar aðspurt sagði vitnið, að ökumaðurinn hefði verið að elta mennina, er þeir duttu.

Hnífur sá, er ákærði beitti, er með 10 sentímetra löngu blaði og plastskafti, alls 21 sm að lengd.

Í vottorði Leifs Jónssonar, læknis á slysa- og bæklunarlækningadeild Borgarspítalans, segir m. a. um meiðsli ákærða: „Blóðugur er hann á enni svo og með mar á hæ. augabrún og augnaloki. 2 cm skurður er í hársverði upp af miðju enni. Sjúkl. er vel vakandi og hinn hressasti að sjá."

Í rannsóknargögnum segir, að lögfræðingur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hafi haft samband við lækni þann, sem framkvæmdi skurðaðgerð á vitninu Ragnari, og í yfirlýsingu, dagsettri 21. nóvember 1993, segir, að læknirinn hafi sagt, að við komu á slysadeild hafi Ragnar haft áverka á hægri upphandlegg eftir eitt stungusár. Stungan var nánast í gegnum upphandlegginn, og skar hún í sundur vöðva, aðalslagæð í handlegg og auk þess eina af þremur megintaugum í handleggnum. . . . Þá hafi Ragnar einnig haft minni háttar áverka á vinstri handlegg, sem líklega sé af völdum hnífstungu.

Í vottorði Magnúsar Páls Albertssonar, dagsettu 1. desember, um meiðsli vitnisins Ragnars Ólafssonar segir m. a.:

„Í þeirri aðgerð, sem á eftir fylgdi og var framkvæmd af Rögnvaldi Þorleifssyni og undirrituðum, kom í ljós, að sárið eftir hnífinn var staðsett framanvert utanvert á neðri enda upphandleggs og var um 4 cm að lengd. Við þreifingu í sárið var greinilegt, að hnífurinn hafði gengið þvert í gegnum upphandlegginn rétt framan við upphandleggsbeinið, og náði sárið út undir húð á innanverðum upphandleggnum. Í aðgerðinni kom í ljós, að ölnartaug (n. ulnaris), sem liggur innanvert í upphandleggnum, var sundur skorin. Sveifartaug (n. radialis), sem liggur utanvert og aftanvert í upphandleggnum, lá rétt utan við sárið og var heil. Miðtaug (n. medianus) lá framan við sárið alveg í sárkantinum innanvert í upphandleggnum og virtist ekki skemmd við skoðun. Upparmsslagæð (a. bracchialis) var sundur skorin að mestu leyti í sárinu, en hún liggur innanvert í upphandleggnum. Að auki voru sundur skornir vöðvar framanvert í upphandleggnum, einkanlega tvíhöfði (m. biceps). Gert var við ölnartaugina og endar hennar saumaðir saman. Gert var við áverkann á upparmsslagæðinni, og var hún saumuð saman aftur, en hún hafði að megninu til verið sundur skorin. Að lokinni aðgerð voru lagðar umbúðir á handlegg Ragnars svo og gifsspelka, og það fengust góðir púlsar fram í höndina eftir aðgerðina, en púlsa hafði ekki verið hægt að finna við úlnlið fyrir aðgerð. Lagðist hann síðan inn á slysadeild Borgarspítala og útskrifaðist 23/11 '93 til síns heima.

Álit.

Áverki sá, sem Ragnar hefur orðið fyrir, er alvarlegur, og var hann upphaflega beinlínis lífshættulegur, þar sem Ragnari hefði hæglega getað blætt út, ef ekki hefði verið gripið inn í fljótt á slysstað. Að vísu voru lífsmörk stöðug, þegar hann var kominn hér á spítalann, en hann var farinn að lækka í blóðþrýsting (90 í systolu). Lífshættan, sem fylgir þessum áverka, byggist fyrst og fremst á því, að upparms-slagæðin var ekki skorin algjörlega í sundur; ef svo hefði verið, hefði blæðingin væntanlega minnkað fljótlega, er æðin dró sig saman. Þar sem æðin var einungis sundur skorin að hluta, var slíkt ekki mögulegt og því veruleg hætta á því, að Ragnari blæddi út, ef ekki hefði verið gripið inn í snöggt.

Annað atriði, sem gerir áverkann alvarlegan, er sundur skorin ölnartaug, en það er vel þekkt, að þótt að einhverju leyti komi aftur snertiskyn á svæði ölnartaugar, þ. e. litlafingur og hálfan baugfingur, að þá verði slíkt snertiskyn aldrei eðlilegt, og einnig er líklegt, að á þeim 1–2 árum, sem tekur fyrir ölnartaugina að vaxa fram í hönd aftur, að þá bíði vöðvar þeir, sem ölnartaugin sér um, tjón, sem ekki verður bætt aftur, og þannig minnki hugsanlega í framtíðinni stjórn á fínhreyfingum í hendinni.

Ragnar hafði eftir aðgerðina vissa dofatilfinningu á svæði miðtaugar, sem eru þumall, vísifingur, langatöng og hálfur baugfingur. Snertiskynið var ekki upphafið þar, í aðgerðinni hafði ekki sést neinn áverki á miðtaug, þannig að ekki er ólíklegt, að þessi dofi lagist með tímanum."

Í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar læknis, dagsettu 28. febrúar sl., segir m. a.:

„Í ljós kom eftir aðgerðina, að miðtaug (n. medianus) starfaði ekki eðlilega, og var það óvænt. Talið var, að taugin hefði verið könnuð nægilega við frumaðgerð og ekki sést á henni áverki.

Við eftirlit á slysadeild 3. desember reyndist starfsemi miðtaugar ekki hafa batnað. Gripstyrkur hægri handar var þannig verulega veiklaður, og tilfinning í þeim hluta handarinnar, sem miðtaugin annast, var sljó. Til álita sýndist þá koma að kanna miðtaugina að nýju á áverkastað á upphandlegg, ef vera mætti, að taugin hefði þar orðið fyrir einhverjum áverka, sem sést hefði yfir við upphafsaðgerð. Í annan stað gæti ýtarleg könnun á tauginni gefið til kynna batahorfur, þegar til lengri tíma væri litið. Niðurstaðan varð því sú að kanna taugina að nýju og sjúkl. lagður inn á slysadeild til þeirrar aðgerðar 7. desember. Opnað var inn á taugina á áverkastað og farið í gegnum örið eftir fyrri aðgerð. Taugin var rakin vendilega frá aðliggjandi vefjum á áverkastað og ofurlítið upp fyrir og niður fyrir áverkastaðinn. Taugin var ýtarlega skoðuð, en engin merki fundust um, að hún hefði orðið

fyrir skurðáverka. U. þ. b. 3 cm langur kafli á tauginni var hins vegar ívið harðari átöku en taugin var a. ö. l. Þetta gat bent til þess, að hún hefði orðið fyrir vægum maráverka þarna. Ytra byrði taugarinnar (epineurium) var klofið upp á þessum kafla til þess að slaka á taugaþáttunum, sem gátu verið undir þrýstingi þarna. Frekar var ekki aðhafst, en sárinu lokað. Hér var um fremur minni háttar aðgerð að ræða, og hélt sjúkl. heim að kvöldi aðgerðardags. Ragnar hefur tvívegis komið til eftirlits á slysadeildina eftir þessa aðgerð, þ. e. a. s. 20. desember og 17. janúar sl.

. . .

Endanlegar afleiðingar af áverka þeim, er Ragnar hlaut 21. nóvember sl., eru enn ekki að öllu leyti fyrir séðar. Starfsemi miðtaugar ætti að geta orðið eðlileg eða nær eðlileg, en starfsemi ölnartaugar verður fyrirsjáanlega mjög gölluð til allrar frambúðar. Hverfandi líkur er þannig á því, að þeir smávöðvar handarinnar, sem ölnartaugin annast, eigi eftir að ná sér að neinu marki, en þessir vöðvar sjá m. a. um aðfærslu og fráfærslu fingranna og hafa mikla þýðingu fyrir nákvæmt grip um litla hluti. Fremur er ólíklegt, að sjúkl. fái aftur tilfinningu í litlafingur og hálfan baugfingur, en það skiptir minna máli en gölluð vöðvastarfsemi í hendinni. Í þriðja lagi stýrir ölnartaug hluta af djúpa kreppivöðva fingranna (flexor digitorum profundus), þ. e. a. s. þeim hluta, sem kreppir litlafingur og að nokkru baugfingur. Allgóð von er til þess, að þessi vöðvastarfsemi fari batnandi. Kreppistyrkur litlafingurs og baugfingurs verður þó vafalítið eitthvað veiklaður til frambúðar.

Von er til þess, að einhver bataþróun verði í eitt og hálft ár, og þá fyrst verður hægt að meta af nákvæmni endanlegar afleiðingar verknaðarins."

Niðurstaða.

Að sögn ákærða sjálfs elti hann vitnið Ragnar Ólafsson uppi beinlínis til þess að leggja til hans með hnífi. Vitnið Ragnar lá þá í götunni og hafði hlaupið undan ákærða sem og aðrir viðstaddir, er þeir urðu þess áskynja, að ákærði hafði hníf í hendi. Við þær aðstæður verður ekki séð, að ákærði hafi verið í hættu eða átt hendur að verja. Þvert á móti verður ekki annað séð en hann hefði átt þess kost að hverfa af vettvangi, hafi hann talið, að sér væri hætta búin. Þess í stað kaus ákærði að leggja til vitnisins Ragnars með hnífi. Sár vitnisins gátu leitt til bana þess, hefði dregist að koma því undir læknishendur. Ákærði sagði í skýrslu sinni fyrir dómi, að hann hefði ætlað að stinga vitnið Ragnar í handlegg og alls ekki vakað fyrir sér að ráða Ragnari bana.

Með tilliti til þessarar frásagnar ákærða og þess, að vitnið lá á grúfu eða hliðinni og að ákærði hefði getað stungið í bol Ragnars, hefði hugur hans

staðið til þess, þykir ekki komin fram sönnun um, að brot ákærða heyri undir 211. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga.

Hins vegar gerðist ákærði brotlegur við ákvæði 2. mgr. 218. gr. hegningarlaganna, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1980, með verknaði sínum, en við munnlegan flutning málsins var um þetta fjallað, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um brot á refsilögum, svo að kunnugt sé.

Ákærði veittist að vitninu Ragnari Ólafssyni með hnífi og veitti honum áverka, sem hefði getað leitt til þess, að vitninu hefði blætt út, fengi það ekki meðferð. Þá má ætla, að vitnið hljóti varanlega örorku vegna atlögu ákærða. Þegar litið er til þessa, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár og 6 mánuði, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 21. nóvember sl. komi til frádráttar refsingu með fullri dagatölu.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., svo og þóknun til Stefáns fyrir réttargæslu, samtals 200.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Thanh Tuong Bui, sæti fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 21. nóvember 1993 til dómsuppsögu komi til frádráttar refsingu með fullri dagatölu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun og þóknun vegna réttargæslu til skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., 200.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur.

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 263/1992. **Inger Vikelsöe-Jensen**
Atli Halldórsson
Kári Halldórsson
Magnús Halldórsson
Halla Þórhallsdóttir
Hörður Þórhallsson
Jón Karl Þórhallsson
Egill Már Markússon
Kristín Markúsdóttir
Sigurjón Markússon
Örn Markússon
Gríma H. Sveinbjörnsdóttir
Jónas Þór Sveinbjörnsson og
Kópur Sveinbjörnsson
(Skúli Th. Fjeldsted hrl.)
gegn
Minningarsjóði Ársæls Jónassonar kafara
(Jóhann H. Níelsson hrl.)

Erfðaskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1992. Þeir krefjast þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur þeirra í héraði verði teknar til greina, þ. e., að erfðaskrá 9. júlí 1983 eða aðrar erfðaskrár Ársæls Jónassonar verði ekki lagðar til grundvallar við skipti á dánarbúi hans, heldur verði arfi skipt samkvæmt I. kafla erfðalaga nr. 8/1962. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum.

Áfrýjendur halda því fram, að með erfðaskrá 14. október 1984 og yfirlýsingu sama dag svo og með yfirlýsingu frá 12. október 1989 hafi

Ársæll heitinn Jónasson tekið aftur erfðaskrá þá, sem hann gerði 9. júlí 1983. Fallast ber á það með skiptaráðanda, að í framangreindum skjölum komi ekki fram ótvíræður vilji Ársæls heitins til afturköllunar erfðaskrárinnar. Aftur á móti koma fram í skjölunum frá 14. október 1984 ráðagerðir arfleifanda um breytingar á erfðaskránni, sem ekki er unnt að meta gildar, þar sem skjölin uppfylla ekki reglur erfðalaga um form erfðaskráa. Yfirlýsingin frá 12. október 1989 felur eingöngu í sér fyrirætlun um að gera erfðaskrá síðar, sem aldrei varð. Þá verður eigi fallist á það, að erfðaskráin frá 9. júlí 1983 sé ógild vegna efnis síns. Gerð hefur verið skipulagsskrá um minningarsjóð þann, sem erfðaskráin mælir fyrir um, en efni hennar er ekki til skoðunar í máli þessu. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð með vísan til forsendna hans.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað in solidum fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Áfrýjendur, Inger Vikelsöe-Jensen, Atli Halldórsson, Kári Halldórsson, Magnús Halldórsson, Halla Þórhallsdóttir, Hörður Þórhallsson, Jón Karl Þórhallsson, Egill Már Markússon, Kristín Markúsdóttir, Sigurjón Markússon, Örn Markússon, Gríma H. Sveinbjörnsdóttir, Jónas Þór Sveinbjörnsson og Kópur Sveinbjörnsson, greiði in solidum stefnda, Minningarsjóði Ársæls Jónassonar kafara, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 8. apríl 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 23. mars sl.

Af hálfu sóknaraðila er gerð sú krafa, að erfðaskrá, dags. 9. júlí 1983, eða aðrar erfðaskrár Ársæls Jónassonar verði ekki lagðar til grundvallar við skipti á dánarbúi hans, heldur verði arfi skipt skv. I. kafla laga nr. 8/1962.

Af hálfu varnaraðila eru gerðar svofelldar kröfur:

1. að kröfum sóknaraðila verði hafnað,

2. að erfðaskrá Ársæls Jónassonar kafara, dagsett 9. júlí 1983, verði metin gild og hún lögð til grundvallar við skipti á dánarbúi Ársæls,
3. að sóknaraðilar verði in solidum dæmdir til þess að greiða varnaraðila málskostnað skv. taxta LMFÍ. Þá er þess krafist, að dæmdur málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1985 fimmtán dögum eftir uppsögu úrskurðar í þessu máli.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

II.

Tildrög máls þessa eru þau, að 3. mars 1990 andaðist Ársæll Jónasson, kt. 021001-2449, sem síðast átti lögheimili að Hringbraut 63 í Reykjavík. Hinn látni lét ekki eftir sig skylduerfingja. Eiginkona hans, Guðrún Geisler Jensen, andaðist 25. mars 1960, og var Ársæll einkaerfingi hennar, en þau hjón voru barnlaus.

Lögerfingjar Ársæls heitins eru eftirtalin systkinabörn, systkinabarnabörn og mágkona hans: Magnús Halldórsson, kt. 121225-3019, Atli Halldórsson, kt. 030724-4969, Kári Halldórsson, kt. 030623-4449, Jónas Halldórsson, kt. 300621-3419, og Kristín Halldórsdóttir, kt. 170917-4139, en þau eru börn látinnar systur Ársæls, Maríu Jennýjar Jónasdóttur, Halla Þórhallsdóttir, kt. 150724-3689, Jón Karl Þórhallsson, kt. 281020-2189, og Hörður Þórhallsson, kt. 280327-3529, en þau eru börn látins bróður Ársæls, Þórhalls Jónassonar, Kristín Markúsdóttir, kt. 191168-4029, og Egill Már Markússon, kt. 251064-2189, en þau eru börn látins bróðursonar Ársæls, Markúsar Þórhallssonar, Gríma Sveinbjörnsdóttir, kt. 070631-4079, Jónas Þór Sveinbjörnsson, kt. 130535-2089, og Kópur Sveinbjörnsson, kt. 300342-2059, en þau eru börn Sveinbjörns Jónassonar, látins bróður Ársæls, Inger Vikelsöe-Jensen, Lærkevang 11, 3250 Gilleleje, Danmörku, en hún er mágkona Ársæls, þ. e. systir Guðrúnar heitinnar. Allir framangreindir lögerfingjar eru sóknaraðilar máls þessa að undanteknum Jónasi Halldórssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Að ósk sóknaraðilans Höllu Þórhallsdóttur var dánarbúið tekið til opinberra skipta. Eignir búsins voru skrifaðar upp 11. apríl 1990, og reyndust þær verulegar. Við uppskriftina kom fram annars vegar afrit óvottfestrar erfðaskrár, sem Ársæll hafði gert 9. júlí 1983, og hins vegar ljósrit sömu erfðaskrár vottfestrar. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós vottfest frumrit erfðaskrárinnar, sem reyndist vera í fórum Unnsteins Beck hrl. Hefur frumrit þetta verið lagt fram sem dskj. nr. 9. Reis ágreiningur milli sóknar- og varnaraðila þessa máls varðandi gildi erfðaskrár þessarar, og var reynt til hins ýtrasta að ná sáttum, en það bar ekki árangur, og á skiptafundi, sem

haldinn var í búinu 29. október 1991, var ákveðið að reka sérstakt skiptaréttarmál um ágreining þennan.

Erfðaskrá sú, sem um er deilt í máli þessu, er svohljóðandi:

„Ég undirritaður, Ársæll Jónasson, 0591-9169, Hringbraut 63, Reykjavík, ráðstafa hér með eftirlátnum eigum mínum með svofelldri

ARFLEIÐSLUSKRÁ

Af öllum eignum, sem ég læt eftir mig, hverju nafni sem nefnast, skal mynda sjóð, er nefnist Minningarsjóður Ársæls Jónassonar kafara. Stjórn sjóðsins skulu jafnan skipa formaður Björgunarsveitarinnar Ingólfs í Reykjavík, forseti Slysavarnafélags Íslands og forseti Ferðafélags Íslands og auk þeirra frændi minn, Jónas Halldórsson trésmiður, Langholtsvegi 178, og Hilmar Foss, löggiltur skjalaþýðandi, Hafnarstræti 11. Að Jónasi og Hilmari frá gengnum skulu einhverjir af ættingjum mínum í móðurætt taka sæti þeirra eftir tilnefningu þess, sem víkur úr stjórninni, en njóti hans ekki við, skal sá af hinum tveim síðastnefndum, sem eftir situr, tilnefna eftirmanninn.

Tilgangur sjóðsins er að leggja fé til þeirra framkvæmda, sem gerð er grein fyrir hér á eftir.

Sjóðurinn skal ávaxtaður óskertur að viðbættum tekjum til ársloka 1989, og aldrei má ráðstafa úr honum meiru en hálfum árstekjum hans. Árið 1990 skulu hálfar árstekjur sjóðsins renna til Björgunarsveitarinnar Ingólfs til kaupa á björgunartækjum, og upp frá því skal helmingi tekna annars hvers árs varið á sama hátt.

Það árið, sem ekki er úthlutað til björgunarsveitarinnar, skal helmingi af tekjum sjóðsins varið á þann hátt, að þær renni til Ferðafélags Íslands til þess að gera vélknúna strengjabraut upp á Kistufell í Esju.

Framlög þessi eru háð því, að jafnhátt framlag komi á hverjum tíma á móti frá viðkomandi félagi.

Falli niður framlag eitthvert ár frá félaginu, fellur úthlutun til þess niður það ár, og allar tekjur ársins leggjast við höfuðstól sjóðsins.

Við búskipti eftir mig er heimilt að selja lausafé búsins, en fasteignir þess má aldrei selja, og gildir það jafnt um fasteignir hér í Reykjavík sem jarðarhluta, sem ég á austur í Árnessýslu. Sama gildir um hlutabréf mín í Eimskipafélagi Íslands. Sjóðstjórn er heimilt að kaupa hlutabréf til viðbótar þeim, sem fyrir eru. Þrátt fyrir framangreint ákvæði er heimilt að selja hlut minn í Vesturgötu 24, sem ég á í sameign við erfingja foreldra minna.

Lausafé sjóðsins skal ávallt ávaxta á hagkvæmastan og fyllilega tryggan hátt, t. d. í verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs.

Nánari skipulagsskrá mun ég gera um sjóðinn, en falli ég frá, áður en það er gert, fel ég Unnsteini Beck hrl., Smáragötu 11, að setja honum skipulagsskrá í samræmi við framanritað og að öðru leyti með þær hugmyndir í huga, sem ég hef gert honum grein fyrir.

Sem skiptastjóra að dánarbúi mínu tilnefni ég frænda minn, Jónas Halldórsson, Langholtsvegi 178, Reykjavík.

Til staðfestu er nafnritun mín í viðurvist tilkvaddra votta.

Reykjavík, 9. júlí 1983.
Ársæll Jónasson (sign.)

Ár 1983, laugardaginn 9. júlí, vorum við undirritaðir kvaddir vottar viðstaddir, er Ársæll Jónasson kafari undirritaði framanritaða arfleiðsluskrá að Þingholtsstræti 3 í Reykjavík. Undirritaði hann skrána af fúsum og frjálsum vilja, algáður og andlega heill, og kvað skrána hafa vilja sinn að geyma.

Reykjavík D.U.S.
Guðfinnur Árnason (sign.), 2889-7456,
Skjólbraut 7 A.
Unnsteinn Beck (sign), 8992-2356,
Smárag. 11."

Hvað varðar sjóð þann, sem erfðaskráin mælir fyrir um, að stofnaður verði, er þess að geta, að stjórn hans kom saman 9. júlí 1991 og fól Unnsteini Beck hrl. að gera skipulagsskrá fyrir hann í samræmi við fyrirmæli erfðaskrárinnar. Gerði hann skipulagsskrá 21. júlí 1991, og hefur hún verið lögð fram sem dskj. nr. 10.

Þá fundust í fórum hins látna ljósrit erfðaskrár, dagsettrar 14. október, og yfirlýsing sama dags. Einnig fannst ódagsett og óundirrituð erfðaskrá. Hér á eftir verður reifað efni þessara skjala.

1) Erfðaskrá, dagsett 14. október 1984, sem lögð hefur verið fram sem dskj. nr. 4, er svohljóðandi:

„Reykjavík 14. okt. 1984. Hér er skráð viðbót og breytingar við erfðaskrá er Unnsteinn Beck gerði 9. júlí 1983.

ERFÐASKRÁ

Ég undirritaður, Ársæll Jónasson, björgunarmaður, salvage expert og kafari, til heimilis Hringbraut 63, Reykjavík (0591-9169), sem á enga skylduerfingja, geri hér með eftirfarandi ráðstöfun á öllum eignum mínum, föstum og lausum, eftir minn dag:

1) Allar eignir mínar, hverju nafni sem nefnast, skulu renna í sjóð, er ber nafn mitt. Þrír aðilar skulu njóta styrkja úr þessum sjóði. Fyrsta árið, sem úthlutað er, skal ⅓ af tekjum sjóðsins (hreinum tekjum) fara til Björgunar-

sveitar Slysavarnafélags Íslands í Reykjavík til verkefna, er tengjast að meginefni björgun mannslífa á sjó, að því tilskildu, að jafnhá upphæð komi annars staðar frá.

⅔ hlutar af ársgóða af eignum sjóðsins skulu leggjast við höfuðstól sjóðsins, sem aldrei má skerða.

Annað árið skal einnig ⅓ af ársgóða renna til þess að gjöra veg og vélbraut (strengjabraut) upp á Kistufell í Esju, einnig með því skilyrði, að jafnhá upphæð komi annars staðar frá. Verði það ekki, skal allur ágóðahlutinn leggjast við höfuðstól sjóðsins það árið, þann er ekki má skerðast.

Þriðja ársúthlutunin, af henni skal ⅓ ganga til þess rithöfundar eða blaðamanns í Reykjavík eða hvers þess manns, er ritar og uppfræðir um kennslu í verklegri sjóvinnu og stuðlar með því að menntun og öryggi meðal íslenskra sjómanna. ⅔ hlutarnir leggjast við höfuðstólinn. Einnig skulu þær ritgerðir stuðla að því, að í Reykjavík verði byggður og starfræktur alvörusjóvinnuskóli. Rísi ágreiningur um, hver hljóta skuli ritstyrkinn, skulu siglingamálastjóri, fiskimálastjóri og formaður Farmannasambandsins eða þrír aðrir hæfir menn skera úr og ákveða, hver styrkinn skal hljóta. Ég leyfi mér að nefna í stjórn sjóðsins herra Jónas Halldórsson, Langholtsvegi, og son hans varamann, Sigurð Jónasson, Nönnugötu, formann Ferðafélags Íslands. Hilmar Foss (og hann nefni sér varamann), formann Björgunarsveitar Slysavarnafélags Íslands í Reykjavík (og hans varamann Jónas Guðmundsson rithöfund) og forseta Slysavarnafélags Íslands.

– – –

Minn hlut í Vesturgötu 24 skal selja við fyrstu hentugleika, og Bátanaust hf. skal selja við gott tækifæri í samráði við hr. Karl M. Einarsson skipasmið. Allar aðrar eignir mínar má ekki selja, en yfirfæra til eignar sjóðnum og leigja út til styrktar sjóðnum.

Reykjavík, 14. okt. 1984.
Ársæll Jónasson (sign.)

Vottar að undirskrift, dagsetningu og fjárræði:
Hilmar Foss, 4119-7587 (sign.),
Guðni Stefánsson, 3139-3671 (sign.).“

2) Yfirlýsing, dagsett 14. október 1984, sem lögð hefur verið fram sem dskj. nr. 5, er svohljóðandi:

„Reykjavík, 14. október 1984.

Hér er gerð viðbót og þar með breyting á erfðaskrá minni, er Unnsteinn Beck gerði 9. júlí 1993:

Bílskúr (verkstæði) við Hringbraut 63 skal vera eign sjóðsins eins og aðr-

ar eignir mínar og lúta sjóðstjórn. En Jónas Halldórsson og sonur hans, Sigurður, skulu hafa óskert afnot af skúrnum og þeim verkfærum og tækjum, sem þar eru, svo og aðgang að þvottahúsi og salerni í kjallara, svo sem nauðsynlegt þykir við starf þeirra í skúrnum (verkstæðinu). Leigugreiðsla skal engin vera að öðru leyti en því, sem hér greinir: Þeir feðgar skulu í staðinn: 1. Þrífa vel við skúrinn og húsið, halda við hurðum og gluggum og einnig kjallara hússins og mála á hverju vori. Þeir skulu að sjálfsögðu ekki leggja fram fé til viðgerða, það skal sjóðurinn greiða. Og allt gler skal sjóðurinn hafa tryggt. Einnig skulu þeir feðgar hreinsa og sjá um garðinn og taka hann verulegu taki til umbóta vor og haust og svo líta eftir þakplötum hússins og festa þær og laga, ef með þarf.

Um leið vil ég mælast til þess, að björgunarsveitarmenn sjái um leiði konu minnar í Fossvogsgarði og foreldra minna í Vesturbæjarkirkjugarði og, ef þeir eru á ferð við Hraungerði í Flóa, að hirða um leiði afa míns og ömmu, eins og ég hef gert. Kostnað, ef með þarf að leggja út, skal sjóðurinn greiða.

Reykjavík, 14. október 1984.
Ársæll Jónasson (sign.)

Vottar að undirskrift, dagsetningu og fjárræði:
Hilmar Foss, 4119-7587 (sign.),
Guðni Stefánsson, 3139-3671 (sign.).“

3) Erfðaskrá, ódagsett og óundirrituð, sem lögð hefur verið fram sem dskj. nr. 6, er svohljóðandi:

„Ég undirritaður, Ársæll Jónasson kafari, til heimilis Hringbraut 63, Reykjavík, gjöri hér með eftirfarandi ráðstöfun á öllum eignum mínum, föstum og lausum, eftir minn dag, en ég á engin börn á lífi né eiginkonu.

1.

Allar eignir mínar, hverju nafni sem nefnast, skulu renna í sjóð, er ber nafn mitt. Sjóðnum skal varið til styrktar nemendum í Sjóvinnuskóla Íslands og, þar til hann hefur verið stofnaður, til styrktar nemendum í Stýrimannaskóla Íslands. Alltaf skulu ⅔ af tekjum sjóðsins lagðir við höfuðstól og einungis ⅓ hluti koma til úthlutunar.

2.

Menntamálaráðuneytið skal taka við arfinum og setja skipulagsskrá um sjóðinn í samræmi við erfðaskrá þessa.

3.

Eign mína í Hringbraut 63, Reykjavík, má ekki selja, heldur skal hún eign sjóðsins og leigan að frádregnum viðhaldskostnaði renna í sjóðinn. Hlutabréf mín í Eimskipafélagi Íslands og öðrum fyrirtækjum má ekki heldur selja, heldur skulu þau skráð á nafn sjóðsins. Eign mín í Torftu í Haukadal skal skráð á nafn sjóðsins, og má sjóðurinn ekki selja hana, fyrr en hveraorkan verður virkjuð og raunverulegar tekjur af heita vatninu verða því hærri en nú er.

4.

Lausafé mitt skal yfirleitt selt á uppboði að hausti til. Málverk og aðrir listmunir skulu fara á listmunauppboð, en aðrir hlutir á almenn uppboð.

Kafaraáhöld mín skulu þó fyrst boðin Vitamálaskrifstofunni til kaups fyrir matsverð.

Frímerki mín og gullmynt má sjóðurinn fyrst selja á 100 ára afmæli mínu, þann . Þetta skal hann selja frjálsri sölu, þannig að sem mest fáist fyrir það.

5.

Bankabox mín eru nr. 33 og 303 við Búnaðarbankann í Austurstræti, nr. 433 við Landsbankann að Laugavegi 77 og nr. 433 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg, og nr. 33 í Útvegsbanka Íslands.

6.

Til þess að fara með bú mitt og afhenda það menntamálaráðuneytinu samkvæmt 2. gr. tilnefni ég þá hr.

7.

Erfðaskrá þessi skal gerð í viðurvist notarii publici og innfærð í Notarialbók Reykjavíkur. Skal afrit úr bókinni hafa sama gildi og frumrit skrárinnar, ef það skyldi glatast.

Reykjavík, ...

(Vottorð notariusar . . .)“

Við upphaf skiptameðferðar búsins barst skiptaráðanda bréf Reinholds Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, dagsett 8. mars 1990. Við bréf þetta er viðfest skjal, undirritað af Reinhold og Ársæli Jónassyni. Rétt þykir að reifa efni þessa bréfs Reinholds og viðfesta skjals, en það hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 3. Bréf Reinholds er svohljóðandi:

„Reinhold Kristjánsson hdl.,
c/o Landsbanka Íslands,
Laugavegi 7, R.

Reykjavík, 8. mars 1990.

Skiptaráðandinn í Reykjavík,
Skógarhlíð 6,
150 Reykjavík.

Sendi yður hjálagt „skjal", sem ég skrifaði 12. október 1989, er til mín kom gamall fjölskylduvinur, Ársæll Jónasson, Hringbraut 63, sem nú er látinn, hann lést 3. mars sl.

Hann bað mig þá um að útbúa erfðaskrá sína, eins og fram kemur í „skjalinu". Þá var ætlunin að útfæra hana skömmu síðar, en af því varð ekki.

Hann sagði mér jafnframt, að fyrir lægi erfðaskrá, er Unnsteinn Beck hrl. hefði útbúið, en hann vildi nú breyta henni í þá veru, er fram kemur í „skjalinu", og væri Unnsteini Beck kunnugt um þann vilja sinn.

Virðingarfyllst,
Reinhold Kristjánsson hdl. (sign.)"

Skjal það, sem fylgir bréfi Reinholds, er handskrifað og er svohljóðandi:

„Til mín kom á skrifstofu mína að Laugavegi 7, Reykjavík, 12. október kl. 3,30 Ársæll Jónasson, Hringbraut 63, Reykjavík.

Hann fól mér að útbúa erfðaskrá sína og tjáði mér, að andvirði allra eigna hans ásamt peningum í banka skyldu renna til að stofna sjóð. Úr sjóðnum skyldi síðan greiða sem nemur 45% af árlegum vöxtum til skógræktar á landeignum hans að Miðmeðalholti, Flóa, Árnessýslu, og Þingdal, Flóa, Árnessýslu. Varð að samkomulagi, að ég útfærði erfðaskrá fyrir hann á næstu dögum.

Reykjavík, 12. 10. '89
Reinhold Kristjánsson hdl. (sign.)
Rétt: Ársæll Jónasson (sign.)

Vottað:
Jakob Steingrímsson (sign.),
201243-3439."

III.

Í máli þessu hefur gefið vitnaskýrslu Unnsteinn Beck hæstaréttarlögmaður. Í skýrslu hans kom fram, að hann samdi erfðaskrá Ársæls frá 9. júlí 1983

samkvæmt fyrirsögn hans. Hvað varðar efni erfðaskrárinnar, þá hafi honum fundist hún dálítið fjarstæðukennd, eins og t. d. þetta með rennibrautina upp á Esju, og hafi hann verið að reyna að hafa Ársæl ofan að þessu, að minnsta kosti milda það svolítið. Þá hafi Ársæll talað um, að hann vildi, að tvær jarðanna austur í Flóa yrðu eingöngu notaðar til skógræktar. Hafi hann því bent Ársæli á, að það þyrfti að útfæra þetta betur, sjá til þess, að í þetta yrðu lagðir peningar og einhver aðili tilnefndur til að koma þessu í framkvæmd. Ársæll hafði svarað því til, að það væri alltaf hægt að bæta því við seinna með reglugerð um sjóðinn eða með viðbótarerfðaskrá. Eftir þetta hafi hann hitt Ársæl tvívegis á götu, þar sem þetta atriði hafi komið til umræðu. Í fyrra skiptið hafi Ársæll minnst á þetta að fyrra bragði, að hann þyrfti að fara að lagfæra þetta, sem hann hefði gert með erfðaskránni, en það hefði ekki verið meira. Í seinna skipti, er hann hitti Ársæl, hafi hann gengið á eftir honum með þetta, en Ársæll engu til svarað.

Einnig hefur gefið vitnaskýrslu í máli þessu Hilmar Foss, löggiltur skjalaþýðandi og dómtúlkur. Í skýrslu hans kom fram, að hann hefði vottað undirskrift Ársæls á erfðaskrá hans, dagsettri 14. október 1984, og yfirlýsingu sama dag. Hann hefði komið heim til Ársæls samkvæmt beiðni hans ásamt frænda sínum til að votta skjöl þessi. Skjölin hefðu verið frágengin og Ársæll farið yfir þau og sagt frá efni þeirra og tilgangi. Ekkert hefði verið rætt um form skjalanna, þ. e. Ársæll virtist hafa talið sig vera að gera lögmæta erfðaskrá. Vitnið minntist þess ekki, að Ársæll hefði rætt um, að fyrir lægi erfðaskrá sú, er Unnsteinn Beck hrl. gerði.

Þá hefur gefið vitnaskýrslu í máli þessu Reinhold Kristjánsson hdl. Hann kvað Ársæl og sig hafa verið nágranna á Hringbraut, þar sem hann hefði alist upp. Hann hefði oft hitt Ársæl á götu, sérstaklega í hádeginu. Hefði Ársæll þá nefnt við sig, að hann vildi láta sig gera nýja erfðaskrá. Hefði hann jafnframt sagt sér, að fyrir væri erfðaskrá, sem Unnsteinn Beck hefði útbúið. Ársæll hefði hins vegar ekki sagt sér frá því, af hverju hann vildi gera nýja erfðaskrá, né hefði hann sagt sér frá því, hvers efnis eldri erfðaskrá sín væri. Ársæll hefði síðan komið til sín 12. október 1989, og að beiðni hans hefði verið skrifað það, sem segir í yfirlýsingu á dskj. nr. 3. Af einhverjum ástæðum hefði svo ekkert orðið úr því, að erfðaskrá væri útbúin, en rætt hefði verið um, að það yrði gert á næstu dögum. Staðið hefði til, að Ársæll liti inn aftur, en ekki kom til þess. Vitnið kvaðst ekki vita ástæðuna til þess, að Ársæll vildi hafa yfirlýsinguna skriflega.

IV.

Sóknaraðilar reisa kröfu sína um, að erfðaskrá Ársæls Jónassonar, dagsett 9. júlí 1983, verði ekki lögð til grundvallar skiptum á dánarbúinu, á

tvennu, annars vegar á því, að arfláti hafi afturkallað hana, en hins vegar á því, að hún sé markleysa og ógild vegna efnis síns.

Sóknaraðilar telja, að erfðaskráin frá 9. júlí 1983 hafi verið afturkölluð í skilningi 2. mgr. 48. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Samkvæmt þeirri grein nægi, að arfleifandi láti ótvírætt í ljós, að hann afturkalli erfðaskrá sína, og sé hún þá úr gildi fallin. Ekki séu gerð nein ströng formskilyrði um afturköllun erfðaskráa, líkt og gert er um gerð erfðaskráa og breytingu á erfðaskrá. Þar sem engar formkröfur séu gerðar, geti tjáningarmáti varðandi afturköllun verið margs konar, ekki sé nauðsynlegt, að afturköllun sé gerð með berum orðum.

Sóknaraðilar telja, að með erfðaskrá Ársæls, dagsettri 14. október 1984, og yfirlýsingu hans sama dag, sbr. dskj. nr. 4 og 5, og með yfirlýsingu Ársæls Jónassonar og Reinholds Kristjánssonar hdl. frá 12. október 1989, sbr. dskj. nr. 3, hafi Ársæll látið ótvírætt í ljós vilja sinn til að taka erfðaskrána aftur í skilningi 2. mgr. 48. gr. erfðalaga, og sé hún því úr gildi fallin.

– – –

V.

Varnaraðilar reisa kröfur sínar á því, að erfðaskrá Ársæls Jónassonar, dagsett 9. júlí 1983, sé gild og að ekkert hafi komið fram í skjölum málsins né á annan hátt, sem leiði til ógildingar hennar. Ekki verði heldur talið, að Ársæll Jónasson hafi tekið erfðaskrána til baka. Ekkert dskj. nr. 3, 4, 5 og 6 uppfylli formkröfur erfðaskráa, og komi því ekki til skoðunar sem breyting á erfðaskránni né sem sjálfstæðar erfðaskrár. Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. laga nr. 8/1962 skal við breytingu á erfðaskrá gæta sömu formreglna og við gerð erfðaskráa.

– – –

VI.

Í máli þessu er til úrlausnar það álitaefni, hvort Ársæll Jónasson hafi afturkallað erfðaskrá sína frá 9. júlí 1983. Verði sú niðurstaða réttarins, að svo sé ekki, kemur einnig til úrlausnar, hvort erfðaskráin sé með slíkum efnisannmörkum, að telja verði hana ógilda.

Í 2. mgr. 48. gr. laga nr. 8/1962 segir: „Nú lætur arfleifandi ótvírætt í ljós, að hann afturkalli erfðaskrá sína, og er hún þá úr gildi fallin.“ Ákvæði þetta hefur verið skýrt þannig, að ekki þurfi að koma til formbundin eða skrifleg yfirlýsing frá arfleifanda um, að hann afturkalli erfðaskrá sína. Liggi slík yfirlýsing hins vegar ekki fyrir, hvílir sönnunarbyrðin á þeim, sem heldur því fram, að erfðaskrá hafi verið afturkölluð. Ljóst er af dómaframkvæmd, að ríkar kröfur verður að gera til sönnunar því, að erfðaskrá teljist afturkölluð með öðrum hætti en skriflegri yfirlýsingu arfleifanda.

Erfðaskrá sú, sem er á dskj. nr. 6, er ódagsett og óundirrituð. Er því ekki vitað, frá hvaða tíma hún er, þ. e., hvort hún er gerð fyrir eða eftir, að Ársæll undirritaði erfðaskrá sína 9. júlí 1983. Eigi er heldur vitað, hver samdi hana. Kemur því ekki til álita, að erfðaskrá þessi feli í sér afturköllun Ársæls á erfðaskránni 9. júlí 1983.

Því hefur verið haldið fram af sóknaraðilum, að með erfðaskrá, dagsettri 14. október 1984, og yfirlýsingu sama dag, sbr. dskj. nr. 4 og 5, hafi Ársæll gert svo mikla breytingu á erfðaskrá sinni frá 9. júlí 1983, að telja megi hana afturkallaða, þar sem breytingar þessar fái ekki samrýmst efnislega.

Við skýringu á erfðaskrám er það grundvallarsjónarmið ríkjandi, að ganga beri úr skugga um, hvað fyrir arfleifanda hafi vakað, er hann gerði viðkomandi arfleiðslugerning. Þegar metið er, hvort erfðaskrá Ársæls Jónassonar frá 14. október 1984 og yfirlýsing sama dag gangi í berhögg við erfðaskrá hans frá 9. júlí 1983, hlýtur því að ráða úrslitum, hvernig það mál horfði við honum sjálfum. Í erfðaskrá, dagsettri 14. október 1984, segir orðrétt: „Hér er skráð viðbót og breytingar við erfðaskrá, er Unnsteinn Beck gerði 9. júlí 1983.“ Í yfirlýsingu, dagsettri 14. október 1984, segir orðrétt: „Hér er gerð viðbót og þar með breyting á erfðaskrá minni, er Unnsteinn Beck gerði 9. júlí 1983.“ Ljóst er því, að Ársæll taldi sig vera að gera breytingar og viðbót við erfðaskrána frá 9. júlí 1984. Hann hefur ekki litið svo á, að um afturköllun á erfðaskránni væri að ræða. Hins vegar er áhorfsmál, hvort erfðaskrá Ársæls, dagsett 14. október 1984, og yfirlýsing sama dag gangi svo ótvírætt í berhögg við erfðaskrá hans frá 9. júlí 1983, að honum hefði ekki átt að geta dulist það, að skjöl þessi fælu í raun í sér afturköllun á henni. Erfðaskráin frá 14. október 1984 er efnislega áþekk erfðaskránni frá 9. júlí 1983. Mælt er fyrir um stofnun sjóðs, er beri nafn Ársæls. Tiltekið er, hverjir skuli sitja í stjórninni. Er um sömu aðila að ræða að því undanskildu, að í stað formanns Björgunarsveitarinnar Ingólfs er kominn formaður Slysavarnafélags Íslands í Reykjavík. Í báðum erfðaskránum er lagt bann við sölu fasteigna. Meginbreytingin felst í því, að þrír aðilar njóta styrkja úr sjóðnum í stað tveggja áður. Nýr gjafþegi bætist við, þ. e. rithöfundur, blaðamaður eða hver sá maður, sem ritar og uppfræðir um kennslu í verklegri sjóvinnu. Þá nefnir Ársæll Björgunarsveit Slysavarnafélags Íslands í Reykjavík gjafþega í stað Björgunarsveitarinnar Ingólfs. Tilgangur styrkveitinganna til ferðafélagsins og björgunarsveitarinnar er enn hinn sami, þ. e. annars vegar að gera vélknúna strengjabraut upp á Kistufell í Esju, en hins vegar að styrkja björgunarverkefni. Ljóst er því, að Ársæll hefur hugsað sér að bæta við nýjum gjafþega á kostnað hinna fyrri. Þeir fá nú ⅓ hluta árstekna sjóðsins þriðja hvert ár í stað ½ hluta árstekna sjóðsins annað hvert ár.

Fram hefur komið í málinu, að Slysavarnafélag Íslands skiptist í margar deildir, og nefnist Reykjavíkurdeildin Ingólfur. Björgunarsveit Ingólfs er því í raun sami aðili og Björgunarsveit Slysavarnafélags Íslands í Reykjavík. Ekki verður því fullyrt, að um afturköllun á gjafþega sé að ræða að þessu leyti.

Í yfirlýsingu, dagsettri 14. október 1984, mælir Ársæll fyrir um, að frændi sinn, Jónas Halldórsson, og Sigurður, sonur Jónasar, megi hafa afnot af bílskúr við Vesturgötu 63. Þá mælir hann fyrir um, að björgunarsveitarmenn skuli hirða um leiði eiginkonu sinnar og tiltekinna skyldmenna. Ekki verður annað séð en breytingar þessar séu samrýmanlegar erfðaskránni frá 9. júlí 1983. Fasteignina Hringbraut 63 má ekki selja, og því stangast afnotaréttur feðganna ekki á við ráðstöfunarrétt sjóðsins á fasteigninni. Samkvæmt framansögðu verður því ekki talið, að erfðaskrá Ársæls frá 14. október 1989 og yfirlýsing hans sama dag feli í sér svo mikla breytingu á erfðaskránni frá 9. júlí 1983, að hún sé í raun óframkvæmanleg og því beri að líta á hana sem afturkallaða. Aftur á móti verður ekki litið á breytingar þessar sem gildar, þar sem þær fullnægja ekki skilyrðum 1. mgr. 48. gr. laga nr. 8/1962.

Sóknaraðilar hafa haldið því fram, að í yfirlýsingu Ársæls Jónassonar og Reinholds Kristjánssonar hdl. 12. október 1989 komi skýrt fram, að Ársæll ætli gjafþegum samkvæmt erfðaskrá sinni frá 9. júlí 1983 engan hlut í arfi eftir sig, og sé það fullnægjandi sönnun fyrir því, að hann hafi ótvírætt tekið aftur erfðaskrána. Eins og fram hefur komið í málinu, bað Ársæll Reinhold Kristjánsson hdl. að útbúa erfðaskrá sína með ákveðnu efni. Ársæll tjáði Reinhold jafnframt, að fyrir lægi erfðaskrá, er Unnsteinn Beck hrl. hefði útbúið, en hann vildi nú breyta henni. Reinhold skrifaði hjá sér, hvers efnis erfðaskráin ætti að vera. Samkvæmt því áttu allar eigur Ársæls að renna í sjóð. Úr sjóðnum skyldi síðan greiða sem næmi 45% af árlegum vöxtum til skógræktar á landareignum hans að Miðmeðalholti, Flóa, Árnessýslu, og Þingdal, Flóa, Árnessýslu. Varð að samkomulagi með Reinhold og Ársæli, að hinn fyrrnefndi myndi útfæra fyrir hann erfðaskrá á næstu dögum. Af því varð þó ekki, og andaðist Ársæll tæpum sex mánuðum síðar án þess að hafa gert nýja erfðaskrá, svo að vitað sé. Í 2. mgr. 48. gr. laga nr. 8/1962 er áskilið, að arfleifandi afturkalli erfðaskrá sína með ótvíræðum hætti. Verður því að gera þá kröfu, að um fullnaðarákvörðun hans sé að ræða. Ráðagerðir arfleifanda um að gera nýja erfðaskrá verða almennt ekki taldar fela í sér slíka fullnaðarákvörðun. Með hliðsjón af þessu, og einnig því, að líkur leiða til þess, að Ársæll hafi einungis ætlað að breyta erfðaskránni frá 9. júlí 1983 með gerð nýrrar erfðaskrár, verður ekki talið, að yfirlýsing hans og

Reinholds Kristjánssonar hdl. feli í sér ótvíræða afturköllun hans á erfðaskránni.

Þar sem niðurstaða réttarins er sú, að sóknaraðilum hafi ekki tekist að færa að því sönnur, að Ársæll Jónasson hafi á þann ótvíræða hátt, er 2. mgr. 48. gr. laga nr. 8/1962 krefst, látið í ljós vilja sinn til að afturkalla erfðaskrá sína frá 9. júlí 1983, kemur til úrlausnar, hvort erfðaskráin sé með slíkum efnisannmörkum, að telja verði hana ógilda. Því hefur verið haldið fram af hálfu sóknaraðila, að ákvæði erfðaskrárinnar þess efnis, að framlögum úr sjóðnum skuli varið til að gera vélknúna strengjabraut upp á Kistufell í Esju, sé víðáttufjarri öllum raunveruleika og algjör markleysa. Þá séu ákvæði í erfðaskránni um bann við sölu eigna og ráðstöfun fjár úr sjóðnum með þeim hætti, að þau séu vart framkvæmanleg, svo að vit sé í. Rétturinn getur fallist á, að um allsérstæð ákvæði sé að ræða. Hins vegar ber að líta til þess, að Ársæll var félagi í Ferðafélagi Íslands frá árinu 1941 og því ekki óeðlilegt, að hann vildi stuðla að greiðari samgöngum fyrir ferðafólk með einhverjum hætti. Enda þótt erfðaskráin banni sölu eigna, er ljóst, að í búi þessu eru það miklir fjármunir, að arður af þeim mun vera töluverður, þrátt fyrir það að leggja verði fram fé til viðhalds þeirra eigna, sem bannað er að selja. Verður því ekki á það fallist með sóknaraðilum, að framangreind ákvæði erfðaskrárinnar beri að meta ógild á grundvelli 39. gr. laga nr. 8/1962.

Samkvæmt þessu verður erfðaskrá Ársæls Jónassonar frá 9. júlí 1983 lögð til grundvallar við skipti á dánarbúi hans.

Með hliðsjón af atvikum málsins þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Kolbrún Sævarsdóttir, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila máls þessa er hafnað.

Erfðaskrá Ársæls Jónassonar, dagsett 9. júlí 1983, skal lögð til grundvallar við skipti á dánarbúi hans.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 2. nóvember 1994.

Nr. 434/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Þorsteini Þorsteinssyni
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. október sl., sem barst Hæstarétti 31. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst varnaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Loks krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess í greinargerð til Hæstaréttar með vísan til a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til kl. 16.00 miðvikudaginn 30. nóvember 1994. Kveður sóknaraðili kröfu um lengingu gæsluvarðhalds fram setta innan tímamarka 2. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991. Kæru til æðra dóms skal beint til héraðsdómara samkvæmt 3. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991 innan þeirra tímamarka, er 2. mgr. ákvæðisins kveður á um. Þessa hefur sóknaraðili ekki gætt. Kemur því eigi til álita krafa um lengingu gæsluvarðhalds.

I.

Lýsingu málsatvika er ábótavant í hinum kærða úrskurði. Lögreglan var kvödd að bifreiðastæði við Dyrhamra 2 í Reykjavík um kl. 20.30 að kvöldi föstudagsins 28. október sl. vegna líkamsárásar. Skömmu síðar kom þar að Sigurey Finnbogadóttir, kærandi í máli þessu. Var hún þar með systur sinni. Flutti lögregla hana á slysadeild Borgarspítalans til aðhlynningar. Gekkst hún þar undir réttarlæknisfræðilega rannsókn á slysadeild strax eftir komu þangað.

Samkvæmt skýrslu Önnu Þ. Salvarsdóttur læknis, er skoðaði kæranda, var hún marin á lærum og burðarbarmi, og voru sæðisfrumur í sýnum, er tekin voru úr leghálsi og leggöngum. Þá hefur verið lagt fyrir Hæstarétt læknisvottorð Brynjólfs Jónssonar, læknis á slysa- og bæklunarlækningadeild Borgarspítalans, dagsett 31. október sl. Þar segir meðal annars um áverka kæranda:

> „Töluverðir áverkar hér og hvar á líkamanum. Brot í andliti og nefbeini, en þó þarf sennilega ekki að meðhöndla það sérstaklega.
> Grunur um brot í hryggjarlið og brot í vi. sperrilegg, þarf sennilega ekki meðhöndlunar við nema að ganga á hækjum, þar til eymsli ganga yfir, en búast má við, að brotið taki um 2 mánuði að gróa. Mar og bólga á öllum útlimum og í andliti og á höfði. Merki um, að hálstök hafi verið tekin. Ekki grunur um, að tjónþoli hafi verið undir áhrifum áfengis."

Rannsóknarlögreglumenn ræddu við kæranda á gæsludeild slysadeildar Borgarspítalans 29. október sl. Í skýrslu þeirra er haft eftir henni, að varnaraðili hafi óskað aðstoðar hennar við undirbúning veislufanga. Í þeim erindagjörðum hafi kærandi komið á heimili varnaraðila að Hlíðarhjalla 20 í Kópavogi. Varnaraðili hafi þá augljóslega verið byrjaður að neyta áfengis. Hafi hann orðið mjög æstur í skapi og skyndilega ráðist að kæranda, hent henni til, lamið og sparkað í hana. Aðfarir varnaraðila hafi endað með því, að hann hafi nauðgað henni. Hafi hann rifið hana úr buxum og nærbuxum, ýtt henni upp að ísskáp í eldhússkrók, sveigt hana aftur og haft við hana samræði. Hafi kæranda tekist að komast inn í baðherbergi og læsa þar að sér. Varnaraðili hafi brotið upp hurðina og ráðist aftur að kæranda. Hann hafi þá róast og kæranda tekist að komast á brott úr íbúðinni og að heimili sínu á bifreið sinni. Atlaga varnaraðila að kæranda hafi staðið samfellt í um tvær og hálfa klukkustund. Er kærandi hafi komið akandi heim til sín, hafi varnaraðili verið þangað kominn. Þar hafi hann veist að henni, þar sem hún sat í bifreið sinni, og brotið hliðarrúðu í bílnum.

Varnaraðili var handtekinn kl. 20.44 sama kvöld við félagsheimili við Rafstöðvarveg. Var hann samkvæmt lýsingu lögreglu augljós-

lega undir áhrifum áfengis og með áverka á brjósti og því fluttur á slysadeild Borgarspítalans til aðhlynningar. Við lögregluyfirheyrslu 29. október sl. kvað varnaraðili kæranda hafa komið á heimili sitt umræddan dag, þar sem hún hefði meðal annars drukkið áfengi. Þau hefðu síðan haft samfarir með vilja hennar. Síðar hefði komið upp ósætti á milli þeirra og átök. Kvaðst varnaraðili sennilega hafa slegið til kæranda, en hún lagt til hans með einhverju eggvopni. Þá viðurkenndi varnaraðili að hafa brotið upp baðherbergishurð og að hafa ráðist á kæranda inni í baðherberginu, þannig, að hann hefði slegið hana í andlit með höndum og hæft hana með þeim afleiðingum, að hún fékk glóðarauga. Varnaraðili neitaði að hafa nauðgað kæranda.

Er varnaraðili var færður fyrir dóm vegna kröfu um gæsluvarðhald, kvað hann kæranda hafa átt upptök átakanna með því að særa hann á brjósti með eggjárni. Áverka hennar kvað hann stafa að einhverju leyti af líkamsárás, sem hún hefði orðið fyrir um hálfum mánuði áður. Neitaði hann sem fyrr að hafa nauðgað kæranda.

II.

Fyrir liggur rökstuddur grunur um brot varnaraðila gegn 1. mgr. 194. gr. og 1. eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Varnaraðili hefur neitað því að hafa veist að kæranda með þeim hætti, er hún greinir frá. Enn er ólokið veigamiklum þáttum í rannsókn málsins, og getur varnaraðili torveldað framgang hennar. Með vísan til þessa svo og a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt, að hann sæti gæsluvarðhaldi. Málið sætir nú frumrannsókn hjá lögreglu. Verður gæsluvarðhald varnaraðila, eins og málið er nú statt, ekki jafnframt byggt á 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Samkvæmt því verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Er varnaraðili var færður fyrir héraðsdóm 29. október sl., lét héraðsdómari við það eitt sitja að færa til þingbókar stutta athugasemd varnaraðila um kæruefnið. Var engin sjálfstæð skýrsla tekin af honum um sakarefnið. Sá háttur á meðferð málsins var með öllu óviðunandi og þá sérstaklega í ljósi hins alvarlega kæruefnis. Málsmeðferð þessa, er fór í bága við meginreglur opinbers réttarfars um yfirheyrslu fyrir dómi, ber að átelja.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 29. október 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur í dag krafist þess, að Þorsteini Þorsteinssyni, kt. 210755-4629, lögheimili Barmahlíð 1, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi í allt að 32 daga, til miðvikudagsins 30. nóvember 1994 kl. 16.00. Vísar hún um lagarök til a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Þykir henni ætluð brot kærða varða við 194. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, 2. mgr. 218. gr. og 1. mgr. 266. gr. sömu laga.

Kærði hefur fyrir dóminum mótmælt með öllu gæsluvarðhaldskröfunni. Hann hefur neitað því, að hann hafi gerst sekur um nauðgun. Hann hefur og haldið því fram, að meintur brotaþoli hafi átt upphaf að ofbeldisverkum í máli þessu. Verjandi kærða hefur mótmælt því, að krafan um gæsluvarðhald nái fram að ganga. Telur hann, að hvorki 1. mgr. né 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 eigi við í máli þessu.

Frumskýrsla í máli þessu er tímasett í gær kl. 20.34 og er skráð af lögreglumanni í Reykjavík. Samkv. skýrslu, tímasettri í dag kl. 12.31 kærir [...] kærða í máli þessu fyrir nauðgun og líkamsárás. Lögregla handtók kærða í gærkvöld kl. 20.44.

Fram er komið í málinu eftirfarandi:

Kærandi, X, kom á heimili kærða á Hlíðarhjalla 20, Kópavogi, síðdegis í gær, um eða upp úr kl. 17. Þar urðu mikil átök milli kærða og kæranda, ætlaðs brotaþola. Í framburðarskýrslu kærða kemur m. a. fram, að X hafi læst sig inni á baðherbergi. Viðurkennir kærði að hafa brotið upp baðherbergishurðina. Orðrétt er haft eftir honum: „Ég réðst á hana inni á baðherberginu og skutlaði henni út af baðherberginu. Þá sparkaði ég eitthvað í hana líka, einhvers staðar neðan við mitti, lærin á henni eða rassinn.“ Einnig er haft eftir honum: „Ég hef líklega slegið hana í andlitið með höndunum og hæft hana þannig, að hún hafi fengið glóðaraugu.“

Meintur brotaþoli komst út úr íbúð kærða og ók heim til sín. Kærði fylgdi henni eftir, og fyrir utan íbúð hennar braut hann rúðu í bíl hennar, og var hún þá í bílnum.

Læknir komst að þeirri niðurstöðu við skoðun á meintum brotaþola, X, að hún væri „í hroðalegu ástandi, andlega og líkamlega,“ einnig: „Skoðun á brotaþola styður frásögn hennar um hrottalega líkamsárás og nauðgun.“

Að framanrituðu athuguðu telur dómari, að sýnt hafi verið fram á, að rökstuddur grunur leiki á, að kærði hafi gerst sekur um brot á 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, og 2. mgr. 218.

gr. sömu laga. Jafnframt er ljóst, að mál þetta er ekki að fullu upplýst. Telur dómari, að fullnægt sé skilyrðum í 1. mgr., a-liðar, 103. gr. laga nr. 19/1991 til að verða við kröfunni um gæsluvarðhald. Hann telur hins vegar, að ekki hafi verið sýnt fram á, að 2. mgr. sömu lagagreinar eigi við í málinu.

Eftir atvikum, eins og þau hafa verið skýrð skriflega og munnlega, þykir dómara rétt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi í tvær vikur frá handtöku hið lengsta, til föstudags 11. nóvember 1994 kl. 20.00.

Úrskurðarorð:

Þorsteinn Þorsteinsson, kt. 210755-4629, sæti gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til föstudagsins 11. nóvember 1994 kl. 20.00.

Fimmtudaginn 3. nóvember 1994.

Nr. 435/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Steinari Braga Lemacks
(Guðmundur Ágústsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 28. október sl., sem barst réttinum 31. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og kærumálskostnaður dæmdur.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. október 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Steinari Braga Lemacks, kt. 230378-5259, Esjugrund 10, Kjalarnesi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 22. nóvember 1994 kl. 16.00.

– – –

Samkvæmt því, sem að framan greinir, er brotaferill kærða undanfarna tvo mánuði svo til óslitinn. Þannig hefur hann ekki látið skipast við gæsluvarðhald það, sem hann sætti frá 15.–19. september sl. Eru brot þau, sem kærði gekkst við fyrir þann tíma, hliðstæð þeim brotum, sem hann hefur játað að hafa framið, eftir að gæsluvarðhaldi lauk. Samkvæmt því þykir rík ástæða til að ætla, að kærði muni, ef hann fer frjáls ferða sinna, halda áfram afbrotum, meðan máli hans er ólokið.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga

nr. 19/1991 þykir því verða að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða, en nægjanlegt þykir þó, að kærði sæti gæsluvarðhaldi til mánudagsins 14. nóvember nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Steinar Bragi Lemacks, sæti gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til mánudagsins 14. nóvember nk. kl. 16.00.

Fimmtudaginn 3. nóvember 1994.

Nr. 270/1991. **Oddgeir H. Steinþórsson**
Halldór Guðmundsson
Kristján Guðmundsson og
Eygló Guðjónsdóttir
(Jóhann Þórðarson hrl.)
gegn
Húsgagnaframleiðslunni hf.
(Jón Magnússon hrl.)

Fasteignakaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. júní 1991. Þau krefjast, að stefnda verði gert að greiða sér 1.282.841 krónu með dráttarvöxtum frá 15. nóvember 1988 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendum verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í héraði og við áfrýjun héraðsdóms var dánarbú Halldórs Alexanderssonar meðal aðila að málinu og Eygló Guðjónsdóttir í fyrirsvari fyrir það. Fyrir Hæstarétti hefur verið lýst yfir, að Eygló sitji í óskiptu búi eftir Halldór Alexandersson. Samkvæmt því og með vísan til 12. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sbr. 7. gr. laga nr. 48/1989, ber með réttu að líta svo á, að Eygló Guðjónsdóttir sé aðili að málinu, en ekki umrætt dánarbú.

Kröfur stefnda á hendur áfrýjendum, sem hann gerði í aðalsök í héraði, eru í meginatriðum reistar á mati dómkvaddra manna á verðmætaaukningu, sem hafi orðið á fasteigninni Tangarhöfða 2 í Reykjavík vegna framkvæmda stefnda við hana á tímabilinu, frá því að hann keypti hana af áfrýjendum 25. febrúar 1988, þar til hinir síðarnefndu lýstu yfir riftun kaupanna 2. maí sama ár. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður að staðfesta niðurstöðuna þar um kröfur stefnda, sem eiga rætur að rekja til frágangs á lofti, múr-

húðunar og raflagna, að frádregnum kostnaði vegna annmarka á fyrstnefnda verkþættinum, en þetta eru liðir 1.1., 1.2., 2.1. og 3.1. í matsgerð. Varðandi kröfu, sem stefndi byggir á lið 4.1. í matsgerð, verður á hinn bóginn að líta til þess, að hann krefst þar greiðslu á matsverði loftljósa og ljósapera, sem sannað er, að áfrýjendur buðu honum að fjarlægja úr húsinu að Tangarhöfða 2, skömmu eftir að matsgerðin lá fyrir. Að svo vöxnu máli þykir stefndi ekki eiga rétt til greiðslu úr hendi áfrýjenda á matsverði þessara muna, 65.000 krónum. Fjárhæð sú, sem stefnda var dæmd úr hendi áfrýjenda í aðalsök í héraði, verður því lækkuð sem þessu nemur, í 466.512 krónur. Hefur þá eins og í héraðsdómi verið tekin með í reikninginn fjárhæðin, sem stefndi hefur sjálfur boðið fram sem greiðslu til áfrýjenda á húsaleigu fyrir mars og apríl 1988.

Fjárhæð kröfunnar, sem áfrýjendur hafa uppi á hendur stefnda fyrir Hæstarétti, er hin sama og þau gerðu í gagnsök í héraði, og er hún sundurliðuð í hinum áfrýjaða dómi. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem hefur ekki verið gagnáfrýjað, verða 1., 3. og 8. liður í kröfum áfrýjenda teknir til greina með 104.244 krónum, eins og var gert í héraði, en að öðru leyti verður kröfum þeirra hrundið. Til kröfu áfrýjenda vegna kostnaðar af matsgerð dómkvaddra manna verður þó litið við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt þessu verður niðurstaðan sú, að áfrýjendum verður gert að greiða stefnda 362.268 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði. Þegar tekið er tillit til þess, að áfrýjendur stóðu straum af kostnaði vegna matsgerðar, en stefndi hefur stutt kröfur sínar við hana, og til annarra atvika þykir rétt, að aðilar beri hver sinn kostnað af málinu í héraði, en áfrýjendum verður gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og mælt er fyrir um í dómsorði.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Oddgeir H. Steinþórsson, Halldór Guðmundsson, Kristján Guðmundsson og Eygló Guðjónsdóttir, greiði sameiginlega stefnda, Húsgagnaframleiðslunni hf., 362.268 krónur með 27,6% ársvöxtum frá 15. nóvember 1988 til 1. desember 1988, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1989, 24% árs-

vöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1989, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1989, 38,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1989, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1989, 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1989, 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1989, 38,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1989, 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1990, 37,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1990, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 27. mars 1990, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Áfrýjendur greiði sameiginlega stefnda 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. júní 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. maí sl., höfðaði Jón Magnússon hrl. f. h. Húsgagnaframleiðslunnar hf., kt. 620182-0529, Smiðshöfða 10, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 23. mars 1990, gegn Oddgeiri H. Steinþórssyni, kt. 130431-4969, Háagerði 67, Reykjavík, Halldóri Guðmundssyni, kt. 100722-2839, Akurgerði 8, Reykjavík, Kristjáni Guðmundssyni, kt. 290429-3669, Akurgerði 8, Reykjavík, og Eygló Guðjónsdóttur, kt. 120235-5919, Bugðulæk 14, Reykjavík, vegna dánarbús Halldórs Alexanderssonar.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndu verði dæmd in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 788.000 kr., að frádregnum 156.488 kr., samtals 631.512 kr., með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur aðalstefndu eru krafa um sýknu af öllum kröfum aðalstefnanda í aðalsök og að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða aðalstefndu málskostnað [...].

Með gagnstefnu, þingfestri 24. apríl 1990, höfðuðu aðalstefndu gagnsakarmál á hendur aðalstefnendum.

Dómkröfur gagnstefnenda eru þær, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða þeim 1.282.841 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Gagnstefndi krefst sýknu af öllum kröfum gagnstefnenda og að sér verði tildæmdur málskostnaður úr hendi gagnstefnenda í gagnsök skv. gjaldskrá LMFÍ.

Leitað var um sáttir í málinu án árangurs.

Málavextir.

Hinn 18. febrúar 1988 gerði stefnandi kauptilboð í húseign aðalstefndu við Tangarhöfða 2 í Reykjavík. Tilboðinu var tekið, og 25. febrúar 1988 var undirritaður kaupsamningur milli aðila um fasteignina. Samkvæmt kaupsamningi þessum skyldi aðalstefnandi greiða kaupverð eignarinnar þannig:

1. Með víxli, samþykktum við gerð samnings, með gjalddaga 25. apríl 1988	kr.	6.000.000,00
2. Eftirstöðvar með lánskjaravísitölutryggðum veðskuldabréfum með 16 afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. desember 1988. Skuldabréf þessi skyldu tryggð með 2. veðrétti næst á eftir veðleyfi á 1. veðrétti fyrir láni úr Iðnlánasjóði, kr. 6.000.000, fyrir gr. skv. lið 1.	–	14.000.000,00
	Kr.	20.000.000,00

Aðalstefnandi fékk eignina afhenta 1. mars 1988 nema þann hluta kjallara, sem seljendur notuðu sjálfir, en sá hluti hússins skyldi afhentur í maí 1988. Hluti húsnæðisins var í leigu, og tók aðalstefnandi við leigu fyrir afnot 1. hæðar hússins í mars 1988. Eftir að aðalstefnandi fékk eignina afhenta, byrjaði hann á ýmsum framkvæmdum á 2. hæð hússins.

Aðalstefnandi greiddi ekki ofangreindan víxil, að fjárhæð 6.000.000 kr. Með bréfi, dags. 2. maí 1988, dskj. 8, riftu aðalstefndu kaupunum, og 2. sept. 1988 óskuðu aðalstefndu eftir dómkvaðningu matsmanna til þess að meta til verðs framkvæmdir aðalstefnanda í eigninni. Í matsbeiðni segir m. a. svo: „Lagt verði fyrir matsmennina, að þeir taki tillit til þeirra galla, sem á verkinu eru, að þeir taki tillit til þeirra framkvæmda, sem ekki koma umbj. m. að notum, og þær sérstaklega metnar, að fram komi í matinu, hversu mikill verðmunur er á því að sementsbera veggina í stað þess að múrhúða þá, að hver sé verðmunur á því að einangra veggina eða ekki, að einangrunarplast það, sem í veggina fór, sé sérstaklega metið."

Í matsgjörð hinna dómkvöddu matsmanna segir m. a. svo undir liðnum

Loft:

– – –

Það, sem nýtist af framangreindu verki, er þá vindvarnarlag og einangrun, og metum við það sem hér segir:

Efni, akstur, útréttingar	kr.	125.000,00
Vinna	–	120.000,00
Samtals	kr.	225.000,00 (sic)

1.2. Vinnu við að rífa plötur úr loftum, taka niður lampa, hreinsun og brottflutning metum við á 38.000,00 kr.

Múrhúðun:

– – –

Matsmenn meta allan kostnað við það múrverk, sem kaupandi lét framkvæma á hæðinni, sem hér segir:

Efni, vélaleiga, flutningar	kr.	115.000,00
Einangrunarplast á gafl	–	15.000,00
Vinna	–	260.000,00
Samtals	kr.	390.000,00

2.2. Ef gaflveggur að vestanverðu hefði verið sementskústaður, en ekki múrhúðaður, hefði kostnaður við múrverkið lækkað um 30.000,00 kr.

2.3. Ef austurgafl hefði líka verið sementskústaður, en ekki einangraður og pússaður, hefði kostnaður við múrverkið lækkað til viðbótar um 57.000,00 kr.

Raflagnir:

– – –

Ljóst er, að fyrirkomulag, uppsetning og frágangur miðast hér við einhvers konar starfsemi, er lýtur að iðnaði. Matsmenn geta engan veginn svarað því, hvort fyrirkomulag á þessum rafbúnaði er óheppilegt á einhvern veg, en telja má líklegt, að alls konar breytingar séu vel framkvæmanlegar, þar sem rennurnar eru allar utanáliggjandi.

Heildarkostnað metum við sem hér segir:

Efni, útréttingar, akstur	kr.	55.000,00
Vinna	–	53.000,00
Samtals	kr.	108.000,00

4.1. Andvirði 18 ljósalampa með 36 perum telst hæfilega áætlað 65.000,00 kr.

Lokanir á tveimur opum fyrir efnisinntöku á 2. hæð nýtast, uns nýjar hurðir verða settar upp.

Matsfjárhæðir samkvæmt:

lið 1.1.	kr.	225.000,00
lið 2.1.	–	390.000,00

lið 3.1.	–	108.000,00
lið 4.1.	–	65.000,00
Samtals	kr.	788.000,00

Matsfjárhæðir samkvæmt:

lið 1.2.	kr.	38.000,00
lið 2.2.	–	30.000,00
lið 2.3.	–	57.000,00
Samtals	kr.	125.000,00

Áður en aðalstefndu óskuðu eftir dómkvaðningu matsmanna, höfðu þeir óskað eftir skoðun byggingarfulltrúans í Reykjavík á húsnæðinu. Skoðun þessi fór fram 13. júní, og á dskj. 17 er umsögn byggingarfulltrúa um skoðun þessa, dags. 24. júní 1988. Í umsögn þessari segir m. a. svo: „Að mínum dómi er hér ekki uppfyllt ákvæði byggingarreglugerðar um útloftun ofan á einangrun, þar sem hún liggur alveg upp að klæðningu. Frágangi rakavarnarlags er mjög ábótavant, sums staðar vantar vörn alveg, t. d. á milli stálbitapara, og lokun við einangrun á útvegg er algerlega ófullnægjandi.

Það er ekki reglugerðaratriði að setja loftklæðningu á lista, þar sem raflagnir eru lagðar utan á veggi. En gera verður þá kröfu, að plöturnar fái fullnægjandi festingu. Á gafli hússins eru útloftunarrör og frárennslisstofnar frá kjallara og 1. hæð, sem ekki hafa verið framlengdir upp úr þaki, svo sem reglugerð kveður á um."

Aðalsök máls þessa höfðaði aðalstefnandi til heimtu greiðslu fyrir þær framkvæmdir, sem hann annaðist í húseigninni, að frádreginni húsaleigu fyrir þann tíma, sem hann hafði afnot húsnæðisins, þ. e. mars og apríl 1988.

Gagnstefnendur höfðuðu gagnsök málsins til heimtu bóta vegna tjóns, sem þeir telja sig hafa beðið vegna vanefnda aðalstefnanda.

Málsástæður og rökstuðningur aðalstefnanda.

Aðalstefnandi segir það hafa verið forsendu tilboðs og kaupsamnings af sinni hálfu, að hann fengi lánafyrirgreiðslu, og það hafi aðalstefndu verið fullkunnugt um. Þessi lánafyrirgreiðsla hafi brugðist, og því hafi aðalstefnandi ekki getað staðið í skilum með greiðslu kaupverðsins.

Aðalstefnandi reisir kröfur sínar í aðalsök á framangreindri matsgjörð og leggur niðurstöðu matsins, 788.000 kr., til grundvallar kröfu sinni. Frá þeirri fjárhæð dregur stefnandi húsaleigu, 59.244 kr. á mánuði í tvo mánuði, mars og apríl 1988, 118.488 kr., svo og 38.000 kr. vegna liðar 1.2. í matsgjörð.

Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að samið hafi verið um milli aðalstefnanda og aðalstefndu, að aðalstefnandi fengi greiddan þann kostn-

að, sem hann hafði lagt í við framkvæmdir á fasteigninni Tangarhöfða 2, eystri hluta, að frádregnu því, sem talið væri gallað. Þegar gengið var frá riftun kaupsamnings aðila, hefði verið frá því gengið, að uppgjör aðila yrði með þessum hætti. Krafa aðalstefndu um dómkvaðningu matsmanna til þess að meta þau verk, sem aðalstefnandi hafði látið vinna á eigninni, hafi verið vegna þess, að ágreiningur hefði verið um, hvaða fjárhæðir skyldu lagðar til grundvallar, en á þeim tíma hefði ekki verið ágreiningur um það, að aðalstefndu bæru ótvíræða greiðsluskyldu gagnvart aðalstefnanda vegna þeirra framkvæmda, sem nýtanlegar væru á eigninni og aðalstefnandi hafði látið framkvæma.

Um rökstuðning fyrir kröfum sínum vísar aðalstefnandi í meginreglur samningaréttar og kröfuréttar og telur, að gildur samningur hafi verið gerður um framangreind atriði. Vaxtakröfur aðalstefnda eru studdar lögum nr. 25/1987 ásamt síðari breytingum. Málskostnaðarkrafa er rökstudd með vísan til 12. kafla l. nr. 85/1936.

Um rökstuðning fyrir sýknukröfu í gagnsök hefur gagnstefndi vísað til málsástæðna og rökstuðnings í aðalsök. Jafnframt er bent á, að gagnstefnandi hafi ekki fært fram nokkur efnisleg rök eða sannanir til stuðnings kröfum sínum. Í gagnsök sé ekki að neina leyti skilgreint, í hverju umstefnt tjón gagnstefnenda sé fólgið. Engin sundurliðun liggi fyrir og engin gögn. Áliti byggingarfulltrúa í Reykjavík á dskj. 17 er mótmælt sem röngu og óstaðfestu.

Málsástæður og rökstuðningur aðalstefndu í aðalsök og gagnstefnenda í gagnsök.

Sýknukrafa aðalstefndu í aðalsök er rökstudd með því, að aðalstefnandi eigi ekkert inni hjá aðalstefndu, þar sem tjón aðalstefndu af vanefndum aðalstefnanda sé miklu meira en andvirði þeirra framkvæmda, sem aðalstefnandi lét gera á Tangarhöfða 2.

Kröfur í gagnsök eru reistar á því, að aðalstefnandi hafi valdið gagnstefnanda tjóni vegna vanefnda á kaupsamningnum, og skv. meginreglum samninga- og kröfuréttar beri aðalstefnanda að bæta gagnstefnendum það tjón, sem þeir hafa orðið fyrir vegna vanefndanna.

Um sundurliðun á gagnkröfu vísar gagnstefnandi til dskj. 10, þó þannig, að 12. liður fellur út, en 13. liður er hækkaður í 500.000 kr., og þannig fá gagnstefnendur út, að heildartjón gagnstefnenda nemi 1.560.841 krónu. Frá þeirri fjárhæð draga gagnstefnendur 125.000 kr. vegna efnis í lofti, 100.000 kr. vegna múrverks og 53.000 kr. vegna raflagnaefnis, samtals 278.000 kr. Þannig verður höfuðstóll gagnkröfunnar 1.282.841 kr., eins og segir í greinargerð gagnstefnenda.

Á áðurnefndu dskj. 10, sem er bréf lögmanns gagnstefnenda til lögmanns gagnstefnda, dags. 26. janúar 1989, er sundurliðað það tjón, sem gagnstefnendur telja sig hafa orðið fyrir vegna vanefnda gagnstefnda á kaupsamningi. Tjón þetta er sundurliðað þannig:

1. Stimpilgjald af víxli	kr.	15.000,00
2. Kostnaður vegna yfirfærslu á veðskuld	–	3.120,00
3. Leigutekjur á 1. hæð marsm. 1988	–	59.244,00
4. Töpuð afnot af 2. hæð mars/nóv. 1988	–	533.196,00
5. Timbur, sem fylgdi með í sölunni	–	15.000,00
6. Orkunotkun	–	8.200,00
7. Niðurrif skv. matslið 1.2.	–	38.000,00
8. Niðurrif á einangrun, sbr. skýringar	–	38.000,00
9. Kostnaður vegna beiðni um dómkvaðningu matsmanna, söluskattur og réttargjöld	–	17.541,00
10. Kostnaður matsmanna	–	109.540,00
11. Lögfræðileg aðstoð auk söluskatts	–	224.000,00
13. Ósundurliðað tjón eigenda, m. a. vegna vinnutaps og annars skaða	–	500.000,00
14. Vextir vegna útlagðs fjár og af töpuðum tekjum frá falldegi til greiðsludags.		

Aðalstefndu vísa einnig til dskj. nr. 10 um athugasemdir við matsgjörð dómkvaddra matsmanna svo og til fram lagðra ljósmynda á dskj. 16 og bréfs byggingarfulltrúans í Reykjavík á dskj. 17.

Í áðurgreindu bréfi lögmanns aðalstefndu á dskj. 10 eru gerðar athugasemdir við matsgjörðina.

Í fyrsta lagi varðandi matslið 1.1.: Þar er vinnulið 120.000 kr. mótmælt, þar sem rífa þurfi niður einangrunina til þess að geta gengið frá einangruninni í samræmi við gildandi byggingarreglugerð, sbr. og umsögn byggingarfulltrúans í Reykjavík 24. júní 1988. Kostnaðarauka við þetta beri að áætla 38.000 kr. Matsmenn hafi metið kostnað við niðurrif úr loftum, plötur og lampa, hreinsun og brottflutning of lágt.

Í öðru lagi varðandi matslið 2.1.: Múrhúðun á austurvegg sé algerlega ónauðsynleg og notist á engan hátt. Vegg þennan sé nauðsynlegt að klæða með eldþolnum plötum, og notist þá múrhúðunin á engan hátt. Á veggnum séu pípur vegna útloftunar, þær séu að hluta til múraðar inn í vegginn. Brjóta þurfi hluta af múrhúðuninni til að framlengja þær upp úr þaki. Óþarft hafi verið að múrhúða og einangra austur- og vesturvegg 2. hæðar, þar sem hér sé um iðnaðarhúsnæði að ræða og venja sé að sementskústa

innveggi í slíku húsnæði. Tekið er fram, að einangrunarefni, sem notað var í endaveggi, hafi verið í eigu aðalstefndu og sé virt á 15.000 kr.

Í þriðja lagi varðandi matslið 3.1.: Stokkar þeir, sem lagðir voru fyrir raflagnir, séu settir á mjög óheppilega staði, t. d. yfir miðstöðvarofnum við gluggavegg, og hindri þannig útstreymi á hita og komi mjög svo óheppilega út við gluggana. Ekki verði komist hjá að taka þá niður og færa á heppilegan stað. Vinnuliður í raflögninni, 53.000 kr., komi aðalstefndu ekki að gagni.

Í fjórða lagi varðandi matslið 4.1.: Fram komi í matinu, að ljósalampar séu gallaðir og þarfnist lagfæringa. Aðalstefndu hafi ekki áhuga á lömpum þessum fyrir matsverð, enda komi þeir ekki að gagni.

Í áðurgreindu bréfi byggingarfulltrúans í Reykjavík sé bent á mjög mikla galla á verkinu, t. d. atriði, sem ekki samrýmast byggingarreglugerð. Þetta þýði það, að rífa verði allt efni niður og endurvinna verkið.

Niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum Gunnar Baldursson, stjórnarformaður aðalstefnanda, matsmaðurinn Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari, starfsmenn aðalstefnanda, bólstrararnir Ólafur Geir Magnússon og Sigurður Barnes, aðalstefndu Oddgeir H. Steinþórsson húsasmiður, Halldór Guðmundsson pípulagningameistari og Kristján Guðmundsson kennari. Áður hafði matsmaðurinn Flosi Ólafsson staðfest matsgjörðina og gefið skýrslur fyrir dómi vegna málsins.

Dómarar og lögmenn aðila hafa farið á vettvang og skoðað húsnæði aðalstefndu að Tangarhöfða 2.

Aðalsök.

Við gerð kaupanna, sem málið er af risið, var ljóst, að forsenda kaupanna af hálfu aðalstefnanda var, að hann fengi lán úr Iðnlánasjóði. Eftir að aðalstefndu tilkynntu um riftun kaupanna 2. maí 1988, varð samkomulag um, að kaupin gengju til baka. Víxillinn, sem aðalstefnandi hafði samþykkt, var ekki innheimtur, og aðalstefnandi gaf ekki út umsamið skuldabréf. Aðalstefndu fengu húsnæðið til baka, og leigutekjur fyrir aprílmánuð greiddu leigutakar til aðalstefndu, en ekki aðalstefnanda. Fram þykir komið, að samkomulag hafi orðið með aðilum um það, að aðalstefnandi fengi greitt fyrir framkvæmdir sínar í húsinu að því marki, sem þær reyndust ógallaðar og mættu nýtast aðalstefndu. Skoðun þessi styðst m. a. við það, að það voru aðalstefndu, sem óskuðu eftir dómkvaðningu matsmanna 2. september 1988, en aðalstefnandi hafði rýmt húsnæðið fyrir 2. maí 1988.

Aðalstefnandi reisir kröfur sínar í aðalsök á matsgjörð dómkvaddra matsmanna. Í matsgjörð kemur fram, að gerð þaksins sé í samræmi við

burðarþolsteikningar. Hinir sérfróðu meðdómendur telja, að útloftun þaksins og frágangur, eins og því er lýst í matsgjörð, lið 1.1., sé fremur óvenjuleg og hætt við, að venjulegir iðnaðarmenn átti sig ekki á þessu, án þess að fyrir liggi skýrar sérteikningar af frágangi þaks. Hvorki hefur fram komið, að aðalstefndu hafi varað kaupanda við óvenjulegum frágangi þaksins né afhent sérteikningar að frágangi þess.

Hinir sérfróðu meðdómendur eru samþykkir niðurstöðum matsmanna nema varðandi fyrirkomulag útloftunar þakeinangrunar; þar taka meðdómendur undir skoðun byggingarfulltrúans í Reykjavík um það mál, m. a. vegna aukinnar mótstöðu í loftuninni og ójafnrar dreifingar hennar yfir einangrunarflötinn.

Í matsgjörðinni, lið 1.1., er villa, og telja hinir sérfróðu meðdómendur, að vinnuliðurinn þar eigi að vera 100.000 kr. í stað 120.000 kr.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir mega leggja til grundvallar niðurstöðu matsmanna varðandi lið 1.1. með þeirri breytingu, að felldur er niður vinnuliðurinn, og lækkar þá niðurstaða matsins um 100.000 kr. Liður 1.2. í matsgjörð verður einnig lagður til grundvallar við niðurstöðu málsins, enda hafa báðir aðilar lagt þann lið til grundvallar við kröfugerð sína.

Með vísan til þess, sem segir í matsgjörð um lið 1.2., telja hinir sérfróðu meðdómendur alla þá framkvæmd að gagni og gera húsið verðmætara. Þeir telja ástæðulaust að brjóta niður einangrun við stiga, enda skipti ekki máli, þótt stiginn hafi mjókkað um 10 cm, þegar af þeirri ástæðu, að þá er allur stiginn jafnbreiður, sbr. teikningar. Verða kröfur aðalstefnanda samkvæmt þessum lið því teknar til greina að öllu leyti.

Liður 3.1.: Hinir sérfróðu meðdómendur telja ekkert athugavert við aðferð þá, sem þar er lýst, og verða því kröfur aðalstefnanda samkvæmt þessum lið teknar til greina. Sama er um kröfur samkvæmt lið 4.1.

Kröfur aðalstefnanda í aðalsök, sem eru, eins og að framan greinir, byggðar á matsgjörðinni að frádregnum 118.488 kr. vegna húsaleigu aðalstefnanda fyrir afnot húsnæðisins í tvo mánuði, verða því teknar til greina, að því er varðar 531.512 kr.

Gagnsök.

Gagnstefnendur hafa lagt fram ljósrit af víxileyðublaði, út gefnu 25. febrúar 1988 og samþykktu til greiðslu af gagnstefnda 25. apríl 1988. Plagg þetta ber með sér, að af því var greitt stimpilgjald, 15.000 kr. Gagnstefndi hefur ekki sýnt fram á, að hann eigi ekki að bæta gagnstefnendum þessi útgjöld, og verður þessi krafa gagnstefnenda því tekin til greina.

Engin gögn hafa verið lögð fram um lið 2 í gagnkröfu, og verður sá liður ekki tekinn til greina.

Viðurkennt er af gagnstefnda, að hann hafi tekið við leigutekjum af 1. hæð fyrir mars 1988, og þar sem ekki hefur verið sýnt fram á, að gagnstefndi hafi endurgreitt gagnstefnendum þessa fjárhæð, verður þessi liður í gagnkröfu tekinn til greina.

Fram er komið, að gagnstefndi rýmdi húsnæðið í apríl 1988. Í aðalsök er við það miðað, að aðalstefnandi greiði aðalstefndu húsaleigu fyrir mars og apríl 1988. Krafa gagnstefnenda vegna tapaðra afnota verður því ekki tekin til greina.

Gegn andmælum gagnstefnda er ósannað, að timbur hafi fylgt með í sölunni, og verður krafa gagnstefnenda um 15.000 kr. vegna þess því ekki tekin til greina.

Liður 6, orkunotkun, 8.200 kr.: Engin gögn hafa verið lögð fram varðandi þennan lið, og verður því krafa þessi ekki tekin til greina.

Liður 7, niðurrif skv. matslið 1.2., 38.000 kr.: Tekin var afstaða til þessa við niðurstöðu í aðalsök.

Liður 8, niðurrif á einangrun, sbr. skýringar, 38.000 kr.: Engin gögn eru um þennan lið, en hinir sérfróðu meðdómendur telja kostnað þennan hæfilega áætlaðan 30.000 kr. með vísan til þess, sem segir um lið 1.1. í aðalsök.

Liður 9, kostnaður vegna beiðni um dómkvaðningu matsmanna, söluskattur og réttargjöld, 17.541 kr.: Vegna þessa eru engar skýringar og ekki önnur gögn en ljósrit af kvittun fyrir vottagjöld, 180 kr., og ljósrit af endurriti úr bæjarþingsbók ber með sér, að kostnaður við dómkvaðningu matsmanna nam 1.230 kr. Ef til kæmi, er matskostnaður venju samkvæmt einungis tekinn til greina sem hluti af málskostnaði, en hér er og á það að líta, að því var ómótmælt haldið fram, að gagnstefndi hefði miðað við upphaflega kröfugerð sína vegna framkvæmda í húsinu við lægri fjárhæð en þá, sem byggð er á matsgjörð dómkvaddra matsmanna.

Liður 10, kostnaður matsmanna, 109.540 kr.: Gagnstefnandi hefur lagt fram reikning dómkvaddra matsmanna um þennan lið, en að öðru leyti vísast til þess, sem greinir um lið 9.

Liður 11, lögfræðileg aðstoð auk söluskatts, 224.000 kr.: Um þennan lið eru engin gögn og enginn rökstuðningur, og verður hann því ekki tekinn til greina.

Liður 13, ósundurliðað tjón eigenda, m. a. vegna vinnutaps og annars skaða, 500.000 kr.: Sama og um lið 11.

Liður 14, vextir vegna útlagðs fjár og af töpuðum tekjum frá falldegi til greiðsludags: Hér er engin fjárhæð tilgreind, að öðru leyti sama og um lið 11.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, verða kröfur gagnstefnanda í gagnsök teknar til greina, að því er varðar 15.000 kr., vegna stimpilgjalds af víxli, 59.244 kr. vegna leigutekna fyrir 1. hæð í mars 1988 og 30.000 kr. vegna niðurrifs á einangrun, samtals 104.244 kr.

Eftir atvikum þótti rétt að leggja efnisdóm á kröfur gagnstefnenda, en ekki verður hjá því komist að átelja málatilbúnað gagnstefnanda, sem bæði er vanreifaður og lítt rökstuddur.

Niðurstaða málsins verður sú, að aðalstefndu verða dæmdir til að greiða aðalstefnanda in solidum 427.268 kr. (kr. 531.512 ÷ kr. 104.244) með vöxtum, eins og segir í dómsorði, og málskostnað, sem ákveðst 150.000 kr., með vöxtum, eins og krafist var. Krafa aðalstefnanda um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er ekki tekin til greina, þar sem aðalstefnandi mun vera virðisaukaskattsskyldur.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari og meðdómendurnir Sæbjörn Kristjánsson byggingatæknifræðingur og Vífill Oddsson byggingaverkfræðingur.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Oddgeir H. Steinþórsson, Halldór Guðmundsson, Kristján Guðmundsson og Eygló Guðjónsdóttir v/dánarbús Halldórs Alexanderssonar, greiði in solidum aðalstefnanda, Húsgagnaframleiðslunni hf. 427.268 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum] og 150.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dómsins til greiðsludags.

Fimmtudaginn 3. nóvember 1994.

Nr. 210/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Karli Karlssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Ölvun við siglingu skips. Réttindasvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 5. maí 1994 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun til endurskoðunar og lækkunar á ákvörðun um refsingu og réttindasviptingu.

Af hálfu ákæruvalds er héraðsdómi einnig áfrýjað til þyngingar.

Áður en málið var munnlega flutt fyrir Hæstarétti, kom fram sú krafa af hálfu ákærða, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins. Sýknukrafa ákærða gengur lengra en fyrrgreind kröfugerð samkvæmt áfrýjunarstefnu, sem er í samræmi við skriflega yfirlýsingu hans sjálfs til ríkissaksóknara frá 19. apríl sl., og verður því ekki litið nánar til hennar.

Brot ákærða varðar við 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978. Var þannig staðið réttilega af hálfu ákæruvalds að sókn málsins í héraði, þótt fallið hafi verið frá tilvísun í ákæru til ákvæða XV. kafla siglingalaga nr. 34/1985, sem lögreglustjóra brast ákæruvald um.

Þegar litið er til brots ákærða og sakaferils hans, þykir sekt á hendur honum hæfilega ákveðin 100.000 krónur, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 30 daga. Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um að svipta ákærða skipstjórnarréttindum í 12 mánuði, talda frá birtingu þessa dóms, svo og ákvæði hans um sakarkostnað. Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Karlsson, greiði 100.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu þessa dóms.

Ákærði er sviptur skipstjórnarréttindum í 12 mánuði frá birtingu þessa dóms.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað eru óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. mars 1994.

Ár 1994, föstudaginn 25. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 137/1994: Ákæruvaldið gegn Karli Karlssyni, sem tekið var til dóms 8. mars sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 21. febrúar sl., gegn ákærða, Karli Karlssyni, Þórufelli 4, Reykjavík, kt. 301161-2989, „fyrir að hafa siglt trillubátnum Helgu Péturs, GK-478, 1572, að morgni laugardagsins 7. ágúst 1993 undir áhrifum áfengis út úr höfninni í Rifi í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu til Hellissands, þar sem lögregla tók hann og færði til hafnar.

Þetta telst varða við 2. mgr. 238. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar skipstjórnarréttinda skv. 3. mgr. 238. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969".

Við meðferð málsins féll ákærandi frá tilvísun til ákvæða siglingalaga.

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæruskjali, en þess má geta, að ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar, og samkvæmt niðurstöðu hennar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 2,28‰.

Samkvæmt gögnum málsins hefur umræddur bátur skipaskráningarnúmerið 1572, og við rannsókn málsins upplýsti ákærði, að hann hefði skipstjórnarréttindi á 200 tonna bát, en kvaðst vera búinn að týna atvinnuskírteini sínu.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa siglt

umræddum bát undir áhrifum áfengis, en kveður þessa háttsemi sína ekki brjóta gegn 24. gr. áfengislaga, þar sem sú lagagrein taki eingöngu til skipa, en ekki smábáta.

Niðurstaða.

Í 24. gr. áfengislaga segir meðal annars, að það varði skipstjóra, stýrimenn, bátsformenn eða vélstjóra missi réttar til að stjórna skipi, bát eða vél um stundarsakir, ef þeir eru undir áhrifum áfengis við stjórn skips eða vélar. Trillubátur ákærða var skráður í skipaskrá, og verður því að telja, að hann sé skip í merkingu 24. gr. áfengislaga. Hefur ákærði því unnið sér til refsingar og sviptingar skipstjórnarréttinda samkvæmt þeim greinum áfengislaga, er raktar eru í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hlaut hann dóm árið 1991 fyrir umferðarlagabrot, og var hann sviptur ökuleyfi í fjögur ár frá 8. júlí 1990. Þá var ákærði 26. janúar 1993 dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir skjalafals. Með hliðsjón af 60. gr. almennra hegningarlaga þykir mega láta skilorðsdóminn haldast, enda þykir brot ákærða aðeins varða sektum.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 35.000 króna sekt, sem greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga. Þá þykir hæfilegt að svipta ákærða skipstjórnarréttindum í 12 mánuði frá birtingu dómsins að telja. Með vísan til 139. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt, að áfrýjun fresti áhrifum þessa dómsákvæðis.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 10.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 15.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Karlsson, greiði 35.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði skal sviptur skipstjórnarréttindum í 12 mánuði frá birtingu dómsins að telja. Áfrýjun frestar áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 10.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 15.000 krónur.

Fimmtudaginn 3. nóvember 1994.

Nr. 260/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Barða Valdimarssyni
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 16. maí 1994 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun til endurskoðunar á lagaatriðum og viðurlögum.

Af hálfu ákæruvalds er héraðsdómi einnig áfrýjað til þyngingar á refsingu ákærða.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Barði Valdimarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. apríl 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 19. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 224/1994: Ákæruvaldið gegn Barða Valdimarssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 29. mars sl., á hendur ákærða, Barða Valdimarssyni, óstaðsettum, fæddum 2. apríl 1959, fæðingarnúmer 263.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir tékkafals með því að nota í viðskiptum í október til desember 1993 í Reykjavík, nema annað sé tekið fram, með eftirgreindum hætti 32 falsaða tékka á stolnum eyðublöðum frá ýmsum bönkum, sem ákærði hafði sjálfur falsað með nafni útgefanda, Karl Benediktsson, nema annað sé nefnt, og ýmsum reikningsnúmerum. Tékkarnir eru til handhafa, dagsettir 1993, og bera tólf reikningsnúmerið 3162, níu 32611, sex 3261, en aðrir eru hver með sínu númeri.

– – –

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um fölsun og notkun þeirra 32 tékka, að fjárhæð samtals 125.000 krónur, sem gerð er grein fyrir í ákæru, en notkun þeirra var með þeim hætti, sem þar er lýst. Varðar þessi háttsemi ákærða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann dæmdur 28. júní 1990 í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. og 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga. Þá var ákærði dæmdur 28. október sl. í sex mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Öðrum refsingum hefur ákærði ekki sætt, svo að kunnugt sé.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður höfð hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og einnig af 78. gr. sömu laga vegna þeirra brota hans, sem framin eru fyrir uppsögu dómsins í október sl. Þá verður einnig höfð hliðsjón af því, að ákærði hóf þegar stuttu eftir uppsögu dómsins í október sl. sömu iðju, að falsa tékka, og þykir það sýna harðan brotavilja hans. Með hliðsjón af þessu öllu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði hefur ekkert greitt af þeim bótakröfum, sem uppi eru hafðar á hendur honum í málinu. Hann hefur samþykkt þær bótakröfur, sem gerð er grein fyrir í ákæru, með þeim athugasemdum, að rangt er í ákæru, að fyrir liggi bótakrafa frá Teiti hf., Fógetanum, Aðalstræti 10, samkvæmt 2. lið í bótakröfunum. Ekki er gerð krafa vegna þessa tékka. Þá eru ekki réttar kröfurnar vegna 28. og 29. liðar ákæru, en vörunum, sem ákærði keypti fyrir tékkana í þessum liðum, var skilað, og lækkuðu kröfurnar við það, vegna fyrri tékkans úr 5.000 krónum í 110 krónur og vegna síðari tékkans úr 7.000 krónum í 910 krónur. Er því krafan frá Miklatorgi sf., Kringlunni 7 í Reykjavík, að fjárhæð 5.110 krónur, en ekki 10.000 krónur, og krafan frá Vínbúðinni Kringlunni, Kringlunni 8–12, 910 krónur, en ekki 7.000 krónur. Að öðru leyti eru kröfurnar réttmætar, og verður ákærði dæmdur til greiðslu þeirra, eins og nánar greinir í dómsorði, en í öllum tilvikum nema einu er krafist dráttarvaxta.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Barði Valdimarsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði greiði í bætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, til greiðsludags, eins og hér segir:

– – –

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 3. nóvember 1994.

Nr. 344/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Kristjáni Ásgeiri Sólbjarti Mikkaelssyni
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur. Réttindasvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1994 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun þess í heild sinni.

Af hálfu ákæruvalds er aðallega krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur varðandi sakfellingu ákærða, refsingu og sviptingu ökuréttar. Í báðum tilvikum er krafist, að ákærða verði gert að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal saksóknarlaun, bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti til jafns við málsvarnarlaun.

Krafa ríkissaksóknara um, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, er byggð á því, að skilyrðum c-liðar 147. gr. og 2. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, eins og þeim var breytt með 7. gr. og 10. gr. laga nr. 37/1994, sé ekki fullnægt til að áfrýja héraðsdómi, eins og hér sé gert. Hann telur, að beita eigi þessum ákvæðum í málinu samkvæmt 2. mgr. 22. gr. síðarnefndu laganna.

Lög nr. 37/1994 tóku gildi 1. júlí 1994, sbr. 23. gr. þeirra. Ákvæðin í 7. og 10. gr. laganna, sem hér um ræðir, lúta að heimild til áfrýjunar. Ákærði tilkynnti ríkissaksóknara um ákvörðun sína um áfrýjun með bréfi 10. júní 1994, og fer því um heimild ákærða til áfrýjunar eftir eldri lögum, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 37/1994. Skilyrðum eldri laga til áfrýjunar héraðsdóms í þessu máli var fullnægt, og er þannig engin stoð fyrir kröfu ríkissaksóknara um að vísa því frá Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur, þar á meðal ákvæði hans um saksóknarlaun í héraði, enda var

honum ekki áfrýjað af hálfu ákæruvalds. Ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Kristján Ásgeir Sólbjartur Mikkaelsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. apríl 1994.

Ár 1994, miðvikudaginn 20. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 27/1994: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Mikkaelssyni, sem tekið var til dóms 28. mars sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 17. janúar sl., gegn ákærða, Kristjáni Mikkaelssyni, Vagnhöfða 9, Reykjavík, dvalarstaður Flekkudalur í Kjós, kt. 070742-2929, „fyrir að aka bifreiðinni Z-1890 aðfaranótt laugardags 20. mars 1993 undir áhrifum áfengis um Vesturlandsveg í Kjósarsýslu, uns hann ók út af veginum og festi bifreiðina í snjó skammt norðan Kiðafells.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993".

Málavextir.

Laugardaginn 20. mars 1993 kl. 02.27 var óskað eftir lögreglu vegna útafaksturs á Vesturlandsvegi skammt norðan Kiðafells, og var þess getið, að grunur léki á því, að ökumaður væri undir áhrifum áfengis. Segir í lögregluskýrslu, að lögreglumenn hafi komið á vettvang kl. 02.45, og var þá bifreiðin Z-1890 yfirgefin í vegkantinum, vel heit, og hafi bifreiðin snúist á veginum og lent í snjóruðningum. Höfðu lögreglumennirnir skömmu áður mætt vöruflutningabifreiðinni Þ-401, og kvaðst ökumaður hennar hafa tilkynnt um útafaksturinn. Kvaðst hann hafa ætlað að aðstoða ökumanninn, en ekið af staðnum og tilkynnt lögreglu, er hann sá ástand hans. Fóru lög-

reglumennirnir að svipast um eftir ökumanni bifreiðarinnar Z-1890, en hríðarbylur var og slæmt skyggni. Segir í lögregluskýrslu, að þeir hafi fundið ákærða kl. 02.50 liggjandi í snjónum skammt frá veginum u. þ. b. 200–300 m fyrir norðan bifreiðina, og stumruðu hundar yfir honum. Ákærði var áberandi ölvaður að sögn lögreglumanna og kvaðst hafa misst bifreiðina út af veginum í hálku. Í skýrslunni er haft eftir ákærða, að hann hafi viðurkennt að hafa verið við drykkju fyrr um kvöldið og fram á nótt að Kiðafelli í Kjós. Ákærði var fluttur áleiðis á lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík, en höfð var viðkoma á vinnustað hans í Mosfellsbæ. Vildi ákærði þá helst ekki fylgja lögreglumönnunum lengra og hafði á orði, að hann hefði ekki drukkið áfengið fyrr en eftir óhappið. Er bókað í lögregluskýrslu, að hvorki hafi fundist vínföng né umbúðir af þeim á handtökustað né í bifreiðinni.

Varðstjóri yfirheyrði ákærða á lögreglustöðinni, og hófst yfirheyrslan kl. 04.17 og lauk kl. 04.23. Er þar haft eftir ákærða, að hann hafi drukkið um hálfan fleyg af víni, eftir að hann hætti að aka. Hins vegar er krossað við „Nei“ við spurninguna: „Hefurðu drukkið, eftir að akstri lauk?“ Þá segir í skýrslunni, að öndursýni (sic) hafi sýnt 1,85‰, og ástandi ákærða lýst þannig, að hann hafi verið áberandi ölvaður.

Ákærða var tekið blóðsýni til ákvörðunar á alkóhólinnihaldi kl. 4.38 sömu nótt, og strax á eftir var ákærða tekið þvagsýni til alkóhólrannsóknar. Samkvæmt niðurstöðu ofangreindra rannsókna reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 2,38‰, og í þvagi ákærða mældust 3,0‰.

Með bréfi lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 2. júní sl., til Rannsóknastofu í lyfjafræði var óskað álitsgerðar „um ástand ökumanns við aksturinn með tilliti til niðurstöðu þvagsýnisins ca. einum til tveimur tímum áður en blóðsýni og þvagsýni voru tekin“.

Svarbréf rannsóknastofunnar er dagsett 2. júlí sl. og er undirritað af Þorkeli Jóhannessyni. Efni þess er svohljóðandi: „Niðurstöðutölur þær, sem um ræðir, benda til þess, að áfengisneysla hlutaðeigandi hafi staðið allnokkurn tíma og verið umtalsverð. Því er líklegt, að maðurinn hafi einnig verið talsvert ölvaður tveimur klukkustundum áður en sýnin voru tekin.

Við rannsókn málsins kom í ljós, að ökumaður á flutningabifreið frá Grundarfirði mun fyrstur hafa tilkynnt til lögreglu um aksturslag bifreiðarinnar Z-1890.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 20. apríl 1993, og neitaði hann þá að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis. Kvaðst ákærði hafa verið á leið heim til sín í Flekkudal, er hvít tófa hljóp í veg fyrir bifreið hans. Kvaðst hann hafa reynt að aka á tófuna, en ekki

tekist betur til en svo, að hann festi bifreiðina. Kvaðst ákærði eftir það hafa drukkið heilan áfengispela.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði umrætt sinn verið að vinna á verkstæði sínu í Mosfellsbæ, og kvaðst hann laust eftir miðnætti hafa farið á bifreið sinni áleiðis heim til sín í Flekkudal. Ákærði kvað slabb og bleytu hafa verið á veginum, og gengið hefði á með éljum og skyggni lélegt. Kvað ákærði, að við Útskálahamar hefði hvít tófa hlaupið fyrir bifreiðina og bifreiðin við það runnið út í kant og fest. Ákærði kvaðst hafa ætlað á láta hunda, sem hann hafði meðferðis, ná í tófuna. Kvaðst ákærði hafa farið út úr bifreiðinni og tekið með sér viskífleyg, en hundarnir misst af tófunni. Ákærði kvaðst hafa drukkið nánast allt úr fleygnum og farið aftur að bifreiðinni og verið að læsa henni, þegar maður á flutningabifreið kom að. Ákærði neitaði því að hafa verið að reyna að losa bifreiðina, en kvaðst hafa beðið bifreiðarstjórann að hjálpa sér að losa hana, en hann hefði neitað því. Ákærði kvaðst ekki gera sér grein fyrir því, hversu langur tími leið, frá því að hann festi bifreiðina, þar til maðurinn kom að, en það hafi verið drjúgur tími. Ákærði kannaðist ekki við að hafa ekið á leið til Reykjavíkur og ekki við að hafa ekið á undan vöruflutningabifreið þá leið. Ákærði ítrekaði, að hann hefði ekið áleiðis í Flekkudal, og benti á, að bifreið sín hefði fest, meðan hann var á þeirri leið, í þeirri aksturssstefnu og á réttum vegarhelmingi. Ákærði kvað bifreið sína vera af gerðinni Nissan Bluebird, silfurgráan „station". Ákærði kvaðst hafa lokið úr viskípelanum og fleygt honum út í vegkant. Ákærði neitaði því að hafa viðurkennt fyrir lögreglu á staðnum að hafa verið við drykkju fyrr um kvöldið að Kiðafelli í Kjós.

Ákærði kvað bifreiðina hafa fest við afleggjarann að Útskálahamri norðan Kiðafells.

Ákærði kvaðst, eftir að hann talaði við flutningabifreiðarstjórann, hafa gengið frá bifreið sinni áleiðis heim til sín. Kvaðst ákærði hafa verið kominn nokkur hundruð metra, þegar hann sá lögreglubifreiðina, og kvaðst hann hafa farið upp fyrir veginn og lagst niður, því að hann taldi sig í slæmum málum vegna þess, að umræddur bifreiðarstjóri hefði séð sig undir áhrifum áfengis við bifreiðina.

Ákærði kvaðst þennan dag aðeins hafa neytt morgunverðar og því verið mjög þreyttur eftir langan vinnudag.

– – –

Niðurstaða.

Ákærði hefur við yfirheyrslur hjá lögreglu og fyrir dómi neitað því að hafa ekið bifreiðinni Z-1890 undir áhrifum áfengis og ber því við, að hann

hafi ekki neytt áfengis, fyrr en eftir að hann festi bifreið sína í snjóskafli. Ákærði er einn til frásagnar um þessa áfengisneyslu sína og hefur skýrt svo frá, að hann hafi fleygt tómum viskípelanum út í vegkant. Lögreglumenn fundu ekki umræddan pela á vettvangi. Ákærði hefur ekki kannast við að hafa verið á leið til Reykjavíkur og kannast ekki við að hafa ekið á undan vöruflutningabifreið þá leið. Ákærði gefur þá skýringu á útafakstri sínum, að tófa hafi hlaupið fyrir bifreiðina, sem runnið hefði út í kant, er ákærði reyndi að aka á tófuna, og fest þar. Ákærði kannast við að hafa beðið ökumann vöruflutningabifreiðar, vitnið Bjarna, um aðstoð, en ákærði neitar því að hafa verið að reyna að losa bifreiðina. Kvaðst ákærði hafa verið nánast búinn með viskífleyginn, er hann talaði við ökumanninn, sem neitaði honum um aðstoð. Vitnið Bjarni segir ákærða hafa verið að reyna að losa bifreiðina, hún hafi spólað, en ekki haggast. Kvaðst vitnið hafa hætt við að aðstoða ákærða, er það sá ölvunarástand hans. Ákærði og vitnið Bjarni eru einir til frásagnar um samskipti þeirra.

Vitnin Friðjón Albert, Óli Björn og Ásgeir hafa öll borið, að þau hafi ekið á eftir bifreið með utanbæjarnúmeri, sennilega Z-númeri, áleiðis til Reykjavíkur, og var aksturslag ökumanns þannig að mati vitnanna, að ekki virtist allt með felldu með hann, og sáu þau ástæðu til að gera lögreglu viðvart. Vitnin kváðu aðstæður á akbrautinni ekki skýra aksturslag bifreiðarinnar. Þá hafa þessi vitni borið, að ökumaður hafi verið einn í bifreiðinni, og einnig sáu vitnin hund í henni. Þessi vitni höfðu ekki tal af umræddum ökumanni. Eins og mál þetta er vaxið, verður að telja, að það hafi verið bifreið ákærða, sem vitnin sáu.

Lögreglumenn þeir, sem afskipti höfðu af ákærða á vettvangi, hafa báðir borið, að ákærði hafi við handtöku talað um að hafa neytt áfengis, áður en hann hóf akstur bifreiðarinnar. Ákærði hefur hins vegar ekki viljað kannast við að hafa skýrt frá með þessum hætti, og ber að hafa í huga, að eftir að formleg skýrslutaka hófst hjá lögreglu og gætt hafði verið viðeigandi réttarfarsákvæða, skýrði ákærði frá áfengisneyslu sinni eins og hér hefur verið rakið.

Frá því að tilkynning barst til lögreglu um akstur ákærða, þar til honum er tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar, líða um 2 klukkustundir og 11 mínútur, en frá handtöku til töku blóðsýnis líður um 1 klukkustund og 48 mínútur. Ekki er upplýst í málinu, hvenær þvagsýni var tekið, að öðru leyti en því, að það var tekið, eftir að ákærða hafði verið tekið blóðsýni. Álitsgerð Rannsóknastofu í lyfjafræði um niðurstöður alkóhólrannsóknar á blóði og þvagi lýtur að því, að líklegt sé, að áfengisneysla hlutaðeigandi hafi staðið allnokkurn tíma og verið umtalsverð, og þá sé líklegt, að maðurinn hafi

einnig verið talsvert ölvaður tveimur klukkustundum áður en sýnin voru tekin.

Ekki þykir fært, eins og hér stendur á, að hafna framburði ákærða um, að hann hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Verða því úrslit máls þessa ekki að öllu leyti látin velta á niðurstöðu blóðrannsóknar. Þegar virtur er framburður vitnanna Friðjóns Alberts, Óla Björns og Ásgeirs um aksturslag ákærða í máli þessu, framburður vitnisins Bjarna um ástand ákærða, ótrúverðugur framburður ákærða og álitsgerð Rannsóknastofu í lyfjafræði, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi ekið umræddri bifreið undir áhrifum áfengis. Varðar brot ákærða við 1. mgr. 45. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga.

Sakaferill, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða sættist hann 10. janúar 1989 á 20.000 króna sekt og 12 mánaða ökuleyfissviptingu fyrir brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga. Að öðru leyti skiptir sakaferill ákærða ekki máli við úrlausn máls þessa.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 70.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 15 daga.

Svipta ber ákærða ökurétti, eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þar sem um ítrekað brot er að ræða, ber að svipta ákærða ökurétti í 2 ár frá birtingu dómsins að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis, sbr. 104. gr. umferðarlaga.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Þórs Sigurðssonar hdl., 75.000 krónur.

Sturla Þórðarson yfirlögfræðingur flutti mál þetta af hálfu ákæruvalds.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Mikkaelsson, greiði 70.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 2 ár frá birtingu dómsins að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Þórs Sigurðssonar hdl., 75.000 krónur.

Fimmtudaginn 3. nóvember 1994.

Nr. 247/1994. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Hreggviði Steini Hendrikssyni og
Rúnari Hreggviðssyni
(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

Fuglaveiðar. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærðu áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar í heild sinni, og krefjast þeir sýknu af öllum kröfum ákæruvalds. Af hálfu ákæruvalds var málinu skotið til Hæstaréttar með stefnu 12. apríl 1994 til refsiákvörðunar.

I.

Í ákæru er ákærðu gert að sök „að ætla til fuglaveiða í Geitlandi, Borgarfirði, sunnudaginn . . . 25. október 1992". Verknaðarlýsing þessi er ekki skýr. Skilja verður hana þó svo, að ákært sé fyrir tilraun til fuglaveiða í Geitlandi. Þrátt fyrir þennan annmarka á ákæru þykir ekki eiga að vísa málinu frá dómi, enda hefur vörn ekki verið áfátt vegna hans.

II.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiði og fuglafriðun, sem í gildi voru á þeim tíma, er ætlað brot ákærðu var framið, var landeiganda einum heimil fuglaveiði í landareign sinni, nema lög mæltu fyrir á annan veg, sbr. nú 2. mgr. 8. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 heimiluðu hins vegar öllum íslenskum ríkisborgurum fuglaveiði í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, sbr. nú 1. mgr. 8. gr. laga nr. 64/1994.

Ákvæði sama efnis voru í 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. eldri laga um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 63/1954. Í athugasemdum við frumvarp að þeim lögum var sérstaklega á það bent, að með orðinu „eignarréttur“ í 2. mgr. 5. gr. hefði einungis verið átt við bein eignarréttindi að landi eða landsvæðum. Landareign í skilningi 2. gr. laga nr. 33/1966 verður samkvæmt þessu að vera háð beinum eignarrétti, sbr. nú orðskýringu 1. gr. laga nr. 64/1994.

III.

Þess er getið í Landnámu, að Geitland hafi verið numið milli Hvítár og Suðurjökla. Óvíst er þó, hvort það landsvæði sé hið sama og nú ber þetta nafn. Þannig segir svo í staðfestu endurriti úr Landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu um landamerki Geitlands, sem lesin voru upp á manntalsþingi á Auðsstöðum 7. júní 1898: „Geitland er land alt millum Geitár og Hvítár, að undanteknu Torfabæli.“

Af Reykholtsmáldaga má sjá, að Geitland komst í eigu Reykholtskirkju, en elsti hluti hans er frá 12. öld. Ekki er ljóst af máldaganum, hvenær Geitland komst í eigu kirkjunnar, en í honum er sagt, að kirkjan eigi „geitland meþ scoge“. Kemur þetta einnig fram í uppskrift Vilchinsmáldaga frá 17. öld og vísitasíu Steingríms Jónssonar biskups frá 31. júlí 1827.

Í afsali ráðherra Íslands í dóms- og kirkjumálum til Hálsahrepps fyrir Geitlandi, sem talið er frá 27. maí 1926, segir meðal annars svo: „Að með því að hreppsnefnd Hálsahrepps í Borgarfjarðarsýslu hefir leitað kaups á afrjettarlandinu Geitlandi, og með því að hlutaðeigandi sýslunefnd hefir eigi haft neitt við sölu þessarar jarðar að athuga, og með því að loks allra fyrirmæla laga nr. 50, 16. nóvbr. 1907 um sölu kirkjujarða, hefir verið gætt, þá sel jeg og afsala samkvæmt þeirri heimild, sem mjer er gefin í nefndum lögum, fyrir landsjóðsins hönd, nefndum Hálsahreppi greint afrjettarland Geitland, sem er hndr. að n.m., með öllum gögnum og gæðum, þó eru undanskildir námar, sem eru í jörðu eða síðar kunna að finnazt þar, sem og vatnsafl alt og notkunaraðstaða þess í landi jarðarinnar.“

Ljóst er af endurriti úr fasteignabók, að árið 1975 er þinglýst samningi frá 1. október 1974 milli Reykholtsdalshrepps og Hálsahrepps annars vegar og Landgræðslu ríkisins hins vegar, en ekki er

fram komið, hvenær fyrrgreindur hreppur varð meðeigandi að Geitlandi.

IV.

Í kjölfar landnáms virðist Geitland hafa verið fullkomið eignarland. Þegar litið er til hinna elstu heimilda um rétt Reykholtskirkju að Geitlandi, virðist það hins vegar vafa undirorpið, hvort landið sé eignarland, þar sem tekið er fram í þeim heimildum, að skógur fylgi landi. Heimildir ríkisins til að afsala Hálsahreppi Geitlandi eru leiddar af rétti Reykholtskirkju til landsins, og leikur þannig vafi á því, hvort það er eign, sem háð er beinum eignarrétti. Þess verður einnig að gæta, að ekki verður ráðið af afsalinu, hvort Geitland telst þar afréttur eða eignarland. Þá verður ekki heldur ráðið af öðrum gögnum málsins, hvort Hálsahreppur og Reykholtsdalshreppur eiga bein eignarréttindi að Geitlandi eða einvörðungu beitarrétt eða önnur afnotaréttindi.

Þar sem vafi leikur á um það, hvernig eignarrétti Hálsahrepps og Reykholtsdalshrepps að hinu umdeilda landi er háttað, ber með vísan til 45. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að sýkna ákærðu af tilraun til brots gegn 1. mgr. 2. gr. laga nr. 33/1966, sbr. 41. gr. sömu laga, sbr. 33. gr. laga nr. 116/1990, sbr. nú 2. mgr. 8. gr. laga nr. 64/1994.

Samkvæmt 5. tl. 4. gr. auglýsingar nr. 283/1988 um friðlýsingu Geitlands í Borgarfirði frá 3. júní 1988 er óheimilt að trufla dýralíf í hinu friðlýsta landi. Við meðferð málsins í héraði féll ákæruvaldið frá kröfum á hendur ákærðu vegna brots gegn auglýsingu þessari og 24. gr., sbr. 37. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd. Koma þessi lagaákvæði því ekki til álita í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað sakarinnar úr ríkissjóði, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærðu, Hreggviður Steinn Hendriksson og Rúnar Hreggviðsson, skulu vera sýknir af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr

ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæstarétti, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 21. mars 1994.

Ár 1994, mánudaginn 21. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands, sem háð er að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, af Inga Tryggvasyni dómarafulltrúa, kveðinn upp dómur í héraðsdómsmálinu nr. S-89 og 90/1993: Ákæruvaldið gegn Hreggviði Hendrikssyni og Rúnari Hreggviðssyni, sem tekið var til dóms 3. mars sl.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali sýslumannsins í Borgarnesi, dagsettu 1. desember 1993, á hendur ákærðu, Hreggviði Hendrikssyni, kennitala 190237-4949, Esjubraut 28, Akranesi, og Rúnari Hreggviðssyni, kennitala 140762-3859, Esjubraut 28, Akranesi. Dómarinn fékk málið til meðferðar 1. desember sl. og gaf út fyrirköll í því 6. desember. Var málið þingfest 4. janúar sl. Aðalmeðferð málsins hafði verið ákveðin 9. febrúar sl., en henni varð að fresta vegna veikinda dómarans.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir að ætla til fuglaveiða í Geitlandi, Borgarfirði, sem er friðland, sunnudaginn 25. október 1992.

Telst þetta varða við 1. tölulið 2. gr., sbr. 37. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 33/1966 og 24. gr., sbr. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971, sbr. auglýsingu nr. 283/1988.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar".

Í meðferð málsins féll sækjandi þess frá því, að háttsemi ákærðu varðaði við 24. gr., sbr. 37. gr. laga um náttúruvernd, sbr. auglýsingu nr. 283/1988.

– – –

Niðurstaða.

Dómurinn telur í ljós leitt með eigin játningu ákærðu, að þeir hafi ætlað til rjúpnaveiða í Hafrafelli, sem er hluti Geitlands í Borgarfirði og liggur á milli Hvítár og Geitár, 25. október 1992. Ákærðu náðu ekki að skjóta fugl í ferð sinni vegna veðurs samkvæmt eigin framburði, og eru þeir ákærðir fyrir tilraun til brots á lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun. Verði fallist á það, að landsvæðið Geitland sé landareign Hálsa- og Reykholtsdalshreppa í skilningi 1. mgr. 2. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun, hafa ákærðu gerst sekir um tilraun til brots á nefndri lagagrein, sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1991.

Af þeim gögnum, sem liggja frammi í málinu og varða eignarhald á Geitlandi, má ráða, að Geitland hafi verið numið og fljótlega eftir landnám

hafi það komist í eigu kirkjunnar. Af gögnum málsins verður þó ekki ráðið, hvernig Geitland hefur komist í eigu kirkjunnar. Verður ekki annað séð en Geitland hafi síðan verið í eigu kirkjunnar, þar til ráðherra Íslands í dóms- og kirkjumálum afsalaði því Hálsahreppi árið 1926. Það afsal byggðist á lögum nr. 50/1907 um sölu kirkjujarða, en með þeim lögum var ráðherra m. a. heimilað að selja kirkjujarðir, er voru í eyði, þeim, sem tæki jörðina til eigin nytja, þótt viðkomandi tæki þar ekki aðsetur. Ekki þykir hafa þýðingu við úrlausn þessa máls, þótt Geitland sé nefnt afréttarland í afsalinu frá 1926, enda getur þýðing þess hugtaks verið mismunandi, og það eitt og sér getur ekki sagt til um, hvernig eignarhaldi á landi er háttað. Ekki hefur verið upplýst, hvernig Reykholtsdalshreppur varð meðeigandi Hálsahrepps að Geitlandi einhvern tíma eftir 1926, en ekki er ágreiningur á milli nefndra sveitarfélaga um eignarhald á Geitlandi. Með vísan til þessa telur dómurinn, að landsvæðið Geitland sé landareign í eigu Hálsa- og Reykholtsdalshreppa í skilningi 1. mgr. 2. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Sveitarfélögin voru því til þess bær að ákveða, hverjum væri heimilt að stunda fuglaveiðar á svæðinu, sbr. tilvitnaða lagagrein. Höfðu sveitarfélögin bannað alla skotveiði á svæðinu með einhverjum undantekningum, er vörðuðu heimamenn. Hafði bannið m. a. verið auglýst með uppsetningu á skilti, áður en komið var á landsvæðið, svo og höfðu sveitarstjórnirnar fengið Snorra Jóhannesson bónda til að fylgjast með því, að bannið væri virt. Er ákærðu voru á leið til veiða 25. október 1992, hittu þeir Snorra, er gerði þeim grein fyrir umræddu banni. Hafi ákærðu talið sér heimilt að veiða á svæðinu, er þeir héldu til veiða umræddan dag, var ástæða fyrir þá að athuga sérstaklega um það, eftir að þeir hittu nefndan Snorra. Þeir gerðu það hins vegar ekki og breyttu ekki fyrirætlan sinni.

Með háttsemi sinni hafa ákærðu, eins og henni er lýst í ákæru, því gerst sekir um tilraun til brots gegn 1. mgr. 2. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Hreggviðar gekkst hann undir sátt árið 1958 fyrir umferðarlagabrot og var dæmdur í 10 daga varðhald árið 1973, sömuleiðis fyrir umferðarlagabrot.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Rúnars hefur hann árin frá 1979 til 1993 fjórum sinnum gengist undir sátt, fyrir brot á hegningarlögum árið 1979 og 1982, en fyrir brot á umferðar- og áfengislögum árin 1980 og 1993. Árið 1980 hlaut ákærði Rúnar dóm fyrir brot á umferðar- og áfengislögum og almennum hegningarlögum.

Refsingar.

Báðir ákærðu, Hreggviður og Rúnar, hafa unnið sér til refsingar samkvæmt 2. mgr. 37. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Með vísan til atvika málsins þykir mega ákveða, að fresta skuli ákvörðun um refsingu ákærðu, og niður skal hún falla að tveimur árum liðnum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Sakarkostnaður.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma ákærðu óskipt til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, samtals 30.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda beggja ákærðu, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, samtals 50.000 krónur.

Mál þetta flutti af ákæruvaldsins hálfu Runólfur Ágústsson, fulltrúi sýslumannsins í Borgarnesi.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu beggja ákærðu, Hreggviðar Hendrikssonar og Rúnars Hreggviðssonar, skal fresta og niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, samtals 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda beggja ákærðu, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, samtals 50.000 krónur.

Fimmtudaginn 3. nóvember 1994.

Nr. 293/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Unnari Sigurði Hansen
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður. Tilraun. Reynslulausn. Vanaafbrotamaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og hefur því af hálfu ákæruvalds verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 20. júní 1994. Ákæruvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd.

Fallist er á sakarmat og refsingu ákærða í hinum áfrýjaða dómi með skírskotun til forsendna hans. Er refsing hans ákveðin með vísan til 60. gr., 71. gr., 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara um skaðabætur og sakarkostnað, að því er varðar ákærða, Unnar Sigurð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Unnar Sigurður Hansen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. maí 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 17. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdóm-

ara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 287/1994: Ákæruvaldið gegn X, Y og Unnari Sigurði Hansen, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara á hendur ákærðu, X [...], Y [...] og Unnari Sigurði Hansen, Fögrukinn 21 í Hafnarfirði, fæddum 17. september 1966, fæðingarnúmer 465.

Með ákæruskjali, dagsettu 26. apríl sl., er höfðað mál á hendur öllum ákærðu „fyrir tilraun til þjófnaðar með því að hafa í félagi aðfaranótt fimmtudags 10. mars 1994 brotist í þjófnaðarskyni inn í húsnæði Ístex hf. að Álafossvegi 40 A í Mosfellsbæ.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Í málinu krefst Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík, skaðabóta, 85.572 kr.“.

Þá er höfðað mál á hendur ákærða Unnari Sigurði með ákæruskjali, dagsettu 10. maí sl., „fyrir þjófnað með því að hafa um miðnætti aðfaranótt mánudagsins 7. febrúar 1994 brotist inn í heildverslunina Extra, Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði, og stolið þaðan 10.000 krónum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Ákæran frá 10. maí sl. er færð í skrár dómsins sem sakamál nr. 314/1994, en ákærurnar verða báðar dæmdar sem sakamál nr. 287/1994.

– – –

Niðurstöður.

Með skýlausri játningu ákærðu X og Y er sannað, að þeir hafa framið brot það, sem þeim er gefið að sök í fyrri ákæru. Þá er sannað þrátt fyrir neitun ákærða Unnars Sigurðar við meðferð málsins með játningu hans hjá lögreglu og framburði ákærðu X og Y, sem studdur er framburði vitnisins Þórarins, sem sá þrjá innbrotsmenn á vettvangi, að ákærði Unnar Sigurður hefur verið við innbrotið með þeim hinum tveimur, en skýringar ákærða Unnars Sigurðar á breyttum framburði eru afar ótrúverðugar og ekki marktækar. Brot ákærðu eru rétt færð til refsiákvæðis fyrri ákæru.

Þrátt fyrir staðfasta neitun ákærða Unnars Sigurðar bæði hjá lögreglu og fyrir dómi er sannað með veru hans á innbrotsstaðnum að Reykjavíkurvegi 68, handhöfn hans á skrúfjárni og vasaljósi og vörslum hans á nákvæmlega sömu seðlategundum og hurfu úr peningakassa að Reykjavíkurvegi 68, að ákærði hefur framið innbrotið og stolið peningunum. Varðar þetta brot ákærða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

– – –

Ákærði Unnar Sigurður hlaut á árinu 1984 skilorðsbundna ákærufrestun í tvö ár fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga. Þá hlaut hann 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, 31. janúar 1985 fyrir brot á 254. gr. almennra hegningarlaga. Frá 5. júní 1985 og fram til 28. júní sl., þegar ákærði hlaut 30 daga fangelsisdóm, hegningarauka, fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga, hefur ákærði verið dæmdur til fangelsisvistar 14 sinnum og samanlögð refsing numið 62 mánaða og 10 daga fangelsi. Oftast hefur ákærði hlotið dóma fyrir þjófnað og þjófnaðartilraunir, en einnig fyrir skjalafals, húsbrot, gripdeild, fjársvik, spellvirki og nytjastuldi. Þá hefur ákærði tvívegis verið dæmdur til sektargreiðslu fyrir umferðarlagabrot og einu sinni fyrir tékkalagabrot. Enn fremur hefur ákærði einu sinni gengist undir sektargreiðslu með dómsátt fyrir umferðarlagabrot, einu sinni fyrir áfengislagabrot og þrívegis fyrir brot á lögum um reglugerð um ávana- og fíkniefni.

– – –

Refsing ákærða Unnars Sigurðar verður ákveðin með hliðsjón af 72. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga, en ákærði er vanaafbrotamaður. Þá ber við ákvörðun refsingar hans að fella inn í refsinguna 298 daga eftirstöðvar fangelsisrefsingar samkvæmt tveimur síðustu dómum hans, en hann fékk reynslulausn á þessari refsingu í tvö ár 7. desember sl. og hefur með háttsemi þeirri, sem hann nú er sakfelldur fyrir, rofið skilyrði hennar. Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærða Unnars Sigurðar hæfilega ákveðin fangelsi í 18 nánuði.

Ákærðu X og Y hafa samþykkt bótakröfu Vátryggingafélags Íslands hf., að fjárhæð 85.572 krónur, en félagið hefur greitt bætur fyrir skemmdir, sem ákærðu unnu á húsnæði, innréttingum, skrifborðum og peningaskáp í húsnæði Ístex hf. Þar sem krafan telst réttmæt, ákærðu eru allir sakfelldir fyrir innbrotið og ákærðu X og Y hafa samþykkt hana, verða ákærðu allir dæmdir til þess að greiða hana óskipt.

Loks ber að dæma ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað. Skulu ákærðu X og Y greiða óskipt skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 35.000 krónur í málsvarnarlaun og ákærði Unnar Sigurður skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 35.000 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu allir óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur.

Guðjón Ólafur Jónsson, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Dómsorð:

Ákærðu X og Y sæti hvor um sig fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsinganna, og niður skulu þær falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærðu hvor um sig skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Unnar Sigurður Hansen sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærðu greiði óskipt í bætur Vátryggingafélagi Íslands hf. 85.572 krónur.

Ákærðu X og Y greiði óskipt skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 35.000 krónur í málsvarnarlaun, og ákærði Unnar Sigurður greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 35.000 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur.

Fimmtudaginn 3. nóvember 1994.

Nr. 332/1994. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Önnu Jónu Kristinsdóttur
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

Tolllagabrot. Áfengislög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærða áfrýjaði málinu í heild sinni, og hefur því af hálfu ákæruvalds verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1994. Ákæruvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Af hálfu ákærðu hefur þess verið krafist aðallega, að héraðsdómur verði ómerktur með vísan til 158. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, vegna verulegra galla á málsmeðferð í héraði. Til vara er krafist lækkunar á refsingu ákærðu.

Á meðferð málsins og hinum áfrýjaða dómi eru engir þeir gallar, er varðað geta ómerkingu hans.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærða, Anna Jóna Kristinsdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 31. maí 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 31. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdóm-

ara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 234/1944: Ákæruvaldið gegn Önnu Jónu Kristinsdóttur, X og Y, sem tekið var til dóms samdægurs.

Mál þetta er í fyrsta lagi höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. apríl sl., á hendur ákærðu, Önnu Jónu Kristinsdóttur, Hrísrima 3, Reykjavík, kt. 311235-4199, X [...] og Y [...], „fyrir eftirgreind áfengis- og tolllagabrot, framin á tímabilinu frá ágúst til október 1992 í Reykjavík:

I. Ákærða Anna Jóna:

Selt meðákærða X samtals 48 l af vodka fyrir 96.000 kr., en áfenginu hafði ákærða smyglað hingað til lands.

– – –

IV.

Framangreind brot ákærðu teljast varða við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 124. gr. tollalaga nr. 55/1987 og 18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og að gerðir verði upptækir 5,5 l af vodka samkvæmt 1. mgr. 136. gr. tollalaga og 34. gr. áfengislaga".

Í öðru lagi er málið höfðað með ákæru lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettri 9. maí sl., á hendur ákærðu, Önnu Jónu, fyrir að hafa við komu ms. Laxfoss, sem ákærða var skipverji á, til Sundahafnar í Reykjavík frá útlöndum 11. apríl 1994, smyglað til landsins 27 lítrum af Smirnoff-vodka, sem tollverðir fundu í bifreiðinni JC-943 í Sundahöfn í Reykjavík sama dag.

Telst þetta varða við 3. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978, og 1. gr. laga nr. 38/1988 um breytingar á þeim lögum, 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr. tollalaga nr. 55/1987, og 1. gr., sbr. 15. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63/1969.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til að sæta upptöku samkvæmt 34. gr. nefndra áfengislaga, 1. mgr. 136. gr. tollalaga og 8. gr. laga nr. 63/1969 á 27 lítrum af Smirnoff-vodka, sem lagt var hald á við rannsókn málsins. Með síðari ákærunni var mál einnig höfðað á hendur Valdísi Maríu Valdimarsdóttur, en málið var skilið sundur vegna forfalla hennar.

Málavextir.

Ákærðu játuðu skýlaust hjá lögreglu það atferli, sem þau eru saksótt fyrir. Við þingfestingu málsins hafa þau dregið í land með magnið. Eru dómskýrslur þeirra um þetta sem hér er rakið:

Ákærða, Anna, segist hafa smyglað 48 pelum, sem tóku hálfan lítra hver, en ekki 48 lítrum. Þegar skýrsla ákærðu hjá lögreglunni í Reykjavík, þar sem hún játar að hafa smyglað inn 96 pelum eða 48 lítrum, var borin undir hana, sagðist hún alltaf hafa álitið, að yfirheyrslan snerist um pela, en ekki

lítra, og sé þetta því misskilningur sinn. Hafi hún verið miður sín, þegar hún gaf skýrsluna, og ekki athugað þetta. Kveðst ákærða hafa selt meðákærða X pelann á 1000 krónur. Aðspurð, hvernig á því standi, að hún hafi þá kannast við, að X hefði greitt henni 96.000 krónur, kveðst hún ekki hafa vitað, hvað hún var að skrifa undir.

Ákærði X kveður magnið hafa verið 48 hálfs lítra pela af vodka, en ekki 48 lítra. Kveðst hann hafa álitið, að yfirheyrslan hjá lögreglunni í Reykjavík snerist um pela, en ekki lítra, og ekki athugað, hvað stóð í skýrslunni, þegar hann skrifaði undir hana, hvorki að því er varðaði magn áfengisins né það gjald, sem hann hefði greitt meðákærðu Önnu Jónu fyrir.

Ákærði Y kannast við að hafa tekið við 24 lítrum af meðákærða X. Kveður hann magnið hafa misritast, bæði í skýrslu sín sjálfs hjá lögreglunni í Reykjavík og eins í frumskýrslu lögreglunnar. Hann kannast við, að hjá sér hafi verið 10 hálfpottspelar af vodka.

Lögreglumenn þeir, sem unnu að rannsókn málsins, hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslu um þetta atriði.

Geir Jón Þórisson lögregluþjónn, sem yfirheyrði ákærða X, kveður hann hafa verið samvinnuþýðan við rannsókn málsins og allan af vilja gerðan að upplýsa það. Segir hann það, sem skráð sé eftir honum í skýrslunni, hafa komið frá honum sjálfum. Kveður hann skýrslu ákærða geyma réttan framburð hans, og engan vafa leika á því, að ákærði átti við lítra, en ekki pela, varðandi magntöluna.

Einar Ásbjörnsson lögregluþjónn segist ekki treysta sér til að rifja upp, hvað sér og ákærðu kann að hafa farið á milli um magnið, en hann hafi ekki haft önnur afskipti af málinu en greini í frumskýrslu sinni. Segir þar, að við handtöku hafi ákærði Y viðurkennt að hafa selt 72 pela með 36 lítra af vodka, og kemur þar fram, að í bíl hans og á heimili hafi auk þess fundist 11 pelar með 5,5 l af vodka.

Arnþór Heimir Bjarnason lögreglumaður, sem hafði afskipti af málinu, átti þátt í því að handtaka ákærða Y á Vesturlandsvegi. Hann treystir sér ekki nú til þess að muna vel eftir atvikum. Muni hann ekki eftir að hafa heyrt ákærðu tala um neitt sérstakt magn í þessu sambandi.

Pétur Sveinsson rannsóknarlögreglumaður segist ekki muna nákvæmlega, hvernig orð féllu milli sín og ákærðu við rannsóknina, en fullyrðir, að allt, sem standi í skýrslum þeirra, sé rétt eftir þeim haft og þau undirritað skýrslurnar, eftir að þau hafi lesið þær yfir í öllum tilfellum.

Niðurstaða.

Þegar þess er gætt, að skýrslum ákærðu hjá lögreglu ber saman, að innbyrðis samræmi er um magn og verð í skýrslum Önnu Jónu og X og ekkert

hefur komið fram, sem styrkir hinn breytta framburð þeirra nú, er sannað, að þau gerðust sek um brot þau, sem greinir í fyrri ákæru og réttilega eru þar færð til refsiákvæða.

Sannað er með játningu ákærðu, Önnu Jónu, það atferli, sem hún er saksótt fyrir með seinni ákæru, og hefur hún brotið þau lagaákvæði, sem þar greinir.

Refsing ákærðu, Önnu Jónu, þykir vera hæfilega ákveðin 220.000 krónur í sekt, og komi 60 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu. Refsing hvors hinna um sig þykir vera hæfilega ákveðin 140.000 krónur í sekt, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Dæma ber ákærðu til þess að þola upptöku á 5,5 lítrum af vodka, sem fundust hjá ákærða Y og ákærðu Önnu, auk þess til þess að sæta upptöku á 27 lítrum af vodka, sem hjá henni fundust, samkvæmt þeim heimildum, sem tilfærðar eru í ákærunum.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða óskipt allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Anna Jóna Kristinsdóttir, greiði 220.000 krónur í sekt, og komi 60 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu. Ákærðu X og Y greiði hvor um sig 140.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærðu öll þoli upptöku á 5,5 lítrum af vodka.

Ákærða, Anna, þoli upptöku á 27 lítrum af vodka.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur.